

Þjóð til þings

# Stjórnlagaráðstíðindi 2

Umræður á ráðsfundum

14.–19. ráðsfundur

—— Stjórnlagaráð 2011 ——



**Stjórnlagaráðstíðindi 2**  
Umraedur á ráðsfundum  
14.– 19. ráðsfundur

Útgefandi: Stjórnlagaráð.  
Umsjón með útgáfu: Þorsteinn Fr. Sigurðsson.  
Ritun umræðu: Ásgerður Einarsdóttir, Berglind Steinsdóttir, Egill Arnarsson.  
Yfirlestur: Guðrún Björk Kristjánsdóttir, Agnar Bragi Bragason.  
Umbrot: Gunnar Kr. Sigurjónsson – G10 ehf | [www.g10.is](#)  
Prentun: Litlaprent ehf., Skemmuvegi 4, Kópavogi.

Reykjavík 2011

---

## Efnisyfirlit

14. ráðsfundur 24.06. 2011. ....	383
15. ráðsfundur 01.07. 2011.....	444
16. ráðsfundur 12.07. 2011.....	476
17. ráðsfundur 20.07. 2011. ....	539
18. ráðsfundur 26.07. 2011. ....	665
19. ráðsfundur 28.07. 2011. ....	738

---

## 14. ráðsfundur 24.06.2011.

24.06.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillögur A-nefndar
  - Mannréttindi, tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Einnig lagðar fram til kynningar tillögur um nýjan texta í sama kafla.
3. Skýrsla og tillögur B-nefndar
  - Staðfesting laga/málskotsréttur, vald forseta, forstöðumenn sjálfstæðra stofnana. Valkostir I og II. Tillögur um nýjan texta í áfangaskjal lagðar fram til kynningar.
  - Stjórnarmyndun, setutími ráðherra, þingforseti, þingnefndir, meðferð þingmála, náðun og sakaruppgjöf. Tillögur um breytingar á texta í áfangaskjali lagðar fram til afgreiðslu.
4. Skýrsla og tillögur C-nefndar
  - Kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur sem kynntar voru á 12. ráðsfundi lagðar fram til afgreiðslu.
  - Lýðræðisleg þátttaka almennings, tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

14. ráðsfundur - haldinn 24. júní 2011, kl. 9.30, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Íris Lind Sæmundsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti fimmtudaginn 23. júní 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

### Umræður á 14. ráðsfundi

SN

Góðan daginn, kærur vinir, 14. fundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Íris Lind Sæmundsdóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda þannig að hún skoðast samþykkt.

### 2. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Og þá er það skýrsla frá A-nefndinni og fyrst er það tillögur um mannréttindi, og ég gef formanni nefndinnar Silju Báu Ómarsdóttur orðið. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, góðan dag formaður, kærur félagar og þau sem að okkur kunna að hlýða. Við erum að leggja fram frá A-nefnd núna nær heildstæðan kafla um mannréttindamál. Það sem að stendur út af hjá nefndinni er endanleg afgreiðsla á umhverfis- og auðlindagreinunum en þær hafa verið núna til umfjöllunar síðustu daga og við erum búin að ræða við sérfræðinga á sviðinu. Og þurfum smá meiri tíma til þess að vinna úr athugasemdum. Þannig að það er ekki tímabært að leggja þær endanlega fram í skjalið. Þannig að við höfum ákveðið að einbeita okkur að hinum eiginlegu mannréttindum í kaflanum, og erum að kynna smávægilegar breytingar á ýmsum greinum sem þegar hafa verið afgreiddar og síðan endurbættar greinar sem eingöngu höfðu verið lagðar fram til kynningar á fyrri fundum.

Þá erum við með eitt nýtt ákvæði sem ekki hefur komið fram áður, og kynnum nýjan valkost í kirkjumálunum að auki. Og að vanda er rétt að minna á, að þetta eru drög og það er á ýmsum stöðum sem að þarf að slípa orðalag ennþá, og í ljósi þess að við erum með ansi mörg ákvæði undir, þá ætla ég nú bara að biðja um að ábendingar um orðalag, að þær verði bara sendar skriflega til okkar í nefndinni frekar en að fara yfir það í umræðum, en auðvitað tökum við fagnandi á móti öllum breytingartillögum, og bæði orðalag og efnislega.

Fyrir utan okkar venjulega starf í nefndinni í vikin, þá funduðum við með B-nefnd um sameiginleg verkefni, sérstaklega undirstöðukaflann, sem enn á eftir að ganga frá. Sú vinna er núna framundan en eins og í góðu bókmenntaverki þá er kannski rétt að skrifa innganginn síðast. En við teljum þennan mannréttindakafla, vera að, svona, að taka á sig nokkuð góða mynd. Hann er mikil breyting frá þeim fáu mannréttindaákvæðum sem er að finna í núgildandi stjórnarskrá en að mestu leyti er um ákvæði að ræða sem Ísland er þegar þjóðaréttarlega skuldbundið til að framfylgja og erum við því í raun að færa stjórnarskrána í átt að núgildandi réttarástandi frekar en að breyta því. Og það ættu að vera komin á borðin núna heildarskjöl og áfangaskjalið á netinu á að endurspeglar þær breytingar sem að við erum að fara yfir.

Ég ætla að hlaupa bara mjög lauslega yfir þær greinar sem að við lítum svo á að sé eingöngu orðalagsbreytingar og ekki efnislegar, en staldra kannski frekar við þær breytingar sem eru, svona, hafa meiri efnislegar afleiðingar. Það hefur verið farið yfir orðalagið. Við höfum reynt að skýra það, við erum búin að breyta í átt að málfari beggja kynja eins og við höfum rætt á bæði sameiginlegum fundum og ráðsfundum.

En svona að mestu leyti þá ætla ég ekki að tefja fram-söguna með því að fara í hvert og eitt ákvæði þannig.

Nú 1. grein í kaflanum er óbreytt. Í 2. grein eru komnar tvær mismunabreytur í viðbót. Önnur er gömul, það er kynþáttur sem að við höfðum tekið út upphaflega, en við sem sagt höfum gert þetta þar sem við töldum hugtakið í raun og veru orðið merkingar-laust og við þetta bærust verulegar athugasemdir, frá bæði lögfræðingum sem starfa að mannréttindamálum og frá fulltrúum Íslands í alþjóðamannréttindastarfi. Öllum þessum sérfræðingum þótti einsýnt að með því að fella brott orðið væri Ísland að hopa undan alþjóð- legum skuldbindingum sínum og gera réttarvernd verri en æskilegt væri. Þannig að orðið er í raun og veru komið inn aftur eins og það er í núverandi stjórn- arskrá. Þá er bætt inn tungumáli og það er í fyrsta skipti sem að það er gert. Við höfðum svona rætt þetta lauslega og þetta hefur komið upp á ráðsfundum. Og við höfðum ekki ætlað okkur að hafa þetta inni, en þar sem að umræðan virðist stefna í það að íslensk tunga verði, ja upphafin á einhvern hátt samhliða táknmáli í inngangsgrein, sem sagt að hún verði þá gerð að þjóðtöngu eða ríkismáli, að þá töldum við nauðsynlegt að það þyrfti að bæta tungumáli hérna inn. Í eldri þýðingum er talað um tungu, en við viljum nota orðið tungumál til þess að sýna þeim virðingu sem ekki tala sitt fyrsta mál með tungunni, þannig að það er sem sagt, var, svona, viðurkenna táknmálið þarna aukalega. Þannig að þetta eru breytingarnar við 2. grein.

Og þá er sem sagt 3. grein sem er ný. Og þetta er sem sagt almenn grein um vernd þeirra réttinda sem tilgreind eru í mannréttindakaflanum. Og hún er svohljóðandi í tveimur málsgreinum: „Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd mannréttinda. Öllum skulu jafnframt tryggð mannréttindi gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum. Mannréttindi tryggð með stjórnarskrá þessari má því aðeins skerða, að almannahagsmunir krefjist þess, enda sé gætt meðalhófs og ekki vegið að kjarna þeirra réttinda sem um ræðir.“ Það er í raun og veru þá gildisvið mannréttindakaflans sem er til umfjöllunar í þessari grein. Þróun í fræðilegri umræðu sem að tengist efnahags- legum og félagslegum réttindum hefur verið í þá átt að kveða á um að ríkjum beri ávallt að tryggja viss kjarnaréttindi sem felist í grunnréttindum þeim sem hver og ein mannréttindaregla tryggir. En að auki eigi ríki að beita öllum tiltækum ráðum til þess að tryggja sífellt batnandi réttindavernd allra mannréttinda. Og er þá sennilega litið svo á að það sé ómögulegt að ná fullkomnu ástandi. En þessi áhersla þýðir að ríkið auki sífellt réttarvernd borgaranna og þetta leiðir til þess að þegar að kreppir að í fjárhag ríkisins, er hægt að skera niður en án þess að skerða kjarna réttindanna. Og þá er gerð tilraun hér í seinni málsgreininni til þess að tryggja að mannréttindi borgaranna séu tryggð fyrir ágangi annarra en opinberra aðila. Það hefur verið neikvæð þróun erlendis víða að fyrirtæki standi fyrir brotum á mannréttindum og borgarar geti ekki leitað réttar síns vegna slíkra brota þar sem að lögaðilar bera ekki skyldur samkvæmt mannréttindaákvæðum. Og þetta er sem sagt tilraun til þess að taka upp svokölluð þriðja manns áhrif, eða lárétt áhrif, og koma í veg fyrir að mannréttindabrot líðist í skjóli þess að það séu einkaaðilar sem eru gerendur. Greinin er ennþá í mót- un og það var upphafleg umræða um það að kannski

væri ekki skynsamlegt að vera með svona almennt skerðingarákvæði sem að gæti þá átt við allan kaflann. En við teljum okkur hafa náð að orða þetta nokkuð vel en við vitum samt að hún á eftir að fá frekari vinnslu og hún er bara lögð fram til kynningar, ólíkt flestum öðrum greinum sem við erum að fara yfir og við viljum endilega fá umræðu um þessa grein sérstaklega.

Og það eru þá bara breytingar á númerum sem að fylgja í kjölfarið. Næsta grein er barnagreinin, sem er nr. 6. Það er að segja, já, greinarnar þarna á milli eru eiginlega engar breytingar á. Og næsta grein sem ein- hverjar breytingar eru á sem að tekur því að tala um er 6. grein og þar er búið að bæta inn 1. málslíð: „Börn eiga rétt á að njóta bernsku sinnar. Þeim skal tryggð í lögum sú vernd, virðing og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ráðstafanir yfirvalda í málefnum barns skulu þjóna hagsmunum þess. Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar og vilja í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.“ Þannig að þarna kemur inn þessi upphafsmálslíður, sem er einskonar marksmiðslýsing fyrir greinina. Það hefur komið nokkrum sinnum upp í umræðum og á fundum, að það þurfi að tryggja rétt barna til til dæmis samvasta við fjölskyldur sínar í frítíma og með því að nefna þarna þennan rétt barna til bernsku sinnar, teljum við okkur vera að draga þetta fram. Og þá er hérna smá orðalagsbreyting, það var áður talað um það sem er börnum fyrir bestu, þá erum við núna að segja að ráð- stafanir yfirvalda skuli þjóna hagsmunum barnsins. Það er svona aðeins minni valdbeiting einhvern veginn í því. Að auki er bætt við að börn fái að tjá skoðanir sínar og vilja sinn í málum sem þau varða. En hérna er áherslan lögð á hvert einstakt barn, ekki börn sem hóp.

Næsta grein er tjáningarfrelsisgreinin, hún er nr. 7. Og henni hefur verið breytt þó nokkuð. Þetta er sem sagt breytingartillaga við áður afgreidda grein. Og hún er nú svohljóðandi: „Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar. Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upp- lýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi, má aldrei í lög leidda, þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóð- félagi.“ Og þá er sem sagt ný málsgrein aftast, sem er svohljóðandi: „Hver og einn ber ábyrgð á fram- setningu skoðana sinna.“ Aðalbreytingin hérna er sem sagt viðbót, 2. málsgrein, kveður á um athafnaskyldu stjórnvalda til að tryggja almenningi grundvöll til lýðræðislegra skoðanaskipta. Þetta er sótt til norsku stjórnarskrárinnar og sett fram í samhengi við greinina um upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla. Skerðingar- heimildin var mjög framarlega í þessu ákvæði og okkur fannst hún, svona, stinga í stúf, þannig að hún er flutt aftast og gerð að sjálfstæðri málsgrein.

Þá er 8. grein um upplýsingaskyldu. Hún hefur tekið nokkrum breytingum. Hún hefur verið kynnt áður en er lögð núna fram til afgreiðslu: „Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum. Stjórnvíska skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerð- um og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum. Upplýsingar og gögn í fórum stjórn-



valda skulu vera tiltæk án undandráttar og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa strauum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur. Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi svo sem vegna friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma.“

Og með þessum breytingum teljum við orðalag ákvæðisins vera orðið mun skýrara en áður var og það í betra samræmi við umræður á ráðsfundi og athugasemdir sem að okkur hafa borist. Hún er kannski ekki alveg fullkláruð, engu að síður. Það er umræða um að hafa þarna inni bráðabirgðaákvæði sem að gefi stjórnvöldum nokkurra ára frest til að uppfylla ítrustu kröfur þessa ákvæðis. Það kemur fram í drögum að upplýsingalögum sem að nú liggja fyrir, eða lágu fyrir þinginu í vor, að uppsetning á lista eins og þeim sem að hér er fjallað um, sé bæði tímafrek og kostnaðarsöm, en engu að síður telur nefndin rétt að stuðla að gegnsærra samfélagi með þessum hætti. Og að þetta myndi styrkja bæði fjölmiðla og fræðasamfélagið í sínum störfum.

Já. Það eru sem sagt þá bara litlar breytingar á næstu greinum. Í 10. grein er orðið menntun fellt út, frá því sem áður var, og við teljum það bara felast í vísindum og fræðum.

Trúfrelsisgreinin er nr. 11 og hún er nokkuð breytt: „Öll eignum við rétt til trúar og lífsskoðunar. Í því felst rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.“ Nefndinni bárust athugasemdir um það að í fyrri drögum væri skeytt saman réttinum til að iðka trú og hafa trú, sem að séu í raun tveir aðskildir hlutir. Og með þessum breytingum teljum við okkur vera að aðgreina þetta tvennt og að auki er bætt við skerðingarákvæði aftast í greinina til að gera ljóst að takmarka megir rétt til trúariðkunar undir ákveðnum kringumstæðum. Og meyfórnir voru dæmi sem að nefndinni var bent á að hefðu verið leyfilegar eins og ákvæðið var sett upp í fyrri útfærslu.

Þá er 12. grein sem að er þjóðkirkjugreinin og hérna erum við að kynna nýjan valkost og viljum gjarnan fá umræðu um þessar ólíku leiðir sem við leggjum til. Við höfum áður kynnt það sem við köllum valkostaleið, að það yrði í endanlegu skjali frá okkur, valkostir sem að þyrfti að kjósa um sérstaklega, að ætti að vera inni þjóðkirkjuákvæði eða ekki. Og það, svona, virðist vera nokkuð vandasamt, enda ber sérfræðingum ekki samán um hvort að það feli í sér breytingu á kirkjuskipan, sem að síðan hefur ýmsar afleiðingar sem að ríkið þyrfti að aðlaga sig að. Þannig að við erum með aðra hugmynd sem á rætur í tillögum Stjórnlaganefndar og það er að halda inni þjóðkirkjuákvæðinu en setja kröfu á stjórnvöld að hefja endurskoðun á stöðu þjóðkirkjunnar og ljúka henni innan 5 ára. Tillaga Stjórnlaganefndar lagði reyndar til 10, en þetta var svona mála-

miðlun í nefndinni. Og að þessum 5 ára ferli loknum að þá yrði málið sett í hendur þjóðarinnar. Skýrsla Stjórnlaganefndar leggur til að bráðabirgðaákvæðið sé aftast í stjórnarskránni en við höldum því hérna á sama stað og þjóðkirkjuákvæðið myndi ella standa en þetta er svona finpússningaratríði sem að þarf að fara yfir í frumvarpsferlinu. Þannig að valkostirnir eru þá þessir, og þetta er sem sagt hin tímabundna leið sem að gefur ríkinu 5 ár til að bregðast við: „Evangelíska-lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi. Endurskoðaða skal stöðu evangelísku-lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun ljúka innan 5 ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða 1. málsgrein stendur ein eftir.“ Og þá er það valkostaleiðin sem að við höfum áður kynnt. Og það er sem sagt að það standi annars vegar: „Evangelíska-lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi“, eða ákvæðið falli brott. Þessa uppsetningu eiga ráðslíðar að þekkja. Eins og ég sagði þá myndum við gjarna vilja fá nokkuð ítarlega umræðu um þetta og heyra afstöðu ráðslíða til þessara leiða. Og jafnvel fá á einhverjum tímamarki óformlega atkvæðagreiðslu um þetta, það þarf ekki að vera í dag, en svona fljótlega, hvort að við ættum að fara í þessa leið, frekar heldur en að skila inn skjali sem að er með einhverja valkosti. Við fjölluðum mjög mikið og lengi um ýmsar breytingartillögur sem okkur bárust við þessi ákvæði, þegar að við kynntum tillöguna í fyrsta skipti en nefndin svona eiginlega komst að því að það væri ekki hægt að lenda neinni þeirra tillagna nema að skapa sömu óvissu og felst í þeirri tillögu sem að við höfum kynnt upphaflega. Það er spurningin hvort að það breyti kirkjuskipan að það sé ekki kveðið skýrt á um það í stjórnarskránni að hvaða kirkja sé þjóðkirkja, aðhún er óleyst ennþá. Við erum með útistandandi fyrirspurnir til sérfræðinga um mögulegar afleiðingar en bætum þessum valkosti við, svona til að fá umræðu, samhliða.

Helsti kosturinn kannski við að fara þessa nýju leið með bráðabirgðaákvæði er sem sagt að við myndum losna við valkostina úr skjalinu. Og það var töluverð umræða um það á ráðsfundi að það væri æskilegt að hafa sem fæsta valkosti inni. Og þetta er kannski sérstaklega mikilvægt vegna þess að við vitum ekki almennilega hvort eða hvernig okkar tillögum verður vísað til þjóðarinnar. En það er kannski efni í einhverja allt allt aðra umræðu.

Nú er við höldum áfram þá eru litlar sem engar breytingar orðið á greinum 13 til 14 en það sem var áður grein um ríkisborgararétt hefur nú verið brotin upp og fjallar fyrri greinin, sem sé 15. um ríkisborgararétt og þá 16. um ferðafrelsi. 15. greinin er óbreytt efnislega, sem sagt, upphaflega stjórnarskráin eða núgildandi stjórnarskráin er bara þarna inni, nema að við höfum breytt hverjum sökum, sem sagt þar sem stendur hverjar sakir, þar stendur núna hvaða sakir. Svona aðeins bara nútímavæðing á málfarinu. 16. greinin, þá víxlum við málsgreinunum og breytum orðalaginu örlítið en það ætti ekki að hafa efnisleg áhrif.

Greinar 17 til 21 eru óbreyttar frá því þær voru síðast kynntar, nema að við erum bæta við fyrirsögnum sem að virðast vera farnar að skipta verulegu máli og miklar athugasemdir oft frá sérfræðingunum um fyrir-

sagnirnar sem að við töldum kannski að skipta ekki miklu máli.

En þá er 22. greinin og hún hverfur aftur til þeirrar útgáfu sem að nefndin hafði kynnt á sameiginlegum fundi hérna innanhús, en hafði ekki farið í loftið. Og greinin er þá svohljóðandi: „Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu.“ Þannig að þetta er mikil breyting frá þeim texta sem að var kynntur upphaflega og er í áfangaskjalinu. Við fengum miklar athugasemdir við greinina eins og hún stóð frá sérfræðingum og erum því farin aftur til þessarar upphaflegu tillögu, sem sérfræðingar á sviði mannréttinda telja mun betri en þá sem að nú stendur. Greinin er núna, í þessari tillögu, í fullu samræmi við 12. grein alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, þar sem talið er skýrt að rétturinn til heilsu feli í sér réttinn til heilbrigðisþjónustu.

Þá er 23. grein. Hún fjallar um menntun, og þar er smá málframbreyting. Að við vorum með fullan þroska og tölum núna um alhlíða þroska. Og bætum við að í menntun skuli felast vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur, ekki bara réttindi og skyldur almennt.

24. greinin er frelsi til atvinnu. Og þar erum við að bæta inn í 2. málsgreinina, sem er þá svohljóðandi: „Í lögum skal kveðið á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu.“

Og hér erum við að koma til móts við umræður í ráðinu um samræmingu vinnu og einkalífs. Athugasemdir sérfræðinga við þessa grein voru að það þyrfti að samlesa hana við ýmsa alþjóðasamninga sem hún byggir á. En við erum að taka svona, reyna að orða í mjög stuttu máli meginreglur úr ýmsum samningum, en eftir ítarlega yfirferð þá komumst við að því að greinin væri efnislega fullnægjandi, nema að því leyti að það vantaði inn réttinn til hvíldar og orlofs. Og á fundi með sérfræðingi var síðan bent á að með þessu orðalagi væri ef til vill verið að kalla á umræðu um samspil einkalífs og atvinnu. Þannig að þar kemur sem sagt frítíminn inn líka. Og í samhengi við þessa grein var líka rætt hvort að hér ætti að fjalla um réttinn til aðildar að stéttarfélögum. En okkur þótti við nánari skoðun rétt að halda því ákvæði inni í félagafrelsinu, frekar en að skilja að og fjalla um félagafrelsi þá í rauninni í tveimur greinum.

25. grein fjallar um félagsleg réttindi og erum við þar að bæta inn í 1. málsgrein, vísan til þess að „með lögum“ skuli tryggja rétt til lífsviðurværis og í 2. málsgrein er „barneignum“ bætt við upptalninguna. Þetta er í samræmi við ábendingu frá sérfræðingi á sviði efnahagslegra og félagslegra réttinda. Þá er smávægileg breyting á eignarréttarákvæðinu. Það er í samræmi við tillögu sem kom fram á ráðsfundi og nefndin hefur tekið tillit til, fellt inn. Og þá er 2. málsgrein nú svohljóðandi: „Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag.“ Orðalaginu er breytt, þar sem að fyrra orðalag gaf til kynna að allar skyldur tengdar eignarrétti væru lögbundnar sem að er víst ekki í raun. Þannig að þetta á að vera til bóta. Þá er grein um menningarleg verðmæti sem er lítilllega

breytt, þar er einungis bætt inn orðinu „dýrmætar“ í upphafi og þar reynt að koma til móts við sjónarmið um að hér sé ekki átt við hverja skissu eða skinnblað, heldur merkileg verk, sem að hafa einhverja sérstöðu fyrir þjóðina.

Nú eins og ég sagði í upphafi þá geymum við umhverfisákvæði enn til sennilega næstu viku þannig að síðasta ákvæðið sem við setjum fram er um þjóðaréttarlegar skuldbindingar alþjóðasamninga. Þar erum við að hverfa aftur til orðalags frá Stjórnlaganefnd í fyrri málsgreininni, sem að þótti ekki nógu skýr, kvað í raun á um að allir handhafar ríkisvalds gerðu hlutina hluti með lögum sem að þeir náttúrliga gera ekki. Og í seinni málsgreininni erum við að bregðast við ótta sem að kom fram um að þetta leiddi til óskýrs réttarástand og mögulega tilhneigingu til að fullgilda ekki alþjóðasáttmála ef þeir fengju undir eins stjórnarskrárgildi. Hér er þá lögjafanum heimilað setja alþjóðasamninga í stjórnarskrár..., veita þeim stjórnarskrárvernd með því að setja þá í tiltekið ferli. Þannig að þeir fengju þá fullgildinguna og þyrftu jafnvel aukinn meirihluta. Þannig að þetta eru nokkrar breytingar, þannig að það væri ágætt að heyra frá fólki um þetta. Hérna þarf eflaust að annað hvort útfæra mjög nákvæmlega í greinargerð hvernig þetta á að vera eða skoða hvernig C-nefnd síðan tekur á stjórnarskrárbreytingum sem að þá mætti samræma ferli fyrir þessa alþjóðasamninga og þær breytingar. En þetta er svona líka, til þess að, það er náttúrliga mikil umræða um það hvort að það sé verið að framselja of mikið ríkisvald og fullveldi og gæta þess að stjórnarskrárgjafinn sé ekki að, að valdið til stjórnarskrárgjafar sé ekki framselt. Að það sé alltaf hjá þinginu.

Þetta er þá lokapunkturinn í þessari yfirferð. Ég þakka samstarfsfólk mínu í A-nefnd fyrir mikla og góða vinnu í vikunni, eins og alltaf. Og ykkur öllum sem hlýdduð. Við vonumst til þess að fá góðar ábendingar og umræður um þessar greinar. Þær eru velflestar kunnuglegar. Það er reyndar svolítið síðan að þær voru settar fram, en við vonum bara að umræðurnar séu ennþá ferskar í huga okkar þannig að við þurfum ekki að endurtaka of mikið. Þetta skjal á auðvitað eftir að halda áfram að taka breytingum en við viljum gjarnan afgreiða þessar tillögur inn í áfangaskjalið. Og öll þau sem að kunna að hlusta og hafa áhuga á að gera athugasemdir, geta þá farið inn á stjornlagarad.is og athugasemdir hafa hjálpað okkur mikið í okkar umræðum og bent okkur á áhugaverða vinkla sem að ekki komu upp í þessum vinnuhópi, þannig að við hvetjum fólk áfram til þess að taka þátt. Takk, takk.

SN

Já, þakka formanni A-nefndar, Silju Báru Ómarsdóttur fyrir kynninguna á tillögum A-nefndar. Ég ætlaði líka að leiðrétta strax að forföll hafa sem sagt boðað Íris Lind Sæmundsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Lýður Árnason fram að hádegi, það kom ekki skýrt fram hérna áðan. Hér hefur sem sagt verið kynnt ný grein, eða nýjar greinar. Það eru líka aðrar greinar sem eru þá til afgreiðslu inn í áfangaskjalið og síðan þjóðkirkjuákvæðið. Og það er ágætt að við reynum að halda þeim aðeins aðgreindum í umræðunum en samt tökum umræðu um öll þessi atriði en það er sem sagt, við erum að afgreiða flestar greinarnar ubb í áfangaskjal í dag en svo eru þarna nýtt og svo er þjóðkirkjuákvæðið

sérstaklega bara svona til umræðu af því að ég held að það sé nauðsynlegt að við tökum svolitla umræðu um það eins og Silja Bára sagði. Nú, þá er orðið laust og fyrstur á mælendaskrá er Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk og aðrir sem máli mitt heyra. Þetta verður bara stutt hjá mér. Ég vil lýsa yfir mikilli ánægju með störf A-nefndar og formennsku og fram-sögu Silju Báru Ómarsdóttur. Mér líst afar vel á það sem verið er að gera í þessari nefnd. Þarna er verið að leita álitss þess fólks sem best þekkir til og getur hjálpað okkur. Minni þó á það, að sjálfsagt eigum við í öllum nefndum eftir að upplifa það að ýmsir sérfræðingar geta haft mjög skarpar skoðanir og að við förum ekki alveg á límingunum þótt að það sé einn og einn sérfræðingur sem nánast fari bara á hliðina við að heyra eitthvað af því sem við erum að gera. Vegna þess að í mörgum tilfellum er um að ræða deilumál meðal sérfræðinga. En mér sýnist þarna hafa verið vanda til verka, unnið vel í A-nefndinni, og vil þakka henni sérstaklega fyrir mjög gott starf sem ég er ákaflega ánægður með, frá upphafi hér. Og annað var það nú ekki í þetta skipti. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka A-nefndinni fyrir góða vinnu eins og alltaf. Bara örfáar svona, smærri athugasemdir kannski. Það er í tillögu 3 um vernd réttinda. Þar sem að er verið að kveða á um þessi svokölluðu lárétta áhrif mannréttinda, að þá hef ég þínulitlar áhyggjur af, eða sem sagt, ég skil hugsunina og er sammála henni, ég hef þínulitlar áhyggjur af þessum hagsmunahópum sem eru nefndir þar. Hvort að þeir geti verið lögaðilar, þ.e.a.s. að það sé unnt að koma fram einhverjum, ja, ég veit ekki, refsingum eða þvingunarúrræðum eða einhverju slíku gagnvart fyrirbæri sem heitir hagsmunahópur sem er hugsanlega þá ekki lögaðili, þannig að ég myndi nú svona halda að það væri nóg að þarna stæði gagnvart lögaðilum og einstaklingum, þ.e.a.s. þeir aðilar sem að unnt er að eiga við, má segja, samkvæmt lögum. Að öðru leyti er það fint. Nú, síðan í kafla 7 um tjáningarfrelsi. Þar er komin inn ný málsgrein sem mér líst afar vel á hugsunina í og svona eiginlega vil vekja athygli á. Þar stendur: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinberrar og upplýstrar umræðu svo sem og óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni.“ Mér líst mjög vel á þessa hugsun. Það má auðvitað þá ræða orðalag en eins og Silja Bára minntist á, þá skulum við nú kannski ekki fara út í það núna. En þarna held ég að sé komin inn, mjög ákveðið, mjög nútímalegt og nauðsynlegt ákvæði til frambúðar varðandi það að tryggja lýðræðislega umræðu í samfélaginu.

Síðan var það hérna í, já þjóðkirkjuákvæðið, af því að það var nú svona lýst eftir því að við ræddum það kannski sérstaklega. Að þá hef ég nú byggt mína afstöðu í þessu þjóðkirkjumáli á eiginlega tveimur prinsippum. Í fyrsta lagi að það er ekki Stjórnlagaráðs að ákveða hvort að hér verður þjóðkirkja eða ekki. Það er ekki okkar sem hér sitjum. Það er fyrst og fremst

þjóðarinnar að ákveða það. Og í öðru lagi þá hefur mér þá líkað illa við það að við værum að stefna í það að fara að greiða atkvæði um þjóðkirkjuna jafnfætis eða jafnhliða nýrri stjórnarskrá. Ég held að það sé heldur ekki gott mál, og myndi hafa mikil áhrif á umræðuna um stjórnarskrána, ef að þetta mál væri samhliða henni. Þannig að mér líst afar vel á þessa tillögu sem að nú er komin fram, um að það sé einfaldlega kveðið á um það í nokkurs konar bráðabirgðaákvæði, ef það mætti kalla svo, í nýju stjórnarskránni, að þessi mál skulu endurskoðuð og útkljáð innan fimm ára í atkvæðagreiðslu. Og þá í raun og veru breytist stjórnarskráin til samræmis við niðurstöðu þeirrar atkvæðagreiðslu. Þetta líst mér bara vel á sem lausn. Auðvitað má deila um þessi fimm ár, hvort að tíminn ætti að vera til dæmis styttri. En á það ber að líta að það þarf líka að undirbúa þessa ákvörðun vel og það eru ýmskonar praktískir hlutir sem að henni tengjast. Þannig að ég styð þetta ákvæði fyrir mitt leyti. Svo langaði mig bara til að segja, eða svona vekja athygli á því að það eru þarna síðan tveir kaflar næst. Það er tillaga 13 og 14 um félagafrelsi og fundafrelsi, þar stendur að A-nefnd hafi ekki lokið efnislegri umfjöllum um þessar greinar og það skil ég, því að það hefur verið töluvert mikil umræða í erindum og athugasemdum almennings á vef okkar um þessar greinar og menn eiga kannski skiljanlega dálítið erfitt með að kyngja því að það þurfi að vera þessar nokkuð rúmu undanþágur frá félagafrelsi og fundafrelsi, eða þ.e.a.s. að lögreglunni sé heimilt að vera við almennar samkomur. Og þetta eru ákvæði sem er auðvelt að snúa út úr, og ég bara vil svona koma því á framfæri, maður skynjar þann sterka vilja og ég segi það sjálfur að það væri fint ef það væri hægt að finna eitthvað öðruvísi orðalag í þessum greinum varðandi undanþágur, hugsanlega jafnvel fella þær burtu. Þannig að félagafrelsi og fundafrelsi geti verið óskoraðra heldur en þarna kemur fram.

Nú önnur atriði held ég að það hafi ekki verið og þakka fyrir mig.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, ég vil nú byrja á því að þakka nefndinni fyrir góða vinnu og ég sé að hún hefur farið ítarlega yfir þennan kafla, mannréttindakaflann og í ljósi aðfenginna athugasemda sem að er vel því að við þurfum auðvitað að vanda þetta verk eins og við getum og hlusta á góð ráð. En það er eitt sem mig langaði til að gera hér í upphafi að umræðuefni og það er það að við höfum aðeins fengið ábendingar um að kannski snúi okkar hugsun um stjórnarskrána of mikið að því að ætla hinu opinbera að sjá um og gera hitt og þetta, en í raun og veru sé þjóðfélagið við sjálf, og kannski ættum við frekar að beina aðeins meira sjónum okkar að þeim skyldum sem við höfum og það sem við þurfum að gera. Þannig að þetta verði ekki svona, of einhliða bænaskjal til ríkisins. Og þetta segi ég meðal annars vegna þess að við þekkjum það öll að ríkisvaldið hér á landi eða ríkiskassinn kannski eins og við stundum hugsum, hann er í þröngri stöðu og mun verða það á næstunni. Það er raunar ekkert sem bendir til þess að við munum halda áfram vaxandi velmegun, lífskjör þjóða munu jafnast og á meðan við erum langt

ofan við það, þá getum við ekki reiknað með því að við höfum alltaf meiri og meiri efni á því að gera meira og meira. Ég held að það verði því miður ekki þannig. Og í því sambandi þá svona, velti ég því upp hvort að við séum kannski að ganga of langt í því að gera kröfur á ríkið beint. Og ég nefni í því sambandi það sem stendur hérna í 3. lið um vernd réttinda og þar segir: „Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd.“ Spurningin er hvort það sé raunhæft að við reiknum með því að þróun verði áfram í þá átt sem að hún hefur verið á undanförunum árum og jafnvel áratugum, og við getum alltaf ætlast til meira og meira af yfirvöldum. Ég held að við þurfum svona svoltið að hugsa þetta, hvort þetta sé raunhæft og bið nefndina aðeins að velta vöngum yfir því.

Síðan tek ég undir með Vilhjálmi um tjáningarfrelsið, að það er mjög mikilvægt. En ég velti því aðeins fyrir mér hvað það þýðir þegar hér stendur: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni.“ Nú bý ég í þannig samfélagi að aðgangur að netinu er ekki góður, og ég veit ekki hvort við getum talað um að hann sé heftur, en það er þannig að þjóðfélagshópar landfræðilega eiga mjög mismunandi aðgang að neti og upplýsingatækni. Og það mætti lesa þetta svo að ríkið ætti að tryggja það að það verði netvæðing á hverju byggðu bóli eða jafnvel víðar. Ég held nú reyndar að það sé kannski frekar átt við það, að þarna sé verið að tryggja það að netinu sé ekki lokað. En það er svona spurning hvort að þyrfti aðeins að velta orðalaginu fyrir sér í þessu sambandi.

En aðalerindið mitt með orðinu var þó að ræða um þjóðkirkjuna, en ég get haft það stutt því að ég er Vilhjálmi Þorsteinssyni algjörlega sammála um málsmeðferð í því sambandi, þ.e.a.s. að við megum ekki fara með þetta opið og í einskönar atkvæðagreiðslu með atkvæðagreiðslu um stjórnarskrá. Og tillaga A-nefndar sem nú hefur verið lögð fram, hún er til þess að leysa það mál og þau vandamál sem að kirkjan kynni að valda okkar verki í heild, og mér sýnist þarna sé lögð til lausn á því, sem að við ættum að horfa til. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir ráðsmenn og aðrir sem til heyra. Ég tek undir orð manna, um að þakka nefndinni fyrir mikla vinnu, sem ég að hefur ekki verið. En, mig langar nú að vera kannski, kveða aðeins sterkar að orði heldur en Ari hérna áðan og mig langar að biðja nefndina að taka upp strokleðrið og byrja að reyna að grisja þetta svoltið. Mér finnst þetta orðið, bera dálítið mikinn keim af því að vera óskalisti. Og ég skil ekki alveg hvað merkir sumt. Ég ætla að leyfa mér að fara yfir þetta svona grein eftir grein eftir því sem að ég hnýt um núna við fyrsta lestur. Ég er held ég búinn að lýsa því áður en geri það núna, til að taka af allan vafa, að ég vildi í annarri reglunni helst hafa punkt, eftir, þar sem nú er fyrsta komma: „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, punktur.“ Það er alltaf verið að bæta við þetta, nú er komið tunga eða tungmál, kynþáttur og var ekki eitthvað sem að var verið að biðja um, kynvitund eða því um líkt. Þessi texti getur

endalaust lengst. En ég sé ekki að hann batni við að bæta miklu við. Ég held að bara, jafnrétti hljóti allir að skilja, eða jafnræði, og þurfi ekki að tíunda það með einstökum orðum. Þá vil ég staldra við 3. eins og Ari: „Stjórnvöldum ber að tryggja síaukna vernd mannréttinda.“ Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að einhver sem að gjarnan vildi njóta aukinna mannréttinda, geti farið í mál og sagt að ríkið hafi ekki verið með nægilegan hraða í þessum efnum. Þetta er svo loðið hugtak að ég get ómögulega séð hvernig á að framfylgja því. Þetta er bara markmiðslýsing sem að kannski á heima í greinargerð en hvergi annars staðar. Svo skil ég nú ekki næstu setningu en Silja Bára formaður nefndarinnar, sagði að hún ætti að þýða það að það væri vernd gagnvart því að einhverjir hagsmunahópar eða einstaklingar gætu vaðið yfir okkur. Öll skulum við tryggð mannréttindi gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum. Svo ég taki nú kannski svoltið ýkt dæmi. Gæti ég þá látið í mér heyra, jafnvel fyrir dómstólum vegna þess að ég komist ekki til útlanda af því að stétt manna sem að hefur möguleika á því að loka flugsamgöngur til Íslands fer í verkfall eða eitthvað því um líkt.

Svo er víða verið að breyta til dæmis í 4. og 5. greininni, þessu orðalagi, í staðinn fyrir að segja að allir skulu njóta friðhelgi, öll skulum við njóta friðhelgi. Þetta slær mig nú bara hreinlega eins og einhver tepruskapur og ef að byrjað er á þessu ..., það er kannski allt í lagi að hafa þetta í inngangsgrein, einhverri almennri yfirlýsingagrein, en ef að er byrjað á þessu, þá veit maður eiginlega aldrei hvar á að enda. Til dæmis, af hverju er þetta þá ekki í 8. grein, alveg eins og það er í 7. grein, í upphafi, spyr ég. Nú, mér finnst nú sumt af þessum breytingum ekki til bóta eins og í 6. grein varðandi orðalagsbreytingar um börnin, ég ætla að sleppa því.

Þá er það um tjáningarfrelsið, vissulega er ég í hópi þeirra sem vilja gjarnan að allur aðgangur að opinni og upplýstri umræðu og aðstæður til þeirra sé sem bestur. En ég spyr, hvað þýðir það að stjórnvöld skuli tryggja aðstæður? Netið er fyrirbæri sem var ekki til fyrir hvað, 15 árum, 20 árum. Eigum við að vera með svona tímabundið, svona hugtak sem að kannski tekur einhverri gríðarlegri breytingu eftir 10 ár? Eigum við að vera með svona hugtök inni í stjórnarskrá? Síðan þetta með upplýsingafrelsið, sérstaklega allar viðbæturnar, eða þær viðbætur sem eru komnar. Ég spyr nefndina, er hún búin að kynna sér í þaula, hvort þetta sé framkvæmanlegt eða í hvaða mæli þetta sé framkvæmanlegt af opinberri hálfu og hvað það kostar ... ég myndi hreinlega vilja fá verðmiða á þetta. Trúfrelsi í 11. greininni, síðasta málsgreinin. Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. Jú, það fylgdu þessu skýringar áðan en ég skil þetta nú samt ekki. Hvað þýðir nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi? Það er væntanlega einhver svona einhver öfga trúfélög, einhverjir særingarhópar eða eitthvað því um líkt. En er þetta ekki svoltið loðið.

Þá er það þjóðkirkjuákvæði og þar var beðið um sérstaka umræðu eða skoðun. Og þá segi ég bara aftur, ég skil þessa nýju tillögu ekki. Þar segir í 1. málsgrein: „Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi. Endurskoða skal stöðu evangelísku lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju og skal þeirri endurskoðun ljúka

innan 5 ára frá gildistöku stjórnarskrár þessarar með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.“ Svo segir: „Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ræður hvort grein þessi fellur brott í heild sinni eða eða 1. málsgrein stendur ein eftir.“ Ég spyr, er verið að segja þarna að þjóðin eigi að greiða atkvæði eftir 5 ár um það tvennt, að, ja þessi grein falli öll brott eða 1. greinin standi ein eftir eins og er í núgildandi stjórnarskrá, væntanlega. Þ.e.a.s. eru þetta bara 2 valkostir, til hvers þarf þá þessa endurskoðun? Er ekki búið að formúlera eiginlega spurninguna sem á að spyrja í þjóðaratkvæðagreiðslunni? Spyr ég. Svo vil ég benda á það eins og ég held að Silja Bára hafi nú nefnt, að við í C-nefnd erum að fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslur almennt og það má vera að það megi þá fella þetta einhvern veginn saman eða vísa í það, til þess að svona, einfalda textann. En þarna spyr ég aðallega bara, hvað merkir þetta? Ég hef næst hérna, vil ég stoppa við heilbrigðisþjónustukaflann. Og 1. málsgreinin þar: Allir eiga rétt á að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Hvað þýðir þetta? Eiga rétt á að njóta ... Hver á að sjá til þess að þeir njóti þess? Er þetta bara svona viljayfirlýsing til almættisins eða hvað. Seinni málsgrein er miklu skiljanlegri og hún segir eitthvað konkret. Og hana get ég í sjálfu sér stutt, sýnist mér. Nú, ég er nú kannski að taka hérna gamlar lummur þegar ég segi undir 25. greininni, lífsviðurværi, hvað þýðir það? Réttur til lífsviðurværis. Mönnum finnst lífsviðurværi mjög mismunandi. Þá vil ég staldra við nýmæli þarna í seinni málsgrein 25. greinar: „Það skal tryggja mönnum almennatryggingar og félagslegrar aðstoðar vegna barneigna ...“ Þetta er til að tryggja fæðingarorlof, stendur í skýringum. Getur þetta líka þýtt að hjón sem eiga í erfiðleikum með barneignir, að þau geti fengið fulla aðstoð, fjárhagslega aðstoð í því skyni, sem er ekki í dag? Ég spyr bara, hvað eru menn að, alltsaman að ganga þarna langt, og hvað á þetta að þýða, og merkja? Þá er það viðbótin við 26. greinina. Eignarrétti skal fylgja skyldur svo og takmarkanir í samræmi við lög. Þýðir þetta að það má setja hvaða takmarkanir sem er, bara ef það er í lögum? Ég held ég sé búinn að ljúka mínum lestri í bili. Ég vil taka það fram að þetta er fyrsti lestur. Ég er að sjá þetta núna fyrst. En ég bið bara nefndina, helst að taka upp strokleðrið í ríku mæli og íhuga hvort þetta er ekki orðið einum of mikið bland af fallegum orðum, viljayfirlýsingum en minna af því sem að hægt er að framfylgja. Takk fyrir.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Formaður og ráðsfélagar og aðrir áheyrendur. Ég vil byrja á því að þakka formanni A-nefndar fyrir sína góðu og ítarlegu kynningu á þeim greinum sem að hér eru lagðar fram af A-nefnd. Það er margt í samtíma okkar sem gerir tilkall til endurskoðunar á ákvæðum núgildandi stjórnarskrár og eitt þeirra er trúfrelsisákvæðið. Það er ljóst að hið trúarlega landslag er gjörólíkt nú í upphafi 21. aldar frá því sem var þegar ákvæði um trúfrelsi var fyrst sett inn í stjórnarskrá árið 1874. Þá var trúfrelsisákvæðið fyrst og fremst sett til að tryggja öðrum kristnum trúfélögum sama rétt og evangelísk lútersk kirkja hafði haft síðan að lúterskur siður komst hér á um miðja 16. öldina. Í upphafi 21.

aldar, eru aðstæður allt aðrar. Ekki aðeins hefur margbreytileiki meðal kristinna trúfélaga aukist til muna á síðustu áratugum, heldur fjölgar nú jafnt og þétt fylgendum annarra trúarbragða sem og þeim sem mynda félögum á forsendum trúleysis. Forsendan fyrir því að ólíkir trúar- og lífsskoðunarhópar njóti virðingar í samfélagi okkar og sýni að sama skapi virðingu þeim sem eru annarrar skoðunar eða trúar, er að það ríki fullt trúfrelsi í samfélaginu. Við siglum nú hratt inn í meiri fjölbreytileika í samfélagi okkar en við höfum áður þekkt. Trúarleg fjölhyggja er eitt af einkennum okkar samfélags, þrátt fyrir að stærsti hluti þjóðar okkar tilheyrir ennþá kristinni kirkju. Það er sannfæring mín að það sé skylda meirihlutans að standa vörð um réttindi þeirra sem tilheyra minnihlutahópum samfélagsins. Þýski guðfræðingurinn Hans Küng hefur tekið svo sterkt til orða að það sé forsenda fyrir friði í heiminum að það ríki friður á milli ólíkra trúarhópa. En það vantar ennþá talsvert upp á það að öll trúfélög sitji við sama borð í okkar samfélagi. Og það nægir þar að nefna margra ára bið múslima á Íslandi til að fá útlutað lóð fyrir mosku.

Það er margt sem bendir til þess að trú og trúaríðkun muni gegna stærra og víða meira hlutverki í heiminum á 21. öldinni. Sekulariseringin sem var svo áberandi í hinu vestræna samfélagi á síðustu öld, hefur eignast harðan keppinaut þar sem fólk gerir auknar kröfur um það að njóta frelsis til að fá að iðka trú sína í hinu opinberu rými sem og á einkavettvangi. Virðing fyrir þeim sem hugsa öðruvísi, sem deila ekki sömu trúarsannfæringu, er mikilvæg forsenda fyrir því að það ríki friður og sátt í samfélagi okkar. Franska leiðin þar sem trúariðkunin hefur verið hrakin út af hinu opinbera sviði, leyfir að mínu mati ekki slíka virðingu. Virðing fyrir ólíkum trúarskoðunum þarf líka að vera til staðar hjá þeim sem hafna allri trú. Að sama skapi þarf að ríkja full virðing hjá þeim sem tilheyra trúfélögum í garð þeirra sem velja leið trúleysisins. Þess vegna tel ég mikilvægt að stjórnvöld veiti ekki aðeins trúfélögum vernd, heldur einnig lífsskoðunarfélögum. Lífsskoðunarfélögu eiga sér langa hefð í Noregi og margt getum við lært af Norðmönnum í þessu tilliti. Þarf að sjálfsögðu að skilgreina hvað felst í hugtakinu lífsskoðunarfélag, en nú þegar er löggjafinn búinn að taka fyrsta skrefið, en í 1. grein laga um skráð trúfélög sem tóku gildi árið 2000, segir meðal annars: Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um hvers konar kenningar og lífsskoðanir, þar með talið um trúleysi. Tilvitnun lýkur. Það heyrir til nýmæla í endurskoðuðum mannréttindakafla að telja trúfrelsi til mannréttinda. Í því felst viðurkenning á mikilvægi trúar og lífsskoðana í lífi hvers og eins. Jafnframt er vernd skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga árétting á jafnræðisreglunni í upphafi nýs mannréttindakafla. Og þetta er breyting sem ég tel tvímælalaust mikilvæga fyrir mannréttindakaflann í heild sinni.

Hvað varðar þjóðkirkjugreinina, þá eru vissulega margir í okkar samfélagi sem hafa mitt ókveðnar skoðanir á henni. Og þar sýnist sitt hverjum. Á meðan sumum finnst það lykilatriði að kirkjugreinin fari út og þjóðkirkjufyrirkomulagið verði afnumið, þá finnst öðrum það jafn mikilvægt að evangelísk lútersk kirkja

verði áfram þjóðkirkja og að staða hennar verði áfram varin í stjórnarskrá. Ég er sammála þeim stjórnlagaráðsfulltrúum sem telja það ekki hlutverk okkar hér í ráðinu að ákveða hvort hér verði áfram þjóðkirkja eða ekki, eða hver afdrif kirkjugreinarinnar í stjórnarskránni verður. Ég tel mikilvægt að þjóðin fái að ráða því. Frá því árið 1997 þegar lög um stöðu og stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar tóku gildi, hefur sjálfstæði þjóðkirkjunnar sífellt verið að aukast. Þau lög byggja á samningi ríkisins og kirkjunnar sem m.a. kveða á um að kirkjan láti ríkinu eftir eignir en ríkið greiði í staðinn laun 138 presta. Nú eru í undirbúningi ný þjóðkirkjulög sem gera m.a. ráð fyrir því að prestar verði ekki lengur opinberir embættismenn. Hvort málin þróast í fullan aðskilnað ríkis og kirkju, eða ekki, verður aðeins ákveðið af þjóðinni í þjóðaratkvæðagreiðslu. Mér finnst brýnt að slík atkvæðagreiðsla eigi sér ekki stað fyrr en eftir að upplýst umræða hefur farið fram á meðal þjóðarinnar um hvað fullur aðskilnaður ríkis og kirkju muni hafa í för með sér, m.a. hvað varðar aðgang að kirkjulegri þjónustu fyrir þau sem hana kjósa. Slík umræða hefur ekki átt sér stað, hvorki innan kirkjunnar né almennt í samfélaginu. Þess vegna tel ég að það sé farsælast að inn í nýja stjórnarskrá fari bráðabirgðaákvæði sem kveður á um það að eftir X mörg ár, eða fimm ár eins og stendur í okkar tillögum núna, þá muni framtíð íslensku þjóðkirkjunnar verða ráðin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og þetta er upphaflega tillaga frá Stjórnlaganefndinni. Ég tel að það ætti að geta orðið almenn sátt um slíka niðurstöðu, bæði hjá þeim sem í dag styðja þjóðkirkjufyrirkomulagið og hinum sem telja slíkt fyrirkomulag ekki eiga við rök að styðjast. Það er mikilvægt að fá að vita vilja þjóðarinnar í þessu máli. Þjóðkirkjunni er enginn greiði gerður að vera til í andstöðu við meirihluta þjóðarinnar. En það er heldur engum greiði gerður að framtíð kirkjunnar verði ráðin af þjóðinni án þess að fólki gefist kostur á að taka upplýsta ákvörðun í þessu máli. Og á þeim forsendum þá styð ég bráðabirgðaákvæði um þjóðkirkjuna. Takk fyrir.

SN  
Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES  
Já, formaður, góðir áheyrendur og félagar. Það er nú erfitt að taka til máls svona blaðlaust eftir svona mikla ræðu. En mér kom í hug undir henni að það væri munur, eða breyttir tími frá því árið 1000, þegar kristni var komið á á Íslandi með tveggja manna samningi. Og annar kvað upp úrskurðinn. Þá var ekki verið að tala um þjóðaratkvæðagreiðslur. Allir skulu hafa einn sið var úrskurðað og þótti gott. En bara af því að ég er að tala um þessa þjóðkirkjugrein, þá vil ég lýsa því yfir að mér finnst ekki til bóta, lausnin að fresta málinu. Við verðum að taka á því og ættum að greiða atkvæði um hvort að ákvæðið verður í stjórnarskrá eða ekki. Og er eðlilegast.

Nú það er mikið starf unnið af A-nefnd, og ég verð að segja að það er margt gott en það er líka svolítið misjafnt. Þorkell fór nú yfir ýmislegt af því sem að athugasemdir var, að mínum dómi líka. En það eru fleiri atriði sem ég vil minnst á, og ég ætla að byrja aftan á. Við síðustu greininna, sem er þarna 32, verð ég að segja að það er góður seinni partur en fyrri parturinn finnst

mér svona, vafasamari. Og það er hvort að það mætti ekki bara gera athugasemdir vegna það væri bara hægt, kommur gætu gert þetta gott. Og svo er hlutverk þeirra að lögum, ætti að fara út, held ég. Framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist lögum og valdmörkum. Það er eðlilegt.

En síðan er það, 27 er ágæt og eignarrétturinn er í lagi. Barneignirnar eru til bóta. Atvinnufrelsi, það finnst mér vera mikill munur á hvað eldri textinn er betri, bæði skýrari og betri. Og ef rökstuðningur er ekki alveg ..., hann er ekki þarna reyndar. Þetta er til dæmi aftur á móti um það að það er ekki, að bæta okkur þarna inn í, er ekki að gera það persónulegra. Þetta er ópersonulegt eftir sem áður. Og að okkur sé bætt þarna inn í eins og það sé bara verið að koma okkur á framafæri. Þetta hefur ekkert með 1. persónu fleirtölu að gera.

Um menntunina, þá vildi ég segja að það er hægt að minnst þetta svolítið staglsamt að segja: Öllum skal og öllum skal. Það væri hægt að sameina þessar greinar með því að fella niður tvær línur í 2. málsgrein: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar án endurgjalds.“ Og seinni parturinn er til bóta.

Heilbrigðisþjónusta, seinni málsgreinin í tillögum A-nefndar er afbragð. Svona á að orða hlutina. Þetta er skýrt og einfalt málfar en þó ekki flatt. En fyrri parturinn finnst mér vera hálfgerð rugl miðað við hvað seinni parturinn er góður. Og legg til að fyrri parturinn falli niður. Nú, 21, réttlát málsmeðferð. Það er í lagi með hana. 20 er fyrirmyndargrein, herskyldu má aldrei í lög leiða. Svona á að orða hlutina, segi ég. Og svo er það 19, bann við ómannúðlegri meðferð. Ég geri eiginlega athugasemdir hér og á nokkrum stöðum aftar, að fyrirsagnir eru yfirleitt mjög góðar, mjög skýrar og mjög lýsandi og skammorðar en bann við ómannúðlegri meðferð er svona í lengsta lagi og þvælnara. 111 meðferð væri miklu betra. [Smá hlátur] 111. meðferð á skepnum er grimmt og guðlaust athæfi, eins og segir í Ljósvíkingnum. Þetta er nú svona. En aftur á móti er textinn ágætur, enda ekki breytt. Bann við afturvirkni refsingar, ágætt breyting, nema fyrirsögnin er heldur löng. 17, frelsissvipting, þetta er allt í góðu lagi, og ferðafrelsi. Svo er það 15, ríkisborgararéttur. Það er ekki rétt hjá Silju Báru að segja að þetta sé nútímavæðing á orðalagi, nema að hún sé þá til þess að gera það óskýrara. Að það er munur fyrir hverjar sakir manni er vísað úr landi eða fyrir hvaða sakir. Það er, annað krefst nákvæmrar upptalningar og sundurgreininar, en hitt er kannski almennar orðað. Nákvæmlega hvaða eða hverjar sakir, hvers eðlis þær eru.

Félagafrelsi 13, gott. En svo er aðalmálið eftir herna, þegar þær koma í fremstu greinarnar. Um þjóðkirkjuna er ég búinn að segja. Um trúfrelsið, lesið þetta nú fyrir ykkur og berið þið saman nýja textann og þann gamla frá nefndinni, sem er í núverandi skjali. Hvað það er mikill munur á þessu að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Og áframhaldi eins og stendur í skjalinu núna. Þetta er skýrt og vel orðað og það er stíll yfir þessu. En það er ekki hægt að segja um nútíma, um nýjustu tillögu. Ég legg til að þetta verði óbreytt.

Upplýsingafrelsi, og það er spurningin hvort að hið opinbera er nógu gott og við töluðum um það hvort að það er nógu gott í stjórnarskrá. Og svo er tjáningarfrelsið í 7. Það var minnst á það herna áðan að netið

væri tímabundið fyrirbæri. Hvað þætti okkur ef það hefði verið að hafa óheftan aðgang að faxi, sem var samskiptaleiðin fyrir nokkrum árum. Þetta er svona vekur upp gamla vísu í huga mér:

*Svo bjóddu upp frelsinu í framtíðardans  
og fortíð lát dansa við það.  
En forðastu nauðhyggju nútímans  
með nafnann í hjartastað.*

Réttur barna er til mikilla bóta. Svo er komið að stílæfingunum. „Öll skulum við njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.“ Já, við skulum njóta sumarins. Við skulum við gera það. Sögnina „skulu,“ svo ég ætli að sleppi við málfræðikennslu, en hún er með breytilegar merkingar eftir því hvernig hún stendur í persónu. „Þú skalt,“ segir þegar talað er í 2. persónu og er skipun, eða boð. „Við skulum“ er hvatning til að upplifa eitthvað frekar, eða gera, eða aðhafst eitthvað. En það er aftur á móti „öllum skal gert kleift að njóta,“ þetta er gert ópersónulegt, þá er það í svona, um það að þetta gildi. Og þetta sýnir að þetta dæmi ásamt fleirum sem eru hérna, þau eru 5 hérna. Og þau eru öll lítil, um þessa nútímavæðingu í skrifum, 1. persónu fleirtölu. Og mér sýnist nú að þessi niðurstaða sýni að þetta er vandræðalegt, þegar þetta er svona lítið fyrirbæri í textanum. Það er ein grein, ein málsgrein í lengri klausu, sem að kemur með þetta, og þetta verður vandræðalegt og þetta verður reimingur í stíl og sundurleyti sem að gerir að verkum að þetta verður óeðlilegt. Eins og gerist hérna í 7. grein: „Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar.“ Síðan kemur að „stjórnvöld skulu.“ Og greininni lýkur: „Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.“ Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar en hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna. Þetta er svona til marks um það að þetta gengur ekki upp saman. Þessi góða tilraun, hún er dæmd til að misheppnast að minni hyggu. Nema að hún á ábyggilega við ennþá í aðfararorðum eða upphafi texta. Ef henni er haldið í gegnum alla greinina og svo út frá því. Nú, efnislega, þetta sem er um, að við skulum njóta mannhelgi. Þetta gengur ekki. „Öll skulum við njóta, þetta ...“

Og svo 3. greinin, hún er efnislega, veit ég ekki bara ekki hvað í henni stendur eiginlega. Hún er þvælin og ruglingsleg í meira lagi. Og ég sé ekki að hún segi neitt. Og svo að lokum er það um jafnræðisregluna. „Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits.“ En svo er talið upp þarna tungumál til viðbótar. Það er eðlilegt og sjálfsgagt að menn fái að tala sína þjóðtungu og sína tungu. En mér finnst, eða ég spyr, hvað þýðir þetta, að tungumál greini menn ekki að? Þýðir þetta það að öllum sem aðrar tungur en íslensku tala, ber réttur til að fá kennslu á sínu móðurmáli? Móðurmálið er kvenlægt. En í sínu föðurlandi sem er karllægt. En ég spyr, leggur þetta skyldur á hið opinbera, svo ég segi það, að tryggja öllum kennslu á sínu móðurmáli, og ef ekki hvernig á þá að bregðast við, eða leggur þetta hömlur við því að íslenska verði kennd sem aðal tungumál? Ég hef lokið máli mínu.

SN  
Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður, félagar og þið sem heima sitjið og hér. Ég var nú búinn að segja áður að ég væri búinn að þakka í eitt skipti fyrir öll, fyrir vel unnin störf nefnda, en vil samt enn einu sinni ítreka það, að hér hefur ýmsu verið vikið til betri vegar og virkilega gott starf verið unnið. En því miður er það svo að þegar maður tekur til máls þá er nú yfirleitt samt, að maður vill ræða það sem manni finnst kannski að betur mætti fari, nema maður sé heilagur maður eins og Ómar Ragnarsson sem getur talað bara um að allt sé frábært. En mig langar að byrja á gr. nr. 11. Þar stendur að: Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Ég er kannski að endurtaka mig svolítið þarna, það er kannski búið að ræða þetta í nefndinni. En mér finnst ekkert ... mér líður ekkert vel með það að ríkið sé að vernda trúfélög og lífsskoðunarfélög sem að eru með hatursboðskap. Það er fullt af lífsskoðunarfélögum t.d. í Danmörku um það að einn kynstofn sé öðrum æðri og að ákveðnir menn eigi að ráða og aðrir eigi lúta valdi þeirra, og að sumir séu merkilegri en aðrir. Ég hef alltaf viljað hafa það að, sem sé, trúfélög og lífsskoðunarfélög, sem virða jafnan rétt allra.

Síðan er ég eiginlega með skilaboð frá herandstaðingum. Það er opunarsetning stjórnarskrárinnar: Öllum skal tryggður réttur til lífs og til að lifa með með mannlegri reisn. Sem að að mörgu leyti samhljóða 4. gr.: Öll skulum við njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi. En svo sit ég í C-nefnd og í utanríkiskaflanum erum við alltaf að velta fyrir okkur hvernig við getum, með hvaða hætti við styðjum stríð. Hvort það sé í gegnum utanríkisráðherra, eða hvort það sé kannski í gegnum Alþingi o.s.frv. Og þetta er náttúrlega mótsögn, öllum skal tryggður réttur til lífs. Og við erum ekki hlutlaus þjóð heldur munum segja öðrum stríð á hendur, eða höfum heimild til þess. Og þannig að þessar fögru setningar, 1. og 4. um mannhelgina: Öll skulum við njóta mannhelgi og verndar gegn hvers kyns ofbeldi, það bara passar ekki að hafa þetta í stjórnarskrá ríkis, sem er ekki hlutlaust ríki. Við vorum það. En við drógumst inn í Kalda stríðið, og köstuðum þá hlutleysi okkar. En þótt Kalda stríðið sé búið, þá erum við ekki tilbúin til þess að ganga alla leið. Og ég er sem sé að koma þessari mótsögn á framfæri. Þetta er náskýlt 19. ákvæðinu um pyntingar, þar sem segir: Engan má beita pyntingum, né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. En við erum hins vegar í hernaðarbandalögum. Og við erum t.d. með Sameinuðu þjóðirnar og NATO. Og það er þannig að það er eitt ríki sem að er með langstærsta herinn og eyðir tíu sinnum meira til hernaðarmála að meðaltali heldur en ríki Evrópu. Og það er yfirleitt framkvæmdaraðilinn, í þessum hernaðarbandalögum, bæði Sameinuðu þjóðanna og NATO. Og það ríki, það er mjög hlynnt pyntingum og stundar pyntingar. Og þá er þetta ákvæði okkar, er kannski eins og einmitt í því landi, það er bannað að stunda pyntingar, skv. stjórnarskránni, en bara í því landi. Það má stunda það alls staðar annars staðar í heiminum, ef við fáum landskika til þess. Og þetta er svolítið eins hérna á Íslandi, bannað er að beita pyntingum á Íslandi. Hins vegar, ef Íslendingar eru staddir erlendis, þá er allt í lagi að beita pyntingum. Og ég bara bendi á að við erum í bandalagi við þjóðir sem að styðja pyntingar, og kenna pyntingar. Ég hef sjálfur hitt og talað við fólk sem að hefur verið

beitt pyntingum, af bandamönnum okkar. Þannig að, þetta er svona eins og Örn Bárður er stundum að tala um, það þarf að vera svolítið tog. Við þurfum að leggja eitthvað á okkur. Þetta er svolítið svona hypokrasí. Við erum flott, það hljómar rosalega vel, ofsalega áferðafallett, en er hræsni. Síðan ætla ég að tala um það sem er virkilegt vandamál. Og það er það að við erum svo mótuð af því að skrifa stjórnarskrá eins og það var gert á 19. öldinni, þegar menn voru að byrja að skrifa stjórnarskrár. Og við tökum ekki nóg mikið mið af vandamálum dagsins í dag, heldur kannski oft mikið að hugsa um hvernig vandamálin voru í árdögum stjórnarskrárskrifa. Og þá langar mig að tala um 26. greinina. Eignarréttur er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefjist þess. Og skuli fullt verð koma fyrir. Hvenær var þetta vandamál? Varð það að vandamáli í fyrria eða hittifyrria, eða jafnvel fyrir 10 árum eða 20 árum. Þetta er ekkert vandamál. Ég er ekki að segja að það sé ekki slæmt að hafa þetta. Þetta þarf að vera til þess að tryggja að þetta vandamál komi ekki upp aftur. Þetta er hins vegar merki um það að þetta er skrifað á þeim tíma sem þetta tíðkaðist. Það eru heilmikil vandamál í dag varðandi eignarrétt. Þau eru bara allt öðruvísi, miklu, miklu, miklu stærri. Það er t.d. verið að afhenda eignir ríkisins einkaaðilum. Og ég hef margsinis lýst því þegar að Telenor, eða ríkissímafyrirtækið var selt í Noregi, þá var passað upp á það að hver einasti maður í landinu gæti keypt þetta, í verðbréfahöllinni.

En hér er ákveðnum aðilum afhent einkafyrirtæki, og þessir aðilar eru stærstu styrkþegar stjórn-málaflökkana sem afhentu þeim einkafyrirtækin. Þetta er vandamál dagsins í dag og það þarf að taka á þessu í stjórnarskránni. Þetta er annað og hitt er, annað varðandi eignarréttinn er það að fólk spankúlerar um landið, lyftir hendinni sinni og bendir út á haf og segir: Ég á þetta. Og það er vandamál dagsins í dag. Og þess vegna þurfum við að taka upp í eignarréttarákvæðinu, þessi vandamál. Að fólk er að eignast hluti, sem að hingað til hefur verið sameign. Og fólk er að taka hluti sem hingað til tilheyrði sameigninni, okkur. Það verður að taka hér eitthvað upp um eignarrétt á ríkiseignum, þ.e.a.s. einkaeignarrétt okkar, sem við eigum vegna þess að amma okkar og afar og pabbar okkar og mömmur þræluðu fyrir þessu og borguðu skatt til þess að við gætum eignast þetta.

Þetta var sem sé annað dæmi um það að við erum ekki í nútímanum, þegar að við erum að búa til þessi ákvæði. Og hitt er ákvæði 7, 8 og 9, um tjáningarfrelsi, upplýsingafrelsi og fjölmiðlafrelsi. Hér er t.d.: Öllum er frjálst að tjá skoðanir sínar, sannfæringar o.s.frv. Hvenær var það sem að okkur var bannað að tjá hugsanir okkar á Íslandi? Það er líka óralangt síðan einhver var hnepptur í fangelsi af að því hann var að lýsa yfir einhverjum skoðunum sem voru bannaðar. Og öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum, já það hefur öllum verið frjálst að miðla upplýsingum. Fyrir hvaða brot erum við að koma í veg fyrir þarna? En það eru stórkostleg vandamál varðandi tjáningarfrelsið, upplýsingafrelsið og fjölmiðlafrelsið. Það er nefnilega það að það er ofboðslegt ójafnvægi. Það er þannig að maður getur keypt upp öll áróðurstækin. Og það var gert í hruninu. Það voru allir fjölmiðlarnir keyptir, og þetta er að gerast aftur. Það eru átök um auðlindir landsins, hver eigi að eiga þær. Og þá eru voru keyptir

fjölmiðlar til þess að útvarpa ákveðnum skoðunum. Og þetta er vandamálið. Það er ójafnvægi í skoðana... í upplýsingamiðlun. Það er miðlað upplýsingum sem að koma einhverjum ákveðnum aðilum til hagsbóta. En öðrum ekki. Þannig að það þarf að vera eitthvað ákvæði um jafnræði. Og ég hef stungið upp á einu og ég get komið þessu skriflega til nefndarinnar, sem mér finnst vera sjálfsögð mannréttindi. Við eigum rétt á að jafnvægi sé í þeim upplýsingum sem að okkur er miðlað. Ríkisfjölmiðlar skulu stuðla að þessu. Það má jafnvel bæta þessu hér inn í 7. grein um tjáningarfrelsi: Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og ... fyrirgefðu ... í 2. málsgreininni: Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Þarna gætum við haft, aðstæður til opinna og jafn..., hvað má segja, jafnvægi í umræðu. Það þarf að tryggja jafnræði í umræðu. Eða þá bara hreint og beint að taka inn þetta ákvæði hér. Vegna þess að þetta er stóra vandamálið. Það sem verið er að taka á þarna hefur ekki verið vandamál, en það er mjög stórt vandamál. Við höfum rétt á að jafnvægi sé í þeim upplýsingum sem að okkur er miðlað. Og þá ef staðan er þannig að það er bara önnur hlið sem kemur fram á máli, þá á ríkisfjölmiðlarnir að sjá til þess að það sé jafnvægi og kynna hina hliðina. Takk fyrir.

SN

Næstur á mælendaskrá er Pawel Bartoszek, og mælendaskrá verður lokað þegar hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já, takk. Kæru vinir. Það er nú ekki eins og mér finnst vera allt galið í þessum kafla. Svona, þessi, ég t.d. hef ekkert því til fyrirstöðu að koma inn grein um réttindi barna og þó kannski að hún myndi ekkert orða nákvæmlega eins og hún er gerð hér. Mér finnst líka þjóðkirkjuleiðin vera að færast í ákveðna átt, þó að ég sjái ákveðin vandkvæði á því hvernig hún er útfærð. Mér finnst reyndar merkilegt hvað margir eru sam-mála því að við eigum ekki að taka á þessu efni, vegna þess að líklegast er að okkur hafi ekki verið falið að gera það. Já, ef að við notum þau skilyrði, þá var náttúrliga ... okkur var ekki falið að skoða mannréttindakaflann í heild sinni. Þannig að mér finnst kannski svona, ótrúlegt hvað menn eru meðvitaðir um akkúrat þennan kafla, sem við áttum ekki að fjalla um. Og, svona það sem ég er kannski hrifnastur af er, því það sem er fellt á brott í eignarréttarákvæðinu um það sé heimilt að takmarka eignarrétt útlendinga í fyrirtækjum og fasteignum á Íslandi. Og þetta mundi vera svona hlutir sem ég er ánægður með. Margt annað hef ég töluverðar athugasemdir við og auðvitað gæti ég gert, eins og margir hérna og farið í hvert einasta orðalagsatriði og hvert einasta hugtak, og talið upp, sko, það að ítarleg útlistun á því hvað menntun eigi að gera, eða hve góð heilbrigðisþjónusta eigi að vera. Og gert einhverjar athugasemdir við það orðalag. En ég væri kannski að einhverju leyti óheiðarlegur hvað það varðar, að það er auðvitað ekkert orðalagið per se, sem ég er að gera athugasemdir við.

Grunnurinn í gagnrýni minni á margt af því sem hér kemur, snýr auðvitað að mjög svipuðum atriðum, svipuðum hlutum. Ég tel, svona, í fljótu bragði að greinar 7, 8, 10, 11, 22, 23, 24, 25, 27 og svo auðvitað



32, hugsanlega, eru greinar sem geta kallað á útgjöld hins opinbera. Allavega, þá gefa þær aukid færi á því, að rökstyðja slík útgjöld eða krefjast þeirra. Og þessi útgjöld munu líklegast koma til, eða hugsanlega, ekki vegna ákvarðanna endilega, sem eru teknar á þinginu af einhverjum þingmönnum eða ráðherrum sem eru kosnir af þingmönnum í lýðræðislegum kosningum, heldur getur mjög vel verið að þær ákvarðanir séu teknar í dómsal, þ.e.a.s. það verði lögmenn sem fari með mál fyrir hendur skjólstaðinga sinna, lögmenn sem ..., mér detta í hug ýmsir framtíðarlögmenn sem hér inni sitja, eða vinnuveitendur þeirra. Og fleiri aðrir finir lögmenn, sem munu fara með ákveðin mál og krefjast útgjalda á hendur þeirra og binda þannig hendur ríkissins. Fjármagn okkar í þjóðfélaginu er takmarkað. Skattadagurinn, þ.e.a.s. sá dagur sem við hættum að vinna fyrir ríkið og fórum að vinna fyrir okkur sjálf, var einhvern tímann fyrir um viku síðan. Þannig að þegar er um helmingur af útgjöldum af tekjum okkar, hér inni og allra annarra, að fara í það að greiða fyrir opinbera þjónustu. Ef að eitthvað er að marka opinbera umræðu þá er það þannig að það eru bílar ráðherra og ferðalög forseta, sem eru svona, 80% af öllum útgjöldum hins opinbera. Það er auðvitað ekki tilfellið. Það er auðvitað nákvæmlega þau réttindi sem talin upp eru í þessum kafla, þ.e.a.s. menntun, félagsleg réttindi, heilbrigðisþjónusta, sem er það sem stendur sem stærsti kostnaður ríkisins, er vegna. Og þess vegna þá hef ég ákveðnar athugasemdir við það, að vera að einhvern veginn binda hendur löggjafans í því, að geta haft svoltið svona frjálsar hendur hverju sinni til þess að reyna að nýta þá fjármuni sem best, því auðvitað er það þannig að til þess að veita einhverjum einum þá bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem hann, sem völ er á fyrir hann eða hana, og veita einhverjum öðrum þá bestu mögulegu menntaþjónustu, sem völ er á fyrir hann eða hana, þá þarf að, eitthvað, að gefa minna til einhvers annars. Þannig er nú bara lögmálið um skort.

Þannig að þetta mundu vera svona í grundvallaratriðum þær stærstu efasemdir sem ég hef um allar þær leiðir sem farnar eru í þessum kafla, og þær hafa oft verið bergmálaðar af þeim sérfræðingum, sumum, sem Stjórnlagaráð hefur leitað til og svipað þess efnis og ég hef gert áður og nokkrir aðrir hér, að við vitum ekki, sama hve góðar fyrirætlanir við höfum, hvað á endanum margt á endanum margt af þessu muni þýða. Hvort þetta tryggi t.d. rétt til ókeypis lyfja og að hve miklu marki, hvort þetta tryggi rétt til þess að ríkið borgi fyrir menntun fyrir fólk í útlöndum, sérhæfða og dýra. Nú, það eru nokkur önnur atriði sem ég vil nefna. Nýting eignarréttar sem ekki má ganga gegn almannahag. Þetta er einfaldlega sterkara orðalag en það sem ég er tilbúinn til að samþykkja. Ég veit að þetta er fengið út úr þýsku stjórnarskránni. Ég tel það varasamt að fara í svona, hlaðborðaðferð við að safna hlutum úr öðrum stjórnarskrám, sem hafa kannski allt aðra hefð og notkun þar í landi. Ég óttast það að þetta ákvæði geti verið notað til þess að réttlæta stórfelda eignarupptöku, vegna þess að einhver telur að notkun einhvers af einhverjum læk, húsi eða hverju öðru, væri betur þjónað fyrir almannahag, ef hann ætti það ekki.

Nú, 3. greinin sem er ný og lögð fram til kynningar. Hún er auðvitað mjög, þetta er gríðarlega stórt atriði, að fela, að árétta það að mannréttindi séu einnig

skilin sem leikreglur milli einkaaðila, einstaklinga. Það eru ekkert allir á einu máli að svo sé, að öllu leyti. Íhaldssamari skoðanir í þessum efnun myndu vera að þetta sé fyrst og fremst leikreglur milli einstaklinga og ríkisins. Og vegna þess að við höfum skilið mannréttindahugtakið, svona, vítt, eða allavega tekið önnur og þriðju réttindi með, þá eru t.d. nokkrar greinum sem mér finnst, í þessum kafla, sem mér finnst ekki mjög augljóslega falla að því að það sé hægt að túlka það þannig að einkaaðilar geti, að það sé hægt að krefja einkaaðila um að uppfylla þær, ég meina t.d. grein um uppýsingafrelsi, má þá skilja það sem svo, að sama skylda til þess að birta gögn hvíli á einkaaðilum, stórum fyrirtækjum eða félagsamtökum og hagsmunasamtökum. Grein 14 um fundafrelsi. Grein 16 um ferðafrelsi. Og þær greinar sem snúa að heilbrigðisþjónustu og menntun og atvinnufrelsi. Snúa þær einnig að einkaaðilum? Hafa einkaaðilar einnig skyldum að gegna, til þess að tryggja það að einhverjum sé ekki meinað um rétt til þess að vinna ákveðna vinnu.

Ég hef töluverðar efasemdir um þetta og ég get traudla stutt tillögurnar að svo stöddu, í ljósi þeirra líka miklu athugasemda sem borist hafa frá ýmsum fræðimönnum um margar af þeim breytingum sem verið er að gera. Ég bið þó nefndina og aðra ráðsmenn ekki að skilja þa afstöðu sem svo, að hér sé um að ræða endanlega afstöðu til þess, að allt sem frá nefndinni kemur, eða frá okkur kemur, sé vonlaust og ekki hægt að vinna með. En ég vil stíga varlega til jarðar og ég held að sú skoðun hafi komið fram áður og ég vona að hún komi engum á óvart. Takk.

SN.

Þá hefur mælendaskrá verið lokað og gert verður hlé í 15 mínútur. Þannig að við mætum hér aftur 10 mínútur yfir 11. Takk.

SN

Þá hefjum við leika aftur og Katrín Oddsdóttir er næst á mælendaskrá. Gjörðu svo vel, Katrín.

KO

Já, kærur elskur nær og fjær. Takk fyrir Silja, og takk fyrir þið sem hafið talað. Þetta eru bara mjög gagnlegar athugasemdir finnst mér mikið til. Og ég vil kannski bara byrja á því að segja í sambandi við þessa 3. gr. sem fjallar um gildissvið og þriðju manns áhrif og svona, ég er bara sammála. Hún er óskýr og ómótuð og ófullkomin. Og það er örugglega bara frekar mér að kenna en öðrum, við vildum bara ná henni út í umræðuna, frekar heldur en að bara brenna einhvern veginn inni með þetta. Og svo á alveg eftir að klára þetta og setja á þetta smiðshögggið og það er alls ekki víst að við getum farið þessa leið, en þetta er svona tilraun bara til að fá þessar umræður upp á yfirborðið. Og við munum bara vinna betur í þessu. Og það er alveg rétt eins og Pawel bendir á að þetta á náttúrlega aðallega við um efnahagsleg og félagsleg réttindi, t.d. þegar kemur að því að tryggja sífellt betri vernd og annað. Þannig að þetta er bara eitthvað sem við vinnum betur í, og hún er eins og ég segi, ekki nógu skýr. Og þá bara lögum við það. Og komum með betri tillögur síðar. Svo var ég að velta fyrir mér hvort ég ætti svona að renna í gegnum punkta sem ég punktaði hjá mér eða hvort ég ætti að vera stuttur. Þetta er svona smá prinsipp

ákvörðun. En mig langar bara kannski til að bregðast svona helst við Þorkatli. Út af því að mér fannst hans kannski afstaða vera að ákveðnu leyti ólík öðrum og ja kannski, mikið af upptalningu um það sem hann kallar eftir einhverjum útskýringum og verðmiðum og annað, og tekur oft til orða um að nú þurfum við að ná í strokleðrið. En ég verð nú bara að segja það er kannski ekki bara okkar vilji að ná í neitt strokleður á þessu stigi málsins. Við erum alltaf til í að hafa pennann í hendinni og endurskrifa og laga, en strokleður þegar kemur að mannréttindum, af þessu tækifæri sem við höfum núna, til þess að klára þá vinnu sem var sem að var ekki almennilega kláruð árið 1994, við gerð stjórnarskrár, þannig að mannréttindi mundu vera tryggð betur á Íslandi, sérstaklega hvað viðvíkur efnahagslegum og félagslegum réttindum. Það væri, að mínu mati, einfaldlega að skorast undan að koma með eitthvað strokleður núna. Og ég mun helst ekki gera það. En hins vegar þá, auðvitað viljum við útskýra og við viljum gera allt betra, alveg á fullu sko, og við viljum að sjálfsögðu ekki að þetta verði einhvers konar skjal sem að býr til einhverjar rosalegar þrætur fyrir dómstólum, en við viljum hins vegar tryggja ákveðin réttindi. Og til þess að tryggja þessi réttindi þá setjum við þau í orð, með sem skýrustum hætti. Og það ætlum við að gera eins vel og við getum. Og okkur er treystandi til þess, við tökum mark á öllum sérfræðingunum og reynum að gera okkar allra besta. En strokleðrið á ekki heima hér. Ekki frekar en orðið fagurgali þegar kemur að mannréttindum.

Nú, það komu upp ákveðnar áhyggjur af því að netið væri eins og eitthvað faxtæki þarna og væri of kannski tæknilegt og eitthvað. En ég, með allri virðingu fyrir okkur, leyfi mér að trúá því að netið verði aðeins langlífara en þessi stjórnarskrá. Ég held að netið sé bara grundvallarlýðræðistæki og þetta er að tengja saman mjög merkilega hluti í lýðræðisþróun heimsins og það er mikið ákall, bæði frá innlendum og erlendum, bara aðilum, og almenningi í raun, að sjá til þess að þarna verði tryggð ákveðin vernd. Af því að ef ritskoðun á netinu er ekki það sem er ein stærsta ógn við lýðræði í heiminum, þá veit ég nú ekki hvað. En það má kannski skoða orðalagið betur. Svó er það með upplýsinga-ákvæðið. Nú er ég kannski að skoða athugasemdir Þorkels. Þetta er framkvæmanlegt. Þetta er gert í Noregi og Svíþjóð og annars staðar. Og það getur vel verið að þetta kosti eitthvað, en það kostar líka ýmislegt að koma á fót nýju kosningakerfi, það kostar ýmislegt að reka dómstóla, og það kostar ýmislegt að vera með lýðræði í landinu. Þetta mun, að mínu mati, í langtímasjónarmiði vera sparnaðaraðgerð, vegna þess að það er ófært að það sé sífellt verið að marg borga fyrir upplýsingar, sem í raun ættu að vera í eigu almennings. Og almenningur geti ekki bara leitað sjálfur að sínum upplýsingum og þannig komið í veg fyrir spillingu, sem er mjög dýr samfélaginu, fullyrði ég. Orðalagið „nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi“ er fengið beint úr mannréttindasáttmála Evrópu. Og þar erum við að setja frekari skorður við því hvenær má takmarka tjáningarfrelsi, heldur en nú er. Núna segir „að skorðurnar verði að samrýmast lýðræðishefðun“, en það hefur verið talið allt of, allt of vítt. Og þeir sérfræðingar sem við leituðum á lits hjá, a.m.k. tveir þeirra sögðu að það væri mjög til bóta að tengja þetta betur við dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, með

því að segja að það yrði að vera algjörlega nauðsynlegt í lýðræðislegu samfélagi, að setja einhverjar skerðingar á tjáningarréttinn.

Mér finnst Arnfríður hafa komið ágætlega inn á hvað við erum að reyna að gera með þjóðkirkjunni. Þetta er náttúrlega bara tilraun til þess að finna einhverja leið, þannig að þjóðin hafi síðasta orðið, en það sé samt gefinn nægur tími til að umræðan geti orðið þroskuð og jafnvel að hið opinbera og kirkjan geti bara klárað málið sjálf, á einhvern hátt, en að þjóðin hafi síðasta orðið. Sko, Erlingur kom með fullt af góðum athugasemdum í sambandi við texta. Og kannski almennt má segja að hann hafi fjallað um þetta með orðalagsbreytinguna okkar, hvort að passi. Og ég verð bara að segja að ég er sammála honum. Eins og þegar að það kemur að sko 24. gr., þá er ekkert gott að vera að troða orðinu „okkur“ þarna inn. Þannig að við þurfum bara að finna þennan balans, og við skulum leita betur eftir honum. En ... hugmyndin, oft þarf maður að fara svolítið langt í eina átt til að geta fundið sko, miðjuna. Þannig að kannski, þá bara vinnum við aðeins betur í þessu og finnum einhverja leið sem að samræmist fallegrri málvitund og einhvern veginn þeim tilgangi sem við erum að gera, sem er sem sagt sá, að bæði að setja þetta í einhvers konar orðmynd sem er óháð kyni, og að útskýra enn og aftur að þetta er okkar samfélagssáttmáli, sem við erum að setja hér. Og við höfum skyldur og við höfum réttindi, en ekki bara einhver svona, hvað megum við fá að ofan. Þannig að ég held að tilgangurinn sé mjög góður og við munum finna einhverja leið til þess að mæta þessu.

Andrés spurði með sko, einhvers konar kvalifisikeringu á lífskoðunarfélög. Og við vorum með í tillögum okkar umburðarlyndi, sem miðaði að umburðarlyndi. En einn sérfræðingur sem kom á okkar fund, lögfræðingur, varaði okkur stórkostlega við þessu og sagði, þetta hljómar bara eins og þið séuð að reyna að banna múslíma. Og við einhvern veginn vorum bara, heyrðu, það er náttúrlega ekki það sem við erum að gera. Og við höfum bara ákveðið að skráningin sem löggjafinn ákveður, verður bara að vera sú hindrun sem mun á endanum ákveða hvort að viðkomandi félög fái vernd. Við ætlum að treysta löggjafanum fyrir þessu, löggjafinn mun þá ekki veita einhverjum Hells Angels sam-tökum lífsskoðunarstatus, skv. stjórnarskrá. Þannig að hér höfum við ákveðið að treysta löggjafanum frekar en reyna að útskýra hvers konar félög við viljum. En að sjálfsögðu munum við koma inn á þetta í greinargerð og útskýra að hér sé ekki ætlunin að vernda einhver stjórnmalafélög eða annað.

Svo er áhugaverð þessi ábending Andrésar um ofbeldi og það sé mótsögn þarna, af því við séum stundum þátttakendur í hernaðaraðgerðum, og ég meina, ef að fólk mundi vilja reyna að byggja á þessu ákvæði um að það megi ekki vera með ofbeldi, til þess að reyna að berjast gegn hernaðaraðgerðum, þá sé ég ekkert að því. En mér finnst ekki eitt útiloka annað einhvern veginn. Og í sambandi við pyntingarnar, nú sé ég Andrés hvergi ... já. Í sambandi við pyntingarnar, þá kannski væri gott að fá bara einhverja tillögu að orðalagi, af því að ég skil aldrei alveg hvað Andrés er að meina þegar hann er að tala um eitthvað svona, að taka dýpra í árina.

Svo er Andrés að tala um eignarréttinn og vandamál dagsins í dag og þetta. Við höfum náttúrlega reynt að

koma til móts við þau sjónarmið með því að setja inn þessi ákvæði sem Pawel hefur náttúrlega áhyggjur af að skerði eignarréttinn óeðlilega. En við reynum að útskýra að sé frekar bara svona lýsing á því hvernig staðan sé í dag. Og þar sé alveg ljóst að auðvitað megi skerða þessi réttindi eins og önnur, sé það gert með miklu meðalhófi.

Svo langaði mig til að tala um Pawel. Sko, hann hafði áhyggjur af því og taldi upp langa runu af númerum að þessar greinar myndu allar kalla á útgjöld hins opinbera. En það gerir náttúrlega dómskerfið líka og breyting á kosningakerfi og ýmislegt sem við erum að gera. Og þetta er svolítið svona, hvers konar samfélagi viljum við búa í, ef við tryggjum ekki þessum réttindi, þá náttúrlega, þá er ekkert, kannski tryggt að við bara getum einhvern veginn búið hérna í sátt og samlyndi, og verið stolt af því að halda uppi einhvers konar lágmarksstandard á því lífi sem að þeir sem hér búa, njóta.

En ég veit alveg, þetta eru útgjöld, það er alveg rétt. Það er bara, það kostar ... . Það eru líka ... Þú talar um að tekjur okkar, þær fari í opinbera þjónustu, og ... . Við erum þiggjendur, þessa dagana, við sitjum hér og reynum að laga lýðræðið, vegna þess að einhver borgaði skatt einhvers staðar. Og ég trúi því að þú hafir trú á því að það væri góð leið, annars værir þú örugglega ekki hér. En þetta er sú leið sem við notum. Það kostar að vera með gott lýðræði. Það kostar að vera með mannréttindi. Það getur vel verið. En í staðinn þá fær maður líka mikinn ávinning. Þannig að þetta er bara svona ákveðið mat. Og ég er hjartanlega sammála þér þegar þú telur upp þetta, Pawel, með að hún sé óskýr og ómótuð þessi 3. gr. Við bara tökum á því. Takk.

SN

Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

FH

Já, kærur vinir. Mig langar að byrja á að þakka Silju Bára fyrir að gera grein fyrir okkar vinnu og A-nefndinni fyrir skemmtilegt og gott samstarf áfram í þessari viku, og svo auðvitað ykkur fyrir allar athugasemdirnar sem við erum búin að fá og munum vinna úr áfram. Sko, ég held að við getum alveg poppað, því að þetta tekur smá tíma, þetta er svolítið mikið, en ég skal reyna að vera fljót. Mig langar bara til að byrja á að spyrja, svona, út í loftið, kannski ... . Of miklar kröfur til ríkisins, og of litlar kröfur til borgaranna. Ari, þú komst eitthvað inn á þetta. Og, ég get bara með engu móti almennilega skilið hvernig borgararnir eigi að geta sko, uppfyllt sínar kröfur, ef þeir hafa ekki tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Ef þeir hafa ekki réttindi til þess að byggja á, til þess að lifa sómasamlegu lífi, þá bara get ég ekki séð, hvernig við eigum sem borgarar, að geta uppfyllt okkar skyldur, bara því miður. Og ég velti fyrir mér, þegar við tölum um hvort að þetta séu of miklar kröfur til ríkisins, sko, erum við með svona mikla minnimáttakennd? Höfum við það litla trú á okkur og svo mikla minnimáttarkennd, að við teljum okkur ekki geta framfylgt því sem aðrar þjóðir hafa gert? Erum við bara í alvörunni, stödd þar? Og þurfum við þá ekki bara að fara á sjálfstýrkingarnámskeið?

Og svo langar mig aðeins að ræða um bænaskjalið. Ég fékk talsverða gæsaþú þegar að þetta kom upp á

yfirborðið, af því mér finnst það sko, við verðum aðeins að hugsa hvað við erum að segja. Þegar við segjum bænaskjal, að þá erum við að stilla upp borgurinum í þjóðfélaginu sem þiggjendum, og einhverjum betlurum, fyrir sínum eigin réttindum, og sínum eigin möguleikum í þjóðfélaginu. Og gagnvart stjórnmöldum, eitthvað svona hið æðra og lægra, einhvern veginn. En þannig upplifi ég það, og þannig að, ef við ætlum að fara að tala um eitthvað svona skjal, þó að í mínum huga sé þetta sáttmáli okkar allra, eins og Katrín Oddsdóttir minntist á, og fjallaði aðeins um í upphafi okkar vinnu, að það hugtak væri kannski einmitt orðið til þess að nota. En ef við ætlum að fara að tala um eitthvað skjal, að þá bara er þetta kröfuskjal. Þetta er kröfuskjal okkar allra um það hvernig samfélag við viljum búa í. Þetta eru engar bænir. Bara sorri. Þetta bara fer rosalega í taugarnar á mér, að tala svona. En í fyrsta lagi er þetta bara okkar sameiginleg verk og sameiginleg niðurstaða um það hvernig við viljum byggja okkar samfélag.

Og mig langar aðeins að fjalla um heilsuákvæðið, ég gæti náttúrlega farið yfir margt, en mig langar sérstaklega til að fjalla um það. Og þetta að fólk skilur ekki alveg hvað þýðir þetta, „heilsa upp að hæsta marki sem unnt er,“ og af hverju ekki bara að tala um heilbrigðiskerfi o.s.frv. Sko, í fyrsta lagi þá verðum við að treysta fólki sjálfu til þess að meta það, eða þeirra nánustu aðstandendum þegar það á við, til þess að meta hvað er þetta hæsta mark. Við vitum það örugglega öll sjálf á okkar eigin skinni, hvenær við búum við heilsu, mikla eða litla. Og við leitum til læknis eftir aðstoð, flest okkar, þegar okkur finnst heilsu okkar einhvern veginn ógnað eða okkur líður ekki vel. Þannig að við þurfum ekki alltaf að fá taugaáfall yfir, eitthvað, þetta hæsta marki sem unnt er.

En svo langar mig líka að tala um að það að tryggja heilsu, heilbrigðiskerfið eitt og sér getur ekki bara gert það. Og það er ástæða fyrir því að mannréttindasamningar hafa talað sérstaklega um heilsu og svo um heilbrigðiskerfi. Og við fengum athugasemdir, t.d. frá Oddnýju Mjöll um það, að við værum í rauninni að stíga miklu skemur ef við myndum bara tala um heilbrigðiskerfið, heldur en að tala um sko, heilsu. Og mig langar bara að nefna dæmi um það, t.d. forvarnir og fræðsla. Ég meina, Umferðarskóla barnanna og vímuefnafræðsla og geðrækt, umræða um geðrækt sem hefur verið í samfélaginu. Og umfjöllun um náttúruna og upplýsingagjöfin til okkar um hana, hvað hún skiptir ..., upplýsingagjöf um mannréttindi. Þetta er allt eitthvað sem getur tryggt okkur betri heilsu. Út af því að það veitir okkur upplýsingar til þess að kunna betur á, hvað verndar heilsu okkar og hvað ekki. Og svo eru náttúrlega líka óhefðbundnar lækningar t.d. eða aðstoð, sem sum okkar ... viljum frekar fara í nudd heldur en að fara á sýklalyf. Eða sum okkar vilja frekar nota grasalækningar o.s.frv., o.s.frv. Og það er ekki alltaf viðurkennt, innan heilbrigðiskerfisins. Og að mínu mati þá á fólk að geta valið það, hvaða leið það fer, til þess að efla sína heilsu, eða viðhalda henni.

Og svo náttúrlega bara öryggismál. Ég meina, það er ýmislegt sem við erum að gera í samfélaginu sem að kemur í veg fyrir slys, inni á heimilum, í skólum, úti í umferðinni. Og þetta er allt eitthvað sem tengist því að við erum að tryggja betri lýðheilsu og heilsu hvers og eins. Og þetta er ekkert sem er ógeðslega flókið, af

Því að margt bara var ekki staðlað, og það hefur verið unnið mikið í mörgum þessum þáttum, og það er til staðar, þannig að við getum haldið áfram bara að nota það, og byggja það upp, til þess að geta staðið undir þessu ákvæði. Og, ég meina, ýmsar alþjóðastofnanir og staðir hérna heima, sem hafa skilgreint það hvað við þurfum að gera og geta leiðbeint okkur í því. Þannig að ég, einhvern veginn, sé ekki vandamálið varðandi heilsugreinina.

Og svo bara aftur að heilbrigðisþjónustan, ég meina, heilsugæslan, spítalarnir o.s.frv., sko þeir græja ekki allt er varðar heilsu. Og það er oft þannig líka að það er ekki nóg að við getum bara leitað til einhvers þegar við erum orðin veik, eða þegar við höfum slasast. Það þarf að gera margt áður, til að koma í veg fyrir að það eigi sér stað, þegar það er hægt. Og það er oft hægt. En við gerum það ekki. Og það er það sem við þurfum að breyta og þarf að leggja meiri áherslu á. Og, sko ... Elsku Þorkell, ég bara verð að spyrja, þegar þú segir að allir hljóta að skilja jafnrétti ...

PH

Fyrirgefðu, ég heyri ekki.

FH

Þú segir að allir hljóti að skilja jafnrétti. ... Ég trúi ekki að ég sé að fara í þessa umræðu eina ferðina enn. Og ég er bara svo innilega ekki að nenna því. En ég ætla samt að gera það, af því að ég trúi því að það sé þess virði.

En sko, þegar að við segjum að allir skilji jafnrétti, að þá verð ég um leið að spyrja, hvernig getum við sagt það, þegar það er þörf á jafnréttislögum, og nefndum, til að tryggja jafnrétti kynjanna. Og hvernig getum við sagt það, þegar að foreldrar mikið fatlaðra barna þurfa að berjast fyrir rétti þeirra til lífs af því að öðrum, og þá aðallega öfötlugu fagfólki, finnst líf þess ekki þess virði að lifa því. Og hvernig getum við talað um, að allir skilji jafnrétti, þegar að fatlað fólk, fullorðið fatlað fólk, þarf að verða fyrir þeirri niðurlægðingu, á nóttinni, að þurfa jafnvel að pissa í sig, af því að það kemur engin aðstoð, til þess að fara á klósettið.

Og hvernig ætlum við að segja að allir skilji jafnrétti, þegar að núna á síðustu vikum var verið að uppræta í Bretlandi stofnun fyrir fólk með þroskahömlun, þar sem það var barið og lamið og pyntað og næstum því drepit. Árið 2011! í Bretlandi! Hvernig ætlum við þá að segja að allir skilji jafnrétti? Ég get ekki skilið það. Og hvernig ætlum við líka að segja að við getum skilið jafnrétti, þegar að ég get ekki oft farið út í búð, án þess að einhver labbi upp að mér og klappi mér á kinnina og segi hvað þetta sé nú allt hrikalegt og sorglegt með mig. Og sendi mér næstum því bara samúðarskeyti á afmælisdaginn, í staðinn fyrir afmælskort, af því það væri bara betra að ég væri ekki til. Og hvernig getum við sagt að allir skilji jafnrétti, þegar að foreldrar sussa á börnin sín úti á götu, eða í Smáralind eða Kringlunni, þegar þau koma upp að mér og spyrja, af hverju ertu í hjólastól, eða af hverju geturðu bara horft til vinstri. Þau eru þöggvað niður. Það er sagt við þau, ekki spyrja, ekki horfa, ekki tala um þetta, þetta er hættulegt. Það er ekki jafnrétti. Og það er ekki skilningur á jafnrétti. Og hvernig getum við líka skilið þetta svona að allir skilji jafnrétti, þegar aldrað fólk hefur oft á tíðum enga stjórn á sínu lífi. Það hefur ekki stjórn á því hvernig það hefur heimili sitt, ef það flytur inn á stofnun,

hvernig málum er háttáð þar. Það ræður því ekki hver aðstoðar það, hvenær og hvernig. Og ég spyr líka um þetta vegna þess að nýleg heimildarmynd um upplifun svarts fólks á kynþáttahatri í nútímaþjóðfélagi, sýndi það að svört börn, að þau upplifa sig skítug, ljót og ógeðsleg. Þetta eru rannsóknir sem sýna þetta. Það þýðir að við skiljum ekki jafnrétti. Og af hverju er ekki moska á Íslandi? Vegna þess að við skiljum ekki jafnrétti. Og mér finnst mjög óþægilegt, að, ég held það hafi verið þú Pawel, sem bentir á að sko, að réttindi eins bitni á réttindum annars, og ef við tryggjum réttindi í heilbrigðiskerfinu þá bitni það á réttindum í menntakerfinu, og að við getum ekki byggt þetta allt upp án þess að það dragi úr einhverju öðru, ég bara er ósammála því. Og ég er orðin mjög þreytt á því, að þetta sé viðhaft, vegna þess að það sem ég hef þurft að hlusta á, í mörg ár, er það að ég sé að taka eitthvað, frá öldruðu fólki með því að krefjast aðstoðar. Og ég er stöðugt minnt á það, í okkar samfélagi, hversu mikil byrði ég er, og hversu frek ég sé. Að krefjast grundvallarréttinda, sem flestum hérna inni, eru algjörlega sjálfsgöð og þau þurfa ekki einu sinni að hugsa þau. Og það á ekki bara við um mig, heldur flest fatlað fólk á Íslandi.

Og, fyrirgefðu að ég sé svona æst, en mér er mjög mikið niðri fyrir, í þessari umræðu, og mér er ekki sama. Og hún snertir mig ekki bara faglega, heldur persónulega. Og sko, við virðust líka alltaf bara getað talað um peninga, þegar kemur að mannréttindamálum, þegar kemur að heilbrigðisþjónustu, menntamálum, almannatryggingum. En svo tölum við ekkert um þá, þegar að við ætlum að fara að byggja eitthvað nýtt flott hús eða þegar við höldum eitthvað boð og gerum það rosa fínt, af því að við erum að drepast úr sýndarmennsku, þó það kosti margar milljónir, þá segir enginn orð. Og við erum, eins og Katrín Odds-dóttir hefur bent á, við erum með lýðræði sem kostar mikinn pening, en við trúum því að það skipti máli og þá bara gerum við það, þó það kosti mikinn pening. Það er ekkert verið að nudda alltaf borgurunum enda-laust upp úr því hvað það kostar mikinn pening, að það búi á lýðræðisríki. En minnihlutahópur er nuddað upp úr því á hverjum degi, hvað það kostar að þeir búa við mannréttindi. Og það er algjörlega óásættanlegt. Og mig langar svo bara að lokum, að spyrja, eigum við að segja í stjórnarskrá, „stjórnvöldum ber ekki að tryggja síaukna vernd mannréttinda.“ Eigum við að gera það? Eða stjórnvöld skulu alls ekki reyna að auka mannréttindi fólks ... . Af því að ef við segjum að við viljum segja að við viljum ekki eiga að auka það, þá erum við að segja það. Og, við viljum, við krefjumst framfara í tæknimálum, við viljum flottari iPod-a og flottari sjónvörp og flottari tölvur og flottari húsgögn og flottari eldhúsinnréttingar. En það má ekki vera síaukin vernd mannréttinda. Mig langar bara, þetta eru bara mikilvægar spurningar, sem ég ætlast ekkert endilega til að fá svör við hér. En mig langar bara að við förum öll út með þessar spurningar. Takk fyrir.

SN:

Takk Freyja. Eiríkur Bergmann, þú ert næstur.

EBE

Já, takk fyrir það formaður, kærur ráðsfulltrúar. Ég ætla nú að reyna að vera stuttur, þakka fyrir þær til-

lögur sem hér eru komnar fram. Og að því marki að til að verða eins stutturður og hægt er að þá vildi ég bara byrja á því að taka eiginlega undir allt það sem Erlingur sagði hér áðan í sinni góðu yfirferð, og gera þau að mínum. Hnykkja á þrennu þó. Mér finnst þetta orðalag um „við“ og „okkur“ ekki ganga upp í stjórnarskránni og Erlingur fór vel yfir það, finnst mér. Kannski er ég bara þannig gerður en alltaf þegar einhver hópar segja „við“ eða „okkur“, þá finnst mér ég aldrei tilheyra þeim hópi. Og er einhvern veginn bara ... og þó ég sitji nú m.a.s. við þetta borð, að þá finnst mér ég samt ekki vera partur af þessu „við skulum“, það eru einhverjir aðrir en ég, ég upplifi það alltaf þannig. En það er ekki bara þessi orðalagsmunur, heldur er þetta bara mikil efnisbreyting. Mér finnst bara mikil breyting felast í því að fara frá því að segja, að íslenska ríkinu beri að tryggja öllum tiltekin réttindi, eða bara okkur. Mér finnst það bara töluvert mikill munur sem að liggur í þessu. Og kannski er það út af því að mér er samt að hugsa út frá því hvernig þjóðernið er, svona, notað í umræðu, að þá fæ ég svona ónotatilfinningu yfir, ja nú ætla ég að reyna að vera ... ja, ég kann ekki að orða það mildilegar, en það er svona, hálf fasískur blær einhvern veginn sem að ég upplifi við þetta orðalag, sko. Þó ég vilji nú ekki halda því fram of sterkt. Og ég veit að enginn ætlaði sér neitt slíkt. Bara svo að það sé alveg á hreinu. En þá finnst mér þetta. Og mér finnst þetta óþægilegt, og leiðir eiginlega til þess að ég sé mér nú ekki fært að samþykka þetta með þessum hætti.

Nú síðan er það varðandi þjóðkirkjuna. Mér finnst að við eigum að reyna að klára þetta mál, en ekki vísa því inn í framtíðina. En síðan finnst mér líka í þessari grein, sem hér er lögð fram, sé í rauninni gengið miklu lengra heldur en okkur er ætlað. Því að það segir beinlínis, að endurskoða skuli stöðu evangelísk-lútersku kirkjunnar sem þjóðkirkju. En mér finnst vera mikill munur á því, hvort að tiltekið trúfélag njóti sérstakrar stjórnarskrárverndar, eða sé ekki nefnt í stjórnarskrá. Það breytir ekki endilega kirkjuskipaninni í landinu, þó svo að tiltekið trúfélag sé ekki nefnt í stjórnarskránni. Íslenska ríkið getur eftir sem áður í lögum haft nákvæmlega stöðu hvað varðar þjóðkirkjuna. Og það er ekki okkar hlutverk hér, að leggja þá skyldu á herðar löggjafanum, að endurskoða bókstaflega stöðu þjóðkirkjunnar, í lögum. Það er bara ekkert okkar mál. Það er málefni Alþingis. Þannig að mér finnst þetta þjóðkirkjuákvæði engan veginn ganga upp, því að við verðum að gera þennan greinarmun, á annars vegar stjórnarskrárverndinni og hins vegar kirkjuskipan í landinu, sem er einungis lauslega tengt. En það finnst mér ekki ganga upp. Og að lokum vil ég árétta það sem ég hef áður sagt. Og ætli ég bregði mér hér ekki í hlutverk málsvara andskotans, af því að þetta þykir nú óvinsælt. En mér finnst 20. gr. um Bann við herskyldu, þar sem að blátt áfram segir að „herskyldu meg aldrei í lög leiða.“ Mér finnst þetta ákvæði ekki ganga upp. Ég hef sagt það hér áður og það hefur ekki hlotið eina einustu undirtekt, ennþá. En, ég get bara vel séð fyrir mér að það þurfi að lögleiða herskyldu, t.a.m. ef að landið yrði hernumið. Að þá geti bara þurft að gera það. Það er t.d. mikill munur á því að segja að pyntingar má aldrei í lög leiða. Það er aldrei hægt að réttlæta þær, það er alveg rétt. Og það er á öllum tímum, alveg burtséð frá því hvort að land er hernumið eða ekki. En að herskyldu meg aldrei í lög leiða, það er bara allt annað

mál. Þær aðstæður geta komið upp, að það þurfi að gera það, tímabundið. Og mér finnst ekki að við eigum að setja hluti í stjórnarskrá, sem að vel er hægt að sjá fyrir að ríkið neyðist til þess að brjóta. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágæta ráðsfolk, og aðrir – eins og þeir segja alltaf í útvarpinu - sem mál mitt heyrar. Það er nú erfitt að koma hér ofan í þessa eldheitu mannréttindaræðu hennar Freyju og mér varð hugsað til þess að eiginlega ætti að senda hana í heimsreiðu sem, svona, mannréttindasendiherra ... eins og gert er í ýmsu öðru. Og mikið lifandi skelfing yrði hún ekki bara góður fulltrúi sjálfrar og sinna hópa, heldur bara mannkynsins alls. Takk fyrir, Freyja. Nú varð ég bara allt í einu klökk, ég held ég verði bara að slökkva ... . Jæja, ég jafna mig. Ég ætla aðeins að bara, það er svona umhugsunarefni þetta að lifa með mannlegri reisn. Hver er önnur reisn? Þetta er bara svona, eitthvað að spekulera í þessu ... hvort að ... . En, þetta eru nú bara svona heimspekilegar vanga-veltur, hver er hin reisnin. Ég ætla ekki að kvarta yfir lengdinni á þessu plaggi, þó mér finnst hún í rauninni ótrúleg. En ég hef ekki verið í þessum umræum um þennan texta, og átta mig þess vegna ekki á hversu nauðsyn ..., nákvæmlega ..., er nauðsynlegt er að hafa hann. Þannig að ég ætla ekki að gera mig að dómara en mér finnst hann óneitanlega dálítið langur. Og mér finnst hann líka einkennast örlítið af því sem hún Katrín Fjeldsted orðaði í gær, svona flötu lagamáli, en það getur vel verið að sé bara nauðsynlegt. Því það virðist vera að það þurfi sér mál til þess að lögfræðingar geti túlkað. Og það er að öll mannleg hegðun verði víst að enda fyrir dómstólum. Ég náttúrulega, eins og Freyja, hrökk við, við þessi orð hans Þorkels áðan. Og var nú að hugsa um að sýna þann þroska að vera bara ekkert að láta þetta fara í taugarnar á mér, og minnst ekki á þetta. En ég get samt ekki stillt mig. Enda ætti maður aldrei að stilla sig, þegar manni er misboðið. Það er ástæða fyrir þessari upptalningu. Og hún er af illri nauðsyn. Vegna biturrar reynslu, allra þeirra sem að búa við mismunun af einhverju tagi. Ég efast ekki um að flestir hér inni og flestir í íslensku samfélagi, taki heilshugar undir, að það beri að stunda jafnrétti í öllu tillit. Ég efast ekki um það.

En nú ætla ég að gera eins og karlkyns ráðsfélagar mínir gera gjarnan, nú ætla ég að vitna í skáldskapinn. Ég ætla að kalla karlmann mér til vitnis um það sem ég ætla að segja núna. Og því miður þá get ég ekki vitnað til konu, vegna þess að þær fengu nú ekki að læra að lesa í aldir, svoleiðis að það er nú lítið um tilvitnunar-möguleika þar, fyrr en á síðustu öld. En, ég ætla að vitna í sjálfan jöfurinn William Shakespeare, sem að orðaði eiginlega allt sem hægt er um margbreytileik mannlífisins. Og ég held að enginn hvorki fyrr né síðar, Freud innifalinn, hafi haft annan eins skilning á mannlegri náttúru eins og þessi maður. Hvernig hann öðlaðist þetta veit ég ekki, hvort að þetta er guðsgjöf eða hvað, ég get ekki skýrt það frekar en nokkur annar. Þessar fáu einstaklingar sem njóta snilligáfu. Allavega var hann langt á undan Sigmund og kó. Hann, og nú ætla ég að ...

AM?  
Varlega, varlega.

ÞÞ  
Ég bara skal standa við það, hvar sem er. Varðandi þetta með jafnréttið og að við teljum við okkur öll jafnréttissinna, þá ætla ég að taka mér orð hans í munn, sem hljóða svo, í þýðingu Helga Hálfánarsonar: „Vor ásetningur er vors hugarþý, mjög ólmt á fót en dofnar skjótt úr því.“ Það er nefnilega mjög mikið þannig í jafnréttismálum, af hverju tagi sem þau eru. Og þau eru auðvitað margvísleg. Eins og ykkur er sjálfsgagt kunnugt, er mér hugleiknust sú jafnréttisbarátta sem að snýr að jafnrétti kynjanna, og það eru auðvitað allir hópar, aðrir, með einhverjum hætti tilheyra þessum tveim hópum, konum og köllum, þó að það væri undarlega sagt hér einhvern tíma fyrr í vetur, ... aðrir hópar. Mér var aldrei ljóst hverjir það voru, enda var það tekið út. Það er sum sé, og það er nefnilega þetta með sko, að þetta er tilgreint og talið upp svona vendilega hér í byrjun, en það er nefnilega þetta með „mjög ólmt á fót og dofnar skjótt úr því.“ Það dofnar nefnilega eftir því sem líður á þetta plagg, jafnréttisáherslan. Hún er tíunduð í upphafi en svo verður einhvern veginn minna úr og í staðinn fara að koma almenn orð, eins og lýðræði, sem hefur sáralitla merkingu, nema það sé skilgreint. Það hefur álíka mikla þunga merkingu eins og sammannlegt sem er ákaflega vinsælt orð til þess að slétta út andstæður. Sammannlegt heitir það þá, og það veit maður nú ekki hvað er. Enda er það oftast til þess að koma í veg fyrir að fólk sé að tala um eitt-hvað sérmanlegt. Ein ástæðan fyrir ... ein afleiðingin af þessari upptalningu er, m.a., birtist, svo ég sé nú ekki bara að gagnrýna, hérna í kaflanum um mannhelgi, þar sem að þykir ástæða til þess að nefna sérstaklega kynferðisofbeldi. Og við erum nú minnt á það rækilega þessa dagana, hvað mikil þörf er fyrir stjórnarskrábundin ákvæði um þá niðslu sem felst í þessu kynferðislega ofbeldi sem búið er að liggja falið í samfélögunum um aldaraðir, og er fyrst núna að koma upp. Næstu grein, friðhelgi einkalífsins, það mætti auðvitað segja ýmislegt um það, hvernig t.d. það er notað, og hefur verið notað til þess að halda hlífiskyldi yfir ofbeldismönnum. Nú, sem betur fer hefur verið ráðin bót á því með nokkrum hætti, þ.e.a.s. að það er hægt að fjarlægja ofbeldismenn af heimili sínu, þannig að það er búið að brjóta þá friðhelgi einkalífs og heimilis. En þetta ákvæði hefur svo sannarlega verið notað, gegn konum og börnum sem búa við ofbeldi og yfirgang.

Í kaflanum er réttur barna og mér finnst sko, mjög til bóta að hann skuli styrktur. En mér finnst vanta þarna ennþá þarna ákvæði sem að skipta, að mér finnst, ákaflega miklu máli varðandi börn, og það er réttur til þess að, eða nauðsyn þess að verja þau fyrir mjög ofbeldisfullu áreiti. Og ég vil nefna áreiti í fjölmiðlum eins og auglýsingar, sem oft á tíðum eru mjög móandi, og færa börnum þau skilaboð að gæfa í lífinu sé fólgin í leikföngum og íspinnum, að ég tala nú ekki um ofbeldi, og að maður minnst nú ekki á klámið. Við höfum engin ákvæði sem vernda börn fyrir ofbeldisfullri áreitni. Og mér finnst það vera skylda okkar að sjá til þess að svo sé. Aftur duga engin almenn ákvæði, þau duga ekki, þau verða að vera sértæk. Og þetta er m.a. orðað í fjölmiðlalögum, þá er þetta beinlínis orðað, að

fjölmiðlum beri o.s.frv. og síðan er upptalning hvernig beri að vernda börn. Og mér finnst full ástæða til þess að eitthvað af því sé tekið inn í stjórnarskrána og hef reyndar þegar sent einhverjum tillögum, svona, aðeins sem lúta að þessu. En ég hvet til þess að við tökum þessa umræðu um vernd, líkamlega og andlega vernd barna gegn framsetningu, eins og ég segi, ofbeldisfullar áreitni.

Tjáningarfrelsið, og hann Andrés minntist á, og það alveg með fullum rétti, á eignarhald á fjölmiðlum, og ekki ætla ég að mæla gegn því að það skipti máli. En sínum augum lítur hver á silfrið og það kemur nú enn og aftur þannig, að eignarhald hefur ekki breytt, og breytir engu um birtingarmynd kynjanna í fjölmiðlum. Eignarhald skiptir þar engu máli. Þar eru allir jafnir í mismunum. Og þess vegna ítreka ég það sem ég sagði hér um daginn, mér finnst að það eigi, varðandi tjáningarfrelsi og upplýsingarfrelsi eða fjölmiðla, hvar svo sem þetta á best heima, þá beri að ítreka ábyrgð jafnt og frelsi. Og sú ábyrgð lúti að mannréttindum, lýðræði og jafnrétti. Og enn og aftur, ekkert almennt þar um.

Trúfrelsi, ég hef sko, ég hef engu við það að bæta sem að þessi viturlegu orð Arnfríðar hér áðan og ætla bara ekki að segja orð um það meir, þar mælir manneskja sem veit miklu meir en ég og setti það fram með þeim hætti, að það er best bara að láta það ... hennar nægja þar. Ég hef þó þá athugasemd að ég, eins og Andrés, hef athugasemd við þetta lífsskoðunar. Mér finnst einhvern veginn að því skuli hleypt inn í stjórnarskrá, án nokkurrar skýringar, mér finnst það geta orkað tvímælis, því lífsskoðanir geta verið margar og mismunandi. Og þær eiga ekki allar jafnmikinn rétt á sér til úbreiðslu og stuðnings eða stjórnarskrárverndunar. Ég ætla rétt að gera hér einmitt aftur athugasemd við 23. gr., bara í þessum í sama dúr. Þar segir, „alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur.“ Ég kysi að svona væri bara orðað skýrar. „Vitund um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti“ til dæmis. Við verðum að fara að kveða fastar að í þessum málum. Í 24. kaflanum um atvinnufrelsi. Nú ætla ég að biðja afsökunar, ég sé að þarna er búið að ... fyrirgefið þið, ég var bara einhvern veginn að lesa, þið vitið, allt í einu var ég að lesa mið ... en ekki tillögu, ég bið afsökunar. Og ég ætlaði einmitt að fara að lýsa eftir hvíld, orlof og frítíma og ég fagna því mjög að þetta skuli komið inn, bara, ég þakka sérstaklega fyrir. Ég hef gert þetta að umræðuefni áður. Mér dettur ekki í hug að þetta sé gert fyrir mig persónulega, hvarflar ekki að mér. En ég hef gert hér að umræðuefni hversu mikið samfélagsmein, og ég myndi líka flokka það undir ofbeldi gegn börnum, hvað hér er langur vinnutími og mikil vinnudýrkun. En takk fyrir þetta, alveg sérstaklega.

Svo er það eignarrétturinn, það er nú bara svona gaman að aðeins að spekulera í honum. Hann eins og friðhelgi einkalífsins hefur nú verið notaður í misjöfnum tilgangi. Og oftast en ekki til að vernda rétt þeirra sem að sterkir eru fyrir. Og þau verðmæti sem þjóðin skapar teljast ekki, flokkast ekki, við öðlast ekki, eða þjóðin öðlast engan eignarrétt. Það er einungis eignir sem þú hefur með einhverjum hætti fjárfest í eða erft sem að þarna eru virtar. Við getum bara tekið kvótann sem dæmi, sem allt í einu var farinn að njóta friðhelgi eignarréttar, vegna hefðar, með einhvers konar hefðarétt að þarna leiðarljósi. En sem betur fer er nú verið

að eitthvað verið að taka á þessu og ekki ber að, ekki á að vanmeta það. Aðeins svona til gamans í lokin. Hann Andrés, ég bara geri ekki annað en að vitna í hann, þess vegna settist ég við hliðina á honum. Hann minntist hér á áðan, þegar hann var að tala um eignarrétt, hvernig í Noregi hefði almenningi verið boðin þátttaka eða aðild að því að kaupa og eiga, þá væntanlega norska landssímann, er það ekki, já. Í þessu kannski er dálítið, gæti verið dálítið skemmtilegt dæmi um mjög afgerandi mun, kannski þroskamun á Íslendingum og Norðmönnum, því að á Íslandi var þetta nefnilega atriði í áramótaskaupi, og þótti afskaplega fyndið þegar einhver aulalegur strákur, mig minnir að hann Siggi Sigurjóns hafi leikið hans, gekk hús úr húsi, bankaði upp og bauð hlutabréf í Landssímanum til sölu, ha ha ha. Það þótti ekkert fyndið í Noregi. Takk fyrir.

SN

Það eru nokkrir enn eftir á mælendaskrá, en við myndum gjarnan vilja ljúka þessari umræðu áður en við tökum hádegishlé. Þannig að ég bið þá sem eftir eru að hafa það í huga. Katrín Fjeldsted, þú ert næst. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, formaður. Það er erfitt að koma á eftir þessum fljúgandi mælskuræðum Þórhildar og Freyju, á undan. Og ég ætla að byrja á að taka undir orð Þórhildar, hvað varðar sendifulltrúaverkefni fyrir Freyju, sem gæti gert gagn á heimsvísu. En hvað varðar tillögur A-nefndar, þá er ég bara með örfáa punkta sem mig langar að nefna. Umræðan um að nota orðalagið „Öll erum við jöfn fyrir lögum, öll skulum við njóta friðhelgi, öll skulum við njóta mannhelgi“, truflar mig líka svolítið. En mér datt í hug að það væri kannski hægt að skrifa þetta öðruvísi, eins og í 5. greininni um friðhelgi, að það mætti segja: „friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal virt.“ Þá afkynjar maður setninguna, hvort ekki megi huga að hlutlausari orðalagi, en ég veit að A-nefnd hefur lagt sig í líma við að reyna að koma með góðar lausnir. Og ég ætla ekki að gera lítið úr því. Það eru ýmis efnisatriði sem mig langar líka að drepa á. Í yfirferð á greinunum þurfti ég að spyrja formanninn hvar skoðanafrelsið væri, en hún benti mér á að það væri undir tjáningarfrelsi í 7. gr. Og gott og vel, orðið skoðanafrelsi er kannski eitthvað sem að mér er tamara en tjáningarfrelsi, ef að menn telji að það innifeli skoðanafrelsi, þá felst ég auðvitað á það. Þá er ég komin að kafla XI, sem er um trúfrelsi. Og ég tek undir með Andrési og Þórhildi og kannski fleirum sem hafa hnotið um orðið lífsskoðunarfélög og lífsskoðun. Það var tekið sem dæmi og Andrés nefndi reyndar að það væru til félög sem að hefðu einhvers konar hatursboðskap að sínu markmiði og verkefni. Og ég dreg í efa að það sé nauðsynlegt að stórnvöld eigi að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, frekar en önnur félög á Íslandi. Það „eigi öllum að vera frjálst að iðka trú einslega eða í samfélagi með öðrum,“ eins og stendur hér. En það á líka að vera öllum frjálst að iðka enga trú, og ég sé ekki að trúleysingar njóti þá sömu verndar stjórnvalda og aðrir. Þannig að mér finnst kannski eðlilegt að endurskoða þetta orðalag og ganga ekki útfrá því að það vilji allir láta ríkisvaldið vernda sig. Mér finnst að fólk eigi að eiga rétt til trúar eða trúleysis, og það eigi ekki að koma stjórnvöldum við.

Ég velti fyrir mér í núgildandi stjórnarskrá orðalagi í 64. gr., sem ekki hefur haldið velli, og er ekki inni í núverandi tillögum, en það er um að enginn sé skyldugur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags, en það er líka sagt að sá sem er utan trúfélaga skuli greiða gjöld til Háskóla Íslands. Þessi grein er farin út og það væri gaman að heyra hvort umræða hefði verið um hana, inni í nefndinni. Ég er ekki að segja að ég sé þeirrar skoðunar að þetta þurfi að standa, en þetta hefur allavega skipt talsverðu máli fyrir Háskólann, þó það sé, það eigi ekki að fjármagna háskóla á þann hátt, í raun. En mig langar að heyra frá formanni nefndarinnar um það á eftir, þegar hún fer yfir athugasemdirnar. Nú þá er komið að þjóðkirkjunni. Eiríkur Bergmann lýsti þeirri skoðun sinni að það væri ekki eðlilegt að þjóðkirkjan væri með þessa stjórnarskrárvernd, og ég tek undir það. Á sama hátt og hann skilmerkilega sagði hér áðan, þá lít ég heldur ekki á það sem einhverja afstöðu til þess hver kirkjuskipan er á Íslandi. Mér finnst það bara allt annað mál. Og mér finnst eðlilegt að grein um þjóðkirkju sé ekki inni í stjórnarskrá. Þó að ég geti alveg fallist á það, ef meirihluti þjóðarinnar vilji hafa evangelísk-lútersku kirkjuna sem þjóðkirkju á Íslandi, þá eigi það að sjálf-sögðu að vera í lögum. En hvaða hlutfall almennings á að vera í evangelísk-lútersku kirkjunni til þess að það sé eðlilegt að hún sé með sérstaka stjórnarskrárvernd? Ef fjöldinn innan þjóðkirkjunnar fer minnkandi, og fer niður í, ég veit ekki hver hlutfallstalan er núna, en segjum að hann fari niður fyrir helming þjóðarinnar, er þá ástæða til að halda stjórnarskrárgrein inni um þjóðkirkjuna? Þetta er bara til umhugsunar. Ég er sem sagt ekki að taka neina afstöðu til kirkjunnar sem þjóðkirkju, en finnst mjög óæskilegt að hafa ákvæði um hana, sérstaklega, inni í stjórnarskrá, af því að ég styð trúfrelsi og skoðanafrelsi fólks.

Nú í fundarfrelsi, sem er 14. gr. Í núgildandi stjórnarskrá segir að banna megi mannfundi undir berum himni ef uggvænt þyki að af þeim leiði óspektir. Ég er mjög ánægð með að þetta sé ekki lengur í tillögunum. Menn eiga rétt á að safnast saman vopnlausir. Lög-reglunni er heimilt að vera við almennar samkomur. Ég hef orðað það svo að borgaraleg óhlýðni verði að vera ..., ja, ekki leyfileg, því að óhlýðni nátturlega er ekki hægt að skilgreina í stjórnarskrá. En borgaraleg óhlýðni er kölluð á ensku „civil disobedience“ og hefur víða um heim orðið til þess að hnekkja einræðisstjórnnum og harðstjórnnum og orðalag í stjórnarskrá okkar um fundafrelsi þarf auðvitað að gera ráð fyrir því, fólk geti tjáð hug sinn og hafi til þess fullt svigrúm og frelsi. Nú þetta held ég að ég láti nægja, í bili. Ja, kannski við 20. gr. um Bann við herskyldu. Ég er alveg sammála því að þetta orðalag er, kannski ekki nægilegt, kannski ekki réttu orðin. Við viljum vera friðelskandi þjóð. Við viljum ekki fara með stríði á hendur öðrum þjóðum. En í neyð, ef á landið er ráðist, þá veit ég ekki hvernig menn myndu leysa varnir Íslands, ef þetta orðalag helst. Ég vil auðvitað engan her hafa, engan vígbúnað og frið. Ég vil bara hafa frið milli fólks en maður þarf að velta fyrir sér neyðartilvikum í framtíðinni, þegar orðalag er ákveðið. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason, þú ert næstur. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Takk fyrir góða vinnu að vanda og fina framsögu Silja Bára.

Fyrst langar mig að taka undir með Þórhildi varðandi viðbrögð við ræðu Freyju, sem að var mjög þörf ádrepa, eins og oft áður. Mig langar þó að segja vegna ábendingar Þórhildar seinna í ræðunni um að útfæra eigi vernd fyrir börn í stjórnarskránni, það má ekki ganga of langt, held ég, í löggjafarmálefnum í stjórnarskránni. Ég hef nú sjálfur látið það til mín taka að leitast við að sporna við markaðssókn sem að beinist að börnum. En slíkt á að mínu mati heima í tilmælum eða almennum lögum, en ekki kannski í stjórnarskrá, af því að það er þá útfærsla á þessari vernd sem að börn eiga rétt á, skv. stjórnarskránni. Og þetta er svona almenn hugsun sem að við þurfum að huga að, að útfæra ekki allt sem löggjafinn er kannski færari um í stjórnarskránni. Nú þá langar mig að taka undir með Erlingi og hans ábendingar, sem að Katrín Oddsdóttir tók nú líka undir, að miklu leyti, um orðalag og annað. Hér finnst mér margt til bóta. Og mig langar fyrst að nefna það sem mér finnst stærsta viðbótin og besta. Það er þriðji liðurinn um svokölluð lárétta vernd mannréttinda, sem að stundum er kallað líka þriðja manns réttindi. Ég held það megi vegna athugasemda Pawels og undirtekta Katrínar Oddsdóttur, reyndar takmarka þetta kannski við það sem að teljast nú elstu mannréttindin og eru stundum kölluð frelsisréttindi, að það er fyrst og fremst þau sem að þarf að tryggja á láréttan hátt, þannig að menn eigi rétt á frelsi gagnvart íhlutun lögaðila og sterkra fyrirtækja og jafnvel einstaklinga, rétt eins og gagnvart kónginum eða ríkinu, sem var stærsta ógnin fyrr á öldum. En ég hef áður í ráðinu vakið athygli á því að kannski er stærsta ógnin sem beinist að borgurunum í dag, það eru sterk fyrirtæki og hagsmunaaðilar. Þannig að þetta er góð viðbót, en mætti kannski árétta að þetta á ekki við um svokölluð pósitíf mannréttindi. Menn geta síður krafði réttar síns frá öðrum en ríkinu eða öðrum en opinberum aðilum. Sem dæmi má nefna eru 4 um mannhelgi, og ákvæði 5 um friðhelgi einkalífs, og 7 um tjáningarfrelsi og síðan 24 og 26 um atvinnufrelsi og eignarétt. Þetta eru svokölluð frelsisréttindi, sem að upphaflega var talið ástæða til þess að vernda fólk fyrir ásælni ríkisvaldsins. En þetta eru réttindi sem að ekki er síður ógnað af lögaðilum eða einkaaðilum, ekki síst sterkum fyrirtækjum.

Nú, aðeins fleira varðandi þessa grein. Það er talað hérna um síaukna vernd mannréttinda. Ég hugsa það sé nú óþarfi vegna þess sem að Pawel og fleiri nefndu, að sko setja inn í ákvæðið sjálft að þetta skuli gert eftir föngum. Dómstólar hafa, bæði á Íslandi og t.d. í Danmörku, skýrt svona miðað við aðstæður hverju sinni, þ.á m. fjárhagsástæður. Þannig að ég treysti því nú að dómstólar fari ekki taka sér meira vald en þeim er ætlað, þ.e.a.s. þeir fara nú varla að útfæra fjárlög eða fjárveitingar í miklum mæli. En Öryrkjamálið frá árinu 2000 er samt gott dæmi um að okkar eigin Hæstiréttur getur sýnt réttisýn í því að veita svona mannréttindaákvæðum ákveðið inntak. En engu að síður er það rétt hjá Pawel, að þessi ákvæði sem við erum hérna að leggja til og fjalla um, og í tengslum við það hlutverk Hæstaréttar sem að ég hef talað mikið fyrir og er nú inni í áfangaskjali, að hann geti dæmt um lögspurningar sem að tilteknir aðilar spyrja um. Að þetta

mun auðvitað geta valdið því að einhver völd eða vettvangur færast frá hinum pólitíska vettvangi, inn í dóm-sali. Og það er ekkert alvont. Þetta er ekki hugsað sem atvinnubótavinna fyrir lögmenn, heldur er þetta bara eðlilegt aðhald að lýðræðislega kjörnum meirihluta, hverju sinni, að það sé tekist á um grundvallaratriði fyrir dómi. Það þarf ekkert endilega að kalla þrætur eða þras. Oft hafa dómstólar, t.d. í Bandaríkjunum, og hérna, eins og Öryrkjamálið er dæmi um, þeir hafa verið, ja, brjóstvörn eða leið til þess að ná fram rétti fólks, sem að lýðræðislegur meirihluti á hverjum tíma, neitaði um. Og til þess eru nú mannréttindi. Og til þess höfum við þá ríku hefð á Íslandi að dómstólar geta dæmt um stjórnskipulegt gildi laga.

Nú aðeins um önnur ákvæði. Eins og Þórhildur kom ágætlega inn á, þá er jafnræðisreglan ... ég er sammála henni að það er ekki hægt að setja punkt, eins og sumir vilja, á eftir fyrsta málsliðnum, eða fyrstu setningunni. Og það er ástæða fyrir því, bara hrein lögfræðileg ástæða, að þegar menn telja upp þessi atriði, sem að ekki mismuna eftir, þá er það um leið orðin ólögmet mismunum. Það er hins vegar heimilt að mismuna t.d. vegna hæfileika, það er ekki talið upp. Það má mismuna fólki eftir hæfileikum. Og við erum m.a.s. búin að setja annars staðar í skjalið, skyldu til þess. Það á að ræða eftir hæfileikum, ekki flokkstengslum t.d., í opinber störf. Þannig að verðleikaákvæði heimila mismunun vegna hæfileika. Þetta var um 2. greina. Nú, vegna þessa, já varðandi 5. greinina um friðhelgi einkalífs, mér fannst ágætis tillaga frá Katrínu að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal virt, eins og læknerinn orðaði það, að afkynja þetta. Mér finnst hins vegar, það mætti vera víðar[a], að taka út þetta: „Öll skulum við“ eða „öll eigum við“. Mér fannst þetta fara vel í jafnræðisákvæðinu, en síður víða annars staðar. Nú Katrín spurði líka um skoðanafrelsi, það er nefnt sérstaklega í tjáningarfrelsisákvæðinu: „Öll erum við frjáls skoðana okkar“ eins og það er orðað þarna. Nú síðan um þjóðkirkjuna. Ég vil minna á ágæta tillögu Pawels á fundi hér í ráðinu 3. júní, 11. fundi Stjórnlagaráðs. Ég held að hún leysi flest vandamálin, hún felur í sér að við erum ekki að varpa vandanum frá okkur, en við erum samt ekki að taka á honum þannig að það þurfi að ráðast í grundvallarbreytingar strax. Tillaga Pawels var, að í þjóðkirkjuákvæðinu stæði: „Í lögum má kveða á um stöðu, stjórn og starfshætti hinnar evangelísk-lútersku þjóðkirkju.“ Við þetta vildi ég reyndar bæta að þegar það sé síðan gert, þannig að stöðu þjóðkirkjunnar sé breytt, þá fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla, eins og ég tel nú að þjóðin eigi, allavega pólitískan rétt á. En með þessu væri stjórnarskrárvernd þjóðkirkjunnar afnumin að lögum, sem sagt de jure væri eins og sagt er, þá væri stöðu þjóðkirkjunnar breytt, en de facto, í raun væri henni ekki breytt fyrir en Alþingi ákvæði það. Og þetta held ég að samræmi sjónarmið flestra í þjóðfélaginu. Af því að ég held það sé nú stór hópur sem er svona, kannski ekki mjög heitur í þessu máli, en mun samt taka afstöðu þegar á við. Og ef að menn eru hræddir um að Alþingi muni ekki gera þetta innan tíðar, að breyta stöðu þjóðkirkjunnar, þá erum við með tillögur hér, enn inni í áfangaskjali, að ég hygg, að að 10% þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðis, geti tekið frumkvæði í málinu. Og þá er þetta vel leyst, þ.e.a.s. breyta stöðu þjóðkirkjunnar lagalega en ekki í raun fyrr en Alþingi eða þjóðin biður um það, eða ákveður það.



Nú aðeins langar mig að minna á í 18. gr. að það kemur fram í greinargerð að það eigi eftir að ræða efnislega betur um refsíákvæðið, en ég vil endilega að fullkomin lögjöfnun haldist þar inni, eins og ég hef bent á áður.

Nú, Eiríkur og Katrín og fleiri hafa nefnd her-skylduna. Mér finnst þetta góð málamiðlun. Sem gamall hernaðarandstæðingur vildi ég auðvitað gjarnan ganga lengra, en ef að svo illa færi að á okkur yrði ráðist aftur, þ.e.a.s. það er búið að taka hér völdin með ófriðlegum hætti þrisvar snum á rúmum þremur öldum, fyrst var árás gerð á Vestmannaeyjar í því sem að ranglega er nefnt Tyrkjaránið. Síðan var það þegar Jörundur Hundadagakonungur tók hér völd með valdhætti og einhverjum vopnum, og síðan hernámu Bretar okkur 1940. Þetta getur gerst aftur þó að við væntum þess kannski ekki og sé ekki mjög líklegt. Og þá eru bestu viðbrögðin, fyrir utan kannski að gefast upp, ef að menn vilja taka til varna þá gera þeir það, með sjálfboðaliðaher. Og herskylda takmarkar þetta ekki. Þannig að það er ekkert óraunsæi í þetta. Þetta er líka besti herinn að mati herfræðinga, það er ekki skylduher heldur sjálfboðaliða- og atvinnuher. En þetta er nú svona frekar óraunhæft, sem betur fer. Nú aðeins varðandi ákvæði um eignarrétt, það finnst mér góð breyting að nú er talað um að eignarrétti fylgi skyldur og það er þá í eðli sínu, án þess að sérstök ákvörðun sé tekin um það. Og síðan getur löggjafinn ákveðið sérstakar takmarkanir, með lögum. Þetta finnst mér góð breyting, það þarf sem sagt ekki að taka sértaka ákvörðun um það með lögum, hvort að eignarrétti fylgi skyldur. Og þetta mætti kannski vera víðar, að réttindum fylgdu skyldur. Og að síðustu vil ég fagna því að það er aðeins dregið úr þeirri vernd, því stjórnskipulega gildi sem að mannréttindasáttmálar fá. Það þarf að taka sérstaka ákvörðun um það núna, af löggjafanum, en er ekki stjórnarskrárbundið að það sé sjálfkrafa, það er í ákvæði 32. Og aftur takk fyrir góða vinnu og góða umræðu.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar tala hér um fjórar greinar, byrja á 11. greininni um trúfrelsi. Katrín Fjeldsted lét þess getið hérna áðan að sér fyndist óþarfi að hafa inni að stjórnvöldum bæri að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Mér skilst á lagaprófessor að á þessu ákvæði byggist innheimta sóknargjalda sem tryggir rekstur trúfélaganna, og með því að jafna stöðu þeirra sem ekki trúa, þá var lífsskoðunarfélagunum bætt þarna inn í. Aðeins meira um þetta sem Katrín sagði varðandi Háskóla Íslands. Það er nú þegar farið út úr lögum, þeir standa utan trúfélaga, þeir greiða ekki gjald til Háskóla Íslands, heldur rennur það í ríkissjóð, og það hefur farið fram heilmikil umræða um hvort það sé ekki hægt að koma því þá þannig við, að þeir sem kjósa að standa utan trúfélaga, að þeir eigi þá kost á að láta sitt gjald renna til góðgerðasamtaka. En Andrés vildi koma hérna inn fyrir einhverjum dögum eða vikum þetta með lífsskoðunarfélög, að stjórnvöldum bæri að vernda skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög sem miða að umburðalyndi. Lagaprófessor benti okkur á að, hver ætlar að meta

hvað umburðalyndi er? Múslimar eru t.d. ekki mjög umburðarlyndir að því leyti að þeir mega ekki breyta um trú, en það kemur inn í 1. greininni að við höfum rétt til þess að breyta um trú. Og síðan var síðustu setningu bætt inn, til þess að mæta þessu með lífsskoðunarfélögin eða trúfélög og lífsskoðunarfélög, „frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðisþjóðfélagi.“ Að þetta á að takmarka, sem sagt, það að Hells Angels eða einhverjir, geti ekki stofnað hvaða félag sem er.

En varðandi 12. greinina um þjóðkirkjuna. Þessi tillaga okkar er tilraun til þess að klára málið. Ég sagði frá því í nefndinni að ég hitti konu um síðustu helgi sem sagði mér, að ef það ætti að kjósa um þjóðkirkju-ákvæðið á sama tíma og það yrði kosið um stjórnarskrána, þá myndi hún fella stjórnarskrána, vegna þess að hún gæti ekki samþykkt stjórnarskrá sem hún vissi ekki hvað í stæði. Og þá sko, skiptir það engu máli hvort hún er með eða á móti kirkjunni. Hún sagði bara, þegar ég kys um stjórnarskrá, þá vil ég ekki hafa einhverja undankomu, eitthvað loðið, eitthvað sem ég veit ekki hvort ég er að samþykkja eða ekki. Þannig að þess vegna ákváðum við að við yrðum líklega bara að taka slaginn og ákveða hvaða lendingu þetta mál fengi. Ég tek undir tillögu Gísla og Pawels um að í lögum megi kveða á um þjóðkirkjuna. Og ég velti því reyndar líka fyrir mér, ef það er það rétt sem Arnfríður segir, og hún hefur nú stundum vitnað í rannsóknir, að 21. öldin verði öld endurkomu trúarbragðanna, það verði meira um það að fólk verði trúað, heldur en hefur verið á síðustu áratugum, að þá þá finnst mér líka alveg spurning, og myndi styðja það, að við hefðum inni að við værum kristin þjóð. Við vitum hvert siðferði kristinnar er, en við höfum ekki hugmynd um hvað tæki völdin. Og ég held að í þessu máli sem öðrum, að þá þurfum við að hafa vaðið fyrir neðan okkur, já og vita á hverju í rauninni á hverju við byggjum, jafnvel þó svo að öllum sé frjálst að stofna sín trúfélög um hvað sem er. En þetta náttúrlega byggir ég að sjálfsögðu á því að ég er kristin, og ég vil bara vita fyrir hvað við stöndum. En við erum ekki öll sammála um þetta, í nefndinni.

Tvær greinar í viðbót. Grein 22 um heilbrigðisþjónustuna, við höfum nú verið í stappi með hana. Og ég vil þakka fyrir allar athugasemdirnar, sem hafa komið. Eins og þetta þegar Pawel segir, að öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, videigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu, já og fyrri parturinn líka. Þýðir þýðir þetta ókeypis lyf? Mér finnst þetta góður punktur, vegna þess að það er ekki það sem við ætlumst til með þessari grein. Og við þurfum í rauninni að fá bara lögfræðiálit fyrir hvað, eða á hvað við erum að opna. Vegna þess að það er fordæmi fyrir því í íslensku þjóðfélagi, að læknum hafi verið bannað að ávísa lyfjum, nema að tryggja að sjúklingarnir fengju lyfin. Þannig var það fyrir mörgum áratugum þegar af minn var læknir, þá mátti hann ekki segja sjúklingi, að hann yrði að taka eitthvað lyf, nema tryggja það um leið að hann hefði efni á að kaupa lyfið. Og þetta setti nú fjárhag hans talsvert úr skorðum. En sem betur fer var þessu breytt. ... Þannig að það hefur ekki verið hugsunin að allt verði ókeypis. Og ein grein í viðbót, það er grein 25. Það hafa komið athugasemdir varðandi orðið „barneigna.“ Við viljum tryggja í lögum rétt til almannatrygginga o.s.frv. Þeir sem fara í alls-

konar, já tæknifrjóvganir og glasafirjóvganir, þeir þurfa að borga allt mögulegt, eða heilmikið fyrir það. Ég velti fyrir mér, ef við viljum, sem sagt, loka fyrir það að það sé hægt að túlka þetta einhvern veginn eins og við ætlumst ekki til að það sé túlkað, þá velti ég fyrir mér hvort það megi ekki segja þarna bara, „fæðingarorlofs.“ Segja bara það sem við meinum, þannig að við séum ekki að opna fyrir eitthvað sem við ætlumst ekki til að sé verið að opna á. En ég hef lokið máli mínu.

SN  
Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel. Og ýta fast og oft [á hljóðnema].

ÞG  
Virðulegi formaður, góðir félagar. Ég skal vera mjög stuttur. Sko, mannréttindahugsun hefur tekið miklum framförum síðustu ár. Það er því engin tilviljun að nýjasti kaflinn í gildandi stjórnarskrá um mannréttindi frá 1995, er að taka talsverðum breytingum í okkar höndum. Ég þakka félögum okkar úr hinum nefndunum, mjög, fyrir góðar og gagnlegar athugasemdir og ábendingar sem við munum að sjálfsgöðu fara vandlega yfir. Mig langar að bara benda á það að við reynum að halda okkur miðsvæðis. Þeir sem biðja okkur að taka upp strokleðrið, þurfa að hugsa um það, að 2009 samþykkti Evrópusambandið réttindaskrá, sem er bindandi fyrir 27 aðildarlönd sambandsins, og sem er miklu margorðaðri um þau mannréttindi sem að við tiltökum í okkar tillögum. Okkar tillögur eru keimlíkari mannréttindasáttmála Evrópu, en hann er eldra skjal, og gengur skemmra en réttindaskrá Evrópusambandsins frá 2009. Og þarna reynum við að fara bil beggja og það gerum við af ráðnum hug. Ég ítreka þakkar mínar til ykkar allra.

SN  
Nú, þá er umræðu lokið um tillögur A-nefndar og ég gef formanni nefndarinnar, Silju Báru, orðið til að taka saman umræðuna og bregðast við. Gjörðu svo vel, Silja.

SBÓ  
Já, formaður og kærur félagar og gestir. Ég ætla að reyna að stikla á stóru og bara, þið vitið vonandi öll að það eru teknir niður punktar frá ykkur, þannig að þó að ég snerti ekki á þeim, þá erum við með þetta hjá okkur og förum yfir í nefndinni. Bara, í svona örstuttu máli með jafnræðisregluna, ég get alveg fyllilega tekið undir það að það væri ... mér þætti voða vænt um að búa í samfélagi þar sem allir eru allir. Við erum búin að ræða þetta oft, og umræðan virðist ekki hreyfast mikið, sömu sjónarmiðin koma upp. En mér heyrðist Freyja og Þórhildur og aðrir sem tóku undir með þeim, taka vel á því hversu mikilvægt þetta ákvæði er og hverjar sögulegar forsendur þess eru. Það er aðeins hérna, það var spurning um tungumálið sérstaklega, sem sagt það sem felst í þessu er mismunur gagnvart fólki sem talar annað mál eða mállýsku en sú sem er ráðandi í samfélaginu. Það er ekki verið að tala um að fólk eigi sko, að fá kennslu á sínu tungumáli eða þess háttar. En hérna væri sennilega mest um óbeina mismunur að ræða, að við gerum fólk svolítið ósýnilegt, á Íslandi, sem að talar með hreim t.d. Þetta er fólk sem ekki nýtur kannski aðgengis að upplýsingum og

umræðu á sama hátt og við sem að erum innfædd og tölum svona, lýtalaust þó að við séum oft skömmuð fyrir að sletta. En allaveganna, þá er svona, þetta er kannski bara dæmi um þetta er svona hvernig er talað um útlendinga en ekki við þá í fjölmíðlum. Þannig að það er nú ástæðan fyrir tungumálinu, sérstaklega í ljósi þess ef það á að bæta við ákvæði um að íslenskan verði þjóðtunga eða ríkismál.

Um síauknu verndina, þá vitum við og gerum okkur grein fyrir því að þetta ákvæði er svolítið óljóst, en þetta hefur verið í mikilli umræðu hjá okkur, og ekki bara innan nefndarinnar, heldur svona milli einstaklinga í öðrum nefndum líka. Og það eru margir sem hafa áhuga á því að sjá þessa grein þróast og við bara töldum rétt að setja hana allaveganna út í umræðu, þannig að við færum að fá einhver viðbrögð við henni. Og auðvitað á þetta eftir að taka á sig mynd og kannski á þetta ekki heima inni, en við erum þá allaveganna búin að ræða málið.

Tjáningarfrelsið, það hérna, þessi grein um að sem sagt skapa aðstæður fyrir umræðu. Þetta, eins og ég nefndi í framsögunni, þá sækjum við þetta í norsku stjórnarskrána. Þetta er síðasta mgr. 100. greinar þar. Og þar er þetta talið, sem sagt annars vegar leggja bann við takmörkunum á opinberri umræðu og hins vegar skyldu til þess að skapa og viðhalda innviðum sem stuðla að henni, þ.e.a.s. veita leyfi til útvarpsútsendinga og reka internetið í dag. Þannig að þetta er skylda til þess að skapa einstaklingum tækifæri til skoðanaskipta. Og það er ... núna í Noregi er þetta talið t.d. leggja skyldu á hið opinbera að gera netaðgang opin í bókasöfnum og annars staðar. Það voru ýmsir sem að spurðu um það hvort að við ættum að nefna netið. Það eru margir sem að blanda saman sko, hvað er netið og hvað er vefurinn. Vefurinn getur vel verið horfinn eftir nokkur ár og eitthvað annað komið, en netið er nú sennilega undirliggjandi tækni, sem að mun vera hérna áfram, rétt eins og við erum núna með símakerfi og útvarp, útvarpsútsendingar, þó að þær hafi breyst, formið á þeim hefur breyst, og tæknin, að þá er þetta ennþá sama fyrirbærið. Kannski á þetta nákvæmara orðalag að fara í greinargerð, en allaveganna, við vildum nú hafa þetta inni. Það eru í, ég held Noregi og Finnlandi, veit ég, er búin að skilgreina háhraðatengingu sem mannréttindi. Jú, er ekki Ari þarna? ... skyggir á hann ... Svona af því að Ari nefndi þetta með netið og hægaganginn á því á ýmsum svæðum á landinu, að þá hefur það alveg verið í umræðunni hjá okkur, hvort að þetta sé eitthvað sem að ætti að vera, en við erum meðvitað um takmarkanirnar á.

Það er, sem sagt, þannig að kannski meginpunkturinn í þessu er að það megi ekki svipta fólk aðgengi að netinu, miklu frekar heldur en að það eigi að tryggja háhraðatengingar. Og þetta er nýútkominni skýrslu frá Sameinuðu þjóðanna, er talað um þennan rétt, sem mannréttindi. Þannig að við erum hérna í takt við nýjustu breytingar.

Svo er það friðhelgi einkalífsins sem einhverjir nefndu. Við erum þarna með vissa skerðingu sem er forsenda austurrísku leiðarinnar. Og Þórhildur kom nú og hafði þá bara yfirsést þetta með að það væri búin að setja skorður á tjáningarfrelsi, til verndar börnum, eða sem sagt leyfa það. Þannig að sú athugasemd kannski fellur dauð og ómerk, eða ... það er allaveganna komið, en auðvitað má skoða og styrkja þetta samhengi.

Síðan nefnum við á nokkrum stöðum lýðræðislegt þjóðfélag og auðvitað væri gott að hafa þetta skýrara, að hvað er það sem að felst í lýðræðislegum skyldum, lýðræðislegum réttindum, að ég tek alveg undir það með Þórhildi um að þarna ætti að vera mannréttindi, jafnrétti og þess háttar ákvæði, en við verðum náttúrlega líka að horfa svolítið á styttingarnar. Og þetta með lýðræðislega þjóðfélagið er sótt í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og kemur fyrst í tjáningarfrelsisgreininni.

Nú, trúfrelsið og þjóðkirkjan. Ég held að við gætum eytt öllum okkar tíma í að ræða þetta, ef við kysum að fara þá leið. Við vitum að þetta er umdeilt ákvæði, og okkur í nefndinni fannst við ekki hafa náð að lenda þessari umræðu á síðasta ráðfundi. Það voru ýmsar breytingartillögur meðal annars þessi með að í lögum megi kveða á um, að það sé þjóðkirkja eða þessi tiltekna kirkja sé þjóðkirkja. En það er í raun og veru lagalega staðan, það má breyta kirkjuskipaninni með lögum. Þannig að þetta er ekki endilega sko, nein lausn og ég er ekki alveg sannfærð um að þetta væri það að takast á við vandann, að einhverju leyti, frekar heldur en að setja inn bráðabirgðaákvæðið. En það eru greinilega bara skiptar skoðanir um þetta áfram. Við tókum þetta með endurskoðunina, það er beint upp úr skýrslu stjórnlaganefndar, að endurskoða, sem sagt að setja inn bráðabirgðaákvæði sem er: „endurskoða skal stöðu evangelísk-lútersku þjóðkirkjunnar, sem þjóðkirkju, og skal þeirri endurskoðun hafa lokið innan,“ þau segja 10 ára, og við gerðum „5 ára.“ Þannig að þó ég vilji nú ekki meina að skýrslan eigi að vera okkur einhver algild fyrirmynd, að þá er þetta allaveganna í henni, þannig að hugmyndin er ekki frá okkur komin sem einhver ... að reyna að skjóta vandanum einhvern veginn á frest eða forða okkur undan því að takast á við hann. ... En þarna væri, sem að, ég held að Arnfríður hafi nefnt, þarna væri samfélaginu gefinn tími til þess að takast á við þennan vanda, í nokkur ár. Og þar sem að væri bara skylda á bæði ríkið og kirkjuna um að koma saman í þessa samræðu.

Þetta með trúfrelsið. Þá er, Dögg nefndi það, það er sem sagt búið að breyta með lögum og sýnir nú kannski hvað það er kjánalegt að hafa í stjórnarskrá ákvæði sem að segir að því megi breyta með lögum, að það stendur ennþá í stjórnarskránni að við borgum, sem að viljum standa utan trúfélaga, að við borgum til Háskólans. En við gerum það ekki í raun, við borgum bara í stóra kassann í fjármálaráðuneytinu. En einmitt kannski þess vegna er líka hugmyndin um lífskoðunarfélögin. Og ég veit að fólk er eitthvað ósatt við þetta heiti, en þarna er verið að vísa til veraldlegra lífskoðunarfélaga eða húmanískra félaga og markmiðið er að félög, hvort sem að félagarnir rækta trú á guð í himingum eða guð í sjálfum sér, að þau njóti þessarar sömu verndar. En þá er auðvitað spurningin með þá sem bara standa utan allra félaga, hvort að þeir þá falli utan. Heilsan ... aftur, eins og með síauknu verndina og þriðja manns réttinn, að þar, við vitum að þetta er ennþá svolítið vandasamt, en við höfum fengið samt mjög skýr álit frá lögfræðingum, sérfræðingi á sviðinu, meðal annars, að þessi grein sé í fullu samræmi við núgildandi skuldbindingar og breyti í raun og veru ekki réttarástandi. Félagsleg réttindi, þá komu barneignirnar og það er kannski, maður sér að hvert orð er dýrt. Við fengum

tillögu frá sérfræðingi í efnahagslegum og félagslegum réttindum um að setja þarna inn barnsburð. Okkur þótti það ekki ná til þeirra sem ættleiða, sem að vissulega geta verið í sömu félagslegu stöðu, og þeir sem að fæða börn. Þannig að við féllum frá því. En kannski skapar það einmitt þessa óljósu merkingu varðandi aðstoð við það að búa til barnið. Þannig að við þurfum að skoða þetta betur.

Síðan með alþjóðasamningana, það var nú ekki mikið, en sem sagt, allaveganna heyrst mér vera vilji til þess að taka þessa aðferð upp, að það megi gera alþjóðasamninga, megi veita þeim stjórnarskrárvernd. Fyrri málsgreinin er óbreytt frá, eða sem sagt breytingin er afturhvörf til tillögu stjórnlaganefndar. Hún er orðrétt þaðan en ..., þannig að við svona töldum okkur kannski vera á öruggum grunni með hana, en kannski þarf aðeins að skoða orðalagið. Nú, það var nefnt hérna sko, að það væri mikið verið að tala um réttindi, en kannski minna um skyldur, og ég er nú, svona, gjörn á svolitla forræðishyggju. Þannig að ég er alveg til í að setjast niður með einhverjum og skoða hvar má setja skyldurnar inn. Og kveða skýrt á um það. En það er m.a. skattaákvæði, sem að við í A-nefndinni framseldum til B-nefndar, þannig að það er auðvitað ein af skyldunum sem við berum, er að borga skatta. En þetta er svona, hin hliðin, og það væri ágætt ef að fólk er að lesa þessar greinar, að þá líka að lesa þetta með hugmyndinni um sko, hvaða skyldur eru það sem að við leggjum á herðar einstaklingum, ekki bara ríkinu, með þessum greinum.

Og það var svona, umræða hér og þar í morgun, sem að kom inn á það að það eigi að skera niður frekar en skýra og styrkja. En þarna greinir okkur greinilega bara svolítið á, kannski milli nefnda, og kannski bara milli einstaklinga. En við í A-nefndinni allaveganna, höfum litið svo á að við vildum klára hér vinnu, sem ekki var lokið, þegar að síðustu breytingar voru gerðar á stjórnarskránni, og efnahagsleg og félagsleg réttindi færð inn. Og það hefur verið meðvituð ákvörðun hjá okkur. Við höfum fengið finar, sterkar athugasemdir frá sérfræðingum, og höfum hitt og talað við þá, til að fá útskýringar. Núverandi útfærsla greinanna endurspeglar viðrögd við þeim athugasemdum. Og nokkur ákvæði sem að hér hafa verið gagnrýnd eru búið að fá, í raun og veru, vottun frá sérfræðingum um að þau standist núna, eins og t.d. heilsuákvæðið. En auðvitað eigum við ennþá eftir að lenda, með ýms ákvæði, og við þurfum að, og erum alveg meðvituð um það að það geta orðið á þessu breytingar, þó að ég telji nú að svona að ... það er allaveganna meirihluti og sennilega aukinn meirihluti í nefndinni, fyrir hverju eina og einasta ákvæði sem við höfum sett fram. Að þá koma bara breytingarnar þegar við förum í atkvæðagreiðslur í síðari umræðu. Bara svona rétt í lokin. Ég er ekki alveg sannfærð um að sko, hér sé á einhvern hátt verið að binda hendur löggjafans, með því að setja inn ákvæði sem að, af því að við erum í raun og veru að setja inn ákvæði, sem að nú þegar, eru skuldbindandi fyrir íslenska ríkið, að miklum meginþorra. Og svo eru sumir sem að vilja fá verðmiða á hvað þessar hugmyndir myndu kosta, svona aftur, þegar að þetta er í raun og veru réttarverndin sem að við njótum en bara er ekki færð inn í stjórnarskránni, þá kannski er ekki mikil aukning á kostnaði. En ég held samt að við vitum öll að við erum ekki með starfsfólk hér, til þess að reikna

út, hvað hlutirnir kosta. Og það er ekki okkar verk. Þá værum við að eyða tíma í eitthvað allt, allt annað heldur en það að setja hér fram hugmyndir um hvernig samfélagið ætti að vera. Sumar aðgerðir kosta mikið, og sumar minna, sumar minna heldur en við höldum og sumar eru tíma- og peningasparandi til lengri tíma, þó þær kosti eitthvað til að byrja með. Þannig að, en ég allveganna vona að við berum gæfu til að setja tímarn okkar í það að vinna úr þessum hugmyndum en ekki að við förum að reyna að ... eyða tímanum í einhverjar reikningskúnstir. En allar athugasemdir hafa verið færðar hérna til bókar og við bara þökkum fyrir góðar athugasemdir og gagnlegar og hlökkum til að halda áfram. Takk.

SN

Ég þakka nefnd A og formanni hennar og öllum í ráðinu fyrir góðar umræður hér í dag, og þá göngum við til atkvæðagreiðslu um tillögur A-nefndar inn í áfangaskjal. Það eru allar greinarnar utan grein 3, sem ég bið ykkur þá, ef þið eruð samþykkt því að þær fari inn í áfangaskjalið, með þessu ... Allar nema 3. Hún er lögð hérna fram til kynningar. Og þeir sem eru samþykktir, ég bið ykkur um að rétta upp hönd. Réttu upp hönd, þeir sem eru ...

[ógreinilegt]

DH

Þorkell spyr, af því að það er verið að kynna 12. greinina um þjóðkirkjuna.

SN

Já, hún er hérna bara, eins og kom fram í máli formannsins, þegar að þetta var kynnt, að þetta er bara lagt hér fram til kynningar, með þessu móti. Og það er óskað eftir því síðar að það verði greitt atkvæði um það, en þetta er sem sagt bara inn í áfangaskjalið svona. Þeir sem eru samþykkt ...

EBE

Allar nema 3 og 12 þá?

SN

Allar nema 3. 12 er þá bara með þessari nýju breytingu og við þurfum síðar að takast á um það. Þetta er bara til kynningar, inn í áfangaskjalið, þessar þrjár tillögur. Það bætist þá við. Er þetta óskýrt?

[Nokkrar raddir, úr sal]

Já.

GT

Hvaða tillögur er verið að kjósa um að samþykkja ...

SN

Allar tillögur, það er tillaga nefndarinnar, allar nema gr. 3 og tillagan með þjóðkirkjunni, þá er þetta bara viðbót til kynningar..., sem sagt inn í áfangaskjalið. Þessi hérna ...

KF

En það sem er lagt fram til kynningar hér á fundinum ... [ógreinilegt] ... En hvers vegna er hún lögð fram til kynningar hér á fundinum ...

SN

Silja, viltu hérna ...?

SBÓ

Má ég? Afsakið, hérna, sko upprunalega hugmyndin hjá okkur var að það yrði kosið sérstaklega á milli til-lagnanna um kirkjuna. Þannig að annað hvort yrði farin valkostaleið eða þessi bráðabirgða- eða tímabundna ákvæðisleið. Hins vegar er fólk að sjá þetta utan nefndarinnar núna í fyrsta skipti í gær eða í dag. Þannig að í raun og veru þá er 12. ákvæðið, sem sagt, valkosturinn, myndi ég túlka sem væri bara til kynningar, ásamt 3. grein. Þannig að greinin fer inn í áfangaskjalið, en er ekki afgreidd inn í það. En hún liggur þarna inni til kynningar. Er þetta skýrt? Hún er til kynningar, já.

VÞ

Er þetta til kynningar? [ógreinilegt] Er sem sagt til kynningar?

SBÓ, SN

Hún er til kynningar, já.

KF

Þá fer hún ekki inn í ...

SN

Er þetta skýrt? Allt nema 3 og 12 þá, breytingarnar við 12. Já, Vilhjálmur. Það er einhver svona tregða í kerfinu í dag.

VÞ

Ég ætlaði bara að segja að sko, skv. starfsregluglunum að þá greiðum við formlega atkvæði um það sem að fer, er samþykkt inn í áfangaskjal. En með þessum skýringum, þá lít ég svo á að í raun og veru greinar 3 og 12, sé verið að setja inn til kynningar ...

SN

Til kynningar, einmitt ... já.

VÞ

... það er ekki verið að afgreiða þær endanlega ...

SN

Til kynningar, já, til kynningar inn í áfangaskjalið, eins og kom fram í máli Silju Báru. Þá er það spurningin, hverjir eru samþykktir því að allar greinarnar utan 3 og 12, fari inn í áfangaskjal? Hverjir eru á móti? Og þá eru einhverjar hjásetur, réttið upp hönd sem eruð ... biðja ykkur um að ganga ekki ... já, þeir eru búnir að sjá. Takk fyrir. Þá er þetta samþykkt og við gerum hádegishlé til kortér yfir eitt.

### 3. Skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Velkomin til baka úr mat. Og við byrjum aftur. Og þá er á dagskránni tillögur B-nefndar. Og ég ætla að biðja Katrínu Fjeldsted, formann nefndarinnar, að gera grein fyrir tillögunum. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Formaður, góðir áheyrendur. Hér liggja fyrir tillögur B-nefndar að texta í áfangaskjali, lagðar fram til kyn-

ingar. Og þar er um að ræða greinar sem heita, í fyrsta lagi, Staðfesting laga, málskotsréttur, í öðru lagi Vald forseta, í þriðja lagi, undir kaflanum Stjórnsýsla og eftirlit, um Forstöðumenn sjálfstæðra stofnanna.

Miklar umræður hafa átt sér stað innan ráðsins, ekki síður en í Þjóðfélaginu um málskotsrétt þann sem kveðið hefur verið á um í 26. gr. núgildandi stjórnarskrár. Fyrirkomulag hér á Íslandi má teljast lýðræðislegt, þar sem forseti Íslands er þjóðkjörinn. Og það sem menn hafa kallað að 26. greinin væri virkjuð, hefur leitt til þjóðaratkvæðisgreiðslna um deilumál í þjóðfélaginu og haft heilmikil áhrif á útkomu þeirra. Nefnd B leggur til tvo valkosti um það hvernig orða skuli í stjórnarskrá, málskotsrétt og staðfestingu laga. Og ég ætla að byrja á því að lesa þessa tvo valkosti. Upphaf þeirra er reyndar eins, í báðum greinum er orðalagið svona: „Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, undirritar forseti Alþingis það, og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar.“ Síðan segir áfram í valkosti I: „Og veitir undirskrift hans því lagagildi. Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps, að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi en bera skal lögin annan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram ef Alþingi fellir lögin áður úr gildi. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárukalög eða lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.“

Í valkosti II er tekið á málum með nokkrum örðum hætti. Eftir innganginn sem var sameiginlegur báðum valkostunum, segir: „Forseti getur innan viku frá móttöku frumvarpsins ákveðið að láta það ganga til Alþingis á ný, með rökstuddu álit. Að öðrum kosti staðfestir forseti frumvarpið og fær það þá lagagildi. Gangi frumvarp á ný til Alþingis, skal það eftir umfjöllun í þingnefnd, rætt og afgreitt við eina umræðu. Verði frumvarpið samþykkt án efnisbreytinga, fær það lagagildi við undirritun forseta Alþingis, án staðfestingar forseta Íslands, en fellur niður ella.“

Eins og ég sagði áðan, þá hafa umræður í B-nefnd verið miklar, og einnig innan ráðsins. Staðfesting forseta á lagafrumvarpi hefur ídulega verið talið þáttur í hlut hans sem löggjafi, eins og það er orðað í 2. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er forseti talinn upp sem handhafi löggjafarvalds. Við samanburð á stjórnarskrám annarra landa, kemur í ljós að þetta er mjög fátítt, að forseti sé nefndur handhafi löggjafarvalds. Það á sér þó hliðstæðu, t.d. í dönsku og belgísku stjórnarskránni. Og sumir fræðimenn hafa benta á að málskotsréttur forseta, sé þáttur í framkvæmdarvaldsathöfn, þ.e.a.s. einhvers konar temprun á löggjafarvaldi. Hlutverk þjóðhöfðinga er í dag fremur að staðfesta að lög hafi orðið til með stjórnskipulegum hætti, og að þau megi birta og að þau megi ganga í gildi, þ.e.a.s. formsatriði fremur en efnisatriði. Nokkur ríki hafa valið þá leið að forseti, í stað þess að synja lögum staðfestingar og senda í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá geti forseti vísað lögum aftur til þingsins til frekari umræðu. En honum sé þó skylt að staðfesta lögin, ef að þau eru samþykkt í þinginu á nýjan leik. Í sumum til-

vikum er þá gerð krafa um það að þingið hafi við síðari meðferð samþykkt lögin með auknum meirihluta, svo er t.d. í Bandaríkjunum. Í Finnlandi hefur finnski forsetinn allt að þrjú mánuði til að ákveða staðfestingu lagafrumvarps, eftir að þingið hefur samþykkt það. Staðfesti hann það ekki, getur þingið tekið málið upp að nýju og samþykkt frumvarpið án efnisbreytinga og verður það þá að lögum, án staðfestingar forseta. Það má nefna dæmi þar sem synjunarvald felur í sér málskotsrétt til þjóðarinnar, svo sem er hér á landi. En slík ákvæði eru gjarnan bundin fleiri skilyrðum. Og sem dæmi má taka stjórnarskrá Lettlands og stjórnarskrá Frakklands. Í Lettlandi hefur forseti formlegt vald til að synja lögum, með málskotsrétti, lögum sem hafa hlotið þinglega meðferð en synjunarheimild forseta í Lettlandi er bundin því skilyrði að 1/3 hluti þingmanna hafi farið fram á synjun. Það er auðvitað hugsað til að verja stjórnarandstöðu. Að auki þarf 1/10 hluti kjósenda að fara fram á að haldin sé þjóðaratkvæðagreiðsla. Komi slík tillaga ekki fram, eða ef lettneska þingið tekur málið aftur fyrir og samþykkir frumvarpið með 3/4 greiddra atkvæða, verður ekki af þjóðaratkvæðagreiðslunni. Enn fremur er gerð krafa í Lettlandi um 50% lágmarksþátttöku í kosningum, en það takmarkar augsýnilega áhrifavald úrræðisins. Í Frakklandi hefur forsetinn málskotsrétt til þjóðarinnar, en sá málskotsréttur byggir á tillögu ríkisstjórnar. Og málskotsrétturinn er bundinn við tiltekin mál. Frakklandsforseti hefur hins vegar sjálfstætt vald til að vísa lögum aftur til umræðu í þinginu og þá er þinginu skylt að verða við því.

Ef farið er yfir afstöðu manna til málskotsréttarins, þá held ég að flestir sem að hafa tjáð sig í Stjórnlagaráði séu þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að hafa einhvers konar öryggisventil, og forsetaembættið geti gegnt því hlutverki. Hlutverk forseta gagnvart lagasetningu getur verið formsatriði, þ.e.a.s. að það séu einhverjir ágallar á nýafgreiddum lögum frá þingi, vegna þess að forseti eigi að staðfesta með undirskrift sinni, stjórnskipulegt gildi laganna. Forseti geti einnig þurft að geta fengið úrskurð dómstóls, t.d. stjórnlagadómstóls um það hvort lög standist stjórnarskrá áður en þau eru staðfest. Þarna er í báðum tilvikum um formgalla mögulegan að ræða.

Svo kemur hins vegar efnislegt mat forsetans á því, eða á lögunum, pólitískt mat, efnislega getur forseti verið ósammála því sem í lögunum stendur. Og kannski litið svo á að þjóðin sé sama sinnis og hann/hún og þess vegna beri að skjóta málum til þjóðarinnar. Það er hins vegar ekki í okkar fyrirkomulagi annað mögulegt, eins og ég skil það, en að forseti, ef hann staðfestir ekki lög með undirskrift sinni, en að senda lögin í þjóðaratkvæði. Það er ekki fyrir hendi þessi möguleiki að þeim sé vísað aftur til þingi. Og okkur finnst skipta heilmiklu máli að við tökum þessa umræðu hér í ráðinu, og sömuleiðis í þjóðfélaginu. Því að menn fara ekki að breyta grein um málskotsrétt forseta lýðveldisins, til þess að enginn hafi málskotsrétt til þjóðarinnar. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli, að þjóðin eigi aðkomu að deilumálum, og geti látið í sér heyrna. Þess vegna hefur forseti okkar í B-nefnd verið sú, að þriðjungur þingmanna geti óskað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Og sömuleiðis ákveði hluti kjósenda, og höfum við í B-nefnd rætt þar um 10% kjósenda, sem er að sumra mati há tala, að annarra mati lág tala. En

ég held hún sé nokkuð réttlát, þetta eru yfir 20.000 manns, eins og er í núverandi mannfjölda á landinu.

Í báðum valkostum þeim sem fyrir liggja, er gert ráð fyrir því að það sé forseti Alþingis, sem ásamt forseta Íslands undirriti lög, en ekki ráðherra, eins og verið hefur.

Þá ætla ég að nefna næst greinar sem að heita Vald forseta. Í núverandi stjórnarskrá segir í 13. gr.: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Og ráðherra er sá sem ber mál undir forseta til undirritunar. Og undirskrift forseta lýðveldisins undir löggjafarmál eða stjórnareringi, veitir þeim gildi, er ráðherra ritur undir þau, með honum.“ Við teljum að með útfærslu á störfum Alþingis og verkaskiptingu milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þá séu þessar greinar óþarfar og við leggjum til að þær falli brott. Þá kem ég að kafla um Stjórnsýslu og eftirlit, en þar er einnig um tvo valkosti að ræða. Annar valkosturinn er að í stjórnarskránni standi: „Forseti skipar að fengnum niðurstöðu hæfnisnefnda, í embætti forstöðumanna þeirra stofnana sem lög mæla að skuli vera sjálfstæðar. Samþykki forseta þarf til þess að leggja niður stofnanir sem eru sjálfstæðir lögum samkvæmt. En valkostur B er sá, að ekki verði sérstök grein þessa efnis í þessum kafla, enda falli málið undir almenna grein um skipun embættismanna, en þar hefur jú verið skýrt kveðið á um hæfni og málefnalegar forsendur þess, að ráða menn í embætti.

Það kom fram í umræðum um þessa grein í B-nefnd og á sameiginlegum fundum, viss efasemd um að setja orðalag af þessu tagi inn í stjórnarskrá, þ.e.a.s. „embætti forstöðumanna þeirra stofnana sem lög mæla að skuli vera sjálfstæðar.“ Ýmsir telja að sjálfstæði stofnana þurfi að vera ... og allir telja sjálfsagt að sjálfstæðar stofnanir eigi í reynd að vera sjálfstæðar og þá eru menn að hugsa fyrst og fremst um pólitísk áhrif, pólitískar embættisveitingar, flokkraðisáhrif á veitingu embætta. Og ég held, ég hef ekki heyrt í neinum í rauninni sem vill mæla því bót. Hins vegar getur orðalagið „sjálfstæðar stofnanir“ verið óskaplega víðfeðmt. Undir það geta fallið ótrúlegustu stofnanir í þjóðfélaginu. Og komi forseti Íslands að því að skipa forstöðumenn slíkra stofnana þá muni hann, og ekki verði hjá því komast, að þá muni hann dragast inn í deilumál, klögumál, kærúmál, dægurþras stjórnsmálanna, sem ég, meðal annars, tel að sé ekki æskilegt. Þannig að almennt um ráðningu embættismanna sem fram kemur í 2. gr. í tillögunum, ætti að duga ef eitthvað dugar, til þess að tryggja sjálfstæði stofnana og að vega á móti flokksræði og pólitískum embættisveitingum.

SN

Já, þakka formanni nefndar B fyrir kynningu og nú tókum við umræðu um þennan lið, þennan hluta tillagna B-nefndar. Og orðið er laust, ég ætla hins vegar að biðja ykkur um að stytta mál ykkar. Við ætluðum að reyna að ljúka þessum fundi fyrir fimm í dag, helst fyrr. En allavega fyrir fimm. Svo við förum ekki fram í næstu viku. En ég ætla að biðja ykkur um að stytta mál ykkar. Vilhjálmur Þorsteinsson, þú ert fyrstur á mælendaskrá.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla nú að byrja á að tala um þessa grein um staðfestingu laga. Og að

við höldum áfram sögunni hvað það varðar, að þetta mál er svona með þeim málum sem hefur valdið einna mestri umræðu, a.m.k. í okkar nefnd og að einhverju leyti í ráðinu. Það var það líka, þessi svokallaða 26. gr. núverandi stjórnarskrár árið 1944, þegar að lýðveldisstjórnarskráin var til umræðu. Og voru þá, svo sem, uppi ýmsar raddir um það hvort að forseti ætti að hafa þennan málskotsrétt, eða synjunarrétt. Þetta er framhald á neitunarvaldi konungs, sem að hann hafði áður, og í fyrndinni. En upp úr 1918, 1920, þá með breyttum stjórnarvenjum, að þá hætti konungur að neita lögum. Og það má segja að 1944 hafi nú sá réttur konungs ekki verið lengur talinn, svona, virkur. En það er engu að síður þannig að þetta ákvæði, þessi 26. gr., var sett inn í lýðveldisstjórnarskrána, og það var gerð grein fyrir henni, sérstök, í greinargerð millipinganefndar, sem að samdi, sem sagt, upphaflega tillöguna að stjórnarskránni 1943. Og það virðist af því orðalagi vera nokkuð skýrt að menn hafi ætlað forseta að hafa í raun og veru þennan rétt en það eru þó uppi, eða voru, deildar meiningar meðal fræðimanna á Íslandi um þetta, auðvitað, eins og menn þekkja. En forseti hefur síðan virkjað þennan rétt, eins og við þekkjum, fyrst 2004. Nú, það er svo sem, held ég ekkert umdeilt í okkar hópi, eins og formaður sagði áðan, að það þyrfti að vera einhvers konar öryggisventilshlu..., möguleiki, í kerfinu gagnvart löggjafanum, en það hins vegar má ná því markmiði með ýmsu móti, og ýmsum leiðum. Og eins og í öllu öðru, þá eigum við að reyna að finna bestu leiðirnar að réttu markmiði. Og C-nefnd, hún er með í sínum tillögum, sem að við ræðum betur á eftir, ýmsa möguleika í þessu efni, og bæði það að tiltekinn hluti kjósenda geti eftirá, ja innan þriggja mánaða frá því að lög eru sett, krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um þau lög, og sömuleiðis skilst mér að nefndin muni leggja núna aftur til að þriðjungur þingmanna muni, innan þriggja daga, frá því að lög eru samþykkt á Alþingi, geta krafist þess að þau gangi til þjóðaratkvæðis.

Í ljósi þessa að þá þykir mér persónulega, og okkur nokkrum í B-nefnd, svona best meðalhóf í því, og affarasælast, að samþykkja þennan, eða enda með þennan valkost II, sem að þarna er, í okkar tillögu. Og þar er um að ræða ákvæði sem er að finnskri fyrirmynd, og eru reyndar sambærileg ákvæði líka í fleiri stjórnarskrám. En þar er um að ræða að, sem sagt, þegar að Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, að þá er reyndar nýlunda hjá okkur og það er forseti Alþingis sem undirritar frumvarpið, ekki ráðherra. Okkur finnst ekkert eðlilegt að framkvæmdarvaldið komið að því að staðfesta lög frá Alþingi. En þá er það forseti Alþingis sem að undirritar lögina og sendir þau til forseta Íslands, innan tveggja vikna, til staðfestingar. En skv. þessari tillögu þá hefur forseti Íslands viku til að ákveða sig, um hvort hann vilji þá senda frumvarpið aftur til þingsins. Og það getur bæði á grundvelli formsatriða, þ.e.a.s. að hann sé ekki sáttur við að Alþingi hafi gætt forms, að það hafi farið eftir stjórnarskránni og þingsköpum við að setja lögina, en það getur líka verið af einhverjum efnislegum ástæðum, að forseta lítist ekki á lögina af einhverjum ástæðum, og það hafi myndast gjá milli þings og þjóðar, svo notaður sé frægur frasi, til dæmis.

Og þá má segja að forseti sé búinn að, svona, hefja upp þarna ákveðinn varúðarfána og þá geta þingmenn auðvitað tekið tillit til þess, og þá gæti þriðjungur

Þingmanna t.d. tekið sig til og krafist þjóðaratkvæða- greiðslu um málið, skv. tillögu C-nefndar. Ef að það er þannig vaxið. En auðvitað gæti forseti einfaldlega verið að vísa málinu til baka meira af formlegum ástæðum, þannig að þingið tæki málið þá aftur til umfjöllunar og bætti þá úr þeim göllum sem að hefðu verið á máls- meðferð. Og það má náttúrliga segja, það er svolítið svona einhliða að forseti hafi einungis þann rétt að vísa málum til þjóðaratkvæðis, jafnvel þó það kunni að vera fyrst og fremst einhver formsatriði, sem eru að, sem að Alþingi gæti lagað. Þannig að ég tel þetta vera sveigjan- legra, að við höfum þetta svona. Forseti vísi lögum- aftur til þings, með rökstuddu álit. Þingmenn geta þá gripið í taumanna og sent málið til þjóðaratkvæðis ef það er þess eðlis. Og að sjálfsgöðu gæti þjóðin, eftir sem áður, innan þriggja mánaða ákveðið sömuleiðis, með nægilega mörgum undirskriftum, að málið færi í þjóðaratkvæði. Þetta tel ég vera röklegustu og sveigjanlegustu leiðina að þessu markmiði, sem ég var að tala um áðan, með aðhald að löggjafarvaldinu. Og að öllu þessu sögðu, sem ég hef nú reifað, að þá tel ég einfaldlega óþarfi og flækja málin, að forseti hafi þennan óbreytta málskotsrétt sem nú er, að hann sé þá eiginlega þriðji aðilinn sem bætist við í það að geta vísað málum til þjóðaratkvæðis, en hafi þá t.d. ekki það vopn að geta vísað aftur til þings, sem að ég held að væri mjög gott, að bæta þá við flóruna.

Þannig að í stuttu máli, ég er fylgjandi þessum val- kosti númer tvö frekar en valkosti númer eitt. En nefndin, það eru skiptar skoðanir í nefndinni og þess vegna ákváðum við að leggja fram báða valkosti til kynningar og umræðu og að sjálfsgöðu verður mjög gott að fá afstöðu ráðsfulltrúa sem flestra, til þess hvað þeim þyki affarasælasta leiðin að þessum markmiðum. Nú varðandi næstu tillögu okkar um vald forseta, þar sem við leggjum til að tiltekna þrjár stjórnarskrár- greinar í núverandi stjórnarskrá falli niður. Það er í línu við allt annað, sem að við erum að gera í nefnd B, að leggja til að það sé bara alltaf tekið fram það sem forseti gerir, og hann gerir það raunverulega. Og það sé tekið fram hvað ráðherra gerir, og hann gerir það raunverulega. Og við erum að koma undirskriftum á löggjafarmál o.s.frv. fyrir með öðrum hætti, t.d. þarna í þessari grein sem ég var að tala um áðan í staðfestingu laga, þannig að við teljum að það sé engin þörf á þessum þremur greinum lengur.

Og svo er það í þessum kafla um stjórnsýslu og eftirlit, þar sem það hafa líka verið uppi mismunandi sjónarmið í ráðinu um hversu langt eigi að ganga með það að forseti skipi í embætti. Það hefur verið umræða um það að forseti hafi ákveðið hlutverk við að skipa í embætti sem kalla má hluta af hinu lýðræðislega kerfi, þ.e.a.s. til dæmis dómara og þá eftir atvikum líka ríkissaksóknara. Það hafa sömuleiðis, en það mál að einhverju leyti þá á forræði nefndar C, en sömuleiðis hafa þá verið raddir um að ganga ennþá lengra, og að forseti skipi í fleiri embætti en bara þau sem eru svona, beint undir þessum lýðræðislega hatti, þ.e.a.s. að fara yfir í að skipa formenn eða forstöðumenn í stofnunum, sem að eiga að njóta sjálfstæðis.

Og eins og fram kom hjá formanni þá væri með þessu verið að fara með hlutverk forsetans svona kannski, lengra í þá átt að tengjast dægurþrasi og póli- tík. Og það þurfa menn auðvitað að leggja niður fyrir sér, hvað menn vilja ganga langt í því efni. En einnig

bendi ég á, hérna í greinargerð okkar, að þetta er dálítið flókið mál. Í dag eru þessar sjálfstæðu stofnanir, sem um ræðir, undir ýmis stjórn. Sumar þeirra, eins og Samkeppniseftirlit og Fjármálaeftirlit, eru undir sérstökum þriggja manna stjórnun, sem að ráðherra skipar eftir atvikum, eftir tilnefningu annarra. Og þessar stjórnir síðan ráða forstjóra og reka, eftir at- vikum. Og svo t.d. í Seðlabankanum er fyrirkomulagið ennþá flóknara, þar sem er tiltekin hæfisnefnd sem að ræður seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra, o.s.frv. Og sömuleiðis er í Seðlabankanum peninga- stefnunefnd sem að ráðherra skipar í, o.s.frv. Þannig að ég segi það fyrir mína parta að ég myndi eiginlega vilja sjá þessa hugmynd um að forseti skipi aðra emb- ættismenn, betur útfærða í smáatriðum, hvernig menn hefðu þá hugsað sér að þetta virkaði í reynd, gagnvart t.d. þessum stofnunum og öðrum. Þannig, að eins og kannski má ráða af máli mínu, þá er ég persónulega ekki hlynntur þessum valkosti I, en styð valkost II um að þessi sérstaka grein verði ekki í stjórnarskránni, heldur reynum við frekar að taka almennt á þessum hæfis og ráðningarmálum embættismanna með al- mennum hætti, þannig að það gildi um allar embættis- veitingar. Og læt þar með lokið máli mínu. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður, ágætu ráðsfélagar. Ég vil benda á það að þessi tillaga um málskotsrétt forsetans er ólík nügild- andi ákvæði í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Það er búið að undanskilja fjölmörg mál, málaflökka. Þannig að við verðum auðvitað að hafa það í huga, það er búið að breyta þessu ákvæði. En ég tel engu að síður að val- kostur I sé betri heldur en valkostur II. Þegar að menn lesa þessa tillögu um valkost II, um að forsetinn geti innan viku frá móttöku frumvarps, ákveðið að láta það ganga til Alþingis aftur, þá er hér um að ræða róttæka breytingu á hlutverki forsetans. Þarna á forsetinn að taka það að sér, að hafa afstöðu í máli. Skv. núverandi grein í 26. gr. stjórnarskrárinnar um málskotsrétt, þá tekur forsetinn enga afstöðu, efnislega afstöðu til þeirra laga sem Alþingi hefur samþykkt. Hann fær tillögur frá kjósendum, eða undirskriftir o.s.frv., eins og hann gerði varðandi fjölmiðlafrumvarpið og Icesave-málið. En hann tók aldrei formlega, efnislega afstöðu til sam- þykktu frumvarpsins á þinginu. Ef að við ætlum að samþykkja valkost II, þá erum við að kalla fram gjör- breytt hlutverk forsetans. Hann á þá, í raun og veru, að taka efnislega afstöðu til frumvarpsins. Hann á að semja rökstutt álit, hvers vegna þetta frumvarp er ekki nógu gott. Þetta er allt önnur hugsun á bakvið þetta. Þannig að þetta er ekki öryggisventill. Það er bara verið að gera forsetann að póltísku afli, hér, þar sem hann getur í raun og veru ákveðið að segja, ja ég vil ekki þetta frumvarp. Ég er ósammála þessu, ég bara sem hér rökstutt álit og það fer aftur til þingsins. Þannig að ég held að þessi leið sé ekki rétt leið, og hún í raun og veru, kollvarpar þeirri hugsun sem er þó ríkjandi hjá ráðinu, að draga úr pólitísku vægi forsetans. Þannig að forsetinn verði fyrst og fremst þjóðhöfðingi, en ekki einhvers konar pólitískur andófsmaður þingsins, og eigi í deilu við þingið. Þannig að ég vil af þeirri ástæðu alls ekki samþykkja valkost II. Nú, sessnautur minn

Ómar Ragnarsson benti á það á opnum nefndarfundi að það væri nauðsynlegt að hafa 26. greinina einnig, vegna þess að þetta væri fljótvirkari leið heldur en þessi málskotsleið, sem að C-nefndin er að tala um varðandi þjóðina. Og ég vil benda á að C-nefndin er búin að kollvarpa ýmsum hugmyndum, sem voru samþykktar í áfangaskjali. Og þar er verið að hækka hlutfallið upp í 15%, úr 10. Þannig að ég tel alveg bráðnauðsynlegt að 26. greinin verði áfram inni. Og ég vil einnig að lokum benda á það, hvað sem menn segja um þjóðarvilja hér, og að menn séu stöðugt að leggja áherslu á það. Það hefur margsinnis komið fram að mikill meirihluti þjóðarinnar vill halda 26. greininni inni og við verðum einhvern tímann að hlusta á þjóðina. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek er næstur á mælendaskrá og ég ætla að loka mælendaskránni á meðan hann talar um þennan lið tillagna B. Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já ég myndi styðja valkost II í kafla númer fimm, sem sagt, Forstöðumenn sjálfstæðra stofnana. Ég vil ekki að forsetinn hafi mikið vald í því að ráða forstöðumenn stofnana, sem hann hefur ekki í dag. Varðandi gr. 14, þá hallast ég frekar að valkosti II, þótt svo að valkostur I, væri mér ekki hjartans mál ef hann stæði eftir. Takk fyrir.

SN

Hver er þá næstur? Er það Andrés? Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar. Ég ætla bara að tala um seinni greinina, 5. gr. Ég deili eiginlega þeirri skoðun Ólafs Jóhannessonar og Gylfa Þ. að stjórn málaflokkar hafa rænt völdum í landinu. Og eitt af því fólst í því að veita flokksmönnum pólitískt embætti og það var hér heill ráðsfundur, eða stór hluti ráðsfundar sem fór í að ræða það að það þyrfti ekki bara að þrískipta valdinu vegna þess að það væru fleiri völd í landinu, þ.á m. embættismannavaldið. Og hér sýnist mér vera komin alveg þrýðileg leið til þess að ná aftur embættismannavaldinu úr höldum stjórn málaflokkanna, sem að rændu því. Áður fyrr var það forseti sem veitti flest þessi embætti, í miklu meira mæli. Og ég deili ekki áhyggjum Katrínar Fjeldsted að forsetinn dragist inn í dægurþras. Það eru forsetar t.d. í Frakklandi og Bandaríkjunum, sem eru með miklu, miklu, miklu, miklu meira pólitískt hlutverk heldur en forseti Íslands nokkurn tímann fengi. Og þó virðast geta gegnt hlutverki sínu sem þjóðarleiðtogar, eða fulltrúar þjóðarinnar, á háttíðisstundu. Þannig að, ég held við verðum einmitt, til þess að deila völdunum, að setta okkur við einhver svona pólitísk völd forseta. Og mér finnst þessu mjög vel komið þarna, nema við finnum því einhvern annan stað heldur en í gegnum ráðherra, sem eru kosnir pólitískt. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já formaður, góðir félagar. Ég ætla að reyna að taka Pawel til fyrirmyndar og vera gagnorður. Fyrst varð-

andi 5. liðinn, þá hallst ég nú að því að það eigi að fela forseta aukna hlutdeild í þessu, þ.e.a.s. hann frekar en flokkspólitískur ráðherra, velji milli þeirra hæfustu sem að fagnefnd hefur lagt tillögu fram um. Það felst í þessu ekki geðþóttavald forseta frekar en ráðherrar geta farið með geðþóttavald, þ.e.a.s. hæfnisnefnd er sett þarna inn sem, eiginlega, almenn regla og síðan ef að hæfnisnefnd hefur nokkra sem hæfasta, þá er það forseti sem velur skv. 5. liðnum. Og tilgangurinn er að þessar sjálfstæðu stofnanir sem þarna eru nefndar, sem að löggjafinn hefur ákveðið að skuli vera sjálfstæðir, að þær skuli þá njóta sjálfstæðis í raun. Þetta er til þess að svokallað sjálfstæði sem löggjafinn felur stundum embættum og stofnunum, sé ekki bara í orði heldur líka á borði. Með þessari skipan er tryggt að flokksræðið er takmarkað í þessum tilvikum allavega, og að forseti þarf að staðfesta niðurlagningu stofnanna, eins og betur hefði verið þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður, illu heilli. En ég tek nú fram að stöðu minnar vegna þá get ég nú vakið athygli á að listinn er þarna, um helstu stofnanir, á bls. 6 í greinargerðinni. En þetta er svona þær stofnanir sem að nefndar hafa verið í tillögum um þetta. Varðandi synjunarvald forseta, þá hallast ég að því, sérstaklega í ljósi þess að C-nefnd er nú búin að hækka þröskuld fyrir þjóðarfrumkvæði aftur upp í 15%, að það eigi að vera áfram skjótvirk leið fyrir einn ríkisaðila, sem er þá þjóðkjörinn forseti, að synja lögum staðfestingar. Það er að vísu ólíklegra að á þetta reyni oft eftir að ..., ef að 15% þjóðarinnar, eða 10% eins og ég vildi hafa það, geta farið fram á þjóðar- atkvæðagreiðslu, eða þriðjungur þingmanna. En ég held þetta sé samt mikilvægur ventill í átt að valddreifingu og valdtemprum. Nú aðeins vegna orða Péturs hérna áðan, ég er ósammála honum að í synjun forseta felist ekki afstaða, ég er ósammála forseta Íslands um að hann hafi getað synjað lögum án þess að í því felist einhver afstaða. Þetta er eiginlega það eina sem ég var ósáttur við þegar hann synjaði í fyrsta og annað skiptið lögum frá Alþingi, staðfestingar. Hann rökstuddi það með því að ekki taka neina afstöðu, heldur bara að spyrja þjóðina. Þetta tel ég ekki rétta túlkun á stjórnarskránni. Þá ætla ég ekki að fjölyrða um þetta, en vek athygli á að greinargerðin er kannski, þarfnast frekari skoðunar við, vegna þess að þar eru svolítið mikið rök með og á móti. Og það fer nú kannski eftir niðurstöðum manna hérna, hvort að kostir verða teknir út og þá rökstuðningur lagaður. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig hlýða. Ég vekja athygli ... ég leit hérna örsnöggt til hliðar og þá fannst mér svo spaugilegt að sjá Pawel sitja þarna uppi á áhorfendapöllum, svona eins og þjálfara sem hefur verið útilokaður, fyrir að ljúka máli sínu mjög skyndilega. En 14. greinin, ég spyr, þurfa að vera tveir valkostir? Má ekki bara sameina þetta þannig, að ef forseti neitar að skrifa undir lög, þá fari þau fyrst til Alþingis, með kröfu um að Alþingi breyti einhverju í þeim ..., já, þessu sem forseti neitar að skrifa undir. Nú ef Alþingi vill það ekki, þá fara lögin sjálfkrafa í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef hins vegar Alþingi ákveður að taka þetta aftur til skoðunar, að þá fer þetta bara aftur



sína eðlilegu leið til forseta. Mér finnst það vera svona í takt við vinnubrögðin sem við höfum verið að leitast við að tileinka okkur hér, að það er að finna lendingu í málum, án þess setja kannski upp ólíka valkosti. Og ég held að það sé alveg hægt að sameina valkost I og II að þessu leyti. Og gæti bara hugsað mér að leggja fram breytingartillögu þ.a.l. Varðandi lið 5, um forstöðumenn sjálfstæðra stofnana, þessi seinni liður, „samþykki forseta þarf til þess að leggja niður stofnanir sem eru sjálfstæðar samkvæmt lögum.“ Hvað þá með stofnun þeirra? Ef forestinn þarf að leggja blessun sína yfir að þær séu lagðar niður, þarf þá ekki að bera undir hann, ef það á að stofna nýjar stofnanir? Og, ég svona hef ..., ég er mjög hlynt valkosti I, en mér finnst bara nóg að setja punktinn á eftir fyrstu setningunni. Mér finnst t.d. ef það verður ákveðið að leggja niður Rás 2 í sparnaðarskyni, þá finnst mér í rauninni óþarfi að forsetinn sé eitthvað að koma að þeim málum. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir. Takk fyrir þessar tillögur. Við höldum áfram að mjakast í átt að einhverju stórfenglegu hérna, held ég. Sko, það var auglýst eftir sérstökum svona, einhvers konar yfirlýsingum um hvað maður vildi, einhvern veginn, og mér finnst sko, í sambandi við ..., í fyrsta lagi þá hef ég miklar áhyggjur af því að nefnd C sé að hækka upp í 15%, það að hægt sé að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslum. Og það finnst mér ekki harmónera við það að sleppa þá málskotsrétti forsetans. Mér finnst við öryggisins vegna ekki geta gert það. Og ég fjalla bara um það á eftir með þetta 15% dæmi. En a.m.k. finnst mér núna, eins og staðan er, þá held ég, eins og Dögg benti á að það sé einhvern veginn hægt að hafa jafnvel báðar þessar tillögur og annað sé þá einhvers konar „flagging“, að forseti, vegna ábendinga, álitu sem svo að einhver lög sé kannski ástæða til að skoða betur í Alþingi. Og Alþingi fái þá tækifæri til þess að, svona, hugsa sinn gang. Og síðan ef að það er emnislega ekki tekið tillit til þess og forsetinn telur ennþá að nauðsynlegt sé að þjóðin fái að segja sitt um viðkomandi mál, þá geti hann skotið því til þjóðarinnar. Þannig að þetta sé, svona, mildara úrræði og svo málskotsrétturinn einnig inni. Ég held að bara borgi sig alveg að halda, a.m.k. málskotsréttinum, sko, til að dreifa valdinu. Þetta var áhugavert sem Pétur sagði, það er náttúrlega rétt að það er búið að undanskilja ákveðna þætti, þannig að þetta er ekki málskotsrétturinn eins og við þekkjum hann í dag. En ég fæ samt þínu áhyggjur af því að þetta þýði það að við þurfum að velja okkur einhverja forseta sem eru sérstaklega góðir í að skoða lög og meta hvort þau séu fullnægjandi. Mér finnst að Lögrétta eða annað slíkt batteri ætti að hafa með formshliðin að gera. Það ætti ekki að vera þannig að Vigdís Finnbogadóttir gæti ekki orðið forseti í dag af því hún sé ekki nógu góð í lögfræði. Það finnst mér ekki að ætti að vera. En hins vegar þá á einhvern veginn formlega valdið kannski að liggja þarna. En það á að vera hægt að finna einhverja leið til þess að hægt sé að skoða hvort að lögin séu í lagi, formlega, án þess forsetinn þurfi að vera að vasast í því.

Sko, svo vildi ég segja í sambandi við 5. grein, sem fjallar þarna um þetta, þessi tillaga sem að mér finnst

fín, um að valkostur I, um að þar geti forseti skipað ..., að fengnum niðurstöðum hæfnisnefnda, geti skipað, sem sagt, ákveðna forstöðumenn stofnanna. En þarna er ég með miklar áhyggjur af því að orðalagið sé of vitt. Og ég gerði mér leik úr því að gúgla orðið stofnun og fyrsta orðið sem kemur er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, og næsta leitarorðið er sem sagt, Stofnun ársins 2011. Og í flokknum minni stofnanir, var sigurvegari Sýslumaðurinn í Vík. Þannig að einhvern veginn þurfum við að takmarka okkur sko. Og það þarf í fyrsta lagi að koma orðinu „opinber“ þarna inn. Þetta eru opinberar stofnanir, ekki bara einhverjar stofnanir, „Stofnun Katrínar Oddsdóttur um stuð“ myndi ekki falla þarna undir, þó að sjálfsgöðu verði henni seinna veitt stjórnarskrárvernd, ég myndi styðja það. En, og svo líka þarf að tilgreina sérstakar stofnanir, eða a.m.k. að mikilvægi þeirra gagnvart lýðræðinu sé sérstakt sko. Þannig að við séum ekki með allar þessar smástofnanir þarna og svona, þetta er nú bara kannski orðalagsábending. En ég segi sem sagt, aftur, ég held það sé hægt að nota báðar mál-skots, málskotsríkkin, leyfi ég mér að kalla. Og að það þurfi að skilgreina þetta betur með hvaða stofnanir þetta ætti við. Takk.

SN

Þorvaldu Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Mér finnst vanta svolítið á að meirihluti nefndar B hlusti á málflutning meirihluta ráðsmanna. Mig langar í ljósi þeirrar ábendingar, að gera tvær athugasemdir, eina um hvort valkostaknippi sem hér er boðið upp á. Ég hef lýst því áður oft á okkar fundum og á prenti, að ég tel brýnt að málskotsréttur forsetans haldist. Ég tel það brýnt bæði í ljósi sögu síðustu ára, auk almennra raka í málinu, raka sem voru vandlega rædd af höfundum stjórnarkrárinnar árið 1944, enda þótt málskotsrétturinn lægi í láginni í næstum 60 ár. Það var partur af valdaráninu sem Pétur Gunnlaugsson nefndi, að láta líta svo út að í reynd að forsetinn hefði ekki málskotsréttinn, þótt augljóst væri hverjum sem las gildandi stjórnarskrá, að þann rétt hafði hann og hefur enn. Og mig langar að boða breytingartillögu við valkost I. Og það er tillaga sem ég hef oft nefnt á okkar fundum og hún er þessi. Það dugir ekki í mínum huga að binda málskotsrétt forsetans við frumvörp sem Alþingi hefur samþykkt og gert að lögum. Það þarf að útvíkka réttinn, þannig að forseti geti með nákvæmlega samskonar skírskotun til gjár milli þings og þjóðar, skotið í dóm þjóðarinnar, frumvörpum sem þingið hefur fellt.

Ástæðan til þess að ég tel þessa útvíkkun nauðsynlega, er tilgangurinn með málskotsréttinum, sem er, að draga úr flokksræðinu. Því flokksræði sem Ólafur Jóhannesson og Gylfi Þ. Gíslason, eins og Andrés Magnússon rifjaði upp, voruðu mjög eindregið við strax árið 1945 og sem hefur ágerst síðan þá. M.ö.o. það að fela forsetanum útvíkkaðan málskotsrétt er valddreifingartillaga. Ég tel valkost II alls ekki koma til greina undir neinum kringumstæðum. Þá kem ég að greininni um forstöðumenn sjálfstæðra stofnanna. Ég hef einnig talað um þetta við ykkur, oftar en einu sinn. Ég lagði það til að forseta Íslands væri falið að

skipa forstöðumenn nokkurra stofnanna sem verða eðli málsins samkvæmt að vera sjálfstæðar gagnvart flokksvaldinu, sjálfstæðar gagnvart stjórnmalahagsmunum. Og ekki vegna þess að það sé einhver þörf á því að auka við völd forseta Íslands, heldur bara vegna þess að forseti Íslands er til taks. Hann er þarna, vannýtt auðlind ef svo má segja, og munar ekkert um að bæta á sig, þjóðkjörinn forseti, því hlutverki að skipa forstöðumenn nokkurra stofnana. Þess vegna styð ég mjög valkost I, sem segir: „Forseti skipar að fengnum niðurstöðu hæfnisnefnda, í embætti forstöðumanna þeirra stofnanna,“ opinberra stofnanna, eins og Katrín Oddsdóttir vill hafa það, „sem lög mæla að skulu vera sjálfstæðar.“ Ég myndi reyndar vilja ganga skrefi lengra, eins og ég hef lýst fyrir ykkur áður, að stofnanirnar yrðu tilgreindar í stjórnarskrá, enda komi þá þær einar stofnanir til greina, sem ekki má undir neinum kringumstæðum leggja niður, eins og helstu eftirlitsstofnanir ríkisins t.d., Fjármálaeftirlit og Samkeppnis- eftirlit. En það er útfærsluatriði, ef við stöndum þar nú að við þurfum að velja milli þessara valkosta I og II, að þá vel ég valkost I.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk. Ég ætla fyrst þetta með að forstöðumenn sjálfstæðra stofnanna séu skipaðar af forseta, ég myndi vilja hafa valkost II þarna, að sem sagt ekki verði sérstök grein þess efnis í stjórnarskránni. Ég á erfitt með að sjá fyrir mér, í samræmi við þessar hugmyndir sem við erum alltaf að reyna að tala um, um að valdi skuli fylgja ábyrgð, hver ábyrgð hæfnisnefnda er, ef forseti skipar. Ef ekki er farið að hæfnisnefndinni, eða einhver telur á sig brotið í hæfnismatinu, hverjum er stefnt, hvert fer kvörtunin? Er það þá forsetinn sem að brýtur lögin, og ... eða brýtur hann lögin eða brýtur hann reglurnar ef hann fer að gölluðu hæfnismati eða hvað? Mér finnst þetta bjóða upp á allt of mikla ... allt of mikil vandamál, þannig að ég vona að fleiri muni ihuga það að hafa ekki um þetta ákvæði inni. Síðan er þetta með staðfestingu laga og málskotsréttinn, sko. Ég tel að við séum með bæði þjóðarfrumkvæði og heimild minnihluta, ef það er komið inn aftur, heimild minnihluta þingmanna til að skjóta málum til þjóðarinnar, komin með alla þá öryggisventla sem þörf er á. Og ég svona, myndi hallast að valkosti II, þarna, í þessari grein, en þó hef ég smá efasemdir um það, og það kannski eru bara almennar efasemdir um það, sko, hvort að það eigi að þurfa þessa staðfestingu forseta á lögnum. Það er svona, hvort að það eigi ekki bara að láta Alþingi eftir það, að staðfesta lög og láta þar við sitja. Ég tek undir það sem að Katrín Oddsdóttir sagði með forsetann, og ég held að ég hafi nefnt þetta líka áður, að ef forsetinn þarf að vera með einhverja svona, rökstudda ákvörðun, hvað þýðir það fyrir forsetann og forsetaembættið? En mér finnst allaveganna 1. valkostur þarna ansi vandasamur og hef svona efasemdir um þessa framsetningu bara í heild sinni. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur ráðsliðar og aðrir sem eru hér staddir og heima. Ég er nú eiginlega sammála því sem Pétur Gunnlaugsson segir, varðandi málskotsrétt forsetans. Ég get ekki séð að forsetinn sé beinlínis að taka efnislega eða málefnislega afstöðu. Mér finnst hann vera í raun og veru, eingöngu bara vera að færa þjóðinni rétt á að greiða atkvæði um mál, sem hann hefur orðað svo ágætlega, þegar um er að ræða gjá á milli þjóðarinnar og þings. Þannig að ég er sammála Pétri að því leyti. Varðandi þennan kost I eða II, þá á maður svolítið erfitt með að taka afstöðu til þess, sem stendur, vegna þess að við eigum eftir að fara í tillögu C-nefndar, og sjá hvernig þeim fram vindur. Og þá á ég þarna við málskot þings, málskot þjóðar og þjóðarfrumkvæðis. Þannig að meðan það mál er óafgreitt, þá eiginlega get ég ekki tekið endanlega afstöðu til málskotsréttis forseta. Hins vegar hugnast mér ágætlega það sem Dögg lagði til, að jafnvel sameina þennan valkost I og II. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, gott ráðsfolk og þið áheyrendur sem að kunið að horfa á. Það er erfitt að vita hvar maður á að byrja í þessu, ég ætla nú að reyna að vera stuttur þó að mér svelli eiginlega mótur. En ég vil benda á það fyrst að málskotsréttur hefur verið virkur að undanfögnu og hann á að vera virkur áfram. Sú tillaga sem hér er og ég ætla ekki að ræða með hvaða hætti hún er upp komin, hún gerir ráð fyrir því að málskotsrétturinn haldist, en tillaga II. Það er ekkert um málskotsrétt, það er bara um synjun eða vísun til Alþingis aftur, ekkert um málskot, það er ekki verið að bera undir atkvæði, þjóðaratkvæði. Þetta er eins og Pétur benti á, þetta er bæði inngríp í pólitíkina, miklu „klárara“ heldur en flest annað, því að þarna er verið að, að forseti segi þinginu til um hvað á að gera, hverju það á að breyta. Og þetta er annað, sem er þó miklu verra. Þetta er það, að þetta er bara merkingarlaust vegna þess að þingið, hvað gerir það þegar það getur staðfest sjálft. Það samþykkir auðvitað bara lögin óbreytt. Og getur þá hrósað happi yfir því að þeir skrifa líka undir þingforseti og varaforseti þá, ef að forseti er veikur. Þetta gengur ekki upp. Nú, Þorvaldur minntist á það, að sér þætti nefndin hlusta illa á aðra félagi í Stjórnlagaráði. Og ég verð því miður að álykta það sama, miðað við það hvernig menn hafa látið skoðun í ljós, þegar leitað hefur verið eftir, á opnum fundum. Og, a.m.k. þrisvar sinnum sem að hefur verið látið í ljós, og nú síðast í vikunni, að augljós meirihluti ráðsmanna var fylgjandi því að forseti héldi málskotsrétti. Nú, þetta átti ég von á að kæmi fram í því að nefndinni myndi halda sig að því að flytja grein þar sem málskotsréttur væri virkur, til þjóðarinnar. En niðurstaðan er að meirihlutinn setur upp tillögu um að vísa þessu til Alþingis, og ef það kemur óbreytt þaðan aftur, þá er það gilt, án undirskriftar forseta. Það er eitt sem er mikill miskilningur í þessu held ég, frekar en mistúlkun. Það er að synjun forseta sé af stjórnskipulegum ástæðum, og verði aðeins þess vegna. Það eru litlar, sáralitlar líkur á því að synjun verði af stjórnskipulegum ástæðum, og þá er líka fáránlegt að vísa stjórnskipulegum ástæðum til þjóðarinnar, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Því að hún

getur ekki verið dómari í þeirri sök, beint, en það eru ekki stjórnskipulegar ástæður sem ráða, það eru efnisleg rök sem að mæla með þessu.

Og það er gallinn við þetta, að það segir hérna í skýringum, í báðum tillögum er gert ráð fyrir að forseti Alþingis undirriti lög fyrir hönd þingsins. Hann er ákkúrat ekki að undirrita lög fyrir hönd þingsins, hann á að undirrita lög fyrir þjóðina, fyrir hönd þjóðarinnar, sem hann er umboðsmaður fyrir. Og fyrir hönd sjálfs sín og annarra vandamanna ef svo má segja. Hann er ekki að undirrita lög stjórnskipulega fyrir hönd þingsins. Og það er þetta sem er gallinn í tillögunum, og eins og okkar tillaga líka er orðuð, sem var nú samín á sameiginlegum fundi nefnda B og C, á grundvelli þess sem þar var ráðið, af B og C. Þá er þetta að forseti er skilinn eftir svolítið bláskur eins og eðlilegt er, miðað við það sem að, afstöðu til þessa, að hann er látinn segja: „Forseti skipar ...“, já ég er kominn í annað mál hérna núna, hitt málið, það er rétt. Ég sleppi því. En um stjórnarstofnaninn. Þá er það rétt að það væri eðlilegt að tilgreina stofnanirnar en við óttuðumst svolítið kennitölulflak á þessu, að stjórnvöld, ríkisstjórnin tæki þá bara til og skipti um nafn á stofnunum. Og það væri leikur einn að gera það. Og ég, með öllum, orðum fyrir því að vilja tryggja sem mest pólitískt hlutleysi í embættismannskipunum og forstöðumönnum stofnananna, þá er það sérkennilegt að ríghalda í það að það verði hjá pólitískum ráðherra. Og ég tek undir með Þorvaldi Gylfasyni, að það hafi verið framið ráðherrarán á löngum tíma á völdum í landinu, miðað við það sem að stjórnarskrá ætlaði. Og síðast er þegar að embættismannalögin eru sett 1996, við skulum athuga hverjir eru þá við völd, og ætli Þjóðhagsstofnun hafi ekki verið lögð niður um svipað leyti. Og þegar að þetta er gert þá er aðeins fjallað um í lögum aðallega að embættismönnum séu tryggðir sömu hagsmunir, hvort þeir eru ráðherraskipaðir eða ríkisskipaðir, ekkert pólitískt prinsipp í þeim málum.

Nú, það er um stefnumálin, stefnur á hendi forseta. Það er mikið látið í veðri vaka um það að hann geti orðið fyrir stefnum og kærum. Það getur vel verið, þá verður hann ábyrgur gerða sinna. Og ef hann fer ekki að hæfnisnefndum, þá, hann á ekki gera annað heldur en að fara að tillögum hæfnisnefnda, ég gæti trúað að það væri Seðlabankinn núna eins og starfið var auglýst síðast og með skilmálum þá væri eðlilegt að forseti skipaði á grundvelli nefndar af því tagi, sem að vann það starf. En forseti, menn velja því fyrir sér hvað algengt er að stofnað sé til kærumála vegna veitingar hæstu embættis eða stofnana, það held ég að sé algengt og ég minnst aðeins tveggja dæma, þegar ég leita að þessari spurningu um það hverjir þeir væru. Það voru nefnd tvö dæmi, það var skipun Ólafs Barkar í Hæstarétt og skipun Þorsteins Davíðssonar í Héraðsdóm. Og í báðum tilvikum hafði ráðherra ekki tekið úr efsta flokki þeirra sem mælt var með. Og það er eina dæmi um pólitíska misnotkun á skipunarvaldi. Þetta ætti allt saman að segja að þetta væri betur komið hjá forseta. Og ég get engan veginn skilið, hvernig það verður allt í einu mikið pólitískt inngríp í pólitíkina að ópólitískur eða lítt pólitískur forseti skipi í stað flokkspólitískra ráðherra.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson er næstur á mælendaskrá.

EBE

Formaður, kærur félagar. Ég er nú ekki kominn hingað upp til þess að vera langmáll, heldur vegna þess að mig langar til þess að leggja áherslu á atriði sem að mér finnst vera mjög mikilvæg og kríttísk á þeim tímapunkti sem við erum stödd á núna. Ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína hér undanfarna daga að mér þykir margar þær tillögur sem fram hafa komið, um breytingar á því fyrirkomulagi sem að B-nefnd leggur til, þess eðlis að kerfið sem að við höfum verið að vinna eftir, gangi ekki lengur upp, gangi þessar breytingar eftir. Og að í rauninni sé sú vinna þá ekki lengur boðlegur grundvöllur undir nýja stjórnskipun, þar sem að gengið er gegn grundvallarþáttum í þeirri tegund þingræðis sem að við höfum lagt fram. Og þessir þættir snerta þær tillögur sem hér eru á borðinu fyrir framan okkur núna og lúta að innkomu forseta inn á hið pólitíska svið og inn í þessa stjórnskipun sem að við höfum ekki gert ráð fyrir þeirri tilhögun. Og ég fyrir mitt leyti, er orðinn mjög hugsu um það hvort að þetta kerfi sé hugsanlega þá mun lakara heldur en það sem að við höfum nú þegar við núverandi stjórnarskrá.

Það hefur líka orðið mér, kannski svona ákveðin ja, hugljómun eða ég veit ekki hvernig á að orða það, að ég hef einhvern veginn á þessari viku, orðið, á gamals aldri að feminista og eiginlega bara militant feminista, því að mér finnst stundum og Þórhildur hefur svolítið hjálpað mér að setja þetta í samhengi og greina mínar hugsanir í þessu, að það sé eins og það sé hér á ferðinni, eftir það hrun sem hér hefur orðið, einhvers konar ósk, einhver þrá eftir hinum forsjála föður, óskekikula föður. Og það sé með einhverjum hætti hægt að taka pólitíkina úr stjórnmalunum með því að færa málefni frá ráðherra og til forsetans og þar með verðum við einhvern veginn ekki lengur pólitísk, og það sem að áður var ljótt og hluti af valdabrölti, verði allt í einu fagurt og frítt og menn muni bara taka ákvarðanir út frá einhverjum allt öðrum forsendum heldur en gerist og gengur í stjórnmalunum. Og þannig finnst mér sumar þessar tillögur um skipunarvald, að skipunarvald verði fært til forseta, mér finnst þær vera því mark brenndar, og mér finnst þær ekki ganga upp, innan þess kerfis sem að við höfum hér lagt til, sem að gengur út á að tvinna saman ábyrgð og vald í hvívetna, tryggja ábyrgðarkeðjuna í stjórnskipuninni, t.a.m. þeirri að það er þjóðin sem ap kys, skv. þeim tillögum sem hér eru uppi, 63 þingmenn sem að eru í fullu starfi við það, að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Segjum nú sem svo að innanríkisráðherra skipi dómara, sem að miklar deilur standa um, hvort sem að það sé á grundvelli hæfnismats tiltekkinnar valnefndar, sem að geta nú verið svona og hinsegin, eða að hann hafi farið framhjá því. Hvað gerist þá?

Ja, það er ýmislegt sem hægt er að gera til að draga þann innanríkisráðherra til ábyrgðar. Í fyrsta lagi getur forsætisráðherra vikið honum úr embætti sjálfur, einn og sér, bara á staðnum. Í öðru lagi þá getur meirihluti þings samþykkt vantrauststillögu á ríkisstjórnina og komið henni allri frá. Í þriðja lagi þá geta ýmis stjórnsýsluapparöt í landinu, t.a.m. Jafnréttisráð og aðrir slíkir opinberir eftirlitsaðilar, sem að hafa úrskurðavald með höndum, samþykkt á hann úrskurð um að hann hafi gengið gegn lögum, eins og t.a.m. forsætisráðherra fékk á sig nú nýverið við ráðningu í forsætisráðneytinu. Og í fjórða lagi þá er hægt að draga

viðkomandi ráðherra fyrir dómstóla og dæma hann fyrir óréttmæta ráðningu, eins og Árni Mathiesen fékk að reyna nýverið. Og þetta er daglegt brauð og gerist á hverjum degi. En hvað með forseta sem að skipar í embætti mann sem að einhverjir kynnu að vera ósáttir við, burtséð frá öllum hæfnisnefndum sem að eiga það nú til að verða klíkumyndandi. Hvar er forsætisráðherrann sem getur sett forsetann af? Hvar er þingið sem getur sett forsetann af? Á að draga forsetann fyrir dómstóla? Á það að vera daglegt brauð, að forseti sé hér fyrir dómstólum? Eða halda menn í alvörunni að við það að færa stjórnvaldsathafnir til forseta, að þá gufi stjórn málin bara upp, pólitíkin bara sé fyrir bý? Ég er hræddur um að feðraveldið sem að hér er, einhvern veginn, í endurfæðingu eftir hrun sé sú goðsögn sem að feministarnir hafa einmitt bent á. Þetta er tálsýn. Þessi mynd mun hrynja til grunna. Og hvort sem að við þráum það, að vera undir verndarvæng hins forsjála föður, eða hugsanlega verða hinn forsjáli faðir, þá er þetta ekki sú stjórnskipan sem ég tel vera best fyrir Ísland og alls ekki til bóta frá því sem að nú er. Þá að þessum tillögum tveimur. Og ég skal bara ljúka þessu örsnögg. Fyrst um Staðfesting laga og málskotsréttinn. Að því gefnu að 10 eða 15% hlutfall kjósenda geti skotið málum í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem og þriðjungur þingmanna sem þarna er, að þá er auðvitað algjör óþarfi að forseti hafi þennan rétt líka. Og því myndi ég leggja til að valkostur II sé sá eini sem að er raunhæfur. Í raun er ekki hægt að hugsa sér að forseti myndi synja lögum staðfestingar sem að hvorki 15% þjóðarinnar né þriðjungur þingmanna hefðu farið fram á, og þá er valkostur I ekkert annað en leppsorðalag. Þar sem sagt er að forseti hafi einhver völd sem hann ekki hefur. Og ég hélt að við hefðum ætlað að taka slíkt út úr nýrri stjórnarskrá. Varðandi næstu tillögu um að skipa forstöðumenn sjálfstæðra stofnana, að þá erum við hér komin að kjarna þess sem að ég tel vera mögulegt innan þess kerfis sem að við höfum lagt upp með. Fyrri tillagan, ég held að Þórhildur hafi orðað það svo, að það væri henni að andskotalausu að þessi málskotsréttur forseta væri inni, ég átti nú kannski ekki hafa þetta eftir henni. Biðst afsökunar á því, og Þórhildi sérstaklega, og forsetann, og ykkur, og þjóðina. En þá er það minna mál, þó að mér finnst það furðulegt, en seinni hlutinn finnst mér bara alls ekki geta gengið upp innan þess kerfis, sem að við höfum hér lagt upp með, það riðlar því algjörlega. Og mér fyndist slíkt kerfi lakara heldur en það sem við búum við í dag, og þá er nú held ég ansi mikið sagt. Ég læt þetta duga í bili. Takk fyrir.

SN

Órn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur á mælendaskrá.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Það er rætt um málskotsrétt forsetans eða þingsins, og ég vil nú byrja á því að segja að ég hallast að valkosti I. Ég held að það verði þungur róður að taka af forsetanum þennan rétt sem hann hefur nú, en segi jafnframt að mér finnst það þurfi að setja um það skýrari reglur, því að nú er komin reynsla á þetta ákvæði. Núverandi forsetinn hefur beitt því í þriggung. Þannig að nú er komin reynsla á þetta.

Varðandi valkost II, þá vil ég þakka Pétri fyrir það sem hann sagði í því sambandi, og þakka öðrum sem

hér hafa talað um þetta mál. Og margt af því sem segi er nú kannski bara endurtekning, en endurtekning er nú hluti af lífinu. Ef forseti þarf að taka rökstudda afstöðu og vísa máli til baka, og segjum að hans álit verði undir, er hann þá ekki búinn að leggja embætti sitt að veði? Þannig að ég spyr um það, hvort að þetta sé ekki vandmeðfarin leið, þarna í valkosti II. Enda styð ég þá valkost I. Ég vil þá aðeins, já, og hérna, eins varðandi þennan málskotsrétt og ábyrgð forseta. Ég ætla líka að tala hérna um 5. greinina. Og ef að forsetinn er svona temprandi vald, hver getur þá temprað forsetann? Er það ekki þjóðin sem hefur kosið hann. Og þá er ég kominn að 5. greininni, það er nefnilega ekki bara, að mínu viti, stigsmunur á því þegar ráðherra skipar í embætti, og ef forseti gerir það. Heldur er það, að mínu viti, eðlismunur. Það er algjör eðlismunur á milli þess, með hvaða hætti ráðherra þiggur vald sitt og með hvaða hætti forseti þiggur vald sitt beint frá þjóðinni. Og gleymum því ekki að í ríkistjórn getur setið ráðherra, sem ekki hefur verið kosinn til þess, og nýtur bara trausts forsætisráðherra og ríkisstjórnar og þingsins, hugsanlega þingsins. Þannig að það er eðlismunur á þessum tveimur valdþáttum. Og, við höfum séð það að ráðherrar hafa skipað menn af frændhygli eða flokkshygli, hrokafullir og hortugir gagnvart almenningi, og komist upp með það. Og slíkt þarf að stöðva. Það þarf að stöðva slíka spillingu algjörlega, og taka fyrir hana. Ég styð málskotsrétt forseta og held að þjóðin geri það. Setja þarf um þetta reglur. Og ég held að þjóðin ... Eiríkur talaði hér um þessa föðurlegu ímynd, gott og vel. Þjóðinni finnst gott að hafa fulltrúa sinn á valdastóli, sem að er kosinn beint og hefur einhver völd, er ekki bara upp á punt. Og það held ég að við þurfum að verja, til þess að skapa jafnvægi milli valdþátta. Læt þetta duga í bili. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason. Þú ert næstur á mælendaskrá.

ÞH

Formaður, góðir fulltrúar og aðrir áheyrendur. Við erum beðin um að tjá okkur um skoðanir á þessum tveimur atriðum. Ég hef litið svo á og sagði það í aðdraganda kosninganna í haust að ég vildi gjarnan hafa forsetann sem temprandi vald, sem vald sem að veitti öðrum valdþáttum aðhald. Þannig að í grundvallaratriðum er ég fylgjandi því að hann hafi einhvers konar málskotsrétt og að hann hafi eitthvað með þær stofnanir að gera, sem að eiga að vera óháðar framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu. Nú, en í nefnd C þá ræddum við um málskotsrétt og fannst held ég flestum eða öllum, að þrefaldar leiðir til þess að skjóta máli til þjóðar, þ.e.a.s. þingmáli, væri full mikið. Við lögðum til að þriðjungur þingmanna yrði felldur út, en það væri þjóðin og forsetinn sem héldi þessu. Við fengum greinilega ekki stuðning við það að fella út þriðjunginn hérna í ráðinu þegar við kynntum þetta, fyrir viku eða svo. Þannig að hér á eftir verður kynnt tillaga um að þingþriðjungurinn komi aftur inn. Og þá finnst mér málið hafa breyst dálítið, og er nú farinn að hallast að gerð tvö, að hann geti, ef honum þykir þingmál vafasamt, vísað því til þingsins til baka. Ég held það væri ráð að reyna að huga að því hvort að Lögrétta eigi ekki að vera þar einhver milliliður. Ég hef ekki áhyggjur af því að þetta yrði ... pólitískt mál úr slíku. Ég vil

benda á þýski forsetinn, sem er að vísu þingkjörinn, en engu að síður á og er ópólitískur, hann hefur gert þetta alloft, á hreinlega þeim grundvelli að mál brjóti í bága við stjórnarskrá, eða séu ekki þingtæk, eða hvað hann vill nú kalla það. Það er svona ein undantekning þar sem að jaðrar við að hann hafi verið með pólitík. Hann, forsetinn Richard von Weizsäcker, hann skrifaði ekki undir lög um einkavæðingu flugmálastjórnar þar í landi, á þeim grundvelli að það skorti stjórnarskrárheimild fyrir, nefndi þó ekki neitt paragraf heldur bara anda stjórnarskrárinnar, og þá var það sett inn í stjórnarskrá, 2/3 hlutar þings sem gerðu það. Og eftir það varð hann að sjálfsögðu að skrifa undir. Sem sagt, ég bið nefndina að íhuga, kannski báða valkostina, en II, svona í einhverri útfærslu. Varðandi það að hann skipi forstöðumenn, þá hef ég nú ekki jafnmiklar áhyggjur af því og Eiríkur Bergmann, að það sé einhvern veginn stórvægilegt stílbrot, ég sé alveg fyrir mér vandamálin sem hann og fleiri hafa nefnt. Ég hef lýst stuðningi við það í minni nefnd, að forseti skipi dómara og ætla að standa við það, og líka ríkissaksóknara. Ég er ekki tilbúinn að ganga jafnlangt og er í valkosti I, ég mundi vilja að menn huguðu að því að einkorða þetta með einhverjum hætti, án þess þó að þurfi að telja upp stofnanir, við hreinar eftirlitsstofnanir. Og ef ég horfi á baksíðu skjalsins sem við erum með þá væri það Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið, en ekki t.d. Seðlabankinn og því síður Ríkisútvarpið. Ég er svona enn að móta mér skoðun á þessu en mig langaði að deila með ykkur mínum hugsunum. Takk fyrir.

SN

Já, þá er umræðu um þennan lið tillagna B-nefndar lokið, og ég bið Katrínu Fjeldsted, formann nefndarinnar að taka saman hérna í lokin. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, formaður. Og þakka umræður hér. Ég var nú í gamni mínu að telja saman hvernig afstaða manna hefði fallið í þessum umræðum, af því að menn hafa nú gaman af að gera svona óformlegar skoðanakannanir á því, á fundum í nefndum. Og varðandi valkost I og II um staðfestingu laga, þá voru 4 klárlega meðmæltir valkosti II og 6 klárlega valkosti I og 2 eða 3 voru að tala um að sameina báða kosti. Þannig að ég vil nú byrja á því að biðjast undan þeim orðum að B-nefnd taki ekki mark á því sem að öðrum í ráðinu finnst, svo bara við höldum því til haga. Það eru nokkur atriði sem að mig langar að drepa á. Eitt var það sem Andrés Magnússon sagði hér áðan, og ég tek undir að stjórnmalaflokkar hafi rænt völdum. Að vísu snýst pólitík um völd og völd og ábyrgð viljum við að fari saman, en ég skil alveg hvað hann á við, og ég held að við höfum öll áhuga á því, að taka geðþóttaákvæðanir og ómálefnalegar ástæður burt, sem grundvöll í skipun embættanna á Íslandi. Ég held að við séum öll sammála um það. Gísli talaði hér um þetta sama, með að ætti ekki að vera geðþóttaákvæð, og það ætti að beita hæfnisnefndum. Í tillögu okkar um forstöðumenn sjálfstæðra stofnana, sem að kemur fram sem valkostur, einmitt vegna þess að mismunandi skoðanir eru á þessum málum. Og vegna þess að B-nefnd hlustar á mismunandi skoðanir, þess vegna er þetta sett fram sem tveir valkostir. Þá var Gísli Tryggvason að tala um skipun manna í embætti. Og ég benti á það áðan að

það væri kveðið á um þetta á öðrum stað í tillögnum. Og hef fundið því stað inni í stjórnarsýslu- og eftirlit-skaflanum, en þar segir núna, inni í áfangaskjali: „við skipun manna í embætti skal einungis líta til hæfni og málefnalega sjónarmiða.“ Þetta stendur nú þegar inni, og er grundvöllur þess að valkostur II, um skipun forstöðumanna sjálfstæðra stofnana, þurfi ekki ... að sú grein þurfi ekki að vera inni. En báðir skila sér inn í tillögur B, vegna þess að hún hlustar á umræður.

Dögg nefndi það að það mætti sameina þessar tvær tillögur, sem er nú svona, viss sáttatillaga. En það er þó einn ljóður á því ráði, við ræddum þetta aðeins, að ef forseti lætur málið ganga inn til Alþingis, og þetta er tengt svona, á þann hátt sem að hún nefnir, þá lítum við svo á að forseti þurfi að fara að semja við þingið. Okkur fannst það kannski, svona, heldur erfið staða að setja forsetann í, að það væri miklu hreinna að hann gæti skilað því inn til þingsins og með rökstuddu álit. En það væri síðan þingsins að kveða upp úr með það hvernig málinu lyktaði og þá gengum við auðvitað út frá því að þriðjungur þingmanna hefði þá möguleika á að vísa málinu til þjóðarinnar, þ.e.a.s. stjórnarandstaða þá, þyrfti ekki að sitja undir ofríki stjórnarmeirihluta og gæti leitað fulltingis þjóðarinnar. Og sömuleiðis að þjóðin hefði, að eigin frumkvæði möguleika á að koma að málinu. Þannig að ég sé svona viss vandkvæði á því að sameina þessar tvær greinar, þó ég taki viljann fyrir verkið og veit hvað henni gengur til. Ég sammála Katrínu Odds að þetta er of vítt orðalag, að kalla, að nefna bara stofnanir, sjálfstæðar stofnanir, og það hefur komið auðvitað fram hér í máli Þorkels að það mætti tiltaka og hann tiltók sérstaklega með dómara og ríkissaksóknara, sem dæmi um embætti sem hann vildi hafa með þeim hætti að forseti skipaði þar í. Við hurfum frá því að telja upp nöfn stofnana í okkar tillögu. Þorvaldur, ég var nú búinn að segja þetta að ég bæðist undan því að B-nefnd hlustaði ekki á meirihluta ráðsmanna. Ég held að við gerum það einmitt og setjum fram valkosti í okkar tillögum, einmitt þess vegna. En hann segir að það sé brýnt að málskotsréttur forseta haldist. Og við höfum verið að reyna, og ég ætla að segja það enn einu sinni, að koma almenningsi að málum og að verja minnihluta þingsins, og þess vegna eru settar fram tillögur um 1/3 þingmanna og 10% kjósenda, sem mér skilst að C-nefnd sé að breyta, þeirri prósentutölu. Og þá hvort að forseti hefur þá sem þriðja þrepið í þessu, möguleika á aðkomu. Ég get alveg sætt mig við það, ég er ekkert á móti málskotsrétti forseta í sjálfu sér. Mér finnst hann bara mjög jákvæður. Mér finnst hins vegar ennþá jákvæðara að hleypa þjóðinni fyrr að, og að gefa minnihluta þings möguleika á að koma að málum, til að leita til þjóðarinnar.

En ég er nú svona að lýsa mínum skoðunum á þessu, en enn eitt er það þegar frumvörp eru í vinnslu, að þá sé hægt að leita til Lögréttu um formsatriði, stjórnarskrá og að lög séu rétt samin, eða frumvörp. Og síðan auðvitað hefur umræðan verið um stjórnarsýsludómstól sem væri þá hægt að vísa lögum til, til að fá úrskurð um gildi þeirra og hvort þau stönguðust á, t.d. við stjórnarskrá. Þannig að þá eru komnir svo margir þættir, að maður gæti haldið að lagasetning á Alþingi væri bara eitthvað rosalegt rugl og kaos, en ég meina, það er það auðvitað ekki. Ég meina, flest lög frá Alþingi auðvitað, eru bara ágæt og eru þjóðþrifamál

og skila þjóðinni fram á veginn. En við erum að setja stjórnarskrá og lög, auðvitað til þess að reyna að setja upp varnarveggi ef það bregst. Og loks með forsetaembættið, þá dettur mér ekki í hug að hroki og spilling í embættisveitingum sé einskorðað við einhverja sérstaka einstaklinga og að það sé bundið við ráðherra en ekki einhverja aðra. Ég held að þessi mannlegi veikleiki sé mögulega allstaðar. Og ég er voðalega hrædd um það að ef pólitískum verkefnum er í vaxandi mæli komið fyrir hjá forsetaembættinu, þá þýðir það mun pólitískari framboð til forsetaembættisins. Og ég vil síður sjá það. Ég vil frekar sjá forsetaembættið hafið yfir dægurþras þjóðfélagsins. En við tókum auðvitað mark á þessu öllu sem hér hefur komið fram, og þessar tillögur voru að sjálfsgöðu lagðar fram til kynningar. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka nefnd B fyrir tillögurnar, formanni hennar fyrir kynningu og samantekt og hér umræður um þessar tillögur. En næst eru tillögur B-nefndar, sem eru lagðar fram til afgreiðslu, og þær eru um stjórnarmyndun, setutíma ráðherra, þingforseta, þingnefndir, meðferð þingmála, náðum og sakaruppgjöf og ég gef formanni nefndarinnar Katrínu Fjeldsted orðið. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það. Þær tillögur sem hér liggja fyrir og formaður hefur talið upp, eru breytingartillögur á þeim texta sem þegar farið inn í áfangaskjal og koma til eftir umræður í B-nefnd og á sameiginlegum nefndarfundum sömuleiðis. Nú ég ætla bara í stuttu máli að fara yfir breytingarnar. Þá er fyrst um stjórnarmyndun og breytingartillagan núna, eða breytingartillagan er sú að ... byrja aftur. Í áfangaskjali var ekki kveðið á um það hver skipaði forsætisráðherra í embætti fyrir hönd Alþingis. Niðurstaða B-nefndar er að það skuli vera forseti Íslands. Þannig að það er fyrsta breytingin frá núverandi áfangaskjali. Síðan höfum við bætt inn klausu um viðræður í þinginu og hvernig skipa ríkisstjórn. Og ég ætla að lesa þann texta og hann er svohljóðandi: „Til undirbúnings kosningunni, fara fram viðræður í þinginu um stjórnarsáttmála og skipan ríkisstjórnar. Á grundvelli þeirra viðræðna og eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn, gerir forseti Alþingi tillögu um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir þingforseti nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt, fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir. Sá er flest atkvæði hlýtur, er réttkjörinn forsætisráðherra. Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en 10. Þá tilnefnir forsætisráðherra ríkisstjórn sína og leggur fyrir Alþingi til samþykkis svo fljótt sem verða má. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar vinna eioð að stjórnarskránni er þeir taka við embætti.“

Eins og ég sagði, þá sneri umræðan að því hver ætti að skipa forsætisráðherra og niðurstaða nefndarinnar var sú að það skyldi vera forseti Íslands. Það spunnust umræður í nefndinni hvort það ætti að vera einhvers konar viðlaga ákvæði varðandi stjórnarmyndun, og þá eru menn að hugsa um t.d. mögulega utanþings-

stjórn. Það er einnig með ..., og við teljum að það falli innan þessa orðalags, og sömuleiðis minnihlutastjórn, sem getur verið neyðarúrræði, ef þingið ekki kemur sér saman. En auðvitað verður jafnframt að taka fram að í flestum tilvikum gera menn ráð fyrir því að þingið nái saman um þessi mál. Næsta grein er um setutíma ráðherra. Þar vorum við í áfangaskjali með þrjá valkosti. Einn var að yrði ekkert ákvæði um hámarksetutíma ráðherra, annar var að enginn gæti gegnt embætti forsætisráðherra lengur en 12 ár samtals, og þriðji valkosturinn sagði, „enginn getur ráðherraembætti lengur en 8 ár samtals, sé um að ræða embætti forsætisráðherra má lengja setutíma í 12 ár.“ Og eftir miklar umræður og yfirferð um þetta atriði, endum við á því að taka þessa valkosti út og leggja til orðalagið „enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár.“

Þá kemur kafli um Alþingi. Þar er grein um þingforseta, sem er í áfangaskjali, og við breytum aðeins orðalagi þarna, til að taka af allan vafa um það að varaforsetar þings, Alþingis, séu staðgenglar þingforseta, t.d. kemur það inn í undirritun lagafrumvarpa. Ef forseti Alþingis er fjarstaddur eða forfallaður, að þá gegna varaforsetar þingsins þeim hluta starfs hans skv. þessu. Og greinin segir þá: „Alþing kys sér forseta með 2/3 hluta atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil, skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseti. Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnarsýslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu.“

Næsta mál eru þingnefndir. Í áfangaskjali var innan hornklofa upptalning á nokkrum nefndum, þ.e.a.s. þar voru fjárlaganefnd, eftirlits- og stjórnskipunarnefnd, utanríkismálanefnd, sérstaklega nefndar. Og auðvitað má segja að þetta séu mikilvægar nefndir, en niðurstaða okkar er að telja ekki upp nefndirnar, í þessari grein. Þeirra er getið í öðrum greinum, þar sem um málefni þau er fjallað sem að þau sinna. Og þess vegna segir orðalag okkar: „Alþing kys fastanefndir til að fjalla um þingmál og sérnefndir eftir því sem við á. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum.“ Það er reyndar líka komið inn þetta með sérnefndir, þ.e.a.s. fastanefndir eru þá þær nefndir sem eru kosnar til heils kjörtímabils, þ.m.t. alþjóðanefndir en sérnefndir eftir því sem við á. Næst komum við að meðferð þingmála. Þar vorum við með í áfangaskjali að ekkert lagafrumvarp megi samþykkja fyrr en það hafi verið rétt við þrjár umræður á Alþingi. Þar settum við innan hornklofa, sömu heimild til að fullgilda þjóðaréttarsamninga. Og loks vorum við með orðalag um þingsályktunartillögur. Við höfum einfaldað þetta nokkuð. Við höfum tekið út þetta með þingsályktunartillögur. Og við höfum, þótt mörg okkar hafi séð möguleika á því að umræður um frumvörp yrðu einungis tvær en ekki þrjár, þar sem umfjöllun í þingnefnd í upphafi ferilsins geti kallast fyrsta umræða, af því hún er ítarleg og þar fer vinnan fram, þá sjáum við í rauninni ... við höfum, svona, látið undan þrýstingi með þetta og höfum ákveðið að hafa þarna inni þrjár umræður um lagafrumvörp. Þannig að orðalagið á greininni er þá svona: „Frumvörp og tillögur alþingismanna, skýrslur til Alþingis og frumvarpsdrög og tillögur frá ríkisstjórn, eru tekin til umföllumunar og með-

ferðar í þingnefndum, áður en þau eru flutt og rædd á Alþingi. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðaréttarsamnings, sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn, eða ráðherra, eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu. Þingmál, sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu, falla ekki niður fyrr en við lok kjörtímabils. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.“ Nú það má svo sem ímynda sér að það sé hægt að kalla meðferðina inn í þingnefndunum fyrstu umræðu en þingið ákveður það þá í þingskaparlögum.

Nú loks kemur kafli um forseta. Þar vorum við með grein um náðun og sakaruppgjöf og þar hafði fallið út, fyrir okkar handvömm, orðalag sem átti að vera þar. En greinin hljómar núna svona: „Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka, að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna ráðherra-ábyrgðar, nema með samþykki Alþingis.“ Það er jú, eins og menn vita ákveðin náðurnarnefnd, og ákveðið fyrirkomulag á því, hvernig að náðun geti verið staðið, og við ætluðum ekki með okkar upphaflegu orðalagi að breyta því verklagi.

SN

Takk fyrir. Þá er orðið laust um tillögur B-nefndar. Það er Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég get nú ekki vikist undan þeirri hefð að tala hérna nr. 2. Hérna, mig langaði aðeins bara rétt að fara yfir þetta, gera grein fyrir nokkrum atriðum. Við, eins og menn kannski muna, þá kynntum við upphaflega frá nefnd B, tillögu um stjórnarmyndun, sem var, svona, nokkuð innvikluð, og gerði ráð fyrir allt að fjórum umferðum til að kjósa forsætisráðherra í þinginu. Nú, það þótti svona svolítið vera í flóknari kantinu og við kynntum þá breytingu og einfölduðum þessa grein aftur, en samt alltaf með það í huga að við myndum útfæra þessa kosningu forsætisráðherra með nákvæmari hætti, og það gerum við núna. Og það sem þarna er um að ræða er að það eru þá allt að því tvær umferðir sem fara fram í þinginu, til að reyna að ná meirihlutastuðningi við forsætisráðherra. Ef að það tekst ekki í tveimur umferðum, að þá fer fram þriðja umferðin sem er þannig að það er einfaldlega sá sem flest atkvæði hlýtur, í kosningunni, sem verður forsætisráðherar. Og þá er ekki áskilið að það þurfi að vera meirihluti atkvæða, heldur einfaldlega sá sem að flest atkvæði hlýtur. Og í þessu vil ég líka gera grein fyrir því að orðalagið er þannig að sko, verði þessi seinni tillaga þingforseta um meirihluta ekki samþykkt, fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir. Og það orðalag þýðir að þetta þurfi ekki að vera þingmenn, sem að eru fram boðnir. Þetta geta verið utanþingsmenn, þ.e.a.s. það geta verið tillögur um utanþingsforsætisráðherra. En slík tillaga þarf að vera samt borin fram af einhverjum þingmanni. Þannig að menn átti sig á því, það er gert ráð fyrir þeim möguleika að það gætu orðið utanþingsforsætisráðherra, og að sjálfsögðu geta ráðherrar einnig verið utanþings. En þarna kæmi þá allavega inn stjórn sem að væri kjörin, þó að væri með minnihluta

á Alþingi og ég vek samt athygli á því að auðvitað ef það myndast síðan meirihluti á Alþingi, þá einfaldlega samþykkja menn vantraust á þennan forsætisráðherra. Og það er þá svona, jákvætt vantraust eða konstrúktíft, þar sem að menn tilnefna nýjan forsætisráðherra í staðinn og hann taki þá við. Þannig að um leið og meirihluti myndast í stað þessa minnihlutaráðherra, þá yrði hann settur af eða skipt um hann.

Og sömuleiðis nefni ég það að ef að það er einhvers konar kaos í gangi í þinginu, þá getur þingið farið fram á þingrof. Meirihluti þings getur alltaf óskað eftir þingrofi og nýjum kosningum, skv. okkar tillögum. Og þetta er að finnskri og að hluta þýskra fyrirmynd, þetta fyrirkomulag. Og í Þýskalandi hefur það t.d. aldrei gerst að það hafi komið til þessar þriðju umferðar, menn leysa málið alltaf áður en að til þess kemur. Það allavega hefur verið sagan þar. Síðan vek ég athygli á því að við erum að koma þarna með breytingartillögu um að ráðherrar skuli ekki vera fleiri en tíu, og það er þá líka til þess fallið að hámarka fjölda atkvæða í ríkisstjórninni, sem fjölskipuðu stjórnvaldi, því að við erum með það núna í okkar tillögum, að um mikilvæg og stefnumarkandi málefni, getur ríkisstjórnin tekið ákvörðun sem fjölskipað stjórnvald. Og það eru þá þessir ráðherrar, sem að geta þá mest verið tíu, sem taka þátt í þeirri ákvörðun, þegar að um hana er að ræða. Og svo held ég að annað skýri sig nú að miklu leyti sjálft, en ég vil samt segja um nr. 12, meðferð þingmála. Við erum sem sagt að hugsa meðferð þingmála þannig að þau þingmál sem koma, hvort sem er frá alþingsmönnum eða frá ríkisstjórn, frumvarpsdrög frá ríkisstjórn, ganga fyrst til nefndar í þinginu. Þar eru þau tekin fyrir og rædd með aðkomu bæði stjórnar og stjórnarandstöðu eftir þeim reglum sem að um það gilda. Og síðan koma þau út úr nefnd og það er þá annað hvort formaður nefndar eða annar talsmaður þingnefndar sem að talar fyrir viðkomandi frumvarpi, geri upphaflegur flutningsmaður það ekki sjálfur, sem sagt þingmaðurinn. En þarna er þá líka kominn sá farvegur að við erum ekki að gera ráð fyrir því, eins og menn vita, að ráðherra flytji mál á þinginu. Heldur gengur þingmálið, mál frá ríkisstjórninni inn í þingnefnd og það er þingnefndarformaður sem talar fyrir því. Og þetta er ákveðin, bæði formleg og efnisleg leið, til að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdarvald. Nú, við ..., sem sagt bæði í Svíþjóð og Finnlandi t.d., þá eru frumvörp síðan rædd við tvær umræður, eftir þau hafa verið afgreidd út úr nefnd, en á Íslandi hefur það tíðkast að hafa þessa fyrstu umræðu, þar sem að mælt fyrir máli og það fer síðan til þingnefndar. Það hefur stundum gerst hér, að menn hafa lagst í umræðu, í fyrstu umræðu um mál, og það eru dæmi um það að fyrsta umræða hafi tekið marga daga. Við vorum nú svona kannski að vonast til þess að spara þetta, og fækka umræðunum niður í tvær. En eftir ítrekaðar umræður í nefndinni þá var nú ákveðið að það væri kannski dálítill áhætta í því fólgin, og við vildum vera varkár í því og höldum okkur þarna við þá þrjár umræður. En hugsanlega verður þó ein þeirra í raun og veru kannski ósköp stutt og aðalatriði máls verða rædd og síðan afgreidd í tveimur umræðum. Og svo er síðasta, þá var um að ræða sem sagt, með náðun að við þurfum auðvitað að taka það fram í þessu tilviki að þetta er að tillögu ráðherra, þetta er ekki geðþóttavald forsætisráðherar að náða menn. Takk fyrir.

SN

Já, þá er Ómar Ragnarsson næstur á mælendaskrá. Eins og þið heyrðuð hérna ávæning af þá er líklega ekki hægt að vera með fund hérna mikið lengur en til fjögur. Þannig að við höfum stuttan tíma, ég bið ykkur um að hafa það í huga þegar þið talið. En ég ætla líka að loka mælendaskrá eftir að Ómar hefur talað. Gjörðu svo vel, Ómar.

ÓR

Já formaður, aðrir sem mál mitt heyra. Hér hefur verið talað um þýska sögu. Þýska kerfið er svo gott að við þurfum ekkert betra, getum bara hent forsetanum út og allt í góðu með það. Hvernig væri nú að skoða íslenska sögu? Á hún ekki erindi til okkar? Og þá skulum við bara fara í það sem að mér finnst vanta í þessar tilögur. Hvað á að gera þegar að ekki er hægt að mynda ríkisstjórn eftir þessu þýska fyrirkomulag. Ég sé ekki að fyrir því sé séð. Og nú ætla ég að færa rök fyrir því af hverju það þarf að vera. 1942 tók Sveinn Björnsson ráðin af Ólafi Thors og Hermannni Jónassyni sem voru búnir að stefna íslenskum stjórnáttáttum í algjört öngþveiti og blindgötu. Hann myndaði utanþingsstjórn, við erum búin að fara í gegnum þetta áður. En at-hugið hvaða þýðingu þetta hafði. 1947 stefndi aftur í það sama, Hermann og Ólafur gátu ekki setið saman í stjórn. Hann setti pressu á þá, fólk vissi að hann myndi mynda utanþingsstjórn. Þar af leiðandi fundu það ráð að Stefán Jóhann Stefánsson varð forsætisráðherra, og þeir viku til hliðar, þessir tveir foringjar, sem gátu ekki þolað hvor annan. 1949 var aftur pressa, fyrst minnihlutastjórn sem var felld, og þá var enn tekinn búnaðarmálastjóri, og reyndar þingmaður líka, Steingrímur Steinþórsson, til þess að bjarga málum, en af hverju var það? Það var vegna þess að forseti Íslands hafði, tekið sér þetta vald, eða hvað? Hann hafði þetta vald. Og þá segja menn, þessir forsetar sem við höfðum hérna í gamla daga, þeir voru ekkert pólitískir, þeir bara sátu á friðarstóli og gerðu ekki neitt sem var pólitískt. Það er nú eitthvað annað. Það vill til af því að ég er elstur hér í salnum, að ég man eftir því hvernig þjóðin leit á Svein Björnsson. Hann naut gríðarlegra vinsælda, og þó hafði stór hópur sjálfstæðismanna hafnað honum á Þingvöllum sem forseta. Var hann þá ópólitískur? Aldeilis ekki. En honum tókst, sem persónu sem var þjóðkjörinn að koma sér á þennan stað. Þetta hefur ekkert með feðraveldi að gera, þetta hefur með persónu að gera.

Höldum áfram. Næsti forseti, er hann ópólitískur? Ekki aldeilis. Hann er búinn að vera bæði í Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum, búinn að vera forseti Alþingis, sameinaðs þings, og er Ásgeir Ásgeirsson. Menn telja að 1959 hafi hann í krafti þess hvað hann þekkti vel íslenska pólitík, getað myndað minnihlutastjórnina og komið Viðreisnarstjórninni á. Naut hann einhverra sérstakra óvinsælda sem pólitískur forseti? Aldeilis ekki. Glæsilegur maður, allt frá Þingvöllum 1930 og þangað til hann lét af embætti 1968. Ég er búinn að fara í gegnum það, þessa 12 frambjóðendur sem hafa boðið sig fram, frá 1944 til 1996. Og hvað kemur í ljós? Níu þeirra eru pólitískir og aðeins þrjú eru ópólitískir og það var reynt að klína pólitík á þá alla. Menn halda að menn geti komist út úr þessu öllu með því að hafa forsetann ópólitískan, og það muni enginn bjóða sig fram sem ekki kemur úr pólitík. Ég ætla ekki að

fara í gegn um það allt, ég er bara búinn að telja þetta. 1952 kemur Bjarni Jónsson og er með tvo stærstu stjórnmalaflokkana á bak við sig beint, Gísli Sveinsson er búinn að vera forseti sameinaðs þings, hvað er hægt að tala um meiri pólitík en þetta. Síðan kemur 1968, Kristján Eldjárn er ópólitískur, það var reynt að klína á hann að hann væri vinstrimaður og allt það, en Gunnar Thoroddsen var að sjálfsgöðu pólitískur. Kristján Eldjárn naut mikilla vinsælda. En ég minni á það, að 1979-1980 og líka 1978, í stjórnarmyndunum þá, var það alltaf á bakvið að Kristján Eldjárn hafði valdið til þess að mynda utanþingsstjórn, og ég held að allir þeir sem að hafa stúderað stjórnmal, hljóti að bera því vitni, að þetta vald réði úrslitum, hvernig sem að þetta gengur nú í Þýskalandi eða einhvers staðar í öðru landi heldur en hér, þar sem að allir þekkja alla. Og ég segi bara, ég lýsi eftir því að við lítum á þá sérstöðu sem íslenskur forseti hefur. Það var reynt að klína vinstri stimpli á bæði Vigdís og Kristjáni, þau nutu mikillar virðingar og urðu að beita þessu pólitíska valdi hvað eftir annað, þó óbeint væri. Ég tel, miðað við það að hér varð hrún, sem engum datt í hug að gæti orðið, ekki einu sinni hálfu ári fyrr, því fleiri útgönguleiðir sem við búum til fyrir þessa þjóð, til að komast út úr vandræðum, sem eru ófyrirséð, því betra.

SN

Já. Takk. Þá er mælendaskrá lokað, og hún hefur líka lengst svoltið, þannig að næstur á mælendaskrá er Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Mig langar fyrst að taka undir með Ómari, hann rakti það mjög vel með sögulegum íslenskum fordæmum að forseti hefur verið og hefur þurft að vera, valdtemprandi aðili. Og a.m.k. þrjú af þeim fimm forsetum sem við höfum haft, hafa verið einmitt sterkir, ef svo má segja, í jákvæðum skilningi, þ.e.a.s. þeir hafa veitt aðhald, þegar þar þurfti á að halda og haft pólitískan eða flokkspólitískan bakgrunn ... jafnvel flokkspólitískan. Og þó voru hinir tveir forsetarnir sem voru svona meira í menningar- og sameiningarhlutaverki, þeir voru ekkert í vasanum á ríkisstjórnarmeirihluta hverju sinni, þannig að ég lít svo á að þetta sé svoltið goðsögn, að forseti Íslands hafi alltaf bara verið svona einhver puntudúkka. Hann á ekki að vera það og hefur ekki verið það. Þess vegna vil ég nú andmæla þessum orðum Eiríks Bergmann, að við feministar gerumst nú sekir um að vonast eftir feðraveldi. Þetta má alveg eins vera sterk kona, sem að veitir flokksvaldinu, flokksræðinu aðhald. Og það er auðvitað rétt hjá Eiríki að pólitík hverfur ekki, þó hún sé falin fagnefnd eða forseta, en hún verður minna flokkspólitísk. Það er auðvitað alltaf pólitík þegar maður hefur eitthvert hlutverk eða vald, en síður flokkspólitísk og hagsmunapólitísk held ég að hún verði. Og þó hún verði pólitísk, þá verður allavega flokkspólitíkin í bakgrunni og fær aðhald frá forseta. Þetta er nú kjarninn í því sem að ég vil meina og þess vegna vil ég ekki draga um of úr valdi forseta, og jafnvel auka það lítilla. Og ég skynja það að meirihluta ráðsins sé á þeirri skoðun. Og það verðum við í B-nefnd að rétta okkur eftir. Nú, aðeins varðandi þá breytingu sem að Vilhjálmur lýsti aðeins, það er feitletrun hérna í 3. lið um stjórnarmyndun.



Ég var nú fjarverandi þegar nefndin fjallaði um þetta, en ég vek aðeins athygli á því að þegar sagt er að „er forsætisráðherra réttkjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna,“ að þá erum við að víkja frá því sem að hefur verið. Hingað til hefur meirihluti þings þurft að styðja eða veita hlutleysi í ríkisstjórn, en þarna getur sem sagt sá sem fær flest atkvæði ... já, það er seinna í ákvæðinu, sá sem fær flest atkvæði, hann verður réttkjörinn forsætisráðherra. Þannig að maður sem fengi 25 atkvæði en annar 20 og einhver þriðji eitthvað færri, að þá væri forsætisráðherra réttkjörinn með 25 atkvæðum. Og ég er ekkert endilega að andmæla þessu, ég bara vek athygli á að þetta er nokkuð mikil breyting frá því sem nú er. Nú þá vil ég lýsa mig ósammála þessu nýja ákvæði um að ráðherrar skuli ekki vera fleiri en tíu. Ég tel þetta full takmarkandi, þó að það sé nokkur sátt um það, hjá þjóðinni held ég, að ráðherrar skuli ekki vera mikið fleiri, svona að jafnaði. En þetta getur kannski takmarkað svólítið stjórnarmyndun þegar margir flokkar þurfa að koma að borði. Síðan langar mig aðeins að áréttu sem að Vilhjálmur sagði. Hann vakti athygli á þarna, feitletruðum nýjum punkti í 12. lið, um að það er kannski ein stærsta stefnubreytingin sem við erum að vinna að í B-nefnd, að frumvörp verði, ef ekki til í þingnefnd, þá verða þau fyrst umfjölluoð þar, þannig að ráðherrar geta ekki lengur lagt frumvörp beint fyrir þingið, heldur þurfa þeir að hafa þingnefnd eða þingmenn sem millilið. Aðeins síðan um næstsíðustu mgr. í 12. lið, þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu. Það hefur nú sjálfsgagt verið bent á þetta í greinargerð áður, en þetta er sem sagt mikilvæg tillaga til þess að draga úr því að mál séu söltuoð og falli sjálfkrafa niður eftir árs þing. Það sem sagt gerist ekki fyrr en eftir þá fjögur ár, eða við lok kjörtímabils. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Já, kærur vinir og kærur vinir í B-nefnd, takk. Ég er nú orðin svona sérstök talskona snappsins, hérna, í þessum hópi, og ég veit nú ekki alveg ... en ég sko, er að velta fyrir mér, er mögulegt að stjórnarmyndunargreinin eins og hún er núna, bjóði upp á, sko valdarán forseta Alþingis. Af því segjum sem svo, jafnvel þó að 2/3 hafi ... nú, kemur svona ólíkleg, alveg ótrúlega ólíkleg dæmisaga. En ég bara er með áhyggjur af því að við séum ekki alveg með allt vatnshelt, sko. Nú er búið að finna forseta Alþingis og hann tilnefnir bara einhvern óvinsælan alþingismann sem ráðherra, og nær ekki kjöri, þá tilnefnir hann bara einhvern snarklikkaðan vin sinn úti í bæ. Sá nær ekki kjöri og þá allt í einu núna lítur út eins og það verði að kjósa á milli þessara tveggja, samt. Og ég veit það hlýtur að vera einhvern veginn hægt að bola forseta Alþingis í burtu. En af því það er enginn tímarammi á hversu langur tími er gefinn til að mynda stjórn, þá gæti þetta samt gefið einum manni eða konu tækifæri til að halda einhvern veginn í hendi sér sko, því að stjórnkerfi þjóðarinnar komist ekki í gang. Þannig að ég bara spyr hvort að þetta sé einhvern veginn hægt að koma í veg fyrir eitthvað svona, þó þetta sé harla ólíklegt, og mjög furðulegt. En ég hef lært það af Pawel vini mínum að maður á alltaf að hugsa um ólíklegustu hluti þegar

maður er að skoða þetta allt saman. Og svona, einhvern veginn, ég er búin að heyra mikið um drepsóttir og flugslys og eitthvað og þá bara verður þetta að falla í þann flokk og ég biðst afsökunar að ég sé ekki með eitthvað gáfulegra.

Og svo spyr ég líka hérna með 4. greinina. Nú er búið að segja, „enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en 8 ár.“ Ég fæ þínu áhyggjur af því að fólk verði mjög þaulsetið, ef að það hefur áhuga á því sko, þetta býður náttúrlega upp á, eins og Lýður myndi eflaust orða það, ráðherrakapal fram og tilbaka. Og við kannski losnum ekki við fólk sem einhvern veginn telur sig vera betur til þess fallið að stýra en allir aðrir, þannig að ég veit ekki alveg. Ég er svona aðeins meira svag fyrir þessum þriðja valkosti, en ef að þið teljið þetta bestu leiðina, þá er það þannig. En ég samt spyr, er ekki þessi hætta komin upp á að fólk bara svona mjaki sér yfir í næsta sæti og næsta sæti og næsta sæti, og er þá kannski ákvæði okkar betur bara sleppt, en að hafa þetta inni, af því mér finnst þetta vera einhver svona, aðeins of mikill málamyndabragur á þessu. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Formaður, góðir fulltrúar. Mig langar gera tvær at-hugsemdir. Fyrst um stjórnarmyndunargreinina. Þar er forseta Alþingis falið frumkvæði að stjórnarmyndun, en annars staðar í tillögunum kemur fram, að Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Ég sé fyrir mér, í ljósi reynslunnar að Alþingi geti átt mjög erfitt með að koma sér saman um 67% meirihlutastuðning við þingforseta, áður en menn hafa hugmynd um hvers konar meirihluta-stjórn verður mynduoð. Þarna sýnist mér vera boðið upp á hættu á töfum, á strandi. Og það er þess vegna sem ég er ennþá þeirrar skoðunar sem ég hef lýst áður og það hefur Ómar Ragnarsson einnig gert og aðrir, að betra væri að forseti Íslands héldi því frumkvæði að stjórnarmyndunum sem hann hefur í gildandi stjórnarskrá. Og ég bið menn enn um að velta því vel fyrir sér. Hitt atriðið varðar möguleikann á skipun utanþingsstjórnar. Við Ómar höfum flutt margar ræður um málið, hér í ráðinu, Ómar nú síðast áðan, mál hans gat varla skýrara verið því að saga Íslands veitir svo skýra leiðsögn um hættunarn sem að fylgja því ef forseti Íslands hefur ekki heimild til þess að grípa framfyrir hendurnar á stjórnámálönnunum sem að geta ekki talast við. Og þess vegna ætlum við Ómar að endurflytja þá breytingartillögu sem við fluttum hér formlega fyrir nokkrum vikum, en sem við sjáum ekki nein merki um að B-nefndin hafi fjallað um. Og ég bið formann B-nefndar að skoða, í því ljósi, þau orð sem ég hafði um hlustun B-nefndarinnar áðan. Mig langar einnig að boða breytingartillögu frá Gísla Tryggvasyni og Pétri Gunnlaugssyni og mér, um ákvæðin sem við töluðum um áðan. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, takk. Mér finnst ég eiginlega neyðast til þess að taka aðeins undir orð Þorvaldar hér áðan, að mér finnst

B-nefndin frekar treg til þess að taka við athugasemdum annarra ráðsliða. Og sé svoltið föst í sama heygards-horninu. Sko vandamálið í þessum tillögum í heild, er að mínum dómi það, að við erum alltaf með þetta sama bit-bein, það er aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Ég tel það engan veginn nóg, þó að þingmaður víki af þingi og gerist ráðherra, yfirleitt forystumaður í sínum flokki, ég er alveg klár á því að viðkomandi aðili, hann hættir ekkert og missir ekkert sín ítök í flokknum við það, það heldur alveg áfram. Þannig að mér finnst verið að búa til þarna ákveðinn sýndarveruleika. Og við erum ekki að dreifa valdinu og við erum ekki að sinna þeirri skyldu okkar, miðað við það sem á undan hefur gengið, að það sé eitthvað eftirlit með þessum tveimur valdþáttum. Og þetta finnst mér vera svona í hnotskurn vandamál við þessar tillögur B-nefndar.

Og þess vegna komum við hin, kannski með einhverjar tillögur til úrbóta að okkar mati, til að þjóðin hafi einhver tól til þess að bregðast við. Við sjáum það bara á Alþingi núna, við höfum engin tól til þess að bregðast við þingliðinu. Við sitjum uppi með sama fólkið þó við vildum örugglega mörg hver losna við það. Við höfum bara engin tól til þess. Og, ég segi að við höfum þrjú tæki, í þessari stjórnarskrá. Eitt er nátturlega þjóðin sjálf, það erum við, annað er forsetinn, og hann er þjóðkjörinn og þriðja er þá þingið. Og ég verð að segja eins og er, að eins og t.d. við sjáum núna í tillögum C-nefndar, sem eru í áfangaskjali, við erum búin að hækka þessa tölu frá 10% upp 15%. Og með formkröfum, að fá 34.000 manns, til þess að skrifa undir yfirlýsing þess efnis, ef á að breyta lögum eða hnekkja þeim. Þetta er bara alveg gríðarlega erfitt. Og að mínum dómi erum við búin að breyta þessu í innantóma yfirlýsingu um eitthvað sem við viljum sjá, en verður aldrei virkt. Og þess vegna verð ég bara að segja eins og er, að þá situr í raun eftir ekkert annað en þingið og forsetinn. Og gallinn við þessa þinglegu leið, við höfum náttúrliga marg oft farið yfir það í C-nefnd, og það er það að þetta gæti orðið misnotað. Og einnig hitt, að þarna erum við aftur með eitthvað sem á uppsprettu sína í þinginu. Þjóðin og forsetinn eiga það ekki. Ég bara segi eins og er, að mér finnst betra að hafa þetta bara algjörlega óbreytt og breyta engu, hvorki um stjórnarmyndun né skipan ráðherra, né málskotsrétt forseta, heldur en að halda áfram á þessari braut. Takk.

SN

Við ætlum að gera núna örstutt hlé. Fá okkur einn kaffibolla. Og ég ætla að biðja formenn nefndanna að hitta okkur hérna inn í herbergi nefndar C. Takk.

SN

Já, þá höldum við áfram fundinum. Og næstur á mælendaskrá er Andrés Magnússon.

AM

Skein yfir landi sól á sumarvegi og silfurgráan Eyja-fjalla ..., silfurbláan. Ég ætla bara að fara með ljóð þar til fólk er komið ... að hlusta á mig. Ég get ekki byrjað að tala þegar það er enginn hér inni. ... Eða hvað?... Er ætlast til þess?

SN

Fundurinn er byrjaður aftur og ég bið ...

AM

Jæja, þá byrja ég bara. Eða hvað, er ekki fundafært skv. formanni C-nefndar?

PB

Það er ekki fundafært skv. formanni C-nefndar fyrr en allir hafa sest [Hlátur].

SN

Fólk vill greinilega draga þennan fund á langinn.

AM

Er fundafært ef helmingur er inni, eða hvað?

SN

Aðalspurningin er nú kannski hvort við getum klárað B? Þannig að ..

[Fólk tínist inn ...]

SN

Það er fundafært. Já, gjörðu svo vel.

AM

Góðir ráðsmenn. Ég ætla bara, til þess að hafa þetta ekki of langt, bara að tala um 3. greinina, sem er fyrst hér og mig langar að þakka nefndarmönnum í nefnd B kærlega fyrir vel unnin störf, og þið eruð frábær, eins og Kata segir að maður eigi að segja. En þið eruð það líka. En mér finnst þetta dálítið svona kannski í smáatriðum verið að segja fólki það skulu hugsa og það skuli tala saman og komast að samkomulagi og svona. Ég er að pæla í því hvort það sé ekki eitthvað „selvfölgeligheder“ hér og þessi texti vera svoltið langur. En kjarni máls er, eins og Lýður segir, að það er ekki verið að greina milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það er ekki verið að vinna að þrískiptingu valdsins. Og það kemur vel í ljós af skrifum Gylfa og Ólafs, sem að við höfum verið að vitna í núna að undanfögnu, að það var þannig að löggja..., þetta var ágætlega aðskilið í þingbundinni konungsstjórn. Þar var konungurinn með framkvæmdarvaldið og þingið með löggjafarvaldið. Hins vegar var það alltaf að reyna að toga til sín meiri völd frá konungnum og fékk að hafa meiri áhrif um skipan ráðherra, með tímanum. En síðan hverfur konungurinn og forseti kemur í staðinn. En, þeir tíma ekki að láta af hendi þessi völd, að ráða hverjir verða ráðherrar. Það gekk ágætlega þar sem að konungurinn hvarf tiltölulega snemma, eins og í Frakklandi og Bandaríkjunum, og í Sviss þar sem hann hafði ekki verið. En þar sem að kóngur var lengi og þingin voru farin að gíra sig inn á völdin, þá bara slepptu þeir ekki framkvæmdarvaldinu frá sér aftur. Og það er enn þannig að þegar þingið kemur saman, þá byrja þeir á að sitja saman og ákveða sjálfir, hvar framkvæmdarvaldið skuli vera.

Ég held að þeir séu þarna að taka sér bara hluti sem þeir eiga ekkert í. Og menn óttast hinn sterka mann, ef við kjósum framkvæmdarvaldið beint og kjósum forsætisráherra, eða forseta. Það er samt maður sem hefur engin áhrif á löggjafarsamkunduna. En menn óttast ekki hinn sterka mann sem hefur bæði löggjafarvaldið í hendi sér og framvæmdavaldið, eins og verið hefur. Það er miklu, miklu sterkari maður. En, það virðist ekki vera hljómgrunnur fyrir því að aðskilja rækilega

milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, þ.e.a.s. við ætlum ekki að fara út í þrískiptingu valdsins, nema að mjög takmörkuðu leyti. Það er ástæðan fyrir því að við erum svo mikið að tala um forsetann. Það er ekki, eins og Eiríkur heldur, vegna þess að við höldum að forsetinn sé óskeikull alltumvefjandi, móðurleg kona eða réttlátur faðir. Það er bara vegna þess að það er önnur persóna, ekki hluti af sömu valdablokk. Það er ekki verið að samþætta valdið. Þannig að við fókuserum á forsetann af því við erum búin að gefa frá okkur að kjósa framkvæmdarvaldið beint, og við þurfum einhvern aðila sem er ekki flokkspólítískur, til þess að koma í veg fyrir að flokkar verði staður þar sem menn vita að þeir geti hrifsað völd, en ekki staður þar sem menn eru að reyna að finna út hvað fólkið í landinu vill og gera það. Þannig að það sem ég vildi segja um þessa tillögu er að þarna er verið að festa í sessi það að við ætlum ekki greina rækilega ..., fara í þrískiptingu valdsins, heldur bara í tvískiptingu. Og það er m.a.s. margir sem að vilja ekki að forsetinn veiti dómaraembætti og þá erum við bara komin í þríeiningu valdsins. Og það sem hér stendur er ástæðan fyrir því, þessum umræðum áðan um forsetann, að þó að hafa einhverja leið til þess að allt vald fari ekki á eina hendi. Takk fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Fyrst varðandi þetta seinasta sem Andrés er að tala um að þá er það auðvitað alveg rétt að hér er verið að tala um þingræðisfyrirkomulag. Það er ekki verið að tala um forsetaræðisfyrirkomulag, enda kom það mjög snemma í ljós í ferlinu að það virtist ekki vera meirihluti til þess að fara í það kerfi. Þess vegna þurfum við að láta okkar tillögur ganga upp innan þingræðisins. Og þess vegna höfum við í B-nefndinni unnið að því að skilja sem best á milli valdþáttanna, innan þingræðisins. Og það er þess vegna sem okkur er svo annat um að halda ábyrgðarkeðjunni heilli. Og það er líka þess vegna sem að við lendum í vandræðum með kerfið þegar það er sífellt verið að leggja til tillögur sem að ganga í eðli sínu gegn ábyrgðarkeðjunni sem að við höfum lagt til.

Nú það er eiginlega aðallega tvennt sem mig langar til þess að nefna varðandi þessa grein 3, um stjórnarmyndunina. Þá er hún lykilatriði í því að þessi tegund þingræðis, sem við erum að tala um, gangi upp, þ.e.a.s. fyrsta setningin: „Alþingi kys forsætisráðherra.“ Það er lykilatriði. Síðan hafa menn áhyggjur af þessu með utanþingsstjórnina en tillagan sér við þeim vanda, því að takist þinginu ekki að ná samstöðu, um myndun nýrrar ríkisstjórnar, þá verður sá forsætisráðherra sem flest atkvæði hlýtur. Og, út af því að Ómar Ragnarsson var að tala um utanþingsstjórnina á sínum tíma, þá var þetta vandamál uppi þá, og það þurfti auðvitað að bregðast við því, en okkar tillögur gera einmitt ákkúrat það og held ég með mun betri hætti, heldur en að það sé í höndum utanaðkomandi forseta, því að þá í það minnsta er sá valinn forsætisráðherra, sem að flestir þingmenn kjósa í það embætti. Og hér er ekki, eins og einhver hafði áhyggjur af, alræði þingforsetans, því það er ekki þannig. Því að hver þingmaður sem er, getur boðið fram hvaða forsætisráðherra sem er,

þannig að viðkomandi þarf ekki annað en að rækja sig til þess að leggja til, eða fá heimild til þess að leggja til þann sem að hann kys. Það er hins vegar einn galli í okkar tillögu, og það er önnur setningin, að það sé forseti Íslands sem að skipi forsætisráðherra sem að Alþingi hefur kosið. Og Katrín Oddsdóttir spurði hvort að þarna sé hætta á valdaráni þingforseta. Nei, það er ekki hætta á valdaráni þingforseta, einmitt vegna þess að þingmenn geta þá bara stungið upp á þeim sem þeir kjósa. En það er kannski hins vegar hætta á valdaráni forseta Íslands, því að hvað gerist ef að hann skipar ekki í embætti þann sem Alþingi kys ... það er einhvern veginn, því er ekki svarað. Þannig að þessu ... Nema þá að, sé ekki um valdaránsmöguleika forseta að ræða, að þá er þetta enn eitt leppshlutverkið sem að við erum byrjuð að hlaða inn í stjórnarskrána á nýjan leik, við erum komin svona í hring. Við byrjuðum á því að taka út þetta leppsorðalag, og svo erum við núna komin í það að hlaða þeim inn aftur, hverju á fætur öðru. Já, þetta var nú það sem ég ætlaði að segja um þetta atriði. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Ágætu ráðsfélagar og aðrir. Ástæða þess að ég kem í pontu er nú ekki það að nú sé ég að segja eitthvað mikilvægara heldur en áður, heldur að ég uppgötvaði allt í einu áðan að ég er líklega eina manneskjan hér í ráðinu sem að hef ekki komið í pontu, þannig að í stað þess að marka mér þessa sérkennilegu sérstöðu, er ég að ganga í takt við ykkur hin. Mér finnst þessi umræða vera að taka nokkuð sérkennilega stefnu. Mér finnst dálítið að við séum einn daginn að stefna í eina átt og annan daginn í aðra. Nú er ekki neitt rangt við það, að það komi fram blæbrigði og við skiptum aðeins um skoðun og við tökum nýjar ákvarðanir o.s.frv. En, þetta er í stórum grundvallaratriðum. Við ræddum mikið í B-nefndinni fyrst, leiðir bæði þingræðis og forsetaræðis. Það var síðan niðurstaða, ekki bara B-nefndarinnar, heldur ráðsins, að það skyldi farin þingræðisleiðin. Og við höfum unnið mjög ötullega og heiðarlega að því allan tímann. Og mér finnst það því nokkuð ómaklegt þegar það er sífellt verið að láta að því liggja að við séum ekki að vinna að þrískiptingu valds, og við séum í einhverju samkrulli. Og það sé mjög óskýrt hvernig sú þrískipting sé. Ég vísa þessu algjörlega á bug. Við erum einmitt að reyna að hafa þetta skýrt og greinilegt. Og að þingræðið sé í sjálfu sér svona, og það verði að vinna eftir ákveðnum leiðum. Ef við viljum nota orðalag eins og hringl og óskýrt þá skulum við fyrst skilgreina hvað, hvaða markmið liggja í hverri leið. Og mér finnst það ómaklegt þegar því er dengt hér fram, að við séum treg til að taka ábendingum, umfram aðrar nefndir. Það er ekki rétt, en það er hugsanlega það, hvernig ráðið er, þrátt fyrir þessa ákvörðun um að vinna að þingræðisleiðinni, er sífellt að reyna að vinna í aðra átt. Og þar höfum við kannski verið treg, að víkja frá þessu markmiði okkar. En við höfum ekkert verið treg í að taka við ábendingum frá öðrum umfram aðrar nefndir, og ég bið menn bara að fara ekki gera þetta að einhverju nefndareinkenni, að við föllumst oft ekki á hugmyndir sem okkur finnast ekki falla að þeirri leið, sem við erum að reyna að marka. Það er grundvallar-

atriði og sem við höfum verið að gera ótal ráðstafanir til, að auka völd og ábyrgð löggjafarvaldsins. Það inni-ber ótal margt og það er ekki hægt að afhenda ábyrgð og vald með annarri hendinni, segja síðan með hinni, en við treystum ykkur ekki til að rísa undir þessu. Það bara gengur ekki upp. Það er bara eins og að ... æ, ég ætla ekki að fara að taka dæmi, ég gæti tekið ótal dæmi.

Ég minni á hvernig við höfum talað um meðferð þingmála þar sem við erum að auka völd þingsins til þess að koma að málum, m.a. ráðherra, áður en að þau koma til umfjöllunar í þinginu, þannig að þau séu ... það sé fjallað um þau og farið um þau höndum, ef þau koma úr stjórnarráðinu, áður en þau koma til þingsins. Þetta er mikið grundvallaratriði. Við höfum verið með ótal tillögur hér um ... og sem að núna eru að verða að veruleika, það átti svo sannarlega ekki stuðning til að byrja með, heldur ekki inni í ráðinu. Um t.d. takmarkaðan setutíma, um að ráðherrar skyldu ekki sitja á þingi, um að ráðherrar kæmi úr liði utanþingsmanna, eða réttara sagt ekki úr þingliðnu. Allt er þetta til þess fallið að, í rauninni, draga úr vægi framkvæmdarvaldsins og draga úr áhrifum framkvæmdarvaldsins á þingið. Að þessu höfum við markvisst unnið og munum halda því áfram, nema að ráðið breyti grundvallarafstöðu sinni. Og ég hlýt núna að lýsa eftir því við formann, að hér fari fram formlega, hafi hún farið fram þá skulum við bara gera það aftur, við skulum taka til formlegrar umræðu aftur, hvaða leið við veljum. Við í B-nefnd, við getum ekki unnið skv. eigin sannfæringu í meirihluta og skv. niðurstöðum ráðsins, með síðan sífelldum tilraunum annarra til að setja fyrir okkur fótinn í því starfi. Það gengur bara ekki upp, við verðum að taka þessa umræðu upp og taka hana frá grunni, og ég lýsi hér formlega eftir því að það verði gert. Og þá skulum við öll standa þar heiðarlega að verki og segja þá bara alveg út úr pokahorninu, „tage bladed fraa munden“ eins og þeir segja svo skemmtilega, og segja þá bara raunverulega hvað við viljum sjá og hvernig við ætlum að starfa að því. Þá mun B-nefnd að sjálfsgöðu hlíta þeirri niðurstöðu, að sjálfsgöðu. Og halda þá áfram starfi, hugsanlega þá í aðra átt ef það verður ákveðið, fyrr gerum við það ekki. Mönnum er hér tíðrætt um utanþingsstjórn, það er hluti af því að setja þessa þungu ábyrgð á þingið að það verði að leysa þau mál sem það er kjörið til að fjalla um, þ.e.a.s. er hlutverk þess. Það er að sjá til þess að það sé starfandi ríkisstjórn í landinu. Það á að gerast inni á þinginu af þingkjörnum fulltrúum. Það er misskilningur að, eins og hér hefur komið fram, að t.d. þá verði bara kosið milli tveggja, af því að ... og það sé komið eitt-hvað forseta-þingsræði. Ef að þetta næst ekki í tveim fyrstu tilraunum, þá getur hver sem er boðið sig fram, sem hefur einhvern þann bakhjarl, að hann treysti sér til þess. Það getur hver sem er stungið upp á hverjum öðrum sem er, sem hann hefur hugsanlega talað við eða álitur að hafi bakhjarl. Það er ekki gert þarna ráð fyrir því að það sé bara kosið milli einhverra tveggja, sem mistókst að fá fulltingi fyrir stjórnarmyndun. Það að þurfa að leita utan þingsins, finnst okkur vera liður í því að veikja aftur tiltrú á þinginu. Og þó að við höfum eitt atvik sem við getum vitnað til, þá vitnar það kannski bara um ástand þingsins þá, frekar en að það sé einhver regla sem þarf að hafa um aldur og ævi, vegna þess að þingið reis ekki undir því hlutverki.

Það er athyglisvert að hér vísa menn aftur og aftur til hinna sterku manna. Það eru alltaf sterkir menn sem koma og leysa vandamál. Svo segja menn stundum til þess að bæta aðeins úr, eða sterkar konur. Það er ekkert betra. Hvorutveggja er tiltrú á hinn sterka einstakling sem leysir málin fyrir okkur. Stundum er þetta nú í gríni kallað að bara að snúa sér til „big daddy“ eða þá „big mama“ skulum við hafa til þess að jafnréttis sé gætt. Hvorutveggja er andstætt lýðræðislegri hugsun um vald-dreifingu og ábyrgð. Við eigum ekki að vera í þeirri stöðu í íslensku samfélagi, og við viljum ekki vera það, að við séum svo illa stödd að það þurfi eina sterka manneskju til að leysa fyrir okkur mál. Við kjósum til þess fólk, og það skal leysa málin, ekki sterkir tilkallaðir einstaklingar. Sterkir karlmenn eru hér mæðir upp úr skónum, alveg látlaust, og það afhjúpar ekkert annað heldur en tiltrú á topp píramídans, það er guð eða páfinn eða keisarinn eða hverja þá sem við getum sett í þann flokk, af því við erum ekki lengur talandi í trúkerfum, við búum ekki við keisara. En þetta er nákvæmlega sama hugsunin, faðirinn kemur og réttir okkur hina hjálpanði hönd og leiðir út úr ógöngunum. Það hefur nefnilega ekkert með þrískiptingu valds að gera, það hefur bara með þessa tiltrú að gera að fjöldinn geti ekki leyst mál eða fulltrúar þeirra. Það hefur með þá tiltrú að þegar að þær stundir komi að við verðum að snúa okkur til alvalds.

Það er líka sérkennilegt að hér þeytist forsetinn, eða réttara sagt forsetaembættið og þeir einstaklingar sem því hafa gegnt á Íslandi, þeim er þeytt hér í milli, í rökræðum, sem pólitískum, eða ópólitískum, allt eftir því hvað hentar. Stundum eru færð rök fyrir því að þeir hafi verið stórpólitískir, í næsta orði eru þeir ekki pólitískir. Þeir eiga að geta tekið stórpólitískar ákvarðanir en vera samt ekki pólitískir. Mér er fullkomlega óskiljanlegt hvaða, í rauninni, rök geta legið að baki svona málflutningi. Menn sem þurfa að taka ákvarðanir, þeir verða pólitískir, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þannig að ég bara ..., mér seig í skap áðan, en ég náði nú að kyngja því að mestu leyti og ætla því að sýna fullkomna stillingu og bara endurtaka tilmæli mín um að ráðið taki þessa umræðu og taki hana þá opið, heiðarlega og gagnert og að við hlítum síðan þeirri niðurstöðu og hættum þessum tvískinnungi að vera að tala sífelld um tvær óskyldar leiðir og reyna að blanda þeim saman, og varpa svo því inn til B-nefndar, að hún sé hringlandi fram og til baka og sé treg til að taka ábendingum. Takk fyrir.

SN

Næstur er Erlingur Sigurðarson.

ES

Já eftir þessa þrumuræðu Þórhildar, góðir formaður og góðir áheyrendur, þá vefst mér nú tunga um tönn og ég ætla ekki að orödlengja mikið með þetta. En ég ætla bara að víkja aðeins að forsætisráðherraembættinu, að það er gallinn á þessari tillögu að forsætisráðherraembættið er einangrað í því að það skipar, eða forseti skipar forsætisráðherra, vel að merkja, en svo ekkert meira. Svo bara upp ... [ógreinilegt]. En þetta er ekki meiningin, þegar við erum að tala um það að forseti skipi ráðherra, þá ætlumst við til að stjórnarmyndunarferlið sé með svipuðum hætti og núna, að forseti feli honum eftir viðræður umboðið og skipi hann síðan þegar hann er búinn að vinna fyrir því. Að hann sé

ekki skipaður einn blankó. Og þetta er það sem að er, gallinn í viðaukatillögunni sem núna er verið að bæta inn í. Sem að ég verð nú að vísu að ... ætla ekki að ræða frekar. En það er þetta atriði, að hérna, já, ég sé ekki gleraugnalaus ... já, þingræðið hefur byggst á því að það sé starfhæfur þingmeirihluti að baki forsætisráðherra. Hér er verið að gera tillögu um það að það verði ekki. Utanþingsstjórnir verða allar stjórnir, skv. þessu skipulagi, ef að ráðherrar verða ekki þingmenn, jafnframt. Og það vantar í þetta, það sem að Þórhildur var að vitna í, að við gerðum tillögur um að annað hvort hluti ríkisstjórnar eða öll ríkisstjórnin yrði ekki valin úr hópi þingmanna. Og þingmennirnir segðu af sér ef þeir tækju við embætti ráðherra. Þetta er ekki hér inni. Og svo bara aðeins svona í lokin, vegna umræðu Þórhildar um hinn sterka mann, föðurímyndina, þá verð ég að segja að ég vil frekar eiga einn breyskan föður þó að breyskur sé, heldur en 63 vondar stjúpur.

SN

Nú, þá er umræðu lokið um tillögur B-nefndar, um þessi atriði, og þau eru sem sagt lögð hér fram til afgreiðslu í áfangaskjalið og við eigum náttúrliga eftir að halda þessari umræðu áfram, eins og Þórhildur var að gera tillögu, eða ég held að það sé óhjákvæmilegt að við höldum náttúrliga umræðu einmitt um þessa prinsippumræðu, sem virðist svona hanga alltaf yfir. En ég ætla að biðja Katrínú Fjeldsted um að ljúka hérna, með því að taka umræðuna saman og bregðast við þeim athugasemdum sem hafa komið. Og síðan göngum við til atkvæðagreiðslu. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það formaður, og ég þakka ykkur öllum fyrir þátttöku í þessari umræðu, þó að það hafi nú kennt ýmissa grasa. Og ég ætla kannski ekki að tína upp einstök atriði enda tíminn skammur núna. En þetta er alveg rétt sem Þórhildur Þorleifsdóttir var að segja hér ádan. Að við höfum unnið í B-nefnd út frá þingræðishugmyndinni, en ekki forsetaræði. Við settum tillögurnar okkar fram með heila hugsun að baki og höfum tekið inn athugasemdir. Og margar þeirra hafa sést í síðan í okkar greinargerðum og tillögum. En ég held það sé erfitt að taka einstök atriði hérna, ég ætla bara að ítreka þetta að þetta er heildstæð hugsun og forsetaræðið er ekki inni í þeirri mynd. Og maður hefur á tilfinningunni að það sé verið að bæta á forsetaembættið ýmsum hlutverkum sem þar hafa ekki verið. Og þess vegna tek ég undir áskorun Þórhildar um það að það sé tekin formleg umræða um þetta. Því við munum að sjálfsgöðu reyna að vinna eftir þeirri stefnu sem ráðið markar og tillögur okkar munu auðvitað vera lítaðar af því. En þessar breytingartillögur eru á köflum sem að nú þegar eru komnir inn í áfangaskjal, eftir umræður í B-nefndinni. Takk.

SN

Nú, þá er komið að atkvæðagreiðslu um þessar tillögur, hvort að þær eigi að fara inn í, sem sagt afgreiða þær inn í áfangaskjalið. Og ég bið þá sem eru því fylgjandi að rétta upp hönd. Og þeir sem eru á móti, rétti upp hönd.

ÞÞ

Má ég gera grein fyrir atkvæði mínu?

SN

Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Ég greiði ekki atkvæði með að þessi texti fari inn í áfangaskjal. Ég geri það í framhaldi þeirra orða sem ég viðhafði hér í pontu, að B-nefnd hlýtur að vinna eftir þeim leiðum sem að ráðið markar og mér þykir ekki heppilegt að við samþykkjum inn í áfangaskjal texta sem er, kannski, algjörlega byggður á röngum forsendum. Ég vil að við fáum betri og hreinni línur í málið, áður en að ég er tilbúin að afgreiða texta inn í áfangaskjal.

SN

Nú ég ítreka að það verður möguleiki, eða sem sagt, samkvæmt okkar plani fyrir næstu viku, að taka umræðu einmitt um þessi mál. Þannig að við munum gera það og þá er náttúrliga mjög mikilvægt að við séum öll undirbúin undir þá umræðu.

SN

[Svar við spurningu] Er það ekki bara þeir sem sögðu já eða nei? Á ég að óska eftir hjásetu? Já. Hjásetu. Þeir sem sitja hjá, rétti upp hönd. Nú vantar klukkuna 12 mínútur í fjögur og fundi er frestað fram á mánudag. Og við ætlum að halda áfram kl. tvö á mánudag. Og þá tökum við fyrir tillögur C-nefndar. Óska ykkur góðrar helgar og sjáumst á mánudag. Takk fyrir góðan fund.

#### 4. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN

Kæru vinir. Dagskrá 14. ráðsfundar er fram haldið. Og það er 4. liður, skýrsla og tillögur C-nefndar. Og fyrst er það kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur sem voru kynntar á 12. ráðsfundi og þær eru lagðar fram til afgreiðslu. Ég ætla að biðja Pawel Bartoszek, formann nefndarinnar, að gera grein fyrir tillögunum. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kæru vinir. Ég ætla að byrja á að þakka öllum nefndarmönnum, sem eru með mér í nefndinni, fyrir gott samstarf, sérstaklega núna í þessari seinustu viku þar sem ég átti við smá veikindi að stríða, og þau inntu þessi verk mjög vel af hendi í minni fjarvist og margt af því sem hér er til umræðu og kaflanum á eftir, er gott verk sem öll nefndin vann af miklum sóma. Nú, ég ætla að kynna hérna til afgreiðslu kafla um kosningar og alþingismenn. Þessi kaflar er að uppistöðu svipaður þeim, og hugmyndafræðin sem var kynntur til, lagður fram til kynningar fyrir þó nokkrum ráðsfundum síðan. Við höfum dreift til ráðsfulltrúa drögum að innangi að greinargerð með tillögunum, sem var ekki dreift með seinast. Þetta er vinna sem hefur farið fram eftir að tillögunum var dreift. Hér er auðvitað ekki um að ræða neina efnislega breytingu á tillögunum sjálfum, heldur aðeins ítarlegri útlistun á því sem getur staðið í ... heildarhugmyndafræðin sem liggur að baki tillögunum, sögulegu yfirliti sem fengið er að mestu frá stjórnlaganefnd, fleiru, svona sem þeim umræðum sem hafa farið fram í ráðinu. Og þetta er dreift fundarmönnum til glöggvunar. Nú, kosningakaflinn í stjórnarskránni er frá 1999 og í kjölfar var lögum um

kosningar til Alþingis breytt, þessum kafla hefur verið töluvert breytt í lýðveldissögunni, allavega árið 1959 og síðan árið 1984. Þannig að hann hefur tekið ákveðnum breytingum. Og þetta er eitt af því sem okkur var sérstaklega falið að skoða af Alþingi, með þingsályktunartillögu, þar sem þetta ráð er skipað.

Nú, svo ég líti aðeins á viðhorf Þjóðfundar um þessi mál, þá kemur fram sterk krafa á Þjóðfundi um það, að gera landið að einu kjördæmi, og að jafna atkvæðavægi, ennfremur nefndu menn töluvert persónukjör, og það að kjósendur geti haft aukin áhrif á val þingmanna og minnkað þannig flokksræði. Viðhorf ráðsfulltrúa að mörgu leyti bergmáluðu þessar skoðanir. Það var dálítið sterk krafa, allavega í upphafi, stórs hluta ráðsfulltrúa um að landið yrði gert að einu kjördæmi og að atkvæðavægi yrði jafnt. Gegn þessu töluðu aðrir ráðsfulltrúar og bentu á staðreyndir eins og þær að stjórnsýslan er að mestu leyti hér á SV-horninu og það getur skapað ákveðinn lýðræðishalla í hina áttina. Og sömuleiðis að niðurstöður af þeim kosningum sem hafðar hafa verið á landsvísi, sem er þá fyrst og fremst kosning til Stjórnlagabings, sýna að hugsanlega sé hættu á því að, í kerfi þar sem landið er eitt kjördæmi, þá geti hallað á fulltrúa hinna dreifðu byggða. Nú, þetta var það sem laut að kjördæmamálum. Síðan voru líka uppi um mis..., svona almennt í ráðinu eru uppi sterkar skoðanir um það að taka upp persónukjör með einhverju móti. Þó vilja menn ganga kannski mislangt í þeim efnum, allt frá því að sumir eru því andvígir og svo vilja sumir kanski skilja eftir ákveðið svigrúm fyrir löggjafann í þeim efnum. Og svo eru það þeir sem mundi vilja að það væri að einhverju leyti valkvætt, menn gætu haft bundna lista eða ekki. Og síðan, loks eru það þau sem vilja ganga alla leið og skylda einfaldlega öll framboð til að bjóða fram óraðaða lista, og að menn geti valið þvert á lista. Þannig að, eins og ég segi, þá var allavega í þessum tveim efnum svona, tvenn sjónarmið sem togast á. Og það sem nefndin lagði upp með í upphafi starfsins voru nokkur markmið sem ég hef hérna tekið saman, sem svona helstu fjögur markmið.

Það er í fyrsta lagi markmið um að efla lýðræði, draga úr flokksræði, við val á alþingismönnum, auka áhrif einstakra kjósenda. Þetta eru allt markmið sem lúta að persónukjöri. Á móti þá var skýr krafa frá meirihluta ráðsins um að stuðla að því að hlutfall karla og kvenna sé sem jafnast á þingi, þ.e.a.s. að það eru áhyggjur þess efnis að persónukjörið geti með einhverju móti vegið að þeim árangri sem náðst hefur með bundnum fléttulistum, í þá veru að tryggja að þetta hlutfall haldist sem jafnast, og framboð hafi ákveðna möguleika til þess að sjá til þess að þessum málum sé hátt að með þessum hætti hjá sér. Nú, síðan var þá þriðja markmiðið sem við settum upp, var að jafna atkvæðavægið. Og á móti þá var það líka markmið að tryggja það að raddir sem flestra landsvæða mundu heyrast á Alþingi, þ.e.a.s. það mundi ekki gerast í kerfi þar sem landið væri eitt kjördæmi, að allir þingmenn sem kosnir væru, kæmu af einu svæði, þá höfuðborgarsvæðinu. Nú, það voru farnar ýmsar leiðir við að nálgast þessi sjónarmið og niðurstaðan er þessi tillaga, sem hefur verið kallað kjördæmavarið landskjör, sem hefur verið kynnt ráðsfulltrúum áður. Og svo ég fari, svona, yfir helstu atriði hvað hana varðar, þá byggir hún upp á því að frambjóðendur bjóða sig fram

á listum. Listarnir innihalda þá 2 og upp í 126 frambjóðendur. Allir frambjóðendur alls staðar af landinu standa öllum kjósendum alls staðar af landinu til boða. En frambjóðendur geta þó tilgreint ákveðið kjördæmi sem þeir bjóða sig sérstaklega fram í. Nú, næsta einkenni þessa fyrirkomulags er kölluð kjördæmatrygging, þ.e.a.s. að allt að ⅓ hluta þingsæta, þ.e.a.s. allt að 25 þingsætum, miðað við óbreyttan þingmannafjölda, má úthluta til frambjóðenda í tilteknum kjördæmum, og afgangur þingsæta er ekki bundinn tilteknum kjördæmum. Hann ræðst einfaldlega af fylgi frambjóðenda á landsvísi.

Fimmta áhersluatriði þessa kerfis sem verið er að leggja til er persónukjör, þ.e.a.s. að [kjósendur] geta vissulega merkt við einn framboðslista, en þeir geta einnig valið nokkra frambjóðendur sama framboðs eða úr ólíkum framboðum, hvar sem er á landinu. Og sjötta atriðið, sem er sett inn nýtt frá því síðast, er að það er fest í sessi þessi svokallaða leið II, sem var kynnt ráðsfulltrúum hér, sem sagt að framboð geti ákveðið að fara fram á það, við landskjörstjórn, að þegar kemur að því að úthluta þingsætum þess, þá sé lítið jafnt til beggja kynja, t.d. með að taka inn til skiptist frambjóðendur af hvoru kyn. Og ég ætla að fara aðeins betur í þessar tillögur á eftir þegar ég fjalla um tiltekið ákvæði. En þá lítum við á ákvæðið í heild sinni og skýringar við einstakar greinar þess. Ég ætla nú svona að fara helst í það sem hefur að einhverju leyti breyst frá því seinast. Ég vil þó benda ráðsmönnum á tvö atriði sem er vert að hafa í huga, og þurfum sem ráð að taka afstöðu til. Í fyrsta lagi, þá er það svo að hér er ekki í þessum tillögum kveðið á um sérstaka þröskulda, sem framboð þurfi að ná til þess að hljóta fulltrúa á þingi, þ.e.a.s. ef að framboð fær 1/63 af öllum atkvæðum á landsvísi þá mun það framboð fá þingmann. Það er ekki algjörlega niðurneglt hvort að væri hægt að búa til þröskulda þrátt fyrir þessi ákvæði, en nefndarmenn og aðrir sem leitað hefur verið til, hallast að því, að sé vilji til þess að setja þröskulda fyrir framboð, þá þurfi slík heimild að vera til staðar í stjórnarskránni. Þannig að ég vil bara benda ráðsfulltrúum á, að ef að vilji okkar stendur til þess að setja, að það sé heimilt að setja slíkt inn, þá þarf það að standa í stjórnarskrá. Það stendur ekki þarna inni, eins og er, vegna þess að það er ekki meirihluti fyrir þeirri skoðun innan nefndarinnar, að svo stöddu.

Nú í öðru lagi þá höfum við, frá því síðast, tekið út það orðalag að þingmenn séu kosnir hlutbundinni kosningu. Það að mörgu leyti er orðalag, sem er ekki algjörlega ljóst, sko ..., þegar þetta var sett inn, nákvæmlega hvað það þýddi. Algengasta túlkunin auðvitað þýðir hlutfallskosningar. Með því að hafa þetta inni, eru einhverjir á því að verið sé að útiloka kosningakerfi á borð við STV. Þannig að það er ..., hins vegar, menn eru ekki á einu máli um það. Mörg þeirra landa sem nota STV sem kosningaraðferð, telja að hún sé hlutfallskosningaraðferð. Hins vegar, með því að hafa ekki kveðið á um það, að þingmenn séu kosnir með hlutfallskosningu, þá er hugsanlega opnaður möguleiki fyrir það að úthlutunaraðferð sé einhvers konar meirihlutakosning og þá geti verið að menn, þingflokkar fái þingsæti sem eru mun fleiri heldur en hlutfall atkvæði þeirra segir til um. Þannig að það eru kostir og gallar við þetta. Ef við tökum fram að aðferðin sé hlutfallskosningaraðferð, þá getum við verið

að útiloka STV, ef við tökum það ekki fram, þá getum við verið að opna fyrir kosningaráðferðir, sem við ekki endilega viljum að sé opnað fyrir.

Nú, ef við hlaupum þá yfir einstakar málgreinar, þessar fyrstu greinar, sem fjalla um fyrirkomulag kosninga til Alþingis, þá segir þar núna að: „Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir af framboðslistum í leynilegri kosningu til fjögurra ára.“ Nú, það sem, sem sagt, þarna stóð er hlutbundnum kosningum með persónukjöri. Ég var búinn að útskýra þetta með hlutbundna kosningu, og persónukjörsorðalagið færir í aðra grein. Og þarna kemur í staðinn, af framboðslistum til þess að kveða á um það að menn bjóða sig engu að síður fram, í nafni einhvers konar framboðslista eða stjórnmalasamtaka. Og það þýðir ekki að menn þurfi að hafa starfað í stjórnmalaflokki, en fyrst að þeir bjóða sig fram, þá standa nöfn þeirra á einhverjum lista.

Nú, næsta málsgrein segir, „atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt,“ og hún er óbreytt frá því síðast, þannig að ég útskýri hana ekkert frekar, hún, svona, skýrir sig að mörgu leiti sjálf og ég vísa þá bara í greinargerðina.

Næsta málsgrein segir: „Kjósendur geta annað hvort valið með persónukjöri hvaða frambjóðendur á landinu sem er óháð því hvort þeir bjóða sig fram á kjördæmalistum eða á landslistum eða einstaka framboðslista og teljast þá greidda öllum frambjóðendum listands atkvæði sitt. Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 frambjóðendur hvert á landinu öllu.“ Hér er, sem sagt, sú aðferð kjósenda sem hann notar til þess að kjósa, færð í mun ítarlegri búning. Það er samt kveðið skýrt á um það að kjósendur geti valið frambjóðendur bæði á landslista eða kjördæmislista, og þá landslista hvaðan af landinu sem er. Og að þeir geti líka merkt við einn flokk eða framboð, og þá þýðir það að þeir séu að merkja við alla frambjóðendur þess framboðslista. Þetta er ekki nein efnisleg breyting frá þeim tillögum sem kynntar voru, en hins vegar er verið að færa hana í ítarlegri búning. Þannig að það er minna svigrúm fyrir löggjafann, að breyta þessari kosningaráðferð. Síðan er sagt: „Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 frambjóðendur hvert á landinu öllu.“ Þetta er efnisleg breyting, og þetta er til að koma til móts við þær áhyggjur að löggjafinn gæti t.d. sett kröfur um það að öll framboð þyrftu að vera fullmönnuð, eins og raunar er gert í dag, að allir listar þurfa að innihalda þann fjölda sem dugir, bæði fyrir aðalmönnum og varamönnum. Og þetta er, að sjálfs..., þetta er svona, má leiða líkum að þetta sé notað til þess að hindra möguleika manna á því að bjóða fram, því það er auðvitað auðveldara að ákveða sjálfur að bjóða sig fram heldur en að fá 21 mann með sér, í kjördæmi, til þess að bjóða sig fram með. Nú, þannig að þetta er breyting og hún er gerð til þess að verja möguleika, í rauninni, einstaklinga og fámennra hópa til þess að bjóða sig fram.

4. mgr. segir: „Kjördæmin skulu vera fæst eitt en flest átta.“ Og þetta er óbreytt frá því síðast og skýrir sig sjálf.

Í næstu mgr., 5. mgr. segir: „Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta, þó aldrei fleiri en ⅓ þeirra, sé bundinn kjördæmum. Skipting bundinna þingsæta skal vera þannig að ekki séu færri kjósendur á kjörskrá að baki hverju bundnu þingsæti en nemur

meðaltali að baki allra þingsæta.“ Þetta er óbreytt frá því að tillögurnar voru lagðar fram til kynningar, og er kjarninn í þessari hugmyndafræði um kjördæmavarið landskjör, þ.e.a.s. að það sé hægt að tryggja tilteknum kjördæmum ákveðinn lágmarksfjölda þingsæta. Í viðaukanum með tillögunum eru ákveðnar tillögur um það. Þar er gert ráð fyrir að þingsætin verði 5 í 5 kjördæmum, sem sagt samtals 25.

Nú 6. mgr. er ný frá því síðast. Og hún hljóðar svo: „Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.“ Og þetta er nýtt ákvæði sem er að mörgu leyti gert til þess að komast til móts við breytingartillögur sem bárust hér síðast þegar þessi kafli var borinn upp. Hann leggur þá skyldu á löggjafann að fela framboðum slíkar heimildir. Það þótti ekki tilefni til þess að ganga það langt með þeim hætti, að beinlínis kveða á um það, að hlutfall karla og kvenna á þingi skyldu vera nálægt einhverju hlutfalli, af ötta við það að það gæti hugsanlega ekki staðist aðrar greinar stjórnarskrárinnar og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Þ.e.a.s. í þeim tilfellum sem einn einstaklingur er tekinn fram fyrir annan, á grundvelli kyns, þá getur sá einstaklingur leitað réttar síns fyrir dómstólum. Og það var ekki talið öruggt að slíkt ákvæði, heildarákvæði, sem tryggir hlutfall á öllu þinginu, mundi standast slíkt. Hins vegar með þessu móti er verið að fela framboðum heimild, til þess að hafa hlutfall karla og kvenna sem jafnast innan þeirra frambjóðenda sem ná kjöri af listum þess framboðs. Þetta þýðir að tiltekið framboð getur gefið út yfirlýsingu til landskjörstjórnar, eða tiltekinnna aðila, um að þegar kemur að því að úthluta þingsætum til þess, þá skal litið jafnt til karla og kvenna. Með þessu móti teljum við að það sé ekki verið að brjóta þær reglur, sem sagt jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar. Og þessar reglur eru þá auðvitað tímabundnar í hvert skipti. Þannig að þetta var sú niðurstaða sem nefndin komst á.

7. mgr. tillagna er óbreytt. Hún segir að „Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögum á úthlutun þingsæta, verða aðeins gerðar með samþykki ⅔ atkvæða á Alþingi.“ Og þetta er óbreytt frá núverandi stjórnarskrá. Nú að öðru leyti er ákvæðin um kosningarétt, kjör-gengi og lengd kjörtímabils óbreytt frá því síðast, sem og greinin um styrki til stjórnmalaflokka. Þannig að ég mun ekki fara ítarlegar í þau ákvæði, en ég hlakka til þeirrar umræðu sem framundan mun fara.

SN

Já, ég þakka formanni C-nefndar fyrir kynningu á tillögum nefndarinnar um kosningar til Alþingis og alþingismenn og orðið er laust um þessar tillögur. Einhver sem vill kveða sér hljóðs? Katrín Oddsóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Kæru vinir, takk. Takk fyrir þetta Pawel. Ég er með nokkrar athugasemdir, þá kannski bara svona almennt þá finnst mér þetta nýja, sem á að útskýra betur hvernig þetta virkar, ég er sammála því að ganga í þá átt, en mér finnst þetta ennþá dálítið óskýrt, maður fattar ekki alveg hvaða „eða“ á við um hvað. Þetta var nú vel orðað hjá mér. Ég er að meina, sko, í 3. mgr. 1. gr., þá koma sem sagt fram tveir valmöguleikar, og mér

finnst þetta eiginlega skýrara eins og þetta er orðað í greinargerðinni, þar sem er bara sagt í fyrsta lagi, má gera þetta svona, og í öðru lagi má gera þetta svona. Ég myndi ekki reyna að troða þessu öllu saman í eina setningu, þar sem eru þrjú „eða“ og maður veit ekki alveg hvað á við um hvað. Og svo náttúrulega kom upp á síðasta fundi, en það er kannski ekki alveg ljóst í huga almennings hvað persónukjör er, eða yfirleitt bara yfir höfuð endilega alveg ljóst hvað það er víðar. En ókei, nú koma svona almennar athugasemdir. Og þá í fyrsta lagi í 1. mgr. 1. gr., þá held ég að það sé ekki endilega gáfulegt að tilgreina að það eigi að vera 63 þjóðkjörnir þingmenn. Ég held að það væri gáfulegra að tilgreina að þeir ættu flestir að vera 63. Og þá er hægt að nota alltaf hlutfallstölu í staðinn fyrir einhverjar ákveðnar tölur, þá er hægt að segja fæsta 2 en flesta tvisvar sinnum, sko, eða jafnvel bara fæsta 2, í þessum framboðsmáli. Og þá standa allar þessar hlutfallstölur ykkar óhaggaðar, en gefur samt löggjafanum heimild til þess að fækka, ef þess þykir þörf síðar, alveg eins og við gerum við ráðherrana. Segjum kannski í mesta lagi 10 eða eitthvað slíkt. Þannig að ég held að það gæti verið sniðug leið ef að þið haldið að þeir þurfið aldrei að ... ef þið teljið að þeir þurfið aldrei að vera fleiri en 63, sem þið hljótið að telja, fyrst þið segið að þeir eigi að vera 63. En það er kannski óþarfi að útiloka möguleikann á fækkun.

Sko, svo spyr maður sig, ég er mikið hrifin af þessari leið ykkar, eins og ég hef tekið fram áður, en maður spyr sig samt, sko, út af því að nú er þetta þannig að hver getur boðið sig fram, eða sko, má ég, ef ég bý til framboð sem heitir „Landið eitt kjördæmi“, má ég bjóða mig fram á Vestfjörðum? Og reyna þannig að tryggja mér eitthvað af þessu kjördæmavörðu þingmönnum til þess að berjast gegn kjördæma-fyrirkomulaginu? Er eitthvað í kerfinu ykkar sem takmarkar þannig pælingu? Af því að mér finnst þetta svolítið svona, ókei, ég skil pælinguna, að við reynum að vernda hagsmuni landsbyggðarinnar, en getur þetta einhvern veginn sko „backfire“-að, þannig að þetta verði notað einmitt gegn þeim hagsmunum, sem verið er að reyna að verja, spyr ég. Nú sko, svo finnst mér með 2. mgr., eða nei, þetta tvennt sem þú talaðir um Pawel, að þið hefðið svona, verið að velta fyrir ykkur ... Ég persónulega er á því að það eigi alls ekki að kveða á um einhvers konar lágmarksþróskuld. Ég tel alveg eins að það geti verið mjög mismunandi, það getur leitt til mismununar, að segja að það þurfi eitthvað ákveðið mikið til þess að komast inn. Og með hlutbundnu kosningu sko, ég mér finnst miklu alvarlegra þessi, miklu meira áhyggjuefni sem að var víðráð í ræðu formanns, að það gæti orðið til einhvers konar kosningakerfi, sem væri bara alls ekkert jafnt atkvæðavægi, ef það sé ekki tilgreint orðið hlutbundinn, heldur en að reyna bara að greina frá því í greinargerð að við viljum að þessi STV, eða hvað sem þið kallið þetta, að sú aðferð, að hún rúmist innan orðalagsins, miklu alvarlegra finnst mér að það sé búið til heimild þar sem að, það sé hægt að búa til einhverjar skekkjur. Svo finnst mér svona svolítið áhugavert að þegar formaðurinn talaði svo almennt um hvaða breytingar hefðu verið, þá skautaði hann nú svolítið yfir þessi jafnræðismál. En þó er það nú svolítið svona, stórt umfjöllunarefni í starfi ráðsins undanfarið. Og, það kannski, ég fjalla bara um það á eftir.

En, sko, ég held t.d., mér finnst mjög ljótt að sjá allar þessar tölur. Ég held að sko, þess vegna, að það sé miklu sniðugra að taka bara lágmarkið fram, í 3. mgr., að segja bara að það er nóg að hafa tvo, til að bjóða fram, framboðslista. Það þarf ekkert að tiltaka þetta hámark, held ég, og það má þá gera það í lögum, annað hvort, ef að þess þarf. Af því að þið eruð bara að reyna að vernda, í raun og veru, minni partinn, þið eruð ekkert að reyna að vernda það að fólk bjóði 1000. Þannig að það er alveg óþarfi að taka fram þessa tvöföldu tölu, það er bara hægt að gera það í greinargerð.

Í 6. mgr., sem að er ný ... bíddu nú við, 1, 2, 3, 4, 5, 6. Já, þar finnst mér eiginlega gengið, bara skemmra heldur en við vorum með síðast, og ég skil nú ekki alveg af hverju það er. Mér finnst þetta ekki vera kannski sú leið sem að var verið að kalla eftir, vegna þess að, sko ... og ég, svona, furða mig svolítið á þessum umræðum um einhvers konar brot á jafnræðisreglu. Nú er bæði búið að taka fyrir mismunum á grundvelli búsetu og kynferðis í jafnræðisreglunni okkar. Og ef að við getum tryggt búsetulágmarksskilyrði, þá getum við að sjálfsögðu tryggt líka út frá öðrum eiginleikum. Við getum alveg eins kallað þetta kynferðisvarið landskjör, ef við hefðum áhuga á því, ha?, og ákveðið að eitthvað hlutfall sæta skyldi falla til hópa á öðrum grundvelli heldur en endilega búsetu. Þannig að ég get nú ekki alveg séð að stærðfræðilega gangi upp að búa til eitthvað misræmi í kerfinu út frá einni grundvallarfor-sendu en ekki annarri. Ég meina, annað hvort gengur þetta upp stærðfræðilega, eða ekki. Þannig að ég bara kalla eftir því að það verði tekinn annar snúningur á þessu. Og í 2. gr., þá tek ég undir, ég held það hafi verið Gísli Tryggva sem sagði síðast að það vantar eitthvað „deadline“ inn í það, hvenær flokkarnir upplýsi um framlög til stjórnmalasamtaka og þannig, það verður að gerast fyrir kosningar, annars er þetta vita vonlaust. Ef ég veit ekki fyrir kosningar, hver er að styrkja hvern, þá get ég ekki tekið uppýsta ákvörðun um það hvort ég vilji kjósa einhvern eða ekki. Þannig að ef það er ekki sett alveg pottþétt inn að þetta liggja ljóst, áður en að ég nota mitt atkvæði, þá er þetta bara, til hvers? Spyr ég. Þannig að ég held að þetta verði að koma inn. Og annars þakka ég fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður, gott ráðsfolk og aðrir sem mál mitt heyra. Best að taka þetta bara beint upp hjá Katrínu. Það var einmitt verið að ræða þetta núna, Katrín, bara núna áður en við komum hingað inn, á litlum fundi hjá okkur. Spurningar um þetta. Getur harðsnúinn hópur manna ákveðið að nýta sér það að þetta er kjördæmavarið kjör og bara farið í framboð á Vestfjörðum, eða einhvers staðar, og komist þar inn, og á ekkert heima þar eða neitt? Niðurstaðan hjá okkur eða meirihluta okkar nefndar, er nú sú að þetta sé svo fjarlægur möguleiki, og eiginlega varla að þetta muni geta gerst. En þetta er misskilningur að í þessu felist alla búsetuskilyrði séu fyrir því sem kallað er kjördæmavarið kjör. Ég minni á það að ef ég tel bara upp alla helstu stjórnmalaforingja okkar frá byrjun, að þá voru þeir allir Ólafur Thors, Hermann Jónasson, Ásgeir Ásgeirsson, Steingrímur Hermannsson o.s.frv., þetta



voru allt menn, sem áttu heima í Reykjavík og buðu sig fram í svokölluðum landsbyggðarkjördæmum. Ólafur Thors fór reyndar bara suður á Suðurnesin, en það var mjög langt suður til Keflavíkur, þegar hann var þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu. Davíð Oddsson er undantekningin frá þessu. Auk þess verður alltaf farið framhjá. Og við þekkjum það bara alveg úr nútímanum hvernig ráðherrar hafa, m.a.s. ráðherrar og jafnvel fjármálaráðherra, hefur þurkunarlaust farið fram hjá því, að hann hefur átt heima hér á Reykjavíkursvæðinu og fengið sína milljón með því að skrá sig búsettan annars staðar. Þannig að búsetan er óframkvæmanleg, og er í raun og veru í andstöðu við hugsunina um að landið sé í raun, eða þetta sé landskjör. Og ég minni enn á það, að það eru fleiri Vestfirðingar og fleiri Þingeyingar sem eiga heima í Reykjavík heldur en í þessum kjördæmum. Svo að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að góðir Þingeyingar, sem eru nýfluttir hingað, segjum að Ari Teitsson væri bara nýfluttur í næstu kosningu til Reykjavíkur en vildi bjóða sig fram í sínu kjördæmi. Auðvitað myndi hann bjóða sig fram í NA-kjördæmi, ef að það væri til. Og væri bara ekkert við það að athuga. Hann ætti jafnvel miklu meira erindi inn á þing, fyrir það kjördæmi, heldur en fyrir kjördæmi sem hann á heima í. Í sambandi við þröskuldinn, þá fagna ég því og hef barist fyrir því allan tímann að það væri enginn þröskuldur nefndur. Eini þröskuldurinn sem við komumst kannski nálægt var að það yrði að vera lágmark 2 þingsæti sem framboðið þyrfti að fá, vegna þess að þá erum við komin með eitthvað í kringum 3%, sem er lægri þröskuldur en nú. Auk þess hefði þessi þröskuldur svokallaði ekki virkað alltaf. Frjálslyndi flokkurinn fékk 3,7% í kosningunum 1999, þegar ekki var þröskuldur. Og það var bara vegna þess að einn sterkur maður var í einu ákveðnu kjördæmi og komst þar inn. Og dró annan með sér. Og ég sé ekki betur en á núverandi þingi séu þingflokkarnir ..., þeim fari fjölgandi heldur, og að þeir nýju þingflokkar sem að séu komnir, séu nú jafnvel allt niður í einn mann. Svo að það setur nú ekki undir þann leka, að það verði einhverjir flokkadrættir á þinginu.

Í sambandi við þetta sem þú ert að tala um, þá er gríðarlegur munur á því Katrín, og það er það sem að gerir það að verkum að í nefndinni, þá var niðurstaðan sú að fara frekar þessa leið. Ókei, það eru öflugir stjórnmalaflokkar og kannski fljótlega allir, sem munu fyrirfram setja inn að þeir séu með kynjakvóta innan sinna raða. Þeim er það frjálst og kjósendum er þar með frjálst að kjósa þá flokka, og stuðla þannig að jöfnun kynjanna. Okkur skildist að það væri bara hvergi í Evrópu að það væri sko, úrslitin sjálf væru bundin, þannig að það yrði í lokin farið að taka inn þingmenn, sem að hefðu minna atkvæðafylgi á bak við sig, heldur en þeir sem að væru settir út vegna kyns síns. Og jafnvel þótt að þetta yrði þannig að það yrði, segjum 53 þingmenn og síðustu 10, þeim yrði úthlutað til þess að jafna kynjakvóta, þá myndi samt verða uppi kurr um það að þetta væri jafnvel stjórnarskrárbrót og einhver málaferli og skaðabótamál. Og við sjáum kannski svip að fyrir okkur, okkur langar til að taka skrefið allt, en það er kannski skynsamlegra að taka það í milliskrefi, flokkarnir geta sett þetta fram. Sömu leiðis verður opn að fyrir það að á kjörseðli verði merkt, í landskjörinu, í hvaða kjördæmi viðkomandi telur sig helst eiga heima, ef hann vill svo, og hvaða flokki hann tilheyrir. Mér

finnst þetta dásamlega skemmtilega útfært kerfi. Við erum ennþá að leita leiða til þess að álagsprófa það. En ég er svona að reyna útskýra af hverju þetta er svona. Og ég trúi því, að ef að fólk meinar og ef að flokkarnir meina það, að þeir vilji hafa kynjahlutfall, ákveðið lágmark af öðru kyninu, að þá muni þeir gera það sjálfir, og verða hvattir til þess í þessum reglum, án þess að nokkur geti eftir á sagt að það hafi verið brotinn réttur á einum manni. Sá sem kaus, t.d. kvennalista, nýjan kvennalista, sem að bara er ekkert ánægður með þetta, ef að það verður kynjakvóti að þá verður kannski bara ... ef að það verður þannig að það megi ekki bjóða fram hrein lista, að þá sjáum við ýmsa svona meinbugi á því að fara leiðina að negla þetta í úrslitunum sjálfum. Frekar að setja inn ákvæði sem eru skotheld og eru í aðdragandanum að þeim úrslitum sem við viljum fá, t.d. að síðustu, að sem sagt, að flokkarnir fari alla þessa leið. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, kærur félagar. Ég er jafn lítið hrifin af þessum tillögum eins og ég var síðast, en takk samt fyrir fína framsögu og, gott að sjá og heyra rök sem að hér eru færð fram. Eitt atriði sem ég hef nú nefnt áður á fundi, kannski ekki á ráðsfundi, en allaveganna á opnum nefndarfundi var að mér finnst enn vanta inn ákvæði í 1. mgr. um að ekki megi breyta kosningalögum ákveðnum tíma fyrir kosningar. Það var fært fram sem rök, þegar ég benti á það síðast, að það þyrfti 2/3 hluta til að gera breytingu, en ef verið er að gera breytingu sem styrkir sitjandi valdhafa í sessi, að þá er nú ekkert ólíklegt að minnihlutinn líka, á þingi, myndi vilja setja reglur sem að kannski myndu takmarka tækifæri nýrra framboða til árangurs. Og ég held að það hafi verið t.d. þröskuldur verið sett inn í kosningalög sem að gerði það að verkum að Ómar settist ekki á þing fyrir Íslandshreyfinguna á sínum tíma. Þannig að það er svona dæmi um það þegar að þeir sem að sitja við völd, setja reglur sem að hjálpa þeim sjálfum. Þannig að ég vil ennþá sjá breytingu í þessa átt. Ég tek eftir því einnig í 3. gr., þar er sagt að rétt hafi verið um hvort veita ætti löggjafanum heimild til að veita fleirum en íslenskum ríkisborgurum færi á þátttöku í alþingiskosningum, en ákveðið að gera svo ekki að þessu sinni, eða að sinni. Og ég myndi gjarnan vilja heyra útskýringu á því af hverju það er. Þetta er náttúrlega hópur sem að, í raun og veru, nýtur ekki fullra réttinda í samfélaginu, sem hefur búið hérna oft, töluvert lengi. Og mætti alveg skoða að mínu mati, að gera þetta. Nú, að lokum, það sem að kannski allir búast við að ég fari að tala um, er þetta kynjaákvæði. Og ég minni á að síðast þegar þetta var rætt, að þá var borin fram tillaga sem að sagði mjög einfaldlega: „Í kosningalögum skal nánar mælt fyrir um hvernig náð skuli sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla.“ Og nú segir, sem sagt, í tillögu, eða í greinargerð með tillögu nefndar C, að í fyrsta lagi, tillagan náttúrlega, að það megi heimila flokkum eða framboðum að tryggja hlutfall karla og kvenna. Og í greinargerð er, sem sagt, sagt að ákvæði sem heimila að litid væri framhjá framboðendum eins kyns við úthlutun þingsæta, væru þeir orðnir of margir, eða sem heimilaði það að viðbótarþingsætum

væri bætt við, til að jafna hlutföllin, líkt og heimilt var að gera í kosningu til Stjórnlagabings, hefðu í för með sér að einhver einstaklingur gæti lent í að missa þingsæti sitt vegna kyns. Og sagt að óljóst sé hvort slík varanleg og stjórnarskrárbundin tilhögun stæðist jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Þetta finnst mér mikil oftúlkun á þessari tillögu, sem einfaldlega kveður á um að jafnræðisreglan sé tengd inn í kosningalögin. Og í henni mætti t.d. setja svona ákvæði, eins og hér er lagt til að sé stjórnarskrárbundið.

Og mér finnst þessi tillaga, í raun og veru, allt of efnislega ítarleg, sem að lögð er fram, og takmarkandi, vegna þess að hún segir þá að, í raun og veru, með gagnályktun, að það séu engar aðrar aðgerðir í kosningalögum, sem gætu mögulega verið heimilar. Mér finnst endurspeglast í þessari tillögu mjög þröng sýn á kerfið og, svona, horft framhjá því að í tillögu, sem að lögð var fram hérna síðast þegar þetta var til umræðu, var markmið..., var sem sagt verið að reyna að setja markmiðslýsingu, inn í greinina, að það yrðu einhvers konar ákvæði í kosningalögum, sem að mæltu um það hvernig ætti að stuðla að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla. Þetta gæti verið, eins og er í Frakklandi, takmörkun á styrkjum, þetta gæti verið einhvers konar röðunarheimild. Það mætti hugsa sér að gera þetta á ýmsa vegu. Í umræðum hérna á milli ráðsliða, þá var því gjarnan slegið upp að það væri einfalt að segja já, ef það eru komnir 32 af öðru kyni. Þá bara eru ekki teknir inn fleiri. Og þarna finnst mér verið gerð tilraun til þess að snúa út úr, og leggja áherslu á það sem ekki er rétt, að hér sé verið að tala um einhvers konar 50/50, sem sagt algjört millimetrajafnrétti. Og takmörkun á gildi, eða sem sagt, vægi atkvæða. Þvert á móti, þá erum við að reyna að setja hérna inn markmiðssjónarmið, að það eigi að stuðla að jöfnum árangri kvenna og karla á einhvern hátt. Og þetta er ekki tímabundin aðgerð, þetta er ekki bráðabirgðaaðgerð til þess að rétta hlut kvenna, sem að vissulega er þörf á, svona í núverandi samfélagssgerð, heldur er þetta viðvarandi sjónarmið sem að ætti að liggja til grundvallar og hafa til hliðsjónar til lengri tíma. Því á einhverjum tímamarki er jú vel mögulegt að konur verði fleiri, heldur en karlar, í löggjafanum, og þá þyrftu lagagreinarar að miða að því að auka karla, en ekki kvenna.

Það er ekki verið að fara fram á það við löggjafann að hann setji lög sem brjóta stjórnarskrá, eins og mér heyrðist fólk halda að væri með þessari tillögu okkar. Þannig að, já, mér finnst bara mikilvægt halda því til haga að þetta er markmið sem að er, í raun og veru, bara í samræmi við jafnræðisregluna. Og ef það er verið að segja að þessi markmiðsýfirlýsing, kunnir að ganga í bága við alþjóðasamninga og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, þá mætti væntanlega með sömu rökum halda því fram, að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sé varanleg aðgerð sem gangi gegn sjálfri sér. Þannig að mér finnst það bara mjög undarleg röksemdarfærsla. Þessi tillaga eins og hún er sett fram, gengur að mínu mati, heggur að lýðræðinu, að rötum þess, og þar er gefið til kynna að eigi að hífa upp fólk sem að mögulega fær færri atkvæði en aðrir, og það er ekki markmiðið með þeirri tillögu sem að ég og fleiri stóðum að, fyrir tveim vikum. Og mér hugnast þessi tillaga alls ekki. Þannig að bara, rétt að ítreka það að Ísland er skuldbundið af fjölda alþjóðasamninga, til

þess að stuðla að jöfnum rétti, og jafnri stöðu karla og kvenna, m.a. í kjörnum embættum. Þannig að það gengur ekki gegn þeim samningum, að vinna svona. Takk fyrir.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, formaður, ágætu ráðsmenn og aðrir sem mál mitt heyrta. Fyrst aðeins umræða um fjölda þingmanna. Við auðvitað höfum rætt þetta eins og annað, vel og lengi, eða allavega lengi. Og leitað aðeins álit, og niðurstaðan hefur orðið sú að það sé mjög æskilegt að binda í stjórnarskrá, fjölda þingmanna. Það sé eitthvað sem að sé ekki gott að vera með í lögum. Við ræddum þetta m.a. út af möguleika á að vera með hugsanlegar kynjauppbætur, eins og var í Stjórnlagabingskosningunni, og niðurstaðan var sú að það væri ekki góð leið, þannig að við ákváðum nú að hafa fjöldann bundinn áfram, og þið sjáið að við höfum ekkert hreyft við því sem að var.

Síðan aðeins langar mig til þess að velta vöngum yfir því sem að hún Katrín nefndi hérna um hvort það væri í raun og veru einhver munur á kynjakvóta- og landshlutakvóta. Í mínum huga er hann sá að við erum í raun og veru að bjóða fram í kjördæmum, og við erum allavega með opna heimild á að þingmenn séu bundnir kjördæmum. En ekkert slíkt ákvæði er um að við séum að bjóða fram á kynjum, eða einhverjum öðrum grunni, þannig að ég lít svo á að ennþá séum við þrátt fyrir allt með kjördæmin sem grunn að kosningakerfinu okkar. Og þá er eðlilegt að það sé þar binding. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, og hef svo sem nefnt það hér áður, ég tel að þessir 2/3 sé of lág tala.

Við höfum nú verið að leita álit sérfræðinga á því sem við erum að gera, og það er mjög nauðsynleg þróun og eitthvað sem að við hljótum að eyða mikilli vinnu í á næstu vikum, það er að fá utanaðkomandi álit á því sem við erum að gera. Við erum ekki óskeikull og betur sjá augu en auga, og eitt af því sem að hefur komið fram í álitgerð, hjá okkur, það var hjá henni Ragnhildi Helgadóttur, sem var einmitt hjá okkur í morgun, það er að hún svona veltir vöngum yfir því hvort við þurfum að skoða betur hvort að við fáum of mikinn landsbyggðarhalla með þessari skipan sem við erum með núna. Og við höfum nú þegar sent þessar hugmyndir um kosningakerfið til skoðunar hjá utanaðkomandi aðilum. Þannig að ég held að við þurfum að svona, að vera opin fyrir því að hlusta á gagnrýni, bæði auðvitað hér innan úr ráðinu, og líka hjá þeim sem við treystum best utan ráðsins. Og í því ljósi kunna að breytast bæði það sem hér liggur frammi og auðvitað margt annað. Síðan langar aðeins að svona, velta vöngum yfir því sem að Ómar segir um það að það eigi fleiri Vestfirðingar heima í Reykjavík heldur en á Vestfirðum og þess vegna sé mjög líklegt að Vestfirðingar njóti brautargengis á Alþingi. Og þetta er sjálfsagt nokkuð til í þessu eins og er. En það er þó staðreynd að við erum að setja stjórnarskrá sem við ætlum að endast lengi, hvort að hún endist í 20 ár eða 50 ár, skal ég nú ekkert segja um, en við sjáum fyrir okkur að unga fólk sé er að vaxa úr grasi í dag, það er að vaxa upp að langmestu leyti hér á SV-horninu. Það er bara eðli málsins samkvæmt, 70% þjóðarinnar eru þar. Og ég hef svolitlar áhyggjur af því að þetta unga

fólk, sem að þar er að vaxa upp, það hefur ekki mjög mikinn skilning og þekkingu á landsbyggðinni. Maður sér þetta t.d. í getraunakeppnum, þar sem að dregin eru fram hæfustu einstaklingar í skólum landsins. Þeir hafa ótrúlega litla þekkingu á landafræði. Og ég óttast að margt af því menntafólki sem nú er að koma til starfa, svona á þrítugsaldrinum, það hafi í raun og veru hvorki nokkra yfirsýn yfir landafræði Íslands né heldur grunnatvinnuvegina. Og þess vegna skelfir það mig, ef að þetta fólk verður innan ekki langs tíma, uppistaða í ráðamönnum þjóðarinnar og engin landshlutabinding í því. Þess vegna held ég að það sé okkur farsælt að vera með kjördæmin áfram og einhverja tryggingu á að, í raun og veru, landsbyggðin fái einhverju ráðið, a.m.k. um sín mál og jafnvel fleiri. Búinn.

SN

Gísli Tryggvason, þú ert næstur á mælendaskrá.

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég þakka fyrir greinargóða lýsingu formanns nefndar C um lýðræði o.fl., á markmiðum og nýjum tillögum hérna. Fyrst langar mig að taka undir með Ara, ég hef bent á það áður að með einni kynslóð, held ég, að það máist aðeins út, landsbyggðartengingin. Sem dæmi má nefna, að þá skilgreini ég mig enn sem landsbyggðarmann og Akureyring, þó ég hafi ekki búið þar fast í 25 ár. En ég efast um að afkomendur mínir, geri það, með sjálfá sig. Þannig að það þarf að huga að þessu og ég er sammála Ara um að það þurfi helst að hækka þessa hlutfallstölu, 2% finnst mér full lágt. Og síðan langar mig að taka undir með Silju Báru, að þessi nýja tillaga um kynjamarkmiðið, hún er sértækari. Hún segir hvernig á að ná ákveðnu marki, en ekki bara að það skuli ná því. Og það var meginatriðið hjá okkur, sem fluttum þessa tillögu fyrir tveimur vikum síðan. Og sömdum hana, allnokkur, að það skyldi kveðið á um markmið, sem er að kynjahlutfall sé sem jafnast eða að stuðlað skuli að því eða tryggja, ég kemst nú ekki inn á vefinn til þess að fletta upp orðalaginu. En það er ekki gengið svo langt í þeirri tillögu, að segja að það skuli vera eitthvað ákveðið hlutfall, t.d. 40/60 eins og sumir stjórnmálaflokkar eru með. Þannig að þetta var væg leið, en sú leið, tillaga okkar, hún var heldur ekki um það hvernig ætti að gera þetta, heldur að það skyldi gert. Og eins og Silja Bára bendir á, þessi leið hér, að hafa skyldur til þess að veita framboðum heimild til þess að tryggja að hlutfall sé sem jafnast milli kynja, þá er búið að, eiginlega, velja eina leið, af kannski mörgum möguleikum. Þannig að ég vil nú áréttta þessa hugmynd okkar um að skylda löggjafann, til þess að finna einhverja leið til þess að tryggja sem jafnast hlutfall kynja, sem í mínum huga er mjög mikilvægt sem mótvægi við persónukjör, þó að það sé vinsælt og nokkuð mikilvægt, og nánast jafn mikilvægt og landshlutabindingin. Og síðan langar mig aðeins að koma inn á það sem að Katrín nefndi varðandi fjármál stjórnmálaflokkanna. Styrkir til stjórnmálasamtaka, hér segir í 2. gr.: „Upplýsingar um framlög til stjórnmálasamtaka og frambjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum skulu vera aðgengileg almenningsi svo fljótt sem auðið er.“ Þetta þýðir að ef að flokkur fær stóran styrk frá hagsmunasamtökum tveimur dögum fyrir kosningar, eða bara á kosningadag, að þá er náttúrlega ekki hægt að birta þetta fyrir

kosningar. Þannig að það þarf að vera einhver frestur barna, eins og t.d. vika, að það verði allir styrkir komnir upp á yfirborðið, fyrir kosningar. Og helst nokkrum dögum. Og það eru fyrirmyndir að þessu varðandi takmörkun á skoðanakönnunum, tilteknum tíma fyrir kosningar í öðrum ríkjum, þó að ég kunni það ekki í smáatriðum. Þannig að þá þarf að binda þetta, þetta er ekki nóg. Og svo vil ég áréttta það aftur sem ég hef sagt áður, að kosningar er lagalegt hugtak sem að felur ekki í sér atkvæðagreiðslur, þannig að ég held að stjórnarskrárbinding sé ekki nægileg til þess að ..., að það þurfi að taka það fram í stjórnarskránni sjálfri, en ekki bara greinargerð, til þess að binda það að hagsmunasamtök, hvort sem eru gömul og varanleg eða nýstofnuð, að þau hafi ekki algjört frelsi með það hvernig þau skipta sér af þjóðaratkvæðagreiðslum um mikilvæg málefni, eins og við erum að ýta undir að séu. Og loks aðeins að bakka yfir í jafnræðisákvæðið varðandi kynjahlutfallið. Ég held það sé ekki rétt hjá Pawel að stjórnarskrárgrein geti brotið aðra grein, það yrði þá bara að skýra til samræmis. Og þá er almenn regla í stjórnlagafraði að sértækari grein er skýrð framari hinnu almennu, þannig að að sjálfsögðu ef við kveðum á um svona kynjamarkmiðið í kosningareglum stjórnarskrárinnar, þá myndi það ekki stangast á við almenna jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Takk.

SN

Pawel Bartoszek, þú ert næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk kærur vinir. Mig langar aðeins koma inn í umræðuna um jafnréttisákvæðið, sem sagt 6. mgr. Nú, það er kannski dálítill öðruvísi skilningur á, svona, orðum, hér, á meðal okkar, mín allavega og margra þeirra sem lögðu fram þessa tillögu. Ég skil það, að ef að löggjafanum ber að tryggja..., sem sagt, ef að í einhverjum lögum er fjallað um hvernig skuli tryggja sem jafnast hlutfall karla og kvenna, þá lít ég svo á að þau lög sem ekki tryggja slíkt hlutfall, þau standist hugsanlega ekki stjórnarskrá. Sem jafnast, skil ég ekki sem 40/60, heldur einfaldlega sem jafnast. Eins jafnt og hægt er. Það er minn skilningur á þeim hugtökum, það getur mjög vel verið, og ég mundi, ef ég ætti að skýra út slíkt ákvæði, skýra það með þeim hætti, að það eigi að túlka það sem sem jafnast. Og ef að það er oddatölufjöldi þingmanna á þingi, þá er sem jafnast, ja það er þá hugsanlega leyfilegt að það sé einum fleiri af öðru kyni heldur en hinu. En ég get ekki innan þeirrar túlkunar, fundið túlkun um það að sem jafnast, geti þýtt eitthvað annað hlutfall heldur en því sem næst 50%, þ.e.a.s. því sem næst sem jafnast.

Það eru tvö lönd í dag, í Evrópu, með ákvæði sem eru svipuð þessu í stjórnarskrá, eða sem sagt svipuð þessu að þau taka á því hvernig skuli reyna að ná þessum markmiðum. Eitt þeirra er Frakkland, sem kveður á um skyldu stjórnmálaflokka til þess að stuðla að jöfnu framgangi karla og kvenna, og það er jú í kosningalögum útfært þannig að stjórnmálaflokkar missa styrki ef þeir bjóða ekki fram, því sem næst jöfnu fjölda frambjóðenda af hvoru kyni. Í öðru lagi Serbía, sem er með ákvæði um það að megi setja inn ákveðnar kvæðir á framboð. Og þar er það þannig, að ef að þriðjungur, ef það er minna en þriðjungur frambjóðenda af öðru kyni á framboðslista, þá er sá listi ekki tekinn gildur.

Í hvorugu tilfellinu er hins vegar verið að hafa áhrif á niðurstöður kosninga, eftir að þær hafa farið fram. Það er sem sagt ekki verið að handstýra kosningaúrslitum, ef svo má að orði komast.

Innan þeirra marka sem við höfum verið að vinna með, þ.e.a.s. þessa aðferð sem gengur út á mjög mikið persónukjör, þá voru á sínum tíma kynntar þrjár hugsanlegar leiðir til þess að ná fram umræddum markmiðum. Sú fyrsta gekk út á það að hafa bundna lista, bjóða upp á þann möguleika, eða að það væri einhvers konar undirliggjandi hugmyndafræði. Ég hef ekki skilið það svona í ráðinu, að það væri meirihluti fyrir því að stjórnmaðlaflokkar geti boðið fram bundna lista sem kjósendur geta engin áhrif á haft, eða takmörkuð áhrif haft [ógreinilegt].

Ef að sá möguleiki væri fyrir hendi, þá væri væntanlega hægt að láta það duga að flokkar mundu ná fram þessum markmiðum með fléttulistum. En, það hefur ekki verið vilji fyrir því í ráðinu að bjóða upp á þann möguleika, vegna þess að menn óttast að bjóða upp á flokksræði. Auðvitað er það svo, að því meira sem maður gefur flokkum færi á því að ráða hverjir komast á þing, því minna val hafa kjósendur um það, og því minna val hafa þá flokkar til þess að beita þeim sjónarmiðum sem þeir telja jákvæð til þess að ná fram. Þannig að sá möguleiki sem reyndar var sá möguleiki sem var skýrður í greinargerðinni, með tillögu stórs hluta ráðsfulltrúa, hvað best, sem gekk út frá ákveðnar kvaðir eða hugmyndir um kvaðir á framboðslista, hann rúmast ekki innan þess kerfis, sem verið er að setja upp. Annar möguleiki sem bent var á, var sá möguleiki, að það væri einfaldlega þannig að ekki væru teknir inn, framboðendur af öðru kyni, þegar að framboðendur hins kyns hafa náð ákveðnu hlutfalli þingsæta. Nú það er niðurstaða mín og það er niðurstaða allavega eins af þeim sérfræðingum, sem nefndin hefur leitað til, að svona ákvæði, þar sem einn aðili er tekinn fram yfir annan, á grundvelli kyns, stæðust illa jafnréttisákvæði stjórnarskrár, og samninga sem Ísland er aðili að. Það væri sem sagt ekki hægt að fullyrða það, að einstaklingur sem myndi lenda í þessari stöðu, gæti ekki farið með sitt mál fyrir dóm og komist að því að ef að ég hefði verið af öðru kyni en ég er, þá væri ég á þingi, og af því leiðir að það er verið að mismuna mér á grundvelli kyns. Þannig að af þeim sökum þá var töluverður ótti við það, að setja inn heimildir, sem mundu hugsanlega, geta ekki staðist stjórnarskrá [og] alþjóðlega samninga. Nú, þá var ein leið eftir, af þeim leiðum sem kynnt var sem möguleg leið til þess að taka á þessum málum, innan þeirra hugmynda. Og það var sú leið að framboð hefðu þann möguleika að lýsa því yfir að þau mundu vilja, að sínum sætum væri úthlutað jafnt til karla og kvenna. Og þá hugsum við náttúrlega að því, að ef að kemur til slíkra kosninga, þá væntanlega verður mikill þrýstingur á ákveðin framboð um að gera það. Og ef að þetta er vinsælt sjónarmið, þá munu önnur framboð fylgja í kjölfarið, og þá mun þetta markmið auðvitað nást. Samt er innan þeirra leiða ekki hægt að fullyrða að verið sé að mismuna einhverjum á grundvelli kyns, vegna þess að hann auðvitað, eða hún, hefur vald um það fyrir hvaða flokk hann eða hún bjóða sig fram. Og það er líka ef um er að ræða tímabundna ráðstöfun, því hún er tímabundin fyrir hverjar kosningar. Þannig að þetta er ástæðan fyrir því að þessi leið væri farin.

Ef að menn vilja fara einhverjar allt aðrar leiðir, en sko nota bene, ég myndi telja hvort sem er sko, að það væri dálítið erfitt að, innan marka þeirra greina sem lögð var fram, þá var erfitt að finna aðrar leiðir heldur en þessar, þ.e.a.s. að heimila þetta með þessum hætti, að framboðin hefðu til þess val. Ef menn vilja fara aðra leið, þá er dálítið erfitt að rúma þær innan þessara ákvæða kosninga sem hafa verið settar upp. Þannig að ef það er ekki vilji fyrir því að hafa t.d. mjög virkt persónukjör, þá er það bara einhver niðurstaða. En það er ekki alltaf hægt bæði að sleppa og halda. Ef við viljum að kjósendur hafi mjög mikið val um það að ráða hverjir komast á, verða kosnir á þing, fyrir hönd viðkomandi framboðs, þá er mjög erfitt að hafa mjög strangar handstýringarreglur um það hinum megin, hverjir það mega vera. Það tvennt fer [nefnilega] illa saman og þess vegna var þetta lendingin. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson er næstur á mælendaskrá og í lok hans máls, þá verður mælendaskrá lokað.

EBE

Formaður, kærur félagar. Takk fyrir þessar góðu tillögur. Mér sýnist kosningakerfistillagan vera farin að slípast vel til og vera orðin, ja ansi góð, og þessar seinustu útskýringar formanns nefndarinnar held ég að hafi nú svarað, svona flestum þeim spurningum sem að ég hafði fram að færa. Þó vildi ég halda því til haga sem ég hef áður nefnt, að mér fyndist eðlilegt að framboðsaðilinn réði einhverju um það sjálfur, hvort að hann byði fram raðaðan eða óraðaðan lista. Reyndar er, í þeim löndum þar sem að slíkt val er, að þá færast menn nú inn í persónuvalsaðferðina, eins og þetta hefur t.a.m. gerst í Danmörku, þar sem að hægt er að leggja fram framboðslista með þrennum hætti, sem sé, miðað við persónukjörið. Að eiginlega allir flokkar hafa farið í þá tegund lista sem að heimilar hvað mesta persónuvalið. Og það er kannski ákveðin mótsögn í því að ef við myndum leyfa þetta val framboðsaðilans, að þá er erfitt að sjá fyrir sér val þvert á flokkana, þvert á listana. Þannig að það kannski útilokar það. En mér finnst þetta vera prinsipp, sem að ætti að halda til haga. Og einmitt út af því prinsippi að þá finnst mér þessi breyting sem hér er gerð á kynjaákvæðinu vera mjög til bóta, að þetta sé ákvörðun framboðsaðilans. En varðandi tillögurnar um málskotsréttinn, að þá held ég að við séum komin þar á einhvern stað sem að við þurfum, svona ... . Er ekki tími til að tala um hann núna?

SN

Ja, hann er ekki á dagskrá. Núna eru bara kosningar til Alþingis og alþingismenn.

EBE

Já, ókei. Þá fer ég í það. Afsakið. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Ágætu ráðslíðar og þeir sem eru að hlusta á okkur. Við erum svolítið að endurtaka okkur, sem að í sjálfu sér er eðlilegt þegar er verið að fjalla um svona mál. Og það

er í rauninni á vissan hátt búið að segja hluta af því, að minnsta kosti, sem að ég hafði ætlað að segja. Eins og t.d. Pawel fór glögglega í gegnum og reyndar hafði Ómar gert það líka, í sinni ræðu. Það er t.d. með kynja-hlutfallið, þeir sem að við höfum rætt við í nefndinni, að þá benda þeir á, a.m.k. þeir sem ég hef heyrt skýra sín sjónarmið, og maður telur að hafi vit á þessu, að þá sé það mjög óráðlegt að vera að setja inn í stjórnarskrá einhver ákvæði um það að það megi vera að fíkta í niðurstöðum kosninga. Það er, sem sagt, að kosningarnar sem slíkar, að þær séu það afl sem ráði. Það sé aftur á móti hægt að gera kröfur um það, með hvaða hætti, sem sagt, sé boðið fram, þ.e.a.s. það sé þá boðið fram, ef að vilji er til þess að hafa jafna kynjakvóta, að þá geti menn boðið fram svokallaða fléttulista. Það hefur einnig verið bent á það að með þeim aðferðum sem að við höfum haft hingað til, þó að það séu [ógreinilegt] ströng ákvæði um í sambandi við kynjakvóta, að þá höfum við í sjálfu sér náð lengra heldur en flestar ef ekki allar þjóðir í kringum okkur, hvað varðar þessi hlutföll. Og jafnvel konur sem að hafa komið og talað við okkur í nefndinni, og þá hafa þær bent einmitt á þetta, að það væri jafnvel ... þær teldu það, að það mundi ekki vera mikill stuðningur um það meðal kvenna að fara að fíkta mikið í þessu, umfram það sem nú þegar er, heldur að leyfa þessu frelsi að vera áfram. Því að við höfum nú þegar hægt og sígandi náð þessum áfanga. Nú ætla ég bara svona að gefnu tilefni, að taka það fram að ég hef ekkert á móti því að það sitji jafnvel fleiri konur á þingi heldur en karlmenn, málið snýst ekki um það. En það er ..., þetta er grundvallaratriði. Og ég er allaveganna þeirrar skoðunar að ég er algjörlega andsnúinn því, og það eru [ógreinilegt, allaveganna vanalega??] nokkrir sem maður hefur heyrt í í ráðinu, þeirrar skoðunar að það sé útilokað að fara að setja inn í stjórnarskrá, sem sagt, ákvæði um það að það megi fara að fíkta í niðurstöðum kosninga. Og það geti í sjálfu sér ... þá geta komið fram, hérna náttúrulega bara einfaldlega aðrar skoðanir um það að það eigi ekki að fíkta heldur á fleiri en ein veg.

Og í sjálfu sér hvað varðar landsbyggðarhlutföllin, að þá spyr maður á móti, bíddu, hvar ætla menn að mæla? Hvernig ætla menn að mæla það hverjir eru landsbyggðarþingmenn og hverjir ekki, eins og Ómar kom inn á til dæmis. Er það sem sagt alveg klárt mál að maður sem að er búsettur á SV-horninu, hann sé ekki landsbyggðar. Hvernig ætla menn að mæla niðurstöður kosninga um það að það sé, sem sagt, landsbyggðahalli, eða hvað menn vilja kalla það. Ég t.d. hef margoft sagt það hérna, og ég tel mig geta fært fram fyrir því allnokkur rök, að svona upp undir helmingurinn af fólkinu sem situr hérna við þetta borð, sé landsbyggðarþingmenn, og fullnægi öllum þeim skilyrðum sem að hafa verið sett fram hvað það varðar. Og vorum við þó kosin með þessari kosningu sem við vorum kosin. Og við getum alveg sett mælistikuna þannig og fengið út, eins og ég segi, alveg upp undir helming, af þeim sem hér sitja. Og ef við skoðum þetta með svipuðum mælistikum og t.d. er gert [ógreinilegt] á Alþingi. Nú, og svo aftur hvað varðar, eins og kom fram hjá varamanni ráðsins, að þessi sjónarmið um það að unga fólkið viti ekki hvað það vilji, það sé hérna statt á SV-horninu, bara vegna þess að það er bara allt í einu komið hingað, gegn sínum vilja, að manni skilst. Og sé í þeirri vinnu sem er boðið upp á hérna, jafnvel líka

gegn þeirri vinnu, vegna þess að það fái ekki að vinna í grunnatvinnuvegunum, þ.e.a.s. við landbúnað og fiskvinnslu. Nú er það jafn þannig að fólk leitar þangað sem það fær vinnu, og þar sem að kaup og kjör eru best. Og það var nýlega gerð könnun á því hvar ungt fólk á Íslandi vill búa og það er 98% af [þjóðinni,] þessu unga fólki vill ekki eiga heima á Íslandi. Þannig að ég held að það sé nú kannski frekar hlutur sem ættum að ræða um, heldur en þetta. Nú, það ... ein og ég segi, þessi umræða, henni miðar ekkert með svona rökum sko, við sitjum bara föst í því, en ég er í C-nefndinni og styð alveg heils hugar, það sem að hefur fram komið. Það er sem sagt, mörgu verður maður að sleppa ef maður vill halda öðru. Og þetta er val á milli kosta. Við erum að vinna samkvæmt þeim eindregnu óskum, sem að til okkar búrast, áður en Stjórnlagabing var sett, í haust, að landið yrði eitt kjördæmi og það væri persónukjör, það yrði minnkað flokksræðið, það yrðu minnkuð áhrif prófkjöra, sem að eru eitru í beinum mjög margra. Og ég er þeirrar skoðunar og ég er mjög eindregið, eftir að hafa hlustað á þær umræður um þetta, þessa stöðu sem að þetta skjal er komið í, ekki bara frá nefndarmönnum, heldur mörgum öðrum, sem að hafa komið til okkar undanfarna daga, að við séum komin með mjög heildstætt og gott skjal.

SN

Ég ítreka að mælendaskrá hefur verið lokað og næstur talar Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, bæði Pawel og Guðmundur hafa nú svona sagt það sem ég ætlaði að segja varðandi jafnréttissjónarmið og búsetusjónarmið. Og sé það rétt sem Guðmundur segir, að flestir Íslendingar vilji flytja til útlanda, þá erum við kannski bara að búa til stjórnarskrá um þjóðgarð, það á eftir að koma í ljós. En ég ætla að benda aðeins hérna á smá breytingartillögu sem ég ætla að mæla fyrir, eina breytingartillögu varðandi 1. gr. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis. Mér finnst við kannski mættum kveða skýrara að orði gagnvart kjósendum, hvað yrði þá í boði skv. okkar tillögu. Og ég segi hér í 2. mgr., þið eruð nú með þessar tillögur fyrir framan ykkur velflest, held ég. En þar stendur: „Á kjörseðli skulu kjósendur geta valið frambjóðendur bæði á landsvísu og innan síns kjördæmis. Kjósendur skulu geta valið frambjóðendur af fleiri en einum framboðslista. Kjósendur skulu geta valið einungis framboðslista, en teljast þá ekki taka afstöðu til frambjóðenda. Kjósendur skulu geta merkt við slembiúrtak á kjörseðli,“ sem er nýjung, mér finnst það bara lýðræðislegt, að ef að einhver vill fara þá leið að velja slembiúrtak, að þá sé það möguleiki á kjörseðli. Og svo kemur síðasta mgr., „Auðir kjörseðlar skulu vera metnir sem slíkir og vega jafnt á við önnur ákvæði.“ Í mínum huga er það ákveðin sögn að skila auðum kjörseðli. Sá sem skilar auðum kjörseðli, hann vill engan kost, og hans atkvæði á að meta sem slíkt. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel, þú ert næst.

KO.

Takk. Já mér finnst þetta mjög góð hugmynd um að, og ég held það reyndar að þetta með slembifull-

trúa inn á þing, sem manni finnst nú hljóma gífurlega framandi fyrst þegar maður heyrir það, en svo þegar maður fer að hugsa um, sko, hvers konar, svona, tegund af fólki kannski er það sem býður sig alltaf fram og svona, þá kannski er þetta alls ekki svo galið. Grikklandi var nú stjórnað til forna með slembiúrtaki, og það gekk, svona, sumir segja ágætlega. En sko, ég veit ekki alveg hvort við þurfum endilega að orða þetta beint inni í ákvæðinu eða hvort við eigum bara að tala um þetta í greinargerðinni. Kannski fær fólk þínu hroll þegar það sér þetta. En ef þetta rúmast algjörlega innan þessa kerfis sem að verið er að smíða í C-nefnd, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að við tölum um þennan möguleika, bara í greinargerð, og lög-gjafinn taki ákvörðun um það síðan hvort hann vilji hafa þetta eða ekki. En þetta a.m.k. held ég að væri mjög sniðugt, þetta er alveg frábært. Ég væri alveg til í að úthluta þriðjungi atkvæði míns í slembiúrtak, frábært. Og kannski mundi ég ... eða fjórðungi, eða eitthvað. En ég er kannski ekki alveg til í að binda, eins og kemur kannski frá Lýðræðisfélaginu Öldu t.d., að binda ákveðið hlutfall fyrr en við erum búin að prófa okkur áfram. Svo kannski kemur einn frábær slembi-fulltrúi, þá í næstu kosningum er fólk til í að úthluta aðeins meiri hluta af atkvæðinu sínu, og svona gætum við kannski fikrað okkur í einhverja átt sem að ég held að sé mjög áhugaverð. Þannig að ef að það er hægt að hafa þetta inni þá yrði ég gífurlega ánægð. Nú, ég ætla aðeins að tala áfram um, svona svolítið, bara, ég kommenta á í framhaldinu af þessari umræðu sem hefur verið hérna um þessi blessuðu kynja- og búsetu-mál, sko. Ég skildi hann Ómar vin minn þannig, að þetta væri einhvern veginn ekki búsetuskilyrði, þetta kjördæmamál allt saman, af því það hefði alltaf verið farið framhjá þessu. En þetta er nú þarna einhvern veginn. Og einhvern veginn, einhver er tilgangurinn með þessu. Og það hlýtur jú að vera, að auka rödd þeirra sem búa á landsbyggðinni. Annars sé ég ekki hvað í ósköpunum við erum að gera hérna. Erum við ekki að því, örugglega? Og ég veit þó að einhver hafi búið annars staðar en hann bauð sig fram, þá hlýtur nú samt ástæðan fyrir því að hafa kjördæmi að vera sú að við erum að reyna, að auka rödd þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum. Við getum alveg eins ákveðið að reyna að auka rödd annarra hópa, þetta er ekkert öðruvísi. Við erum bara von þessu og Ari sagði, ja þetta er öðruvísi, af því við höfum alltaf haft þetta svona. En það eru ekki góð rök. Þetta ... við erum að ákveða hvernig þetta á að vera í framtíðinni, ekki hvernig þetta var í fortíðinni. Þannig að ég segi bara, já já. Við gætum alveg eins ákveðið að ⅔ skyldu vera háðir kynjakjördæminu konur, við gætum það alveg. Það er bara þannig, ég veit það.

En ég er alveg til í að hugsa þetta allt eins opið og hægt er. Ég verð að viðurkenna, að meðan, sko, af því að mér fannst Pawel rekja ágætlega, hvað væri hægt að gera, og hann talaði t.d. um franska dæmið og serbneska dæmið, sem mér fannst bæði vera áhugaverð. En svo talaði hann einhvern veginn um að þrír kostir hefðu verið kynntir, en hvorugur þeirra ... enginn af þeim hefur hvorki frönsku né serbnesku regluna í sér. Þannig að ég segi: Af hverju fengum við bara þrjár kynningar og verðum einhvern veginn að velja eina af henni, þegar það eru til aðrar aðferðir? Þá vil ég frekar, hafa þetta eins og þetta var, í upphaflegu tillögu

nefndarinnar, að það megi setja lög, og veita lög-gjaf-anum rýmri heimild til þess að nota þá þetta franska dæmi, serbneska dæmi eða hvað svo annað sem honum dettur í hug. Og múra okkur ekki inni í einhverri ákveðinni leið. Vegna þess að við erum held ég öll að reyna að stefna að sama marki. Og ég skil alveg áhyggjur af því að það sé þannig að einhvern veginn eigi að raða fólki ofar heldur en það á skilið, að það sé erfitt að hugsa það, en kynjakvóti náttúrliga, það eiginlega gengur lang lengst af öllum þeim úrræðum, sem til eru. Og það kannski ... ekkert okkar sem er að tala um endilega að binda það. Og ég skil vel það sem Pawel sagði, að „sem jafnastan,“ mætti á mjög bók-staflegan hátt túlka sem það yrði að vera sem næst 50/50. En þá segi ég, finnum við bara saman eitthvað orðalag og einhverja leið, sem tekur á þessu sameiginlega markmiði okkar, að jafna stöðu karla og kvenna, án þess að brjóta á nokkrum. Ef það er hægt að gera svona í kjördæmum, krakkar, þá er hægt að gera þetta með aðra hópa, þannig er það bara. Og ef við treystum okkur til að gera þetta í sambandi við kjördæmi, þá getum við gert þetta í sambandi við kyn, og finnum bara leiðina saman. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar. Það er nú stundum þannig að þeir sem að taka ekki til máls, að þeir, ja maður veit kannski ekki alveg hvar maður hefur þá, þannig að það er kannski ágætt að maður taki þá til máls og segi það, ef maður er ánægður með tillögurnar, sem að um er verið að ræða. Og ég vil bara segja það í stuttu máli að ég er afskaplega ánægður með þessar tillögur og ítreka það sem ég hef sagt áður um þær. Ég held þær séu alveg gríðarlega snjöll lausn á þeim vanda og þeim markmiðum, sem að verið var að reyna að ná. Og mér finnst útskýringar formanns líka nokkuð góðar á þeim erfiðleikum, sem að eru á hinum ýmsu leiðum, að því að útfæra fleiri markmið í viðbót, t.d. um jöfn hlutföll kynja, en ég held að þessi lausn sem þarna er, sé alveg ágæt.

Ég ætla bara örstutt samt að segja um kjördæma-fjöldann, af því ég hef tekið eftir að það er smá umræða um þetta, t.d. á netinu. Þarna gerum við, við erum með nokkuð víð ákvæði þarna, „Kjördæmi skulu vera fæst eitt en flest átta.“ Og það sem maður gæti séð fyrir sér er að til að byrja með yrðu kjördæmi tiltölulega mörg, eða hvað á að kalla það. Þau eru í dag sex, menn hafa talað um kannski fimm kjördæmi þá, til að byrja með, að þá væri Reykjavík ekki tvö kjördæmi heldur eitt. Nú sumir hafa talað um að fara til baka jafnvel yfir í einhvers konar já, átta kjördæmi, sem væri þá gamla kjördæmaskiptingin. Það má liggja milli hluta. Maður sér fyrir sér kannski að þetta byrji með einhverja svona tölu, eða fjögur eða eitthvað slíkt, en síðan smám saman, vonandi, náum við því að auka vald-dreifingu og færa t.d. fleiri verkefni til sveitarfélaga og beita grenndarreglunni, eða nálægðarreglunni, sem að nefnd B er nú að leggja til að fari inn í kafla um sveitarstjórnarmál. Og eftir því sem við dreifum meira af verkefnum út til héraða, að því minni ástæða er til að hafa mörg og smá kjördæmi, vegna landsmála, sem eru þá, ja, að mestu leyti orðin landsmál. Þannig

að ég það nú fyrir mér að þróunin gæti á einhverjum áratugum, orðið í þá átt að fyrir rest verða bara menn sáttir við það að það sé eitt kjördæmi í kosningum til Alþingis. En þessi grein allavega leyfir það. En þetta er svona sú þróun sem að, eins og ég segi, maður getur séð fyrir sér. En aftur, bara, ég er ánægður með þessar tillögur, þær hafa stöðugt batnað og vildi bara lýsa ánægju minni með þær. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir fulltrúar. Mig langar að taka undir með þeim sem hafa lýst ánægju sinni með þá lausn sem hér er boðið uppá. Þetta er lausn sem býður upp á fafnt vægi atkvæða, og persónukjör, og það hefur verið uppi þung krafa í þjóðfélaginu, um hvort tveggja. Það, að löggjafanum er eftir sem áður heimilt að hafa kjördæmin fleiri en eitt, flest átta, það kemur ekki verulega að sök, eins og ég skil þessar tillögur. Og ég bara ítreka ánægju mína með þær og þakka nefndinni fyrir að leggja þær fram. En mig langar líka að stínga upp á því að hugmyndir Lýðs Árnasonar um vægi auðra sedli og hugsanlega einnig um slembival, verði athugaðar, til dæmis í samhengi við það álit kosningarfræðinga utan ráðsins, sem beðið er eftir. Ég hlakka mikið til að heyra af skoðun þeirra, sem koma að þessu ferskir, bæði á tillögum nefndarinnar, og á breytingartillögu Lýðs Árnasonar. Og að lokum þetta. Ég kemst ekki hjá því að ítreka þá skoðun sem ég hef áður lýst, þótt hún varði ekki kjarna málsins, 63 þingmenn eru of margir. Ég hvet enn til þess að þeir verði hafðir 53 hið mesta, einfaldlega vegna þess að tillögur okkar gera að öðru leyti ráð fyrir því að ráðherrar sem eru nú 10, sitji ekki á þingi. Þannig að fjöldinn 63, þýðir í reyndinni fjölgun um tíu. Og það eru boð sem að við viljum ekki færa kjósendum, þegar þeir undirbúa, eins og við munum gera, þjóðaratkvæðagreiðslu, sem vonandi verður haldin um okkar tillögur. Bara svo að þessu sé til haga haldið.

SN

Þá er Þorkell Helgason næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar og aðrir áheyrendur. Þar sem ég hef nokkuð verið viðriðinn þetta mál, þá vil ég bara lýsa því yfir að ég er eindreginn stuðningsmaður þeirrar málamiðlunar sem þarna er fengin, þó svo að hún uppfylli nú ekki allar mínar kröfur, að sjálfsögðu. Og hvet alla, og þakka reyndar fyrir, þann mikla stuðning sem þessi tillaga hefur fengið. Og ég hvet alla til að reyna að sættast á hana. Ég er hræddur um að það sé einfaldlega ekki tími til að fara að gera neinar grundallarbreytingar á þessu plaggi. Þetta er mikil vinna, búin að vera, og verður að vera svo. Og við biðum eftir umsögnum sem að vonandi verða þannig að þær styðja þessar tillögur, eða sýna okkur að þær séu a.m.k. ekki galnar. En hvet alla, líka þá sem að fá ekki öllu sínu framgengt í kynjakvótamálum, að sættast á þessa málamiðlun, sem við erum að reyna að búa til. Takk fyrir.

SN

Nú þá er umræðu um kosningar til Alþingis og alþingismenn, tillögur C-nefndar, lokið og ég gef formanni nefndarinnar orðið. Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk kærlega fyrir góðar umræður. Ég svona punkt-aði hjá mér nokkuð af því sem kom fram. Það var nefnt það að gr. nr. 3, sem kom að svona því kjarnanum í mgr. nr. 3, persónukjöri, hún væri dálítið óljós, ég svona get að einhverju leyti tekið undir það. Ég held nú samt að greinargerðin skýri þetta ágætlega en alltaf má gott bæta. Þannig að við skulum nú bara sjá hvort það sé einhver leið til þess að orða þetta betur og mundi vera feginn að fá ábendingar um slíkt. Annað sem var sagt, „Framboðum er heimilt að bjóða fram 2 til 126 frambjóðendur ...“ og Katrínu Þóttu tölurnar ljótar, það er nú kannski bara spurning hvaða háskólanám maður hefur að baki, mér finnst „126“ ekki sko ljótara heldur en „tvöfaldur fjöldi þeirra þingsæta sem á þingi eru.“ Mér finnst það að mörgu leyti styttra og skýrara. En já, spurningin þarf hámark. Það er góð spurning, ég meina, það auðvitað ... já, margir mundu sjá kannski einhvern misnotkunarmöguleika á því, að menn væru að bjóða fram 1000 frambjóðendur, sem þyrftu að radast á lista, en kannski er það ekkert stóratríði, þetta er nú bara, aðal hugmyndin okkar var náttúrliga að takmarka þetta að neðan, svo menn geti ekki krafíð menn um það að bjóða fram 70 frambjóðendur.

Nú það hafa margir, það hafa [ógreinilegt] tveir nefnt það í ákvæðinu um styrki til stjórnmálaflokka, að það vantaði tímaákvæði. Ja hér auðvitað að einhverju leyti greinir menn dálítið á um hve ítarlegt slíkt ákvæði eigi að vera. Ég hef nú litið á þetta sem svona, að megninu til markmiðsákvæði. Svo eru aðrir sem vilja hafa þetta ítarlegra. Höfum það auðvitað í huga að svona greinar eiga það til að vera mest íþyngjandi fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í stjórnmálum, því að þeir sem hafa gert þetta í langan, langan tíma, eiga nú oft auðvelt með að uppfylla eina og eina regluna til viðbótar. Og almennt held ég að kosningarlög, séu hugsanlega betri til þess að útfæra þessa hluti. En þessum sjónarmiðum hefur verið komið á framfæri og við tökum þetta til skoðunar.

Nú, það var líka spurt um hvers vegna umræður um réttindi útlendinga í kosningum ... . Já, ég játa það að sú umræða var nú ekkert mjög ítarleg, en ég skynjaði það kannski ekki endilega að í nefndinni væri meirihluti fyrir þeim sjónarmiðum, þannig að þetta var nú látið þar við sitja. Það er auðvitað í fáum löndum sem erlendir ríkisborgararétt hafa kosningarétt í kosningum til þings. Ég hefði nú alveg sko, ekkert því til fyrirstöðu að við myndum stíga fram og sýna gott fordæmi í þeim efnum. En þetta auðvitað, væri talsverð breyting og hugsanlega gæti hún, svona, orkað tvímælis hjá allavega sumum.

Nú, það var nefnt bæði slembiúrtak og það hvort auðir seðlar ættu að hafa einhver áhrif. Ég hef svona sagt það í gríni ef að það ætti að fylgja þeirri reglu að auð atkvæði túlkast í auð sæti, þá væri nú kannski svona, dálítið fämennt í þessum sal en kannski væru nú auðveldara að komast þá að samkomulagi um hin og þessi efni. Mér reiknaðist að við myndum þá vera sjö ... og herna ... . Svo er rætt um slembiúrtak sem

er auðvitað bara stórt atriði og ég held að það hafi nú ekki mörg lönd stigið það skref. Ég hef nú, svona, ákveðnar efasemdir um þær leiðir. Þær geta auðvitað valdið því að úrslit kosninga eru þá ráðin á þessum fáu mönnum, sem koma þá inn á slembivali. Það var rétt nefnt hjá Katrínu Oddsdóttur um að sú upptalning á möguleikum, sem kynnt var á opnum fundi, til þess að koma til móts við áhyggjur manna um að persónukjör hentaði illa þegar kæmi að því að tryggja jafnan hlut karla og kvenna á þingi. Hún er auðvitað engan veginn tæmandi. Franska leiðinn t.d., hún auðvitað var farin í Frakklandi því þar í landi eru menn með einmenningskjördæmi og þar hafa menn, fá önnur úrræði í rauninni, heldur en að stilla upp ákveðnum valkostum, þegar kemur að frambjóðendum. Serbneska leiðin, hún er í kerfi, þar sem boðið er upp á bundna lista. Þannig að hún stendur til boða í þeim löndum. Ég get vel ímyndað mér að það séu til einhverjar aðrar leiðir, en nota bene, þá er auðvitað ákvæðið engu að síður, vil ég meina, orðað tiltölulega rúmt. Þetta dæmi sem ég tek um það að, eða nefndin, í greinargerðinni, um það að framboð geti ákveðið að frambjóðendur séu teknir inn sitt á hvað í einhverju hlutfalli, þetta er bara ein útfærsla á því. Lögin eiga að tryggja það að framboðið geti tryggt það að það sé sem jafnast hlutfall karla og kvenna, meðal þeirra sem ná kjöri, fyrir þeirra hönd. Og þetta útilokar ekki fjölmargar af þeim öðrum leiðum, sem nefndar eru. Til dæmis, ef við mundum bjóða mönnum upp á bundna lista, sem auðvitað er dálítið erfitt að koma fyrir innan þess kerfis, sem hér er verið að setja upp. En ef það ákvæði yrði numið á brott í heilu lagi, og við færum einhverja aðra leið, þá mundi það tryggja, geta tryggt það.

Nú, það var líka spurt um hvort hægt væri að misnota kerfið, með því að menn bjóði fram, einhver Reykvik-ingur bjóði sig fram á Vesturlandi, Vestfjörðum, og nái þannig í atkvæði. Jú, það er, en þá verður að hafa í huga að þá eru menn að kjósa, þurfa Reykvikingar að kjósa þann mann, og þá eru þeir auðvitað að auka, bara, fjölda þeirra sem eru boðnir fram í því framboði. Atkvæðum fylgir alltaf, sko, einhver ábyrgð. Ef þú notar öll atkvæði þín á mann sem er de facto Reykvikingur, þá eru bara Reykvikingar að kjósa Reykviking. Það hefur engin áhrif á þennan, sko, lágmarkshluta sem er tryggður, í reynd. Ef að eru áfram einhverjir 10% íbúa í kjördæminu sem allir kjósa sína alvörumenn, þá munu þeir ná kjöri. Þannig að, ég skil konseptið en ég held að þetta sé ekki raunveruleg hættu. En ég skal samt, við skulum samt skoða þetta betur. Nú að öðru leyti þá þakka ég kærlega fyrir góðar umræður og hlakka til að vinna áfram með þessar tillögur. Takk fyrir.

SN

Takk fyrir þetta, formaður nefndar C, Pawel Bartoszek, og nefndinni allri og ráðsfulltrúum fyrir umræðuna. Nú gerum við 15 mínútna hlé, áður en við förum í næsta ... Já, heyrðu! Við þurfum að kjósa, fyrirgefið þið. Þetta er til afgreiðslu inn í áfangaskjal, þannig að þeir sem eru samþykkið því að þetta fari inn, gjörið svo vel að rétta upp hönd. Hverjir eru á móti? Vinsamlegast réttið upp hönd. Og þeir sem sitja hjá, rétti upp hönd. Þá er atkvæðagreiðslu lokið og tillögurnar hafa verið samþykktar. Og þá er tími fyrir 15 mínútna hlé. Takk fyrir.

SN

Nú, góðir ráðsfulltrúar, nú höldum við áfram og það eru tillögur C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings. Og það er Þorkell Helgason sem kynnr tillögur nefndarinnar. Gjörðu svo vel, Þorkell.

ÞH

Formaður, góðir ráðsfulltrúar og aðrir sem á hlýða. Mér er falið það hlutverk að kynna tillögur C-nefndar, eða réttara sagt breytingartillögur nefndarinnar, við það skjal sem núna er inni í áfangaskjalinu. En það komu fram ýmsar athugasemdir á fundi hér 16. júní, minnr mig, og 24. líklega líka, þess efnis að við þyrftum að huga að nokkrum atriðum, hvað við gerðum. Þar að auki komu álit frá sérfræðingum sem hlustuðum á. Þá er þess fyrst að geta og ég ætla fyrst að taka fyrir málskot til þjóðarinnar, að þar erum við búin að færa aftur inn það sem var í eina tíð í þessum hugmyndum, að þriðjungur þingmanna gæti skotið máli til þjóðarinnar. Þetta er í tillögum stjórnlaganefndar, ég man nú ekki hvort það er í A eða B tillögunni, en engu að síður, það er þar. En, þegar við vorum að fjalla um þetta í C-nefndinni á sínum tíma, þá fannst okkur dálítið vel í lagt að málskot gæti bæði verið að frumkvæði þingmanna, kjósenda og forseta Íslands. Nú, en hvað sem því líður, þá kom fram eindregin ósk um það að skjóta þingmönnum þarna inn aftur, hvað gert er í þessari tillögu. Nú, 1. mgr. þessa plags hljóðar því svo, 1. greinar, ætlaði ég að segja, 1. mgr. 1. gr.: „Nú hefur Alþingi samþykkt lagafrumvarp og getur þá þriðjungur þingmanna ákveðið innan þriggja daga að leggja það undir atkvæði allra kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar.“ Síðan segir í 2. mgr.: „Áður en fimm dagar eru liðnir frá því að slíkt erindi kom fram getur Alþingi samþykkt með meirihluta atkvæða að frumvarpið“ sjálft, frumvarpið sem að til umræðu er, eða sem málið snýst um, „verði fellt niður.“ Og síðan heldur áfram hvernig framkvæmdin skuli vera: „Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá samþykkt frumvarpsins, og verði frumvarpið samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu skal það staðfest af forseta Íslands innan þriggja daga og veitir staðfestingin því lagagildi.“

Hér vil ég staldra við. Þetta allt saman fjallar um það, hvernig eigi að vera málsmeðferðin þegar þriðjungur þingmanna eða meira óskar eftir að skjóta máli til þjóðarinnar. Þetta verður að vera lagafrumvarp eða lög á Alþingi, það er annað hugtak yfir það sama. Lagafrumvarp sem hefur verið samþykkt og þar með orðið lög frá Alþingi, þeir verða að taka ákvörðun innan þriggja daga, að leggja það undir atkvæði kosningabærra manna til samþykktar eða synjunar. Síðan fær Alþingi nokkurra daga frest til þess að kalla málið til baka. Og þá verður ekkert af þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðaratkvæðagreiðslunni er gefinn dálítið rúmur tími um öll þessi tímaskilyrði er nokkuð rætt. En við förum að nokkru leyti að svissneskri fyrirmynd að gefa þessu öllu góðan tíma, í tvíþættum tilgangi, annars vegar þeim að það sé ekki óðagot og ekki svona eitthvað gert bara í hita leiks, heldur líka að gefa mönnum gott tækifæri til að safna stuðningi í þjóðaratkvæðagreiðslu og flytja mál sitt. Takið eftir einu hér, að samkvæmt orðanna hljóðann, sem að er kannski ekki alveg skýrt en má lesa allavega á milli línanna, þá öðlast lögin ekki lagagildi, eða frumvarpið, fyrr en að lokinni þjóðar-



atkvæðagreiðslunni. Þannig að þriðjungur þingmanna hefur þarna, öndvert við það sem forseti gerir, þegar hann vísar máli til þjóðarinnar, að þá hefur þessi þriðjungur þingmanna vald til þess að fresta í rauninni gildistökunni. Nú er ekkert þar með sagt að þjóðaratkvæðagreiðslan þurfi endilega að dragast svo lengi að vera innan árs, eða allt fram að einu ári. Þannig að hún gæti svo sem farið fram fyrr, ef að málið er brýnt, og allir nokkuð sammála um að flýta málsmeðferð.

Um þetta ræddum við. Ættum við að hafa það þannig að lagafrumvarpið, sem Alþingi hefur samþykkt, skyldi strax lagt fyrir forseta, til staðfestingar. Hann eftir atvikum, þá beitt 26. greininni ef að hún lifir áfram, til þess að skjóta til þjóðarinnar líka. Þá gæti þetta orðið svolítið öngþveiti. Þannig að niðurstaðan var sú að halda sig við það sem að stjórnlaganefndin lagði til, að það yrði dokað við þar til þjóðaratkvæðagreiðslunni væri lokið.

Nú síðan eru, eins og ég kem að á eftir, ýmis ákvæði um málsmeðferð, um form á undirskriftum og þ.u.l.

En síðan höldum við því sem að var í fyrri tillögu okkar um að þjóðin geti líka skotið nýsamþykktum lögum til þjóðaratkvæðis, til samþykktar eða synjunar: „Lög sem Alþingi hefur samþykkt skal bera undir þjóðaratkvæði til samþykkis eða synjunar ef fimmtán af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykkt þeirra. Lögin falla úr gildi, ef samþykkt er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó með meirihluta atkvæða ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur.“ Það er aftur þessi fyrirvari, sem má segja að vanti í 26. greinina frægu, þess efnis að Alþingi getur afturkallað málið. Hér hefur orðið sú breyting frá fyrri gerð, að við erum ekki með 10 af hundraði heldur 15. Hvers vegna? Bæði komið fram tillögur um þetta og ábendingar og, við sjálf erum kannski hikandi við að fara of greitt þessa nýju leið, sem felst í því að geta vísað málum til þjóðarinnar með margþættum hætti. Á það var bent, m.a., að eiginlega tvennt í þessu sambandi var bent á sem skiptir máli, annars vegar að fyrirkomulag undirskriftarsöfnunar, allt er varðar rafræna kosninga og slíkra þátta, mun þróast ört, og innan kannski 10, 15 ára, verður talið tryggt að hafa allt slíkt með rafrænum hætti, og þá verði auðveldara að safna undirskriftum, þannig að 15 verði ekki mjög hátt hlutfall. Jafnframt er horft til þess að þó svo að hjá stærri þjóðum hafi tekist að hafa þetta hlutfall þeirra, sem hafa yfir höfuð málskot af þessu tagi, þá tókist að hafa þetta hlutfall lægra. En þá er á það að benda að svo virðist vera að það sé auðveldara að ná háu hlutfalli í fámennum samfélögum en stórum. Það er eflaust ekkert erfitt að ná, t.d. í 200 manna hreppi, saman 15% kjósenda eða 30 kjósendum, til að krefjast einhvers. Þó að það geti verið býsna erfitt í 10 milljón manna samfélagi.

Nú, þetta er sem sagt tillaga okkar. Meginbreytingin frá því síðast er ákvæðið um að þriðjungur þingmanna geti farið með mál til þjóðarinnar eða vísað lagafrumvarpi til þjóðarinnar, samþykktu lagafrumvarpi. Og hins vegar að hlutfall kjósenda sem þurfi til að gera slíkt hið sama er hækkað, má segja, aftur úr 10 í 15%. Þá kem ég að 2. gr., sem fjallar um þingmál að frumkvæði kjósenda. Þar vorum við, ja þar er eitt mikilvægt nýmæli, að 2 af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. Það má segja að þetta sé ekkert annað en bænaskjal, tilmæli til Alþingis

um að taka eitthvað mál fyrir. 2 af hundraði kann að hljóma sem lágt hlutfall en það er engu að síður 5000 kjósendur, eða svo. Þannig að það fylgir nokkur þungi máli ef að slík tillaga kemur fyrir Alþingi og Alþingi hlýtur að taka málið fyrir, fara með það í þingnefnd og ræða það. En það eru engar kvaðir þarna settar á Alþingi með hvaða hætti málinu yrði lokið. Og Alþingi gæti vísað því frá. Það má segja að þetta ákvæði komi í staðinn fyrir þar sem áður stóð ... nei, ég ætla nú að éta það ofan í mig, það er dálítið annars eðlis, málsgrein sem var þarna í upphafi áður: „Alþingi er heimilt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu, bindandi eða ráðgefandi, um tiltekin mál.“ Við fellum þetta niður af tvennum ástæðum. Að sjálfsgöðu er Alþingi heimilt að hafa ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaðeina sem þeim sýnist. Það er talið álitamál hvort Alþingi megi krefjast bindandi atkvæðagreiðslu, um mál. En við leggjum til að það verði dokað við með þetta ákvæði og reynslan látin skera úr um hvernig önnur ákvæði sem við leggjum til, duga þjóðinni til að koma málum á framfæri. Og þá er ég kominn að hinu atriðinu, sem er mikilvægt og hefur tekið verulegum breytingum í okkar meðförum. Og það er það að: „Fimmtán af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gantillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi ákveður hvort þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi eða ráðgefandi.“

Þarna er á margt að líta. Við vorum áður með eitthvað sem sagði: „Alþingi skal láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin málefni sem varða almannahag ef tíu af hundraði kjósenda krefst þess.“ Þarna er í fyrsta lagi krafan um 10 af hundraði hækkuð í 15, í samræmi og með sömu rökum og ég sagði áðan. En að auki er lagt til að þetta verði að vera í formi frumvarps, en ekki bara einhvers ... máls, óskilgreinds, og ekki kveðið á um form þess. Þetta helgast af því að þarna er lagt til að Alþingi komi með gantillögu, eða a.m.k. því gaukað að Alþingi að gera svo. Og að þjóðin fái síðan að velja á milli. En þá verður þetta að vera í formi frumvarps, sem Alþingi hefur ekki lagað til og farið höndum um. Þannig að frumkvæði kjósenda verður að vera með þeim hætti. Menn kunna að spyrja hvort að það sé ekki mjög tálmandi krafa. En við hyggjum að ef að, hvort sem er, er búið að ná 15 af hundraði kjósenda, eða þar næst, til þess að leggja slíkt mál fyrir Alþingi, þá hljóti að fylgja því slíkur stuðningur úr ..., meðal annars fagmanna, að það sé lítið mál að koma viðkomandi mál á frumvarpsform. Takið eftir því að við drögum kannski að nokkru leyti í land aftur í síðustu málsgreininni. Við kveðum svo á, um að það skuli fara fram atkvæðagreiðsla um málið, en það sé eftirlátið Alþingi og þar með meirihluta Alþingis, hvort sú atkvæðagreiðsla meðal þjóðarinnar sé bindandi eða ráðgefandi. Ég bið menn að líta til þess að við erum að feta hérna fyrstu skref, á braut sem að við höfum ekki farið áður, ef að undan eru skildar þær tvær þjóðaratkvæðagreiðslur sem hafa komið til vegna 26. greinar núgildandi stjórnarskrár. En við erum að fara inn á frumkvæðisrétt kjósenda. Þetta tíðkast ekki meðal grannlanda okkar, við erum þarna brautryggingur hérna á norðlægum slóðum allavega. Og við viljum, svona, láta reynsluna koma í ljós. Ef þetta allt-

saman gengur vel og verður hvorki of- né vannotað, að þá kann að vera, eftir 10, 20 ár, þyki orðið tími til þess að breyta þessu með einhverjum hætti, og jafnvel auka rétt kjósenda. En alls staðar erum við í öllum okkar störfum að reyna að finna hinn gullna meðalveg sem bæði sættir okkur innbyrðis en ekki síður kemur á sáttum við þing og þjóð.

Síðan er síðasta málsgrein þessarar greinar, fjallar um tímamörk í þessu sambandi: „Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.“ Þarna kann að þykja mjög langur tími. Hafið í huga að það er til þess atlat, þó það sé ekki sett fram sem krafa, að Alþingi komi með gagn tillögu. Það verk efni getur tekið Alþingi heilan vetur. Þannig að það er komið þá allavega eitthvað á annað árið, þegar fyrst væri tímabært að fara að efna, og undirbúa þjóðar-atkvæðagreiðsluna. Þannig að mig grunar að að meðaltali gætu þetta verið 14 mánuðir, eða eitthvað svoleiðis, sem að liði frá því að frumkvæði kæmi fram og þar til atkvæðagreiðsla færi að lokum fram.

Við horfum til þess sem að fram hefur komið í forðæmum okkar frá Sviss, meðal annars, að þar fara menn mjög varlega í þetta mál, hvað tímann varðar. Og það er eiginlega krafa, bæði frá þingunum sem vilja vanda til verka í sínum gagn tillögum, en líka frá kjósendum sem vilja fá gott tækifæri til þess að safna bæði undirskriftum og fylgi. Og staðreyndin er sú að, að meðaltali tekur þetta ferli, að koma máli, frá því að leggjast sem frumvarp fyrir þing og þar til að það fær að lokum afgreiðslu sem ný lög, eða því er hafnað, að það tekur um 4-5 ár, í því landi.

Þá er að lokum að geta þess að við söfnuðum saman í 3. gr., nokkrum ákvæðum um framkvæmd þessara mála allra. Og ekki síst vegna þess að við töldum þurfa að kveða dálítið nánar á um frumkvæðismálin. En ég ætla að lesa 3. greinina, og leggja út af henni málsgrein fyrir málsgrein: „Mál sem lagt er í þjóðar-atkvæðagreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal varða almannahag.“ Þetta er allt nýtt, ef ég man rétt, nei orðið „almannahagur“ var á öðrum stað áður, í fyrri tillögum eða því plaggi sem núna er í skjalinu, áfangaskjalinu. Og síðan koma undantekningarákvæði, sem eru óbreytt: „Hvorki er hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáráukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni og ríkisborgararétt.“ Vitaskuld var þetta allt mjög rétt, ekki síst í ljósi þeirra ábendinga sem komu m.a. frá félagu Katrínu Fjeldsted, þess efnis að við ættum kannski ekki að undanskilja t.d. skattamál. En niðurstaðan var nú að halda þessu óbreyttu. Við veltum því líka fyrir okkur hvort að við gætum fundið eitthvað orð sem almenningur skildi, frekar heldur en þjóðréttarskuldbindingar. En að vitra manna ráði var nú ákveðið að halda við það óbreytt. Þá var mjög rétt hvort að mannréttindi ættu með einhverjum hætti, að heyra til undantekninga, m.ö.o. að það væri ekki hægt að hringla með þau, innan gæsalappa, í svona málskoti eða frumkvæðismálum. Og þá höfðu menn náttúrulega ekki í huga það ef einhverjir vildu leggja til aukin mannréttindi, heldur frekar ef að kæmi upp einhver sjónarmið eins og um að skerða þau eða þrengja einhvern veginn að einhverjum minnihlutahópum. En menn fundu samt enga skilgreiningu á þessu hugtaki sem væri brúkanleg.

Nú þá kemur 2. mgr. sem er ný: „Heimilt er að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða eru ekki þingtæk að öðru leyti.“ Fyrri hluti þessarar málsgreinar, um „að vísa frá málum sem uppfylla ekki ofangreind skilyrði“ segir svo sem ekkert annað en að það eigi bara einhver aðili að aðgæta, einhver aðili væntanlega á vegum þingsins, að svo sé. Að skilyrðunum um að þetta varði ekki fjárlög eða skattalög eða eitthvað þ.u.l., séu uppfyllt. En hitt er vissulega, svona, meira álitamál, „eða eru ekki þingtæk að öðru leyti.“ Þar er verið að huga eingöngu til þess að menn séu ekki að flytja einhver innan gæsalappa vitleysismál. En þetta kann nú að vera erfitt í framkvæmd, en við erum ekki að sjá það fyrir okkur að Alþingi geti, upp á sitt eindæmi, einfaldlega sagt, ja okkur finnst þetta bara ekki þinghæft. Það verða að vera einhver sérfræðileg rök fyrir því. Við fengum nú utanaðkomandi lögfræðing í morgun til þess að ..., sem var á okkar fundi, og taldi nú orðið þingtækur ekki mjög vel skilgreint, og segja kannski ekki mikið. En við höldum þó að þetta sé góður og eðlegur varnagli.

En þá kemur kannski aðal nýmálið þarna, að: „Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvarp fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og um fyrirkomulag þeirra, hverju til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu.“ Ef ég fer hratt yfir þetta lið fyrir lið, þá er fyrst rætt um form á undirskriftasöfnunum og málinu öllu. Þetta form gæti tekið breytingum í tímans rás, eins og ég nefndi áðan, í upphafi kannski beðið um pappírform á þessu, en síðan gæti það verið rafrænt þegar þróun á því sviði þykir orðin nægileg. Og það er mikilvægt þarna ennfremur, að það sé ljóst hverjir séu með fyrirsvarið, þannig að Alþingi, að þeir hafi umboð, til að afturkalla, t.d. nýmáli sem lagt er fyrir Alþingi, frumvarp sem lagt er fyrir Alþingi, ef svo þykir að Alþingi sé með sinni gagn tillögu, búið að koma svo til móts við kröfuhafa eða þá sem að komu fram með óskina, að ekki sé ástæða til þess að þæfa málið meira og efna til þjóðaratkvæðis.

Og í fyrirmyndinni Sviss njóta þessir forsvarsmenn einhverjar lagaverndar í þeim skilningi að aðrir sem að hafa skrifað uppá plaggið, geti ekki farið einhvern veginn að draga það í efa, að þeir hafi haft umboð til þess að taka þessa ákvörðun. Þannig að þarna þarf að vanda til lagasetningar.

Síðan er það sem er ekki í Sviss, og þeir hafa margir kvartað yfir. Hverju megi til kosta við kynningu máls, alveg eins og með hverju megi til kosta við framboð, að þá verði þarna settar einhverjar hömlur við því að fjársterkir aðilar geti ekki einfaldlega fjármagnað frumvarpsflutning og með miklum áróðri komið honum í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu. Og þá er eins og ég sagði, er þegar búinn að segja, ítrekað, að þessir forsvarsmenn eiga og mega hafa umboð til þess að bregðast við viðbrögðum Alþingis og afturkalla kröfuna, ef svo ber undir.

Og að lokum á í þessum lögum, sem að við ætlum ekki að útfæra heldur Alþingi, að vera ákvæði þess efnis, hvernig eigi að gera upp þjóðaratkvæðagreiðsluna, sem kann að vera nokkuð flókin í sjálfu sér. Í Sviss þykir mér hún nokkur, hún full flókin, að þar er greitt með „já“-i og „nei“-i, bæði um frumvarp kjós-

enda, eða ... já, kjósenda má kalla það, og hins vegar gagentillögu þingsins. Og síðan, ef að hvorug fær meiri hlutafylgi, þá hvað eigi að gera þá. Þarna þarf að finna í senn, einfalda og framkvæmanlega leið sem ég hygg að sé. Ég, og við í nefndinni, við vonumst eindregið til þess að þetta nái fram að ganga. Ég man ekki, formaður C-nefndar, hvort ég átti að mæla fyrir stjórnarskrárbreytingu líka? Líklega, eða hvað?

PB

Gjörðu svo vel.

PH

Jæja, ég held þá áfram. ... Ef ég nenni? 4. greinin, hún fjallar um stjórnarskrárbreytingar, sem er okkar verkefni. Og það var ekki komið neitt inn í áfangaskjalið síðast, þannig að við erum að leggja þetta fram núna og þá væntanlega til kynningar í þetta sinn, eða hvað? „Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytinga á stjórnarskrá, skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna á landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykki frumvarpsins á Alþingi.“ Fordæmi fyrir þessu er í tillögum stjórnlaganefndar, og er svo sem ekkert meira um það að segja að öll ykkar vita hverju er þarna verið að breyta. Það eru ekki tvennar kosningar, og það eru ekki kosningar, og tvö Alþingi, sem að þurfa að samþykkja stjórnarskrárbreytingu. Það sem menn hafa haft á móti því fyrirkomulagi er að kosningin snýst sjaldnast um stjórnarskrárbreytinguna sem slíka, þannig að þjóðin hefur í rauninni ekki haft tækifæri til að tjá sig um hana. Þarna er henni gefinn kostur á að tjá sig um þá stjórnarskrárbreytingu sem Alþingi leggur til, og hefur samþykkt fyrir sitt leyti, með samþykki eða synjun.

Nú, um það var rætt að þetta gæti verði full viðamik- ið þegar um að ræða einhver mál sem að allir eru sam- mála um, innan gæsalappa, eða eru eitthvað lítillræði, jafnvel tæknilegar lagfæringar á okkar væntanlegu stjórnarskrá. Og þess vegna var bætt við, annarri máls- grein, sem segir: „Hafi fimm sjöttu hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frum- varpið gildi engu að síður.“ Vitaskuld má deila um hlutfallið 5% en við ákváðum að hafa það, eða leggja til að það væri frekar hátt. En takið vel eftir orðinu „getur“, það er ekki þannig að það „skuli“ fella þá niður þjóðaratkvæðagreiðsluna. Það gæti vel verið að þó svo að þetta væri samþykkt einróma á Alþingi, þá kysi Alþingi engu að síður að fá líka uppáskrift þjóðarinnar fyrir einhverju þjóðþrifamáli sem allir væru sammála um að væri heiður og fengur af að hafa í stjórnarskrá.

Nú, þá er þess að geta að það hefur líka komið fram það sjónarmið í hópnum að haga þessu með öðrum hætti. Og það er innan hornklofa í því skjali sem þið hafið fyrir framan ykkur. Og er svona meira í líkingu við það sem verið hefur: „Þegar Alþingi hefur sam- þykkt frumvarp til breytinga á stjórnarskrá skal rjúfa þing og stofna til almennra kosninga að nýju.“ Þetta er trúlega orðrétt upp úr gildandi stjórnarskrá. En svo kemur viðbót: Þriðjungur þingmanna eða fimmtán af hundraði kjósenda geta jafnframt krafist þjóðar- atkvæðagreiðslu um frumvarpið.“ Þetta er þá í anda þess sem að ég var að tala um áðan, varðandi málskot

um almenn lög, sem hafa verið samþykkt. Að þarna er tekið af skarið með það, að þjóðin getur, eða hluti þjóðarinnar, og þriðjungur þingmanna getur farið með stjórnarskrártillögu með sama hætti. „Hafi frumvarpið ekki verið fellt í atkvæðagreiðslunni og samþykki Alþingi það óbreytt, skal það staðfest af forseta Ís- lands og öðlast það þá gildi sem stjórnskipunarlög.“ Ég ætla ekki að fara nánar um þetta orðum. Þetta er bæði auðveldara eða erfiðara, allt eftir því hvernig menn líta á málið. Hérna eru sem sagt tvær tillögur, meirihlutinn stendur væntanlega að baki þeirri sem er ekki innan hornklofa. En báðar tillögurnar hygg ég að hafi nokkuð til síns máls. Þannig að ég vona og vænti að hugmyndir okkar fái hérna góðan hljómgrunn, og legg þær hér fram til umræðu. Þakka ykkur fyrir.

SN

Já, ég þakka Þorkatli Helgasyni fyrir kynningu á til- lögum C-nefndar um Lýðræðislega þátttöku almenn- ings, og orðið laust. Gísli Tryggvason er fyrstur á mælendaskrá.

GT

Já, formaður, góðir félagar. Þakka ykkur í C-nefnd og Þorkatli fyrir greinargóðar og nokkuð frumlegar til- lögur. Mér finnst þetta, sem fyrst var rætt um þjóðar- frumkæði og málskot, vera nokkuð gott. Og frumlegra en ég hafði eiginlega ímyndað mér að við myndum ræða hér. Fyrst langar mig nú að nefna að varðandi þriðjung þingmanna, eins og við Eiríkur Bergmann lögðum til hérna á síðasta fundi, að þá mætti kannski frekar kalla þetta frestunarrétt frekar en málskot, miðað við hvernig þið leggið þetta upp. Að þetta verður ekki að lögum fyrr en, ef og þegar þegar þjóðin sam- þykkir. Og þá er þetta ekki málskot á lagagildi, eins og nú er, ef forseti synjar lögum staðfestingar, heldur frestun á lagagildi. Og svo ræðst bara af þjóðarafstöð- unni hvort að þetta verði að lögum. En þetta er nú bara smáatriði varðandi hugtakið. Mér list líka nokkuð vel á að meirihluti Alþingis geti bakkað í báðum þessum til- vikum, fellt frumvarpið niður ef það þorir ekki að taka slaginn við þennan þriðjung þingmanna, eða 15% kjós- enda. En sjálfur hallast ég að því að þetta ætti kannski að vera 10%. Og líka varðandi 2. greinina, ég hallast að því að þetta eigi að vera 10%, en mikilvægast finnst mér nú þetta nýmæli, eða þetta þingmannaákvæði, sem er komið þarna aftur inn. Nú mig langaði aðeins að nefna varðandi túlkun á 2. greininni, hvort að eigi að skilja það þannig að það þurfi hreinan meirihluta, til þess að velja á milli frumvarpa, eða hvort það er nóg að það frumvarp af tveimur sem fær fleiri atkvæði, nái lagagildi. Það kemur ekki skýrt fram í 2. mgr. 2. gr. Þar segir bara, það „skal bera það undir þjóðaratkvæði, svo og frumvarp Alþingis, komi það fram,“ og þá gæti orðið túlkunarvandi, hvort að frumvarp þurfi 50% atkvæða þeirra sem taka þátt, eða það af tveimur frum- vörpum sem að þjóðin hefur um að velja, sem fær fleiri atkvæði. Þetta þarf að skýra, sennilega í texta, en ekki bara í greinargerð. Nú varðandi 3. greinina. Þá held ég að það mætti nú aðeins, já, finna eitthvað betra hugtak en þingtækt, og ég minni þarna á að í þessu sambandi væri mjög mikilvægt að Hæstiréttur fengi það hlut- verk sem að aðrar tillögur frá nefndinni gera ráð fyrir, þ.e.a.s. að Hæstiréttur fái hlutverk stjórnlagadómstóls, og geti þá dæmt um svona hluti, ef að þriðjungur þing-

manna, forseti Íslands eða þingnefnd spyr. Þannig að það væri þá hægt að láta reyna á það hvort að frávísun vegna þess að mál væri ekki þinghæft, stæðist mat Hæstaréttar. En dæmi um svona mál sem að ekki teldust þingtæk, eða kannski bara stjórnarskrártæk, það höfum við eiginlega úr okkar sögu, mig minnir að fyrir stríð hafi komið fram tillaga á þingi um að tiltekið félag, Kveldúlfur, yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og því var, að mig minnir, vísað frá af því að þetta heyrði undir dómssvaldið en ekki löggjafarvaldið að ákveða hvort að félag skyldi tekið til gjaldþrotaskipta. Og samþærilegt mál kom upp eftir stríð í Danmörku, þar sem að þingmenn vildu setja fram lög um að gera eignir meints landssvikara upptækar, og því var vísað frá og talið að það færi undir sérstök lög um réttssuppgör eftir hersetu Þjóðverja, og færi síðan eftir dómi.

Nú mér líst vel á niðurlagið í 3. gr., þar sem að sérstaklega er tekið fram að löggjafinn eigi að setja reglur um hverju megi kosta til við kynningu. Og þarna er komið til móts, sé ég, við tillögu frá mér um daginn að fjármál í pólitík ættu ekki bara við um kosningar og framboð, heldur líka um þjóðaratkvæðagreiðslur. Og ég held að þetta sé því mikilvægara eftir því sem að þröskuldurinn er lægri, en eins og ég sagði, þá hallast ég að hann eigi að vera heldur lægri eða 10%. Nú síðan aðeins að stjórnarskrártillögunni. Mig langar að spyrja hvort að nefndin hafi fjallað eitthvað um og hvernig hún hafi þá tekið á tillögu frá Freyju og mér, og Katrínu Oddsdóttur og Silju Báru og Vilhjálmi, um reglulegt Stjórnlagabing. Í stað þess að stjórnarskránni sé breytt svona eða hinseginn af Alþingi, að þá færast frumkvæðisrétturinn alfarið til reglulegs Stjórnlagabings, skv. tillögu sem hljóðar svona: „Stjórnarskrá þessari skal aðeins breytt að tillögu Stjórnlagabings, sem þjóðkjörið skal með persónukjöri, þar sem hlutur kynja og fulltrúa landshluta skal tryggður með sama hætti og við kjör til Alþingis. Forseti Íslands boðar til Stjórnlagabings á 25 ára fresti, eða oftar ef Alþingi óskar eða 10% kjósenda óska þess. Um fjölda stjórnlagabingmanna, starfsemi Stjórnlagabings og nánari reglur um kjör þess skal mælt í lögum. Tillaga að nýrri stjórnarskrá skal borin undir alla kosningabæra í landinu í leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.“ Ég hefði gjarnan viljað fá einhverja umfjöllun um afstöðu nefndarinnar til þessarar tillögu. En takk fyrir vel unnin störf.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður, ágætu ráðsfélagar. Við erum að fjalla um breytingartillögur C-nefndarinnar um beint lýðræði og stjórnarskrárbreytingar. Og þetta eru talsvert miklar breytingar frá þeim tillögum sem eru komnar nú í áfangaskjal. Nú, það er hægt að takmarka beint lýðræði eða setja svo ströng skilyrði, að beina lýðræðið verður illfrumkvæmannlegt eða jafnvel marklaust. Ef við skoðum þessar takmarkanir, samkvæmt þessum tillögum, þá er það í fyrsta lagi að það er verið að hækka þann hluta kjósenda sem að má krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er verið að hækka þetta upp í 15% frá þeim tillögum sem voru í áfangaskjalinu, þar var mælt með 10% kjósendahlutfalli. Þarna er verið að gera kröfu um að 35, jafnvel hátt upp í 40.000

kjósendur, sérstaklega ef við höfum þarna í huga að það verði settar af hálfu almenna löggjafans strangar kröfur um framkvæmd undirskriftarsöfnunar. Þannig að þetta er mjög erfitt, að ná þessu fram. Nú þetta er gert ráð fyrir þessu.

Nú í öðru lagi þá eru þær takmarkanir að það er gert ráð fyrir ráðgefandi, ekki bindandi, niðurstöðu, að þingið ákveði þetta. Nú, og svo í þriðja lagi, þá er verið að tala um að undanskilja mikilvæga málaflokka, fjárlög, fjáráukalög, skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og þjóðréttarsamninga. Það myndi t.d. þýða held ég að ef að mikill meirihluti þjóðarinnar vill ganga úr þessu Schengen-samkomulagi, þá geti ekki farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um það. Svo að menn ... Nú, ég býst við því að varðandi þetta Icesave-mál, þá hefði ekki verið hægt að biðja um þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að niðurstaðan hefði sjálfsagt orðið sú að hún hefði verið í ósamræmi við meirihlutavilja þjóðarinnar. Við skulum auðvitað hafa það í huga.

En þegar við ræðum um þessar þjóðaratkvæðagreiðslur, þá held ég, að þeir sem eru andvígir beinu lýðræðu og þjóðaratkvæðagreiðslum, það eru auðvitað þau samtök og einstaklingar sem hafa greiðan aðgang að þinginu. Það eru skipulögð félagasamtök eins og ASÍ, sem eru að sumu leyti pólitísk samtök, það eru embættismenn, það eru ýmsir hópar sem að eiga greiðan aðgang að fjölmiðlum og hafa... Þessir hópar, þeir kæra sig ekkert um beint lýðræði vegna þess að þeir þurfa ekkert á því að halda. Og Ari Teitsson hefur bent á það að landsbyggðin eigi ekki greiðan aðgang hér að stofnunum, á höfuðborgarsvæðinu. Hann á væntanlega við að það er erfiðara fyrir þá að lobbýa hér, vegna þess að fjarlægðin geri það erfiðara fyrir. Nú, þetta á við um miklu fleiri hópa heldur en landsbyggðina, þetta á við allan þorra landsmanna. Og við erum auðvitað að semja stjórnarskrá fyrir alla þjóðina, við erum ekki að gera það fyrir ákveðna hópa, fyrir verkalýðshreyfinguna, embættismenn, kannski þá sem eru kannski aðhyllast ákveðnar skoðanir, kannski frjálslyndir sósíalistar eða femínistar, eða einhverjir slíkir. Við erum að gera þetta fyrir alla þjóðina. Og hvað gerist þá? Hvað þýðir það að hafa beint lýðræði? Það er hér álitamál og ágreiningsmál í okkar samfélagi, sem eru ekki leyst, sem er ágreiningur um. Af hverju á lítill minnihlutahópur, sem hefur aðgang að þingmönnum, að ráða því hver er niðurstaðan? Finnst ykkur það réttlátt? Við erum að tala um að allt vald eigi að vera hjá þjóðinni. En síðan segjum við, ja, þessir minnihlutahópar sem hafa greiðan aðgang að þinginu, þeir eiga jú að ráða þessu. Það er veruleiki sem við búum við, hvort sem það eru fjármálaöfl eða aðrir slíkir. Við þekkjum það vel að fulltrúalýðræðið var í góðum tengslum við þá sem settu þjóðina á hausinn. Þar var greiður ..., og fulltrúalýðræðið studdi þetta. Þjóðin kom ekkert að þessu og fékk ekkert að þessu og fékk ekkert tækifæri til þess. Og eigum við að halda áfram á sömu braut? Þess vegna skora ég á nefndina að endurverkja þær hugmyndir sem voru í áfangaskjalinu.

Og svo er eitt atriði sem er rétt að hafa í huga. Það er í sambandi við þjóðarfrumkvæðið. Hér var talað um það, í tillögunum í áfangaskjalinu, að það yrði þjóðarfrumkvæði og þjóðaratkvæði. Nú hefur þessu verið breytt og talað um þingmál að frumkvæði kjósenda. Já ... þingmál. Og það er talsvert annað, við erum að tala um allt aðra hugmynd. Því að það var gert ráð fyrir

Því að Alþingi skyldi láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál að kröfu 10% kjósenda. Núna getur 15% hluti kjósenda óskað eftir því að frumvarp verði tekið fyrir á Alþingi og síðan verður niðurstaðan sú að þingið geti komið með gagntilboð, gagntilboð. Og, þessi ferill, þessi málsmeðferð á að standa yfir í tvö ár. Og í skýringunum með þessum tillögum, þá er sagt að þingið þurfi ráðrúm og svigrúm og nægan tíma til að móta gagntillöguna. Það náttúrulega sjá það allir að þetta er ekki, þetta er illframkvæmanlegt, og þetta er svo seinvirkt, að menn munu sjálfsagt hafa lítinn áhuga á því að safna 40.000 atkvæðum, til að koma máli í þingi, sem að hangir þar í tvö ár. Auðvitað mun þetta ekki verða raunhæft. Og það er ýmislegt annað sem við þurfum að taka á, og ... . Síðan er það, hérna, varðandi stjórnarskrárbreytingarnar. Það voru komnar fram tillögur um að breyta stjórnarskránni þannig að aukinn meirihluti,  $\frac{2}{3}$  hlutar þingsins gætu samþykkt þetta, og svo væri þetta borið undir kjósendur. Það er búið að gjörbreyta þessu. Annars vegar höfum við einfaldan meirihluta þingsins, og síðan er það borið undir kjósendur, eða tröllaukinn meirihluta þingsins, án þess að þetta verði borið undir kjósendur. Þannig að það verður enginn aðkoma almennings að stjórnarskrárbreytingum. Ætlum við að samþykkja svona tillögu?

Það er e.t.v. nauðsynlegt og ég frétti af því að eigi að fara fram, sko, umræða um það á fimmtudaginn um beint lýðræði, og ég held að við verðum að þá að ræða það sérstaklega. Helstu rökin gegn beinu lýðræði hafa verið þau, annars vegar að almenningur hafi litla þekkingu á málefnum, og þ.e.a.s., og í annan stað, að almenningur sé ábyrgðarlaus, hann sé ábyrgðarlaus, það sé ekki hægt að treysta honum. En af hverju treystum við almenningi til að kjósa þingmenn og forseta, þjóðkjörinn forseta, og ef við kjósum þingið, þá erum við að kjósa um fjölmörg flókin málefni. En við treystum ekki almenningi að kjósa um eitt afmarkað málefni. Þar sem að miklu málefnalegri umræða getur átt sér stað um afmarkað málefni, og þá getur verið hægt að leiða fram sérfræðinga um það mál. En höfuðástæðan fyrir andstöðunni gegn beinu lýðræði, er þessi, að það eru sterkir hópar og einstaklingar í samfélaginu sem að vísa gjarnan í það að sérfræðingaveldið eigi hér að ráða öllu, sem að þeir hafa tangarhald á, og síðan eigi þjóðin að setta sig við það, jafnvel þótt að mikill meirihluti þjóðarinnar sé á móti þessu. Samanber stefnuna í sjávarútvegsmálum, sem hefur verið, staðið deila um í áratugi, í áratugi. Og hvernig er sú staða núna? Þingið er að kljást við þetta og ræður ekkert við þetta mál. Ég skora á C-nefndina að endurskoða sínar breytingartilögur. Ég þakka fyrir.

SN

Næst er á mælendaskrá Dögg Harðardóttir og ég loka mælendaskrá þegar hún hefur lokið máli sínu.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Ég vil þakka C-nefndinni fyrir heilmikla vinnu. Það er tvennt sem mig langar til þess að benda á, það er greinin hérna með stjórnarskrárbreytingarnar, sem gerir að verkum að það blikka hjá mér öll rauð ljós. Þar sem segir, „hafi  $\frac{2}{3}$  hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður.“ Og í

skýringum segir: „Þessi möguleiki á einfaldri meðferð er settur inn með það í huga að hugsanlega þurfi af einhverjum ástæðum að gera smávægilegar breytingar á stjórnarskrá, t.d. vegna minniháttar þjóðaréttarsamninga. Þetta er bara mjög skiljanlegt, en ef þetta ákvæði fer inn í stjórnarskrána, þá er möguleikinn fyrir hendi að gera stórkostlegar breytingar á stjórnarskránni, ekki bara einhverjar minniháttar breytingar. Ef þingmönnum dettur t.d. í hug að fjölga sjálfum sér úr 63 í 163, eða breyta lögunum um, eða reglunum um upplýsingar um framlög og styrki til stjórnmalasamtaka, að þær séu aðgengilegar almenningi. Ef þingmönnum sjálfum dettur bara í hug að breyta þessu, með sinn eiginn hag að leiðarljósi eða hafa upplýsingarnar ekki aðgengilegar fyrr en löngu eftir kosningar, þá er verið að opna á þann möguleika. Þannig að ég set stóran varnagla við þessa grein. Og svo er annað sem ég hef reyndar nefnt áður og vil bara hnykkja á. Það er þetta, í 1. gr. með málskotid til þjóðarinnar, að þriðjungur þingmanna geti ákveðið að leggja málefni undir atkvæði allra kosningabærra manna. Ég hef sagt það áður, mér finnst 21 þingmaður mjög ... já, fámennur hópur til þess að senda mál í atkvæðagreiðslu. Og ég vildi bara hnykkja á því. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel. Mælendaskrá hefur þá verið lokað.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætlaði nú að ræða svona dálítið almennt um þetta viðfangsefni hérna, þ.e.a.s. fulltrúalýðræði versus beint lýðræði, og hvernig við framkvæmum það. Og kannski vera með ..., svona já, svipaða rhetorík í þessu, eða og nálgun, og Pétur, en frá hinni hliðinni. Sko, menn hafa náttúrulega lengi verið að velta þessu fyrir sér með beint lýðræði og fulltrúalýðræði og er hægt að rekja þetta alveg aftur til Grikkjanna og Aþenu og vöggu lýðræðisins á sínum tíma. Hvort fyrir sig hefur sína kosti. Fulltrúalýðræðið hefur sína kosti og beint lýðræði hefur sína kosti. Og hvort á kannski við um ákveðna tegund af máli. Og fulltrúalýðræði náttúrulega á augljóslega vel við þar sem um er að ræða flókin mál sem að þarf tíma til að setja sig inn í og miklar upplýsingar sem að liggja að baki góðri ákvarðanatöku. Beint lýðræði á aftur á móti mjög vel við þegar um er að ræða einhvers konar, svona, ja má segja, persónulega skoðun fólks sem að er ekki kannskri tengd einhverri pólitískri lífsskoðun, að öðru leyti. Og þá í alls konar álitafnum, svona siðferðislegum álitafnum og ýmsu öðru sem henta mjög vel í beina lýðræðið. Þannig að eins og ég segi, hvort um sig hefur sína kosti. Síðan, ef menn eru svo ..., auðvitað verða menn að hafa fulltrúalýðræði í nútímaþjóðfélagi og í raun og veru held ég að mikilvægi þess aukist bara, að vera með gott úrlausnaratriði, vegna þess að úrlausnarefnin eru alltaf að verða flóknari, sem að við er að etja í þjóðþingum. En þá skiptir líka bara verulegu máli að fulltrúalýðræðið sé vel gert, og það sé, um það ... já, það virki vel og kosningar fulltrúanna séu góðar og fólki finnst það í raun og veru vera að fá sína fulltrúa inn á þingið, og að fulltrúarnir þar sitji raunverulega í skjóli kjósenda, en ekki kannski í skjóli stjórnmalaflokka, eins og ég hef margoft komið að hér í umræðum. Og að þessir fulltrúar, þeir geti verið látnir

sæta ábyrgð o.s.frv. Og sömuleiðis að verjast spillingu og að verjast því að hagsmunahópar hafi of mikil áhrif á þessa fulltrúa o.s.frv.

Þetta er allt saman verkefni. Og sumt af því sem menn eru kannski að kvarta yfir og vísa í lítið traust Alþingi, margt af þessu eru þá vandamál við núverandi kerfi sem þarf að laga, og við erum vinna í, hér í Stjórnlagaráði á margs konar vettvangi. Og sérstaklega eru nú tillögur nefndar C, sem við vorum að ræða hérna áðan um breytta kosningalöggjöf til þings, alveg gríðarlega stórt skref þarna fram á við, held ég, í að gera Alþingi að miklu betri stofnun fyrir fulltrúalýðræðið, miklu betri fulltrúa okkar við ákvarðanatöku. Þannig að, og við í nefnd B erum svo aftur að vinna í því að reyna að efla Alþingi í sínum störfum, færa því fleiri vopn í hendur, ef svo má segja, láta það hafa betra eftirlit með framkvæmdarvaldi og svona reyna að færa jafnvægið aftur frá framkvæmdarvaldinu til þingsins, sem var komið allt of mikið í átt að framkvæmdarvaldinu. Þannig að menn þurfa svona að aðskilja aðeins próblematíkuna í þessum málum.

Nú, að þessu sögðu, þá, af því að Pétur var nú að vísa til þess hvað hafði, svona, misfarist hér fyrir hrun. Þá held sé að það sé ekki kannski endilega þannig að eitt-hvert beint lýðræði hefði gert það betra, eða leyst þau vandamál sem þar voru á ferðinni. Það var náttúrlega í fyrsta lagi kannski vandamál ákveðinna gilda eða hugmyndafræði, sem að var, hérna, tröllreið mörgu hér í samfélaginu, og þá allri pólitík og ekki bara þá einhverjum inni á Alþingi eða í stjórnmalaflokkum, heldur líka út af fyrir sig í þjóðfélaginu alls staðar, eins og ég segi ákveðin, svona, já, gildi og hugmyndafræði. Síðan voru þetta vandamál í framkvæmdarvaldinu. Það brást að mörgu leyti, í því að halda utan um hagsmuni okkar. Og svo auðvitað vorum við með ákveðið flokksræði og menn voru orðnir of værukærir í skjóli sinna flokka.

En það sem ég ætlaði þá að segja um þetta ferli sem við erum byrjuð setja upp, í sambandi við beina lýðræðið, eins og þetta lítur út núna áfangaskjöllum okkar, allavega miðað við þær tillögur nefndar B, sem að lúta að óbreyttum málskotsrétti forseta. Að þá erum við með eiginlega þrjá varnagla eða þrjá öryggisventla í sambandi við lagasetningu. Þegar að þingið hefur samþykkt ný lög, þá hefur, innan þriggja daga, þá getur þriðjungur þings, minnihluti þings, getur þá samþykkt skv. tillögum nefndar C, að vísa lögum til þjóðarinnar. Og þau fá þá ekki lagagildi, þetta er samt mjög öflug bremsa, það eru stoppuð lög, þarna innan þriggja daga og þau eru send til þjóðarinnar.

Síðan, skv. þessum málskotsrétti forseta, að þá gæti forseti innan sjö daga ákveðið að synja lögnum staðfestingar, þ.e.a.s. ef að minnihluti þings hefur ekki gert þetta, þá getur forseti gripið inn í og synjað lögum staðfestingar, og þá fá þau reyndar lagagildi, en ganga til þjóðarinnar til þjóðaratkvæðagreiðslu, innan ákveðins tíma. Síðan erum við með þriðja ventilinn, þ.e.a.s. innan þriggja mánaða getur þjóðin sjálf komið til sögunnar, safnað þá í þessu tilviki 15% undirskrifta, og valdið því að lög, sem hafa þá reyndar tekið gildi, fari til þjóðaratkvæðis. Þannig að, eins og ég segi, þetta er orðinn þrefaldur varnagli þarna, þrefaldur öryggisventill. Mér, persónulega finnst þetta nú orðið nokkuð vel í lagt, svona í heildina tekið. Og teldi nú sjálfur nægjanlegt að þarna væru hugsanlega þá tveir eða tveir

og hálfur ventil, í ferlinu, þ.e.a.s. að þriðjungur þingmanna hefði þennan möguleika. Ég held að það sé, svona, ákveðið lýðræðislegt atriði, að bæta umræðu-hefð á þingi og auka ábyrgð minnihlutans. En ég tel að forseti Íslands ætti þá að hafa þann möguleika, innan þessara sjö daga, að vísa máli aftur til þingsins. Ef að honum lýst ekki á það af einhverjum ástæðum, formástæðum eða efnisástæðum, þá geti hann vísað því aftur til þingsins, og þar sem það færi þá aftur í eina umræðu í viðbót, og þá gæti þessi þriðjungur þingmanna aftur gripið í neyðarhemilinn. En ef að forseti vísar þessu ekki til þings, þá verða lög staðfest og þá hefði þjóðin ennþá þessa þrjá mánuði sína til að grípa inn í.

Ég held að þessir, svona tveir og hálfur öryggisventill væri alveg nóg. En ég held að við verðum að horfa svona, á þessa heildarmynd. Hvað er það sem við viljum sjá þarna? Hversu ríkt á þetta beina lýðræði að geta verið? Og það þarf líka að horfa á það, að við erum náttúrlega búin að kjósa þarna þá fulltrúalýðræði, vonandi með betri hætti en áður. Það verður líka að fá að bera sína ábyrgð, þannig að það sé, svona, ekki kannski of auðvelt að taka af þessu fulltrúalýðræði ábyrgð á heildarstjórn þjóðfélagsins, með því að sé of auðvelt að grípa fram þar fyrir hendurnar. Svo vildi ég bara segja, sem svona, tæknilegt útfærsluatriði að ég tel að það ætti að, kannski að koma fram í greinargerð, með undirskriftir eða undirskriftasöfnun, að það gæti verið Hagstofa Íslands, eða einhver slíkur opinber aðili, sem annaðist um það að safna þessum undirskriftum, rafrænum undirskriftum eða skriflegum, með traustum og sannanlegum hætti. Og það væri bara þjónusta sem að þessi stofnun byði upp á fyrir þá sem að þyrftu að safna undirskriftum. Þannig að það færi ekkert milli mála um þá framkvæmd.

Að öðru leyti vil ég síðan bara minna á þetta sem að Gísli reyndar minnti á líka, með ákvæði um Stjórnlagabing, til þess að endurskoða stjórnarskrá. Menn geta haft sínar skoðanir á einhverjum núönsum í nákvæmlega þessari tillögu sem að Gísli minnti á hér áðan en allavega finnst mér efnislega að Stjórnlagabing þurfi að vera inni í stjórnarskrá sem aðili til að endurskoða hana. Ég hef lokið máli mínu, takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Ég vil nú byrja á því að biðja nokkra ráðsfulltrúa afsökunar á því að hafa farið rangt með skoðanir þeirra áðan, þegar ég gerði því skóna að menn vildu það að þeir sem sætu heima, túlkuðust sem auð þingsæti, það voru að sjálfsgöðu þeir sem ætla að skila auðum atkvæðum. Ég bið þau afsökunar á að hafa farið með rangt mál, og hæðst að því. En að öðru leyti þá vil ég taka það fram að ég stend að fullu að baki þessum tillögum, þrátt fyrir að við höfum skipt nokkuð verkum í nefndinni með þeim hætti að aðrir nefndarmenn en ég hafi borið þær upp. Og nefndin sem samanstandur af Ara, Þorkatli, Guðmundi, Írisi, Lýð, Andrési og Ómari, ásamt mér, hefur unnið mjög gott verk og ég þakka öllum nefndarmönnum kærlega fyrir þeirra framlag til, sérstaklega þessarar vinnu.

Nú, andstæðingar beins lýðræðis, var hugtak sem kom hérna fram oft í ræðu Péturs áðan, og ég verð

eiginlega að bera það af mér, allavega ef því er beint til mín og annarra sem eru á því að þessar tillögur sem hér eru lagðar fram, séu mjög mikið skref í átt til þess að gera veg beins lýðræðis meiri. Föllum aðeins yfir þetta. Í dag hefur þjóðin enga aðkomu að því að fá óvinsælum lögum hnekk í þjóðaratkvæðagreiðslu, öðruvísi en að senda beiðni, eða bænaskjal til forseta, þess efnis. Í dag hefur þjóðin enga aðkomu að því að geta lagt fram tiltekið mál á þingi. Í dag hafa kjósendur heldur enga aðkomu að því, að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál, lög eða frumvörp, sem að þeir búa til sjálfir. Í dag hafa kjósendur enga aðkomu að því að tjá sig um stjórnarskrárbreytingar. Allar þessar breytingar er verið að gera, það er verið að bæta þessu öllu við, í einu stökki.

Ísland, með þeim tillögum, er að taka stökk úr því að vera, bara svona, með íhaldsamari móti hvað þessi mál varðar, svona staðsetja við hliðina á hinum Norðurlöndum, og til þess að það er í rauninni komið lengra en Ítalía, í þessum málum. Og það einungis eitt ríki í Evrópu, sem er Sviss, sem myndi standa lengra en Ísland, ef að þessar tillögur ná fram að ganga. Eini munurinn í rauninni er, að þingið gæti eftir sem áður ákveðið að lagafrumvarp sem kjósendur, 15% þeirra, hafa lagt fram, fari ekki í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu heldur einungis ráðgefandi. Ef að þetta hérna ákvæði, og það að talan sé 15 en ekki 10, gerir mann að andstæðingi beins lýðræðis, þá finnst mér það satt að segja dálítið undarlegt. Breytingarnar frá þeim tillögum sem voru lagðar fram seinast, eru nefnilega ekki nema þessar, að talan er hækkuð úr 10% í 15%. Það er krafist þess að menn leggi fram frumvarp, eins og er gert til að fylgja eftir ráðum sérfræðinga á þessu sviði, að það er einmitt dýlóginn við þingið, samræða hóps kjósenda við þingið, sem gerir ferlið gott. Það er að segja, menn geti ekki bara ruðst með eitthvað mál, heldur leggi fram sínar tillögur í formi vel mótaðs frumvarps, og síðan geti þingið tekið til efnislegrar skoðunar, og þurfi ekki að ana út í eitt eða neitt. Þetta getur tekið sinn tíma. Það getur ekki verið krafan í beinu lýðræði endilega að hlutirnir gerist bara á nokkrum mánuðum.

Þannig að ég vil meina að nefndin hafi komið til móts við óskir um að færa inn allar mögulegar tegundir af því sem kallast beint lýðræði, þ.e.a.s. málskot um gildandi lög, tillögurétt, þjóðarfrumkvæði og rétt til þess að tjá sig um stjórnarskrárbreytingar. Á meðan við gerðum það, að þá höfum við reynt að koma á fót bæði beltum og axlaböndum, vegna þess að fjölmargir, bæði hér inni og í samfélaginu, hafa áhyggjur af því að svona stórt stökk í einu, myndi gera það að verkum að stjórnvöld gætu ekki tekið óvinsælar ákvarðanir, að það væri auðvelt að troða á réttindum minnihlutahópa. Og þessa veggj erum við alls staðar að reisa. Þannig að mér finnst dálítið sko, undarlegt ef menn láta þessa tillögur standa og falla á því, að hlutfallið sé hugsanlega hátt. Við skulum bara fara í gegnum sögu undirskriftasafnanna á Íslandi í gegnum tíðina, ég er nú ekki með þær tölur, en auðvitað hefur oft náðst sá fjöldi undirskrifta, sem hér um ræðir, og hví ætti hann ekki líka að nást, þegar um hitamál er að ræða þar sem menn geta farið fram og búið til frumvarp og lagt fyrir þingið.

Þannig að ég tel, að með þessu hafi náðst góður balans á milli þeirra sem vilja veg beins lýðræðis sem mestan og þeirra sem hafa áhyggjur af því, hvaða áleið-

ingar það gæti haft, fyrir stjórn landsins, fyrir réttindi minnihluta, og fyrir það að stjórnvöld gætu hugsanlega einhvern tímann þurft að taka óvinsælar ákvarðanir.

Nú, að öðru leyti þá vil ég taka það fram að valkosturinn innan hornklofa í tillögum um stjórnarskrárbreytingar, sem gerir ráð fyrir lítt breyttu fyrirkomulagi að öðru leyti en því að þriðjungur þingmanna, eða 15% kjósenda geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, að það er tillaga sem ég persónulega mundi styðja frekar, vegna þess að ég tel það vera ákveðinn kost að tími þurfi að líða á milli þess sem stjórnarskrárbreyting er lögð fram og þangað til að hún er gengin endanlega í garð. Ástæðan fyrir því að ekki er farin sú leið, sem lögð var fram seinast, þ.e.a.s. aukinn meirihluti þingmanna og þjóðaratkvæðagreiðsla, var að margir þeirra sérfræðinga, sem sagt, það hafa margir bent á það, sem er rétt, miðað við reynslu annarra þjóða, að þetta myndi gera það mjög erfitt að breyta um stjórnarskrá. Breytingar á stjórnarskrá í Danmörku, þær hafa verið gerðar kannski tvisvar sinnum seinustu hálfu öldina. Og það væri einfaldlega þannig að menn mundu ekki ráðast í það verk auðveldlega. Nú, ég kannski svara bara Gísla um Stjórnlagabing. Það var, svona, okkar skilningur miðað við, þær miklu tillögur sem við gerum um þjóðarfrumkvæði, að það væri boðleiðin, fyrir svona beiðni. Að kjósendur mundu safna saman undirskriftum og krefjast Stjórnlagabings á grundvelli frumkvæðisréttar, og þá mundi það vera 15% kjósenda, sem gæti gert það. Auðvitað er þar ekki innfalið að þessi málsmeðferð, sem er síðan upp talin um bindandi þjóðaratkvæði í kjölfarið, en þetta er samt, svona, sú leið sem við töldum vera að þessu markmiði. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinur, takk. Ég vil byrja á því að þakka C-nefnd kærlega fyrir, og ég tek undir með Pawel, að það er verið að stíga mörg mjög mikilvæg skref. Og það er alveg frábært hjá ykkur að vera búin að setja inn hérna ýmislegt sem að ég tel vera til bóta, algjörlega. Og ég ætla bara svona að fara í gegnum þetta í sömu röð og þetta er á blaðinu. Það eru nokkrar athugasemdir. Fyrst langar mig til að spyrja hvort að hér sé einhver hætta á einhverri svona eilífðar lúppu, út af þessum þriðjungs þingmannafjölda sem getur stoppað mál. Sko, hvað ef að hann stoppar mál, og hinir 2/3 eru bara einfaldlega ósammála og þeir draga það þá til baka, og hann stoppar þá og þeir draga það til baka, og hann stoppar þá, og þeir draga það til baka ... hvernig komum við í veg fyrir svona scenario, þar sem er einfaldlega beðið eftir því að einhver verði veikur eða eitthvað, til þess að ekki sé lengur hægt að halda áfram. Sko, ég meina við munum alveg eftir því að forseti Íslands missti af einhverju brúðkaupi eða eitthvað, út af því að einhverjir ætluðu að gera eitthvað í hans fjarvistum, einu sinni. Og það er alveg hætta á svona mómentum. Og við þurfum einhvern veginn alltaf að girða fyrir að það sé einhver svona tímafaktor eða einhvern veginn sé ekki hægt að endalaust, sko, halda áfram. Eins og, það var náttúrlega svóltíð ... mér fannst það vera, svona hálfpartinn verið að stinga lýðræðið í bakið þegar fjölmiðlalögin voru bara dregin

til baka, eftir að forsetinn synjaði þeim undirskrift á sínum tíma, vegna þess þegar eitthvað á að fara í þjóðaratkvæði, þá á það bara að fara í þjóðaratkvæði, sko. En ég alveg skil vel að það eigi að vera hægt að laga og bæta sitt ráð. Ég meina, stundum líka bara gerir Alþingi mistök, eins og allir aðrir.

Þannig að það er gott að það sé búinn til, svona, mekanismi þannig að hægt sé að bregðast við, fyrst sé hægt að segja svona, heyrðu bíddu, gult spjald og svo rautt spjald. Ég er mjög hrifin af því. En það má ekki vera bara gult, rautt, gult, rautt, gult, rautt, út í eitt. Þannig að við þurfum einhvern veginn að tryggja það, að þetta sé ekki bara eitthvað sem hægt sé að nota til þess að stoppa allt starf í þinginu. Og þið bara pælið í því. Nú, hvað varðar þessa blessuðu tölu, með 15%, þá vitið þið væntanlega að ég hef lagt fram breytingartillögu, um að þessi tala verði aftur færð niður í 10%, í samræmi við ykkar fyrri tillögu. Og ég tel bara að þessi gríðarlega aukning þarna, þetta 50% stökk, að það hafi hvorki verið rökstutt, né sé góð hugmynd. Það er þarna verið að hækka kröfu úr tæpum 23.000 kjósendum, sem þurfa með afgerandi öruggum hætti, að vilja fá eitthvað í gegn, upp í 34.000 lögmaðar undirskriftir. Og þetta er rosalega há aukning. Og ég skil ekki alveg að sko, án þess að sá rökstuðningur hafi einhvern veginn verið færður í annan búning en bara svona almennan hræðslubúning einhvern, þá skil ég ekki alveg af hverju við ættum að gera þetta. Þið vorum með 10%, það var flott. Og ég vildi vera sérstaklega hörð á því að ef að þið gætum séð einhvers konar leið til þess að lækka þetta aftur, þá væri það til bóta. Og ég bendi í þessu á frábært erindi sem barst frá Hirti Hjartarsyni, og Lýðræðisfélaginu Öldu, þar að auki, þar sem fjallað er um alþjóðleg yfirlit þar sem kemur fram að fari þetta upp í þessi 15% mörk, þá bara er þetta dauður bókstafur. Og það er eitthvað sem við viljum ekki. Við erum öll að vinna að sama markmiði. Og ég trúi því einlæglega að þið séuð, einmitt að færa þjóðarfrumkvæðið í raunveruleikann en ekki með einhverja málamyndagerninga hérna.

Þannig að ég sé ekki alveg ástæðuna fyrir því að fara með þetta upp, ef þetta gat verið 10, þá getur það það örugglega áfram. Við þurfum bara að vera svolítið huguð. En ef að þið sjáið að það sé bara hræðilegt, þá af hverju ekki 12%? Ekki a.m.k. bara hækka þetta um 50%, í einhverju svona „needyork reaction“. Nú, sko, mér finnst líka óþægilegt þegar að maður ber fram einhverja breytingartillögu, eins og við bárum nú fimm fram hérna breytingartillögu um Stjórnlagabing og hennar sést hvergi merki einu sinni í skjölunum. Það kemur inn einhver nýr valkostur í hornklofa. En það er bara eins og þetta hafi aldrei gerst með Stjórnlagabingid. Þó er þetta nú tillaga sem byggir á vilja fimm nefndarmanna og væntanlega fleiri þar að auki og erindi sem okkur hafa borist. Þannig að mér finnst nú ekki að við getum bara í ljósi þess að við séum komin með þjóðarfrumkvæði bara ýtt öllum öðrum leiðum út af borðinu af því að það muni bara kjósendur sjá um að gera fyrir okkur. Við erum í fullri alvöru að leggja fram efnislega tillögu og það er í raun og veru réttlátt að það sé a.m.k. fjallað um hana. Þannig að ég myndi vilja sjá bara, einhverja aðra röksemdafærslu fyrir því að þetta sé ekki boðið fram sem valkostur, heldur en sá að kjósendur eigi að sjá um það. Nú, hvað varðar 2. greinina, þá finnst mér þetta mjög gott hérna, sérstaklega sko, þetta

að það sé hægt að koma einhvern veginn með þingmál fram, að kjósendur geti gert það. Í þessu tilfelli 2%. Ég bara hrósa ykkur sérstaklega fyrir þetta. Mér finnst þetta vera hugað, og ég held þetta verði til bóta. Og ég held þetta muni bjóða almenningi upp á mjög langþráð aðhald, að finna það að fólk hafi meiri áhuga kannski jafnvel líka á stjórn mállum, vitandi það að það getur haft áhrif. Hins vegar þá skil ég ekki hvernig á að flytja málið, ef það eru bara þingmenn sem mega flytja mál, skv. nefndartillögum B-nefndar, þá fatta ég ekki alveg sko, það þarf einhvern veginn kannski aðeins betur að útskýra hver það er sem mundi flytja slíkt mál, og hvernig málsmeðferð það ætti að fá líka. En það kannski má taka á því bara í greinargerð.

Nú, svo kemur hérna ..., já þá ætlaði ég líka bara kannski að nefna að fyrst að B-nefnd er hérna „in the house“ eins og maður segir, að það er kannski, sko, hægt ... það er ennþá mjög hættulegt hvað það er auðvelt að kæfa frumvörp með aðgerðarleysi. Það er, þó að það sé frábært að það sé komið inn þarna að þau detti ekki niður fyrr en í lok kjörtímabilsins, þá er þetta almennt vandamál, hef ég heyrt á Íslandi, að það er bara, sumt er bara þaggað niður. Og kannski yrði þetta bara enn eitt þannig málið, ef að kæmu þarna einhverjir, eins og Þorkell orðaði þetta, sem eitthvað bænaskjal. Ég meina, þá er svona, komið strax eitthvað svona, þetta er minna virði og ekkert gott og svo þarf það að vera þingtækt, sem er nú orð sem ég hef heyrt suma lögfræðinga hlægja einfaldlega að, af því það þýði ekki neitt. Og rétt áðan þá var talað um að það væri svo erfitt að gefa mannréttindum efnislegt inntak. En þingtækt [ógreinilegt] ... þetta er náttúrlega, þú veist ... við þurfum að hafa mannréttindi hérna inni, það er alveg á hreinu. Það er ekki nokkur spurning. Og ég meina það er ekkert flókið, mannréttindaskerðingar eru mannréttindaskerðingar og það er ekkert flókið að útskýra það. Við erum búin að búa til sérstakan mannréttindakafli í stjórnarskránni. Hann getum við tilgreint í greinargerð, t.d.

Og ég get ekki séð hvernig við getum talað um sko, eins og ekkert sé, að það skuli undanþiggja fjár-aukalög, sem ættu að sjálfsögðu bara að falla undir fjárlög. Og síðan, m.a.s. allt sem að er einhvern veginn hægt að túlka sem sko, framfylgingu á þjóðréttingarskuldbindingum, að það megi undanskilja eins og ekkert sé, en mannréttindi getum við ekki nefnt. Ég bara, ég felst ekki á að það sé einhver munur þarna á, ef að viljinn er fyrir hendi. Og það hef mjög oft verið tekið út fyrir sviga, að mannréttindaskerðingar skuli aldrei settar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og þetta tengist kannski svolítið því sem að Dögg talaði um áðan og það er með stjórnarskrárfestuna. Og ég tek undir með henni að það er þínu, það er þínu ótrúlega óþægilegt að sjá það að það eigi að vera hægt að breyta stjórnarskrá með einhverjum tröllauknum meirihluta Alþingis. Vegna þess að stjórnarskrárfestun kom nú í öll lýðræðisríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar, af mjög góðri ástæðu. Ég meina það, að Hitler á sínum tíma gerði allt sem hann gerði, algjörlega í skjóli stjórnarskrárinnar, hann bara breytti henni jafnóðum. Og ef við fáum nógu klikkað þing, sem er tilbúið að afnema mannréttindi, og gera einhverja stórkostlega hluti án þess að almenningur geti stöðvað það, þá náttúrlega er bara fjandinn laus. Og ég veit að enginn vill bjóða upp á þannig möguleika. Þannig að þó að, eins og



við segjum, við meinum þetta vel, þetta séu bara, svona, einhverjar litlar leiðréttingar, þá er þetta mjög hættulegur vegur til að feta og ég persónulega held að reglulegt Stjórnlagaráð [þing], þar sem að lýðræðislega kjörnir aðilar ... sé betri leið. En ég lýsi a.m.k. eftir að fá einhvers konar, svona, betri rökstuðning.

Og Villi talaði um það að fulltrúalýðræði, sko, að það þyrfti að bera sína ábyrgð, og ég er alveg sammála því. En svo hafa tímarnir líka breyst og nú erum við með hérna mjög menntaðan almenning, sem, eða menntaðan almenning, sem að getur í raun og veru kynnt sér málin vel í gegnum internet og svona, hann þarf ekkert að ríða á þingstað á fjögurra ára fresti og ákveða bara já eða nei, við einhvern einn möguleika. Hann getur tekið þátt í umræðunni, við fáum held ég bara miklu betra samfélag. Og þannig að við getum kannski ekkert alveg treyst á fulltrúalýðræðið heldur. Og þetta er auðvitað línudans. En núna, ef einhvern tímann, er hægt að treysta aðeins betur fólkinu, við finnum það væntanlega með okkar störfum, að fólki er vel treystandi. Fólki er treystandi til að taka þátt í stórum og smáum málum. Og mér finnst ekki réttlátt að tala um það að það sé eitthvað auðvelt að safna undirskriftum og vísa í þau dæmi sem við höfum hér, við vitum ekkert hvers eðlis þessar undirskriftir voru. Hvort það voru, helmingurinn af þeim Andrés Önd eða ekki, og þ.a.l. þá finnst mér óábyrgt að tala um það að það sé ekkert mál að safna einhverjum 35.000 alvöru undirskriftum. Ég get ekki séð neitt mér að við höfum neitt fyrir okkur í því máli. Og við viljum ekki dauðan bókstaf inn. Við erum öll að stefna að sama markmiðinu, við viljum að almenningur geti komið inn, hvort sem það er sem öryggisventill eða sem stefnumótunaraðili, eða sem löggjafi, í sumum tilfellum. En gerum það þá þannig að það verði raunverulega brúklegt. Og ekki bara, svona eitthvað smávegis. Þannig að ég bara vísa aftur í breytingartillögu mína um að lækka þetta niður í 10%, og svo var ég beðin um það af sessunautum mínum að nefna það hér að kjósa, það hefði t.d. alveg verið hægt að kjósa um sölu á ríkisbönkunum og EES. Og ég talaði við mann í gær sem er með fleiri háskólagráður heldur en Georg Bjarnfredarson, og hann sagði, „þegar það kemur að því að, hérna, fara í ríkisábyrgð fyrir meira en 20% af þjóðarframleiðslu, þá á að þurfa þjóðina, þingið, Hæstarétt og Bubba Morthens til að samþykkja slíkar tillögur. Þannig að, sko, við getum heldur ekki farið of varlega í ákveðnum atriðum. Takk.

SN

Porvaldur Gylfason.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að nefna þrjú atriði í stuttu máli. Fyrst þetta, ég er sam-mála Katrínu Oddsdóttur og Lýð Árnasyni og öðrum, sem telja að 10% þröskuldur sé eðlilegrí viðmiðun í þjóðaratkvæðagreiðslum af þessu tagi, en 15% þröskuldurinn. Þannig að ég leyfi mér að hvetja til þess að athugað verði vandlega, hvort ekki sé ráð að færa þröskuldinn aftur, úr 15% í 10. Í annan stað þetta, greinin um málskot til þjóðarinnar, tekur til laga sem Alþingi hefur samþykkt. Mig langar enn að hvetja til þess að greinin verði útvíkkuð þannig, að hún nái einnig til laga sem Alþingi hefur annað hvort fellt, þ.e. lagafrumvarpa sem ekki hafa náð fram að ganga, eða

ekki fengið afgreiðslu á þingi. Og hugsunin er alveg hin sama. Hvort sem lögin sem um er að tefla hafa verið samþykkt, eða ekki náð fram að ganga. Vandinn er gjá milli þings og þjóðar, svo ég vitni í rökstuðning forseta Íslands í þau skipti sem hann hefur beitt málskotsréttinu, skv. 26. gr. gildandi stjórnarskrár. Tökum dæmi: Alþingi samþykkti frumvarp um sérstök lífeyrisréttindi handa sjálfu sér. Frumvarp sem gekk fram af miklum hluta þjóðarinnar. Þingmenn reyndu síðan að fá þessu frumvarpi hnekk. Þær tilraunir voru allar svæfðar eða kæfðar. Og hér er dæmi þar sem 10% þjóðarinnar hefðu átt að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Vegna þess að Alþingi var ófært um að taka á málinu, af því að það var sjálft aðili að málinu. Önnur dæmi mætti nefna, sem snerta foréttindi, t.d. í sjávarútvegi, sem Alþingi hefur sýnt að því er mjög ósýnt um að fjalla um. Slík mál, ég er að tala um kvótamálið, henta vel til þess að 10% kjósenda geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að ég hvet til þess að þessi 1. gr. um málskot til þjóðarinnar, verði útvíkkuð með þessum hætti. Í þriðja lagi þetta, sama sjónarmið á við um málskotsrétt forseta Íslands, sem ég heyrði á varaformanni B-nefndar, að verður vonandi inni í tillögum þeirrar nefndar, þegar upp verður staðið. Og hugsunin er þessi: Ef það myndast, að dómi hvort heldur forseta Íslands, nú eða 10% þjóðarinnar, gjá milli þings og þjóðar, þá á hvor aðilinn sem er, þjóðin, 10% hennar, eða forsetinn, að geta knúið fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Algjörlega samhliða mál. Og fjórða og síðasta atriðið er þetta: Ég hvet einnig til þess, með þeim félögum mínum sem hafa haft orð á því hér, að við setjum ákvæði í okkar stjórnarskráartillögur um Stjórnlagaráð [þing] sem með reglulegu millibili sé fengið til þess að endurskoða stjórnarskrána. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson er næstur. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir félagar. Ég ætla að vera stutturður. Fyrst um stjórnarskrána, breytingar á henni. Það var hér ágætis tillaga um daginn, með smá breytingu orðið ágæt, að þegar að aukinn meirihluti hefði verið færður inn í einfaldan meirihluta, til að leggja fyrir þjóðina stjórnarskrárbreytingar, leggja fyrir þjóðina til atkvæðagreiðslu. Þetta hefur breyst á verri hátt. En það var líka Katrín Odds minntist hér á tillögu sem hún og fleiri fluttu. Og ég hefði viljað sjá hana gerast í þessu sambandi. Í sambandi við málskotsréttinn, þá er það ekki Alþingis að hafa málskotsrétt. Alþingi er fulltrúalýðræðisstofnun og þegar að fulltrúalýðræði er búið að samþykkja sitt, þá gerir það það og minnihluti fær því ekki breytt. Hann getur ekki hlaupið til þjóðarinnar þá. Það er þjóðin sem biður um þetta sjálf, eða forsetinn hefur málskotsréttinn og það er best að þetta sé í höndum þeirra tveggja. Þriðjungur þingmanna er gegn eðlilegrí þróunar..., að hann vísi til þjóðarinnar. Þjóðin veitir þinginu aðhald með rétti sínum til að fá þjóðaratkvæðagreiðslu. Og svo loks, ég styð þessi 10% af þjóðinni og finnst það dýru verði keypt, til að fá þingmenn inn, sem þriðjung þeirra, það kosti það að 10% fari í 15%. Mér finnst það dýru verði keyptur, sá réttur fólks, til að gera athugasemdir við þetta. Og eitt atriði enn. Þetta er tillaga um málskotsrétt. Þetta er ekki um

synjun, þetta er frestandi málskotsréttur. Ég skil ekki hvers vegna þingmenn, eða þriðjungurinn, ætti að hafa sérákvæði um það að lögin öðluðust ekki gildi, ef að hann samþykkti að leita eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvers vegna þjóðin og forsetavísunin til þjóðarinnar eiga að gilda sem að lögin öðlist gildi, nema þau verði felld, í atkvæðagreiðslunni. Hvers vegna það á ekki að gilda um þingmenn líka, ef það verður ofan á. Og það er ekki rétt að það sé möguleiki á málskoti forseta til Alþingis. Þetta er tímabundin synjun, sem er verið að tala um í tillögum, það er ekki málskotsréttur heldur tímabundin synjun, eins og ég sagði, og Alþingi getur gert svo lítið úr því að taka málið fyrir aftur og breyta engu og þá öðlast það gildi án undirskriftar forseta. Þetta passar ekki. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kæru félagar. Það er nú búið að segja svona megnið af því sem mig langaði að segja, þannig að ég ætla bara að hafa þetta mjög stutt. En, í mínum huga þá höfum við náttúrlega fulltrúalýðræðið, við höfum forsetann og svo þjóðina sjálfa. Og ég segi bara fyrir mitt leyti sko, að af þessu þrennu, þá finnst mér minnstar líkur á því að þjóðin sjálf klikki í sinni dómgreind. Og það besta við það, ef það skyldi gerast, þá gerir hún það þó með eigin vilja. Takk.

SN

Þá er umræðu lokið um lýðræðislega þátttöku almenningis, tillögur C-nefndar og ég ætla að biðja Þorkel Helgason að eiga hér síðasta orðið og fjalla um þær athugasemdir sem fram hafa komið. ... Ætlarðu að sitja bara þarna, já? Gjörðu svo vel, Þorkell.

ÞH

Fundarmenn og formaður og aðrir áheyrendur. Ég þakka nú mjög góða umræðu. Ég vil geta þess sem við hefðum kannski, sem ég hefði átt að segja í upphafi, að við sem að véluðum um þessi lýðræðismál, þarna undir lokin vorum svolítið höfuðlaus her, því bæði formaður og varaformaður voru sjúkir þá dagana. Þannig að hafi verið á þessu einhver fljótaskrift, þá verður að skrifa það á aðra en þá. Til dæmis þetta um Stjórnlagabætur. Ég minnst þess ekki að við höfum rætt það mjög þarna undir lokin, þannig að það kann að vera að við þurfum að huga að því aftur. Ef ég má segja mína skoðun á því, þá er ég nú sammála Pawel að það sé kannski ekki gáfulegt að hafa ákvæði um reglubundið Stjórnlagabætur, heldur eigi þjóðin að geta óskað eftir því, og það má vel vera að það mætti hnykkja á, að ef að drjúgur hluti þjóðarinnar, jafnvel meira en þessi 15%, óskaði eftir Stjórnlagabætur, og þá jafnvel bindandi Stjórnlagabætur, þá verði bara til þess efnt. En þetta þarf nú að huga, að þessu þarf að huga betur. Ég ætla að reyna að hlaupa hratt yfir, svona, athyglisverðar ábendingar og hugmyndir sem komu fram. Mjög mörgum er eftirsjá í 10%, en það er eins og ég færði rök fyrir, þetta er náttúrlega málamiðlun eins og svo margt annað, og sjónarmið sem takast á, og þetta var einfaldlega niðurstaðan og það eru svo sem engin efnisleg rök eða því síður stærðfræðileg rök fyrir þessari tölunni, frekar en annarri. Þingtækt, ég nefndi það í minni framsögu,

að það væri nú kannski vandræðaorð, og bæði Katrín Oddsdóttir, held ég, og Gísli hafa nefnt að svo væri. Og Gísli auglýsti eftir þetra hugtaki. Við treystum bara á að hann finni það þá.

Pétur talaði mikið um málið, enda honum málið hjartfólgið. Pawel er nú búinn að svara því, held ég, því sem ég hefði viljað svara. Þingmál að frumkvæði kjósenda ..., já, honum fannst að tvö ár væri allt of langur tími. Ég stend nú enn við það, að svo sé ekki. Þetta er vissulega stórt og mikið mál, að þjóðin geti lagt fram frumvarp til laga, Alþingi fjalli um það, það megi ekki krukka í sjálft frumvarp kjósenda, aftur á móti koma með gagnaþingum, og svo fari fram einhver vitræn umræða jafnvel, á milli kjósendahópsins og þingsins. Við erum ekki að ..., við erum að reyna að finna sem bestu löggjöf í öllum málum, en ekki endilega að skapa andstæður og deilur. Þannig að alls staðar þar sem við Salvör vorum úti í Sviss, þá var mjög mikil áhersla lögð á þennan dýlóg, eins og Pawel reyndar kom inn á áðan. Þannig að ég held tvö ár sé hæfilegt en vitaskuld geta aðstæður verið þannig að það sé hægt að flýta þessu.

Ég gleymdi nú einum rökunum fyrir tveimur árum og einu ári annars vegar. Og það er einfaldlega hagnaðarsjónarmið, að með því að hafa þetta dálítið rúman tíma ..., sko athugið að þetta er hámarkstíminn skv. stjórnarskránni. Auðvitað getur Alþingi ákveðið að hafa þetta skemmra, eða þannig séu aðstæður, að það sé hægt að flýta þessu. En það sem við vorum m.a. að hugsa um, að það væri hægt að hafa þetta samhliða öðrum kosningum. Nú, Dögg, sessunautur minn. Hún hefur áhyggjur af því að Alþingi geti með stórum meirihluta keyrt í gegn breytingar, sem væru alls ekki minniháttar, eins og að fjölga þingmönnum, eða gera einhverjar aðrar breytingar innan hagsmunahóps þingmanna. En verðum við ekki að treysta því að sjötti hluti þingmanna muni nú þá vera á verði og varna því að svo yrði. Og síðan gæti þjóðin væntanlega, með þetta frumvarp eins og annað, 15% þjóðarinnar gæti þá safnað liði og kveðið þetta í kútinn. Mikið hefur verið rætt um þriðjungsákvæðið, og sýnist þar sitt hverjum. Dögg nefndi að sér fyndist hlutfallið of lágt, væntanlega af því að þingmenn kynnu að misnota þetta, eða þingminnihluti. Síðan var ýmsum tíðrætt um það, Erlingur til dæmis tek ég hér eftir hjá mér, að þingið ætti ekki að hafa þennan rétt, það væri órökrétt. Og mér finnst það að mörgu leyti skiljanleg og skynsamleg rök. En við vorum þarna aðallega að fara eftir því sem að við töldum að meirihluti manna hér inni vildi.

Þorvaldur nefndi að það ætti að vera hægt að skjóta fúmörpum, sem hefði verið hafnað, til þjóðarinnar. Ég held að það sé á vissan hátt gert, eða mögulegt, með þessu regluverki. Að þá er hægt að hafa frumkvæði, skv. 2. grein, að visu ekki með bindandi atkvæðagreiðslu, en það gæti farið þá leiðina, að einhverju leyti.

Katrín nefndi það, að það gæti orðið [að] svona eilífðarvél færi í gang, ef að þriðjungur þingmanna vísaði máli til þjóðarinnar og svo kæmu aftur 2/3 eða meirihluti og samþykkti það aftur, og svona gengi þetta hring eftir hring. En eigum við nú ekki vona að allir séu skynsamir og menn sjái það að ef þeir hafa tapað máli, þá séu þeir ekki að taka það upp aftur. Ég ætla ekki að eyða orðum að þessu með 10 og 15%, sem að Katrín nefndi líka. Frekar, minni bara aftur á rök Ara, um það að með rafvæðingu á þessu sviði, þá geti þetta

nú orðið auðveldara, og svo er þjóðin lítil og kannski auðveldara að safna undirskriftum hér, heldur en hjá stórrí þjóð.

Stjórnlagabíngið, nefndi Katrín, það þurfum við að skoða betur.

Hver flytjur mál kjósenda? Ég held að það sé smá misskilningur hjá Katrínu. Sko, það er þjóðin sjálf sem flytur málið. Við reiknum með því að í þessum málsmeðferðareglum verði kveðið á um það, að það mál sem að þjóðin, það frumvarp sem þjóðin leggur fram, eða 15% þjóðarinnar, réttara sagt, fari rakleiðis fyrir þing. Það þurfi engan sérstakan flutningsmann fyrir því máli. Þá, sko, það á ekki að flytja það mál, enda endar það óbreytt í þjóðaratkvæði. Þannig að það þarf engan sérstakan talsmann fyrir því inni á þingi. En vera má að B-nefndin þurfi að huga að því að hennar orðalag sé þannig að það stangist ekki á við þetta.

Stjórnarskrárfesta, hún er nú upp og ofan í löndum víða. Mig minnir að þýsku stjórnarskránni hafi verið breytt 250 sinnum frá stríðslokum. Enda þarf ekki nema ⅓ þings þar, bara eins þings til að breyta henni. Þannig, að því leyti hafa þeir nú ekki dregið lærdóm af Weimar-lýðveldinu. Einhver var með, bíðum nú við, það var nú held ég Vilhjálmur sem var með ágæta ábendingu um það að kannski ætti Hagstofan að veita þá þjónustu að hjálpa mönnum við formlega, vandaða undirskriftarsöfnun. Og það kæmi þá held ég í lögin, sem að við erum að kalla eftir. Það má vera að það mætti bæta þessu við einhvern veginn í upptalninguna eða í greinargerð. En ég held að svona ákvæði ætti nú ekki heima í stjórnarskrá, þetta verði bara Alþingi að reyna að færa í lög með skynsömum hætti. Ég vona að ég hafi ekki sleppt einhverju mikilvægu, enda er tíminn nákvæmlega núna liðinn sem við höfðum til þessa verks. Og ég endurtek þakkir fyrir málefnalega umræðu og góðar ábendingar og vona að þetta fái allt saman farsælan endi. Af því að þetta er tímamótamál, eins og Pawel bendir réttilega á. Við komumst þarna úr því að vera aftarlega á merinni í fremstu fylkingu. Og ef að það nær fram að ganga, að þá held ég að okkur verði mikill sómi að því. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka Þorkatli Helgasyni fyrir samantektina hér og ykkur öllum fyrir umræður og nefndinni að sjálfsögðu fyrir sínar tillögur. En nú göngum við til atkvæðagreiðslu um ... já.

GT

Mig langar að óska eftir því að tillagan sem að nefnd var hérna, í máli margra, um Stjórnlagabíng, bindandi og regulegt, verði sett inn í áfangaskjalið sem valkostur, skv. starfsreglum. Enda nýtur tillagan stuðningsfimm flytjenda og greinilega fleiri, sem að eru fylgjandi henni. Takk.

SN

Þá verðum við að kjósa um það, hvort að þessi tillaga fari inn sem valkostur, eða ...

GT

Ja, það er tryggt í starfsreglum, að kostur sem að nýtur stuðningsfimm fulltrúa, eigi rétt á sér sem valkostur. Það er 2. mgr. 14. gr. starfsreglnanna.

VÞ

Formaður. Ég er nú ekki ..., ég er flutningsmaður að þessari tillögu, ég er nú ekki á því að ... ég sækist ekki eftir því að hún fari inn í áfangaskjal að svo komnu máli, heldur er ég sáttur við að hún sé í nefnd. Þannig að ég myndi nú ekki vera endilega einn af þessum fimm, sem að stæði á bak við það að þetta færi inn sem valkostur. Takk.

SN

Þá er hún fallin. Ef það ... það eru fimm á ...

GT

Það eru þá fleiri sem geta bæst í hópinn, en mér finnst mikilvægt að hún sé inni í umræðunni, sko. Fyrst hún fór ekki upp í nefnd.

SN

Já, já. Ég held hún sé inni í umræðunni, sko, þó hún hafi ekki, sé ekki þarna inni í skjalinu. Þetta á nú við um margar, sko, það hafa nú áður komið upp svona atvik þar sem kvartað hefur verið yfir því að það hafi ekki verið komið inn í skjalið, en látum þar við sitja í bili, a.m.k. Við erum ennþá náttúrlega að ræða þessi mál, þannig að ef það eru ekki fimm á bak við þessa tillögu, þá er það fallið, allavega í bili. Þannig að þá höldum við þessu máli gangandi. En þá göngum við til atkvæðagreiðslu um tillögur C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, inn í áfangaskjal. Og þeir sem eru samþykki, vinsamlega réttið upp hönd. Og hverjir eru á móti? Rétti upp hönd. Og, einhver sem situr hjá? Nú, þá skoðast hún samþykkt, tillagan, inn í breytingarskjalið og þá er komið að lokum þessa fundar. Það hafa borist sjö breytingartillögur. Það er við ákvæði 5, 11 og 12 tillögu A-nefndar um mannréttindi, flutningsmaður Katrín Fjeldsded. Við ákvæði 14 í tillögu B-nefndar um störf Alþingis, flutningsmaður Dögg Harðardóttir. Það er við ákvæði 14 í tillögu B-nefndar um störf Alþingis, flutningsmenn Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson og Þorvaldur Gylfason. Breytingartillaga við ákvæði 3 í tillögu B-nefndar um stjórnarmyndum, flutningsmenn Ómar Ragnarsson og Þorvaldur Gylfason. Við tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmaður Katrín Oddsdóttir. Breytingartillaga við ákvæði 1, 2 og 3 við tillögu C-nefndar um lýðræðislega þátttöku almennings, flutningsmaður Lýður Árnason. Og loks við ákvæði 1 í tillögu C-nefndar um kosningar til Alþingis og alþingismenn, flutningsmaður Lýður Árnason.

Nú þá er fundi lokið. Næsti fundur ráðsins verður föstudaginn 1. júlí kl. 9.30. Og þar með er þessum fundi slitið. Takk kærlega fyrir.

## 15. ráðsfundur 01.07. 2011.

01.07.2011 09:30

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Starfsáætlun, breytingartillaga stjórnar
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar
  - Utanríkismál, tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Dómsvald, tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
4. Skýrsla og tillögur A-nefndar
  - Mannréttindi, tillögur um breytingar á annars vegar tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar tilteknum áður kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
5. Skýrsla B-nefndar

15. ráðsfundur - haldinn 1. júlí 2011, kl. 9.30, í hús-næði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Illugi Jökulsson.

Fundurinn var opin fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti fimmtudaginn 30. júní 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

### Umræður á 15. ráðsfundi

SN

Góðan daginn, kæru vinir. Fimmtándi ráðsfundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Ástrós Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Illugi Jökulsson.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð hefur legið frammi án athugasemda og ef ekki koma athugasemdir fram hér, þá skoðast hún samþykkt.

### 2. Starfsáætlun, breytingartillaga stjórnar

SN

2. liður á dagskránni er starfsáætlun, sem þið hafið fyrir framan ykkur, en við höfum aðeins breytt henni frá því sem við samþykktum fyrir nokkru síðan. Nú er gert ráð fyrir því að vinna sem við erum í núna, að fullvinna greinargerð með frumvarpsdrögum, ljúki í lok næstu viku, semsagt 8. júlí, og að frumvarpsdrögin liggi fyrir í vikunni þar á eftir og þá byrji fyrri umræða um drögin. Síðan er að verkefnanefndir vinni þar viku á eftir, 18. til 21. júlí, og svo hefjum við frágang og síðari umræðu í vikunni sem byrjar 22. júlí og ljúkum störfum 29. júlí.

Orðið laust um starfsáætlun eins og hún liggur fyrir núna. Er einhver sem vill taka til máls? Ef ekki, þurfum við að greiða atkvæði um hana. Þeir sem eru henni samþykkið með þessum breytingu, gjörðið svo vel að rétta upp hönd. [atkvæðagreiðsla] Einhverjir á móti? [atkvæðagreiðsla] Eða einhver sem situr hjá? [atkvæðagreiðsla] Ókey, þá skoðast starfsáætlunin með þessum breytingum samþykkt og við göngum til 3. liðs á dagskránni.

### 3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN

Það er skýrsla og tillögur C-nefndar og það er fyrst Utanríkismál, tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum sem lagðar voru til afgreiðslu í áfangaskjal og það er varaformaður nefndarinnar, Íris Lind Sæmundsdóttir, sem ætlar að fylgja þessum tillögum úr hlaði. Gjörðu svo vel, Íris.

ÍLS

Góðan daginn. Ég er hérna komin, eins og Salvör sagði, fyrir hönd nefndarinnar til að kynna breytingartillögur okkar á kafla um utanríkismál. Kaflinn var fyrst lagður fram til kynningar á 11. fundi ráðsins og svo tekinn til afgreiðslu á 13. fundi, sem að fór fram núna 16. júní sl. Eins og við ræddum þá og hefur áður komið fram, þá er stjórnarskráin fáorð um utanríkismál og þess vegna þótti nefndinni mikilvægt að skýra nánar í stjórnarskránni ákveðin atriði í tengslum við meðferð þeirra. Frá þessum síðasta fundi okkar, 13. fundi, hafa fjórar formlegar breytingartillögur borist nefndinni frá einstökum ráðsliðum. Þær komu fram á þessum 13. fundi, ásamt ýmsum ábendingum og athugasemdum frá bæði ráðsliðum, almenningsi og svo höfum við rætt við fræðimenn um einstök atriði. Sumar athugasemdana voru af sama meidi, líkt og áður, og við reynum að leitast við að koma til móts við þau sjónarmið sem mikilvægust þóttu og fengu mestan hljómgrunn og virtust njóta þess að menn væru sammála um að gera þyrfti einhverjar breytingar eða lagfæringar með hliðsjón af þeim. Nú, ég vil þakka öllum kærlega fyrir þeirra athugasemdir og kynni þá kaflann með hliðsjón af þessum breytingartillögum okkar. Ég ætla að reyna að vera, svona, fljót og reyna bara, vegna þess tíma sem okkur er markaður í dag, að láta duga að snerta bara á þeim atriðum sem að tóku breytingum í meðförum nefndarinnar frá því að við ræddum þennan kafla síðast og mun tæpa stuttlega á afgreiðslu nefndarinnar á áðurnefndum breytingartillögum. Hvað þau atriði varðar sem ég ræði ekki sérstaklega

núna eða tek upp, þá vísa ég bara í skýringarnar sem fylgja kaflanum sem liggja hér frammi með honum og svo þeirra orða sem áður hafa fallið í kynningum á áður nefndum fundum.

Nú, svo ég byrji á 1. gr. sem að lýtur að meðferð utanríkismála. Hún fjallar um handhöfn og meðferð utanríkismála og um samskiði milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Nefndin leggur til að við síðari málslið 1. mgr. bætist einn málsliður sem hljóðar svo: „Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi og fylgir þeirri stefnu.“ Ef ég les þá 1. mgr. í heild sinni, þá hljóðar hún svo: „Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi og fylgir þeirri stefnu.“ Þegar nefndin lagði fram tillögur sínar upphaflega að kaflanum, þá var sérstaklega vísað til þess að ráðið þyrfti að taka afstöðu til stöðu forseta Íslands og hlutverks hans á alþjóðavettvangi með tilliti til utanríkisstefunnar sem vísað er til í 1. mgr. greinarinnar.

Í kjölfarið kom fram það sjónarmið í ráðinu að rétt væri að í stjórnarskrá væri kveðið á um skyldu forsetans til að fylgja stefnu ríkisstjórnar í utanríkis-málum í samskiptum sínum sem þjóðhöfðingi við erlend ríki. Þetta er einkum stutt þeim rökum að mikilvægt sé að hann flytji sömu skilaboð á sviði alþjóðamála og ríkisstjórn og þing hafa mótað. Þetta á sérstaklega við um mál sem eru verulega umdeild eða varða jafnvel þjóðréttardeilur íslenska ríkisins eða þær deilur sem hugsanlega ríkið á aðild að. Gegn þessu var þó auðvitað vísað til þess að það kann að vera erfitt að takmarka tjáningarfrelsi forseta og hann hefur vissulega í flestum tilvikum ákveðið málfrelsi eins og allir hafa. Nefndin var auðvitað sammála þessu og það er mjög erfitt að leggja ákveðnar línur við það að hvaða mörkum skuli stefnt í þessu tilliti. En nefndinni þykir þó mikilvægt að leggja þarna línu að forseti tali almennt ekki í bága við mótaða stefnu og þá sérstaklega í umdeildum málum eða þjóðréttardeilum.

Nefndinni barst breytingartillaga við 3. mgr. 1. gr. og mig langar fyrst að tæpa á því, í dreifða skjalinu sem þið eruð með fyrir framan ykkur, þá er að finna þar ritvillu á bls. 3. Þar er vísað til breytingartillögunnar og þar segir semsagt: „Stuðningur við stríði skuli samþykktur með <sup>2</sup>/<sub>3</sub> atkvæða á þingi. Þarna á auðvitað að standa „hernaðaraðgerðir“. Þarna er bara ritvilla sem okkur láðist á að gera breytingar á fyrir dreifingu skjalsins og ég biðst velvirðingar á þessu. En semsagt breytingartil-lagan laut að því að stuðningur við hernaðaraðgerðir, að áskilið væri <sup>2</sup>/<sub>3</sub> samþykki á þingi, svo hægt væri að veita stuðning við slíkom aðgerðum. Nefndin fór yfir þetta og að vissu leyti eru ákveðin sjónarmið sem að hníga að því að samþykkja svona tillögu en með hliðsjón af því að hugtakið „hernaðaraðgerðir“ sé að vissu leyti teygjanlegt og að í sumum tilvikum verður að líta til þess að til eru annars vegar löglegar hernaðaraðgerðir og annars vegar ólöglegar hernaðaraðgerðir, þá er það mat nefndarinnar, að það sé ekki rétt að gera kröfu um aukinn meirihluta á þingi svo að hægt verði að samþykkja slíkar aðgerðir. Þá kom einnig fram það sjónarmið sem vigtaði mjög sterkt líka, að mikilvægt væri að ekki yrði of erfitt að samþykkja tilteknar hernaðaraðgerðir sem hefðu t.d. þann tilgang að stöðva þjóðernishreinsanir, þjóðarmorð eða annað á borð við slíkt.

Þá fengum við einnig ábendingu frá fræðimanni sem starfað hefur á þessu sviði þar sem farið var aðeins yfir hugtakið „hernaðaraðgerðir“ og ég ætla aðeins að koma inn á það hérna bara rétt á eftir. Og það skiptir líka svolitlu máli í þessu tilliti. Önnur athugunarefni í tengslum við greinina – þau eru áframhaldandi – það er varðandi þinghlé og utanríkismálanefnd og það hvort að tilgreina ætti sérstaklega að ráðherra væri skuldbundinn til að hafa samráð við nefndina, hvort sem er á þingtíma sem og í þinghléum. Eftir að hafa farið yfir þetta atriði þá bendir nefndin á að í dag starfi þingið í reynd árið um kring. Þó svo það séu tekin ákveðin leyfi yfir sumartíma og jafnvel yfir jólafrí, þá er það einnig mjög einfalt í dag að kalla til þingið eða einstakar nefndir þess til fundar um einstök mál, ef svo ber undir. Því verður að telja að með því að stjórnarskrárbinda samráðsskylduna sérstaklega við utanríkis-málanefnd um mikilvæg utanríkismál, þá leiði það til þess að á utanríkisráðherra sé lögð sú skilyrðislausu skylda að kalla hana ávallt til samráðs jafnt á þingtíma sem og í þinghléum ef slík mál koma upp. Og þarna verður að líta einnig til þeirrar tillögu sem hefur komið fram um það að hægt sé að leita til Hæstaréttar til að fá mat á því hvort athafnaleysi ráðherra brjóti í bága við stjórnarskrá. Og þarna væri ávallt hægt að fá fram mat á því, ef svo bæri undir.

Annað sem hefur verið bent á í þessu sambandi er að á ákveðnum tímabilum, þá kunni sú staða vissulega að koma upp, að enginn utanríkismálanefnd sé að störfum, þ.e. að ekki hafi verið skipað í hana. Og það á við um tímabilið frá kjördegi og fram að fyrsta þing-fundi en á honum fer skv. núgildandi þingskaparlögum skipan í fastanefndir þingsins. Þarna geta liðið nokkrar vikur, ef svo bæri undir. Þarna verður að hafa í huga að skv. tillögum B-nefndar er gert ráð fyrir að ríkisstjórn geti tekið ákvarðanir sem fjölskipað stjórnvald þegar um tiltekin meiriháttar mál er að ræða. Og þá verði að líta svo á að ráðherra væri undir ákveðinni skyldu til að ráðfæra sig við ríkisstjórn í slíkum tilvikum og veður að gera ráð fyrir að hann myndi leita til hennar, ef engin utanríkismálanefnd væri að störfum. Beri brýna nauðsyn til að hafa samráð við fulltrúa þingsins, sem sterk rök hníga nú að, þá verður að gera ráð fyrir að utanríkismálanefnd yrði skipuð að hoc vegna tiltekins máls og reynist báðir þessir kostir ómögulegir þá verður að gera ráð fyrir að ráðherra geti, eðli málsins skv., tekið ákvörðun á grundvelli neyðarréttarsjónarmiða en þó er ávallt gerð sú krafa að hann gæti meðalhófs í slíkri ákvarðanatöku og gangi ekki lengra en nauðsyn krefur. Og þarna verður ávallt að hafa í huga það mat sem hugsanlega verður hægt að kalla fram á athöfn eða athafnaleysi eða semsagt hvort slíkt brjóti í bága við stjórnarskrá, eins og tillögur okkar gera nú ráð fyrir í kafla þar að lútandi.

Nú, í 2. mgr., þá varð búið að ræða það hvort það sé áframhaldandi athugunarefni hvort nefna eigi utanríkismálanefnd berum orðum eða ekki og þetta var rætt sérstaklega á síðasta fundi og ýmsar tillögur komu fram í kjölfarið. Þá komu t.d. fram tillögur um að tilgreina frekar þá nefnd sem fer með utanríkis- og varnarmál. Og nefnd C ákvað á þessum tímavarki að gera ekki breytingartillögu í þessum efnum og það er mat hennar að þetta verður að skoða betur með hliðsjón af niðurstöðu vinnu nefndar B en nú er gert ráð fyrir að utanríkismálanefnd sé ein þeirra fastanefnda sem til-

greind sé sérstaklega í kafla um þingið. Að svo komnu máli leggjum við því ekki til breytingu á tilgreiningu utanríkismálanefndar en við bendum á mikilvægi þess að gæta samræmis við þá tilhögun sem viðhöfð verði á tilgreiningu nefnda í endanlegu frumvarpi ráðsins. Þá viljum við einnig vekja athygli á því að það verður að hafa í huga að tilgreining utanríkismálanefndar valdi ekki vandkvæðum, kjósi þingið á síðari stigum að koma á laggirnar sérstökum fastanefndum sem tileinkaðar verði afmörkuðum efnissviðum utanríkismála, s.s. nefnd sem tileinkuð verður Evrópumálum eða nefnd sem jafnvel yrði tileinkuð málefnum er tveggjast Sameinuðu þjóðunum eða öðru þess háttar. Þarna þurfum við bara aðeins að velja því fyrir okkur hvernig við sæjum þetta fyrir okkur og hvernig samspilið þarna á milli kynni að vera og hver skylda ráðherra yrði gagnvart slíkri nefnd, ef til mikilvægra mála kæmi og ákvarðanatöku á þeim vettvangi.

Þá ætla ég að koma aftur inn á hugtakið „hernaðaraðgerðir“ en á síðasta fundi okkar samþykktum við, í 3. mgr. „Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir [skuli] háð samþykki Alþingis.“ Með þessu vorum við að bregðast við athugasemdum ráðslíða og almennings og felur málsgreinin, eins og hún er nú framsett, í sér að kveðið er á um samráðsskyldu við Alþingi þegar um er að ræða ákvarðanatöku um stuðning við hernaðaraðgerðir. Eftir að við samþykktum málsgreinina í áfangaskjal, þá bárust okkur ábendingar frá áður nefndum fræðimanni, sem réði okkur frá því að notast við hugtakið „hernaðaraðgerðir“ í ákvæðinu og helgaðist það einkum til af því, eins og ég sagði áðan, að það eru til löglegar og ólöglegar hernaðaraðgerðir í þjóðarétti nútímans. Var þar vísað til sérstaklega 25. og 42. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og að íslenska ríkið væri tafarlaust bundið af ákvörðunum öryggisráðsins um að beita hernaðaraðgerðum á grundvelli þessara ákvæða og samþykki Alþingis eða synjun á slíku hefði í sjálfu sér ekkert að segja í því sambandi. Einnig var bent á að NATO kynni að taka að sér að fylgja eftir löglegum hernaðaraðgerðum sem gripið væri til á grundvelli þessara ákvæða og íslenska ríkið væri þjóðréttarlega skuldbundið af þeim ákvörðunum að sama skapi, sama hvað þingið hér hefði um það að segja. Var því lagt til að ráðið notaðist frekar við orðalagið „vopnuð árás eins ríkis á annað“. Nefndin telur að þessar ábendingar séu vel þess verðar að skoða betur og leggjast aðeins yfir en að svo komnu máli leggjum við ekki til breytingu á ákvæðinu en við leggjum til að álits fleiri sérfræðinga verði leitað áður en endanleg ákvörðun verður tekin hér í ráðinu um orðalag málsgreinarinnar að endingu.

Í 2. gr. þá varðar það sk. þjóðréttarsamninga. Á 13. fundi okkar var lögð til minniháttar orðalagsbreyting á 1. málslíð 2. gr. þar sem sagði upphaflega „Ráðherra gerir samninga við önnur ríki.“ En þessi grein tók breytingum hér í meðferð ráðsins, þannig að samþykkt var inn í áfangaskjal að í henni yrði notast við orðið „alþjóðasamningar“ en það helgaðist af því að það hugtak samræmdest betur almennum málskilningi. Með notkun á hugtakinu var það þó alltaf ætluð okkar að átt væri við þessa þjóðréttarsamninga sem eru samningar sem Ísland gerir við önnur ríki, alþjóðastofnanir eða aðra viðurkennda þjóðréttaaðila. Við bentum sérstaklega á það á 13. fundi, að það væri áframhaldandi sjálfstætt athugunarefni hvort notkun á

orðinu „alþjóðasamningur“ ylli hugsanlega einhverjum vafa í notkun og töldum mikilvægt að það yrði ávallt vísu að þarna væri átt við þjóðréttarsamninga eins og nefndin hafði ætlað í upphafi. Eftir nánari skoðun á þessu álitaefni og samráð við ráðslíða og sérfræðinga, þá leggur nefndin nú til breytingu að þessu leyti og að notast verði frekar við orðalagið „þjóðréttarsamningar“. Í þessu sambandi, þá vísu við til þess að þjóðréttarsamningur lítur aðeins að þjóðréttarlegum skuldbindingum á meðan alþjóðasamningur er víðara hugtak sem getur náð bæði til þjóðréttarsamninga sem og til annarra samninga milli ríkja sem eru einkaréttarlegis eðlis. Með hliðsjón af þessu og á grundvelli ábendinga frá bæði ráðslíðum og fræðimönnum, þá metur nefndin það sem svo að hyggilegra sé að notast við hugtakið „þjóðréttarsamningar“ enda tryggt að sá skilningur, sem að í ákvæðinu á að felast, sé engum vafa undirorpinn. Breytingartillagan lýtur því að því að í stað hugtaksins „alþjóðasamninga“ í 2. gr. kemur hugtakið „þjóðréttarsamninga“ og af þessu leiðir að tillagan gerir ráð fyrir að 2. gr. beri heitið „þjóðréttarsamningar“. Að auki bendum við á athugunarefni sem til viðbótar hefur bæst í það sem við höfum áður bent á varðandi greinina: Það er áfram eða verður núna sjálfstætt athugunarefni, í framhaldinu vegna 2. gr., hvort hugtakanotkun í 2. gr. sé fullnægjandi hvað hugtakið „landhelgi“ varðar. Okkur bárust ábendingar frá doktorsnema í hafrétti um að rétt væri að skoða hvort breyta ætti hugtakinu „landhelgi“ í 2. málslíð yfir í hugtakið „efnahagslögsögu“, sem væri heppilegra hugtak, þar sem til eru fleiri hafsvæði en landhelgi. Bent var á að „landhelgi“ væri ekki samnefni yfir þau hafsvæði heldur einungis hafsvæðið sem nær 12 sjómílur út frá landi. Það mætti líta sem svo á, að ef orðið „landhelgi“ yrði áfram notað mætti hugsanlega líta sem svo á, að samþykki þingsins væri ekki áskilið í málum er vörðuðu efnahagslögsöguna annars vegar og landgrunnið hins vegar. Þetta er athugasemd sem við nefndin teljum vissulega rétt að skoða en þó vil ég benda á að samningar um efnahagslögsöguna og landgrunnið kunna, eðli málsins samkvæmt, að vera samningar sem þá falla undir greinina og þá á grundvelli þess að þeir séu mikilvægir að öðru leyti og að af því leiði að ávallt sé samþykki þingsins áskilið á grundvelli ákvæðisins. En við ráðið leggjumst aðeins yfir þetta og leggjum höfuðið í bleyti og við leitum álits frá fleiri sérfræðingum á sviði hafréttar áður en endanleg ákvörðun í ráðinu verði tekin, áður en afstaða verður tekin til þessa álitaefnis.

Þá ætla ég að víkja næst að 3. gr. sem lýtur að framsali ríkisvalds. Í 1. mgr. 3. gr. er lögð til sambærileg orðalagsbreyting og gerð er á 2. gr., þar sem lagt er til að talað verði um „alþjóðasamninga“ í stað „þjóðréttarsamninga“ og þess að breytingar verði auðvitað skýrðar með sömu sjónarmiðum og ég rakti áðan og vísa ég bara til þeirra. Nú, í 2. mgr. 3. gr. er svo að finna málsmæðferðarregluna um ákvarðanatöku um framsal ríkisvalds. Þar leggur nefndin til að niður falli orðalagið: „Þegar tillaga um fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds hefur verið samþykkt af Alþingi skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.“ Við leggjum til að í staðinn komi ný 2. mgr. sem verði svohljóðandi: Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem við eiga um breytingu á stjórnarskrá þessari.“ Þegar

nefndin lagði fram upphaflega tillögu sína, þá var lagt til að ákvörðun yrði tekin af einföldum meirihluta Alþingis og að ákvörðun þessi yrði í framhaldinu borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar, þ.e. bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Á sama tíma gerðum við þó fyrirvara við þá tillögu og lögðum til að samræmis yrði gætt hugsanlega við það ferli sem notast yrði við um breytingartillögur á stjórnarskránni og í því samhengi þá litum við einkum til þess að það væri t.d. ekki rétt að auðveldara væri að breyta stjórnarskrá en taka ákvörðun um framsal ríkisvalds eða öfugt, að samsvarandi málsmeðferðarregla gildi um bæði þessi atriði. Á þessum tíma hafði tillaga um málsmeðferðarreglu um stjórnarskrárbreytingar ekki litið dagsins ljós frá nefndinni. Það hefur hins vegar breyst og á 14. fundi ráðsins, þá samþykkti það inn í áfangaskjal með hvaða hætti lagt væri til að stjórnarskrárbreytingar gætu átt sér stað. Með hliðsjón af þeim anda sem við höfum skynjað í ráðinu í heild sinni, þá leggjum við nú til að orðalagi 2. mgr. verði breytt til samræmis við þetta og að sama málsmeðferðarregla eigi við um ákvörðun um framsal ríkisvalds, enda sé hún ekki síður mikilvægt mál sem krefjist jafn vandaðrar málsmeðferðar og breytingar á stjórnarskránni sjálfri. Svo ég vísi til greinarinnar í áfangaskjalinu um breytingar á stjórnarskrá, sem samþykktar hefur verið, þá er hún svohljóðandi: „Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Hafi 5/6 hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.“ Í áfangaskjalinu er gert ráð fyrir valkosti sem er í hornklofum, eins og staðan er nú. Þar segir: „Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytinga á stjórnarskrá skal rjúfa þing og stofna til almennra kosninga að nýju. Þriðjungur þingmanna eða fimmtán af hundraði kjósenda geta jafnframt krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um frumvarpið. Hafi frumvarpið ekki verið fellt í atkvæðagreiðslunni og samþykki Alþingi það óbreytt, skal það staðfest af forseta lýðveldisins, og öðlast það þá gildi sem stjórnskipunarlög.“ Þá er lagt til að þetta ákvæði gildi að breyttu breytanda um ákvarðanatöku um framsal ríkisvalds, þannig að tryggt sé að þjóðin sé í langflestum tilvikum höfð með í ráðum þegar meirihlutasamþykki næst á þingi. Ef aukinn meirihluti næst á þingi, þá er hægt að meta það, eins og með 5/6 hluta sem er jú verulega mikill hluti þingsins, þá getur þingið metið það hvort ástæðulaust sé að leggja frumvarp um framsal ríkisvalds til þjóðaratkvæðagreiðslu. Verður þá hugsanlega hægt að líta til þess að ef um framsal hugsanlega – hvað á maður að segja? – óverulegs ríkisvalds, ef um er að ræða breytingar áður gerðum samningi sem fól í sér framsal sem hlaut samþykki á grundvelli ákvæðisins og fór í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá væri hugsanlega hægt að meta slíkt sérstaklega, hvort ástæða sé til að senda það í þjóðaratkvæðagreiðslu og þá nefni ég bara t.d. það sem skýtur upp í kollinn hér hjá mér einstaka breytingar sem við hugsanlega erum að gera í dag, t.d. á EES-samningnum, sem fela í sér örlitlar breytingar á honum og hugsanlega örlítið meira framsal heldur en

áður var samþykkt, þá væri hægt að leggja hugsanlega slíkar viðbótarbreytingar, ef að það hlýtur samþykki 5/6 hluta þings, þá væri hugsanlega ástæðulaust að setja það í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í samhengi við þetta allt er rétt að taka fram að nefndinni bárust þrjár breytingartillögur á 3. gr. á 13. fundi ráðsins. Tillaga 1 laut að breyttu orðalagi 2. mgr. og að krafa yrði gerð um að samþykki framsals ríkisvalds yrði veitt með 2/3 hluta atkvæða á þingi, einnig að sérstaklega yrði tilgreint að um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu væri að ræða og að til hennar yrði kallað innan sex mánaða frá samþykki á þingi. Tillaga 2 laut að samsvarandi breyttu orðalagi og tillaga 1 og að sérstaklega yrði tekið fram að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði bindandi. Tillaga 3 var heldur stærri og flóknari en áður greindar tvær. Hún laut að því að sameinaðar yrðu gr. 2 og 3 í kaflanum um þjóðréttarsamninga, einnig að breyttu orðalagi þannig að greina mætti á milli mikilvægra mála, sem 3/4 þingmanna eða 2/3 þingmann þyrfti til að samþykkja framsal á og svo grundvallarmála sem þjóðin ákvarðar sjálf í þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. t.d. aðild að Evrópusambandinu. Einnig var í tillögunni lagt til að tilgreind yrði sérstaklega sú málsmeðferðarregla sem viðhafa ætti ef afturkalla ætti áður framselt vald. Með breytingum nefndarinnar að nýrri málsmeðferðarreglu um samþykki framsals ríkisvalds, er það mat nefndarinnar að ný tillaga taki að mestu leyti til þeirra þriggja tillagna sem áður voru lagðar, alla vega nr. 1 og 2 að mestu leyti og að ýmsu leyti til tillögunnar nr. 3. Skýring við greinina um stjórnarskrárbreytingar tilgreinir sérstaklega að sé frumvarp til stjórnarskrárbreytinga samþykkt á þinginu, þá skuli það lagt fram til þjóðaratkvæðagreiðslu sem skuli vera bindandi. Eins og áður sagði, þá er sú undantekning þó gerð að hafi frumvarpið hlotið samþykki 5/6 hluta þingsins, þá geti það ákveðið að fella hana niður. Þarna er möguleiki á einfaldari meðferð lagður fram með það í huga að hugsanlega þurfi af einhverjum ástæðum, eins og áður sagði, að gera smávægilegar breytingar vegna minni háttar samninga. Ríkur vilji var fyrir því í nefndinni að stjórnarskrárbreytingar færu í þjóðaratkvæði og hið sama á við um samninga um framsal ríkisvalds. Eins og ég sagði áður, þá er það mat okkar að ný tillaga að 3. mgr. taki að mestu leyti til þeirra athugasemda sem okkur bárust og fólust í þessum þremur áður greindum breytingartillögum. Þá er rétt að nefna til viðbótar að nefndin taldi rétt að ákvarðanataka um afturkölluð framselds valds yrði metin sérstaklega þegar og ef til slíks kæmi, jafnvel þá af Lögréttu, sem við leggjum fram í tillögum okkar að áfangaskjali nú. Ekki væri rétt að binda ákvæðna formreglu þar að lútandi í stjórnarskrá og má þar t.d. benda á að ýmsar kenningar eru á lofti um slík mál á Norðurlöndunum og þær málsmeðferðarreglur sem rétt væri að giltu. Það er mat nefndarinnar að réttast væri að ákvörðun yrði tekin með hliðsjón af samfélagslegum aðstæðum þegar svo bæri undir og að það yrði ekki gert of erfitt að afturkalla framselt vald, ef það reyndist mikilvægt og brýnt á síðari stigum og krefðist jafnvel skjótrar ákvörðunartöku.

Nú, ég hef þá lokið yfirferð yfir tillögur nefndar C um breytingar á kafla um utanríkismál í annað sinn. Ég þakka fyrir gott hljóð og, sem áður, býst ég við góðum ummærdum og athugasemdum um tillögurnar okkar. Takk kærlega fyrir.

SN

Já, ég þakka varaformanni nefndar C fyrir kynningu á kaflanum um utanríkismál. Og orðið er laust. Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

Formaður, gott fólk. Ég þakka framsögumanni fyrir framsögn sína. Þó ekki allt. Ég hef aðeins of miklar(?) efasemdir um ágæti 1. gr. breytingarinnar. Við verðum að gá að því hvað þetta þýðir. Getum við stjórnarskrárbundið hvað forsetar framtíðarinnar muni segja? Ég held að þetta stefni í slys ef við samþykkjum þetta. Ég bara varpa því fram hvað hefði verið ef að þetta hefði verið í gildi þegar Ísland lýsti því yfir að vilja komast í hóp hinna viljugu þjóða í innrásinni í Írak. Hefði forseti Íslands framið stjórnarskrárbrot og embættisafglöp hefði hann á þeim tíma lýst efasemdum eða andstöðu við yfirlýsingu forsætisráðherra og utanríkisráðherra þess tíma? Við skulum hugsa um þetta. Ég legg til að þessi breytingartillaga verði borin sér undir atkvæði. Ég mun greiða atkvæði gegn henni.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Ég þakka Íris og Erlingi fyrir að koma hér tvö fram og Íris með frábæra framsögu, enda á heimavelli. En formaður og gott ráðsfólk, Erlingur var einmitt að tala um það sem ætlaði að tala um. Þetta er nýmæli. Það stendur ekkert í stjórnarskránni núna um hvernig forsetinn eigi að haga sér að þessu leyti og ég hef íhugað þetta mikið og lengi í mörg ár. Það er heillandi að við höfum þarna neyðarhemil og varðmann þjóðarinnar á sem flestum sviðum, sem forsetinn er. En á hitt er að líta – og að því hallast ég frekar nú hin síðari ár, þó að mér þætti það svolítið heillandi tilhugsun að forseti og ríkisstjórn töluðu ekki alltaf algjörlega í kór, vegna þess að forsetinn er jú þjóðkjörinn og þarf því að svara fyrir það hjá þjóðinni ef hann tekur sé það „bessaleyfi“ að tala eitthvað öðru vísi en ríkisstjórnin í utanríkismálum. Þetta var svolítið heillandi í mínum huga en þegar ég íhuga þetta betur, þá held ég að þetta geti hvorki verið gott fyrir forsetann né þjóðina. Gætum að því að, ef að svo fer fram sem horfir, að forseti fái hér ýmis verkefni, þá tel ég það eiginlega alveg nóg að þau beinist að innanlandsmálum og við bætum ekki því ofan á, að hann fái nánast skotleyfi á utanríkisstefnu landsins. Ég skal nefna dæmisögu þessu til útskýringar: Ég var með fréttastjóra frábæran, Emil Björnsson. Hann var mjög harður húsbóndi hvað snerti öll vinnubrögð okkar, tók okkur oft í bakaríið, setti okkur í svonefnda „frystikistu“ ef svo bar undir – þá var viðkomandi fréttamaður látinn vera í „frystikistunni“ í nokkrar vikur og fékk ekki mikil verkefni á meðan hann var að jafna sig á því að gera betur. Þetta var hollt fyrir okkur. Þetta var svolítið grimmt en Emil agaði okkur og vann mjög gott starf og hafði gríðarleg áhrif. Eitt hafði Emil sem ég hef aldrei kynnst hjá nokkrum yfirmanni sem ég hef nokkurn tímann haft: Á sama tíma sem hann tók okkur og lúskraði á okkur og sýndi okkur fram á það að við yrðum að bæta okkur og sá til þess sjálfur, þá varði hann okkur í bak og fyrir útfíra, þannig að maður undraðist það oft. Maður gat alltaf treyst því að hann stæði með manni í gegnum

þykkt og þunnt, svo framarlega sem það kæmi ekki til þess að maður yrði rekinn. Eftir því sem árin líða, þá met ég þennan kost alltaf betur og betur. Menn segja: „Þú varst að meta þann kost að maðurinn tali tungum tveim.“ Það er bara ekki þannig. Honum var mest í mun, nr. 1, fjölmiðlunin, að segja sannleikann sem best. Það vóg þyngst, meira en það hvort það þyrfti að tala sér þvert um hug útfíra til þess að verja sína fréttastofu og sinn miðil og ég held að þessi stefna hans hafi í raun skilað bestum árangri þegar upp var staðið.

Utanríkismál hverrar þjóðar eru gríðarlega viðkvæm. Það er ekkert grín að standa í þorskastríði. Það er ekkert grín að vera settur á lista yfir hinar viljugu þjóðir í innrás í fjarlægt landi. En ég held að þessi grein eigi fullan rétt á sér með þeim rökum sem ég hef hér lýst. Aðrir þjóðhöfðingjar gera þetta yfirleitt og við vitum alveg að Bretadrottning flytur ræðu sem er náttúrulega yfirlésin. Hingað til hafa íslenskir forsetar varað sig á þessum pytti og menn kunna að segja að það eigi bara að standa ekki neitt, heldur eigi hefðin að ráða og við skulum bara, Erlingur, gæta þess að forsetinn... Ég efast um að hann hafi verið mjög hrifinn af því sem var gert 2003. En hann sat á sér þá og að sjálf-sögðu sagði hann ekki neitt, því annað hefði verið mjög slæmt fyrir þjóðina útfíra, að hér væru tvær utanríkisstefnur í gangi. Og það er bara hin harða staðreynd í heiminum. Ég var í lagadeild þegar Emil Jónsson kom þangað og var að útskýra fyrir okkur ungu laganemunum, sem vorum uppreisnargjarnir og vildum bara láta vaða á súðum í þessum efnum: „Þegar upp er staðið“, sagði hann, „þá verðið þið bara, strákar mínir, að átta ykkur á því“ – það voru nú eiginlega eintómir strákar við lagadeild þá – „að utanríkisstefnur þjóða eru bara með eitt markmið, það er að þjóna þröngum sérhagsmunum þeirrar þjóðar og engum öðrum. Þið sem alþjóðasinnar og hafið talið þá hérna getið kannski látið ykkur dreyma um annað en þetta er bara svona og við getum ekkert, sem örþjóð, farið að spila einhvern annan leik í þessu efni, heldur en stórveldi sem við horfum upp á að eru með eina utanríkisstefnu gagnvart einu stórveldi og aðra utanríkisstefnu gagnvart öðru stórveldi.“ Þess vegna held ég að það sé betra að hafa þetta þarna frekar heldur en að taka þá áhættu að forsetinn fari ofan á annað sem við viljum kannski fela honum hér til þess að vera með valdtemprun og valddreifingu, að við skiljum utanríkismálin þar frá. Hann á alveg að geta sinnt öðrum verkefnum sínum og verið sameiningartákn fyrir þjóðina og helst ætti hann að vera sameiningartákn fyrir þjóðina í utanríkismálum. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk. Ég tek undir þakkir til Írisar Lindar fyrir fína framsögu og þakka C-nefnd fyrir góða greinargerð og ítarlega yfirferð yfir störf nefndarinnar og hvernig þau hafa brugðist við athugasemdum. Nokkrir punktar bara sem mig langar til þess að draga fram. Það er þessi umræða um „löglegar hernaðaraðgerðir“ versus „ólöglegar“ og að stundum séum við skuldbundin af aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum, t.d. til að styðja skilyrðislaust ákveðnar aðgerðir. En þetta er auðvitað í mínum huga... er þessi grein nákvæmlega til



Þess að bregðast við þeim yfirlýsingum sem við erum ekki skuldbundin af, samsagt að við förum ekki að styðja aðgerðir sem ekki eru samþykktar af alþjóðasamfélaginu fyrirfram, án þess að það sé svona „tekkuð af“ sú ákvörðun af þinginu. Þannig að það þyrfti mikið að reyna að sannfæra mig um að þessu ætti að breyta. Það er hérna hugmynd uppi um að breyta, þó það hafi ekki verið gert að tala um „árás eins ríkis á annað“. Það er einnig allsendis ófullnægjandi að mínu mati. Það eru mjög oft aðgerðir í gangi þar sem ekki eru ríki að ráðast á önnur og alls konar gerendur á alþjóðavettvangi sem að falla utan þessarar þröngu skilgreiningar, þannig að ég myndi vilja hafa þetta áfram opið. En ég bara vænti þess að við fáum þá að sjá nánari úttektir á þessu orðalagi og er búin að senda formanni og varaformanni nefndar tillögu að fræðimanni sem gæti kannski hjálpað okkur með þetta. Í 3. gr. velti ég því fyrir mér og biðst afsökunar á að hafa ekki nefnt þetta áður – þetta hefur svona verið aðeins að malla í hausnum á mér – hvort að með þetta framsal, hvort það sé skynsamlegra að setja þessa reglu fram neikvætt, að það sé óheimilt að gera þessa þjóðréttarsamninga nema undir ákveðnum kringumstæðum. Það er kannski sterkara en þið hafið það kannski á bak við eyrað í lokafasanum að greinin gæti virkað sterkari þannig. Að lokum bara rétt. Þetta er ekki í tillögunum beinlínis en af því að það er punktur í lokin, í samantekt C-nefndar um eineðlið og tvíeðlið, þá bara rétt að benda á að A-nefnd kynni í dag töluvert breytt ákvæði um innleiðingu mannréttindasáttmála, þannig að ég held að það ætti að vera komið í meira samræmi við þá afstöðu sem að C-nefnd hefur tekið í þessum málum. En svona í heildina, þá bara líst mér vel á þetta, bara með þessum fyrirvörum um að ég held að það myndi sennilega veikja það sem við erum að reyna að gera, að tryggja það að það sé samstarf milli þings eða löggjafar og framkvæmdarvalds ef lýsa á yfir stuðningi við hernaðaraðgerðir. Ég held að það myndi veikja ákvæðið að verða við þessum ábendingum en vona að við getum fengið frekari athugasemdir sem hjálpa okkur að lenda þessu í sátt. Takk kærlega fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir, gjörðu svo vel.

KO

Takk. Já, kæru vinir, takk kærlega fyrir þessar tillögur. Mig langar að hrósa ykkur sérstaklega fyrir að taka fram hvernig þig hafið farið með breytingartilögur. Mér finnst það hafa verið mjög flott hvernig þið gerið það. Maður getur algjörlega sætt sig við það að breytingartilögum sé ekki mætt ef það kemur góður rökstuðningur og maður sér þess einhver merki að það hafi verið rétt. Takk fyrir það kærlega, ég held að ráðið geti tekið sér þetta til fyrirmyndar. Mig langar bara til að varpa fram nokkrum hugmyndum sem vöknudu hjá mér þegar ég hlustaði á Íris. Ég tek undir þetta sem Silja Bára var að segja með að... þannig hafði ég einmitt líka skilið þetta með áskilnað Alþingis, að þar væri um að ræða þessar aðgerðir sem við værum ekki bundin af. Svo velti ég fyrir mér með neyðarréttarsjónarmið sem að var komið inn í ávarpinu hjá Íris, hvort það ætti hreinlega að skrifa inn einhverja slíka heimild í stjórnarskrána okkar. Ég hef heyrt einhvern veginn að þetta sé eitthvað sem við þurfum að hugsa um, líka út

af starfi annarra nefnda og þá bara varpa ég þeim bolta hér með upp og við getum hugsað um þetta saman. En eitt langar mig til að spyrja að lokum og það er í sambandi við 3. gr. og þessar breytingartilögur, þar sem í raun og veru er stungið upp á að það fari bara eins með framsal og fer með breytingar á stjórnarskrá. Og þarna er þín vandamál: Ég veit ekki alveg hvernig þetta samrýmist þeirri hugmynd sem við bárum nú fimm fram hérna fyrir tveim-þrem fundum um stjórnlagabing, að það væri hin formlega breytingarleið. Af því að hún hefur einhvern veginn ekki fengið almennilega efnislega meðferð í nefndinni og það eru bara þessar tvær tillögur sem þið báruð fram – hún féll einhvern veginn milli stafs og báru þarna síðast – þá velti ég bara fyrir mér: Myndi þessi leið samrýmast þessari aðferð? Finnst ykkur það? Að það yrði boðað til einhvers konar þings og kjörnir einhverjir fulltrúar og það yrði sú leið, ef það ætti að ætti að framselja ríkisvald. Þannig að ég velti fyrir mér hvort við séum nokkuð búin að girða fyrir ákveðnar hugmyndir í breytingum á stjórnarskrá, með því að tengja þetta of ítarlega saman og bið ykkur bara um að skoða það. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson, gjörðu svo vel.

PG

Já, formaður og ágætu ráðsfélagar. Ég vil gera athugasemd við greinargerð C-nefndarinnar, um framsal ríkisvaldsins til alþjóðlegra stofnana. Þar er því haldið fram, að skv. núverandi stjórnarskrá eða túlkun á henni, þá sé unnt að framselja ríkisvaldið „að uppfylltum [ákveðnum] skilyrðum“. Þetta er ekki rétt. Ég gerði nú athugasemdir við þetta á ráðsfundi en það kom enginn rökstuðningur eða skýringar á þessum andmælum mínum. Ég vil leggja áherslu á það, að það eru auðvitað til meginreglur sem stjórnarskráin ver og þar er náttúrulega þingræðisregla og sú regla að dómstólar geta vikið til hliðar almennum lögum sem brjóta í bága við stjórnarskrá. Þetta er viðurkenndar meginreglur. En að halda því fram aftur núna, að það sé viðurkennd meginregla skv. íslenskri stjórnskipan að unnt sé að framselja ríkisvald að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er ekki rétt. En þetta er notað sem rökstuðningur fyrir því að það þurfi að skrá þetta í stjórnarskrá, sem í raun og veru er óskráð regla. Þannig að menn geta deilt sjálfsagt um framsalið en ég held að það auki ekki trúverðuleika ráðsins að fullyrða slíkt í greinargerð og það verður þá að koma þá aðrar skýringar eða annar rökstuðningur fyrir framsalinu en notað er að þessu leyti. Ég þakka fyrir.

SN

Já. Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka, eins og aðrir, Írisi fyrir skelegga framsögu. Nokkrir punktar frá mér. Í fyrsta lagi með 1. gr. Ég fagna mjög þessari viðbót með hlutverk forseta Íslands, að það sé afmarkað. Hann kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi og hann fylgi þeirri utanríkisstefnu sem að mörkuð er af ríkisstjórn, enda er það ríkisstjórnin sem að ber ábyrgð á utanríkisstefnunni og það gengur ekki að það séu tvær utanríkisstefnur reknar gagnvart

umheiminum. Þannig að ég fagna þessari viðbót. Ég held að hún skýri málið og þetta á sér fyrirmyndir í öðrum stjórnarskrám og þetta er góð viðbót. Ég velti fyrir mér – sem ég held að ég hafi nú einhvern tímann komið á framfæri áður – að það er sagt þarna „af hendi ráðherra í ríkisstjórn“. Mér finnst það nú óþarfi að taka það fram því allir ráðherrar eru í ríkisstjórn en það er nú auðvitað minni háttar mál.

En kannski var aðalástæðan fyrir því að ég ákvað að taka til máls er að það er í greinargerðinni aðeins fjallað um þetta álitaeftni um hvort það eigi að nefna utanríksmálanefnd og að menn vilji gæta samræmis við B-nefnd í því efni. Eins og staðan er núna í B-nefnd varðandi þetta, þá eru menn með þetta þannig, að fastanefndir þingsins eru ekki taldar upp með nafni í þeirri grein sem fjallað er um fastanefndir þingsins almennt en hins vegar hafa menn í B-nefnd ekki athugasemdir við það að þær nefndir sem hafa sérstök stjórnskipuleg hlutverk, að þeirra sé getið í þeim stjórnarskrámgreinum þar sem um þær er rætt. Þannig að það er alla vega, miðað við núverandi stöðu mála í B-nefnd, ekki ástæða til að breyta þessu. Það mætti alveg nefna nefndina þarna nema menn telji sig hafa einhverjar sérstaka ástæðu til þess að gera það ekki.

Ég fagna mjög þessu með að breyta orðinu „alþjóðasamningar“ í „þjóðréttarsamninga“. Þetta eru bara þjóðréttarsamningar og við bara verðum að segja það, sama hvort einhverjum finnst það eitthvað ógegnsætt orð, þá bara er það orðið sem hefur réttu merkinguna á þessum stað. Aftur smá orðalagsspurning. Það er í 3. gr., um framsal ríkisvald, þar er talað um „[m]eð lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst.“ Mér finnst að það mætti skerpa orðalagið hérna og segja einfaldlega: „Með lögum skal afmarka nánar framsal ríkisvalds skv. þjóðréttarsamningi.“ En Kata spurði um stjórnlagabíngið sem breytingarverkfæri gagnvart stjórnarskrá, sem ég er fylgjandi, mjög fylgjandi reyndar. Ég tel að það verði að vera aðferð til að breyta stjórnarskránni án þess að Alþingi Íslendinga komi þar við sögu. Ég, hins vegar, hef ekkert á móti því að þessar aðferðir, sem að C-nefndin er með inni séu áfram inni þó að stjórnlagabíngið bætist við sem sú leið sem yrði notuð til þess að endurskoða stjórnarskrána meira svona í heild sinni eða svona grundigt. En þó að þessar aðferðir sem þarna er um að ræða, að það séu tillögur Alþingis um breytingar sem fari í þjóðaratkvæði geti áfram verið fyrir hendi til að gera meiri svona tæknilegar breytingar á stjórnarskránni sem á þurfi að halda og þá m.a. framsal ríkisvalds. Þannig að mín tillaga væri í raun og veru að stjórnlagabíngið bætist bara við sem aðferð. Nú, að öðru leyti þá fagna ég þessum breytingum. Þær eru allar til bóta og bæta enn betur tillögur sem voru góðar fyrir. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir er næst og þegar hún hefur lokið máli sínu, þá loka ég mælendaskrá.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að tala aðeins um 1. gr. Ég skil hvað nefndinni gengur til með þessu en mig langar til þess að benda ykkur á að þar sem það er Alþingi sem ber ábyrgð á utanríkisstefnunni, þá getur komið ný utanríkisstefna með

nýjum kosningum, með nýju Alþingi. En sami forsetinn getur setið áfram. Og þessi grein gerir í rauninni að verkum, að sami forsetinn, hann getur þurft að tala í kross eftir því hverjir stýra landinu. Það er auðvitað eðlilegt að forsetinn tali ekki gegn stefnu ríkisins en það er samt dálítið hæpið að fara þess á leit við hann að hann fylgi alltaf þessari stefnu, vegna þess að þá verður hann eins og Ragnar Reykhás. Stefnan hans er þá bara eftir því hver situr við völd. Og við getum nú tæplega farið að sitja inn í stjórnarskrána að ef forsetinn er ósammála utanríkisstefnunni, þá skuli hann bara þegja. Þannig að ég held að það sé betra að sleppa þessu heldur en að hafa þetta inni. Takk.

SN

Þá er mælendaskrá lokað um þennan lið og Pawel Bartoszek er næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Kæru vinir, mig langaði til að byrja með að þakka Írisi Lindi sérstaklega fyrir hennar framsögu og allt hennar innlegg í þessa vinnu okkar, sem hefur verið satt að segja algjörlega ómetanlegt og tillögurnar eru að mínu viti mjög vel unnar og greinargerðin nefndinni og okkur öllum til mikils sóma. Nokkur atriði sem hafa komið fram sem mig langar kannski að bregðast við persónulega en ég treysti síðan að Íris taki þetta saman í lokin. Í fyrsta lagi, þá ber að áréttta það að breytingartillagan okkar að 1. gr., hún er byggð á tillögu stjórnlaganefndar í dæmi A. Við vorum ekkert að tilgreina forseta Íslands til að byrja með í þessum tillögum, svona í ljósi allrar umræðu sem fram fer í ráðinu. Þetta er ekki algjörlega orðrétt en efnislega er þetta það sama. Í fyrsta lagi er tekið fram að forsetanum er veitt það hlutverk að hann kemur fram sem þjóðhöfðingi fyrir hönd Íslands í samskiptum við önnur ríki. En árétttað er að honum ber að fylgja stefnu ríkisstjórnar. Og svona áður en við förum að kenna of mikið í brjóst um forsetann fyrir að geta þurfa stundum að tala aðeins gegn sinni eigin sannfæringu, þá er það auðvitað þannig, að yfirlýsingar forseta Íslands á alþjóðavettvangi geta verið þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir ríkið og að því leyti er það þá mjög heppilegt að það sé skýrt að hans yfirlýsingar á þeim vettvangi séu stefna ríkisstjórnar og stefna ríkisins en ekki einungis hans skoðanir. En auðvitað er það það að góðir diplómatar geta nú fundið leið til þess að svona segja, kannski að koma sinni skoðun á framfæri og ég hef ekki miklar áhyggjur af því að þeir forsetar sem mér detta í hug gætu nú rökstutt að þeir hefðu nú aldrei brotið þessa grein sem þarna stæði. En hins vegar þá tel ég þetta vera nauðsynlegt því, eins og við höfum bent á áður, það eru ráðherrar sem bera ábyrgð á þessum málum. Þeim getur þingið vikið frá. Það er mun erfiðara að víkja forseta frá skv. þeim tillögum sem nú liggja fyrir. Síðan var góð umræða um hernaðaraðgerðir. Eins og ég segi, það hafa komið fram efasemdir um þetta orðalag meðal einhverra fræðimanna. Mér væri að meinalausu að þetta stæði inni með þessum hætti en hins vegar þá væri gott að fá það algjörlega á hreint að þetta orðalag gangi upp og geri ekki kröfur á íslenska ríkið sem ekki er hægt að fara eftir.

Síðan var það í lokin – kannski ég komi aðeins inn í umræðuna um stjórnlagabíng og kannski skiptar skoð-

anir um hvort það sé heppilegasta fyrirkomulagið til lengdar og hvort það sé heppilegt að binda það hvað Alþingi Íslendinga eigi að gera eftir 25 ár. En það náttúrulega skoðast bara í þessu samhengi. Ef að stjórnarskráin verður þannig að henni verður einungis breytt með stjórnlagabingi, þá felur það í sér að það mjög líklega erfitt að breyta svona stjórnarskrá með skömmum fyrirvara og þá felur það líka í sér að það er erfitt að gera slíka samninga sem nefndir eru hér. Þannig að þetta náttúrulega helst saman í hendur og ef við höfum þá áhyggjur af því að slík grein muni gera það erfitt að fullgilda samninga sem við teldum æskilegt, þá er það einungis vegna þess að slík grein myndi þá gera erfitt að breyta stjórnarskránni. Þetta verðum við að hafa í samhengi og ég held reyndar – ég hef nú oftast skilið þær tillögur um stjórnlagabing sem komu fram, rétt eins og Vilhjálmur að það myndi ekki vera tekið fyrir að hætt væri að breyta stjórnarskrá með einhverjum öðrum hætti. Þannig að að því leyti þá tel ég að slík viðbót myndi ekki stangast á við þá hugmyndafræði sem hér er. Annars þakka ég aftur Írisi Lind kærlega fyrir góða framsögu og öllum sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir góð innlegg.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður, góðir félagar. Ég þakka Írisi fyrir mjög greinargóða framsögu. Erlingur vakti máls á mjög mikilvægu máli og Ómar tók til andsvara. Ég hallast að því að Ómar hafi rétt fyrir sér en tek undir með þeim sem hafa kannski talað fyrir því, eins og Dögg, að það mætti kannski orða þetta öðru vísi, þ.e.a.s. „Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi og fylgir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað“, segir í tillögunni. Ég held að það væri kannski betra að annað hvort segja þetta í greinargerð eða segja þetta öfugt, þ.e.a.s. að það sé utanríkisráðherra sem talar fyrir stefnu stjórnarinnar og gefa þá frekar í skyn að forseti Íslands eigi ekki að tala beint gegn stefnunni, með þeim ágætis rökum sem Ómar færði fram en ég held að það sé óheppilegt að setja beint fram í stjórnarskrá það sem Danir kalla „munnkörfu“ eða sem sagt „múl“ á forseta. Það er ekki gott að múlbinda forseta beinlínis í stjórnarskrá en gefa það frekar í skyn með því að segja að utanríkisráðherra sé sá sem að tali fyrir stefnunni. Það er ekki gott að það séu tvær stefnur út á við og jafnvel ekki innávið.

Og ég er ánægður með 2. mgr. í 1. gr. Þar er skýrt að ráðherra skuli hafa samráð við utanríkismálanefnd og það skuli vera áður en ákvörðun er tekin og um mikilvæg utanríkismál. Þetta eru góð orð. En vegna þess að Villi kom inn á að B-nefndin væri á því máli núna að það ætti að nefna nefndir með nafni á viðeigandi stað, þá tel ég nú reyndar að það sé ekki alveg samhljómur um það. Alla vega hallast ég að því frekar að það eigi að fylgja þeirri málamiðlunartillögu að nefna málefni nefndanna: sú nefnd sem fer með utanríkismál, sú nefnd sem fer með fjárlög, sú nefnd sem fer með eftirlit og stjórnskipun, held ég að sé ágætis málamiðlun. Þó ég sé ekki persónulega andvígur því að nefna stjórnskipulega mikilvægar nefndir, þá held ég að þetta sé til sátta frekar.

Varðandi framsalsgreinina, þá velti ég því nú fyrir mér hvort það sé nægilega komið til móts við breyting-

artillöguna sem ég kom með á þarsíðasta fundi, held ég. Þar eru fleiri atriði sem að líta að framsali ríkisvalds. Þar er talað um öryggi og sameiginlega réttarskipan og aukna samvinnu milli þjóða. En skv. þessari grein, eins og hún er í áfangaskjali og tillögunni, þá er aðeins hægt að framselja ríkisvald í þágu friðar annars vegar og efnahagssamvinnu hins vegar. Það finnst mér kannski full þröngt. Þó að Evrópusambandið sé upphaflega efnahagsbandalag og að miklu leyti til sé að efnahagsbandalag og kannski friðarbandalag – það er kannski svona undirliggjandi – þá held ég að það mætti kannski huga að því að það er fleira í ESB en þetta tvennt og tengt ESB. Mér finnst svolítið þröngt að orða þetta þannig, að það megi framselja ríkisvald til alþjóðlegra stofnana. Mér finnst það ekki mjög lýsandi fyrir t.d. Evrópusambandið, að það sé alþjóðleg stofnun. Það er yfirþjóðlegt bandalag og þjóðréttarlegt og eitthvað slíkt. En „alþjóðlegt“ skil ég eiginlega frekar sem eitthvað sem, svona, tekur til miklu fleiri ríkja heldur en einnar heimsálfu t.d.

Þá tel ég að það þurfi að huga betur að því sem Katrín Oddsdóttir og Vilhjálmur nefndu með stjórnlagabing. Það tel ég að eigi að vera meginleiðin til þess að breyta stjórnarskrá og jafnvel eina leiðin, enda er ekkert því til fyrirstöðu, skv. okkar tillögu, að stjórnlagabing sé þá kallað til oftast, ef þurfa þykir, ef þjóðin eða Alþingi vill, en annars sé það á reglubundnum fresti. En annars finnst mér þetta ágætis leið hjá nefndinni að 5/6 þingmanna, þ.e.a.s. 53 af 63 þingmönnum að óbreyttu, geti framselt minni háttar ríkisvald en meiri háttar framsal þurfi þjóðaratkvæði. Það er svipað og í tillögunni sem ég lagði til. En ég svona velti því upp, hvort ekki þurfi að vera fyrirvari, eins og í tillögu minni, um að samningar sem einungis séu þjóðréttarlega bindandi þurfi ekki slíka viðurhlutamikla málsmeðferð.

Þá vil ég nú kannski taka undir með Pétri, eins og ég gerði á síðasta ráðsfundi, að það er ekki einhugur um það í stjórnskipunarrétti á Íslandi, var ekki 1991 [svo] þegar við gerðumst aukaáðilar að Evrópusambandinu með EES-samningnum og er ekki nú hvort og hvernig megi framselja ríkisvald. Mér finnst að mætti alla vega draga úr því hvernig þessum gildandi rétti er lýst í greinargerð, þannig að það verði ekki ágreiningur um greinargerð. Það voru fræðimenn og fleiri sem tóku það fram þegar við vorum að fjalla um EES-samninginn að það væri ágreiningur um svokallaða fjórmeninganefnd sem að taldi framsal ríkisvalds skv. EES-samningnum standast. Sumir þeirra hafa nú, held ég, áttað sig á því, þessara fjögurra sem að skrifuðu greinargerð fyrir þáverandi utanríkisráðherra – að þetta framsal var miklu víótækara, reyndist miklu víótækara og varð miklu víótækara heldur en gert var ráð fyrir eða sagt var opinberlega. Þannig að sú greinargerð stóðst ekki og sjálfur skrifaði ég nú blaðgrein um það að þetta stæðist ekki þá. Þannig að ég held mig við það að það hafi verið óheimilt framsal ríkisvalds sem fólst í EES-samningnum en það er öfugt við það sem Pétur hins vegar telur, held ég, að þá tel ég einmitt það ástæðu þess að það þurfi að skýra þetta betur, af því að það er ágreiningur um gildandi rétt. En annars þakka ég góða vinnu, góða framsögu og málefnalegar umræður. Takk.

SN

Umræðum um utanríkismál og tillögur C-nefndar er lokið og ég bið varaformanninn að bregðast við þeirri

umræðu sem hér hefur farið fram. Íris Lind Sæmunds-  
dóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk fyrir og kærar þakkir öll fyrir ykkar athuga-  
semdir. Ég ætla að tæpa aðeins á nokkrum þeirra.  
Pawel er náttúrulega aðeins búinn að koma inn á eitt-  
hvað af þeim og ég ætla að láta kannski þar við standa  
við sumar sem hann snerti á. Varðandi athugasemd  
þeirra sem snertu aðeins á hernaðaraðgerðum, þá var  
ástæðan fyrir að nefndin gerði ekki breytingar á þessu  
ákvæði að svo stöddu, þar sem við töldum ástæðulaust  
að bregðast við einni athugasemd eins fræðimanns.  
Við vildum skoða þetta betur og ræða við fleiri aðila  
sem sérþekkingu höfðu á þessu sviði. Við vorum ein-  
mitt hikandi, eins og Silja Bára var að nefna varðandi  
„árás eins ríkis á annað ríki“, hvort það væri fullnægj-  
andi eða ófullnægjandi, þá einmitt breyttum við þessu  
ekki af ástæðu. Við þurfum bara að skoða þetta áfram  
og ræða þetta betur. Varðandi neyðarréttarsjónarmið  
ráðherra, þetta er eitthvað sem að Katrín benti á.  
Hvort að það ætti að festa það sérstaklega inni í stjórn-  
arskrána – ég veit ekki hvernig slíkt ætti að vera og í  
hvaða kafla það ætti að vera. Við þurfum bara að skoða  
það aðeins þá í samráði þá við bara nefnd B, held ég.  
Ég veit ekki hvernig svona fer með svona reglur, hvort  
að rétt sé að stjórnarskrárbinda svona óskrifaðar neyð-  
arréttarreglur, sem eiga að gilda í verulegum undan-  
tekningartilvikum. En við skoðum það bara.

Varðandi athugasemd Péturs um það að það sé  
engin framsalsregla og að engar skýringar hafi komið  
fram hérna um daginn þegar að ég fór yfir kaflann,  
þá reyndar snerti ég nú á þessu og taldi mig hafa gert  
það til hlítar. Ég er reyndar allsendis ósammála Pétri  
um það að það sé ekki til staðar regla í núverandi  
réttarskipan. Hún er það vissulega og vald hefur verið  
framselt á grundvelli hennar og fyrir því liggja – ja,  
ég veit ekki – hátt í tugur álitu um þessa tilteknu  
óskrifuðu reglu og þróun hennar frá árinu 1993,  
þegar að fyrsta álitid var skrifað um hana, þegar við  
gerðumst aðilar að EES-samningnum. Einnig hefur  
mikið verið ritað um þetta í fræðiritum. Ég skrifaði  
sjálf meistararannsókn um þetta og um það liggja fleiri  
meistararannsóknir og kandidateitritgerðir lögfræðingar  
og jafnvel stjórnmalafraeðinga sem tjáð sig hafa um  
þetta. Ég vil líka sérstaklega benda á það að þegar að  
Ísland og Noregur undirgengust EES-samninginn, þá  
fór ákvarðanatáka í Noregi fram á grundvelli ákvæðis í  
norsku stjórnarskránni um framsal ríkisvalds, á meðan  
ákvarðanatáka hér fór fram á grundvelli tiltekinnar  
umræddrar óskrifaðrar meginreglu. Þannig að alla  
vega ég verð að segja það að ég er algjörlega ósam-  
mála þessu. Við höfum framselt vald. Það hefur verið  
skilgreint með ýmsum hætti. Auðvitað er það umdeilt  
meðal fræðimanna hvernig nákvæmlega reglan er.  
Það sem við settum inn í greinargerð er eingöngu  
ítrasta lýsing á þessari reglu, sem síðast var sett fram  
í fræðiriti sem við fundum. Það er mér algjörlega að  
meinalausu að breyta aðeins til greinargerðinni, það  
skiptir í sjálfu sér engu máli fyrir okkur. Þetta er hins  
vegar bara mikilvægt að skýra af hverju við erum að  
leggja til ákvæðna hluti, til þess að það liggji ljóst fyrir  
um ástæður þess.

Nú, varðandi forsetann og athugasemd Daggar um  
það hvort að forseti þurfi hugsanlega að breyta sinni

– hvað á maður að segja? – það hvernig hann tjáir sig  
um tiltekin mál ef nýtt þing kemur til starfa sem að  
mótar öðru vísi stefnu en fyrra þing, þá langar mig í  
fyrsta lagi bara benda á það að íslenskir embættismenn  
og starfsmenn ríkisins þurfa í sínu starfsumhverfi að  
vinna á grundvelli mismunandi stefna sem geta breyst  
með nýjum ráðherrum og nýjum stjórnvöldum. Dipló-  
matar gera það ítrekað og þurfa að finna leiðir til að  
fara í kringum slíka hluti. Ef forsetinn er verulega and-  
snúinn mótaðri stefnu stjórnvalda og um er að ræða  
verulega umdeild mál, þá getur forseti jú ávallt kosið  
að tjá sig ekki. Hann getur þagað um tiltekin mál, ef  
þau eru honum ekki að skapi og hann hefur tjáð sig  
mig allt, allt öðrum hætti áður. Þetta er eitthvað sem  
verður bara að meta hverju sinni. Við erum að leggja  
þarna einhverja grundvallarlínu um það að hann skuli  
ekki tjá sig í verulegri andstöðu við mótaða stefnu  
þegar um er að ræða umdeild mál.

Mig langar einmitt, eins og Gísli snerti hérna aðeins  
á annars vegar því hvort að 3. gr. væri fullnægjandi í  
þeirri mynd sem hún er framsett núna og þá einkum  
með hliðsjón af þeirri tillögu sem hann hafði lagt fram.  
Hann lagði fram einmitt að markmið framselds valds  
eða sem sagt markmið alþjóðlegrar stofnunar væri t.d.  
öryggi og sameiginleg réttarskipan. Við fórum yfir  
þetta og ég biðst bara forláts á að ég hafi ekki snert  
á þessu og að ég hafi ekki komið inn á þetta bara í  
greinargerðinni en við fórum yfir þetta, hvort breyta  
ætti þessum tilteknu markmiðum, sem nú setjum við  
fram: friður og efnahagssamvinna. Við vildum ekki –  
það var svona mat nefndarinnar – að rýmka ekki of þá  
heimild sem fælist í ákvæðinu. Öryggi og sameiginleg  
réttarskipan er í rauninni það sem flestar alþjóða-  
stofnanir stefna að og mat nefndarinnar var það, að í  
fyrstu atrennu ættum við ekki að setja fram of ítarlegt  
ákvæði sem heimilað gæti framsal ríkisvalds til hvaða  
alþjóðastofnunar nánast sem er. Nú, af því þú nefnir  
hvort ESB sé alþjóðleg stofnun eða yfirþjóðleg stofnun,  
þá er hún að mínu viti yfirþjóðleg stofnun... alþjóðleg  
stofnun og myndi, ef að væri að skipta, falla undir  
þetta ákvæði. Ég held að ég hafi svona snert á flest öllu  
því sem að Pawel kom ekki inn á og þakka kærlega  
fyrir enn og aftur. Við setjumst áfram yfir þetta og  
vinnum þetta áfram. Þakka ykkur fyrir.

SN

Takk fyrir. Þá er umræðu lokið og ég þakka nefnd-  
inni og ráðsmönnum öllum fyrir góðar og málefnalegar  
umræður. Við göngum til atkvæðagreiðslu um skjalið  
eins og það liggur fyrir og við fylgjum þeirri megin-  
reglu að taka allt skjalið fyrir. Það verður þá möguleiki  
á frumvarpsstigi að gera athugasemdir og koma með  
breytingartillögur sem tekin verður afstaða til á því  
stigi. Þetta er okkar regla og við höfum haft hana, þó  
að það hafi komið hér beiðni um annað. Þannig að þeir  
sem eru henni fylgjandi, samþykkir skjalinu, að það  
fari með þessum breytingum inn í áfangaskjalið eða  
breytingar, gjöri svo vel að rétta upp hönd. [atkvæða-  
greiðsla] Þeir sem eru á móti rétti upp hönd. [atkvæða-  
greiðsla] Og þeir sem sitja hjá. [atkvæðagreiðsla] Þá  
skoðast tillaga C-nefndar samþykkt um utanríkismál.  
Við gerum núna hlé í 10 mínútur og í framhaldi af því  
ætla ég að fela varaformanni ráðsins fundarstjórn í  
stuttan tíma. Takk fyrir.

AT

Þá er fundi framhaldið og við tókum fyrir tillögur C-nefndar um dómssvald. Þær eru lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal og ég gef formanni C-nefndar, Pawel Bartoszek, orðið.

PB

Já, takk. Kæru vinir, ég kem hér til þess að kynna breytingartillögur í annað skipti við tillögur að nýjum kafla um dómssvald. Þessar tillögur byggja að stórum hluta á tillögum í skýrslu stjórnlaganefndar og ég mun því, hafandi áður staðið hér og flutt dálítið ítarlega ræða um þau, helst gera grein fyrir þeim breytingum sem gerðar eru á tillögum frá því þær voru samþykktar síðast, síðan mun ég gera sérstaklega grein fyrir því þegar við víkjum frá tillögum stjórnlaganefndar og þá af hverju og loks mun ég tiltaka þær umræður sem átt hafa sér stað í nefndinni í tengslum við einstakar greinar.

Nú, fyrst ber að nefna að tillögur bárust um breytta efnisuppröðun á þessum kafla í heild sinni, þar sem var aðeins öðru vísi hugsun heldur en hér. Þar var gert svona meira ráð fyrir því að byrjað væri að fjalla um þær meginreglur sem giltu um dómstóla og hvað þeir gerðu og síðan var nánar farið út í skipan þeirra og skipan dómara, á meðan að tillaga frá stjórnlaganefnd byrjar á því að segja að til séu dómstólar og segja síðan hvað það er sem þeir gera. Tillagan var rædd á fundi nefndar en það reyndist ekki vera meirihluti fyrir því að fara þá leið. Þetta er auðvitað að einhverju leyti spurning um smekki og ég skildi mjög vel þá hugsun sem lá að baki breytingartillögunni. Fyrir henni reyndist ekki vera meirihluti að svo stöddu og ég vona að þurfum ekki að gera þetta mál að höfuðatriði í þessum kafla en, eins og ég segi, þakka áður þeim sem lögðu til breytingartillöguna.

Þá er það 2. gr. þar sem við erum að gera breytingar frá því sem er í áfangaskjalinu nú. Þar stóð áður: „Dómstólar mega hvorki sinna störfum sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins né má fela þeim slíkt með lögum.“ Þetta var breyting frá tillögum stjórnlaganefndar, þar sem stóð: „Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.“ Það var ekki okkar tilætlun að gera mjög miklar breytingar á þessu efnislega í sjálfu sér. Ástæðan fyrir því að við erum að færa þetta til baka eða notumst aftur við tillögu stjórnlaganefndar er sú, að þeir fræðimenn sem sáu greinina orðaða með þessum hætti drógu þá ályktun að við værum hugsanlega með orðalaginu með einhverju móti að slá á fingur á dómssvaldinu, þ.e.a.s. að við værum að segja að þeir mættu ekki sinna störfum, þá mætti túlka það sem svo að við höfum talið að dómstólar hafi hingað til verið að taka sér vald sem þeir ekki höfðu. Það var ekki ætlun nefndarinnar. Þess vegna er ákveðið að fara þá leið sem lögð var til í skýrslu stjórnlaganefndar og þessi leið er gerð til þess fyrst og fremst að verja dómstólana fyrir því að þurfa ekki að sinna verkum sem illa samræmast störfum þeirra og geta hugsanlega gert dómendur vanhæfa í öðrum málum, þegar þau koma upp síðar meir.

Næst er þá gr. 3, um lögsögu dómstóla. Í fyrsta lagi er breyting í 2. mgr. Þar mun nú standa: „Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá.“ en ekki „standist stjórnarskrá“. Þetta var tillaga eins þess

fræðimanns sem veitti álit um tillögunar og okkur þótti rétt að verða við henni, þetta væri orðalag sem væri meira í takt við það sem væri notað. Þar stóð í skýrslu stjórnlaganefndar að það eigi að skera úr um stjórnskipulegt gildi laga en ekki stjórnarskrá að því marki sem að það er inni í(?) dómsmáli. Okkur þótti þetta orðalag sem hér er nefnt betra. Orðið „stjórnarskrá“ fellur betur að almennri máltilfinningu en það er engu að síður okkar túlkun að þetta beri að túlka stórum, að það sé átt við stjórnskipulegt gildi laga en þetta sé hins vegar orðalag sem betur falli að almennri máltilfinningu.

Síðan er ákveðin dálítið stór breyting, að lagt er til að málgreinin „Dómstólar skera úr um lögmæti almennra kosninga.“ falli út. Þetta þarf nánari skýringar. Ástæðan fyrir því að þessi málgrein var sett inn á sínum tíma var sú að reynt var – sem ég skynja sterkan vilja fyrir í ráðinu – að taka fyrir það fyrirkomulag að alþingismenn nýkjörnir ákveði sjálfir hvort þeir séu löglega kjörnir, að það fyrirkomulag sé að mörgu leyti óheppilegt. Þessari grein var ætlað að taka fyrir það. Okkur var bent á það á hinn bóginn að það sé þegar hlutverk dómstóla að skera úr um lögmæti almennra kosninga, nema reyndar að einhverju leyti í þessu undantekningartilfalli sem nefnt er í að mig minnir 46. gr. stjórnarskrárinnar. Réttasta leiðin til þess að taka fyrir það væri einfaldlega að taka út þá grein og þá myndu gilda um þetta þær almennu reglur að dómstólar skeri úr um það hvort stjórnvöld fari að lögum og á þann hátt þá myndu þau skera úr um það hvort að kosningar sem stjórnvöld hafi framkvæmt hafi verið framkvæmdar með réttum og löglegum hætti. Innan nefndarinnar eru þær skoðanir að réttast væri að fara með þessi mál með þeim hætti að landskjörstjórn eða einhver annar aðili sem sæi um framkvæmd kosninga væri það stjórnvald sem gæfi út kjörbréf, síðan mætti fara fram á það við landskjörstjórn að hún endurskoðaði ákvörðun sína, ef hún væri kærð þangað, og þeim úrskurði yrði hins vegar síðan skotið til dómstóla, Hæstaréttar eða annarra dómstóla eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum. Þannig að ástæðan fyrir að þessi setning er tekin út er að hún er þegar talin rúmast innan 3. mgr. og að öðru leyti að með því að hafa hana inni gæti verið ákveðin hætt á því – eða menn gætu skilið það sem svo – að dómstólar væru rétta fyrsta instans til þess að leita að til að skera úr um hvort að kosningar hafi farið fram löglega. En það var ekki vilji til þess að búa þannig um hnútana að auðvelt væri að tefja þessi mál, að tefja úrskurð um lögmæti kosninga með því að mæti fyrir t.d. héraðsdóm með slíka kæru án þess að leita fyrst til landskjörstjórnar. Þannig að það er í samræmi við ábendingar fræðimanna talið réttast að gera þetta með þeim hætti að fella út þessa setningu og vegna þess að nú í áfangaskjalinu standi ekki að Alþingi ákveði sjálft hvort það sé löglega kjörið, þá skýrist það sjálfkrafa að það sé almennra dómstóla að eiga endanlega ákvörðun um það hvort að þingmenn séu löglega kjörnir.

Þá lítum við næst á 4. gr., sem lýtur að Hæstarétti Íslands. Hér er ekki gerð nein breytingartillaga. Þar er kannski rétt að áréttta það að 1. mgr. í greininni um Hæstarétt Íslands er fengin úr skýrslu stjórnlaganefndar og þar er kveðið á um að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll ríkisins í öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla, þau geta endað þar. En síðan er ný grein

sem varð til í vinnu nefndar C um eina undantekningu á þessu atriði, þ.e.a.s. að það megi, svo ég lesi hana: „Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmæti vinnustöðvana, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.“ Þetta er þá grein sem er gerð til þess að tryggja að félagsdómur geti starfað áfram í óbreyttri mynd.

Förum þá í gr. 5., sem lýtur að skipun dómara. Hér hefur verið gerð ein breyting, svona stór, og svo var tekin sú ákvörðun að taka burt hornklofann því það er nú komið að því að við þurfum að móta tillögur sem eru að einhverju leyti heildstæðar. Auðvitað er það svo að þessi mál, hvort það sé forseti eða ráðherra sem eigi að fara með skipunarvald, eru nú, eins og við þekkjum öll, mál sem eru mikið til umræðu hér í ráðinu og ákvörðun um þetta engan veginn endanleg að svo stöddu en innan nefndarinnar er alla vega meirihluti fyrir því að það sé forseti Íslands sem fari með það vald að skipa dómara. Ástæðan fyrir því að orðin „án tillögu ráðherra“ fari út er einfaldlega sú að við erum að reyna að losna við þetta orðalag alls staðar í áfangaskjalinu, þ.e.a.s. þegar að valdið er einhvers, þá er það sannarlega hans og þá þurfum við ekki að tilgreina það sérstaklega. Lagt er til að setningin „Lögskipuð nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.“ Það er lagt til að þessi setning fari út og það er gert eftir athugasemdir fræðimanna þess efni, að það fyrirkomulag sem hér er lagt til að verði fest í sessi í stjórnarskrá var gert er fyrirkomulag skv. nýjum lögum sem hafa ekki einu sinni verið í eitt ár í gildi, um hvernig fara beri að skipa dómara, þ.e.a.s. að það sé ákveðin hæfnisnefnd sem fari yfir umsóknir og síðan sé ráðherra, eins og er í dag, bundinn af þeirri niðurstöðu en geti þó vikið frá henni með samþykki þingsins. Þetta er fyrirkomulag sem er mjög nýtilkomið og ekki sé rétt að binda það í mörg ár fram í tímann án þess að á það sé komin meiri reynsla. Það er engu að síður tekið fram að þau sjónarmið sem eigi að vera höfð að leiðarljósi við ráðningu dómara séu hæfni og önnur málefnaleg sjónarmið. Og löggjafinn hverju sinni er þá falið ákveðið frelsi í því að tilgreina hvernig þetta verði gert. Það hefur, eins og ég segi, verið borin upp breytingartillaga, í það minnsta munnleg, í tengslum við sameiginlegan fund með B-nefnd, um að þarna stæði „ráðherra“. Fyrir því var ekki meirihluti í nefndinni. Og síðan var tillaga um að skipun skuli vera háð 2/3 hluta Alþingis en sú tillaga fellur náttúrulega í sjálfu sér niður í ljósi þess að vera að fella burt alla málgreininu í heilu lagi eða þann hluta hennar sem byrjar á orðunum „lögskipuð nefnd“. Nú, ég vil reyndar benda fundarmönnum á að í skýringum við 2. mgr. stendur ennþá setningin „Ákvæði tryggir að koma beri á fót nefnd sambærilegri þeirri sem nú starfar sbr. dómstólalög.“ Það láðist að fella þetta út úr greinargerð, þannig að þegar tillögurnar verða samþykktar, þá skil ég það sem svo að við samþykjum þær með fyrirvara um að þessi setning fari að sjálfsögðu út því að hún á ekki lengur við þær breytingartillögur sem verið er að leggja til.

Síðan er að gr. 6. sem lýtur að sjálfstæði dómara. Það barst breytingartillaga um það að dómendur skuli dæma bæði eftir bókstaf og anda laganna. Í nefndinni var þetta rétt og niðurstaðan var sú að halda eftir

óbreyttu orðalagi. Með því að segja „Dómarar skulu fara eftir lögum“ – það túlkast vítt í íslenskri réttarvenju. Það er átt bæði við lög, reglur og venjur, meginreglur laga, dómafordæmi og eðli máls og sitthvað fleira, þannig að nefndin taldi sig ekki hafa efnislegar forendur til þess að taka ákvörðun um það hvort að breytingar á þessari mgr. mundu fela í sér einhverjar miklar efnislegar breytingar á því hvernig og eftir hverju skyldi vera dæmt í dómsmálum á Íslandi. En það er engu að síður okkar skilningur að þegar menn dæma, þá sé auðvitað ekki einungis litið til laga, heldur annarra þátta, eins og þeirra sem nefndir voru hérna í upptalningunni áður. Þannig að þessi grein stendur óbreytt nú.

Síðan er það gr. 7, sem er talsvert breytt frá því seinast. Í grein stóð áður „Þegar Hæstiréttur dæmir um ráðherraábyrgð eða hvort lög eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá, skal hann skipaður þannig að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.“ Og það er rétt að fara þá aðeins í gegnum alla sögu þessa máls hérna í ráðinu og skýra síðan þá niðurstöðu sem komist hefur verið að nú. Það var álit margra hér í ráðinu að það væru ákveðin verkefni sem heppilegt væri að einhver aðili í stjórnkerfinu fengi sem í dag væru ekki svo eða væri komið fyrir á röngum stöðum. Eitt þeirra var t.d. úrskurður um lögmæti kosninga til þings og ég hef áður útskýrt hvernig hugmyndir nefndar eru um að þeim málum skyldi háttáð í framtíðinni. Síðan var það það hvort að lög standist stjórnarskrá, þ.e.a.s. að væri einhver leið til þess að kveða á um stjórnskipulegt gildi laga án þess að það þurfi að koma til dómsmál þar sem reyndi kannski á þröngar aðildarreglur, þ.e.a.s. að það væri með einhverju móti hægt að fá úrskurð um það hvort lög sem hafa verið nýlega samþykkt standist stjórnarskrá eða önnur lög sem deilur eru um hvort standist stjórnarskrá. Í meðförum stjórnlagaráðs, þá hefur þessu verkefni ýmist verið komið fyrir hjá Lögréttu eða öðrum aðilum. Um stund og skv. tillögum [ógreinilegt 01:42:23] nú, þá var þessu verkefni komið fyrir í dómstól sem að samsetningu líkist landsdómi. Okkur var bent á það, að þessi hlutverk færu ekkert endilega vel saman, þ.e.a.s. að hafa einhverja menn sem væru valdir af þinginu, að þeir ættu síðan að kveða á um það hvort að lög sem þing hefur sett stæðist stjórnarskrá. Sama gildi að einhverju leyti um athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda. Ráðherraábyrgðin er annað atriði og í dag er þessum málum komið fyrir þannig, í samræmi við norræna hefð, að það er sérstakur landsdómur sem dæmir um ráðherraábyrgð eftir ákæru þings. Það eru þá þau sjónarmið að hafa þetta mál með óbreyttum hætti eða að fela þetta almennum dómstólum og síðan var farin ákveðin millileið í tillögunum, að láta Hæstarétt gera þetta, fá þetta hlutverk sem landsdómur hefur haft, en skipa hann með sama hætti og landsdómur hefur verið skipaður hingað til. Þá var það nefnt að það væri þá réttast hugsanlega annað hvort að kalla þetta áfram landsdóm og vera ekkert að fara í felur með það fyrst að rétturinn væri í eðli sínu öðru vísi samsettur heldur en rétturinn er samsettur í öllum öðrum tilfellum eða að fela þetta mál í úrskurð almennra dómstóla. Og niðurstaðan í nefndinni, sem ég hygg að sé vilji fyrir í ráðinu, er að þessi hlutverk sem lúta að því að dæma um ábyrgð ráðherra sé á hendi annað hvort hæsta-

réttar, venjulegs; almennra dómstóla eða eigi alla vega heima innan hins hefðbundna dómskerfis. Nefnd B-hefur verið að fjalla um það með hvaða hætti skuli háttá ákærum á hendur ráðherra og það ber að taka það fram að þótt að hér sé greinin um ráðherraábyrgð farin út hér, þá þýðir það ekki að það sé lagt til að engin lög verði um slíkt eða að ekki verði hægt að ákæra ráðherra fyrir brot á þessum lögum, líkt og er hægt að ákæra aðra embættismenn fyrir brot á öðrum lögum, heldur einungis að það verði ekki komið á sérstökum dómstól í því skyni og ef að sérstökum dómstól verður komið [á] í því skyni, t.d. þá einhverjum almennum stjórnsýsludómstól sem kveður á um athafnir embættismanna almennt, þá verði þeim úrskurðum engu að síður skotið til hæstaréttar. Nú, ég hef ekki margt við þessar tillögur að bæta að svo stöddu og þakka gott hljóð og vonast eftir góðum umræðum. Takk.

AT

Við þökkum Pawel fyrir greinargóða framsögu og þá er orðið laust um tillögur C-nefndar um dómsvaldið. Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, varaformaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka nefnd C fyrir þessar tillögur sem ég er í öllum aðalatriðum sáttur við. Mig langar að nefna tvennt. Í fyrsta lagi þykir mér rétt að í þessum kafla, frekar en einhvers staðar annars staðar í nýrri stjórnarskrá, sé kveðið á um viðurlög við brotum gegn stjórnarskránni. Þessi tillaga helgast af því að tillögur okkar leggja skyldur á hendur, ekki bara löggjafarvaldinu, heldur einnig handhöfum framkvæmdarvalds sem stundum þýðir einfaldlega skyldur á herðar einstakra ráðherra t.d. Og í því ljósi þykir mér nauðsynlegt, að ljóst sé að þeir sem brjóta gegn stjórnarskránni þurfi, bara í anda réttarríkisins, að axla ábyrgð á slíku framferði að lögum. Og þess vegna legg ég til að á viðeigandi stað í þessum tillögum, t.d. í 7. gr. sem kveður á um að þingnefnd eða þriðjungur þingmanna eða forseti Íslands geti vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá, að þar komi viðbótarákvæði, nú eða hugsanlega sérstök grein, sem gæti t.d. hljóðað svo: „Í lögum skal kveða á um viðurlög við brotum gegn stjórnarskrá þessari.“ Mig langað að lýsa fyrir ykkur dæmi um feril þar sem þetta gæti átt við. 7. gr. gerir þegar ráð fyrir því að hægt sé að vísa til Hæstaréttar kærnum vegna meintra brota gegn stjórnarskránni. Næsta skref væri þá að Hæstiréttur tæki afstöðu til slíkrar kæru og þá gæti hann hugsanlega mælt fyrir um að viðkomandi stjórnvald bæti ráð sitt á þann veg að stjórnarskráin sé virt. Fari nú svo, að viðkomandi stjórnvald bæti ekki ráð sitt af einhverjum ástæðum, þá gæti Hæstiréttur tekið næsta skref sem væri að úrskurða að viðkomandi stjórnvald hafi brotið gegn stjórnarskránni eða vanvirt hana. Og þá er komin upp sama staða eða svipuð eins og þegar einhver hefur orðið uppvís að því að brjóta lög. Og þá myndi reyna á það hver viðurlögin eru sem löggjafanum væri skylt skv. stjórnarskránni að hafa í lögum landsins. Ég get gefið ykkur dæmi frá útlöndum þar sem einmitt þessi ferill fór stig af stigi og það var þegar heilbrigðisráðherra Suður-Afríku – ég hef sagt söguna áður – var kærður fyrir það hlíta ekki ákvæðum í stjórnarskrá um

skylduna til þess að tryggja að lyf handa sjúklingum væru aðgengileg. Kæran barst stjórnlagadómstólnum í Suður-Afríku, hann úrskurðaði að kæran væri lögmat og ætti rétt á sér og beindi þeim tilmælum til heilbrigðisráðherra að hann bætti ráð sitt, svo að það samræmdist stjórnarskránni. Heilbrigðisráðherra bætti ráð sitt, þannig að málið þurfti ekki að fara lengra. En hefði hann ekki gert það, þá hefði Hæstiréttur Suður-Afríku getað úrskurðað að ráðherranna hefði gerst brotlegur gegn stjórnarskránni og þá hefðu viðurlög skv. suður-afrískum lögum gilt um það. Nærri má geta hvort slík ákvæði um viðurlög myndu ekki draga úr líkum þess að stjórnvöld brytu gegn stjórnarskránni. Þetta á brýnt erindi við okkur vegna þess að jafnvel fram á síðustu ár hefur því ítrekað verið haldið fram að stjórnvöld hafi brotið gegn stjórnarskrá Íslands. Þannig að það er ekki aðeins af erlendum tilefnum sem þessi tillaga er borin fram, heldur einnig hugsanlega af innlendu tilefni. Og ákvæði sem þetta er auðvitað sett fram til þess að auka líkurnar á því að til þess þurfi aldrei að grípa. Takk fyrir.

AT

Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Formaður, starfandi formaður og góðir áheyrendur aðrir. Ég styð heils hugar það sem að nefndin sem ég sit í leggur hérna fram en ég er sá sem hefur verið með nokkrar efasemdir um hvort það sé ekki tómarúm ef við fellum út ákvæðið í stjórnarskránni, þess efnis að það sé Alþingi sjálft sem úrskurði um endanlegt gildi kjörbréfs og þar með gildi kosninga. Svo erum við núna sammála um að fella líka út ákvæðið eða ábendinguna um það að menn geti vísað deilumálum um kosningar til dómstóla, bæði vegna þess að það sé sjálfgefið að það sé hægt og hins vegar viljum við ekki vera svona að hampa því eitthvað sérstaklega. Þannig að mínar efasemdir eru þær hvort að þarna sé ekki tómarúm sem yrði annað hvort að fylla með sæmilega góðri lýsingu í greinargerð eða með einni lítilli málsgrein. Og nú ég nú verið að tala fyrir því að við reyndum að hafa þetta ekki langt, stjórnarskrárplaggið okkar. Þannig að ég er hikandi við að leggja hér og nú fram tillögu um slíka málsgrein en langaði að kynna hana, bið menn að hugsa hana og ef mér svo sýnist og ég finn stuðning við þetta, þá mun ég leggja hana fram á einhverju stigi. En tillagan um málsgrein sem kæmi þarna inn í kaflann um kosningar væri þá svohljóðandi: „Alþingi kys landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosningar til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna. Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og þingmanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum. Úrskurði landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla.“ Þið takið eftir því að þarna er ekki bara talað um kosningar til Alþingis heldur allar þær kosningar sem heyra undir almannavaldið, ríkisvaldið, að sjálfsgöðu ekki sveitarstjórnarkosningar, þó vissulega kæmi það til álita, svona til þess að samræma aðferðafræði þar en látum það a.m.k. bíða. Ég hafði fyrst haft orðalagið „almennar kosningar“ en fékk ábendingar frá góðum mönnum þess efnis að það væri of loðið hugtak, það væri þá betra að telja upp allar þessar kosningar

sem ég hef í huga. Það eina sem ég er þarna kannski hikandi við er það að í gildandi lögum um kosningar forseta Íslands er kveðið á um að það sé Hæstiréttur sem gefi út kjörbréfið og mönnum kann að þykja svo sem þarna sé verið að gera tilraun til þess að setja forseta eitthvað skör lægra. En ég held nú samt að það væri hegómaskapur. Ég bið menn að íhuga þetta. Ég skal senda ráðsmönnum þetta orðalag til umhugsunar og sé svo til hvort ég legg þetta fram á einhverju stigi. Takk fyrir.

AT  
Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT  
Já, varaformaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég er mjög ánægður með þessa dómsmálaskipan eða kafla C-nefndar um dómssvaldið og vil aðeins fara yfir nokkur atriði. Fyrst vil ég nú taka undir með Þorkatli að ég held að það sé jafnvel brýnt [og] íhugunar virði að setja sérstakt ákvæði, eins og var, í stjórnarskrána, eða þ.e.a.s. var í áfangaskjalinu, um að dómstólar dæmi um lögmati kosninga til Alþingis. Ástæðan fyrir því er sú að þetta er nú í 46. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir nú: „Alþingi sker sjálfst á hvort þingmenn þess séu löglega kosnir svo og úr því hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.“ Þorvaldur hefur áður lýst ágætlega dæmum og röksemdum fyrir því að þetta gangi nú ekki upp, að menn hafi sjálfðæmi um eigið kjör og af því að þetta ákvæði var upphaflega sett til þess að tryggja sjálfstæði Alþingis gagnvart dómstólunum eða þriggri ríkisvaldsins, þá væri öruggara að setja sérstakt ákvæði um að við ætlum að breyta þessu núna, að dómstólar fari með dómssvald líka gagnvart hinu háa Alþingi. Annars gæti hreinlega skapast óvissa um það hvort að þessu hefði verið breytt eða ekki. Af því að þetta er nú einu sinni að skandinavískri fyrir og hefur langa sögu að baki en þykir nú ekki lengur við eiga. Ég er ekki viss um að það eigi við, eins og við reynum þó oft, að setja bara skýringu í greinargerð.

Annað sem mig langar að boða tillögu um er atriði sem að ég hélt fyrst kannski að dygði að setja í greinargerð en það er að breyta þarf, að mínu mati, niðurlagi 61. gr. stjórnarskrárinnar þar sem að hæstaréttardómurum er heimilað að segja af sér með fullum launum eftir að þeir verða 65 ára. Þessi réttur, sem var settur á 19. öld til þess að vernda dómara fyrir ágangi og tryggja sjálfstæði þeirra, hann hefur verið misnotaður að mínu mati. Hæstaréttardómarar hafa, að því er ég best veit, í miklum mæli sagt af sér 65 ára eða eftir það og notið fullra launa til æviloka í stað þess að njóta einungis lífeyrisréttar, eins og eðlilegt er og á að vera almenna reglan. Ég hef kynnt þetta aðeins innanhúss og er að afla frekari upplýsinga um þetta en ég er búinn að kynna mér það svo mikið, út frá upplýsingum frá lögmanni úti í bæ, að skv. dönskum fræðum, þá var þessi réttur afnuminn 1933 og það afnám var áréttað í stjórnarskrá 1953, þannig að við erum að verða 70-80 árum á eftir Dönum með þetta en ég held að það gangi ekki lengur að stjórnarskrártryggja hæstaréttardómurum slík forréttindi, að þeir njóti ekki bara góðra launa á meðan þeir starfa, heldur fullra loka til æviloka ef þeir segja af sér embætti. En sá réttur átti einungis að vera til þess að þeir gætu sagt af sér í mótmælaskyni. Við erum jú að tryggja sjálfstæði þeirra mjög vel í þessum kafla.

Ég vil aðeins fjalla um 2. gr. Ég er sammála Pawel, eins og hann rökstuddi það, að umorðunin sé góð, að dómstólum verði ekki falin störf sem ekki heyra undir þá, frekar en að gefa í skyn að þeir hafi tekið sér eitthvað sem ekki tilheyrir þeim. Það hafa þeir ekki gert, að mínu mati. Hins vegar vil ég áréttla til lögu sem við Þorvaldur sendum, að ég held, formlega á ráðsfundi fyrir nokkrum vikum síðan, um að taka út orðið „venju eða“, þ.e.a.s. hér segir: „Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.“ Ég held að þarna eigi aðeins að standa: „Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.“ Og það er til þess að ekki verði hægt að halda áfram þeirri venju eða óvenju, eins og kallað er á latínu „abusus“, það er hreinlega ósiður sem hefur tíðkast að löggjafinn hefur sett fjölda laga um að Hæstiréttur skuli tilnefna í hinar og þessar úrskurðarnefndir og lögskipaða gerðardóma og annað. Þetta er framkvæmdarvaldsathöfn og ef að menn vilja tryggja að einhver óháður aðili, flokkspólítískt óháður aðili, tilnefni slíka aðila, slíka úrskurðaraðila sem að full þörf kann að vera áfram á, þá geta menn íhuga það að forseti Íslands geri það. Hér hafa menn jú andmælt, sumir, svokölluðu forsetaræði en þessi óvenja að fela Hæstarétti að skipa gjarnan lögmennt sem oddamenn í úrskurðarnefndir, það er þá einhvers konar hæstaréttaræði. Þetta er framkvæmdarvaldsathöfn sem að, að mínu mati, á ekki að vera á hendi æðsta dómstóls landsins.

Ég vil taka undir með Þorvaldi, sem hann hefur nefnt áður, um að mikilvægt sé að kveða á um í stjórnarskrá um að – ja, ef ekki hver viðurlög séu, þá að viðurlög skuli vera við brotum á stjórnarskrá og ég er sammála honum um að það megi útfæra nánar í lögum, eins og hann orðaði það. Það mætti jafnvel nefna þau lög, þ.e.a.s. lög um ráðherraábyrgð. Það er þá ekki stór breyting en það er þá áréttað að stjórnarskrárbrotum skuli fylgja einhvers konar viðurlög eða afleiðingar. Það held ég að sé til bóta. Afleiðingarnar eru í dag gjarnan þær að stjórnarathöfn eða lög, sem ekki stenst stjórnarskrá, er virt að vettugi en það er í sumum tilvikum ekki nægileg afleiðing, að mínu mati, í grófarri tilvikum.

Þá er ég sammála Pawel, eins og hann rökstuddi ágætlega, að í 2. mgr. 3. gr. sé nægilegt að segja „samrýmist stjórnarskrá“, „dómstólar skeri úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá“. Það er þá í samræmi við það að sagt er í stjórnarskránni í dag, að dómara fari einungis eftir lögum. Og það er líka í tillögum hér og þá er það lög og stjórnarskrá í rýmri merkingu, þ.e.a.s. allar réttarheimildir stjórnskipunarréttarins, eins og segir hér segir réttilega í greinargerð.

Nú, það sem ég er ánægðastur með af mörgu góðu í þessum kafla er að hér sé inni heimild fyrir þrjá aðila – þingnefnd, þriðjung þingmanna eða forseta Íslands – að spyrja Hæstarétt svokallaðra lögspurninga, þ.e.a.s. spyrja hvort að lög eða stjórnarathafnir eða athafnaleysi standist stjórnarskrá. Þetta hefur vantað, það hefur ekki verið rúmur réttur fyrir aðild þessara aðila eða annarra til þess að spyrja Hæstarétt svona spurninga, nema á það reyni í tilteknum máli, eins og það útskýrt í réttarfarslögum nánar. Þetta er mikil réttarbot. Eins og ég vék að í stefnuræðu minni 28. apríl, á 6. fundi – að ég hygg – ráðsins. Þetta er eitt stærsta atriði



í stjórnarskrárbreytingum okkar, að það sé hægt að spyrja áður en skaðinn er skeður og áður en að langur tími er liðinn, hvort að eitthvað standist stjórnarskrá. Dómstólar á Íslandi hafa að vísu í mannsaldur, ef ekki lengur, sinnt því hlutverki mjög vel að gæta að þessu, hvort að lög standist stjórnarskrá, miklu betur en t.d. í Danmörku og víðar. En það líður stundum ansi langur tími þar til á það getur reynt og þetta er því réttarbót. Og þetta er ekki mjög íþyngjandi vegna þess að aðeins þessir þrír aðilar geta spurt. Þó mætti íhuga að sveitarfélög ættu að bætast í þennan kafla, sem ég hugði nú ekki að þegar ég lagði þetta til í upphafi, eða setja í þessa reglu 7. gr. að aðrir sem löggjafinn tilnefni eða skilgreinir geti einnig spurt slíkra spurninga.

Að síðustu, þá var ég ekki alveg viss hvort ég skildi formann C-nefndar, Pawel Bartoszek, rétt þegar að hann vék að ráðherraábyrgðinni. Það segir hérna í lok skýringa, að B-nefnd sé falíð að skoða hvort og hvernig ákærum á hendur ráðherrum skuli fyrirkomid í stjórnarskránni. Ég held að það sé nú enginn vafi um að það skuli vera, þ.e.a.s. þetta „hvort“ á að fara út. En hvernig ákværuvaldið er fyrirkomid, það er vissulega verkefni C-nefndar. En það er verkefni B-nefndar að fjalla um ákæruvaldið en ég hélt að það væri verkefni C-nefndar að fjalla um dómsvaldið í þeim málum eins og öðrum. En ef ég skildi Pawel rétt, þá var hann að vísa málinu til B-nefndar þannig að við ættum að fjalla um það, hvort það væri landsdómur eða útvíkkaður Hæstiréttur, eins og var í áfangaskjalinu, eða almennir dómstólar. Ég var ekki alveg viss um hvort hann væri að segja að C-nefnd hefði breytt mat sínu í þessu eða bara vísað málinu til okkar í B-nefnd. Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu vegna þess að ég held að það sé gott fyrirkomulag, þrátt fyrir allt. Ef við lögum handvömm ákæruvalds í ákærumálum, þá held ég að sé það gott fyrirkomulag, að það sé ekki venjulegur dómstóll sem dæmi í þeim málum og ástæðan er sú að þetta er ekki bara lögfræði sem að reynir á í málum um ráðherraábyrgð, heldur pólitík og mat á aðstæðum. Og við þekkjum það auðvitað, bæði frá ríkjum austanhafs og vestan, að þar eru kviðdómar fengnir til þess að dæma um staðreyndir eða sök í refsímálum og jafnvel fleiri málum, af því að þá er verið að líta svo á, að jafningjar eða leikmenn geti jafnvel betur dæmt um það en löglærðir menn. Það þykir réttlætismál og ég held að það sé líka í þessu, að það sé ekki bara löglærðir embættisdómarar sem dæmi um ráðherraábyrgð dómara. Og við höfum líka fordæmi fyrir þessu hér, þ.e.a.s. í vinnuréttardómstólnum okkar, félagsdómi, að þar eru tilnefndir að vísu oft lögfræðingar en tveir af fimm dómurum eiga að vera með sérþekkingu á vinnumarkaðsmálum og svo höfum við í héraðsdómi það úrræði skv. réttarfarslögum sem er oft nýtt að sérfróðir meðdómendur eru kallaðir til, t.d. skipstjóri í sjóréttarmáli eða verkfræðingur í máli um ágreining um eitthvert verk, þannig að það sé ekki bara lögfræðilegt mat heldur sérfræðilegt mat. Og þetta held ég að eigi við um ráðherraábyrgð. En ef ég skil Pawel rétt, þá eigum við bara að taka boltann í B-nefnd og klára þetta. En ég þakka kærlega fyrir mjög góðan kafla og góðar skýringar. Takk.

AT

Þá tekur Salvör Nordal aftur við fundarstjórn.

SN

Takk fyrir. Og ég ætla að láta það verða mitt fyrsta verk að loka mælendaskrá eða eftir að Pétur Gunnlaugsson hefur lokið sínu máli. Gjörðu svo vel, þú ert næstur.

PG

Þakka þér fyrir, formaður og ágætu ráðsfélagar. Ég tek heils hugar undir tillögur Þorvaldar Gylfasonar um að þeir sem brjóta stjórnarskrá íslenska lýðveldisins axli ábyrgð. Hvað er stjórnarbrott? Stjórnarskrárbrot er valdarán, ekkert annað. Það er verið að hunsast þjóðarviljann, virða að vettugi réttindi borgaranna og ræna valdi frá þjóðinni. Það er stjórnarskrárbrot. Og þeir sem hafa framkvæmt þetta og bera ábyrgð á þessu, þeir hafa sýnt mjög mikið skeytingarleysi. Stjórnmalastéttin á Íslandi telur þetta í raun og veru ekki mjög alvarlegt brott. Við bara hljótum að hafa fylgst með umræðunni. Ég a.m.k. er orðinn þetta gamall. Ég man ekki eftir því að stjórnmalamenn á Íslandi telji það alvarlegt mál þó stjórnarskrá sé brotin. Við ræddum um það núna, í fyrri hluta, að ég kom fram með þá gagnrýni að ekki væri til að dreifa óskráðri meginreglu um framsal til alþjóðlegra stofnana á ríkisvaldi. Það er ekki til slík óskráð regla. Engu að síður er stjórnlagaráðið eða hluti stjórnlagaráðsins sem samþykkti þetta inn í skjalið, áfangaskjalið, að halda þessu fram. Hvað gerðist þegar við samþykktum aðild að Evrópska efnahags-svæðinu? Það voru samþykkt lög um það á sínum tíma. Það var mjög umdeilt hvort um væri að ræða brott á stjórnarskrá. Það fór fram hins vegar engin umræða um það, að það væri fyrir hendi óskráð meginregla um framsal ríkisins til alþjóðlegra stofnana. Hún lá ekki fyrir. Það fór fram engin umræða um það. Þetta er eftirá-skýring. Og varðandi það að fræðimenn geti haft sínar hugmyndir og lagt þær fram, þá skapa einhverjar hugmyndir fræðimanna ekki óskráða meginreglu sem er stjórnarskrárvarin, þar með væri lítil elíta menntamanna að ræna valdi frá þjóðinni. Þannig að ég vildi nú gjarnan... Það er ekki bara stjórnmalastéttin, framkvæmdarvaldið, löggjafarvaldið sem hefur stuðlað að því að verið sé að brjóta hér stjórnarskrá. Ég vona bara að stjórnlagabingid detti ofan í þá gryfju, sbr. þessar skýringar sem ég gagnrýndi áðan. Og við þurfum að komast hjá því að réttlæta eftirá-stjórnarskrárbrot, t.d. með einhverri gervireglu um óskrifada meginreglu. Þetta er dæmi um það. Ég tel þetta mjög mikilvægt og ég tek, eins og ég sagði áðan, heils hugar undir þetta sjónarmið hans Þorvaldar. Við verðum að koma því fyrir í stjórnarskrá, að hægt sé að draga þá til ábyrgðar sem hafa vald. Við höfum það að vísu í lögum um ráðherraábyrgð. Ég sé ekki að það sé neins staðar annars staðar nein ákvæði sérstök til að hægt sé að draga menn til ábyrgðar. Að vísu ákvæði í hegningarlögum um landráð og önnur slík ákvæði en almennt séð er það ekki og ég skora á stjórnlagaráðið að stuðla að því að við getum sett í stjórnarskrána ákvæði til þess að þessir aðilar, sem að stjórna og hafa hér vald, verði dregnir til ábyrgðar ef þeir brjóta stjórnarskrána. Takk fyrir.

SN

Þá er mælendaskrá lokað og næst talar Katrín Odds-dóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kæru vinir. Takk. Ég skal reyna að vera ekki með langa ræðu, svo við komumst nú einhvern tímann áfram í gegnum þetta. Mér finnst þetta fint í grunninn, þessar tillögur, og þakka kærlega fyrir þær. Það er með þetta með dómstólana, þessi breyting í 2. gr. Það er svolítið krúttleg, þessi viðkvæmni gagnvart því að þarna sé kannski möguleiki á því(?) að það verði eitthvað að senda þeim einhvers konar skilaboð, dómstólunum, og mér finnst bara fallett og allir séu tillitsamir og allt það. En ég vek samt athygli á því að þetta er aðeins öðru vísi ábyrgðarvægi. Munurinn á því að segja „dómstólar mega hvorki sinna störfum“ eða segja „dómstólum verða ekki falin störf“ er hvar er ábyrgðin liggur. Segjum að dómstólum yrði þó samt sem áður falin störf, ættu þeir þá bara að taka þau eða sinna þeim? Þetta er hættan sem myndast við að breyta þessu, þ.e.a.s. að dómstólar hafa ekki lengur ábyrgðina á því að segja: „Nei, takk. Ég tek ekki við þessu starfi vegna þess að samrýmist ekki stjórnarskránni.“ Og í staðinn væri mögulega hægt að fela þeim þetta með einhverjum óskýrum hætti og þeir væru þá ekki lengur sjálfir með ábyrgð... Þetta er svona vandamálið sem myndast, sem ég sé. En þetta er kannski smáatriði.

3. gr. Ég er svolítið sammála t.d. Þorkatli og öðrum. Mér finnst ákveðin áhætta í því að fella þetta bara út, þ.e.a.s. hvort að dómstólar skeri úr um lögmæti almennra kosninga og ætlast til að með gagnályktun, þá einhvern veginn smjúgi þetta inn. Við sjáum það í öllum okkar störfum að það er gríðarlegur samamburður við gömlu stjórnarskrána og hvað við gerum er alltaf borið saman við hvernig þetta var. Við þurfum einhvern veginn að taka mið af því að það misskiljist ekki og ég var svona að hugsa hvort nægilegt væri að tala um þetta í greinargerð en ég verð að taka undir með Þorkatli um það að það sé sennilega betra, í ljósi þess að þetta sé svo skýrt núna inni, í hinum furðulega farvegi að alþingismenn eigi sjálfir að úrskurða um kjörgengi sitt, þá ætti bara að taka fram einhvers konar grein eins og Þorkell las hérna upp áðan og útskýra þannig hvernig við viljum sjá þetta fyrir okkur. Að þetta sé ekki þannig að þetta eigi að fara að hægja á öllu ferlinu en hins vegar sé það falið einhverjum ákveðnum aðila að úrskurða um jafn mikilvægt mál og kosningar. Og ég bara bendi Þorkeli á að það væri ágætt að bæta við að kjörstjórn hafi þá líka tækifæri til að ógilda kjörbréf. Það var svolítið fyndið þegar við fengum okkar ágætu ógildingu á sínum, þá var í rauninni engin heimild fyrir neinn aðila til að ógilda þetta. Það er ekki í lögum. Þannig að þetta er eitthvað sem þyrfti að falla þar undir, annað hvort í greinargerð eða annars staðar.

Í sambandi við 7. gr. sem er nú kannski svolítið stóra málið efnislega, þá er það fint, í bara ljósi einfaldleikans og annað, að þá hafi verið ákveðið að fela Hæstarétti þetta þangað til annað kemur í ljós. Þá er ég á þeirri skoðun a.m.k. En það sækir á mig einhver óhugur að fella orðið „ráðherraábyrgð“ út úr stjórnarskránni. Og ég styð því heils hugar þetta víðurlaga-ákvæði sem Þorvaldur las hérna upp áðan, sem ég held að ég hafi náð að skrifa niður sem svo: „Í lögum skal kveða á um víðurlög við stjórnarskrá þessari.“ Þarna gætu náttúrulega klárlega lög um ráðherraábyrgð fundið sér sinn stjórnskipulega hvílastað og það er mjög, mjög mikilvægt að við höfum það skýrt. Og ég

bara hvet nefndina til þess að vísa þessu ekki á milli sín eins og einhverri heitri kartöflu, heldur að hafa þetta þá alltaf inni þangað til annað kemur í ljós, af því að það er hættulegt að senda frá sér skjöl þar sem þetta er einhvern veginn dottið milli stafs og báru. Ég bara einhvern veginn... Þetta verður alveg klárlega að vera, annað hvort í upptalningu eða sérgrein. Svo er 7. gr. líka með þessar lögspurningar inni sem er gott, eins og Gísli vék að. En maður vonar innilega að það komi millidómstig, svo við séum nú ekki að hruga á Hæstarétt enn frekari verkefnum, af því að hann virðist nú ekki sitja auðum höndum, blessaður. Ef maður sér fyrir sér framtíðina, þá væri a.m.k. mjög gott að þarna mætti bæta við... Þetta væri frekar eitthvað sem ætti einmitt að fara til Hæstaréttar á meðan mörg önnur mál sem hann fæst við í dag eru alveg furðuleg. Svo er ég hjartanlega sammála Gísla og tek sérstaklega undir það að við eigum að fella út þessa sérstöku launavernd hæstaréttardómara. Þetta samrýmist engum eðlilegum viðhorfum og þeir geta að sjálfsögðu notið góðra eftirlauna, eins og aðrir, og þetta verndaða andlag, að þeir verði ekki kúgaðir til eins né neins, það er hægt að tryggja með öðrum hætti en að búa til sér forréttindi fyrir þessa einu stétt. Þannig að ég bara þakka kærlega fyrir góðar tillögur og lýk hér máli mínu.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson, gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Ég þakka þessar tillögur sömuleiðis, sem eru orðnar alveg prýðilegar. Ég get líka tekið undir það sem hér hefur komið fram um víðurlög við stjórnarskrárbrötum. En ég ætlaði hér að kynna breytingartillögu sem ég hef gert við þetta skjal og hefur verið dreift til ykkar og lýtur að skipun dómara. Í upphafi var sagt að forseti Íslands skipaði dómara en það var innan hornklofa, enda ekki búið að ákveða fyrirkomulag stjórnskipunarinnar endanlega. Þegar við hófum starfið um stjórnskipanina í B-nefndinni, þá fóru auðvitað fram töluvert miklar umræður um hvers konar stjórnskipan skyldi hér komið á. Við vorum mörg sem lögðum til að tekið yrði upp forsetaræði, í þeim skilningi að framkvæmdarvaldið yrði kosið beinni kosningu. Niðurstaðan var sú að fara áfram þingræðisleiðina. En Ísland er skv. alþjóðlegum skilgreiningum þingræðislýðveldi eða „parliamentary republic“. Og við höfum semsé unnið að þeirri leið í B-nefndinni nú í þrjá mánuði, fast að.

Síðan hefur það gerst á allra seinustu dögum að fram hafa komið tillögur um að fara einhverja allt aðra leið heldur en B-nefndin lagði upp og sumir ráðsfulltrúar gengið svo langt, að hér verði tekið upp stjórnskipulag forsetaþingræðis, eins og t.a.m. það sem þekkist í Frakklandi og víðar. Margar þessara tillagna ganga í rauninni þvert gegn þeim markmiðum sem við lögðum upp með. Þær lúta t.a.m. að stjórnarmyndun o.fl. atriðum. En það atriði sem mér finnst fara endanlega út fyrir þau mörk sem okkar tillaga að stjórnskipun þolir er þetta með sjálfstætt skipunarvald forseta Íslands sem stendur þá einnig fyrir utan hina hefðbundnu ábyrgðarkeðju sem ráðherrar eru bundnir af og ég hef áður hér lýst. Samkvæmt þessari tillögu sem hér er upp um að forseti Íslands skipi dómara, setur þá í embætti og veitir þeim lausn, þá er verið að færa

kannski þungamiðjuna í starfi dómsmálaráðherra til forseta Íslands sem er þá orðinn einhvers konar þjóðkjörinn dómsmálaráðherra í landinu. Til þess að slíkt kerfi gæti mögulega gengið upp, þá myndi auðvitað stór hluti af stjórnarskrifstofunni í dómsmálaráðuneytinu, nú innanríkisráðuneytinu, færast undir forseta, með tilheyrandi skrifstofustjórum o.s.frv. Og forseti er orðinn þá partur af framkvæmdarvaldinu. Og með þessari tillögu erum við eiginlega komin með stjórnskipunina inn í bæði kerfin, bæði í þingræðislýðveldi að mestu leyti en svo að þessu leyti inn í forsetaþingræðiskerfi eða hálf-forsetaræði sem „semi-presidential system“ er oft skírd eftir. Og það kann ekki góðri lukku að stýra, að mínu viti, að blanda saman ólíkum stjórnkerfum með þessum hætti. Þá þarf annað hvort af tvennu að gerast til þess að þessi tillaga geti gengið upp: Annars vegar þarf þá að líta á forseta sem dómsmálaráðherra og setja undir hann öll sömu eftirlits- og aðhaldshlutverk sem aðrir ráðherrar hafa. Það þarf að vera skrifað skýrt inn í alþingiskaflann að Alþingi hafi eftirlit með ríkisstjórn og forseta, þar sem að þessir 63 þingmenn hafi þá það hlutverk; Alþingi geti samþykkt vantraust á forseta Íslands, eins og aðra ráðherra; úrskurðarnefndir stjórnslunnar nái til forseta með sama hætti og annarra ráðherra og að hann auðvitað standi skil á gjörðum sínum, skipunum sínum, fyrir dómstólum, eins og allir aðrir ráðherrar. Ég er ekki alveg viss um að það sé meirihlutavilji í ráðinu fyrir slíku fyrirkomulagi og því legg ég til einfalda breytingu á þessum texta, sem að mínu viti getur kannski bjargað því sem bjargað verður og það er að í lok 3. mgr., þar sem að segir „Forseti Íslands skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn“ bætist við orðalagið „að tillögu ráðherra“. Með þessari viðbót væri mögulega hægt að fallast á þá stjórnskipan sem hér hefur verið breytt í okkar tillögum á seinustu dögum og tekið út úr nefndinni með hætti sem að mér finnst nú ekki alveg eðlilegur. Þá væri mögulega hægt að svona redda þessu fyrir horn með þessu móti og því legg ég þetta svona til. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kæru félagar. Ég er nú sammála Eiríki að því leyti að þetta mál er nú ekki alveg útkljáð varðandi hvernig við ætlum að ráða dómara og ég veit að það eru nú einhverjar þreifingar í ráðinu að fara betur yfir kaflann um almenna veitingu embætta og ég vona að það eitthvað út úr því. Ég er svolítið hrifinn af því sem Þorkell var að segja varðandi kosningaúrslit, hver á að dæma um það. Það er skýrara, held ég, að við höfum eitthvað í stjórnarskránni um það og þá gæti þessi tillaga Þorkels um landskjörstjórn hentað vel. Aðalgreinin er samt þessi 7. gr., sem við höfum verið að spekulera í, og mér finnst þessi viðbót nokkuð góð en ég sakna eilítið seinni hálfleiksins sem er felldur út. Og ég gæti séð þessa grein fyrir mér einhvern veginn svona: „Þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða forseti Íslands geta vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleyfi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá. Þegar dæmt er um slík mál, skal Hæstiréttur skipaður þannig, að auk sjö dómara Hæstaréttar sitji þar átta menn valdir af Alþingi.“

Það er mín skoðun að mér finnst betra að samsetning dómsins sé á breiðari grundvelli. Varðandi val þessara dómara: Við getum rætt það betur og einnig hvar ákærvaldið á að liggja því það er kannski það sem við erum að horfa upp á núna, varðandi landsdóm sem er umdeilanlegt. Svo ætla ég að lýsa hrifningu minni á þeirri viðbót sem Þorvaldur kom með, að bæta við viðurlögum við stjórnarskrárbrot. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að byrja á því að þakka fyrir góðar undirtektir undir boðaða tillögu mína um að kveðið sé á í stjórnarskránni um viðurlögum við brotum gegn henni. Ég þarf ekki að endurtaka rökin fyrir þeirri tillögu. En það eru nokkur önnur atriði sem mig langar til þess að færa í tal. Mig langar fyrst að vara við því að út sé tekin málsgreinin um að dómstólar dæmi um lögmæti almennra kosninga. Það er ekki alveg tryggt að orðalagið sem eftir stendur, almennara orðalag, dugi til þess að ná utan um lögmæti almennra kosninga. Og sagan varðar veginn hér, eins og oft. Það hefur komið fyrir, nýlega, að ríkisstjórn var mynduð í krafti þess að Alþingis-meirihlutinn dæmdi sjálfum sér þingsæti sem stjórnarandstaðan taldi að endurtalning myndi skaffa henni. Og það er alveg ótækt að sjálftaka af þessu tagi geti haft áhrif á það hvers konar ríkisstjórn situr að völdum í landinu. Þess vegna er öruggara, að minni hyggu, að stjórnarskráin taki af öll tvímæli um að það sé annar aðili en Alþingi sjálft sem sker úr um vafaatriði af þessu tagi. Næst langar mig að lýsa ánægju minni með þá tillögu C-nefndarinnar að forseti skipi dómara án þess að við sé bætt að hann geri það að tillögu ráðherra. Rifjum upp ástæðuna til þess að þessi tillaga um þann hátt sem hafa skuli á skipan dómara liggur fyrir ráðinu. Ástæðan er svo að segja einhugur, að ég hygg, í ráðinu um það, að sá háttur sem hafður hefur verið á skipan dómara á lýðveldistímanum sé ekki boðlegur. Þess vegna þarf að finna aðra leið en þá, að dóms- eða innanríkisráðherrann einn skipi dómara upp á sigg eindæmi. Og leiðin sem að okkur finnst mörgum greiðust að settu marki er þá sú, að forsetinn skipi dómara, enda er hann, ásamt ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, handhafi framkvæmdarvalds. Og af þessu leiðir, að úr því að það er misbeiting ráðherravaldsins við dómarskipanir á liðinni tíð sem leiðir til þessarar tillögu, að það færi ekki vel á því, að minni hyggu, að binda dóm forsetan[s] á ákvarðanir hans um skipan dómara við tillögu frá einmitt þeim ráðherra sem við erum að forða þjóðinni undan að skipi dómara með gamla laginu. Að vísu ber auðvitað að hafa þann fyrirvara um allt þetta að sá sem skipar dómara, hann þarf að hlíta umsögn lögbundinnar nefndar og getur því aðeins gengið gegn henni að málinu sé skotið annað og þá til Alþingis. Og ég dreg, bara í ljósi sögunnar, þá ályktun af öllu þessu, að rétt sé, eins og allt er í pottinn búið, að forsetinn skipi dómara án þess að því fylgi að ráðherra hafi lagi á ráðin.

Næsta atriði sem mig langar að nefna er þetta: Textinn sem var í áfangaskjalinu um lögbundna nefnd sem sé skipunarvaldinu, þ.e.a.s. forsetanum, til ráðuneytis um skipan dómara, sé tekin út. Ég vara við því

nema ætlunin sé sú, sem ég reyndar hef von um að sé, að slíkt ákvæði verði sett sem regnhlífarákvæði sem nær utan um skipun, ekki bara dómara, heldur einnig annarra heldri embættismanna. Það er ekki bara í dómara-stétt, þar sem stjórnvöldum hafa verið mislagðar hendur um mannval – ég er að tala um landlægán pólitískan klíkuskap, sem hefur verið ein dýpsta meinsemdin í okkar samfélagi allan lýðveldis-tímam – heldur hefur sami vandi einnig markað aðrar embættaveitingar. Og þess vegna höfum við oft rætt það í okkar hópi, að rétt væri að setja upp það sem enskumælandi þjóðir kalla Civil Service Commission sem hefði eftirlit með því að vel og rétt sé staðið að mannvali í embættiskerfinu, þ.m.t. dómara-stéttin. Og gjarnan mætti fylgja, eins og við Þórhildur Þorleifs-dóttir og aðrir höfum lagt áherslu á, að útlendingar væru þar hafðir með í ráðum, s.s. tíðkast hefur við skipun prófessora í háskólum landsins um alllangt árabíl með allgóðum árangri eða a.m.k. árangri sem er miklu betri en náðist áður en þessi skipan var tekin upp. Með öðrum orðum, svo ég dragi þennan punkt saman: Við skulum ekki taka setninguna um lög-skipaða nefnd við dómarskipan út fyrir en sams konar ákvæði eru komin á annan stað í skjalið með víðtækari skírskotun, þannig að það nái til allra skipana í heldri embætti, þ.m.t. dómskerfið. Næsta atriði er þetta: Ég tek heils hugar undir með Gísla Tryggvasyni og öðrum sem mælast til þess að hæstaréttardómarar búi við sams konar lífeyrskjör og aðrir embættismenn. Ég tek einnig undir með Katrínu Oddsdóttur um að það er varhugavert að kippa orðinu „ráðherraábyrgð“ út úr 7. gr., þar sem fjallað er um dóma Hæstaréttar eða úrskurði um það hvort lög samrýmast stjórnarskrá eða hvort athafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmast stjórnarskrá. Orðið „ráðherraábyrgð“ á sér langa sögu í okkar lögskipan og það myndi senda röng skilaboð, ef það hyrfi skyndilega út úr stjórnarskránni. Takk fyrir.

SN  
Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP  
Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Mig langaði að ræða hérna tvennt. Það er annars vegar þessa tillögu um að forseti Íslands skipi dómara og hins vegar þetta með ráðherraábyrgðina og stjórnarskrársamræmi. Nú, varðandi skipun dómara, þá er þetta mál sem hefur verið nokkuð – ja, hvað eigum við að segja? – umrætt og jafnvel umdeilt í ráðinu. Þarna er í raun og veru skýr tillaga um að bæta við völd forseta Íslands valdi sem hann hefur ekki haft hingað til því að þó að það hafi staðið í stjórnarskránni að forseti Íslands skipi dómara hingað til, þá var það auðvitað alltaf að tillögu ráðherra. Nei, það reyndar stendur ekki í stjórnarskránni en þetta er allt að tillögu ráðherra í dag og forseti Íslands hefur engan sjálfstæðan rétt í því efni í dag að skipa dómara. Nú, það eru rök með þessu og móti. Fyrst er kannski að nefna að sögulegu rökinn sem menn eru að nefna, sem eru vissulega rétt að í gegnum áratugina hefur nú ekki allt verið til fyrirmyndar í þessum efnum á Íslandi og ekki verið nógu gott hvernig framkvæmdarvaldið hefur getað að verulegu leyti í raun og veru að geðþótta skipað dómara og það er ekki gott samkrull valdþátta. Hins vegar verða menn líka að hafa það í huga að það var nú þrátt fyrir allt

tekið á þessu með nýlegum lögum. Það voru sett ný lög um dómstóla 1998 og þeim var svo breytt 2010 og þá einmitt í þessu efni, þ.e.a.s. að þá getur ráðherra einungis skipað dómara að tillögu sérstakrar hæfnis-nefndar sem er skipuð eftir tilnefningum úr ýmsum áttum og velji ráðherra ekki einn af þeim sem sú hæfnis-nefnd telur hæfasta, þá verður það að berast undir Alþingi. Reyndar má svo segja að það sé kannski ekki veruleg vörn í því, að það bara einfaldur meirihluti Alþingis sem þarf þá að samþykkja slíka skipun en að sjálfsögðu situr ráðherrann í raun og veru í skjóli þess sama meirihluta. En engu að síður, það er ekki komin nema örstutt reynsla á þetta nýja og miklu betra fyrirkomulag heldur en það sem áður var. Þannig að það er alla vega erfitt að dæma þetta af sögunni einni saman, því að forsendur hafa nýlega breyst.

Það eru önnur rök þarna varðandi þetta. Þetta er svolítið erfitt mál að sumu leyti praktískt. Það sem um er þá að ræða er að forseti Íslands skipar hæstaréttardómara. Það er það sem auðvitað flestir eru að meina þarna en hann skipar þá líka héraðsdómarar sem, ef ég man rétt, eru 38. En síðan eru einnig í dómstólalögum margvísleg önnur aðkoma ráðherra í dag að þessu dómarskipunarmáli. Það þarf stundum að skipa dómara tímabundið og það þarf að veita dómurum leyfi og það er svona ýmiss konar stjórnsýsla í kringum dómstólana og síðan er náttúrulega starfandi fyrirbæri sem heitir dómstólaráð og sér um hinn eiginlega rekstur dómstólanna og þar tilnefnir einnig ráðherra í þetta dómstólaráð. Þannig að ég myndi vilja leggja áherslu á það, að það væri útfært þá líka í greinargerð hvað menn meina nákvæmlega með þessu ákvæði, að forseti Íslands geri af þessu öllu saman og af þessari stjórnsýslu og hvað ekki og hvernig skiptingin eigi þá að vera milli forseta og ráðherra, því ég held að það séu nú allir sammála því að það sé ekki ætlunin þarna að fara að fela forseta einhverja verulega stjórnsýslu eða utanumhald um einhver svona praktísk mál. Það eigi að vera áfram á hendi ráðherra, sem myndi þá í dag vera innanríkisráðherra. Þannig að ég svona bendi á þetta.

Hins vegar, á móti kemur vitaskuld, að það má segja að það geta verið lýðræðisleg rök fyrir því að þarna... aðili sem stendur fyrir utan hið hefðbundna löggjafarvald og framkvæmdarvald sjái um að skipa dómara. Það má alveg sjá það fyrir sér og að mínu viti þá er eflaust hægt að komast þarna að einhvers konar mála-miðlun sem að tryggir það, að það er þá eitthvert kerfi í kringum þetta sem að tryggir „að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði“, eins og sagt er hér í tillögu nefndar C, og það sé á endanum svo forseti Íslands sem skipi dómara. En hann ber þá auðvitað ábyrgð á því og, eins og Eiríkur Bergmann hefur bent á, þá þarf að vera hægt að koma fram... tengja ábyrgð við vald að þessu leyti. Menn þurfa að hafa opin augun fyrir því að það auðvitað gæti gerst forseti færi illa með eða misbeitti þessu skipunarvaldi sínu og þá þarf að vera hægt að taka á því með einhverjum hætti.

Þannig að semsagt, ef maður summerar þetta: Mér finnst þetta ekki augljóslega til bóta en það geta verið rök fyrir því og ég held að það sé hægt að finna samt einhverja málamiðlun sem að leysir þetta með farsælum hætti.

Síðan kemur greinin um stjórnarskrársamræmi og þar langar mig aðeins að tala um tvennt. Þar eð bæði

Þorvaldur og Kata hafa lýst áhyggjur af því að það sé verið að taka út eða kippa út orðinu „ráðherraábyrgð“ þarna og Kata orðaði það svo að það hefði farið á milli... ja, ég man ekki hvort hún sagði „stafs og báru“ eða „skers og hurðar“. En alla vega, þá held ég að menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessu. Það er sérstakt ákvæði í ráðherra- og ríkisstjórnarkafli frá nefnd B sem heitir ráðherraábyrgð og þar er ítarlega fjallað um það hvernig með ráðherraábyrgð skuli fara. Það er eftirlits- og stjórnskipunarnefnd þingsins sem að getur hafið könnun á athöfnum eða athafnaleysi ráðherra og henni er skylt að hefja slíka könnun að tillögu þriðjungs þingmanna, þannig að minnihluta þingmanna er falinn sá réttur að geta hafið könnun á störfum framkvæmdarvaldsins að þessu leyti. Og það er skipaður þá sérstakur saksóknari og hann fer í málið, hann rannsakar það og hann metur hvort að tilefni sé til að ákæra og fara með það alla leið. Og þá stendur núna í okkar ákvæði að það mál fari fyrir Hæstaréttar. Það stendur ekkert meira um það og við höfum þá hugsað okkur að það væri í raun og veru í valdi nefndar C að ákveða hvort að sá Hæstiréttur þyrfti að vera einhvern veginn útvíkkaður eða eitthvað slíkt. En þá a.m.k. ef þetta stendur bara svona, sem er að mínu mati bara gott, þá er það bara venjulegur Hæstiréttur sem að sker úr um ráðherraábyrgð og það þarf ekkert að bæta því þá sérstaklega við í þessari grein, nema að menn vilji að það sé einhvers konar útvíkkaður Hæstiréttur sem að fjalli um ráðherraábyrgð, sem getur verið sjónarmið út af fyrir sig, en þá fá menn á móti þessar spurningar um hvort rétturinn sé pólitískur og hvort það sé eðlilegt að meirihluti Hæstaréttar, sem fjallar um ráðherraábyrgð, sé skipaður t.d. þingmönnum. Það geta verið rök með eða á móti því en fyrir mína parta er ágætlega sáttur við það að það sé bara hefðbundinn, venjulegur Hæstiréttur sem að fjalli um það. Reyndar má kannski segja að hinn valkosturinn í því efni væri að þetta færi til tveggja dómstiga, þ.e.a.s. fyrst til héraðsdóms og svo til Hæstaréttar en það hefur verið talið standast í því fordæmi sem menn vísa oft til, sem er danska Tamíla-málið, að þetta sé úrskurðað á einu dómstigi innanlands.

Svo vildi ég bara rétt í lokin benda mönnum á að í þessari grein, stjórnarskrámsamræmið, þá eru þarna þrjár möguleikar á því, þ.e. þingnefnd, þriðjungur þingmanna eða forseti Íslands, að spyrja Hæstarétt lögspurningar um hvort að lög standist stjórnarskrá. Þetta er þá til viðbótar þeim ákvæðum sem við erum með núna inni í grein um staðfestingu laga, þar sem að þriðjungur þingmanna, forseti Íslands eða síðan íslenska þjóðin, skv. öðrum tillögum nefndar C, getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Þannig að svona samtals erum við, má segja, komin með sex mismunandi möguleika á því að taka lög frá Alþingi og annað hvort vísa þeim til þjóðaratkvæðis eða að bera þau undir Hæstarétt. Og ég, fyrir mína parta, tel að þetta sé orðið nokkuð vel í lagt og þar megj alveg skoða hvort það sé þörf á öllum þessum sex möguleikum eða hvort þeir mættu ekki að ósekju vera eitthvað færri. Takk fyrir.

SN

Það verður gert matarhlé eftir að umræðu um þetta mál lýkur og næstur á mælendaskrá er Ómar Þorfinnur Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðfólk og aðrir. Já, það er dálítið gaman sem Kata er að segja hérna. Þetta er eins og þegar Páll Zophoníasson sagði, að einhver komið eins og þjófur úr heiðskíru lofti. En enginn hefur nú samt sagt að það eigi að sigla milli skers og sleggju. En hvað um það. Vilhjálmur var að koma inn á þetta með Hæstarétt og ég er eiginlega alveg sammála honum og set kannski spurningu við það hvort það þurfi endilega að vera átta en við Katrín lögðum fram tillögu á sínum um það að þeir ættu alltaf að vera einum fleiri en hæstaréttardómara. Það er spurning hvort þess þarf við og vitna [ég] þá til hliðstæðunnar við það þegar sérfróðir menn eru kvaddir, eins og byggingarmeistarar, verkfræðingar, skipstjórar, flugstjórar o.s.frv.

Ég styð tvær tillögur sem hafa komið hérna fram. Það er frá Þorkatli Helgasyni og Þorvaldi Gylfasyni. Og ég held að þú þurfir ekki, Þorkell að hafa neinar áhyggju af því þó að þetta lengist órlítið vegna þess að það getur líka verið spurt um það hvað vantaði í stjórnarskrána og af hverju það var í greinargerð en ekki bara beint í stjórnarskrá. Það er náttúrulega mjög mikill munur á því hvort þetta er beint í stjórnarskránni eða hvort það er í einhverri greinargerð. Það minnir mig á Mogga hér í gamla daga. Maður á frekar að kynna sér það yfir hverju Mogginn þagði heldur en hverju hann sagði frá. Það sagði stundum meira um... Ástæðan fyrir þögninni var kannski meira æpandi heldur en ástæðan fyrir því af hverju hann tók afstöðu. Ég styð líka, eins og ég segi, tillögu Þorvaldar Gylfasonar eindregið um að það sé í stjórnarskránni um að lög séu sett sem viðurlög við brotum á stjórnarskrá og tek heils hugar undir [með] sessunaut mínum, Péttri Gunnlaugssyni, að nú fari að linna því að stjórnálmenn komist upp með það að líta á stjórnarskrárbrot öðru vísi en [sem] valdarán.

Hér segir Eiríkur Bergmann að það sé verið að fara allt aðra leið ef að forsetinn skipar hæstaréttardómara, svo stórfelld breyting segir hann að þetta sé, að það kollvarpi öllu. Ég get nú ekki séð það og kannski finnum við einhverja lendingu á þessu, að hann sé ekki að skipa héraðsdómara. [Við] vitum þó að í alla þessa áratugi var allt dómsskerfið gegnsýrt af því að aðeins tveir, aðeins dómsmálaráðherra úr tveimur stjórnálmálflokkum, helmingaskiptaflokkunum svokölluðu, skipuðu alla dómara, bæði héraðsdómara og hæstaréttardómara, allan þennan tíma. En mín hugsun hefur nú verið sú að forsetinn virki þarna sem þínulítill valddreifing og valdtemprun og að hann sé þarna viss neyðarhemill. Ef að héraðsdómara eru farnir að dæma allir á eina lund vegna þess að þeir séu svo og svo skipaðir af ráðherra eða að dómsmálaráðuneytið sé farið að vinna algjörlega pólitískt, að þá sé þó alltaf fyrir hendi æðsti réttur landsins, Hæstiréttur. Ég tel það vera lágmark til þess að komast út úr þeim ógöngum, sem tekur kannski nokkur ár eða jafnvel áratugi að vinda ofan af, að hér skyldi líðast nánast sovéskt kerfi – bara eins og í Sovétríkjunum þar sem allir urðu að vera félagar í Kommúnistaflokknum – að það skyldu bara vera ráðherrar úr tveimur stjórnálmálflokkum og bara nánast úr öðrum þeirra sem alltaf fengu dóm-málin. Og ég bendi á, að hér er reyndar um ábyrgð fleiri stjórnálmáflokka að ræða heldur en þessara tveggja því að hinir stjórnálmáflokkarnir, þegar þeir voru í stjórn með þessum stjórnálmáflokkum tveimur,

þá gáfu þeir alltaf eftir. Þeir létu það eftir þeim. Það var náttúrulega vanræksla að sínu... það var semsagt athafnaleysi. Ég ætla bara að segja eitt. Þetta með hæstaréttardómara, hvort þeir njóta þessara forréttinda að vera æviráðnir og af hverju þeir geti farið á full eftirlaun og verið einir: Það er vegna sérstöðu þeirra. Það eru fleiri ástæður heldur en þetta hjá Dönnum. Ein ástæðan er sú, að hæstaréttardómarar sem að fer á mun lakari kjör eftir að hann hættir vinnu, 65 ára eftir atvikum, hann hyllist kannski til þess að láta það hafa áhrif á sig, ef hann er í fullu fjöri 65 ára gamall, og sækist kannski eftir því að fá fint og vel launað starf hjá einhverjum af þeim sem eiga hagsmuni að gæta hjá dómskerfinu. Það var hugsun sem kom fram hjá okkur í C-nefndinni, þegar við vorum að velta þessu fyrir okkur, vegna þess að við viðurkennum að þetta, hvernig við göngum frá þessu með hæstaréttardómara, er alveg sér á báti miðað við allar aðrar mannaáðningar. Og það er vegna þess að þetta eru tiltölulega fáir menn sem að eru með nánast úrslitaáhrif í einum af þremur hinum viðurkenndu valdþáttum ríkisvaldsins. Takk.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk fyrir. Ég ætlaði bara að snerta á þessu eina atriði, því sem Þorvaldur nefndi varðandi viðurlaga-ákvæði. Mér finnst þetta sannarlega athyglisvert og eitthvað sem er þess virði að skoða alvarlega. Við þurfum náttúrulega að skoða þetta með hliðsjón af refsiréttinum og refsipólitík í heild sinni og með hvaða hætti best væri að koma þessu fyrir. Ég velti því samt fyrir mér hvort það væri rétt að þetta kæmi hugsanlega í lokakafla stjórnarskrár, þar sem er að finna heildar-ákvæði sem að lúti svona að stjórnarskránni, stjórnarskrárbreytingum og öðru þess háttar. En það kannski skiptir ekki öllu máli. Efnislega er ég svona að miklu leyti hlynnt þessari tillögu og þakka fyrir hana. Annars ætla ég bara að gefa Pawel hin atriðin til athugasemda. Takk.

SN

Já, þá er komið að einmitt lokum umræðunnar um tillögu C um dómsmál og það er komið að formanni nefndarinnar að bregðast við þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já, takk. Kæru vinir. Ég, kannski ólíkt öðrum hér, verð nú að segja að ég fæ ekki rosalega jákvæða tilfinningu fyrir því þegar talað er um nauðsyn þess að setja inn viðurlög við brot á stjórnarskrá inn í stjórnarskrá. eru þetta hugmyndir sem lýsa mjög frjálslýndri hugsun og frjálslýndu samfélagi? Ég hef, á meðan við höfum verið að tala um þetta, reynt að fara í gegnum stjórnarskrár nokkurra ríkja og ég sé nú ekki þá hugsun mjög víða, enda er það mín skoðun að stjórnarskráin eigi fyrst og fremst að kveða á um þær leikreglur sem stofnanir og völd samfélagsins spila sín á milli og síðan um skyldur og ábyrgð gagnvart réttindum einstaklinga gagnvart ríkinu. En ekki er jafn nauðsynlegt að tilgreina nauðsyn þess til hvaða aðgerða ríkið kann að grípa til ef að því finnst á rétti þess brotið. Ríkisstjórnir hafa ekki sýnt að þeim sé sérstaklega erfitt að

gera það. Menn segja, t.d. eins og Pétur: „Það er ekkert kveðið á um þetta í stjórnarskrá, að vísu er ákvæði um landráð.“ Já, það að vísu ákvæði um landráð. Ég geti ekki sagt að mér finnst hugmyndin um landráð rosalega hugguleg hugmynd, að það sé hægt að dæma einstakling fyrir brot gegn ríkinu og ég myndi ekki segja að það væri sú leið sem ég myndi vilja stíga frekar. Þar með er ekki sagt að ég sé að halda að því fram að það eigi engin lög að gilda um það hvað gerist þegar menn brjóta lög og reglur og jafnvel stjórnarskrá. Það er sjálfsgert að setja það inn í almenn lög. En mér finnst það passa illa inn í heildarhugmyndafræði stjórnarskráa og mér finnst það ekki gera hana sterkari og ekki gera hana fallegra með því að hafa það þarna inni. En þetta er mín persónulega afstaða. Nefndin hefur ekki tekið til þessa neina afstöðu vegna þess að hugmyndin er tiltölulega nýframkomin.

Annað. Þorkell nefndi landskjörstjórn. Þetta höfum við verið að nefna áður og það eru svona nokkrar skoðanir um þetta. Kannski væri hyggilegra að taka fram, í ljósi þess að verið er að breyta núverandi fyrirkomulagi, að taka á því hvernig við ætlum að þetta sé gert í framtíðinni. Auðvitað má á hinn bóginn nefna að það fordæmi sem nú hefur skapast fyrir því að kæra úrslit kosninga og að það geti skilað árangri hugsanlega mun leiða til þess að það verður mjög mikið gert af því að kosningar verði kærðar í framtíðinni, vegna þess að menn hafa af því jú ákveðna reynslu og hún hefur gefist vel þeim sem þá leið fóru. Þannig að í því ljósi, þá myndi ég kannski vilja gefa löggjafanum, án þess að ég vilji að löggjafinn hafi sjálfur um það vald að ákveða hvort hann sé löglega kjörinn eða ekki, gefa honum ákveðið svigrúm í það að útfæra í lögum með hvaða hætti slíkum kærnum skal háttáð, hvaða skilyrði skuli vera uppfyllt og í hvaða tilfellum eigi að ógilda úrslit almennra kosninga.

Gísli spurði m.a. um það hvort beri að skilja þessa tillögu með þeim hætti að það sé verið að gefa B-nefnd ákvörðun um það hvernig málum sem varðar ráðherraábyrgð skyldi háttáð. Það er þannig, að því leyti að ég hef alltaf talið að það hvernig ráðherra skuli vera ákærður, það hefur verið verkefni þings og það er ákvörðun þeim megin. Okkar tillögur gera alla vega ráð fyrir því, svo ég segi ekki frekar, að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll ríkisins í þessum málum. Það er þá hugsanlega B-nefndar að taka ákvörðun um það hvort að þessum málum, sem lúta ráðherraábyrgð, verði vísað annað hvort beint til Hæstaréttar, eins og tillögurnar gera ráð fyrir nú, eða til almennra dómstóla eða – það er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að komið verði á fót einhvers konar stjórnsýsludómstól eða dómstól sem taki á þessum tilteknu brotum og kannski einhverjum fleiri og að þar geti haft aðkomu sérfróðir meðdómsmenn, valdir með einhverjum hætti, til þess að koma með aukna innsýn en að sá dómstóll verður þá ekki æðsti dómstóll á viðkomandi stigi. Þeim úrskurði verði skotið til Hæstaréttar. Það eru hugmyndir okkar og ég myndi segja, að það mundi rúmast innan þeirra hugmynda um dómskafla sem C-nefndin leggur fyrir.

Það voru nokkrir sem nefndu þetta, varðandi gr. 2, um breytt orðalag. Þetta var ekki... Katrín Oddsdóttir notaði orðalagið að þetta hafi verið svona „krúttlegt“ hjá okkur, að við höfum verið hrædd við það að orða það með þeim hætti að við værum að slá á fingur

dómsvaldsins. Þetta var nú bara gert að fengnum viðbrögðum fræðimanna sem töldu að það mætti skilja okkar tillögur með þeim hætti. Þess vegna var nú við þeim brugðist, að við vildum ekki láta sem svo að við værum að slá á hendur dómsvaldsins. Nú, launavernd dómara nefna margir og við skýrum það svona betur í einhverjum umræður en hér er auðvitað ekki verið að gera ráð fyrir... Það ákvæði á ekki að vera áfram í stjórnarskrá. Það eru ekki tillögur sem gera ráð fyrir að áfram verði tillögur um það að ráðherrar njóti launaverndar ef þeir láta af störfum eftir 65 ára aldur. Þá er spurningin: Á að taka sérstaklega á því að það sé verið að breyta því fyrirkomulagi að gera það ekki? Fagurfræðilega, þá myndist mér nú betra að hafa stjórnarskrána þannig að hún væri tímalaus en ekki að bregðast við einhverju kerfi sem áður og því að það sé ekki þarna inni mætti skilja þetta með þeim hætti, að þessi vernd sé ekki lengur til staðar.

Það hafa margir nefnt val dómara og aðkomu forsetans að því. Ég hef – og það kemur nefndarmönnum í nefnd C vonandi ekkert á óvart – lengi stutt það, að farin verði sú leið að Eiríkur leggur til og reyndar myndi ég nú einfaldlega tilgreina að það væri ráðherra sem myndi skipa þessa dómara. Mér finnst það í rauninni það eina sem er rökrétt, í anda þess kerfis sem verið er að byggja upp og ég sé satt að segja ekki að annað gangi upp. En kannski er einhvern tímann kominn tími til að við tökum þessa umræðu og afgreiðum hana einhvern tímann í heild sinni, hvort að við viljum hafa forseta sem skipi í fjölmörg embætti eða hvort við viljum hafa forseta sem kannski gerir það ekki en skipi einungis í embætti dómara og sé þá ábyrgur hvað það varðar eða hvort við viljum hafa, eins og ég mundi hallast að og ég held að margir aðrir líka, að vera ekki að auka vald forsetans frá því sem nú er. Og ég get ekki skynjað mjög sterkt ákall um að það sé stemning fyrir því að auka vald forseta Íslands frá því sem nú er. En ég mæli með að... auðvitað höfum við ekki verið að taka fyrir breytingartillögur með þessum hætti og ég mæli einfaldlega með að greinin fari inn óbreytt en ég persónulega styð hana efnislega og það kemur nefndarmönnum í nefnd minni vonandi ekki á óvart.

Nú, það sama með hæfnisnefndir. Ég meina, þetta er auðvitað ekki á færi okkar nefndar en það má auðvitað velta fyrir sér hvort það sé raunhæft að við getum búið til ákvæði sem leysi ráðningarvandamál í eitt skipti fyrir öll, fram í tímann. Kannski er það ekki raunhæft. Kannski er best að eftirláta löggjafanum það hverju sinni að reyna að gera það með sem bestum hætti. Nú, útvíkkaðan Hæstarétt fjölluðum við svolítið um. Ég náttúrulega ítreka það, að það er ekkert verið að fella burt ráðherraábyrgð þó menn fari með hana annað og þessi tillaga hér, að fela dómstólum... Hæstarétti það hlutverk að geta borið upp lögspurningar, sem ég held að sé aðalatriðið að þessu sé fyrirkomið einhvers staðar og þetta er mjög heppilegur staður til þess. Síðan nefndi Vilhjálmur það, að það væru auðvitað komnir sex möguleikar hið minnsta til þess að fresta gildistöku laga, með því annað hvort að skjóta þeim í þjóðarátvæði eða til stjórnlagadómstóls, með Lög-réttu, þar sem þriðjungur þings eða þingnefnd getur gert slíkt hið sama, þá eru þeir náttúrulega komnir sjö eða átta eða þess vegna ekki fleiri. Þannig að ég kannski svona mundi nú huga aðeins að því, þegar við skoðum nú hvern kafla fyrir sig, þá kannski lítur þetta

skynsamlega út. En svona, þegar á heildina er litið, þá náttúrulega eru til mjög miklir möguleikar fyrir stjórnarandstöðu til þess að spila biðleika, kannski í málum sem eru óvinsæl. Við skulum bara huga vel að þessu.

Ég, að svo stöddu, hef ekkert meira við þetta að bæta og þakka kærlega umræðu og biðst afsökunar ef ég hef gleymt að taka á einhverju sem hefur komið hér fram. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka fyrir mjög góðar umræður um tillögur C-nefndar, nefndinni að sjálfsögðu og formanni hennar fyrir kynningu og umræðu eða -lok hér áðan. En þá göngum við til atkvæðagreiðslu um tillögurnar. Og þeir sem eru samþykki, vinsamlegast réttið upp hönd. [atkvæðagreiðsla] Og hverjir eru á móti? [atkvæðagreiðsla] Og einhver sem situr hjá? [atkvæðagreiðsla] Þá skoðast þetta samþykkt. Og við gerum matarhlé til korter yfir eitt. Takk fyrir.

#### 4. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Þá er fundi framhaldið og næsta mál á dagskrá er skýrsla og tillögur A-nefndar. Það eru tillögur um breytingar annars vegar á tilteknum áður samþykktum greinum og hins vegar greinum um mannréttindi sem eru lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal. Og ég vil gefa varaformanni nefndarinnar, Erni Bárði Jónssyni. Gjörðu svo vel, Örn Bárður.

ÖBJ

Takk. Formaður og góð systkin nær og fjær. Við höfum unnið vel í A-nefnd og átt þar gott samstarf, höfum verið á miklum veiðum í málhafinu, þar sem að orðtorfurnar synda og höfum aflað, meira að segja stundað brottkast en það er löglegt brottkast og allir fiskar sem við sleppum, þeir lifa áfram og sprikla með sporðaköstum í málhafinu. En þetta hefur verið gott og gefandi starf og auðvitað, eins og í öðrum nefndum, þá er fólk tala um ólíka hluti og stundum þarf fólk að standa fast á sínu og gefa svo eftir. Í einstaka tilfelli, þá höfum við öll brugðið okkur í gervi Ragnars Reykháss og þurft að fara í hringi, eins og gengur. En við erum ánægð með það hvað okkur hefur tekist vel að starfa saman af heilindum og góðri sátt. Það eru semsagt fjórar greinar sem hér koma inn til afgreiðslu í dag, hitt eru aðallega breytingartillögur á málfari og að einhverju leyti á orðalagi og að einhverju leyti að uppstokkun og lagfæringum. En ég ætla þá að byrja hér á 1. gr. og það er greinin um mannlega reisn og við leggjum til að hún fari út úr þessum kafla en komi þess í stað í gildakaflann, sem að við vinnum síðar og verði þá fremst í meginmáli þar. Þá er hér greinin um jafnræðisreglu og þar er gerð sú breyting að við tökum inn orðið „án mismununar“. Það þykir ná betur yfir bann við því sem á ensku er kallað „discrimination“, sem er einmitt orðalag mannréttindasáttmála Evrópu, sem ákvæðið byggir á. Við vorum áður með „manngreinarálit“ en teljum þetta skírara og betra orðalag.

Nú, þá er það 4. gr. „Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan.“ Það er horfið frá orðalagsbreytingu sem áður hafði verið gerð, þar sem 1. persóna fleirtölu þótti ekki fara nógu vel í upphafi

þessarar greinar. Þannig að við vonum að þetta sé áferðarfalllega með þessu orðalagi. Þá er það greinin um friðhelgi einkalífs og þar er horft til orðalagsbreytinga jafnframt varðandi 1. persónu fleirtölu og gerð breyting þar á og svo tekið tillit til breytingartillögu Katrínar Fjeldsted og sett inn þarna í byrjun: „Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.“ Þá komum við næst að 11. gr., um trúfrelsi, og þar sameinum við... Við breytum orðalagi enn fremur og segjum „Öllum skal“ og hverfum frá fyrra orðalagi en gerum síðan tvær málsgreinar að einni: „Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.“ Þá er það 13. gr., um félagafrelsi. Þar er orðalagi í upphafi breytt til að ná betur til beggja kynja og felld er brott heimild um bann við starfsemi félaga sem bent hefur verið á að hafi aldrei verið nýtt. Þess vegna styttest greinin. Rætt var hvort mætti fella brott heimild til að skylda fólk til aðildar að félögum en talið að sú breyting gæti haft viðtæk og ófyrirséð áhrif á ýmis félög sem þjóna almannahag – t.d. húsfélög og mögulega sjúkrasjóði stéttarfélaga. Við ræddum þetta við sérfræðinga sem komu í heimsókn og niðurstaðan er að hafa þetta eins og hér er orðað: „Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög“ o.s.frv. og „engan má skylda til aðildar að félagi“ en segjum svo að „[M]eð lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“ Þá er hér grein um fundafrelsi og við byrjum semsagt með nýju orðalagi: „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótæla. Með lögum má þó takmarka þennan rétt, enda teljist takmarkanirnar nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.“ Og það er aftur breyting í byrjun til að ná betur til beggja kynja og við tökum þarna inn réttinn til fundahalda og mótæla. Þannig teljum við að við náum betur yfir inntak greinarinnar og markmið. Svipuð ákvæði eru t.a.m. í 13. gr. finnsku stjórnarskrárinnar. Þar segir á ensku: „Everyone has the right to arrange meetings and demonstrations without a permit, as well as the right to participate in them.“ Og finnska stjórnarskráin nefnir ekki lögregluna. Þið takið eftir því að það er ekki haft inni, það sem er í núverandi stjórnarskrá, rétti lögreglu til að vera við almennar samkomur breytt í rétt löggjafans til að setja almennar og lýðræðislegar reglur sem orðalaginu sem samræmist takmarkanir [sem eru] nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Þá er hér 17. gr., um frelsisviptingu, og þar bættum við inn – þið sjáið hér í næstsíðustu mgr. bættum við inn orðunum „en í tengslum við sakamál“. Að öðru leyti er greinin óbreytt. Og þessu var bætt inn eftir ábendingu frá lögfræðingi sem kom í heimsókn. Og þess ber að geta að 4. mgr. greinarinnar fjallar um þá sem eru sviptir frelsi af öðrum ástæðum en þeim sem tengjast sakamálum. Þetta er því sett inn til að hnykkja á þeim punkti og er raunverulega ekki efnisbreyting heldur skýring. Þá er 18. gr., Bann við afturvirkni refsingar, og þar er bætt inn hér orðunum „eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi“. Fullkomin lögjöfnun er bætt semsagt aftur inn í greinina eftir fjölda ábendinga frá sérfræðingum um að varasamt væri að fella hana á brott. Ítarlegri krafa um lögjöfnun en í almennum lögskýringum kemur hér semsagt fram.

Þá er greinin um réttláta málsmeðferð, 21, og þar eru sett inn hér... Ég ætla að lesa hana: „Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna.“ Annað er óbreytt. Nú, við semsagt bættum inn „allsherjarreglu“ aftur í greinina, eftir ábendingar um að hugtakið hafi viðtæka skírskotun í núverandi stjórnarskrá, í lögum og dómaframkvæmd. Auk þess er það notað í mannréttindasáttmála Evrópu. Í umræðunni um þessa grein kom m.a. fram að orðið „velsæmi“ og „allsherjarregla“ ættu að vera í stjórnarskránni. Nefndin telur þó að orð eins og „velsæmi“, „siðferði“ og „siðgæði“ séu afstæð og óskýr og fellur því út úr þessari grein orðið „velsæmi“, sem áður var. Orðið „allsherjarregla“ er áfram inni í textanum, enda þótt í umræðum í nefndinni hafi verið færð fyrir því rök að hugtakið mætti fella út m.a. vegna þess að í mannréttindasáttmála Evrópu er ítrekað tala um „allsherjarreglu“ og sáttmálinn gildir nú þegar hér á landi. En vegna þess hvað orðið „allsherjarregla“ hefur viðtæka skírskotun til núverandi stjórnarskrár, laga og dóma, þótti rétt að halda því inni í textanum. Svo er bætt við orðunum „og vitna“ aftast í síðasta málslið 1. mgr. Og það er gert vegna þess að mikilvægt er að vitni njóti réttar og verndar og ekki síst í því tilfelli þar sem um börn eða ungmenni er að ræða, sem gerist æ algengara.

Þá er hér 24. gr., um atvinnufrelsi, og þar koma inn orð: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þau kjósa.“ Það er horfið frá fyrra orðalagi í upphafi og við segjum „öllum er frjálst“ og teljum að þetta falli betur að málsmekk og fagurfræðilegum sjónarmiðum. Og þá komum við að greinunum sem eru hér þ.e.a.s. til afgreiðslu. Hinar voru til breytinga eða lagfæringa. Og það er fyrst til að telja gr. 28, um náttúru Íslands og umhverfi. Ég ætla að lesa greinina: „Náttúra Íslands er friðhelg. Hverjum og einum ber að virða hana og vernda. Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum. Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur. Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.“ Nú, fyrst ber að segja að greinunum er víxlað: við setjum nú náttúruna fram fyrir greinina um náttúruauðlindir, enda eru auðlindirnar hluti af náttúrunni. Svo er breytt upptalning á þeim meginþáttum náttúru og umhverfi sem sérstök ástæða þykir til að standa vörð um í samræmi við ýmsar ábendingar. Og þið sjáið að hér er komið inn „ómengað andrúmsloft“, „fjölbreytni lífs og lands“, „náttúruminjar“ sem er mikilvægt að varðveita, „ósnortin víðerni“, „gróður og jarðvegur“ – og það var einmitt fyrir áhrif Aðalheiðar Jóhannsdóttur o.fl. aðila, sem gerðu athugasemdir eða gáfu okkur góðar ábendingar og Aðalheiður kom á fund okkar; hún er sérfræðingur í umhverfisrétti og lagði áherslu á jarðveginn, þ.e.a.s. réttinn til þess að



jarðvegur sé heilnæmur og honum verði ekki spillt úr hófi. Hér er líka hnykk á mikilvægi gróðurverndar og svo notum við orðið náttúrugæði þegar við tölum um nýtingu, því það eru gæðin sem eru nýtt og teljum að það nái betur um þann þátt. Og síðan breytum við aðeins síðustu mgr. með för almennings um landið og til viðbótar við að fólk fari þar skv. lögum, þá segjum við „í lögmætum tilgangi“ og „með virðingu fyrir náttúru og umhverfi“. Þá hnykkjum við á þessari ábyrgð allra á náttúrunni. Það er ekki bara krafan gagnvart stjórnvöldum, heldur að allir huga að náttúruverndinni.

Þá kemur greinin um náttúruauðlindir og ég ætla að lesa hana líka yfir: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu,“ – takið eftir því að við setjum inn þarna fremst „sem ekki eru í einkaeigu“ – „eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og því má aldrei selja þær eða veðsetja. Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotsn innan íslenskrar lögsögu, vatns- og virkjunarréttindi og jarðhita- og namaréttindi. Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“ Eins og fyrr sagði, þá var þessum greinum víxlað og svo er hér hnykk á því að ekki sé gengið á einkaeignarrétt í upphafsmálgrein, með því að nefna sérstaklega auðlindir sem ekki eru í einkaeign. Og svo er líka tekið fram að ábyrgð á vernd auðlinda sé ekki aðeins stjórnvalda, eins og ég sagði áðan, heldur einnig þeirra sem kunna að nýta viðkomandi auðlind. Ekki fleira um þetta í bili. En þá er það greinin um upplýsingar um umhverfi: „Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun. Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og aðild að tengdum dómsmálum. Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á lögbundnum meginreglum umhverfisréttar.“ Hér er skýrir mælt um alla þætti þessarar greinar en var í fyrri útgáfum og svo hitt að hér er líka vísað til eða tekið tillit til meginreglna umhverfisréttar. En í lögum um þessar meginreglur... Þær eru nokkrar. Það er í fyrsta lagi Samþætting: „Samþætta skal sjónarmið um umhverfisvernd við önnur sjónarmið þegar undirbúnar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfið.“ Næsta regla er Fyrirbyggjandi aðgerðir: „Þegar teknar eru ákvarðanir sem áhrif hafa á umhverfið skal eins og mögulegt er draga úr þeim, minnka þau eða koma í veg fyrir þau og að umhverfið skerðist að magni eða gæðum.“ Þá er þriðja reglan Lausn umhverfisvandamála við upptök og þar segir: „Umhverfisvandamál skal eins og kostur er leysa þar sem þau eiga upptök sín.“ Svo er varúðarreglan: „Þegar hætta er á varanlegum eða óafturkræfum áhrifum á umhverfi og náttúruauðlindir, skal skorti á vísindalegri fullvissu ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem geta komið í veg fyrir áhrifin eða dregið úr þeim.“ Þá er greiðsluregla: „Í því skyni að tekið

sé tillit til umhverfiskostnaðar skal beita hagrænum stjórnækjum í samræmi við meginregluna um að sá sem mengar beri að jafnaði þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum vegna mengunar.“ Og svo er það þessi mikilvægi þáttur um Upplýsingaskyldur stjórnvalda og reglan um það. Hér er, eins og þið sjáið, talað um að tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana og þetta er í samræmi við Árósasamninginn, svonefnd Actio popularis, þar sem almenningi er veitt aðild að málum en þarf ekki að vera beinn hagsmunaaðili sem slíkur. Og þetta hefur nú þótt skort hér á landi og erfitt að komast að málum fyrir fólk. Höfundar skýrslu sem skrifuð var fyrir framkvæmdastjóra Evrópusambandsins í umhverfismálum um aðgang almennings í ESB-ríkjum að réttlátri málsmeðferð og virkum úrræðum telja að actio popularis eða sambærileg skipan effli verulega almennarétt í umhverfismálum samkvæmt Árósasamningnum. Nú, þá má segja að það var vegna athugasemda frá sérfræðingum að við bættum þessu við sérstaklega inn eða hertum á þessu. Og svo ætla ég bara að segja frá því að í Portúgal er opin aðild, sbr. Árósasamninginn, bundin í stjórnarskrá en nær jafnframt til – takið eftir – menningarsögulegra verðmæta. Það er athyglisvert.

Þá er hér að lokum 32. gr., Skyldur samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum. Og þar er gerð breyting þar sem er gerð – það er 2. mgr.: „Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttinasáttmála og ganga þeir þá framur almennum lögum.“ Og hér teljum við okkur leysa vanda. Sumir höfðu áhyggjur af því að fyrri hugmyndir gætu opnað á auðveldan hátt aðgang að stjórnarskránni en með því að fara þessa leið, þá öðlast samþykktir sáttmálar eða samningar stöðu sem heitir á lagamáli „lex superior“, þ.e.a.s. að ef við hugsum þetta sem píramída, þá er stjórnarskráin efst, þá koma næst mannréttinasáttmálar eða -reglur og svo þar undir almenn lög. Þannig er það hugsað. Þá förum við þarna á milli með þessa samninga. Samsagt, breytingin miðar að því að gera löggjafanum kleift að veita alþjóðlegum mannréttinasáttmálum stöðu ofar almennum lögum en án þess þó að gera þá jafn hátt setta stjórnarskránni sjálfri. Nú, þá hef ég lokið þessari yfirferð og vona að ég hafi ekki gleymt neinu og vænti góðrar umræðu. Takk.

SN

Ég þakka varaformanni nefndar A fyrir kynningu á tillögum nefndarinnar og orðið er laust. (Ari, Pétur, Þórhildur, Íris...)

AT

Já, fundarstjóri og ágætu tilheyrendur. Ég vil nú byrja á því að þakka A-nefndinni fyrir starf hennar. Mér finnst að hún hafi unnið hér mjög gott verk. Við vorum hér með góðar tillögur fyrir en hún hefur bætt þær, að mínu mati, mjög verulega á ýmsum sviðum. Hún hefur verið mjög dugleg að taka tillit til þeirra góðu ábendinga sem við höfum fengið frá sérfræðingum og ég er í stuttu máli sagt mjög ánægður með þessa niðurstöðu sem við höfum hér fyrir framan okkur. Mig langar samt að gera aðeins að umræðuefni bara eina grein og ég tek fram að það er þó grein sem ég er í raun og veru ánægður með, þ.e.a.s. 29. gr., um náttúruauðlindir, sem auðvitað er eðlilegt að margir landeigendur

fylgdust grannt með. En semsagt, ég er mjög ánægður með hvernig greinin er sett upp núna. Mér finnst hún vera sanngjörn og skýr og skilmerkileg, að utan því að ég held að við þyrftum að skoða í henni eitt orð, sem er nú ekki mikið. Það stendur hérna í 3. mgr.: „Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi.“ Nú er það svo að sjálfbærni og sjálfbær þróun og þessi hugtök eru svoltið á reiki. Það er þó þannig að það er til mjög skilmerkileg skýring á sjálfbærri þróun, skýring sem að kennd er við Gro Harlem Brundtland og hún hljóða svo, með leyfi fundarstjóra: „Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“ eða m.ö.o. að við getum nýtt náttúruna eftir því sem við þurfum og við þurfum að nýta náttúruna til þess að lifa í þessu landi. En við megum bara ekki skerða möguleika komandi kynslóða. Ég held að þetta vel skýrða hugtak, þ.e.a.s. sjálfbær þróun, ætti að koma í staðinn fyrir „sjálfbærni“, sem er svoltið opnara og þá teldi ég að náttúruauðlinda-kaflinn væri næstum því fullkominn. Þó má svo sem benda á, sem hefur komið fram í athugasemdum, að einhverjir hafa haft efasemdir um það þegar við segjum „gegn fullu gjaldi“ um afnot auðlindanna, þá þýðir „fullt gjald“ kannski að það sé ekki margir sem að vilja nýta þær ef allur ábatinn fer til eigandans. Þannig að ég held að það sé kannski örlítið of sterkt til orða tekið þarna en það er eitthvað sem við skoðum bara í rólegheitum. Takk fyrir.

SN

Pétur Gunnlaugsson, gjörðu svo vel.

PG

Formaður og ágætu félagar. Ég sé það, að A-nefndin er með tillögu þar sem að greinin um mannlega reisn verði felld úr mannréttindakaflanum og ég vil nú beina því til hennar, nefndarinnar og þeirra sem stjórna þar, hvaða rök eru fyrir því að fella þetta úr mannréttindakaflanum. Það var einnig mannréttindakrafa í þessari grein um rétt til lífs. Ég veit ekki hvort það eigi breyta þeirri grein, hún er alla vega ekki hér inni, eins og ég sé hana hér. Nú, ég vil benda á það, að Freyja Haraldsdóttir flutti hér ræðu, þar sem að hún flutti mjög sterk rök fyrir því, að það væri mjög mikilvægt fyrir lífshagsmuni þeirra sem eiga undir högg að sækja, að hér sé svona yfirlýsing í stjórnarskránni um rétt til mannlegs lífs og einnig er þetta ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu. Við erum búin að láta þetta standa í áfangaskjali og ef þetta verður fellt út, þá erum við að fella út ákvæði í mannréttindasáttmálanum og í raun og veru að draga úr öryggi varðandi lífshagsmuni þeirra sem eiga undir högg að sækja. Á þetta get ég ekki fallist og ég skora á nefndina að hún endurskoði þetta, ef þetta er rétt og komi þá með sérstök rök fyrir því.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir, gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsfélagar. Það er nú bæði ljúft og skylt að – já, ég er upptekin – þakka fyrir vel unnin störf A-nefndar því að þetta verður æ betra og þau nota tím-ann vel í finbróðeríð. Ég segi nú eins og Pétur, þarna með réttinn til líf: Það er ýmislegt farið núna sem mað-

ur er ekki farinn að sjá annars staðar og maður væntir þess að þetta komi þá inn í gildiskaflann, sem mun verða 1. gr., og því er best að hafa um það sem fæst orð, þangað til maður hefur séð hann. Ég, svona eiginlega í stríðni, ætla að minna hérna á orðalagið „mannleg reisn“ og lýsi eftir annarri reisn þegar hún er. Mér finnst sjálfri bara „reisn“ nægja, en þetta er nú svona dálítið í gamni sagt. Ég veit að þetta er svona tekið til orða. En um leið og maður lýsir því yfir náttúrulega að þetta plagg og þeirra innlegg er að verða mjög fínt, þá auðvitað upphefur maður síðan einhver orð um það sem manni finnst aðeins standa út af. Og það er bara smávægilegt. Mig langar til þess að taka hérna aðeins í... Bara þetta sem að sagt er að sé gert vegna orðalagsbreytinga, „njóta mannréttinda án mismununar“. Ég er verð nú að segja að mér finnst þetta ólíkt ljótara heldur en „mannréttinda án nokkurs manngreinarálits“, sem mætti náttúrulega orða kannski dálítið öðru vísi. En að nota orðið „manngreinarálit“ frekar heldur en „án mismununar“. Það getur vel verið að þetta einhvern veginn fræðilega standist betur sem einhver þýðing einhvers en mér finnst þetta orð ljótt og „manngreinarálit“ finnst mér mjög fallegt íslenskt orð sem við eigum ekki að stuðla að því að útrýma.

Í kaflanum um mannhelgi, gr. 4 núna, þá stendur nú „Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd“. Ég spyr aðeins um framkvæmd á þessu. Áður stóð „Við skulum öll njóta mannhelgi og verndar“. Það tryggir að það skuli í heiðri haft. En hvernig er hægt að tryggja vernd gegn hvers kyns ofbeldi? Hvernig fer sú trygging fram? Hvernig er þessi framkvæmd? Þannig að mér finnst þetta vera orðalag sem þarf aðeins að athuga betur vegna þess að ég er hrædd um að ekkert ríki geti staðið við það að tryggja öllum þegnum sínum vernd. Ég held að þurfi að orða þetta aðeins varlegar. Þarna kemur aftur í 13. gr. bara orðalagsbreyting og ég geri ekki athugasemd við það.

Ég ætla aðeins að koma að fundafrelsi. Þar finnst mér þetta, í fyrsta lagi „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman“. Mér finnst þetta nú hljóma dálítið eins og til þess að mér sé bara veittur sé réttur og ég geti safnast saman. Mér finnst það dálítið sérkennilegt og ég held að þarna bara verði að standa „þegnar“ eða „fólk“ eða eitthvað slíkt. Mér finnst bara ekki hægt að orða þetta svona, „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman“, vegna þess að „allir“, það inniber einstaklingsrétt. Svo finnst mér orðalagið „Með lögum má þó takmarka þennan rétt, enda teljist takmarkanirnar nauðsynlegar“. Þetta er pínulítið neikvætt orðalag. Það er eins og áherslan sé á að takmarkanirnar séu það mikilvægasta. En mikilvægast er náttúrulega það, að þær samræmist bæði skoðanafrelsi, málfrelsi, öllum þessum grunnréttindum sem við höfum verið að tala um og lýðræðislegu samfélagi. Þannig að ég held að þetta væri nú bara spurning um aðeins að endurraða setningunni, þannig að vægi væri á að reglur og lög samræmist aðalreglum lýðræðislegs samfélags en ekki með takmörkunina sem svona sterkt í byrjun setningarinnar.

Ég ætla ekki að gera athugasemd fyrr en aftur við 28. gr., þ.e.a.s. Náttúra Íslands og umhverfi, sem er að verða alveg frábær grein. En það er eitt sem ég sakna ennþá sem ég hef talað um áður. „Því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar.“: Ég svona vek enn einu sinni athygli á því að vatna-

svæði eru mjög mikilvæg og þau ættu kannski að njóta stjórnarskrárréttinda. Ég vil benda á að við erum aðilar að alþjóðlegum samningi, sem mig minnir að heiti Redo – ég þori ekki alveg að fara með það – en við erum alla vega aðilar að þessu, sem er um endurheimt t.d. mýrlendis og votlendis. En þar eru ein bestu skilyrði fyrir margbreytileika, bæði í gróðri og ekki síst fuglalífi, og við vitum líka að það er mikil óáran sem stafar víða í heiminum beinlínis af því að búið er að breyta eðlilegu hringstreymi vatns og af því stafa bæði þurrkar og flóð og rof o.s.frv. og náttúrueyðing. Þannig að ég held að það sé alveg ástæða til þess að huga aðeins að þessu, að vatnið, ekki bara að það skuli vera hreint og við skulum hafa aðgang að því, heldur að þetta náttúrulega streymi vatns sé ekki hindrað og við reynum að endurheimta vatnssvæði og vernda þau. Þínulítið kaldhæðid: „Öllum skal [...] tryggður réttur á [...] ómengduðum andrúmslofti“ – er það á færi okkar að tryggja það í stjórnarskrá? Við ráðum nú ekkert t.d. við svona strauða og vinda og ég bara svona spyr hvort þessa sé framkvæmanlegt. Ég tek undir orð Ara með sjálfbærni, enda hafa bæði ykkur sem okkur borist ábendingar um að þetta orð, eins og það stendur þarna, nægi ekki og sjálfbær þróun – ég veit ekkert alveg hvort hún heldur betur en einhverjir verða nú samt færir um að skilgreina það. En það er alveg ljóst, held ég, miðað við ábendingar, að sjálfbærni ein stendur ekki. Auðvitað snýst þetta fyrst og fremst um það, að það sé ekki tekið af höfuðstóli, heldur að vextirnir séu notaðir og hvernig það verður best orðað þarf aðeins að aðgæta en það þarf að fylgja, held ég, þessum til-mælum sem við höfum fengið um það eða ábendingar um það að þetta orð haldi ekki.

Að öðru leyti bara þakka ég fyrir alveg frábæra vinnu og frjóa í A-nefndinni, takk.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk, Örn Bárður, fyrir framsöguna og kynninguna á tillögum A-nefndar. Sem áður, þá er þetta allt alveg frábært frá ykkur og vinnan og samstarfið við aðra hefur verið mjög gott. Ég ætlaði bara að tæpa á nokkrum atriðum. Mig langar líka að þakka þeim sem eru í salnum fyrir að vera á staðnum. Það er frábært að sjá fólk fylgjast með okkar starfi hér í salnum. Í fyrsta lagi, þá langar mig að tæpa á 13. gr. Bara efnislega: Ég er mjög ánægð með að sjá að nefndin haldi inn 2. málslið 2. gr. varðandi það að heimilt sé í ákveðnum tilvikum, ákveðnum undantekningartilvikum, að kveða á um félagaskyldu. Mig langar, svona til við-bótar við það sem Örn Bárður nefndi um þau félög sem hugsanlega gætu fallið þarna undir, þá er t.d. mikilvægt að hafa í huga, að þarna undir mundi t.d. falla Félag fasteignasala og Lögmannafélag Íslands en þetta eru hvort tveggja félög sem hafa það að markmiði að tryggja m.a. réttindi þeirra sem njóta þjónustu þessara aðila og framfylgja þeim reglum sem lúta að því að tryggja það. Þannig að ég tel þetta bara mjög mikilvægt og það er ágætis skýring í II. bindi [skýrslu] stjórnlaganefndar á því hvað geti þarna fallið undir sem nefndin hugsanlega gæti nýtt sér inn í greinargerðina.

Í 14. gr., þá kannski langar mig að velta því aðeins upp, varðandi fundafrelsið, af hverju orðið „vopn-

lausir“ er tekið út. Má skilja það sem svo, að menn megi safnast saman með vopnum án sérstaks leyfis, óháð því hvers konar vopn og hvar þau eru? Þetta er bara svona, ef þetta hefur hlotið blessun frá þeim sem sérþekkingu hafa, þá geri ég ekki athugasemd en ég bara velti þessu aðeins upp, hvort að þetta hefur verið hugleitt þá sérstaklega.

Varðandi 28. gr., Náttúru Íslands og umhverfi: Ég er mjög ánægð með að sjá jarðveg koma þarna inn og langar þá að nefna t.d. að eitt af stærstu vanda-málum margra ríkja í dag er það að fjölbreytileiki plöntuafurða fer dvínandi í heiminum og það erum ekki mörg ár síðan það var gerður samningur um erfðafræðiefni – eða ég veit ekki hvernig ég á útleggja það á íslensku en það er samningur um „plant genetic resources“ og hann miðar að því að tryggja fjölbreytileika plöntuafurða í heiminum og að varðveita það til frambúðar. Og ég veit að einhvers staðar var safnað saman erfðaefnum fjölda plöntuafurða til að tryggja það að þeim yrði viðhaldið og myndu ekki deyta út. Af því að nú erum við náttúrulega að horfa fram á að það er matvælastoktur í heiminum og það má að mörgu leyti rekja til þess að ýmsar plöntuafurðir eru að deytja út, eða plöntu-genaefni. Þá langar mig, varðandi 29. gr., það er 4. mgr. Þar segir í 1. málslið, lokapunkturinn þar. Þar segir: „til tiltekings hóflegs tíma í senn“. Er ekki óþarfi að hafa „tiltekinn hóflegur“? Er ekki nóg að hafa annað orðið? Er ekki „hóflegur tími“ tiltekinn fyrirfram? Bara smá athugasemd. Og svo 30. gr., varðandi 3. mgr. Þar er vísað í meginreglur umhverfisréttar og þar er sérstaklega tilgreint að það séu lögbundnar meginreglur umhverfisréttar. Ég geri þá ráð fyrir að nefndin ætli sér að þetta séu einungis skrifðar meginreglur umhverfisréttarins og í því sambandi vek ég athygli á því að stærsti hluti umhverfisréttarins er óskrifðar meginreglur sem að eru að miklu leyti tilkomnar fram í dag í endanlegri mynd sinni, sumar hverjar, en þær eru í mikilli þróun. Og ég svona velti upp hvort að nefndin þyrfti hugsanlega að taka þarna út „lögbundnum“ ef þetta eiga að vera líka hinar óskrifðu meginreglur sem að ríki hafa komið sér saman um hvort það sé þá í lagi að það skrifað í alþjóðasamning, ef því er að skipta, til þess að mætti beita því. En að öðru leyti þakka ég bara nefndinni kærlega fyrir og þakka fyrir mig.

SN

Pawel Bartoszek er næstur á mælendaskrá og þegar hann hefur lokið máli sínu, þá ætla ég að loka mælendaskrá.

PB

Takk, formaður. Takk fyrir framsöguna, varaformaður A-nefndar. Ég sé að nefndin hefur að einhverju leyti tekið tillit til athugasemda frá fræðimönnum og hér er ég með fyrir framan mig minnisblað frá Aðalheiði Jóhannsdóttur, þar sem hún gerir athugasemdir við ýmislegt af því orðalagi sem er í tillögum nefndar og sumt af því hefur verið tekið tillit til, annað ekki. Til dæmis segir hún að það sé óþarflaga hátíðlegur blær að upphafi 26. og 27. gr. Það á við um „friðhelgi“ og „ævarandi eign þjóðarinnar“ og ég, að einhverju leyti, verð að segja að ég deili mjög þeim skoðunum sumra fræðimanna sem tjáð hafa sig um þessi efni, að mér finnast sumar greinar þessar vera þannig, að vanti

svona upphrópunarmerki á eftir sumum setningum, þannig að maður geti svo sannarlega fundið þann anda sem ríkti þegar þær voru skrifaðar. Mér finnst t.d. þetta endalaus tiltekna um(?) sölu og veðsetningu ekki slá mig sem rosalega góður stjórnarskrártexti: að ekki megji selja hitt eða veðsetja.

Nú, ef við förum aðeins í gegnum þetta, þá er þarna tiltekið að náttúra Íslands sé friðhelg og það er bara ágætt að menn átti sig á því hvaða breytingar og hvaða tillögur það eru sem menn leggja til. Við erum ekki einungis að setja okkur markmið eða senda skýr skila-boð, eins og fólk virðist stundum láta. Við erum að setja lög, lög sem eru þess eðlis að þeim verður ekki auðveldlega breytt, heldur þurfa að fara í gegnum strangt ferli til þess. Það að náttúra Íslands sé friðhelg þýðir einfaldlega það, að dómstólum eru falin aukin völd og auknar heimildir til þess að stöðva framkvæmdir og að hvaða einstaklingur sem er, í ljósi 2. gr., getur farið og krafist slíks og á grundvelli þessara greina er þá réttarstaða þeirra sem vilja standa vörð um það að náttúran verði ekki nýtt með einhverjum hætti og vilja standa vörð um að hún haldist óbreytt frá því sem nú er, þeir hafa fengið sterkari lögfræðileg vopn í hendur, heldur en þeir hafa haft. Þetta þýðir það de facto. Við vorum á seinasta fundi, þegar við vorum að taka fyrir... að samþykkja mikið af efnahagslegum og félagslegum réttindum og þau réttindi eru þó þess eðlis, að það einhver ákveðinn einstaklingur sem hefur hagsmuna að gæta, sem getur farið með eitthvað mál og unnið það og fengið því framgengt sem hann vill í sína eigin þágu. Með því að veita náttúrunni eða dýrum eða jarðvegi sambærilega vernd, þá er einfaldlega verið að færa til pólitískt vald, þannig að það verði ekki lengur tekið á grundvelli lýðræðislegra ákvarðana, heldur verður tekið á grundvelli dómstóla og í dómssal og kannski er það nákvæmlega það sem menn vilja en þá er kannski ágætt að átta sig á að það er það sem þetta mun þýða. Þetta mun þýða það, að það verður auðveldara fyrir náttúruverndarsamtök að fá ákvörðun um einhverjar framkvæmdir sem þykja vera náttúru-spillandi hnekkt. Þetta þýðir, í mínu vísi(?), nákvæmlega það.

Nú, ýmislegt í þessari grein er auðvitað þannig, að það kemur ekki heim og saman við þær tillögur sem Aðalheiður Jóhannsdóttir hefur lagt til, t.d. segir að „Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa“ og sum náttúrugæði er þannig að þetta er hægt; önnur náttúrugæði, þ.m.t. t.d. af mörgum jarðvarmi, eða hvers kyns óendurnýtanlegar orkugjafar eru þess eðlis að ekki er hægt að nýta þau til langframa, þannig að þau skerðist ekki, vegna þess að þau eru takmörkuð í eðli sínu. Og þá má velta fyrir sér hvort að greinin sé slík hamli það, að menn geti yfirhöfuð nýtt slík náttúrugæði. Varðandi náttúruauðlindir, sem sagt gr. 29, þá er þarna sagt – og við fengum skýringu á því seinast þegar þetta ákvæði var lagt fyrir – að „þjóðareign“ þýddi, alla vega eins og ég skildi það, ævarandi ríkiseign, þ.e.a.s. eitthvað sem er í eigu ríkisins en það má ekki selja það. Og „ævarandi þjóðareign“ þýðir þá „ævarandi ævarandi ríkiseign“ og það er gott að það sé þá tekið nógu skýrt fram en ég velti fyrir mér hvernig þetta væri ef að þarna stæði þá ekki „ævarandi“. En þetta er líka einn af þessum hlutum sem Aðalheiður gerir athugasemdir við og ekki hefur verið tekið tillit til.

Nú, þarna er talað um „fullt gjald“ og ég veit nú ekki alveg hvað það þýðir. Það hefur verið vísað til annars staðar í stjórnarskrá sem talar um „fullt gjald“ við allt aðrar aðstæður. Þar er verið að tala um eignarnám og þá er ákveðin nefnd sem kemur saman og dæmir oft á einhvern veg og oft er það þannig að það er ekkert endilega nálægt þeirri tölu sem sá sem verið er að taka eignina af telur vera. Þannig að ég er ekki viss um að „fullt gjald“ sé gott hugtak til þess að nota. Mér hefur oftast þótt það vera þannig, að þegar þarf að setja eitthvað lýsingarorð framan á gjald eða verð, þá oftast þýðir það [eitthvað] andstætt því sem lýsingarorðið er. Til dæmis þegar menn tala um „sanngjarnt verð“ fyrir þjónustu, þá meina þeir oftast verð sem er alltof hátt eða alltof lágt, t.d. ef minn vilja fá sanngjarnt verð fyrir einhverja þjónustu sem þeir gera, þá vilja þeir fá verð sem er hærra heldur en það sem neytendur vilja borga og ef neytandi vill fá einhverja vöru á „sanngjörnu verði“, þá meinar hann oftast að hann vilji fá hana á miklu lægra verði heldur en sá sem selur vöruna vill láta hana af hendi. Ég er ekki viss um að orðið „fullt gjald“ bæti þarna nokkru við og myndi nú leggja til að þarna stæði einfaldlega „gjald“ eða eitthvað slíkt sama.

Þarna er talað um „óafturkallanlegt forræði“: Þetta er aftur eitt af því sem Aðalheiður gerir athugasemdir við og það eru fjölmörg dæmi um slíkt orðalag, þar sem sérfræðingurinn telur að það sé notað alltof hátíðlegt og óskýrt orðalag sem ekkert eða lítið tillit hefur verið tekið til og ég velti fyrir mér hvers vegna það er.

Ákvæði um dýravernd: Athugasemdir þar eru auðvitað af sama meiddi og athugasemdir um náttúru Íslands. Það er verið að færa ákveðin réttindi inn í dómssal. En þó auðvitað er náttúrulega kveðið mun sterkara að orði t.d. heldur en margir aðrir hafa lagt til. Þarna er náttúrulega lögð til „virðing fyrir öllum lifandi verum“ og þær eru auðvitað margar: örverur. Ég vil ekkert gera lítið úr þessu eða hæðast að nefndinni en það er auðvitað kannski erfitt að fylgja þessu virkilega eftir, að miða alla lagasetningu við virðingu fyrir örverum og plöntum og öllu slíku. Hér verðum við bara að setja fram hluti sem ganga upp og setja inn almennt ákvæði, sé til þess vilji, sem kveður á um dýravernd og bann við því að dýr séu óeðlilegum þjáningum o.s.frv. en kannski ekki að lofa hlutum sem enginn fræðilegur möguleiki er að maður getur staðið við, eins og virðingu fyrir örverum. Nú, ég hef ekkert fleira við þetta að bæta. Margar af þeim tillögum sem eru hérna í fremri kaflanum hafa verið lagaðar í samræmi við ábendingar fræðimanna. Helst hef ég athugasemdir við, eins og ég hef kannski haft áður, við þá klausu um að „[s]tjórnvöldum ber[i] að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög“. Ég veit ekki hvort ég hafi komið þessu á framfæri hérna á ráðsfundi áður en ég myndi nú frekar vilja hafa færri þjóðkirkjur heldur en fleiri. Ef verið er að færa sömu vernd og í dag hvílir á þjóðkirkjunni, þá er náttúrulega verið að stækka það og ég myndi frekar vilja að þetta ákvæði fari út. En, eins og ég segi, nefndin hefur tekið tillit til, alla vega hérna að framan(?) til ýmissa athugasemda, sem er gott, en ég persónulega treysta mér ekki til að bera ábyrgð á tilögnum í heild sinni, sérstaklega í kaflanum um auðlindir og náttúruvernd og mun því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu í þessu máli. Takk.

SN

Mælendaskrá hefur þá verið lokað og næstur tekur til máls Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, ráðsfolk og aðrir sem mál mitt heyrja. Ég ætla aðeins að gera að umtalsefni þrjár greinar. 14. gr. Það mætti kannski koma vopnleysinu þarna inn með því að segja „svo sem til friðsamlegra fundahalda og mótmæla“ og síðan erum við þarna með „Með lögum má þó takmarka þennan rétt“. Þar gæti verið inni ákvæði um vopnaburð sem þá er í samræmi við lög sem gilda um það, um vopnaeign. Nú, menn segja „friðsamlegra“: Er það friðsamlegt að hafa hátt, að hafa mikinn hávaða? Það hlýtur að vera matsatriði. Telst tómáti vopn eða egg? Þetta hlýtur að vera matsatriði sem verður bara að taka tillit til í lögreglusamþykktum eða lögum um þetta.

Aðalumræðuefni mitt verður þó ekki þetta, heldur 28. og 29. gr. Ég vil nú byrja spjall mitt um þetta með því ítreka þakki minar til A-nefndarinnar um það hvað hún hefur stanslaust og vel allan tímann að þessum hugðarefnum mínum sem að... Ég hef ekki getað tekið þátt í starfi nefndarinnar beint, var í annarri nefnd. En ég sagði, þegar ég heyrði þetta fyrst: „Þetta er eins og tónlist í mínum eyrum.“ Nú fer hún að hækka sig úr einhverri venjulegri tónlist og upp í símfóni, því að það sem hefur verið bætt við hér er mjög mikils virði. Ég tek undir það sem hefur komið hér fram, að það mætti bæta við vatnasvæðum. Þá held ég að við séum alveg búin að loka upptalningu, nauðsynlegri upptalningu. „Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.“ stendur þarna og síðan kemur í 29. gr.: „Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi.“ Ég tek undir með Ara Teitssyni og raunar frá byrjun, þá setti ég mig við orðið „sjálfbærni“ vegna þess að það hefði orðið einhver ágreiningur í nefndinni að það væri of langt gengið að segja „sjálfbær þróun“. En „sjálfbærni“, það er orðið alltof vítt hugtak og er komið niður í það hvort eigi að flokka sörp eða guð má vita hvað, a.m.k. í hugum fólks. Þetta er mjög einfalt. Eiður Guðnason, þáverandi umhverfisráðherra, undirritaði Rio-sáttmálann við hátíðlega athöfn 1992. Hann undirritaði skuldbindingu Íslendinga um að hlíta þessu ákvæði sem Ari nefndi svo vel um sjálfbæra þróun. Þetta er viðurkennt, alþjóðlegt hugtak og ég myndi fagna því ef í staðinn fyrir „sjálfbærni“ kæmi bara „sjálfbær þróun“. Ef menn vilja hafa „sjálfbærni“ til þess að víkka þetta út eitthvað, þá verður bara hægt að segja „sjálfbærni og sjálfbæra þróun“. Þetta er spurning um eitt orð. En ég taldi frá upphafi mjög mikilvægt að hafa „sjálfbæra þróun“ þarna inni, því hún er lykillinn að jafnrétti kynslóðanna og því að koma í veg fyrir rányrkju.

Ég sé hérna ákveðinn misskilning hjá Pawel, sem mig langar til að leiðrétta. Ég er búinn að spyrja marga: „Hafið þið lesið mjög fróðlegar Morgunblaðs-greinar Ólafs Flovenz og Guðna Axelssonar um endurnýjanlega orkugjafa, um jarðvarmann á Íslandi?“ Ég hef ekki ennþá fundið neinn sem hefur lesið þetta. Þeir eru með eina setningu sem er lykillinn. Þeir telja að jarðvarmi sé endurnýjanlegur ef hann endist í einhverjar aldir. Fræðimenn tala um 200 til 300 ár vegna þess að þá er hægt í tæka tíð að minnka nýtinguna

þannig að hún endist ennþá lengur en það. En semsagt krafan er að hann endist lengur heldur en 50 ár.

Þannig að, Pawel, það er hægt að nýta jarðvarmann á endurnýjanlegan hátt, ég tala nú ekki um ef það yrði gert það sem mig dremmir um en fæ sennilega ekki fram fyrr en ég er dauður og það er að það verði gerð heildaráætlun um það hvernig við ætlum að nýta jarðvarmann þannig að við tökum frá svæði sem við ætlum alls ekki að nýta vegna þess að þau séu meira virði, sem þetta einstaka náttúruundur [sem] hið eldvirka Ísland er, og nýtum síðan hitt á sjálfbæran hátt. Ég get nefnt dæmi. Hér upp á Hellisheiði er búið að virkja 300 megavött. Einu kröfurnar sem eru gerðar núna er þær að þetta endist í 50 ár, semsagt afskriftartími virkjananna. Lengra hugsa menn ekki. Menn ætla sér að gefa skít í það að barnabörn okkar munu standa upp á Hellisheiði eftir að búið verður að virkja 600 megavött og segja: Hvar ætlum við nú að fá 600 megavött? Ólafur Thors og Bjarni Ben og Emil Jónsson eða Gylfi Þ. Gíslason hefðu aldrei farið út í – ég fullyrði það – þeir hefðu ekki farið út í Búrfellsvirkjun 1965-70 ef að það hefði fylgt með að hún yrði ónýtt á okkar tímum núna. Þeir sögðu: Þetta er endurnýjanleg orka ef það er hægt að minnka nýtinguna þegar kemur í ljós að þetta sé ofnýtt. Einu rannsóknirnar sem við höfum upp á Hellisheiði eru frá Braga Árnasyni o.fl. um að þetta afkasti 200 megavöttum til langframa, þ.e.a.s. ef þú virkjar núna 600 megavött, þá er allt búið eftir 50 ár og þá verði að bíða í 100 ár eftir að svæðið hitni nóg aftur til þess að við getum byrjað aftur. Þannig má gera þetta. En þess vegna náttúrulega stefnum við í hitt vegna þess að við ætlum okkar að ráðstafa í langtíma-samningum allri orkunni þegar án þess að vita hvort hún einu sinni endist í 50 ár. Ég tel þetta mjög mikilvægt. Ég sendi inn til einhverra fulltrúa í A-nefndinni orðalagið, að það yrði undanskilið jarðefnaeldsneyti, því það er sannarlega ekki hægt að nýta olíu eða kol öðru vísi. Þá erum við búin að girða fyrir það, Pawel, að það sé farið að rugla eitthvað með þetta. Þá erum við bara með þessi jarðefnaeldsneyti sér og það er bara eitt orð. En semsagt: Sjálfbær þróun og réttur komandi kynslóða og náttúrunnar – það er nú orðið símfóni í mínum eyrum. Takk.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir, gjörðu svo vel.

AG

Takk. Fundarstjóri og aðrir áheyrendur. Bestu þakki fyrir góða kynningu á þessu, varaformaður A-nefndar, og fyrir góð viðbrögð og góðar athugasemdir. Mig langar að bregðast hérna við þessu með mannlegu reisinna, sem að var hjá okkur í 1. gr. Það að þessi grein falli núna út merkir það ekki að við ætlum okkur ekki að hafa mannlega reisin inni í skjalinu. Einfaldlega erum við að safna efni fyrir gildakafla sem við höfum hugsað okkur að verði 1. gr. og að mannleg reisin eða „human dignity“ verði þar eitt af þessum grunnildum sem að við teljum að liggi hér til grundvallar og séu mikilvæg til að setja í slíka inngangsgrein. Þannig að þetta er bara tímabundið, svo að það sé alveg á hreinu. „Manngreinarálit“: Við skiptum því út og settum „mismununar“ í staðinn vegna þess að „mismunun“ er talin betri þýðing „discrimination“ og svo er það auðvitað smekksatriði hvort það sé svo. En við skoðum það að

sjálfsögðu. En þetta hvort sé hægt að tryggja mannhelgi og vernd gegn ofbeldi: Það kemur þá enn og aftur inn á þetta að það hefur legið til grundvallar í okkar vinnu í A-nefndinni að ákvæði stjórnarskrárinnar eigi annars vegar að fjalla um ákvæði eða atriði sem á að tryggja í lögum og hins vegar að setja fram markmið. Og að sjálfsögðu myndum við vilja sjá það, að það sé hægt að tryggja öllum vernd gegn ofbeldi og það sem við erum að gera hér er einfaldlega að segja: það er það sem við þurfum að stefna að og við þurfum að gera allt sem mögulegt er til þess að stefna að því, m.a. í okkar lagaumhverfi. Svo langaði mig að koma aðeins inn á þetta með sjálfbærni og sjálfbæra þróun: Í gr. 28. í 3. efnisgrein, þá erum við með skilgreininguna á sjálfbærri þróun þegar við segjum „Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.“ Þarna kemur skilgreiningin fram og ég held að það sé rétt að það sé almennur skilningur okkar í nefndinni að það sé ekki merkingarmunur á sjálfbærni og sjálfbærri þróun, hvernig við setjum hana hér inn en það er sjálfsagt að taka það til skoðunar, hvort það sé ljósara að vera þarna inni með sjálfbæra þróun en það er í rauninni það sem við eigum við og þess vegna settum við þessa skilgreiningu inn í 28. gr. Takk fyrir.

SN

Já. Eiríkur Bergmann Einarsson, gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar, ég ryð hér öllum um koll, afsakið. Mig langaði til þess að fagna þessum tillögum sem hér eru fram komnar og ég sé, mér til mikillar ánægju, að nefndin hefur breytt orðalaginu á ný og það orðalag sem var orðið nokkuð gegnumgangandi í fyrri drögum um „við“ og „okkur“ er að mestu farið út. Þó stendur það eftir í jafnræðisreglunni, þar stendur „öll erum við jöfn fyrir lögum“ og ég hef í sjálfu sér alveg sömu athugasemdir við það orðalag nú og áður. Ég óttast að það sé útilokandi og allt það. En eigi að síður, þá er þetta orðið það miklu, miklu, miklu betra að ég get vel fellt mig við þetta. Þannig að ég tek nú eiginlega einvörðungu til máls til þess að lýsa ánægju mína með þessa breytingu. Takk fyrir.

SN

Freyja Haraldsdóttir, gjörðu svo vel.

FH

Já. Kæru vinir. Ég þakka varaformanni fyrir góða útlitun á okkar starfi og þeim breytingum sem við höfum verið að gera núna og auðvitað ykkur öllum fyrir frábærar athugasemdir og góða umræðu. Mig langaði að bregðast við umræðunni um rétt til lífs og mig langaði að segja að hún er ekki horfin af því að hún átti ekki að vera, heldur erum við að velta fyrir okkur hvað í þessari grein getur farið í gildakaflann. Og svo höfum við verið að ræða, ef að við munum hafa réttinn til lífs inn, að hann kannski verðskuldi bara sérgrein og við höfum líka fengið þá ábendingu frá t.d. Björgu Thorarensen. Mig langar svona aðeins að fjalla um það. Eins og kom fram hér áðan, þá hef ég talað fyrir því að þetta sé inni og ég vil gera það áfram. Mér finnst það mjög mikilvægt vegna þess að þó okkur finnst það ótrúlegt, þá búa ekki allir við þann rétt að hafa rétt á

lífi sínu og að lifa og það náttúrulega þekki ég mjög vel úr mínu umhverfi, bæði þar sem að mikið fötluð börn og foreldrar hafa þurft að berjast mikið fyrir því að þau fái að lifa þegar kannski lækningar eru tilbúnir að leyfa þeim að deyja af því að í þeirra huga er þetta líf ekki þess virði að lifa því, þrátt fyrir að þau séu kannski mjög hamingjusöm og öll fjölskyldan líka.

En svo er náttúrulega líka þessi eldfima umræða um fóstureyðingar sem að við höfum verið að fjalla um og við höfum verið hrædd um. Það eru dæmi um það að svona grein hefur verið túlkuð á þann veg að það megi banna fóstureyðingar þegar við erum að ákveða um rétt til þess [ógreinilegt], svona eitthvað sem við viljum alls ekki hafa. Og bara nýlega vorum við að lesa, sem Silja Bára sendi okkur, dæmi frá Bandaríkjunum þar sem er verið að misnota þetta ákvæði mjög alvarlega. Þannig að þetta er bara eitthvað sem við þurfum að skoða. En að sjálfsögðu hef ég talað fyrir því og fer ekki ofan af því að mér finnast þetta mjög mikilvæg og mér hefur fundist við þurfa að taka það fram. En mér finnst um leið að við þurfum að tryggja það að það sviptir konur ekki þeim mikilvægu réttindum sem þær hafa barist fyrir, að hafa yfirráð yfir sínum líkama og geta valið fóstureyðingu þegar það er eitthvað sem þær kjósa. Það sem ég hef kannski líka verið, þegar ég hef verið að tala fyrir réttinum til lífs, þá er ég líka að hugsa um það, að þó að ég sé alveg fylgjandi því að fólk hafi val um að fara í fóstureyðingu, þá finnst mér alltaf mjög ósmekklegt að það má eyða fötluðum fóstrum miklu lengur heldur en ófötluðum fóstrum. Og það má eyða þeim langt, langt inn í meðgönguna. Og mér finnst það bara vera leifar af mannkynbótastefnu. Það er mín afstaða og það er mín skoðun. Mér finnst mjög niðurlægiandi að þetta sé svona. Þið vitið, það eru svo margar hliðar og þess vegna er þetta ekkert einfalt mál. Þannig að þetta er bara eitthvað sem við erum að skoða. Svo hefur líka verið umræða hérna í ráðinu um að þetta sé eitthvað hættulegt ákvæði að hafa inni og margir talað um að það grafi eitthvað undan réttinum til að deyja. Þannig að þetta er eitthvað sem við þurfum bara svolítið, held ég, að ræða áfram og skoða. Og, náttúrulega, það kom upp hugmynd líka í umræðunni fyrir einhverju síðan, að hafa t.d. frekar réttinn til að lifa en ekki réttinn til lífs. Fyrir mér er það ekki alveg það sama. Mér finnst það ekki ná að dekkja það sem ég hef áhyggjur af. En þetta er eitthvað sem við þurfum bara að skoða betur. Annað, eins og mannleg reisn, þetta sem var í ákvæðinu, er eitthvað sem við stefnum á að reyna að koma fyrir í gildakaflanum til dæmis.

Mig langaði aðeins að fjalla um... Það kom fram áðan að „mismunun“ hefði verið inn í staðinn fyrir „manngreinarálit“ af því að það er talið vera betri þýðing. Við náttúrulega höfum, þegar við erum að tala um „discrimination“, þá er oft á Íslandi talað um bann við mismunun og við svona breyttum því af því að okkur fannst bara eðlilegast að nota það hugtak sem er notað, þannig að við vitum hvað við erum að meina.

Varðandi mannlegu reisnina, þá er það kannski ég sem barðist svolítið fyrir því þarna inni að hafa „mannlega reisn“ en ekki bara „reisn“. En ég hugsa um einhverja aðra reisn þegar við höfum bara „reisn“ en það er kannski meira ég en ekki orðið. En „mannleg reisn“ finnst mér vísa líka í þessa andlegu hlið. Og það er oftast talað um „human dignity“. Það er þetta að við fáum sem manneskjur að þroskast og byggjast upp og

búa við þá sjálfsvirðingu sem að allir eiga skilið að búa við. Þannig að það er svona tenging í það, sem mér finnst þetta orð „mannlega“ vera. Og það væri gaman að vita kannski hvað það er sem Þórhildi finnst, hvort það sé af því það er karllægt eða hvort það sé eitthvað annað, því auðvitað er það það; það náttúrulega alltaf vísun í manninn manninn. En það er náttúrulega eins og bara mannréttindi líka. Þannig að það eru kannski sum orð sem við komumst ekki hjá að nota. Þegar við vorum að tala um að... það var líka umræða áðan um hvernig við ætlum að tryggja mannhelgi en við vorum náttúrulega að reyna að breyta þessu orðalagi með því að hafa ekki „öll skulum við“. Það var náttúrulega gagnrýnt frekar mikið og mörg okkar vorum á því að það þyrfti að minnka það, þannig að með þessum hætti vorum við í raun og veru að draga úr þessu „öll eigum við rétt á“, af því að sumum fannst þetta vera aðgreinandi, „við“ og „þið“ og eitthvað svona. Þannig að þetta var svona tilraun til þess en við verðum bara að skoða hvort þetta sé að gera sig. En ég þakka bara fyrir þær ábendingar. Annars er þetta svona það helsta sem ég vildi segja. Takk.

SN

Þorkell Helgason, gjörðu svo vel.

PH

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Ég ætla aðallega að gera málefni náttúruverndar og auðlindamála að umtalsefni en svo ég falli nú ekki í sömu gryfjuna og ég gerði hér um daginn, þegar ég ræddi um þennan fyrri kafla í þessu plaggi, mannréttindamálin – ég hagaði orðum mínum þannig að þau megi misskilja – þá vil ég hafa þann formála að ég tel mig vera náttúruverndarsinna og hafa hagað mér þannig í mínu starfi þegar ég hafði aðstöðu til þess að fara hinn gullna meðalveg milli þess að vernda og virða náttúruna og nýta hana um leið. En það er ansi margt í þessum köflum sem mér finnst að menn þyrftu að hugsa betur og þá er ég að tala um gr. 28 til og með 31. Í rauninni er Pawel búinn að segja margt af því sem ég vildi sagt hafa. Ég held að kjarninn í þessu hljóti að vera sá, að menn verða að gæta sín á því hvaða afleiðingar orðin hafa. Við getum öll tekið undir það, að hérna sé fallega talað og ég vil áður, meðan ég man það, líka þakka nefndinni fyrir mjög gott starf og tel að margt hafi færst til betri vegar í mannréttinda- og frelsiskaflanum, eftir ábendingar héðan frá ráðsfundum og frá sérfræðingum. En athugasemdir mínar eru engu að síður þessar: „Hverjum og einum ber að virða hana og vernda.“ stendur t.d. hérna. Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Svo ég sé nú kannski með þínulítinn útúrsnúning: Ef við setjum nú inn í stjórnarskrána líka ákvæði þess efnis að það skuli refsa mönnum fyrir að brjóta hana, gæti ég þá lent í því sem einstaklingur að verða fyrir einhverjum hremmingum vegna þess að ég verði gómaður við að virða ekki og vernda náttúruna, eins og stjórnarskráin mælir fyrir um? Ég veit að þetta er útúrsnúningur og ég ætla ekki að hafa hann uppi en ég er dálítið hræddur um að þeir sem að muni leita að vopnum gegn því sem við erum að gera muni koma með svona útúrsnúning. Og það að ég hafi nefnt þetta núna... Ég er ekki að gefa þeim vopnin í hendurnar, þeir hafa þau örugglega þegar þeir sjá þetta. En eins og nefndin er búin að vinna gott starf, þá treysti ég

henni til þess að lesa þetta nú aftur í gegn og gá betur hvort það megi ekki eitthvað stytta, skýra betur og það sem hún Aðalheiður sendi er mjög gott og margt, verð ég að segja, að hluta til betra heldur en það sem mér finnst nefndin hafa komið fram með. Ég hnýt t.d. um 2. mgr. 28. gr., um þessa lengingu, upptalninguna, „fjölbreytni lífs og lands“ o.s.frv. Örugglega vantar eitthvað í þetta. Þá kunna menn að gagnálykta og, eins og Pawel benti réttilega á, stundum eru færri orð sterkari heldur en mörg. Ómar gerði 3. mgr. þessarar greinar að umtalsefni og þá um jarðhitann, hvort að hann sé auðlind sem skerðist til langframa. Vegna þess sem hann spurði um, þá vil ég taka fram að ég hef lesið skrif Ólafs Flovenz og Guðna Axelssonar, samstarfsminna í Orkustofnun í gamla daga, og þekki þessi sjónarmið mætavel. En það eru ekki allir jarðfræðingar sama sinnis og það er hægt að nafngreina menn sem eru þarna í einhverjum skilningi tortryggjari á það, að jarðhitinn sé varanleg auðlind í þeim skilningi sem menn kunna að vilja leggja í orðin. Þannig að þarna held ég að þurfi líka að huga að orðum.

Síðan ætla ég að fara yfir í það viðkvæma mál að ræða hérna um síðustu mgr. í 29. gr. Þar sem er fjallað um nýtingu auðlindanna. Þarna stendur að leyfi skuli veitt „gegn fullu gjaldi“ og ég fer ekki leynt með það að þetta orðalag er að einhverju upprunið frá mér sjálfum. En við erum hérna öll í Stjórnlagaráðinu til þess að gera okkar besta og komast að góðri niðurstöðu. Þá megum við ekkert vera rög við það að skipta um skoðun eða sjá að okkur eða taka rökum og ég lýsti því oft yfir í aðdraganda kosninganna sálugu, að ég myndi reyna að taka rökum og skipta um skoðun ef á þyrfti að halda. Í fyrsta lagi, varðandi þessi orð sem ég síteraði, þá voru þau nú aðeins lengri af minni hálfu, þ.e.a.s. að ég vildi að auk þess að það yrði tekið tillit til þeirra réttinda sem menn kynnu að hafa áunnið sér – ég man ekki orðalagið nákvæmlega – að það væri þess vegna eðlilegur aðdragandi að öllum breytingum. En það sem vakti nú fyrir mér var fyrst og fremst það, að gjaldið væri markaðsverð en ekki einhvers konar pólitískt ákveðið verð. Það var svona kannski stráksskapur að nota þarna orðalagið upp úr eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, svona til þess að færa þetta í samhengi. En mér finnst Pawel og reyndar Ari líka hafa fært fyrir því nokkur rök að þetta kunni að vera glannalegt orðalag, þannig að ef það er brúkanlegt hugtak, þá kysi ég nú heldur að þarna stæði „markaðsverð“ eða eitthvað í þá veru og bið nefndina að íhuga það endilega.

Nú, ég hef áður lýst yfir eða spurt spurninga um 30. gr. Af hverju umhverfismál og upplýsingar um það og þáttur í ákvarðanatöku um þau eigi að vera sér á parti umfram margt annað sem mér finnst að almennigur eigi að fá upplýsingar um og taka þátt í... Mér er kunnugt um að Árósasamninginn – ekki árásar-, heldur Árósa-, ætlaði ég að segja – og veit svo sem hvað þarna er á bak við en engu að síður finnst mér þetta svolítið undarlegt.

Dýraverndunarákvæðið finnst mér einfaldlega betra eins og það er hjá Aðalheiða og skora á menn að kíkja á það, fyrir nú utan að ég spyri hvort þetta sé ekki þegar innifalið í náttúruverndargreininni sjálfri. En þarna eru orð, eins og Pawel nefndi í gamni frekar en alvöru, sem að má snúa út úr og við skulum reyna að gefa ekki á sér höggstað.

Ómar nefndi sinfoníur og þetta væri allt orðin hin besta sinfonía í hans eyrum. Sinfoníur geta verið mislangar og misgóðar. Sumar langar eru góðar en ekki allar. Mér finnst þessi sinfonía orðin nokkuð löng. Takk fyrir.

SN

Andrés Magnússon er næstur á mælendaskrá.

AM

Kæri formaður, ráðsmenn og áheyrendur og þið sem heima sitjið. Ég ætla að skipa mér í þennan stóra flokk sem hefur mært nefndarstörf A-nefndar. Mig langar að gera að umtalsefni hérna tvær greinar, 14. gr. og 29. gr.

Í 14. gr. segir: „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla.“ En svo byrjar strax önnur setningin: „Með lögum má þó takmarka þennan rétt“. Ég er að velta því fyrir mér: Af hverju þurfum við að hafa þessar takmarkanir, svo fremi sem fundarmenn ætla ekki að fremja eitthvað ólöglegt athæfi? Það er bannað að bera vopn. Það er bannað að kasta grjóti. Það er bannað að skemma eignir. Og ef þetta er einhver svona hita- og æsingafundur, þá er líka bannað að vera með hótanir á Íslandi. Þannig að ég bara velti fyrir mér hvort við þurfum þetta og er með breytingartillögu sem er þá bara þannig: „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla, svo fremi fundarmenn brjóti ekki almenn lög.“ Ég velti því fyrir mér hvort það þurfi nokkuð meira en þetta. Og síðan er það 29. gr., um náttúruauðlindir, sem er ágæt. En þarna er ég með semsé breytingartillögu líka vegna þess að það er mikil umræða úti í hinum stóra heimi um jarðhitaréttindi, semsé: Hvað eiga þau að ná langt niður? Einu sinni héldum við að það þyrfti ekkert að ræða um hafið, engum gæti dottið í hug að benda út á hafsauga og segja: Ég á þetta. En spurningin er hvort við þurfum líka að hafa svona skýrar reglur um iður jarðar, að menn geti bara sagt að þeir eigi land alveg niður að metli. Jarðhiti, hann er talinn þjóðareign í Indónesíu, Filippseyjum og víðar þar sem menn eru lengst komnir með að nýta hann. Og jarðfræðingar sem ég hef talað við, þeir segja mér að það þurfi að takmarka hversu langt niður þessi réttur nær; þetta sé þjóðareign ef það fer undir 10 metra, hafa sumir sagt, sumir 20 metra og sumir segja að það sé eðlilegt að miða við grunnvatnsborð. Þetta er orðið bara sambærilegt með hafið, semsagt hvað langt niður á þessi réttur að vera. Og ég er með breytingartillögu sem er svona: „Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu, virkjunar- og námaréttindi. Einnig öll vatns- og jarðhitaréttindi undir 10 metrum frá yfirborði jarðar.“ Semsé, að það sé tekið fram hvenær þetta er orðið sameign á ákveðnu dýpi. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um ferskvatn, vegna [þess] að það hefur oft komið sú staða, t.d. í Bandaríkjunum, þar sem að menn dæla vatni til átöppunar og þar með fara jarðirnar í eyði vegna þurrka í kringum verksmiðjuna. Já, takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka fyrir þær hollu ábendingar sem að hér hafa komið fram og við í A-nefndinni munum að sjálfsögðu taka mikið tillit til þeirra. Við höfum ráðfært okkur við marga sérfræðinga. Þeim ber ekki alltaf saman að öllu leyti, þannig að ég bið ykkur um að skoða það dæmi sem tekið var af smávægilegu misræmi milli okkar tilagna og sérfræðiálits, sem við fengum, í því ljósi. Mig langar líka að nefna það, að við höfum farið vandlega í gegnum ekki færri en 80 erindi sem okkur hafa borist frá fólkinu í landinu og okkur bíður þverhandabykkur bunki nýrra erinda sem við munum með líku lagi fara vandlega í gegnum. Við erum ekki komin enn á leiðarenda. Orð hafa ólíkan hljóm í ólíkum eyrum. „Öll erum við jöfn fyrir lokum... lögum“ er... [hlær, hlátur í sal] „Öll erum við jöfn fyrir lögum“ er umlykjandi orðalag í mínum eyrum, ekki útilokandi orðalag. Tveir fulltrúar gerðu athugasemdir við eða spurðu um „fullt gjald“. Fullt gjald er markaðsverð. Fullt gjald er hæsta gjald sem nokkur er fús að greiða, með líku lagi og fullt verð á markaði er hæsta verð sem nokkur er fús að greiða. Þannig að það á ekki að þurfa að vera neinum vafa undirorpið við hvað er átt. Og að lokum önnur athugasemd af svipuðum toga. Orðalag „óafturkallanlegt forræði“ er sótt í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna og á sér þar 20 ára gamla sögu. Og með því að hafa það inni í okkar texta erum við að girða fyrir hættuna á því að það orðalag sé numið brott úr lögum og fiskveiðistjórninni og auðlindastjórninni umturnað með því móti. Og mig langar bara að ítreka þakkir mínar fyrir þessar góðu umræður og fullvissa viðstadda og aðra um það, að við munum taka fullt tillit til þeirra. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég vona að ég sé ekki of neikvæður svona eftir hádegði. Ég hef nú verið ánægður með vinnu A-nefndar en finnst svona sumt núna vera heldur að versna og ætla að koma aðeins inn á örfá atriði. Í fyrsta lagi er það fundafrelsið. Mér finnst nú eiginlega bara gamla gildandi reglan betri: „Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglunni er heimilt að vera við almennar samkomur.“ Mér finnst þetta sérstaka leyfi ekki til bóta og þegar sagt er í upphafi 14. gr., um fundafrelsi „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis“, þá er það í stíl við aðrar greinar, bæði í áfangaskjalinu og gildandi stjórnarskrá vísbinding um að löggjafinn eigi að tryggja þennan rétt og útfæra. En þetta er það mikilvægur réttur, að funda, koma saman, mótmæla og annað, að hann á að vera stjórnarskrárbundinn. Hann á ekki að vera eins og ýmislegt annað, svona gefinn í skyn og svo útfærður af löggjafanum, skammtaður. Þannig að ég vildi hafa þetta meira í takt við gamla ákvæðið. En svo aðeins 13. gr., ég fór nú fram yfir hana. Ég sakna þess ákvæðis sem hér er lagt til að fari út: „Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.“ Ég held að það sé nú kannski bara ekki... Það hefði átt að nýta þetta. Það getur komið til þess að það þurfi að nýta þetta, t.d. út



af Hells Angels eða öðrum samtökum sem hafa, beint eða óbeint, ólöglegan tilgang. Og það að þetta hafi ekki enn verið notað þýðir ekki að það þurfi ekki að nota þetta, jafnvel á næstunni. Ég eiginlega hef ekki skilið ennþá af hverju dómsmálaráðuneytið hefur ekki látið að þetta reyna, miðað við núverandi aðstæður, og innanríkisráðuneytið núna.

Og aðeins varðandi 17. gr., um frelsissviptingu. Ég skil ekki alveg innskotid í 4. mgr., um tengslin við sakamála. Það er væntanlega verið að meina að lög-ræðssvipta þá sem afplána refsivist, að þeir eru sviptir frelsi. Og lögræðissviptir eiga jú rétt á að bera það undir dómstól og refsifangar eiginlega ekki, af því það er nú búid að taka á því í refsidómi, þannig að ég myndi kannski vilja fá betri skýringar á því af hverju þetta er nauðsynlegt.

Nú, ég er ánægður með að í 18. gr. er aftur komið, eins og ég benti á mjög snemma á ferlinum, að fullkomin lögjöfnun eigi að vera áfram gild refsiheimild. Það held ég að sé þörf á því, þó það sé, sem betur fer, ekki oft.

Svo er ég nú ekki alveg sannfærður um að þessi fjölgun orða í 21. gr., um réttláta málsmeðferð, sé til bóta. Mér fannst ágætis rök á fyrri stigum að orðið „öryggi“ tæki bæði til öryggis ríkisins og annarra, þ. á m. jafnvel málsaðila og vitna, eins og þarna er. Ég veit ekki alveg með allsherjarreglur, það er gott og gilt lagaorð en jafnvel hugsanlegt að öryggi nái til þess.

Nú, síðan varðandi 28. gr., um náttúru Íslands og umhverfi, þá vil ég nú taka undir með Þórhildi, að ég held að við ættum að varast að setja í stjórnarskrá eitthvað sem ekki er bara dýrt að tryggja – það getum við gert – en ómögulegt, eins og hún rökstuddi, með vind og strauma sem að við ráðum nú ekki við. Þannig að „ómengað andrúmsloft“ er full sterkur réttur að tryggja, þótt óbeint sé, í stjórnarskrá og kannski mætti frekar hafa þetta í stíl við heilsuákvæði sem að hefur verið fjallað um áður, að það sé „upp að hæsta marki“ eða með einhverju góðu íslensku orðalagi um það. Svo hef ég, eins og Pawel og Ari, þrátt fyrir skýringar Þorvaldar, nú og áður til mín, svolitlar efasemdir um þetta „fulla gjald“ í 3. mgr. 29. gr. Ég er ekki viss um að fyrirmyndin úr stjórnarskránni um eignarréttur, fullar bætur, sem er góð og gild, ég er ekki viss um að hún eigi við og kannski betra að segja þá bara það sem menn meina, ef menn meina með þessu markaðsverð. En það þarf jú að vera tryggt, eins og Ari benti á, að einhver vilji auka hag sinn og þjóðarinnar og fá þá einhvern sanngjarnan hluta af því sjálfur, þó að afgjald til þjóðarinnar sé mikilvægt líka. Nú, svo er ég nú ennþá svolítið efins um dýraverndunarákvæðin en hef ekki kannski beina tillögu í því efni. En þakka fyrir góðar umræður og gott starf. Takk.

SN

Já. Þá gerum við tíu mínútna hlé á fundi og eftir hlé tekur varaformaður við fundarstjórn.

AT

Þá verður fundi fram haldið og næstur talar Lýður Árnason. Lýður, gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur ráðsliðar og aðrir sem eru hér í salnum. Ég ætla að gera fyrst 14. gr. að umtalsefni, fundafrelsið.

Að mínum dómi ætti þetta bara að vera svona: „Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla.“ Ég get ekki séð að þurfi að vera neitt sérstakt í stjórnarskrá um það að takmarka svona fundahald, frekar en útihátíðir eða svoleiðis. Þannig að mér finnst nægja að hafa punktinn eftir fyrri málsgreinina. Svo ætla ég aðeins að vekja athygli á gr. 28. Það er semsagt um náttúru Íslands og umhverfi. Ég er svolítið sammála Pawel með þetta að „nýting náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist ekki til langframa“. Þetta er svolítið bindandi orðalag og ég bið nefndina að íhuga það að breyta þessu aðeins, þannig að það verði meira svigrúm. Varðandi að náttúra Íslands sé friðhelg, þá held ég að sé alveg rétt líka að þetta færi kannski vigtina nær náttúruvernd heldur en atvinnulífínu. Og svona í ljósi þess sem er að gerast hér og annars staðar í heiminum, þá tel ég það bara kost. Varðandi náttúruauðlindir, þá kemur hérna í 1. mgr. 29. [gr.]: „eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar“ sem mér finnst mjög gott. Það er spurning um að skipta „ævarandi“ út fyrir „eilíflega“. Svo er eitt hérna. Ég styð Ómar varðandi „skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi“. Það er líklegast betra að hafa bara „sjálfbæra þróun“ að leiðarljósi. Og þetta „fulla gjald“. Ef að þetta sé merkingin að þetta sé markaðsverð, þá finnst mér betra að segja það bara berum orðum. Svo er ég mjög ánægður líka með þetta síðasta, „óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindum“. Mér finnst það, svona í ljósi reynslunnar, ekki veita af því að taka sterkt til orða þarna. Svo varðandi dýraverndina, þá fagna ég því mjög að það sé komið ákvæði um dýravernd. Það gæti verið að það eigi að orða þetta betur og hugsanlega er einhver vinna í gangi varðandi það. Einhver var að tala um örverurnar og það er svo sem rétt, að það er erfitt að sýna örverum, sem maður sér ekki, gagnkvæma virðingu. En ég minni nú á það, að kvefpestir ráðsliða undanfarið, þær kannski sýna hvar þær eru að einhverju leyti. Gisli vill jafnvel sleppa þessu ákvæði. Ég hugsa að ég gefi honum hamstur. Svo ætla ég að segja að lokum varðandi sinfoníuna, að ég held að þetta sé bara góð sinfonía þó hún sé nokkuð löng. Ef við svona rokkum þetta aðeins upp í lokin, þá held ég að þetta sé æðislegt. Takk.

AT

Þá lýkur Örn Bárður Jónsson, framsögumaður, umræðu um skýrslu A-nefndar. Gjörðu svo vel, Örn.

ÖBJ

Fundarstjóri og góð systkin nær og fjær. Ég þakka þessa frábæru umræðu. Við í A-nefnd erum ekki flæðiskeri stödd, eigandi ykkur að sem hafið gefið okkur góð ráð, aðhald og hugmyndir og margt að móða úr og við munum skoða það og fara vel yfir það. Ég ætla að stikla á þessari umræðu. Það er að sjálfsögðu ekki meiningin að draga úr mannhelgi eða því sem var í upphafsgreininni með því að færa það í aðfararorð stjórnarskrárinnar, heldur finnst okkur að það eigi betur heima þar og ekki stendur til að gengisfella það. Auðvitað er ýmislegt sem hefur verið nefnt sem að varðar málsmekk og það er erfitt að deila um málsmekk: „mismunun“, „manngreinarálit“. Eins og var nefnt hér áðan, með orðalag sem Aðalheiði hefði þótt upphafið en þess ber þó að geta að t.d. í tillögum hennar voru í hennar eigin texta var orðalag sem okkur þótti upphafið, þannig að

það er alltaf spurning um hvornig maður metur þessi málblóm sem sett eru fram. En þetta auðvitað skoðum við og gaumgæfu.

Varðandi þetta með fundafrelsið: Við vorum að reyna að komast framhjá þessari grein [án þess] að lögregluna sérstaklega og vildum þá að það væri vísað til almannahags eða hvað það heitir í þarna í greininni – nú man ég það ekki í svipinn – en þið vitið hvað ég er að fara. Og við getum vissulega skoðað það að taka tillit til umræðu og skoðað hvort við getum orðað þetta með einhverjum öðrum hætti. Svo [vil ég] þakka fyrir ábendingu Írisar um greinar þar sem ekki er búið að samþykkja sem lög, þannig að við orðum þetta þannig að það verði víðara. Og þetta þurfum við að skoða. Varðandi auðlindirnar, þar sem talað er um „tiltekinn og hóflegan tíma“: Við viljum að tíminn sé hóflegur og við viljum gjarnan líka að það sé tiltekinn tími, af því að það er vont að vera með of teygjanleg orð inni í stjórnarskránni. Þess vegna væri gott að þetta væri hóflegur tími en gjarnan mætti tiltaka hann, þannig að það sé svona þessi jafna sem að ráði. Nú, það kann að vera að ég gleymi einhverju hér. Pawel nefndi þetta með hátíðlegan blæ og málfarið og ég var búinn að svara því varðandi það sem hún Aðalheiður sagði. Það eru að vísu sumir búnir að svara þessu með „sjálfbærni“. Við vorum ekki ánægð með það hugtak, ég skal viðurkenna það. En eins og Arnfríður benti á, þá er í greininni á undan, þar er skilgreint hvað við meinum með sjálfbærri þróun. Og við þurfum þá að skoða þetta betur.

Svo er hitt, að t.d. þegar við tölum um eignarrétt, þá segjum við að hann er friðhelgur. Og síðan er talað um að honum fylgi réttindi og það megi skerða hann. Og það er kannski eins með sjálfbæra þróun, að það hugtak, ef það er túlkað algjörlega bókstaflega, þá gæti það bannað okkur að dæla heitu vatni upp úr jörðinni, af því að það er hugsanlega takmörkuð auðlind. En ég held að við getum talað um sjálfbæra þróun án þess að túlka það hugtak bókstaflega í öllum tilfellum og við þurfum að ganga af varfærni um auðlindirnar og reyna, eins og hægt er, að skila þeim til komandi kynslóða. Og það er tónninn í greininni um náttúruna. Nú, svo er þetta með vopnleysið. „Hvort er Gunnar heima,“ var spurt í Njálu, „vitið þér það? En hitt vissi ég að atgeir hans var heima, sagði austmaðurinn.“ Já, eigum við að safnast saman „vopnlaus“, nefna það? Það kann að vera að við þyrftum að taka það inn en við tókum það út og munum skoða þetta auðvitað út frá umræðunni. Nú, það var þakkað fyrir breytingu á orðalagi, „við“, „okkur“ og það allt saman. Og svo vil ég nefna það hérna og taka undir orð Freyju, sem kom inn á réttinn til lífs og minnti okkur á það, varðandi fóstureyðingar, að það eru margar hliðar á því máli og skal fara af varfærni um það allt saman. Þorkell spurði: „Hvað þýðir það, Hverjum og einum ber að virða náttúruna og vernda.“? Það er tónn í þessum kafla um að þetta sé ekki bara við sem erum að krefjast af ríkinu einhvers, heldur erum við að minna á það að við erum hluti af þessu sjálf. Og það er þessi ábyrgð einstaklingsins og lögaðila sem þarf að koma og þar er t.d. verið að slá svona á svipaða strengi og er í frónsku stjórnarskránni og víðar. Varðandi upptalninguna í greininni um náttúruauðlindirnar, þá er mikilvægt að tilgreina hluti sem að þarf að hnykkja á. Það er auðvitað hægt að hugsa sér stjórnarskrá sem er nánast bara

í mjög stuttum setningum og tekur bara til aðalatriða. En við gerðum okkur grein fyrir því strax í byrjun að við yrðum að fara bil beggja, að tala skírt og greinilega en líka að skýra málið enn frekar með því að tilgreina vissa hluti, af því að það þarf á þessum tíma að hnykkja á þeim. Og stjórnarskráin er í senn svona tímalaus en líka barn síns tíma. Það er einhvern veginn jafnvægi þar á milli sem við erum að reyna að finna.

Þorvaldur er búinn að svara þessu með fullu gjaldi og það er búið að ræða það og okkur þykir rétt að þarna sé ekki eitthvert loðið orðalag sem gefi mönnum tækifæri til þess að hygla vinum og vandamönnum og slá af og sveigja þetta til og frá, þannig að þetta verði merkingarlaust og hafi enga þýðingu.

Ég ætla nú bara að nefna það, varðandi dýraverndina: sú grein var nú bara ekki í mínum pappírur en við munum taka til greina athugasemdir um hana, að sjálfsgöðu, og eins innsend erindi sem voru að berast eða barst í gær og við náðum ekki að vinna. Þannig að við skoðum það. Við skulum sjá. Nú, Gísli var hér með athugasemdir sem að við munum fara yfir og eins það sem Lýður sagði. Ég fer nú ekki nánar út í smáatriði í þessu en þakka ykkur öllum fyrir, ekki síst jákvæðar undirtektir og hrós í okkar garð – það er alltaf gott að fá strokur – en við tókum líka til okkar gagnrýni og skoðum hana og förum vandlega yfir þetta. Ég svo, áður en ég lýk máli mínu, bara að segja það að ég sakna hennar Ástrósar, sem að er sessunautur minn, hér í dag. Ég spurði hana fyrr í vikunni: „Hvenær áttu að eiga?“ Hún sagði: „Á föstudaginn.“ Og ég vil vona að henni gangi vel og óska henni og manni hennar og komandi barni alls hins besta og Guð geymi hann og blessi hann. Og ég veit að ég get talað fyrir munn okkar allra þó ég taki svona til orða. Bestu óskir til hennar. En við erum núna að nálgast tímamót og ég ætla að fá að segja örfá orð áður en ég lýk þessu. Við erum búin að vinna mjög vel og við erum langt komin með það öll að klára svona fyrstu drög að stjórnarskrá. Það er merkur áfangi. Mér finnst tíminn núna sem liðinn er hafa verið svona að vissu leyti eins og hveitibrauðsdagar: Við höfum verið á sléttlendi og geta farið út um víðan völl og leikið okkur dálítið og hugsað frjálst og sett fram hinar og þessar hugmyndir. En nú er þessum tíma að ljúka og við, á þessari vegferð okkar um þessar lendur mannréttinda og stjórnarskrár, við erum að nálgast núna fjallgarðinn. Og hann er fram undan. Og þá eru gil og skorningar og það eru fannir og klungur og jökulár og jöklar. En það eru líka gróðurvinjar og það eru auðnir, þar sem eru titrandi smáblóm og allt það. Og nú reynir á okkur. Hingað til hefur okkur tekist að eiginlega klára öll mál 25-0. Við höfum verið sammála um hlutina. Einstaka aðilar setið hjá við atkvæðagreiðslur. En nú er fram undan tími þar sem við þurfum að hjálpast að að komast yfir fjallgarðinn og gera það einarðlega, að mynda samstöðu og sýna samstarfsvilja og sveigjanleika og halda áfram þeim góða anda sem ríkt hefur meðal okkar hér í dag. Mig langaði svona til að segja þetta svona í lok dagsins og að við tókum þetta með okkur inn í helgina sem umhugsunarefni um vikurnar sem fram undan eru. Þær skera úr um það hvort okkur takist að gera þetta verk fallett og þannig úr garði, að því verði fagnað af þjóð og þingi. Takk fyrir frábæra umræðu í dag og frábær störf og njótiði helgarinnar öll. Takk fyrir.

AT

Þá er umfjöllun um tillögur A-nefndar lokið og ég þakka nefndinni fyrir mjög greinargóðar tillögur og framsögu og Erni Bárði þakka ég sérstaklega fyrir hans lokaorð sem við förum með inn í helgina. Við eigum þá aðeins eftir, undir þessum lið, að greiða atkvæði um þær tillögur sem fram voru hér bornar af A-nefndar, sem tillögur að breytingum á áfangaskjali. Þið þekkið þær öll og hafið þær á borðinu fyrir framan ykkur. Þær eru náttúrulega margar og við fjölyrðum ekki um það en göngum til atkvæðagreiðslu um samþykkt tillagnanna inn í áfangaskjal. Þeir sem að samþykkja þær, gjörið svo vel að gefa merki. [atkvæðagreiðsla] Þeir sem á móti kunna að vera. [atkvæðagreiðsla] Við höfum haft þann háttinn á að jafnaði að óska eftir hjásetu og ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að það eru örlítið los oft á ráðsfulltrúum. Þannig að það sé tryggt hverjir raunverulega sitji hjá, þá biðjum við um: Eru einhverjir sem sitja hjá? [atkvæðagreiðsla] Þá er atkvæðagreiðslu lokið og tillögur A-nefndar samþykktar inn í texta áfangaskjalsins.

## 5. Skýrsla B-nefndar

AT

Þá tókum við fyrir næsta lið á dagskránni sem er skýrsla B-nefndar og ég gef formanni B-nefndar, Katrínu Fjeldsted, orðið. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það, kæri fundarstjóri og ágætu áheyr-  
endur. Ég ætla að hafa mjög stutt mál um skýrslu B-nefndar. Við leggjum ekki fram til kynningar eða afgreiðslu inn í áfangaskjal að þessu sinni. Við höfum verið með mörg mál undanfarið og erum með í vinnslu breytingartillögur sem að fyrir liggja. Við höfum sömu-  
leiðis fengið heimsóknir frá sérfræðingum og þurfum að vinna úr athugasemdum þeirra. Þær athugasemdir og þær umsagnir verða að sjálfsgöðu senda út á heima-  
síðuna, eins og önnur málefni. Auk þess hefur okkur borist liðsauki og það var starfshópur í gangi um hluta af okkar verknefum en við munum halda áfram og erum með vissa vinnu í gangi um helgina líka. Það var ekki meira sem ég ætlaði að segja í bili. Takk fyrir.

AT

Þakka þér fyrir, Katrín. Þá er orðið laust um skýrslu B-nefndar. [þögn í 16 sekúndur] Það kveður sér enginn hljóðs og þá lít ég svo á, að umfjöllun um skýrslu B-nefndar sé lokið. Og þá er að nálgast slit fundarins. En að venju, þá kynnum við breytingartillögur sem fram hafa verið bornar. Og ég ætla að lesa þær hér upp og ég bið menn að fylgjast með hvort einhver saknar ein-  
hvers. Þá er það

- í fyrsta lagi breytingartillaga við ákvæði 5. gr. í tillögu C-nefndar um dómsvaldið, flutningsmaður: Eiríkur Bergmann Einarsson
- í öðru lagi breytingartillaga við ákvæði 7. gr. í tillögu C-nefndar um dómsvalið, flutningsmaður: Þorvaldur Gylfason
- í þriðja lagi breytingartillaga við ákvæði 3. mgr. 29. gr. í tillögu A-nefndar um mannréttindi, flutningsmenn: Ari Teitsson og Ómar Þorfinnur Ragnarsson

- og í fjórða lagi breytingartillaga við ákvæði 14. gr. og 29. gr. í tillögu A-nefndar um mannréttindi, flutningsmaður: Andrés Magnússon.

Þessum tillögum er vísað til framangreindra nefnda. Það eru engar athugasemdir við þennan lið. Þá er ekkert eftir annað en að slíta 15. ráðsfundi.

## 16. ráðsfundur 12.07. 2011.

12.07.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Skýrsla og tillögur A-nefndar
  - Mannréttindi, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Undirstöður, tillögur um breytingar á áður samþykktum eða kynntum greinum lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal (Frelsi fjölmiðla - breytt staðsetning. Þjóðkirkja - breytt staðsetning og efni.)
3. Skýrsla og tillögur C-nefndar
  - Kosningar og alþingismenn, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Utanríkismál, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
4. Skýrsla og tillögur B-nefndar
  - Störf Alþingis, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Ráðherrar og ríkisstjórn, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Stjórnvísla og eftirlit, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Forseti Íslands, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.
  - Sveitarstjórnir, tillögur um breytingar á áður samþ. gr. lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjal.

16. ráðsfundur - haldinn 12. júlí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll höfðu boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir og Freyja Haraldsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvuþósti þriðjudaginn 11. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

16. ráðsfundi framhaldið miðvikudaginn 13. júlí kl. 9.30 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Þá voru mættir eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll höfðu boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir og Freyja Haraldsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

### Umræður á 16. ráðsfundi

SN

Sextánda fundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hafa boðað Freyja Haraldsdóttir og Ástrós Gunnlaugsdóttir og við sendum Ástrósu sérstakar kveðjur í dag vegna þess að hún eignaðist son núna um helgina og verður því ekki með okkur í dag eða á næstunni.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og ef ekki berast athugasemdir hér, þá skoðast hún samþykkt. Það er vert að taka fram að, eins og kom fram í fundarboðinu, þá er semsagt vinnu við áfangaskjalið að ljúka með þessum fundi og það þýðir að breytingartillögur sem koma fram er vísað raunverulega inn í frumvarpsfasann, þannig að þær fara ekki til nefndar heldur verður að taka þær fyrir þegar við tökum fyrir frumvarpið sem verður í næstu viku.

#### 2. Skýrsla og tillögur A-nefndar

SN

Þá er komið að öðrum lið á dagskránni og ég bið Silju Báru Ómarsdóttur, formann A-nefndar, að taka til máls en það er mannréttindi og tillögur að breytingum á áður samþykktum greinum. Gjörðu svo vel, Silja Bára.

SBÓ

Takk fyrir, formaður, kæru félagar, góðir gestir. Við í A-nefndinni erum að kynna breytingar á nokkrum greinum, einum þrettán greinar, held ég. Og við

höfum, eins og aðrar nefndir, fengið umsagnir sérfræðinga til okkar og fengið fólk í heimsókn til þess að fara yfir drög og þeim greinum sem við höfum kynnt nú þegar. Flestar breytingarnar eru þess vegna yfirbrögð við athugasemdum frá sérfræðingum og reyndar tillögum frá ráðsliðum að auki. Við höfum lagt okkur fram við það að sýna öllum sjónarmiðum, sem okkur hafa borist og hafa komið upp í umræðum, skilning og virðingu en auðvitað er ekki hægt að koma til móts við ítrustu óskir allra. En við vonum og treystum að við höfum náð að þýssa þessar tillögur þannig að allir geti sætt sig við greinarnar. Tíminn hjá okkur í síðustu viku hefur að auki farið í það að vinna greinargerðir með frumvarpinu sem nú fer óðum að taka á sig mynd. En ég ætla að fara, vonandi frekar stuttlega, yfir greinarnar. Það tekur samt svolítinn tíma, reikna ég með. Ráðsfulltrúar eiga að hafa útprentaðar tillögur á borðunum hjá sér og þau sem eru að fylgjast með á netinu geta kíkt á áfangaskjalið.

Við kynntum hérna síðast hugmynd um að taka burt ákvæði um mannlega reisn en hún hefur risið á ný. Við ætluðum að setja inntak þessarar greinar inn í inn gangsgreinina eða aðfararorðin en þegar við fórum að leggja drög að orðalagi hennar, þá kom í ljós að þetta yrði ansi flókið. Þannig að greinin kemur aftur inn sem 1. gr. og hljóðar svo: „Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna.“ Þið heyrð að þetta er nokkur orðalagsbreyting og þetta er í samræmi við breytingartillögu frá Vilhjálmí Þorsteinssyni sem að var send nefndinni þegar ákvæðið var kynnt í fyrsta skipti. Umræðan hjá okkur hefur snert á því hvernig eigi að skilja þetta ákvæði: Er það rétturinn til lífs, sem er svona klassískur mannréttindayfirlýsingartexti sem við erum að setja inn eða er þetta rétturinn til að lifa með reisn og vera virk í samfélaginu? Og okkar skilningur í raun og veru er að áherslan hjá okkur er á þetta síðara, þetta virknisatriði í ákvæðinu. En við erum að leggja áherslu á jafnan rétt okkar allra, frá fæðingu til dauðadags, til virðingar á jafns við aðra og til þess að lifa með reisn og ráða okkar aðstæðum og okkar örlögum. Um leið eru lagðar á okkur skyldur til þess að virða margbreytileika mannlífsins og hugsunin hér er sú sama og 1. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna eða alla veganna sama hugsunin undirliggjandi. Þar er sagt að okkur beri að breyta bróðurlega hverju við annað.

Næsta breyting er síðan í 3. gr. sem við höfðum eitt hvað verið að vandræðast með. Þar er verið að leggja áherslu núna á það sem kallað er „þriðja manns áhrif“ eða „Drittwirkung“ í þýskum rétti. Hún fjallar um vernd réttinda og hljóðar þá svo: „Yfirvöldum ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra.“ Ákvæðið hefur verið einfaldað töluvert frá því sem það var í fyrstu kynningu, bæði til þess að réttarfarsleg áhrif þar séu skýrari og til þess að fella brott hina almennu skerðingarheimild, sem við höfðum áður í 2. mgr. Sú heimild þótti stangast töluvert mikið á við sértækar skerðingarheimildir í hinum ýmsu ákvæðum og opna of mikið á möguleikann til þess að skerða mannréttindi almennt. Það gengur gegn markmiðum okkar í A-nefndinni, þar sem við höfum lagt okkur fram við það að tryggja mannréttindi á sem skýrastan hátt í öllum okkar greinum.

Þá er það 6. gr. sem fjallar um rétt barna. Við höfum áður kynnt þessa grein og fengið athugasemdir frá t.d.

Unicef, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, um mótun hennar en höfum fengið mjög vandað og ítarlegt sérfræðiálit sem hefur styrkt ákvæðið og skýrt orðalag þess en betur. Og greinin er svolítið breytt, þannig að ég les hana alla: „Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar. Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.“ Við vorum þarna með upphafsmálslið sem að innibar að börn hefðu rétt til þess að njóta bernsku sinnar. Sá málsliður er felldur brott, að tillögu sérfræðings, sem taldi óljóst við hvað væri átt með þessu ákvæði og hvaða rétt mætti leiða af því. Og þá var bent á, að lengst af var talið að vegna barnæskunnar væru börn ósjálfstæðis, valdalausir einstaklingar og öðrum háð um allar ákvarðanir en í nútímabarnarétti væri lögð áhersla á að börn njóti almennra réttinda sem sjálfstæðir einstaklingar. Og þetta vildum við tryggja að skilaði sér, að við værum að undirstrika þetta sjónarmið og við túlkun á mannréttindaákvæðum eigi að taka mið af því hvernig börn geti notið réttinda sinna og beitt þeim. Við töluðum áður í þessu ákvæði um „ráðstafanir yfirvalda í málefnum barns“ og þær skyldu „þjóna hagsmunum“ barnsins. Við fengum ábendingu um að þessi fyrri hluti væri frekar takmarkandi og orðalagið ætti að vera opnara, þannig að það væru ekki bara ráðstafanir yfirvalda, heldur í raun og veru allra sem að hér koma inn í spilið; og að það að þjóna hagsmunum barns næði ekki að setja almennilega í forgang það sem barni er fyrir bestu. Þannig að þetta var okkur bent á að tengja við 3. gr. samningsins um réttindi barnsins, að forgangsraða því sem barni er fyrir bestu, að þetta væri lykilatriði í þróun mannréttinda barna. Þannig að ákvæðið gerir þá kröfu til þess að mál séu metin út frá sjónarhorni barna og ákvarðanir byggist á þekkingu á hagsmunum þeirra og þörfum. Þá var áður inni að taka ætti tillit til barnsins eða „tillit til vilja og skoðana barns“; þetta ætti semsagt að vera „tillit til skoðana“ eingöngu, þannig að þannig myndi ná fram því sem að barninu er fyrir bestu.

Þá er það 7. gr., sem að er skoðana- og tjáningarfrelsi. Hún var á einhverjum tímamarki bara tjáningarfrelsi. Orðalagið er lítillaga breytt. Aðgangur að netinu og upplýsingatækni er orðað aðeins öðru vísi og fyrirsögnin er ný. Það er semsagt 2. mgr. sem er breytt og ég ætla bara að lesa hana: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður.“ Þannig að þetta er semsagt orðið að tveimur málsliðum en markmiðið hérna er að brjóta þetta upp, að gera skyldu stjórnvalda til að tryggja [aðgang] að netinu og upplýsingatækni skýrari. Við höfum núna rétt nýlega fengið nokkuð ítarlegar athugasemdir frá sérfræðingi á þessu sviði, þannig að þetta gæti þurft að taka einhverjum breytingum núna í frumvarpsferlinu. En eins og allar hinar nefndirnar, þá erum við að fá athugasemdir náttúrulega ennþá sem að við höfum ekki náð að bregðast við.

Þá er það 8. gr., upplýsingafrelsi. Við höfum bætt inn persónuvernd sem dæmi um hagsmuni sem nota má til að takmarka upplýsingafrelsi og bætt inn málslið aftast í greinina sem kveður á um að ákvarðanir um

leynd þurfi að endurskoða reglulega. Þannig að loka-  
málgrein greinarinnar er þá svona í okkar tillögu:  
„Afhendingu gagna, geymslu þeirra og birtingu þeirra  
má aðeins setja skordur með lögum í lýðræðislegum  
tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi  
einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftir-  
litsstofnana. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir  
skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og  
takmörkun leyndartíma. Ákvarðanir um leynd skulu  
reglulega endurskoðaðar af óháðum aðila.“ Þannig  
að það er sérstaklega þessi síðasti málsliður sem að  
bætist við. Hugmyndin hjá okkur er að það þurfi að  
starfa einhvers konar nefnd, væntanlega sérstaklega  
skipuð, sem endurskoði ákvarðanir stjórnvalda um það  
yfir hvaða gögnum skuli hvíla leynd á hverjum tíma,  
þannig að það sé ekki hægt að setja hluti í einhvern  
leyndarfasa og láta þá bara liggja þar að eilífu.

Síðan kemur tillaga um það að færa frelsi fjölmiðla  
út úr mannréttindakaflanum og inn í undirstöðukafla,  
enda teljum við fjölmiðla mikilvægan þátt í rekstri  
lýðræðislegs samfélags, og hugmyndin þá er að, auk  
svona grundvallaratriða í stjórnskipun, verði tilteknar  
í þessum kafla grundvallarstofnanir í samfélaginu og  
um leið leggjum við til að ákvæði um þjóðkirkju eða  
kirkjuákvæðið færast út úr þessum mannréttindakafla  
og fari á sama stað, í þennan grunnstoðakafla. Efnis-  
lega er fjölmiðlaákvæðið óbreytt og ég ætla að kynna  
síðan aðeins seinna breytinguna á kirkjuákvæðinu en  
það er tillagan um flutning þessara tveggja ákvæða  
sem í raun og veru er áherslan hér.

Þá er það 12. gr. sem er fundafrelsi. Þar erum við  
að hnekkja á því að takmarkanir á fundafrelsi þurfi  
að vera bundnar í lög og nauðsynlegar í lýðræðis-  
legu þjóðfélagi. Markmiðið er að gera sýnilegt að  
slíkar takmarkanir skuli heyra til undantekninga.  
Og greinin er þá svohljóðandi: „Öllum skal tryggður  
réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem  
til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki  
háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla  
fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.“  
Og þá er það 14. gr. Hún hét áður „Ferðafrelsi“, hefur  
fengið lengra nafn: „Dvalarréttur og ferðafrelsi“. Fyrstu  
tvær málsgreinar eru óbreyttar og þær eru  
nokkurn veginn óbreyttar frá stjórnarskránni, ef ég  
man rétt. En 3. mgr. er bætt við hérna og hún fjallar  
um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og  
skjótrar málsmeðferðar. Og þessi viðbótarmálgrein  
er svohljóðandi: „Með lögum skal kveða á um rétt  
flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar  
málsmeðferðar.“ Þessi viðbót byggir á því að Ísland er  
aðili að Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna  
og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem banna  
brottvísun einstaklinga til heimalands eða annars ríkis  
þar sem líf þeirra eða mannhelgi er stofnað í hættu  
eða þeir eiga á hættu að verða fyrir ofsóknum. Og með  
þessari viðbót viljum við gera kröfu á ríkið að tryggja  
flóttamönnum og hælisleitendum þessa skjótu og rétt-  
látu málsmeðferð hér á landi. Fyrirmyndir eru sóttar í  
finnsku og þýsku stjórnarskrárnar, sem að styðjast við  
Flóttamannasamninginn, eins og þetta gerir.

Og þá er það 16. gr. Þar skjótum við inn orðunum  
„samkvæmt lögum“ til að tryggja réttlátan ramma utan  
um framkvæmd löggjöfnunar. Með þessari breytingu  
er horfið aftur til nágildandi texta stjórnarskrárinnar,  
fyrir utan að þar sem stendur núna „þegar hún átti

sér stað“ en núna segjum við „á þeim tíma“. Þannig  
að greinin er þá svohljóðandi: „Engum verður gert að  
sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi  
sem var refsiverð samkvæmt lögum þegar hún átti sér  
stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi.  
Viðurlög mega ekki verða þyngrri en þá voru leyfð í  
lögum.“ Þannig að þetta ákvæði er nokkurn veginn  
óhreyft þá frá nágildandi stjórnarskrá. 25. gr. heitir  
núna Menningarverðmæti. Það er eingöngu verið  
að breyta fyrirsögninni. Greinin stendur óbreytt og  
þarfnast vonandi ekki frekari skýringa. Þá er það 26.  
gr., um náttúru Íslands og umhverfi; henni hefur verið  
lítilllega breytt og er svohljóðandi: „Náttúra Íslands er  
undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og  
vernda.“ (Sjáum, er 2. mgr. ekki óbreytt? Held það.)  
Og þá 3. mgr.: „Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig  
að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur  
náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur.“ Þannig  
að þetta eru breytingarnar. Í orðalaginu sem upphaf-  
lega var kynnt stóð: „Náttúra Íslands er friðhelg.“ Og í  
staðinn kemur „Náttúran er undirstaða lífs í landinu.“  
Þetta er mun manniðaðri framsetning en hún kemur  
til móts við þau sjónarmið, að með þessu orðalagi um  
friðhelgi hafi mátt skilja að aldrei mætti hrófla við  
náttúrunni að neinu leyti, sem var ekki ætlun okkar í  
nefndinni. En með þessu viljum við reyna að koma til  
móts við þau sjónarmið. Og hin breytingin er að þar  
sem áður stóð „skerðist ekki til langframa“ stendur  
„skerðist sem minnst“ og er því breytt, þar sem sumar  
auðlindir er ekki hægt að nýta án þess að skerða þær  
að einhverju leyti og með þessu erum við að vísa til  
sjálfbærnisjónarmiða, að reyna skuli að skerða auð-  
lindirnar sem minnst við nýtingu.

Þá er að 27. gr., um náttúruauðlindir. Hún er líka  
lítilllega breytt: Aftast við 2. mgr. kemur nýr málsliður.  
Þar segir: „Með lögum má kveða á um þjóðareign á  
auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.“  
Þetta er gert skv. tillögu Andrésar Magnússonar,  
orðalagið kannski ekki alveg orðrétt það sem kom frá  
honum en í samræmi við umræður í nefndinni líka, að  
á einhvern hátt þarf að skýra að auðlindir fyrir neðan  
ákvæðið dýpi kunni að vera sameign þjóðarinnar. Við  
erum kannski aðallega að hugsa um vatn en það kann  
reyndar líka að vera olía eða annað, jarðhiti kannski.  
Og þá er 3. mgr. örllítið breytt líka og það er: „Við  
nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og al-  
mannahag að leiðarljósi.“ Þessi breyting er í samræmi  
við tillögu frá Ara Teitssyni og Ómari Ragnarssyni  
á síðasta ráðsfundi, með viðbótinni „almannahag“  
frá nefndinni. Þarna stóð áður „sjálfbærni“. Það var  
talið ófullnægja eða kannski misvísandi og væri hægt  
að skilja á ólíkan hátt og réttara talið að vísa til sjálfbærrar  
þróunar, eins og hún er skilgreind í Bruntland-  
skýrslunni og vísað var til á ráðsfundi hjá okkur síðast,  
þegar þetta var rætt. Nefndin bætti síðan við orðinu  
„almannahag“ og er þá ætlunin að vísa til hinnar  
félagslegu víddar sjálfbærrar þróunar, ekki eingöngu  
náttúrusjónarmiðanna.

Þá kemur 28. gr., um umhverfi og málsaðild. Hún  
er lítilllega breytt. Í staðinn fyrir að vísa í 2. mgr. til  
„aðildar að tengdum dómsmálum“ er málgreinin  
núna svohljóðandi: „Með lögum skal tryggja almenn-  
ingi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif  
á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til  
hlutlausra úrskurðaraðila.“ Þessi breyting er gerð til

að tryggja að heimild til aðildar að málum sem varða náttúruna og umhverfið eigi við, hvort sem að mál fara fyrir dómstóla eða til úrskurðar nefndar. En ef t.d. tillögur sem nú eru í vinnslu varðandi Árósasáttmálann verða að veruleika, þá er líklegri að farið verði þá leið að setja nefnd á fót og þá er vísan til aðildar að dómumálum of þröng til að nýtast neinum sem að vildi nýta sér þau réttindi sem Árósasáttmálinn segir. Síðan er í 3. mgr. örlítil breyting. Við felldum brott orðið „lög-bundnum“, „lögbumum meginreglum umhverfisréttar“. Það er að ráði sérfræðings á því sviði. Það eru fæstar reglur umhverfisréttar lögbundnar, þó þær séu mjög mikilvægar í dómaframkvæmd, þannig að þetta var talið réttara orðalag.

Og 29. gr., um dýravernd, er verulega stytta. Seinni málgreinin er felld brott. Þar var fjallað um líffræðilega fjölbreytni en hún er í raun og veru innifalin í greininni um umhverfi og náttúru Íslands. Og greinin er þá svohljóðandi: „Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda gegn útrýmingu.“

Þá er það 30. gr., Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum. Hún fjallar um skyldur ríkissins skv. alþjóðlegum samningum, eins og orðin gefa til kynna en tillaga frá okkur er að bæta við umhverfissamningum; þetta kom út úr spjalli við sérfræðinga á sviði umhverfisréttar, að hér væri eðlilegt að vísa líka til slíkra samninga. Og, bara rétt í lokin, að minna á að seinni málsgreinin í þessari tillögu er mjög breytt frá því sem upphaflega var og við ætlumst til þess og munum í greinargerð skýra að við teljum þörf á því að setja skýrar reglur um hvernig á að lögfesta slíka samninga, þannig að þeir öðlist þessa stöðu lex superior.

Og þetta er þá umfjöllun um mannréttindakaflann. En við gerum að auki tillögu um að færa tvær greinar úr honum yfir í undirstöðukaflann. Þessi kafli er sameiginlega á ábyrgð okkar í A- og B-nefnd og B-nefnd hefur þegar kynnt tvær greinar hér um handhafa ríkisvalds og yfirráðasvæði ríkisins. Og þarna erum við svona aðeins að velta fyrir okkur hvort þessi kafli eigi enn að heita Undirstöður eða hvort hann eigi að fjalla svona um skipulag samfélagsins á einhvern hátt, grunnstofnanir. En við sjáum það alla vega fyrir okkur að þessar greinar eigi betur heima þarna en í beinum mannréttindum. Og þá gerum við tillögu um að frelsi fjölmiðla, sú grein, færist óbreytt yfir, enda eru fjölmiðlar mikilvægir fyrir framgang lýðræðisins og að kirkjuákvæðið verði í þessum sama kafla. Við höfum áður kynnt tvær útgáfur af þessu ákvæði og gerum hérna tillögu um að báðar þær útgáfur verði felldar á brott. Við höldum sameiginlegan fund í liðinni viku með öllum nefndum – og það var eiginlega bara 100% mæting –, gerðum þar skóðanakönnun á afstöðu allra ráðslíða til fimm ólíkra kosta, sem að fóru frá því að fella brott vísan til þjóðkirkjunnar úr stjórnarskránni almennt eða hafa hana inni án kvaða, eins og er í núverandi stjórnarskrá; þannig misróttækar tillögur. Upphaflega tillagan, sem við lögðum fram hafði tvo kosti sem að færu í þjóðaratkvæði, hlaut lítinn sem engan hljómgrunn í þessari könnun. En sú leið sem hér er kynnt og bráðabirgðaákvæðið sem að við höfðum síðast rætt voru svona þau vinsælustu. Þessi tillaga var svona afgerandi sigurvegari, ef svo má segja.

Og þá leggjum við til að kirkjuákvæðið verði svohljóðandi: „Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan

ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.“ „Kirkjuskipan“ er hér notuð til að vísa til sambands ríkis og kirkju og við höfum rætt það áður að lögfræðingar eru ósammála um það, hvort að breyting sem þessi sé breyting á kirkjuskipan skv. núverandi stjórnarskrá. Við teljum svo ekki vera. Með þessu er viðurkennt að þjóðkirkja getur verið og starfað í landinu, eins og er skv. núgildandi lögum, og samningur milli aðila, milli þjóðkirkjunnar og ríkisins. En eigi að taka ákvörðun um að breyta þessu þurfi áfram að leggja málið í dóm þjóðarinnar, þótt ekki sé lengur þörf á því að breyta stjórnarskránni til þess. Þannig að þetta svona útfærslan. Og auðvitað myndi þá líka, skv. þessu, alla vega í mínum skilningi, hið gagnstæða vera satt, að ef taka ætti upp þjóðkirkju á einhverjum tímamarki, þá þyrfti líka þjóðin að samþykkja það.

En þetta lýkur þessari yfirferð um breytingartillögur okkar frá A-nefnd. Við vonum að þetta hljóti góðan hljómgrunn í ráðinu og mig svona sérstaklega í lokin, þar sem að þetta er síðasti ráðsfundurinn með þessu sniði, að vinna að áfangaskjalinu, að þakka samstarfsfólki mínu í nefndinni – Erni Bárði varaformanni, Þorvaldi, Kötu, Illuga, Freyju, Dögg og Arnfríði – fyrir einstaklega skemmtilegt, gefandi og fræðandi samstarf og hlakka til að taka lokasprettinn með þeim og með ritara okkar, Andrési Inga, sem að hefur staðið sig eins og hetja, alltaf með bros á vör, sama hvað við erum að flækjast mikið fyrir honum. Takk fyrir.

SN

Já. Þakka formanni nefndar A fyrir kynningu á breytingum á tillögum sem eru nú í áfangaskjali. Og þá er orðið laust. Já, þá er það Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður, ágætu félagar. Það hefur nú ríkt sátt, svona að mestu leyti, um mannréttindakaflann. Og það er auðvitað mjög gott. Mér sýnast þessar tillögur A-nefndar að texta í áfangaskjal, margar þeirra a.m.k. eða nokkrar, ekki til þess fallnar að bæta mannréttindakaflann. Ég skal nefna tvö atriði. Það er í fyrsta lagi, þá er í 1. gr. fjallað um mannlega reisn. Á síðasta ráðsfundi var umræða um þetta atriði. Það var tekin sú ákvörðun að fella ákvæðið um rétt til lífs úr mannréttindakaflanum og síðan var því haldið fram, að þetta yrði sett í undirstöðukaflann. Nú hefur þessu verið varpað fyrir róða, þannig að það er ekki lengur í undirstöðu kaflanum. Nú, á sínum tíma, þá samþykkti Ísland aðild mannréttinasáttmála Evrópuráðsins og það var 4. nóvember 1950 og þetta ákvæði hefur alltaf verið þar inni og þess vegna hef ég ekki heyrt nein rök fyrir því hvers vegna það á að fella þetta út. Sérstaklega í ljósi þess, að nefndin, A-nefndin, hefur lagt þunga áherslu á að taka inn mannréttinasáttmála, alþjóðlega mannréttinasáttmála, og leggja áherslu á að þá beri að virða. En þarna er komin ákveðin breyting og hún hefur ekki verið skýrð. Nú, annað atriði. Það er í sambandi við fjölmiðlafrelsið. Þetta ákvæði var í mannréttindakaflanum og nú er verið að færa þetta ákvæði úr mannréttindakaflanum í undirstöðukafla, skilst mér. Og hér er um hreina mannréttindahagsmuni að ræða. Þannig að þarna er um að ræða frelsi fjölmiðla og mannréttindahagsmuni þeirra, blaða-

manna og annarra sem að starfa við þetta. Það myndi auðvitað treysta mannréttindi þeirra sem starfa – og ekki veitir nú af að tryggja frelsi fjölmiðlanna á Íslandi, það er ekki nokkur vafi á því. Þess vegna legg ég til að þetta... En það eru nokkur önnur atriði en ég vil nú ekki vera of langorður. En þetta tvennt, varðandi lífsréttinn eða réttinn til lífs og síðan þetta með frelsi fjölmiðla. Ég þakka fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég vil nú fyrst bara þakka fyrir það, að mín gamla breytingartillaga, sem ég var nú sannast sagna búinn að gleyma, hún fékk á endanum uppreisn æru og er nú komin inn í 1. gr. og fagna því sérstaklega að „öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki lífsins skal virtur í hvívetna.“ Mér finnst þetta falleg grein og afskaplega ánægður að sjá þetta. Aftur á móti, þetta í greininni sem heitir Vernd réttinda, þar er komið orðalag þarna, að „tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra“: það finnst mér aftur á móti ekki alveg eins fallett orðalag. Það er svona smekksatriði hvort menn gætu fundið eitthvað svona fallegra þar. Nú, síðan fagna ég því aftur, í skoðana- og tjáningarfrelsinu, að þar er kveðið á um óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni og [ég vil] bara áréttu, af því að maður heyrir alveg misskilning á þessu, að þarna er náttúrulega fyrst og fremst verið að segja, að það meg ekki hefta aðgang fólks að netinu; það er ekki það að allir eigi að fá ókeypis internet eða eitthvað svoleiðis. Og það auðvitað væntanlega mun koma skýrt fram í greinargerð. En það að stjórnvöld geti ekki heft aðgang fólks að upplýsingamiðlun í gegnum netið er mjög mikilvæg lýðræðisbreyting eða semsagt styrking á lýðræðinu, sem mun skipta máli í framtíðinni.

Í upplýsingafrelsinu, þá er komið þarna aftast orðalag um að „ákvarðanir um leynd skulu reglulega endurskoðaðar af óháðum aðila“. Þetta er svolítið veikt orðalag og hefði kannski mátt tiltaka tóna, skv. nánari ákvæði í lögum, og herða eitthvað á þessu. En þetta er auðvitað betra en ekkert. Svo vildi fagna alveg sérstaklega nýjunginni í 14. gr. um dvalarrétt og ferðafrelsi, þ.e.a.s. „með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitanda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar“. Þetta finnst mér vera mjög gott atriði að fá í stjórnarskrá. Þetta er dæmi um mál sem gæti átt undir högg að sækja í einhverjum pópúlismabylgjum sem hætta er á að gætu riðið yfir einhvern tímunn síðar og ég er mjög ánægður með það, að þessi réttindi hælisleitanda og flóttamanna fái stjórnarskrárvernd og þau eiga heima í mannréttindakafla í stjórnarskrá. Svo í Náttúru Íslands og umhverfi, þá var þar orðalag um að „náttúra Íslands sé friðhelg“, sem ég sé að menn eru búnir að breyta núna í „náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu“. Þetta finnst mér líka gott vegna þess að orðalagið var svolítið yfirdrifið, eins og það var, og kannski með þeim hætti að það var ekki eiginlega hægt að taka það alveg bókstaflega. Og það veikir stjórnarskrána að hafa svoleiðis orðalag sem að fólk getur ekki alveg lagt fullan trúnað á, þannig að þetta er mun betra svona. Og sama gildir um breytinguna þarna í 3. mgr. um að nýtingu náttúrugæða skuli haga þannig,

að þau skerði sem minnst til langframa. Þarna er aftur semsagt bara verið að færa orðalag til samræmis við það sem er raunverulega hægt að gera.

Nú, svo sé ég það, að við í B-nefnd höfum fengið hér að gjöf frelsi fjölmiðla og þjóðkirkju inn í undirstöðukaflann og fögnum því náttúrulega. En, svona að gamni slepptu, þá er það örugglega ágætis ráðstöfun og þetta kemur þá náttúrulega mjög snemma inn í nýju stjórnarskrána og það fer kannski bara vel á því. Nú, þjóðkirkjuákvæðið er auðvitað ákveðin málamiðlun. Það hafa verið miklar umræður hér í ráðinu um þetta. Ég hef alltaf sagt að það væru tvö meginatriði í því máli frá minni hálfu. Í fyrsta lagi, þá væri ekki stjórnlagaráðs að ákveða hvort það yrði þjóðkirkja í landinu eða ekki. Og í öðru lagi, að það ætti ekki að greiða atkvæði um þjóðkirkjuna samhliða stjórnarskránni. Og þetta ákvæði uppfyllir þessi skilyrði og ég gæti vel sætt mig við það eins og er, þó ég hefði kannski viljað hafa ennþá afdráttarlausari ákvæði um að staða kirkjunnar yrði endurskoðuð innan tiltekins tíma, t.d. fimm ára, eins og var hér á tímabili í umræðu. En þetta er vel viðsættanlega. Þetta er það sem ég vildi sagt hafa. Takk.

SN

Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já, kæru vinir. Mín afstaða til heildarendurskoðunar mannréttindakaflans er nú þekkt og hefur legið fyrir. Ég hef nú verið efnis um það, þannig að ég ætla kannski ekkert að þreya hvorki aðra ráðsfulltrúa né aðra sem á hlýða á því tali enn einu sinni. Míg langar þó að fagna því að menn séu byrjaðir að taka hluti út úr mannréttindakaflanum sem eiga þar ekki heima og hvet til að því verði haldið áfram í einhvern kafla sem er kannski hægt að kalla Þjóðnýtingar- og þjóðernishyggi eða eitthvað svoleiðis. Og þar dettur mér í hug að greinin um menningarverðmæti ætti sannarlega að færast sem fyrst, því að ég sé ekki að þetta bann við það að selja málsverk úr landi séu mannréttindi, þótt það meg auðvitað teygja það til, eins og menn vilja og það fer auðvitað eftir því, hvað hverjum og einum finnst og hvar hans áherslur í lífinu liggja. Svo ég held áfram í greinar, sem ættu frekar heima í þeim kafla heldur en kaflanum um mannréttindi, þá er þarna grein um náttúru Íslands og umhverfi sem hefur verið breytt, t.d. er hún ekki lengur tiltekin sem friðhelg, sem er í sjálfu sér fagnaðarefni, því það var grein sem hefði nú verið hægt að dæma með ýmsum hætti. Í staðinn er tekið fram, að „náttúra Íslands [sé] undirstaða lífs í landinu“ og það er gott að það komi fram. Ég er því sammála. Það mundi vera erfitt að hafa líf í landinu án náttúru Íslands. En það má kannski velta fyrir sér hvort þetta sé lagagrein, sem er þá líklegt að sé hægt að gera eitthvað með, eða hvort þetta sé einfaldlega bara svona yfirlýsing. Og ef þetta er bara svona fullyrðing um eitthvað ástand sem hefur ekkert að segja mikið, þá er spurning hvort það sé eitthvað sem eigi heima í stjórnarskrá. Nú, sama á við um þá viðbót, að náttúrugæði eigi að skerðast sem minnst. Það er auðvitað betra heldur en að þau geti ekki skerst, því að til eru náttúrugæði sem verður, eðli málsins samkvæmt, að ganga á ef þau á að nýta en „sem minnst“ þýðir nú líka mjög lítið. Ég meina, ef menn byrja að



skerða olíu eða námaréttindi með einhverjum hætti, þá má alltaf segja, að það sé hægt að gera minna af því. Þannig að það er ekkert endilega að við höfum svona tekið algjörlega fyrir möguleika til þess að túlka þetta með ákveðnum hætti. Ég hnýt auðvitað líka um það, að svona ef ég skoða kaflann í heild sinni, þá miðað við að ekki sé verið að gera breytingar á grein um eignarréttinn, þá eru þarna ennþá inni um að nýting eignarréttar megi ekki ganga gegn almannahag, og það eitt per se er nú ástæða fyrir mig til þess að efast um það, að ég geti staðið að baki þessum kafla svona heils hugar. Nú, í kaflanum um náttúruauðlindir, þá hefur ýmsu verið breytt en þó hefur ennþá ekki verið tekið tillit til þeirra miklu athugasemda sem borist hafa alla vega frá einum fræðimanni um það að kaflinn sé svolítið svona upphrópunargjarn og mikið af orðum eins og „ævarandi“, sem kannski mætti tóna niður og gera greinina þá sterkari en alls ekki veikari [að] því leyti. Nú, eins og áður sagði, þá hef ég efasemdir um þetta ferli við það að endurskoða mannréttindakaflann svona mikið á þessari stundu og ég mun þá sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu. En þegar á hólminn er komið, þá mun ég með opnum huga nýta það tækifæri að sjá hvort sá kafli sem liggir fyrir sé betri eða síðri en sá sem við höfum í dag og taka ákvörðun með hliðsjón af því. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Kærar þakkir og kærar þakkir, Silja Bára og nefnd A, fyrir ykkar tillögur og ykkar vinnu í þessu ferli. Mig langaði að tæpa aðeins á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi varðandi 7. gr., þá leikur mér svolítill forvitni á að fá að vita hvað felst nánar í 2. mgr. núna, eins og hún er lögð fram eftir breytingu eða tillögu til breytingar og hvaða skylda er lögð á stjórnvöld að þessu leyti. Er hægt að nefna kannski einhver dæmi um það sem nefndin sér fyrir sér að felist í þessu? Mér finnst þetta kannski svolítið óljóst fyrir mig að lesa þetta svona, þannig að ég myndi gjarnan vilja sjá það. Í öðru lagi varðandi 8. gr., þá er það varðandi síðasta málslið 4. mgr. varðandi reglulega endurskoðun ákvarðanatöku. Nú eru sumar ákvarðanir endanlegar og ekki er hægt að endurskoða þær. Kannski eru þannig séð – hvað á maður að segja – það er ekki hægt að breyta þeim síðar vegna þess að réttaráhrif þeirra hafa þegar komið fram. Þær er bara ekkert hægt að endurskoða. Svo er þarna átt við lagabreytingar, að reglulega séu endurskoðuð lög sem lúta ákvarðanatöku um það, hvað skuli bundið trúnaði hverju sinni. Ég mundi gjarnan vilja heyra aðeins nánar um þetta. Svo er það varðandi 25. gr., varðandi menningarverðmæti. Ég hef svo sem áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessarar greinar. Ég var fjarverandi vegna veikinda þegar þessi grein og aðrar sem henni voru samhangandi voru afgreiddar inn í áfangaskjal en ég gerði grein fyrir minni afstöðu hvað þetta ákvæði varðar í kjölfar þess að nefndin lagði fram kaflann til kynningar, hérna á 10. ráðsfundi í byrjun maí. Þá lagði ég til breytingartillögu á greininni, þar sem að mér þykir hún vera að vissu leyti óljós og óskýr og hana skorti efnislegt inntak. Ég taldi á þeim tíma og tel enn að hana megi útfæra betur. Þá benti ég sérstaklega á, eins og Silja Bára nefndi, á þeim tíma að

það væri vafasamt eða það þyrfti aðeins að skoða með hvaða hætti þetta snerti handritin sem Íslendingar fengu afhent á sínum tíma frá Dönum og hvort um sé að ræða gjöf eða hluti sem voru afhentir til varðveislu. Og þar sem lagaleg staða þeirra er óljós, þá velti ég fyrir mér hvort þarna sé ætlunin að festa hendi á eitt-hvað sem við séum bara hugsanlega ekkert viss um að við eigum. Síðan þá höfum við fengið náttúrulega athugasemdir sem að get að flestu leyti tekið undir. Og þar var bent á t.d. að óþarfi væri að setja fram svona ákvæði í stjórnarskrá, það væri ekki þörf á því, og vísað einnig til þess að stjórnarskrár Dana, Norðmanna og Svía innihalda ekki svona ákvæði og það var menntamálaráðuneytið sem m.a. hafði þessa skoðun. Ég, eins og mér þykja allar tillögur nefndar A góðar í dag fyrir utan þessa, þá sé ég mér ekki stætt á að greiða þessum tillögum öllum atkvæði mitt í dag og ég mun sitja hjá. Ég hef hins vegar áður lagt fram tillögu um að greinin verði afgreidd aðskilin frá öðrum ákvæðum sem að eru henni samhliða þegar verið er að afgreiða þennan heildarpakka og ég geri það enn og aftur að tillögu minni að þessi grein verði afgreidd sér, þannig að ég geti þá alla veganna greitt með öllum hinum ákvæðunum eða öllum hinum greinum í kaflanum en ekki þessari, því miður. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég vil þakka þetta góða starf sem A-nefnd, mannréttinda-nefndin okkar, er við það að ljúka og mér sýnasta nánast allar þessar breytingar vera til bóta. Fyrst langar mig nú að taka undir með Írisi Lind með að það sé nú eðlilegt að greiða atkvæði sérstaklega um ákvæði, annað hvort öll ákvæði eða þau ákvæði sem einstakir fulltrúar óska eftir, þannig að þeir geti þá stutt annað en lagst gegn eða setið hjá öðru, í staðinn fyrir að leggjast gegn eða sitja hjá við allan kaflann. Og þessu tengt langar mig að spyrja hvernig verður farið með atkvæðagreiðslur og breytingartillögur á þessum fundi. Formaður nefndi það á óformlegum fundi í gær, að það yrðu greidd atkvæði um breytingartillögur og ég vænti þess að það standi, enda liggja hér fyrir, alla vega um aðra kafla, nokkrar breytingartillögur. Nú, aðeins að þessum tillögum. Ég er mjög ánægður með 3. gr. er komin inn aftur eða er í þessu formi varðandi lárétta eða þriðjumannsvernd mannréttinda. Ég er nú eiginlega sammála Vilhjálmi um að „ágangur“ er kannski ekki gott orð en ég fann nú ekkert betra þegar ég fékk að lesa þetta yfir í drögum. „Íhlutun“ datt mér í hug eða „skerðing“ en sjálfum fyndist mér hins vegar að orðið „yfirvöld“ mætti breytast í „handhafa ríkisvalds“, þannig að þetta hljómaði svona: „Handhöfum ríkisvalds ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra.“ Og þarna er nú aðalmeiningin kannski að tryggja þetta gagnvart ágangi annarra. Þannig að kannski þarf ekki að nefna ríkisvaldið þarna, vegna þess að það ganga nú flest mannréttindi út á. Þetta er nú spurning um orðalag.

Mér list vel á breytinguna í barnaákvæðinu númer sex. En síðan er smá athugasemd varðandi 7. ákvæði, um skoðana- og tjáningarfrelsi. Ef ég skildi formann nefndarinnar, Silju Báru Ómarsdóttur rétt, þá er hér

verið að bæta við ákvæði sem að lýtur að frelsisréttindum, þ.e.a.s. það er bannað að skerða aðgang að netinu. Þetta eru svokölluð neikvæð frelsisréttindi og þá legg ég til að við orðum það í samræmi við og segjum bara að ríkisvaldinu sé óheimilt að hefta aðgang að netinu. Við segjum það sem við meinum, eins og við gerum almennt í þessum stjórnлагаumbótum okkar. Orðalagið eins og það er núna, „óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður“ – hann er í takt við svokölluð jákvæð eða póstív mannréttindi sem að tryggja fólki efnahagsleg eða félagsleg réttindi frá ríkinu. En hér er semsagt meiningin önnur, þ.e.a.s. að tryggja borgarana fyrir ágangi ríkisvalds. Ég vona að menn átti sig á þessum mun á neikvæðum og jákvæðum réttindum, sem að mál mitt heyrna, en við höfum rætt um það áður hér í ráðinu. Aðeins varðandi 12. gr. um fundafrelsi. Ég sakna enn þess sem ég nefndi á síðasta fundi, að það er getið um það í gildandi stjórnarskrá, að menn eigi rétt á að safnast saman vopnlausir. Mér fyndist fara vel á því, að friðelskandi þjóð kvæði á um þetta, að það eru vopnlausir fundir sem eru tryggðir, öfugt við t.d. stjórnarskrá Bandaríkjanna, sem tryggir mönnum rétt til þess að ganga með vopn.

Þá er ég ánægður með 26. gr., að það sé svona ákveðið raunsæi komið þarna inn um að það megi nú nýta náttúruna. Og síðan langar mig að nefna það sem ég nefndi nú óformlega við tillöguflytjanda síðast varðandi 27. gr., um náttúruauðindir. Það er komið inn nýtt ákvæði: „Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.“ Þetta er að vísu í samræmi við tillögu Ólafs Jóhannessonar fyrir um 50 árum í riti um stjórnskipunarrétt og hefði kannski verið betra að gera það fyrr. En það er gott að setja þetta inn. En það er spurning hvort þetta mætti vera valkvætt. Þetta væri ekki bara bundið við tiltekna dýpt frá yfirborði, heldur líka kannski tiltekið orkumagn, þannig að landeigandi geti átt einkaeignarrétt á t.d. tilteknu orkumagni fyrir bú sitt eða fyrirtæki. En ég er samþykkur því markmiði sem liggur í þessu, að stórnotendur eða mikil orkunotkun eigi að vera í þjóðareign frekar en einkaeignarrétti. Nú, að síðustu vil ég fagna nýmælinu sem hér er kynnt aftast á plagginu, um þjóðkirkjuna. Þetta er, held ég, alveg frábær málamiðlun og felur í sér að þjóðkirkjuskipan er ekki raskað með tillögum okkar, heldur er aðeins flutt vernd þjóðkirkjunnar – það er nú dregið úr verndinni, það er ekki neitt um það í stjórnarskránni nýju, að það skuli styðja sérstaklega við þjóðkirkjuna frekar en önnur trúfélög. En þessi tillaga felur í sér, að lagalegri stöðu þjóðkirkjunnar er breytt, þannig að hún er ekki lengur stjórnarskrárvarin, heldur bara lögvarin þangað til Alþingi ákveður breytingu á því eða tiltekinn hluti kjósenda leggur til og fær í gegn með þjóðaratkvæðagreiðslu að breyta því. Þannig að raunverulegri stöðu kirkjunnar er ekki breytt en lagalegri stöðu hennar er breytt og ég vil fagna þessari málamiðlun sem að ég held að muni leggjast vel í þjóðina. Takk.

SN

Já, það er rétt sem kom fram í máli Gísla að því var hreyft á óformlegum fundi í gær, að breytingartillögur væru teknar fyrir núna. En síðan var ákveðið af stjórninni að breytingartillögum yrði vísað í frumvarpsfasa og það kom fram í fundarboði, þannig að

þær verða sem sagt ekki teknar, eins og þú segir hér... „Breytingartillögur fulltrúa sem fram kunna að koma á fundinum munu því koma til umfjöllunar síðar með sama hætti og breytingartillögur við frumvarpsdrög.“ Þannig að það kom fram í fundarboðinu. En næstur á mælendaskrá er Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Fundarstjóri, ágætu áheyrendur. Ég vil þakka A-nefnd fyrir vönduð vinnubrögð og ríffa upp gamla máltækið „lengi getur vont versnað“. En nýja máltækið er „lengi getur gott batnað“. Og víðast hvar í þessum greinum hefur orðið heilmikil bót. Ég ætla aðeins að fá að hlaupa yfir örfáar greinar í stuttu máli. Í fyrsta lagi 7. gr., þá velti ég fyrir mér orðalaginu með „óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður“. Í mikilli tækniframför og hraðri í heiminum getur þetta orðið kannski svolítið broslagt eftir áratugi, þegar netið er horfið og komið eitthvað allt annað, alveg eins og við værum að tala um faxtæki fyrir 20 árum. En hugmyndin og hugsunin er ágæt. Ég er ekki viss um að orðið „net“ standist endilega tímas tön. Í 12. gr. er ég sammála Gísla Tryggvasyni að það væri æskilegt að hafa orðið „vopnlausir“ með í greininni en greinin hefur tekið framförum og ég er í sjálfu sér ánægð með hana. Það er um fundafrelsi. Ég fagna líka viðbót í 14. gr., um rétt flóttamanna og hælisleitenda, og tel að það sé mjög til bóta að kveða á um slíkt í mannréttindakaflanum.

Þá er það 25. gr., um menningarbrögð. Ég orðaði það á ráðsfundi, þegar þetta var til umræðu áður að með orðalaginu „dýrmætar þjóðareignir sem heyrna til íslenskum menningararfi“ mætti telja t.d. íslensk þjóðlög og ég held að menn hafi ekki endilega verið að hugsa um tónlistina í þessu en íslensk þjóðlög eru auðvitað þjóðararfur og menningararfur okkar og í öllum löndum er þjóðlög grunnur að öðrum tónverkum og það þýðir þá útsetningar og tónverk sem eru samin í stíl þjóðlaga og eitthvað tekin úr þeim. Ég vil nú ekki verða til þess, hér í stjórnlagaráði, að koma í veg fyrir að íslensk þjóðlög verði notuð og heyrist um veröldina. Þess vegna finnst mér þessi grein – og tek undir með Írisi – að ég get ekki samþykkt þessa grein í ljósi tónlistarinnar.

Nú, þá er það 26. gr. Ég fagna aftur þarna ferska vatninu sem að ég benti á að þyrfti að vera með. En ég var mjög ánægð með málsliðinn fyrsta í 1. mgr., „Náttúra Íslands er friðhelg.“ Ég hefði gjarnan viljað sjá hana standa áfram en auðvitað er ég sammála því að náttúra Íslands sé undirstaða lífs í landinu. En friðhelg er hún í mínum huga og verður áfram, hvert sem orðalagið verður hér. Ég var líka mjög ánægð með málsgreinina sem sagði „Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig, að þau skerðist ekki til langframa“. Nú er orðalagið að þau „skerðist sem minnst til langframa“. Ég mun sætta mig við það en mér fannst fyrra orðalagið betra. Í 27. gr. er mjög gott að fá orðalagið „sjálfbæra þróun“ inn í staðinn fyrir „sjálfbærni“. Í 28. gr., að orða greinina „Upplýsingar um umhverfi og málsaðild“ með þeim rökum sem komu fram hjá formanni A-nefndar, Silju Báu Ómarsdóttur, og tilvísan til Árósasamkomulagsins; finnst það mjög gott að það komi skýrt fram í heiti greinarinnar. Nú, síðast en ekki síst ætla ég að fagna því hvernig A-nefnd tekur á málefnum þjóðkirkjunnar. Ég hef lýst þeirri skoðun

minni hér, að mér finnst ekki eigi að kveða á um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá, án þess að ég vilji með því raska kirkjuskipan ríkisins í sjálfu sér, en er mjög sátt við það, hvernig A-nefnd hefur á mjög diplómáttiskan hátt og miklu viti orðað þetta og það er mér mjög til þægðar. Og takk fyrir þetta.

SN

Ég gleymdi að svara Írisi Lind áðan, þegar hún bar það upp hvort að ætti að taka fyrir 25. gr. sérstaklega. Við höfum yfirleitt ekki gert þetta, að taka hverja grein fyrir sig til meðferðar, þannig að við ætlum... Eigum við að gera það núna? [viðbrögð úr sal] Við höfum náttúrulega ekki gert þetta, þannig að það var hugmyndin að við gætum gert þetta frekar þá þegar... í næstu atrennu, þegar kosið verður líka um hverja grein. Í þarnæstu atrennu. En í frumvarpsfasanum er líka hægt að gera athugasemd. Er það ekki hérna...

ÍLS

Ég vil ekki gera efnislega breytingu.

SN

Ókey, eigum við þá ekki bara að kjósa um það hvort það eigi að taka hana fyrir sérstaklega? Þeir sem eru því samþykkir? Eða eigum við ekki að gera það bara núna? Já. Þeir sem eru því samþykkir, að taka hana fyrir. Nei, bíddu nú við... Já.

AT

Ættum við ekki bara að taka þetta fyrir frekar á eftir, áður en við...

SN

Áður en við bara... Þegar við förum í... Ókey, þá gerum við það. Fyrirgefði þetta. Þetta kom aðeins óvænt á mig. Þá gerum við það bara þegar við göngum til atkvæðagreiðslu, þá kjósum við um það fyrst hvort að við tökum þessa grein sérstaklega út. Andrés Magnússon er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

AM

Já, kærri formaður, félagar og þið sem heima sitjið og hér í salnum. Mig langar fyrst að ræða aðeins þetta mál með breytingartillögur. Mér finnst eiginlega lágmark að maður hafi 24 tíma til þess að senda inn breytingartillögur. Þá er ég að tala um þær tillögur sem við sáum í gær frá B-nefnd. Mér finnst ansi bratt í að loka á breytingartillögur bara um leið og þær voru kynntar og óska eftir því að það verði alla vega gefnir 24 tímar. En að tillögum A-nefndar. Ég er mjög hrifinn af þessu. Mér finnst þetta til mikilla bóta, bæði 8. gr., 12. gr., 14. gr. En það er nú samt þannig að maður talar kannski meira um það sem maður vildi hafa öðru vísi og ég hnaut um 3. gr. „Yfirvöldum ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra.“ Og ég var svona að máta þetta við mig og hugsa semsé hverjir eru að sýna mér mestan ágang í dag. Er það ríkisvaldið? Ég, t.d. þegar ég keyri heim héðan úr vinnunni, þá sé ég fjölda auglýsingaskilta, inn um blaðalúguna velta á hverjum morgni tíma til þess hönnuð að hafa áhrif á skoðanir mínar, og líka þegar ég kveiki á sjónvarpinu á kvöldin, þá velta yfir mig auglýsingar. Og það er þessi skoðanamyndun í landinu umað hamingja fáist úr efninu. Og bankar sýna mér

mikinn ágang. Mér finnst að þetta sé raunverulega ákvæði sem hefði passað vel þegar menn voru í árdaga, þegar menn voru að byrja að semja stjórnarskrár, þegar ríkisvaldið var langsterkasta valdið í samfélaginu. Svo er ekki lengur. Þannig að mér finnst vera að afvegaleiða fólk, eins og að valdið í landinu sé fyrst og fremst ríkisvaldið, meðan það er fyrst og fremst fjárvaldið. Það er vissulega líka ríkisvaldið. Þannig að ég myndi hafa þetta bara svona: „Yfirvöldum ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi.“ Punktur. Eða þá að telja upp, eins og var gert upp áður gagnvart lögaðilum, hagsmunahópum og einstaklingum.

Og síðan langar mig aðeins til þess að ræða 6. gr., um rétt barna, sem ég myndi vilja hafa ennþá skarpari. Ég er reyndar búinn að senda nefndinni skriflega tillögu mína. Það getur vel verið að þið hafið rætt þetta en ákveðið að halda þessu óbreyttu. En ég myndi vilja hafa það: „Barni skal tryggður réttur og hvatt til þess að tjá skoðanir sínar.“ Ef við hugsum okkur börnin í skólanum. Þau eru bara vön því að pabbi og mamma ráði og svo kemur það í skólann og þar ræður kennarinn og skólustjórinn. Og þessi hugmynd er mjög framandi um að þau geti ráðið sér sjálf. Og þess vegna þarf að hvetja þau til þess, alla vega í byrjun, að kynna þeim þessa hugsun, að meirihlutinn ræður og sjónarmið þeirra skipti máli. Ég er líka svolítið hugsí yfir eintölunni. Þetta getur skilist þannig, að þetta eigi bara við aðila að máli, eins og maður segir á lögfræðimáli, að þetta eigi ekki við hópinn börn. Ég er að tala um t.d. ef það eru settar nýjar reglur um lengingu skólatímans eða styttingu sumarfrís o.s.frv., að þá væri mjög gott að hópur barna myndi taka sig saman, t.d. í lífsleiknitímanum, og þau yrðu hvött til þess að tjá sig um þetta. Þannig að þess vegna myndi ég vilja hafa þetta í fleirtölu, að þetta eigi líka við um mörg börn saman.

En annars er ég semsé mjög ánægður með þessa tillögur, finnst þetta frábært, en vildi bara koma þessu á framfæri. Takk.

SN

Næstu á mælendaskrá er Ómar Ragnarsson og á meðan hann talar, þá loka ég mælendaskrá.

ÓR

Formaður og aðrir sem mál mitt heyra. Ég er mjög ánægður með þessa útkomu sem A-nefndin hefur sett hér fyrir framan okkur og reyni að vera mjög stutt-orður. Ég er bara með eina litla ábendingu um að „stjórnvöld skulu tryggja aðstöðu til opinna og upplýstrar umræðu og óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður“. Þarna er „skulu tryggja“ og „skal tryggður“ – við höfum verið að tönlast á þessu. Af hverju ekki bara: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstöðu til opinna, upplýstrar umræðu og óheftan aðgangur að samskipta- og upplýsingatækni.“? „Samskipta- og upplýsingatækni“ nær yfir netið og þetta ætti að duga fram á 22. öldina, þess vegna.

Svo er það Náttúra Íslands og umhverfi. Ég tek undir með sessunaut mínu, Katrínu Fjeldsted, ég sakna þess að hún sé friðhelg úr því að eignarrétturinn má vera friðhelgur. Og hefði viljað jafnvel lýsa henni sem dýrgrip á heimsvísu. En nú erum við að sigla hér inn að lokatakmarkinu og nú fæ ég bara í hausinn það sem ég sagði í stefnuræðu minni og hafði eftir bandaríska

bílahönnuðinum „Go all the way, then back off“ og þ.a.l. er ég kominn í seinni fasann núna og samþykki þetta, sem og er mjög sáttur við þá frábæru lendingu sem kirkjuskipanin hefur fengið hjá A-nefnd. Takk.

SN

Þá hefur mælendaskra verið lokað og Þorkell Helgason er næstur. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég er nú einn af þeim sem hef hér áður lýst svona nokkrum efasemdum um þennan kafla í heild sinni, aðallega þess efnis að hann sé of langur. En ég vil þó byrja á því að þakka nefndinni fyrir góð störf og ég efa ekki að þetta er unnið af mikilli elju og margt, ef ekki flest, af því sem ég sé hér nú finnst mér horfa til bóta. En ég segi eins kannski enn og aftur að ég held það væri betra að reyna að fækka orðunum. Þá hafa þau þyngri merkingu. Og minni einu sinni enn á fær-eysku stjórnarskrána í þessum efnunum. Síðan, áður en ég fer að tala um einstök atriði, þá vil ég kannski færa vissar afsakanir eða skýringar. Það sem hefur verið svo skemmtilegt við þetta starf okkar í Stjórnlagaráði, að hér eru engar skýrar fylkingar vinstri eða hægri, austur eða vestur, upp eða niður. Menn vissulega leita sér að samstarfsfélögum eða þeim sem þeir geta unnið með í einstökum málum og það hefur verið algjörlega þvers og kruss. Þannig að þegar ég fer nú að skoða mína afstöðu í þessum málum, þá sé ég að – ef ætti að draga það á mælikvarða vinstri og hægri – þá er það kannski á báða bóga. En þetta var nú svona útúrður og gamansemi kannski. Og ég ætla að reyna að fara í einstakar greinar, þær sem að ég hef svona smá at- hugasemdir við. Í fyrsta lagi, ég er mjög ánæður með mannlegu reisnina alla. Mér finnst hún eigi heima í Undirstöðum. Hún er nokkurn veginn orðrétt eins og hún er í þýsku stjórnarskránni en þar er hún númer eitt og í undirstöðukafla og þar finnst mér hún eiga heima. Þá er það Vernd réttinda. Þessi stytting á því ákvæði – þetta er 3. gr. – finnst mér til bóta en, eins og margir aðrir, þá líst mér ekki á orðalagið „ágangur“ og hvet menn til að reyna að finna betra, án þess að hafa geta fundið það á stuttum tíma. Síðan vilja ég spyrja hvað merkir það, „á hverjum tíma“? Er það eitt- hvað betra að hafa það með? Gerir það þetta eitthvað sterkara? Ég held ekki. Og ef að þarna á að standa „á hverjum tíma“, þá gætum við skotið því víða inn ef að mönnum finnst þetta vera áhersluatriði. Mér finnst þetta vera veikingaratriði.

Síðan, svona almenns eðlis. Ég hef sagt það áður, að mér líkar ekki þessi persónufornafnanotkun, „við“ o.s.frv. Ég vil orða þetta í 3. persónu sem víðast en ætla ekki að þreyta ykkur á því að með því að telja það upp. Það er kannski ekki mjög mikið eftir af því. Þá vil ég staldra við 7. gr., skoðana- og tjáningarfrelsi. Ég fagna því að það sé komið þarna inn ákvæði um netið og upplýsingatækni. Mér fannst Ómar hitta naglann á höfuðið áðan um hvernig mætti orða þetta tímalaust, eins og Katrín Fjeldsted var að biðja um. Og mér finnst líka til bóta að orða þetta eins og Gísli nefndi það, að snúa þessu og segja það bara berum orðum: „Það er óheimilt að skerða...“.

Nú, áttunda – og þá vik ég að síðustu málsgreininni og niðurlagi hennar, sem er nýtt. Ég skil ekki alveg

hvað þetta merkir og til hvers þetta er. Finnst þetta svona dálítið loðið og teygjanlegt. Tek undir orð Írisar Lindar í þeim efnunum. Tólfra, fundafrelsið: Þá held ég að megi bara einfaldlega stytta þessa setningu, bið menn að íhuga það við tækifæri. „Réttur þessi“, nýja setningin, hún þarf ekki að vera svona löng. „Þennan rétt má einungis takmarka með“ o.s.frv. Eða „í lögum“.

Nú, þá er ég kominn að 26. gr. og það er um náttúru Íslands. Ég var ekkert yfir mig hrifinn af því, eins og þetta var, „Náttúra Íslands er friðhelg“, og hitti marga menn úti í bæ sem að svona spurðu spurninga og gerðu jafnvel svoltið gys að því. En það var nú nefnt hérna áðan, að eignarrétturinn er víst friðhelgur í stjórnar- skránni og kannski er það jafn hlægilegt. Þannig að ég er nú eiginlega orðinn kannski svoltið tvístígandi í þessu. En mér finnst einhvern veginn setningin sem er þarna núna, „Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu“, vera svona eins og fyrsta setningin í kennslubók eftir Jónas frá Hriflu um dýrafræði eða eitthvað svoleiðis. Þannig að – fyrirgefði, ég er nú ekki að hæðast að þessu – þetta er svona aftur ákvæði sem menn gætu snúið út úr og hlegið að. Þá er þarna neðar, í 3. mgr., það er þetta orðalag „sem minnst“ og þar sýnist sitt hverjum. Sumir vilja ekki fá það inn. En ég spyr: Er þetta ekki þá tilefni deilumála? Hvað þýðir þetta nákvæmlega? [Ég] er ekki tilbúinn með betra orðalag en bendi á að þetta gæti verið svoltið teygt og togað. 27. gr., nýtt innskot í 2. mgr., sem er kennt við félagi minn í C-nefnd, Andrés: Eins og ég er innrétttaður í mínum félagslegu skoðunum, þá get ég í sjálfu sér verið fylgjandi þessu. En ég er bara hræddur um að slagurinn sé tapaður fyrir mörgum árum. Og með þessu ákvæði myndi ríkinu skapast veruleg skaðabótaskylda. Þetta held ég að menn þyrftu nú að íhuga og gaumgæfa með sérfræðingum. Semsagt í rauninni er ég efnislega fylgjandi þessu en veit ekki um afleiðingarnar. Ég fagna þessu orðalagi um sjálfbæra þróun og almannahag, sem er þarna síðar. 28. gr.: Þar staldra ég við nýmælin í miðmálsgreininni, „heimild til þess að leita til hlutlausra úrskurðaraðila“. Ég skil þetta ekki alveg. Það getur verið að þetta skýrist í greinargerð þegar hún verður komin, þannig að við skulum bara sjá til hvað gerist.

Og mig langar aftur að spyrja lögfróða menn um 30. gr., niðurlag hennar, sem er nú ekki verið að breyta núna en ég held að ég hafi nú minnst á þetta áður. Þar segir að „lögfestir alþjóðasamningar gangi framam almennum lögum“. Er algengt að taka svona fram í stjórnarskrá, að ein lög séu öðrum réttari? Ég veit það ekki. Og skapar það vandræðagang einhvern? Ég bið menn að íhuga þetta. En ég tek undir að lokum – og nú skal ég ljúka máli mínu... Nei, ég ætla að geyma það aðeins og taka öftustu síðuna, það þriðja um frelsi fjölmiðla. Mér finnst þetta eiga heima í mannréttindunum. Ég ætla að líta á þennan undirstöðukafla sem dálítið hátíðlegan kafla. Og þar finnst mér bara fjölmiðlarnir, með fullri virðingu fyrir þeim, ekki nægilega merkilegt fyrirbæri til þess að eiga heima þar en ekki margt annað. Þannig að ég sé ekki gagnið í að færa þetta í undirstöðukaflann. En að lokum. Ég fagna, eins og margir aðrir, þessari frábæru málamiðlun sem hefur fengist í þjóðkirkjumálinu, sem ég studdi í skoðanakönnuninni og mun greiða atkvæði. En að lokum, í ljósi svona ýmissa efasemda minna um þennan kafla í heild, mun ég íhuga í lok umræðunnar hvort ég sit hjá eða greiði atkvæði með þessu. Takk fyrir.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir, gjörðu svo vel.

AG

Kæri formaður og aðrir áheyrendur. Mig langar fyrst að víkja að þjóðkirkjuákvæðinu. Þetta er svona mála-miðlunarákvæði sem að við höfum orðið sammála um. Ég sjálf hefði viljað sjá bráðabirgðaákvæðið sem að var inni síðast og tel það mjög brýnt að þjóðin fái að greiða atkvæði um þetta mál og það sé ekki okkar hér í Stjórnlagaráði að breyta kirkjuskipan ríkisins. En ég er sátt við þessa mála miðlunartillögu og styð hana. Og ég held að hún geti verið farsæl. Hún kemur að sjálfsögðu alls ekki í veg fyrir það, að þjóðin fái á einhverjum tímamarki að greiða atkvæði um þetta mál og þess vegna held ég bara að þetta sé farsæl lausn. Við höfum fengið mjög mikilvægar athugasemdir og ábendingar í okkar vinnu og þess vegna tel ég þessa breytingar margar sem við höfum sett hér inn vera til hins betra og vil bara þakka þær athugasemdir og þær tillögur sem hafa komið. Og mig langar bara að nefna greinina um rétt barna sem ég tel að hafi styrkst mjög í þessari síðustu umferð. 14. gr., varðandi dvalarrétt og ferðafrelsi: Ég tel þetta mjög mikilvægt ákvæði og til mikilla bóta að fá þetta inn í stjórnarskrá. Eins varðandi 27. gr., um náttúruauðlindirnar, að þá tel ég þetta til bóta, að við tökum inn þessa 3. mgr. um að auðlindir undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar séu þjóðareign. Varðandi 1. mgr. í 26. gr., um náttúru Íslands, og þessa breytingu frá því að segja að hún sé friðhelg og yfir í það að segja að hún sé undirstaða lífs í landinu, þá vil ég bara benda á, að að sjálfsögðu stendur hún ekki ein og sér, þessi fyrsta setning, heldur stendur með annarri setningunni og er þ.a.l. forsenda fyrir því að það sé farið fram á það, að öllum beri að virða hana og vernda. Það er einmitt vegna þess að hún er undirstaða lífs í landinu sem að allir eiga að virða hana og vernda og þess vegna tel ég að þetta sé fjarri því að þetta sé bara einhver yfirlýsing eða einhver markleysa sem að mætti missa sín.

SN

Næst tekur til máls Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk, Salvör Nordal. Kæru vinir, ég ætla bara að renna örsnöggt í gegnum einhverja punkta sem ég var búin að punkta hjá mér og þið gefið mér bara einhver svona merki ef þetta er orðið of langt. En fyrst, þá langar mig að segja við Pétur, vin minn og sessufélaga, að við í allri hreinskilni ræddum þetta mikið með rétt til lífs og þetta er efnisleg ákvörðun en ekki að við séum að gleyma þessu. Vegna þess að við erum bara of hrædd við að setja þetta inn út af ótta okkar við það að þetta verði notað sem einhvers konar ákvæði til að byggja bann við fóstureyðingum á eða einhvern veginn gagnálykta að það sé ekki réttur til dauða og annað. Þannig að við vildum fara þessa leið. En ég vek líka athygli á því að það gerði líka stjórnarskrárgjafinn 1995, þegar mannréttindakaflanum var breytt, þó að Mannréttindasáttmáli Evrópu kvæði skýrt á um þennan rétt til lífs. Og ástæðuna tel ég vera sú, að við erum svo heppin að búa í landi þar sem rétti til lífs hefur ekki verið ógnað mjög lengi og við erum að búa

til stjórnarskrá í kjölfar efnahagskreppu. Og það að setja inn rétt til lífs gefur einhvern veginn til kynna að við séum að reyna að búa til einhverja stefnubreytingu í þeim málum hvernig Ísland hefur hagað rétti til lífs. En hún er alls ekki ámælisverð, einhvern veginn sú framkvæmd hjá okkur. Þannig að við tökum þessa ákvörðun yfirvegað en að sjálfsögðu þá kemur að lokum til þess að við getum greitt atkvæði – og ég kannski beini þessu líka til Írisar – um hverja og eina grein. Og þá skil ég vel að ef fólk vill ekki styðja eitthvað af því það samrýmist ekki skoðunum þeirra.

En kannski, ef ég fer bara beint í það, þá lágum við alveg yfir breytingartillögunum þínum, Íris, með menningarlegu verðmætin, og við hugsuðum að við hefðum kannski getað komið til móts við það með því að setja inn „dýrmæt“, til þess að vera að tryggja það að við værum ekki að tala um einhverja svona allt og ekkert. Og svo hugsuðum við bara að þú myndir þá segja okkur hvort þetta myndi nægja, að við værum að ganga nægilega langt eða ekki, og þá myndum við reyna að kljúfa þetta einhvern veginn í sundur til þess að mæta hinni tillögu þinni um að greiða atkvæði í sitt hvoru lagi. En svona náttúrulega varstu veik, þannig að við gátum aldrei borið þetta almennilega undir þig. Þannig að það er ástæðan fyrir að við... Við reyndum svo sannarlega að koma til móts við þetta.

Og hvað varðar fjölmiðlagreinina og að setja hana inn eða út úr kaflanum, þá er það bara gaman að heyra að það séu svona margir sem að álíta að hún eigi kannski að vera hjá okkur áfram. Hins vegar var ég ekki alveg ánægð með Þorkel, sem gaf í skyn að undirstöðukaflinn væri einhvern veginn svona æðri og hreinni og mikilvægari heldur en mannréttindakaflinn. Þar greinir okkur á, okkur vinina. Þetta er allt jafn mikilvægt.

En við skulum sannarlega leggja yfir orðið með „áganginn“ í 3. gr. vegna þess að sem er samt mikilvægast að fatta er það – og það kannski svarar talsvert mörgum spurningum sem hafa komið – er að við erum að reyna að gera þrennt með þessu ákvæði: Við erum að kveða á um það, að það eru stjórnvöld sem eiga að tryggja mannréttindi, að þau séu varin í landinu – eitt. Númer tvö – og það er þetta skrýtna þarna, „á hverjum tíma“, þá erum við að reyna að vísa í það, að mannréttindi þróast og það er ekki efnislega sama merking í dag og á morgun. Og þarna innifalið er svolítið þessi sí-aukna vernd sem við vorum að reyna að tala um síðast sem þótti bara ekki gott að orða. Þannig að þetta í raun og veru þessi breytilegi faktor. Það má vísa kannski til dóma Mannréttindadómstólsins, sem hefur túlkað þennan gamla sáttmála með alltaf nýjum hætti, eftir því hvernig staðan er innan Evrópu. Og svo að lokum, þá erum við að innleiða þessi einkaáhrif, þannig að þetta sé þannig, að ríkið verði að búa til lögin, sem séu þannig úr garði gerð, að það má ekki eitthvað fyrirtæki bara brjóta mannréttindi mín og þá sé það bara allt í lagi. Þetta er þessi sannarlega þriðjætti tilgangur með þessu ákvæði. Og „ágangur“ er einhvern veginn eina orðið sem að nokkurn veginn tekur á þessu þriðja-manns-máli og þess vegna höfum við notað það. En við tökum þetta nú allt aftur og yfirforum. Og svo þakka ég líka kærlega fyrir þá tillögu frá Villa og í raun og veru tengist það annarri spurningu frá Íris í 8. gr., í lokin, að kannski er þetta eitthvað of loðið og veikt. En tilgangurinn er bara þessi: Við viljum að ákvarðanir séu

endurskoðaðar um leynd. Alveg eins og Villi kom inn á, að þetta sé bara ekki læst ofan í einhverri kistu, af því að einhver einn tekur ákvörðun, sem kannski jafnvel hentar bara honum eða hans flokki vel, og hún sé bara opnuð aftur. Þannig að kannski væri nóg að setja „skv. nánari fyrirmælum í lögum“ og treysta löggjafanum til þess að veða og meta þá hagsmuni sem þarna mætast, af því að sjálfsögðu – eins og Íris benti á – þá getur kannski á einhverjum tímamarki verið erfitt að breyta svona hlutum. En þá gætum við, held ég, alveg treyst löggjafanum okkar til þess að útfæra það. Þannig að það finnst mér vera góð lending.

Pawel talaði um kafla um þjóðnýtingu(?) og þjóðrembu. Já, ókey, við kannski erum ekki alveg sammála þar en við reynum að hlusta á allar þessar skoðanir. Ég sakna náttúru Íslands og friðhelginnar rosalega. Skal bara segja ykkur það. Mig langaði að hafa þetta svona. En við verðum að reyna að finna einhverja leið til þess að sem flestir geti staðið með þessu skjali og til þess að vinir Þorkels séu ekki að gera grín að okkur einhvers staðar úti í bæ. En ég hef á tilfinningunni að þeir muni nú bara gera það hvort sem er. Ég held að það... [hlátur í sal] Þannig að sumar baráttur eru bara kannski tapaðar. Kannski ég mætti bara biðja þig, Íris, um að hjálpa mér með þetta í sambandi við 2. mgr. af því að það er kannski skýrara að orða þetta eins og Gísli var að tala um, með neikvæðum hætti, og segja bara: Við skulum tryggja það, að það verði ekki skertur aðgangur að neti og upplýsingatækni. En netið er – því miður, vinir mínir – langlífara en okkar stjórnarskrá. Það get ég fullyrt, held ég. Við erum að tala um póstsendingar, símtöl og alls konar í þessu skjali og það verður miklu frekar aflagt þegar við endurskoðum þetta heldur en nokkru sinni netið. Af því að netið er líka innihaldið, við erum ekki bara að tala um tæknina, heldur að það verði ekki á innihaldi sem er á internetinu og þess vegna er svo mikilvægt að nota þetta orð.

Eitt verð ég að tala um og það er þetta með vopnleysi í sambandi við fundafrelsið. Þetta er, held ég, algjör misskilningur, að ef við setjum „vopnlausir“ inn, þá séum við eitthvað betur sett. Ef við setjum „vopnlaus“ inn, þá bönnum við veiðitúra í raun og veru; mönnum er safnað saman vopnlausir og fari upp á heiðar, skilurðu, með vopnum. Og, ég meina, það eina sem er hættulegt er vilji til að meiða aðra manneskju. Ég get drepíð þig með bjórflösku eða skóreim. Vopn skiptir þar bara nákvæmlega engu máli. Þannig að þetta er bara rosalega konservatívor hugsunarháttur á því að hugsa „við skulum bara vera vinir“ og ekkert að vera að skilgreina það í gegnum einhver vopn. Ég get drepíð þig, Pétur, með eggi ef ég ætla mér það. Ég er sannfærð um það. Hann hristir samt hausinn. Þannig að ég held að við eigum alls ekki að setja „vopnlausir“ inn, eins og við séum eitthvað vön því að beita vopnum gegn hvert öðru á einhvern hræðilegan hátt. Svo held ég að þetta sé allt að verða komið hérna. Katrín Fjeldsted: Já, við komum örugglega að því að við getum greitt atkvæði ein og ein og ein. Ég held að þá geti þeir pottþétt sem eru mjög ósammála þessu ákvæði valið að styðja það ekki. Er það ekki örugglega rétt skilið hjá mér? Jú, ókey. Þannig að ég kannski myndi þá biðja þig um að skoða kaflann í heild sinni núna og svo greiða þá atkvæði gegn þessari grein þegar þar að kemur. Svo, þetta með þjóðlögin. Við vorum búin að taka einhvern snúnung á því en við skulum skoða það allt saman betur.

Og Andrés, hann er náttúrulega sérlegur talsmaður barna og ég vildi óska þess að heimurinn væri eins og Andrés vildi að hann væri. Ég get þá bara sagt það. En það er erfitt að setja þetta inn og nú erum við búin að fá eitt mjög skýrt álit frá mjög, mjög góðum sérfræðingi sem við vorum bara öll efnislega sammála og við bara fylgdum því. Og ég að ef við förum eitthvað frekar að reyna að dansa í kringum þetta allt saman, þá bara fer dýrmætur í súginn. Þannig að ég efast um að við tökum annan snúnung á barnagreininni en ég get samt ekki talað um það fyrir hönd allra. Að síðustu, þá vil ég bara segja ykkur, að þetta orðalag í síðustu greininni, 30. gr., um að þeir skuli ganga framur öðrum lögum, það er komið frá Björgu Thor[arensen] á fundum með okkur, þannig að henni fannst þetta ekki skýrnara en svo, að hún stakk upp á þessari leið. Og það var ekki síst vegna þess að við vorum öll búin að hafa áhyggjur af því að vera að búa til einhverja opna innleið inn í stjórnarskrána okkar. Þeim var upphaflega, í skýrslu stjórnlaganefndar, bara gefin stjórnarskrárvernd. Punktur. Og engar varnarráðstafanir. Þannig að við erum, í mikilli íhaldssemi, búin að vera að reyna að takmarka þetta eins mikið og við getum og orðalagið fengum við síðan að lokum frá Björgu, sem við notuðum. Ég þakka annars kærlega fyrir góðar athugasemdir.

SN

Illugi Jökulsson, gjörðu svo vel.

IJ

Já, góðir félagar. Ég ætlaði nú bara örstutt að lýsa dálítilli undrun minni á því að fólk sé að setja sig upp á móti 25. greininni okkar, um menningarverðmæti. Mér finnst mjög undarlegt að fólk skuli geta haft svo sterkar skoðanir á því að þessi grein eigi ekki að vera þarna inni, að það sé jafnvel að íhuga að greiða atkvæði á móti öllum mannréttindakaflanum vegna þess. [til ÍLS?] Jújú, það var orðað hér áðan. Eða sitja hjá, fyrirgefðu. Mér finnst mjög undarlegt sem sagt af hverju mjög saklaust ákvæði um að bannað sé að mjög mikilvæg menningarverðmæti skuli vekja svona mikla andúð. Við gerum okkur grein fyrir okkur fulla grein fyrir því að það eru uppi ýmsar spurningar um þessi handrit sem að komu frá Dönum, hvort að þau eru eign okkar eða ekki eign okkar. En við ákváðum að þetta þarf ekkert endilega að eiga við um þau, þó þarna standi „forn handrit“. Það eru til miklu fleiri handrit heldur en þau og væntanlega getur þá bara ríkið, ef það þarf að kveða upp úr um lagalega stöðu þeirra, þá getur ríkið bara gert það. En þetta þarf ekkert að eiga við um þau. Þannig að ég ætla bara að lýsa undrun minni á því að fólk sé á móti þessu sakleysislega ákvæði. Við sjáum það nú í Grikklandi núna, að í þeim djúpu fjárhagskröggum sem Grikkir eiga nú í, þá hafa strax komið upp hugmyndir um að selja þar alls konar mjög merki- legar þjóðminjar og menningarverðmæti. Hvernig það fer? Ég vona að Grikkir sleppi við það. En við sjáum það af því dæmi, að það er mjög raunhæft að sú aðstaða geti komið upp, að þjóðir fari að íhuga það í sinni neyð, að selja sínar dýrmætustu minjar og þess vegna finnst mér þetta ákvæði algjörlega sjálfsagt. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég legg það nú ekki venjulega í vana minn að taka svona tvisvar til máls en ég bara, sannast sagna, gleymdi að fjalla um eitt mikilvægt ákvæði hérna áðan. Það varðar dýptina hans Andrésar. En ég ætla nú samt að byrja á því að segja að mér finnst nú mjög spennandi að Kata sýni okkur það hvernig hún fari að því að drepa einhvern með eggi. [hlátur í sal] Það væri spennandi að sjá það að hún sanni mál sitt. Síðan, bara örstutt um netið: Menn eru að velta fyrir sér hvort að þetta sé eitthvað sambærilegt við það að þurfi að tryggja öllum aðgang að faxi eða eitthvað slíkt, þá er ég nú þeirrar skoðunar að það sé grundvallarmunur þar á. Netið er sem sagt aðferð til þess að dreifa bitum, núllum og einum, til okkar, hvar sem við erum stödd, með sem skilvirkustum hætti og þetta er ákveðið grundvallaratriði sem ég held að verði ekki... það mun ekkert koma í staðinn fyrir það prinsipp. En ég gæti þarna verið að segja eitthvað sem að einhvern tímann síðar yrði álitnið skrítið að ég hafi sagt. Eins og nafni minn, Vilhjálmur Gates III. sagði einu sinni, að hann gæti ekki ímyndað sér að nokkur maður gæti notað meira en 640 k af minni í tölvu. En ég held að þetta sé nú öðru vísi eðlis.

En bara örstutt, af því ég er líka með orðið, ætla ég að bera kveðju og skilaboð frá sessunauti mínum, Þórhildi, sem tók nú ekki til máls en hún leggur hér til orðið „ofríki“ í staðinn fyrir „ágangi“ ríkisvalds varðandi mannréttindin. Sjálfur er ég reyndar á því, eftir að ég heyrði tillögu Gísla Tryggvasonar um að „handhöfum ríkisvalds ber á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra“ að þá kannski fer maður að átta sig á því að þetta er svoltið svona hringákvæðinu, að ríkisvaldinu ber að tryggja okkur gegn ágangi sjálfs sín og það, svona, fer alveg að vera á mörkunum að merkingin sé alveg ljós í þessu. Þannig að mér finnst að menn ættu nú kannski að velta því fyrir sér hvort þetta er að segja eitthvað eða hvort það er ekki hægt að eima þá betur út hvað þetta er nákvæmlega að segja.

En það sem ég ætlaði nú aðallega að tala um það var þetta með þetta svokallaða Andrésarákvæði í 27, um náttúruauðlindir: „Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.“ Í fyrsta lagi finnst mér þetta nú ekki góð íslenska, „undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar“, en það er nú kannski önnur ella. En þetta er dálítið varasamt ákvæði vegna þess að þarna gæti þá, eins og Þorkell segir, verið á ferðinni að það yrði lítið svo á að það væri verið að taka lögvarin og stjórnarskrárvarin eignarréttindi af landeigendum sem hafa hugsanlega keypt land eða jörð undir því fororði að geta nýtt þar, segjum, jarðhitaréttindi eða annað slíkt á miklu dýpi. Og svona grein gæti þá opnað á það að menn lentu í einhvers konar átökum eða stjórnarskrárdeilum um það, hvort það væri heimilt að setja slík lög og hvort það þyrftu að koma bætur fyrir og hvort það væri eignarnám. Þannig að ég geri það nú að eindreginni tillögu minni, að menn alla vega afli þá lögfræðiálita á þessu, ef að menn hafa ekki gert það nú þegar. Það má vera að svo sé og þá biðst ég afsökunar á því að vera að hafa orð á þessu. En ég held að þetta sé ákvæði sem eitt og sér gæti valdið miklum vandræðum, hugsanlega, þegar að þessi stjórnarskrárdrög koma til atkvæðagreiðslu eða umræðu og svo jafnvel ennþá síðar, þegar að það

á að fara að vinna eftir henni. Þannig að ég vildi svona vekja máls á þessu. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann, þú ert næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Takk kærlega fyrir þessar góðu tillögur. Þetta er allt að verða mjög fínt. En mig langaði til þess að gera örfá atriði að umfjöllunarefni. Ég skal reyna að vera stuttur. Í 3. gr. er sagt að „yfirvöldum beri á hverjum tíma að tryggja mannréttindi gegn ágangi ríkisvalds og annarra“. Ég velti fyrir mér þessu orðalagi, „á hverjum tíma“, og mér skilst að það eigi að taka á því að hugmyndir um mannréttindi breytast jú frá einum tíma til annars. En mér finnst þetta orðalag samt ekki ná yfir þá þróun og finnst að það þyrfti kannski að endurorða þetta með einhverjum hætti. Eins og þetta stendur þarna, finnst mér þessi tvö orð ekki segja neitt sérstakt. Kannski mætti endurraða þessu einhvern veginn þannig að sú merking, sem alla veggana var sú skýring sem ég fékk, myndi nást þá betur fram. Ég geri áfram athugasemd við þetta orðalag um „okkur“ og „hina“. Í 7. gr. er sagt „Öll erum við frjáls skoðana okkar“ og endurtek þær athugasemdir sem ég hef um að ef það eru til einhverjir „við“, þá eru einhverjir „hinir“. Og ef það eru einhverjir sem eru „okkur“, þá eru einhverjir „aðrir“, sem mér finnst ekki gott. Næsta grein sem ég ætlaði að nefna var 14. gr., um dvalarrétt og ferðafrelsi, og einvörðungu að fagna þeirri viðbót sem þar er komin fram, þar sem að segir að „með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar“. Frábært, takk fyrir þetta. 25. gr., um menningarverðmæti: Þar er ég svoltið klofinn í afstöðu minni, verð ég að viðurkenna. Ég er alveg sammála því markmiði svo sem, sem nefndin leggur upp með, en ég deili samt eigi að síður sömu áhyggjum og Íris lýsti hér áðan og myndi gjarnan vilja óska eftir því að þetta yrði tekið til endurskoðunar og þetta ákvæði lagað.

Nú, 26. gr., um náttúru Íslands og umhverfi: Þetta er orðið mjög fallegt ákvæði en fyrsti málsliðurinn – heitir það ekki það annars? – segir: „Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu.“ Já, hún er það. En þetta ákvæði hefur enga lagalega merkingu. Þetta er bara svona almenn yfirlýsing og þess vegna skil ég ekki alveg af hverju það er verið að taka þetta fram. Þetta er svona eins og... þú getur allt eins sagt bara: „Vatn er undirstaða lífs í landinu“ eða hvað sem er, sko. Þannig að mér finnst ekki fara vel á því að vera með almenna yfirlýsingu í stjórnarskrá, sem ekki hefur neina lagalega merkingu, þó svo að ég skilji að ákvæði leiði að einhverju leyti af þessu, þá finnst mér samt að við ættum eitthvað að skoða betur í þessu.

Nú, svo eru það þær greinar sem færðar hafa verið hér í Undirstöður. Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt að færa þessar greinar, 3. gr. um frelsi fjölmiðla og 4. gr. um þjóðkirkju, þangað. Það er einhvern veginn... Þá er hugmyndin um undirstöðukafla einhvern veginn komin á eitthvað rót; alla vega í mínum huga, þá skil ég ekki alveg lengur hvaða greinar eiga að vera í undirstöðukafla og hverjar ekki og fatta ekki alveg valið á því ef það er. Þannig að mér finnst þetta ekki góður flutningur þarna á milli. Og loks vil ég, eins og margir

aðrir, sérstaklega fagna þeirri niðurstöðu sem að fékkst í ákvæðinu um Þjóðkirkjuna. Það er alveg hárrétt að það er ekki hlutverk okkar hér í Stjórnlagaráði að segja nokkuð til um kirkjuskipan ríkisins. Við höfum ekkert umboð til þess að leggja til breytingar á henni. En það fer heldur ekki vel á því að í stjórnarskrá sé tiltekið trúfélag tiltekið og þess vegna er þessi grein alveg frábær málamiðlun fyrir bæði þá sem vilja halda þessari vernd sem að Þjóðkirkjan hefur, að það fari þá í Þjóðar- atkvæðagreiðslu breytingar á kirkjuskipan – og það er ekki lítil vernd – en um leið er tekin út úr stjórnarskránni þessi sérstaka stjórnarskrárvernd hinnar evangelísku-lútersku Þjóðkirkju. Það er mjög gott. Þetta eru svona þær hugleiðingar sem að bærðust í mínum kalli við lestur þessara tillagna. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

ÞG

Já, formaður, virðulegu ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka ykkur hjartanlega fyrir góðar umræður. Án þess að halla á neinn langar mig að nefna sérstaklega Ómar Ragnarsson og þakka honum fyrir örlátar athugasemdir við umhverfiskaflann og aðra þætti okkar verks. Okkur í A-nefndinni er það ómetanlega mikils virði að hafa Ómar með okkur í liði í umhverfismálunum og í öðrum málum. Og þakka þér fyrir, Ómar. Mig langar að verja mestum hluta tíma míns í að bregðast við athugasemdum Írisar Lindar Sæmundsdóttur og Eiríks Bergmanns Einarssonar við ákvæðinu um menningarverðmæti. Við leggjum til nýtt ákvæði um íslenskan menningararf í stjórnarskrána til samræmis við nýja ákvæðið um náttúru Íslands og auðlindir í Þjóðareign. Því að hér er um skýrar hliðstæður að ræða. Ef náttúra landsins verðskuldar verndarákvæði í stjórnarskrá – sem hún gerir – þá hlýtur menningararfleifið Þjóðarinnar með líku lagi að verðskulda sambærilegt ákvæði. Náttúruminjar, menningarminjar og aðrar Þjóðminjar eru hliðstæðir hlutar Þjóðararfsins sem núlifandi kynslóð tók við af fyrri kynslóðum og þarf að skila óspilltum til komandi kynslóða. Orðalag ákvæðisins er svipað orðalagi greinarinnar um náttúruauðlindir einmitt til að undirstrika að um hliðstæðar Þjóðareignir er að ræða. Náttúra Íslands og menning Þjóðarinnar, þ.m.t. tungan og sagan, eru systur. Með menningarminjum á ég við ummerki um sögu Þjóðarinnar, s.s. fornminjar; menningar- og búsetulandslag; kirkjugripi og minningarmörk; hús og önnur mannvirki, skip og báta; samgöngutæki, listmuni og nytjahluti, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu Þjóðarinnar og staði sem tengjast menningarsögunni. Eins og þið heyrið er þessi upptalning sótt í lög landsins. Menningararfurinn hefur víðtækari skírskotun en menningarminjar og nær yfir sögu landsins og Þjóðtungu. Ákvæðið sem hér er lagt til skilgreinir dýrmæta hluta menningararfsins sem Þjóðareign í skilningi laga frá 1928 um Þjóðgarðinn á Þingvöllum, eins og við höfum áður rætt hér í þessum sal. En þar segir í 1. gr.: „Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku Þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Ákvæðið í Þingvallalögum lýsir skýrt þeim ásetningi löggjafans að ævinlega eign Þjóðarinnar megi aldrei selja eða veðsetja. Nýja menningararfsákvæðið, sem við stingum upp á, skilgreinir dýrmætar Þjóðar-

eignir með sama hætti og Þjóðgarðinn á Þingvöllum og áréttar að slíkar eignir megi hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja. Eftir þessum skilningi deilir núlifandi kynslóð Þjóðgarðinum á Þingvöllum með óbornum kynslóðum og má því ekki ráðstafa honum í eigin þarfir. Og við lítum svo á, að Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki eign. Ákvæðinu er þannig ætlað að taka af tvímæli um lagalegt inntak Þjóðareignarhugtaksins. Því til staðfestingar eru tekin dæmi af Þjóðminjum og forn handritum en önnur dæmi mætti einnig tilgreina. Eins og ég hef áður sagt í þessum stól: Þjóðareign er frábrugðin ríkiseign, að því leyti að ríkiseign, t.d. skrifstofuhúsnæði, er eigandanum, ríkinu, frjálst að fara með að vild, ef lög leyfa skv. gildandi stjórnarskrá. Með hinu nýja ákvæði sem að við stingum upp á fellst t.d. að Alþingi er óheimilt að setja lög til að heimila ríkinu til að selja eða gefa Þjóðminjasafn Íslands eða Listasafn Íslands eða einstaka safnmuni þeirra, eins og um grískar eyjar væri að ræða, svo ég vitni til ræðu félaga míns, Illuga Jökulssonar. Eins og nú háttar er Alþingi heimilt að setja slík lög en þó með þeim fyrirvara að skv. síðareglum Alþjóðaráðs safna mega þessi söfn ekki selja gripi úr safnkosti sínum. En síðareglur, eins og við vitum, eru ekki bindandi að lögum og skírskotunin í „dýrmætar“ Þjóðareignir, það er viðbót frá síðustu umræðu um greinina, vísar til þess að ekki þykir ástæða til að ákvæðið taka fyrir sölu minni háttar safngripa vegna endurnýjunar safnkostarins eða í öðru skyni. Um slíkt dugir að kveða á í lögum.

Hitt dæmið sem við tókum í ákvæðinu varðar forn handrit og skírskotar m.a. til Skarðsbókar sem íslensku viðskiptabankarnir keyptu í London 1965 og gáfu Þjóðinni. Ákvæðinu er ætlað að girða fyrir að Skarðsbók sé eyðilögð eða að hún sé afhent til varanlegrar eignar eða afnota, seld eða veðsett. Hliðstætt dæmi sem við höfum nefnt er gjöf Einarssonar myndhöggvara en hann arfleiddi „íslensku Þjóðina“ – ekki ríkið, ekki listasafnið – að eignum sínum og safni. Eitt dæmi enn, eins og þið getið gengið úr skugga um á Skólavörðuholtinu, er stytan af Leifi Eiríkssyni sem stendur þar en hún er gjöf Bandaríkjanna til íslensku Þjóðarinnar, skv. sérstakri áletrun aftan á stöplinum. Sama skilning er hægt að leggja í eignarhald íslensku Þjóðarinnar á handritunum, sem Danir skiluðu Íslendingum á 25 ára tímabili, frá 1971 til 1996 og eru geymd í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Handritin voru gjöf Dana til Íslendinga. Við afhendingu fyrstu handritanna 1971 flutti utanríkisráðherra Dana, Poul Hartling, sem síðar varð forsætisráðherra Danmerkur ávarp og sagði um handritin – og ég vísa orðrétt í ræðu hans: „Við skulum þeim nú til Íslands, ekki vegna Þjóðréttarlegra ákvæða, heldur sem gjöf.“ Ávarpið birtist í Morgunblaðinu 21. apríl 1971. Og í framhaldi af því lýsti Jónar Kristjánsson, þá forstöðumaður Árnastofnunar, því yfir á prenti 10 árum síðar, að senn yrði – og ég vitna í Jónas – „tímabært að kveða skýrt á um eignarréttinn yfir þeim“, þ.e.a.s. handritunum. En rétt er þó að hafa í huga, að afhendingu handritanna fylgdi samningur milli ríkisstjórnar Danmerkur og Íslands, þar sem ekki er kveðið á um eignarrétt yfir handritunum, og er það í góðu samræmi við þann skilning, að menningararf Þjóðarinnar, líkt og náttúru landsins, hefur núlifandi kynslóð fengið að láni og þarf að skila honum óspilltum til komandi kynslóða. Skilgreiningu menningararfsins sem Þjóðareign



– og þetta er kjarni málsins – er þess vegna ekki ætlað einkaeignarréttarlegt inntak, heldur er henni bara ætlað að skerpa á þeim skilningi, að núverandi kynslóð er skuldbundin til að skila menningararfnum óspilltum til komandi kynslóða. Skilgreining menningararfsins sem þjóðareign felur því ekki í sér eignarréttarlegt tillkall Íslendinga til íslenskra muna í erlendum söfnum, enda skárri væri það, nú eða annars staðar erlendis, og þá ekki heldur til þeirra íslensku fornhandrita sem enn eru geymd erlendis. Um þau gildir hin almenna regla, að núlifandi kynslóð hefur fengið þessa gripi að láni og þarf að vernda þá og varðveita og skila þeim óskemmdum til komandi kynslóða. Og ákvæðinu, sem við höfum hér lagt til, er einmitt ætlað að tryggja þá vernd og varðveislu.

Stjórnarskrár Norðurlanda geyma ekki ákvæði um varðveislu menningararfs en norska stjórnarskráin geymir nýlegt ákvæði um náttúruvernd. Í 52. gr. stjórnarskrár Portúgals er tryggður réttur almennings til að leita réttar síns vegna spjalla á lýðheilsu, umhverfi, lífsgæðum og menningararfi – partur af upptalningunni hjá Portúgólum, sjáði – og krefjast skaðabóta. Þetta portúgalska ákvæði rímar vel við ákvæðið sem við höfum lagt til um upplýsingar, um umhverfi og málsaðild og er bara dæmi úr evrópski stjórnarskrá annarri um hliðstæðuna sem menn eru að byrja að sjá milli ólíkra hluta þjóðararfsins, náttúru og menningarminja.

Katrín Fjeldsted lýsti áhyggjum af afdrifum tónlistarinnar, verði þetta menningarverðmætisákvæði samþykkt. Ég hef engar áhyggjur af því. Það er á engum brotið ef erlent tónskáld færir sér í nyt stef úr bók Bjarna Þorsteinssonar, því að tónlistin hljómar enn. En ef erlendur mañni er gefin Valþjófsstaðahurðin, þá er hún þar með horfin úr okkar fórum. Þetta er grundvallaratriði og skýrir muninn sem er á höfundarréttarlögum og -venjum sem gilda um tónlist annars vegar og um aðra gripi hins vegar. Því að ef maður gefur af sér tónlist, þá missir maður hana ekki sjálfur. Maður þvert á móti nýtur hennar enn betur, sem ég skynjaði að væri undirtónninn í ræðu Katrínar. Höfundarréttur skv. lögum helst nú uns 70 ár eru liðin frá láti höfundar, þannig að það gilda alveg skýr lög og reglur hér heima og erlendis um það hvernig fara beri með tónlist í þessari umræðu um þjóðararf. Og þjóðlegur menningararfur, þ.m.t. þjóðlög og þjóðsögur o.fl., nýtur almennt ekki verndar höfundarlaga í þróuðum ríki en í þróunarlöndum hafa menn vaxandi áhyggjur af þessu. Og þá er ég að tala um fornminjarnar í Kaíró og margt fleira. Og nú brennur þessi vandi heitt fyrir norðan Kaíró, sbr. umræður sem að Illugi Jökulsson vitnaði til um grísku eyjarnar, sem nú er hætta á að lendi á brunaútsölu vegna vöndrar hagstjórnar á Grikklandi.

Eitt að endingu óskýlt. Ég tek undir með Þorkatli Helgasyni og öðrum um það, að fjölmiðlagreinin og upplýsingafrelsisgreinin eiga heima í mannréttindakaflanum, eins og við lögðum upp með. Frelsi fjölmiðla og frjáls aðgangur að upplýsingum eru óaðskiljanlegur hluti tjáningarfrelsisins og annarra mannréttinda. Það er rétti staðurinn fyrir þessar greinar og þessar greinar munu breyta réttarástandinu verulega verði þær samþykktar með því að tryggja blaðamönnum aukna vernd og með því að tryggja almenningi betri aðgang að upplýsingum. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson, gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð ráðsystkin og önnur sem til mín heyra. Ég vil þakka formanni mínum fyrir góða framsögu og fyrir gagnlegar umræður hér í dag. Ég ætla ekki að fara í einstakar greinar en mér finnst mér skylt að gera grein fyrir afstöðu minni varðandi breytingu á stjórnarskrá sem tengist þjóðkirkjunni. Ég geri það stöðu minnar vegna og vegna þess að mér er annst um kirkjuna. Ég hef tilheyrt henni frá því ég var skírður og mér gefið nafn sem ómálga barni, hef verið í misnámum tengslum við hana sem stofnun eða tilbeiðslusamfélag á ævi minni. Aldrei hefur hvarflað að mér að yfirgefa hana, þó að blási um hana eða einstaka meðlimi hennar – þá er ég gjarnan minntur á í huganum orð Jesú, þegar hann sagði: „Ég er ekki kominn til að kalla réttláta, heldur syndara.“ Þessi grein sem að hér er birt og er lögð fram af nefndinni, með henni er reynt að skýra stöðu þjóðkirkjunnar og taka tillit til opinberra umræðu um samband ríkis og kirkju á liðnum misserum. Við erum ekki í tómarúmi, við hljótum að hlusta á umræðu í þjóðfélaginu og velta því fyrir okkur hvernig fólk vill haga stjórnarskránni og skipan þjóðfélagsins. Núverandi 62. gr. fjallar um að hér skuli vera þjóðkirkja, þ.e.a.s. að tiltekin kirkjan skuli vera þjóðkirkja og að ríkisvaldi skuli styðja hana og vernda. Þessu má breyta með lögum.

Það hefur verið bent á það, að yfirlýsing um kirkjuskipan í stjórnarskrá er yfirlýsing um sið, um hinn ríkjandi sið. Þjóðkirkjan hefur notið verndar og stuðnings, enda var hún lengst af ekki persóna að lögum, eins og hún varð árið 1997, með nýjum lögum um stöðu, stjórn starfshætti þjóðkirkjunnar og nýjum samningi ríkis og kirkju um eignir kirkjunnar, sem afhentir voru ríkinu til eignar og afgjald fyrir þær síðan þegið skv. samningnum. Þjóðkirkjan nýtur sérstöðu sem stærsta trúfélag landsins og sú stofnun sem hefur haldið utan um siðinn, ef svo má að orði komast. Eitt megineinkenni þjóðkirkjunnar er að hún er almenn, sem merkir að hún fer ekki í manngreinarálit og þjónar öllum, alls staðar á landinu. Samleið kirkju og þjóðar á sér þúsund ára sögu og af kirkjunni er spröttin þjóðfélagsleg og menningarleg verðmæti, eins og ritmenning, skólahald og heilbrigðisþjónusta. Niðurfelling inntaks 62. gr. er stórt skref og breytir miklu fyrir stöðu kirkjunnar en hún mun þó starfa, eftir sem áður, á grundvelli fyrrnefndra laga nr. 78 frá 1997.

Bentu hefur verið á það í umræðum í nefndinni, að umfjöllun í þjóðfélaginu á liðnum misserum hefur verið nokkuð hávær umræða um aðskilnað ríkis og kirkju, enda þótt sumum hafi þótt hún nokkuð einhliða. Gerðar hafa verið skoðanakannanir af og til á liðnum árum og hefur hlutfallstala þeirra sem vilja aðskilnað farið hækkandi. Eftir sem áður er það staðreynd að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar leitar þjónustu kirkjunnar á vegamótum lífsins, við skírn, fermingu, hjónavígslu og greftrun. Sú skoðanakönnun, ef svo má kalla, vegur þungt, ef ekki mun þyngra en hinar, þar sem spurt er mjög þröngt og afmarkandi um aðskilnað án undangenginnar upplýstrar umræðu. Gjarnan hefur verið spurt í skoðanakönnunum eitt hvað á þessa leið: Viltu aðskilnað ríkis og kirkju? Bent hefur verið á, að engin upplýst umræða hefur átt sér

stað um málið í fjölmiðlum og kirkjan, þ.e.a.s. leikmenn, prestar eða biskupar hafa ekki beitt sér í þeirri umræðu af neinu marki. Aftur á móti hefur fámennur aðskilnaðarsinna beitt sér í blöðum og á bloggsíðum. Flestir svara fyrrgreindri spurningu eða svipaðri játandi með von um að með því sparist fjármunir ríkisins, eða ég tel að það sé jafnvel ástæða svara í mörgum tilfellum. Taka skal fram, að það hvort ákvæði um þjóðkirkjuna stendur í stjórnarskrá eða ekki hefur lítið, ef nokkuð, með fjármuni að gera, því ríki og kirkja hafa gert með sér samning um eignir og fjármuni sem stendur einn og sér, burtséð frá ákvæðum stjórnarskrár landsins. Samningurinn er lögformlegur milli tveggja persóna að lögum, ríkis og kirkju. Kirkjan afhenti ríkinu umtalsverðar jarðeignir sem ríkið hafði haft í vörslu allt frá árinu 1907. En með samningnum 1997 eignaðist ríkið þessar jarðir gegn tilteknum skýrt skilgreindum greiðslum. Þá hefur einnig verið á það minnt í umræðum í nefndinni að aðskilnaður hafi í reynd átt sér stað með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þar er kirkjunni settur lagarammi sem gerir hana óháða ríkisvaldinu því kirkjuþing varð þar með æðsta stofnun þjóðkirkjunnar og allar meginákvæðanir um starf hennar eru teknar þar. Breytingin á kirkjuskipaninni sem gerð var í Svíþjóð árið 2000 er kölluð aðskilnaður ríkis og kirkju. Sá gerningur þykir mjög sambærilegur við fyrrnefnd lög Alþingis frá 1997. Segja má, að hér hafi aðskilnaður þegar átt sér stað en þó stendur eftir að prestar eru enn á launaskrá ríkisins en laun þeirra er þó greidd sem arður af eignum kirkjunnar, sem hún afhenti ríkinu til eignar árið 1997. Og ég vil skjóta því hér inn og spyrja: Er einhver stofnun í landinu sem fyrir eigið fé leggur þjóðinni til 150-200 ársverk á hverju einasta ári í áratugi og um aldir til uppbyggingar menningu og góðu mannlífi í landinu?

Það er ritus í öllum þjóðfélögum, það er siður. Öll menningarsamfélög hafa einhvers konar megin síð sem sér um athafnir á vegamótum mannsævinnar og sú eftirspurn verður áfram þó að þjóðkirkjan fari úr stjórnarskránni. Trúfrelsisákvæði eru hugsuð til að fólki njóti verndar til trúar og gefa því þar með rétt til að iðka sína trú; jákvætt trúfrelsi heitir það. Í seinni tíð hefur borið meira á frelsi frá trú eða neikvæðu trúfrelsi. Í umræðu í fjölmiðlum og manna á meðal er gjarnan talað um „ríkiskirkju“. En hér er ekki ríkiskirkja, heldur þjóðkirkja. Þar sem ríkiskirkja er við lýði stýrir ríkið innri málum hennar, setur henni lög og reglur í stóru sem smáu, skipar embættismenn hennar og ræður sóknarmörkum, svo dæmi séu tekin. Hér á landi tekur kirkjuþing ákvarðanir í slíkum málum. Hin evangelíska-lúterska kirkja er því þjóðkirkja en ekki ríkiskirkja. Forseti kirkjuþings sagði frá því opinberlega fyrr í sumar, að kirkjan væri nú með það í undirbúningi að prestar verði ekki ríkisstarfsmenn, heldur starfsmenn kirkjunnar. Hvað sem líður rökum um störf kirkjunnar og þjónustu, söguleg rök og samfélagsleg, þá eru skoðanir skiptar meðal landsmanna og innan Stjórnlagaráðs og þar með innan A-nefndar um ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá.

Ég ætla ekki að rekja tillögurnar. Það hefur verið þróun hjá okkur með þessari umræðu en ég stóð að þessari lendingu sem að hér er birt og það hefur ítrekið að komið fram í málflutningi hjá okkur ráðsfulltrúa, að það væri ekki verkefni stjórnlagaráðs að ákveða

aðskilnað ríkis og kirkju. Sá kaleikur er hjá þjóðinni. Stjórnlagaráði er falið að semja stjórnarskrá, ekki að kveða á um samband ríkis og kirkju. Þó því yrði breytt, þá myndi það ekki sjálfkrafa þýða aðskilnað. Í Finnlandi eru t.a.m. tvær þjóðkirkjur: ein evangelísk-lútersk, með meirihluta þjóðarinnar innanborðs, en hin er rétttrúnaðarkirkjan eða orþodoxakirkjan, með aðild um 3% þjóðarinnar. Ég hef áður minnst á austur-þýsku kirkjuna, sem kallaði sig þjóðkirkju, þrátt fyrir ofsóknir ríkisvaldsins. Skoðanakannanir eða meðlima-fjöldi er ekki ákvarðandi um það, hvort að kirkja heitir þjóðkirkja eða ekki.

Fram kom í umræðum að sumir vilja að kveðið sé almennt á um trúfrelsi í stjórnarskránni en ekki um þjóðkirkju. En þess vegna erum við með þessa lendingu sem hér er, um að ákvæðið um þjóðkirkjuna fari út úr stjórnarskránni en eftir standi grein um kirkjuskipan ríkisins. Og þar með er þessu máli vísað til Alþingis og eftir sem áður, þá gildir samningur ríkis og kirkju, sem var gerður 1997, eins og fyrr sagði, og í honum er ákvæði um endurskoðun, 15 árum eftir gildistöku. Þannig að það fer nú að líða að þeirri endurskoðun. Ég samsagt stend að þessari tillögu hér og hef áður talað um að ég vilji frjálsta kirkju sem að tekur þeirri áskorun að standa frjáls og óháð og byggja starf sitt á erindi sínu og köllun og gera það upprétt og keik andspænis þeim verkefnum sem mæta henni á hverjum tíma. Þessu vildi ég koma á framfæri til ykkar, kærur ráðsfulltrúar og annarra sem til heyra, og líka til að það væri skráð hver afstaða mín er í þessu efni. Takk fyrir.

SN

Þá ætla ég að biðja Ara Teitsson, varaformann, um að taka við fundarstjórn. Gjörðu svo vel.

AT

Næst á mælendaskrá er Salvör Nordal. Salvör, gjörðu svo vel.

SN

Takk fyrir. Gaman að fá að taka herna til máls í fyrsta skipti. Ég tek til máls en það er út af 25. gr. Ég er reyndar ákafur stuðningsmaður þess að við stöndum vörð um menningararfinn. En ég hef haft nokkrar efasemdir um þessa grein og sérstaklega af því að ég hafði ekki fengið og kallaði svona eftir nánari skýringum á greininni, hvernig ætti að beita henni og hvað væri raunverulega undir. Þorvaldur kom núna reyndar talsvert inn á það og skýrði það að ýmsu leyti. En eftir sem áður, þá held ég að við þurfum að styrkja hana talsvert meir upp á það að það valdi ekki deilum um það, ef við setjum þetta inn, hvað eru dýrmætar þjóðareignir. Ég held að þetta geti valdið ákveðnum vanda, að setja svona ákvæði inn vegna þess að hér er margt undir. Og mig langaði líka aðeins að koma inn á það vegna þess að þegar þetta var birt fyrst eða fjallað um þetta fyrst, þá var nú verið að tala um fornhandritin sem eru varðveitt hér á landi, sem komu hér frá Danmörku. Og Þorvaldur kom einmitt inn á það líka í ræðu sinni. Þau voru náttúrulega afhent okkur til varðveislu og, eins og hann nefndi, þá liggur samningur milli landanna um þau, þannig að það er ekkert um það að ræða að blanda eignarrétti okkar til þeirra inn í þessa umræðu.

Það má líka til gamans geta þess, að þegar þessi deila var á milli landanna, þá vildu Íslendingar ekki að þeim

væru gefin handritin, vegna þess að þeir litu svo á að þeir ættu handritin. Þannig að þeir urðu mjög reiðir, ef ég þekki þessa deilu rétt, að það væri verið að tala um gjafir yfirleitt. Þannig að ég held að við ættum ekki að gera það í þessu samhengi. En niðurstaða deilunnar var sú, að handritin voru færð til Íslands til varðveislu og ég held að við ættum að halda okkur við það og ekki taka þá umræðu sérstaklega inn í þessa deilu eða þessa umræðu um 25. gr. En eins og ég segi: Ég hef verið mjög efins um það, þó að ég sé ákafur talsmaður þess að við stöndum vörð um menningararfinn, að við höfum þessa grein vegna þess að ég hef miklar efasemdir um það, hvernig þetta verður túlkað og hvernig henni verður beitt. Og þó ég sé aðeins nær því eftir að hafa heyrt Þorvald lýsa þessu að mörgu leyti vel hér áðan. Nú, af því að ég er með orðið, þá ætla ég líka að geta þess að ég er ánægð með það, að friðhelgin er farin úr náttúruákvæðinu. Friðhelgi er orð og hugtak sem ég hef fjallað talsvert og er afskaplega vandmeðfarið. Til dæmis þegar við erum að tala um friðhelgi einkalífsins og aðra slíka þætti. Þannig að ég held að það sé mjög gott að við höfum það ekki inni í náttúruákvæðinu. Og ég líka tekið undir hér, úr því ég er farin að ræða hér um önnur atriði, að ég held að þetta orðalag sem hefur verið bætt inn í, „undirstaða lífs í landinu“, sé ekkert endilega til bóta. En ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri og lýk hér með máli mínu.

AT

Nú, Salvör Nordal hefur þar með lokið máli sínu og ég gef fundarstjórnina aftur til formanns. Gjörðu svo vel.

SN

Þá er komið að Lýði Árnasyni. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur fundarmenn, ráðsmenn og hér aðrir í sal. Ég ætla nú að vera svona frekar stuttur. Ég held að fólk sé nú farið að lengja eftir hléi. Mig langar aðeins að nefna það sem Vilhjálmur á málgaði varðandi 7. gr., Skoðana- og tjáningarfrælsi: Ég legg sama skilning og Vilhjálmur í þetta, að við séum ekki með þessu að halda opnum aðgangi að neti og upplýsingatækni. En orðalagið gæti hins vegar misskilist, þannig að þetta skuli vera öllum tækt alls staðar, hvar sem þeir eru. Þannig að ég svona legg til að A-nefnd endurskoði aðeins orðalagið. Ég held að þetta sé í raun og veru ekki svo mikið mál að gera það, þannig að það sé tryggt að við séum ekki að eiga við það, að allir geti haft net alls staðar, hvar sem þeir eru á landinu en hins vegar halda þessum óhefta aðgangi.

Svo varðandi þetta ákvæði um menningarverðmæti. Ég svo sem sé ekki að þetta hafi verið að skapa okkur mikil vandamál. En ég skil samt alveg meininguna í þessu ákvæði og er svo sem sammála henni en ég held, samt sem áður, að þetta geti haft meira vesen í för með sér heldur en að við myndum hreinlega sleppa þessu og finna þessu frekar stað í lögum. En ég mun að sjálfsgöðu ekki setja það fyrir mér þó að þetta ákvæði verði inni. Hins vegar finnst mér svo meira mál, þetta númer 27, náttúruauðlindirnar og þessi viðbót hjá Andrésí: „Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.“ Ég er líka sammála Vilhjálmi með þetta. Og svo er ég

líka á því að þetta ætti þá kannski frekar að vera tengt 1. mgr. Það er nefnilega spurning: Hvernig getum við skilgreint eignarréttinn? Ef maður á hús eða jörð, hve djúpt nær eignin? Nær hún alveg niður að miðju jarðar eða alveg upp í geim? Og við einhvern veginn sjáum þessa eign fyrir okkur sem einhvern kassa, einhvern ferhyrning. Og hversu langt niður í jörðina nær hann og hversu hátt upp í loft nær hann? Ég held að þetta sé nú kannski aðalatriðið, að við þurfum að skilgreina í raun og veru þennan eignarrétt: Hversu stór á kassinn að vera? Og þess vegna set ég svona ákveðinn varnagla við þessu breytingarákvæði félaga míns, Andrésar, og mæli með því að A-nefnd endurskoði þetta aðeins með þetta í huga, hvernig og hve víðtækur á þessi eignarkassi að vera? Annars finnst mér þessar tillögur bara nokkuð góðar og mæli svo með því að Silja Bára taki við og verði stuttur, svo við komumst í hlé. Takk.

SN

En það er ég sem er með fundarstjórnina, þannig að ég ákveð hvenær er gert fundarhlé. Og það er gert núna. Gjörðu svo vel.

SN

Þá byrjum við aftur og ég bið fundarmenn að fá sér sæti. Það kom hér fram fyrr á fundinum dagskráartil-laga og í framhaldi af henni, þá ætla ég að gefa Írisi Lind Sæmundsdóttur orðið. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, kærur vinir. Ég veit að við erum ekki komin öll hérna inn en ég ætlaði nú bara að óska eftir því að ég fengi að draga til baka þessa tillögu um breytta máls-meðferð. Ég vil alls ekki, bara svona með tilliti til þess í hvaða fasa við erum og að við erum að reyna að vinna skilvirkt og vel og saman, þá ætla ég ekki að standa að því að... þá ætla ég að fá að draga þessa tillögu til baka og fá bara að vísa því í það sem ég sagði áðan. Ég ætla að sitja hjá með kaflann hins vegar og ráðið er þar með upplýst um hver afstaða mín verður til þessa tiltekna ákvæðis þegar að við erum komin í frumvarpsferli og greiðum þar atkvæði með eða móti eða sitjum hjá einstökum greinum, ef því er að skipta. Þannig að ég ætla ekki að valda hér uppsteyti og vona að við getum afgreitt þetta og allt annað bara með sem skilvirkustum hætti og verðum ekki hér fram á sunnudag. Takk.

SN

Takk fyrir, Íris Lind. Það er fallist á þetta. Og þá tekur til máls Silja Bára Ómarsdóttir og bregst við umræðunni sem hér hefur verið. Gjörðu svo vel, Silja Bára.

SBÓ

Já, formaður, kærur félagar og gestir. Ég ætla að reyna að fara frekar fljótt í gegnum þetta. Við erum búin að ræða flest þessi atriði nokkrum sinnum áður, þó að auðvitað komi upp öndverð sjónarmið þegar einhverju er snúið við.

Þetta með undirstöðurnar: Þá höfum við nokkrum sinnum í A-nefndinni fengið að heyra að hlutir sem við setjum þarna inn eigi ekki beint heima í mannréttinda-kafla og við vorum núna svona að reyna að bregðast við því, þó að við höfum unnið með okkar viðfangsefni sem eina heild, hingað til, að taka þá út t.d. fjölmiðlana

og kirkjuákvæðið, vegna þess að það eru jú ekki mannréttindi að hafa kirkjuskipan í landinu. Að sama hætti, þá má segja að það séu réttindi blaðamanna að séu mannréttindi. En það er líka þessi skylda til þess að stuðla að opinni umræðu og gera fjölmiðlum kleift að starfa sem að hefur með fjölmiðlana að gera en ekki mannréttindin. En þetta er, eins og önnur mál sem hafa komið hér upp, bæði hjá okkur og öðrum, að þegar að breytt er, þá heyrast gagnrýnisraddirnar sem ekki tóku máls, ekki létu í sér heyra, þegar fyrri útgáfa var í gangi. Þannig að þetta er greinilega eitthvað sem við þurfum að skoða í frumvarpsfasanum hvernig við ætlum að taka á. Síðan er þetta með réttinn til lífs: Við höfum rætt þetta fram og til baka og mér fannst Kata taka vel á þessu í sínu innleggi. Við erum að reyna að viðhalda núverandi ástandi frekar en að breyta því. Þannig að við reynum að setja þessa afstöðu fram hér á þennan hátt.

7. gr., um bann við lokun á netinu eða sem sagt að allir eigi aðgang að netinu, þá er þetta einmitt hugmynd um bann við lokun, að við eigum ekki að búa við ritskoðun á þessu sviði. Ég er búin að fá breytingartillögu frá Gísla Tryggvasoni. Hún er svohljóðandi – þannig að þessi málsgrein myndi vera: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara samkvæmt lögum ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.“ Þannig að þarna eru allir þeir fyrirvarar sem maður getur látið detta sér í hug. Ómar hafði notað orðalagið „samskipta- og upplýsingatækni“ og ég veit að fólki finnst orðið „net“, sumum, óljóst og sumum ljótt. En ég tek nú undir sem að Villi sagði, að netið er eitt og vefurinn er annað og við erum kannski mörg ennþá að blanda saman. En þetta er tæknin, flutningurinn á gögnunum sem að er það sem ekki má loka á. Þannig að „samskipta- og upplýsingatækni“ gæti dekkjað þetta og þá værum við komin með góða lendingu. En við höldum þessu vonandi til haga inn í næsta fasa.

Íris Lind spurði líka um 8. gr. Ég held að Kata hafi svarað henni ágætlega með sem sagt að þetta eru ekki hugmyndir um lagabreytingar heldur ákvarðanir um tiltækin gögn. Og Kata brást líka við hugmyndinni um vopnleysið. Ég skil alveg hvað fólk er að hugsa með þessu og ég einmitt myndi vilja tiltaka að Ísland væri herlaust og þá væri „vopnleysi“ vöðalega fallegt líka inni. En við erum með skotveiðifélög. Og eru það ekki vopn? Og hvað eru vopn? Hvernig á að skilgreina það? Okkur fannst þetta loðið og óljóst orðalag, þannig að þetta var svona okkar lending. En ég hvet þá fólk til þess að koma með breytingartillögur í næstu umferð.

Nú, þriðjumannsréttindin hafa fengið svolitla umræðu. Þetta er auðvitað svolítið nýtt. Andrés talaði um alla þá aðila og fyrirtæki og alls konar aðila sem reyna að hafa áhrif á okkur en það er kannski munur á mannréttindabroti og tilraunum til þess að hafa áhrif á hugmyndir manns. Það sem að þetta ákvæði reynir að gera er að vernda okkur einmitt fyrir ágangi eða ofríki, ekki bara ríkisins heldur þriðja aðila. Mér fannst Kata taka mjög vel á þessu. Villi nefndi þetta líka eftir það, að það væri svona hringrás í þessu: að ríkið ætti að vernda okkur fyrir ágangi ríkisins eða ofríki ríkisins. En það er nákvæmlega punkturinn: Mannréttindi hafa alltaf snúist um vernd gegn ríkinu og viðbótin hér eru þriðju aðilarnir, sem sagt annar, að það er ekki bara

ríkið núna sem að við erum að segja að geti mögulega brotið mannréttindi. Þetta er þróun sem er í gangi. Það er farið að veita fólki hæli á grundvelli þess að því sé ekki óhætt í heimalandi þó það sé ekki ríkið sem er að brjóta mannréttindi þess. Þannig að þetta er þróun sem að ég held að þetta ákvæði myndi styrkja við og við myndum sjá að það eru bæði fyrirtæki, lögaðilar og einstaklingar sem geta brotið á okkur réttindi okkar og þá er ríkinu skylt að grípa inn í, rétt eins og því er skylt að vernda réttindi okkar gagnvart sjálfu sér. „Á hverjum tíma“ – ég get nú tekið undir að þetta er ekkert sérstaklega fallegt orðalag. En þetta er, aftur eins og Kata sagði, hugmyndin um það að mannréttindi eru breytileg, það eru ekki sömu hlutirnir í dag sem við höfum áhyggjur af eins og við höfðum fyrir 40, 50, 60 árum. Þannig að það er svona verið að reyna að halda því vakandi, að þetta geti breyst og þurfi að breytast.

Barnaákvæðið: Eins og ég segi, þá tók svolitlum breytingum, gekk aðeins til baka eftir að við fengum athugasemdir frá sérfræðingi á þessu sviði. Eintalan er jú vegna þess að það er verið að tala um það þegar börn eru aðilar að málum, að þegar börn eiga rétt á að tjá sig. Forsjármál eru náttúrulega gott og einfalt dæmi um það, að það eigi að taka tillit til skoðana barns.

Um náttúruna, þá ætla ég að taka undir með sessu-nautum mínum hérna á vinstri hönd, að ég sakna friðhelgi náttúrunnar sjálf. Það er mér eftirsjá af því orðalagi. Það hefur ekki reynst okkur erfitt að tryggja eignarréttinn með þessu ákvæði eða þessu orðalagi en við erum að reyna að koma til móts við öndverð sjónarmið. Og ég tek undir með Arnfríði, að lesa 1. mgr. í heild sinni en ekki bara fyrsta málsliðinn, um náttúruna sem undirstöðu lífs í landinu, og tel að þannig sé ekki erfitt að nota þetta ákvæði. Það var svolítið rætt um dýptina líka. Þetta er jú ákvæði sem er að koma seint inn og þarf kannski aðeins að melta. Þorkell hafði áhyggjur af því að þetta væri eitthvað sem við værum orðin of sein að grípa inn í. En hér erum við sem sagt að setja inn heimild til þess að takmarka einkaeignarrétt í iðrum jarðar en við erum ekki að setja skyldu; það eru ekki allar auðlindir á dýpt sem að verða að þjóðareigu, þó að þetta ákvæði færi í gegn. En Alþingi gæti ákveðið að setja lög, t.d. um grunnvatn, og gera grunnvatnið, undir ákveðnu dýpi, að þjóðareign. Og þá þarf þingið auðvitað að meta skaðabótaskyldu eða láta meta hana og önnur tengd áhrif og taka þá tillit til eignarréttar þeirra sem að hafa áður haft umráð yfir þessum auðlindum. Þannig að við erum kannski að hugsa að löggjafanum ætti að vera treystandi fyrir þessu slíku ákvæði. Hún myndi ríma við nýtt eignarréttarákvæði sem ætti ekki að ganga gegn almannahag.

Þá með 30. gr., um mannréttindasamning eða áhrif alþjóðasamninga, þá vil ég bara ítreka að þetta er mikil breyting frá greininni eins og við settum hana fram í upphafi. Þá fórum við eftir tillögum stjórnlaganefndar sem við fengum síðan ábendingar frá ýmsum fulltrúum, að hefðu kannski gengið of langt og skapað einhverja réttaróvissu. Þannig að við erum búin að draga töluvert í land. Þarna erum við t.d. með fyrirmynd sem hefur ekki verið mikið nefnd en í þýsku stjórnarskránni, þá er talað um að almennar reglur þjóðaréttar, 25. gr. þýsku stjórnarskrárinnar, séu óaðskiljanlegur hluti alríkislaganna í Þýskalandi. Og þar virðist það vera sjálfkrafa – og ekki bara á þessu þrönga sviði sem við erum að nefna: mannréttindi og umhverfi – en

við erum svona meira að benda á norsku leiðina sem fyrirmynd, að þarna megi taka ákveðna sáttmála og hífa þá upp á æðra svið, þannig að þessi lex superior-leið verði til.

Að öðru leyti þakka ég bara fyrir góðar athugasemdir, góðar undirtektir við ýmsar breytingar sem við erum að setja fram. Ég nefni sérstaklega 14. gr. og málamíðlanir sem við höfum verið að setja fram í náttúru, umhverfi og kirkjumálum. Og enn og aftur þakka [ég] nefndinni minni, A-nefndinni, fyrir frábært samstarf og ykkur öllum fyrir góð innlegg. Það er minn skilningur að þær breytingartillögur sem að berast eftir þetta stig, þær fari inn í frumvarpsfasann og verður tekin afstaða til þeirra þar, ekki inni í nefndinni, þó að við í nefndinni munum auðvitað halda áfram að skipta okkur svoltið af hvernig þessar greinar þróast. Ég þakka fyrir.

SN

Kærar þakkir til formanns nefndar A og nefndarinnar allrar og ykkur öllum fyrir góðar umræður. Þá greiðum við atkvæði um það, hvort að þessar greinar fara inn í áfangaskjal og ég bið þá sem eru samþykktir að rétta upp hönd. Gjörði svo vel. Þeir sem eru á móti rétti upp hönd. [atkvæðagreiðsla] Og loks þeir sem sitja hjá. Takk fyrir.

Nú, þá... [ógreinileg samskipti í sal] En þetta var samþykkt inn í áfangaskjal.

### 3. Skýrsla og tillögur C-nefndar

SN

Og það er komið að þriðja lið á dagskrána. Það er skýrsla og tillögur C-nefndar. Það er í tveimur liðum og fyrri liðurinn er um kosningar og alþingismenn. Það er tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum, lagðar fram til afgreiðslu í áfangaskjalið og Pawel Bartoszek, formaður nefndarinnar, tekur nú til máls. Gjörðu svo vel.

PB

Já takk, kæru vinir. Ég ætla að reyna að hafa þetta ekkert alltof langt. Það hefur verið dreift til fundarmanna og á netinu drögum að dálítið ítarlegri greinargerð okkar með umræddum tillögum sem að spannar nokkrar síður. Þar er lagður grunnur að þeim umræðum sem hér hafa farið fram og þeim fræðilegu undirstöðum sem liggja að baki þeim ákvörðunum sem teknar eru, söguleg yfirlit yfir þau mál hér á landi og erlend fordæmi í átt til þeirra leiða sem hér er farið í í okkar tillögum. Það hafa borist ýmsar athugasemdir við þær tillögur eins og þær voru lagðar fram, frá stjórn málafræðingum og öðrum fræðimönnum um þessi efni og síðan sömuleiðis frá almenningi og öðrum ráðsfulltrúum. Það er auvitað þannig, að sitt sýnist hverjum um þetta og kannski hér í ráðinu og úti í samfélaginu sömuleiðis og á alþjóðavísu eru uppi nokkrar skoðanir um hvernig svona hluti eigi að hafa, annars vegar að ákvæðin eigi að vera mjög almenns eðlis og eftirláta löggjafanum flestar útfærslur á því sem snýr að því hvernig kosningafyrirkomulagið eigi að vera útfært, og hins vegar þeir sem eru á þeirri skoðun, að vegna mikilvægis þess að velja löggjafarvaldið, þá sé mikilvægt að tiltaka það með aðeins skýrari hætti hvernig það skuli gert og ekki skilja eftir alltof mikið

svigrúm. Innan nefndarinnar er síðari skoðunin sú sem nýtur meiri stuðnings, þ.e.a.s. að það beri að tiltaka þessar helstu meginlínur og þær forsendur sem gefnar eru inni í stjórnarskrárákvæðinu, með þó að skilja löggjafanum eftir svigrúm til athafna þar sem það er æskilegt.

Nú, greinargerðin er – til þess að ítreka það – í vinnslu og það sem er framan, þau ákvæði, þau geta í einhverjum tilfellum... semsagt inngangurinn getur í einhverjum tilfellum verið ekki í fullu samræmi við það sem stendur síðar meir en skýringar við einstök ákvæði eiga að vera í anda þess sem stendur þarna inni. En þetta er auðvitað allt saman að taka miklum breytingum hér og ég vona að fundarmenn og aðrir sem á hlýða fyrirgefi okkur það.

Það er kannski fjórða síðasta opnan hérna, fyrir þau sem eru með þetta útprentað, sem að skiptir máli í þessum tillögum og þar eru gerðar þó nokkrar tillögur að breytingum á því ákvæði sem lagt var fyrir síðast en það skal ítrekað að þrátt fyrir það, þá er ekki verið að gera neinar grundvallarbreytingar á því kosningafyrirkomulagi sem lagt var til. Helst er þó reynt að skerpa á því hvar löggjafanum er eftirlátið að taka ákvörðun um eitthvað og hvar viðkomandi fyrirkomulag er negl niður í stjórnarskrá og síðan er reynt að bregðast við þeim ábendingum sem við höfum fengið um hvernig það mætti láta betur fara og hvað hafi verið valið samt að gera án frekari skoðunar.

En ef ég fer svona yfir þau helstu atriði sem breyst hafa, þá, eins og ég segi, hefur teygst lengst aðeins, án þess þó að í þessu fælist beinlínis það, að löggjafanum sé veitt minna svigrúm til athafna – þvert á móti – það er þá skýrt tekið fram, að t.d. fjöldi kjördæma skuli [ákvæðinn] með lögum o.s.frv. Nú, það er fellt á brott það skýra fyrirkomulag um að kjósendur geti valið frambjóðendur þvert á lista. Þetta fékk á sig ákveðna gagnrýni um það, að það væri ekki fullvíst hvaða áhrif þetta gæti haft og að þetta þyrfti að skoða betur. Það fyrirkomulag hafi ekki verið reynt í mjög mörgum löndum og að því leyti væri varasamt að negla það niður í stjórnarskrá að kjósendur gætu alveg örugglega valið frambjóðendur af ólíkum framboðslistum. Hins vegar er skilin eftir heimild fyrir löggjafann til þess að gera slíkt, ef að löggjafinn ákveður að slíkt sé æskilegt, að auðvitað undangenginni væntanlega ítarlegri skoðun [á því] hvað það myndi hafa í för með sér. Í þriðja lagi, þá er aðeins skerpt á því fyrirkomulagi að við höfum kjördæmislista og landslista, eins og gert er ráð fyrir í megingtillögu nefndarinnar og útskýrt að frambjóðendur megi bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka. Þetta er í anda þeirra hugmynda sem hafa verið kynntar hér innan ráðsins. En það þótti rétt að tiltaka þetta sérstaklega í ljósi þess að við tölum síðan um að kjósendur geti valið bæði af framboðslista og landslista, þá þótti okkur rétt að tala aðeins um hvað það væri.

Í fjórða lagi er fellt brott ákvæði sem kveður á um að framboð skuli bjóða 2-126 frambjóðendur á landinu öllu. Ákvörðun um þetta er þá eftirlátið löggjafanum. Í fimmta lagi notum við orðalagið „samtök frambjóðenda“ í staðinn fyrir „framboð“. Þetta er ekki efnisleg breyting en það hefur verið bent á það. Við höfum svona aðeins verið að fara með þetta fram og til baka, sumir vildu nota „stjórn málasamtök“ en það mundi þá einskorða okkar við þau framboð sem eru á vettvangi

stjórnmalasamtaka, stjórnmalaflokka. „Framboð“ hins vegar var orðið sem við notuðum áður og það hefur ákvæðna merkingu sums staðar í kosningalögum. Það er talað um „framboð“ einhvers flokks í tilteknu kjördæmi en við áttum við semsagt framboð á landsvísu. Þannig að það er talið að „samþök framboðenda“ nái yfir allt þetta og þetta er notað alls staðar. Nú, það er síðan tiltekið með skýrum hætti, sem var ekki gert áður, að atkvæðum til samtaka framboðenda (semsagt flokka þá) skuli úthlutað í hlutfalli við fylgi þeirra á landsvísu. Þetta var ekki áður og er, að okkar mati, nauðsynlegt að setja inn til þess að fyrirbyggja svona meirihluta-kosningakerfi, þar sem kannski einn flokkur, sem fær mjög mikinn stuðning, getur sópað til sín þorra þingsæta, mun meiri heldur en hlutfallslegur styrkur þeirra segir til um.

Í sjöunda lagi er komið á 4% þröskuldi, í samræmi við ábendingar sem hafa verið gefnar þess efnis, að sé vilji okkar til þess að löggjafinn hafi þá heimild, þá verður að kveða skýrt á um hana í lögum, því annars mundi ákvæði um hlutfallskosningar vera túlkað með þeim hætti, að slíkt væri ekki heimilt. Og þetta er gert til þess að tryggja aukna stjórnarfestu á þingi. Auðvitað kallast þarna á ákvæðin sjónarmið: Sumir geta sagt að ef að framboð fá atkvæðastyrki sem nemur einum þingmanni, þá ættu þau skilið að fá þann þingmann og aftur á móti er bent á, að ef þetta er ekki til staðar, þá auðvitað er hættu á því að það fjölgi mjög litlum flokkum á þingi og það minnkar möguleika til þess að hægt sé að mynda ríkisstjórn með skýrari valkostum og þar sem ábyrgðin er skýrari. Síðan eru sett inn almenn ákvæði um að löggjafinn skuli útfæra hvaða framboðendur veljist á listann til þess kosnir og þetta er talið betra heldur en að nota hugtakið „persónukjör“ sem hefur mjög ólíkan skilning á milli manna. Sumir líta á sem persónukjör geti þrífist jafnvel innan bundinna fyrirfram raðaðra lista, þannig að ef kjósendur geta gert einhvern sérstakan kross við einn framboðanda eða að útstríkanir hafi meira vægi; sumir hafa túlkað það sem persónukjör. Hin skoðunin hinu megin er sú að persónukjör geti ekki verið til staðar nema um sé að ræða næstum því að flokkar séu ekki til eða alla vega séu einungis notaðir sem einhverjar áletranir á framboðendur. Þannig að notkun orðsins „persónukjör“ kallar alltaf fram á það, að menn túlki það hver með sínum hætti og þess vegna er talið réttar að nota einfaldlega orðalagið: „Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til framboðenda út frá atkvæðastyrk þeirra.“ Það er þá skilið eftir löggjafanum hvernig hann útfærir það nákvæmlega.

Síðan er ákvæðin breyting, að fjöldi þeirra sæti sem binda má tilteknum kjördæmum er hækkaður úr 2/5 yfir í 25. Þetta þýðir þá hækkan úr 25 þingsætum í 30 þingsæti. Nú, fjöldi þessara sæta, það má hafa hann nákvæmlega þann sem menn vilja. Það var vilji fyrir því í nefndinni að hækka þessa tölu. Við skulum ítreka samt það, að um heimild er að ræða, þannig að þarna er einfaldlega verið að auka heimild löggjafans til þess að bindast þingsæti tilteknum kjördæmum. En þó ber að gæta þess, að seinni málsliður í 8. mgr., „Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll þingsætin.“, sem er efnislega það sama og stóð áður, nema að við teljum að þetta orðalag sé ívið skýrara og einfaldara, hún tryggir það, að ef að í einhverju kjör-

dæmi búi t.d. 10% kjósenda, þ.e.a.s. ákvæðinn fjöldi, þá megi binda þar allt að 10% allra þingsæta í landinu öllu, sem er þá u.þ.b. sex þingsæti. Þannig að þetta svigrúm, þrátt fyrir að þetta sé aukið, gefur samt ekki möguleika til þess að misvægi atkvæða sé eitthvað meira en að þau þingsæti, sem tryggð eru, eru þau þingsæti sem viðkomandi kjördæmi ætti sannarlega skilið að fá miðað við venjulegan hlutfallsútreikning. Síðan er sett inn ákvæðin breyting. Það er sett inn í stað ítarlegs ákvæðis um það, að framboðin skuli hafa „heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna [...] sé sem jafnast“, meðal þeirra sem ná kjöri fyrir þeirra hönd, er sett inn ákvæði sem er mjög svipað breytingartillögu sem kom fram hér á ráðsfundi, um að „Í kosningalögum [skuli] mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla“ á þingi. Þarna stóð „ná“ í breytingartillögunni en þetta er tillaga sem er lögð fram og þetta hefur þá í för með sér að löggjafanum ber skylda til þess að tryggja það, að huga að þessum efnunum, að hafa ákvæði sem miði að því að hlutfall karla og kvenna á þingi sé sem jafnast en löggjafanum að öðru leyti eftirlátin nánari ákvörðun um hvernig það skuli gert og það er gefnar upp nokkrar aðferðir til þess í greinargerðinni, t.d. að tilgreina um að það skuli vera blöndun meðal efstu framboðenda hvers lista o.s.frv. Það eru til nokkrar leiðir sem eru gefnar að því marki. En þetta eru þá þær tillögur sem gerðar á grein númer eitt, sem eru, eins og ég segi, efnismiklar en gerðar eru til að reyna að koma til móts við annars vegar þær ábendingar um það, að greinarnar hafi hugsanlega ekki verið nægilega skýrar ef að þær voru lesnar einar og sér, eins og þær stóðu áður, og hins vegar að reyna að gefa löggjafanum aukna heimild, þar sem við teljum að það eigi við.

Nú. Síðan er lögð til ný grein, sem er þá hér bæði til kynningar og afgreiðslu, vegna þess að þetta er síðasti fundur. Þannig að ef fundur fellt á það, þá verður það okkar tillaga sem verður gerð og hún lýtur að gildi kosninga og hljóðar svo: „Alþingi kys landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðaratkvæðagreiðslna. Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og þingmanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirmælum í lögum.“ Og til þess að gefa smá bakgrunn um þetta, þá er þegar í tillögum B-nefndar búið að fella út ákvæði þess efnis að Alþingi ákveður sjálft hvort það sé löglega kjörið, þ.e.a.s. sú grein sem er í dag 46. gr. er ekki lengur inni í stjórnarskránni. Út frá því er hægt að álykta það, að það megi kæra úrskurði um gildi kosninga til stjórnvalda. Við höfum ekki verið á einu máli um hvort það eitt og sér dugi en það er meirihlutaskoðun innan nefndarinnar að það sé æskilegt að setja inn sérstakt ákvæði um það, hvernig þessum málum skuli háttað, þ.e.a.s. að það sé stofnun eins og Landskjörstjórn sem úrskurði um gildi kjörs þingmanna og síðan fer það bara skv. eðli máls, að úrskurðum þessa aðila, þessa stjórnvalds, megi skjóta til almennra dómstóla í takt við almenn ákvæði þess efnis í stjórnarskránni. En þetta eru þær breytingartillögur sem gerðar eru. Þær eru hér lagðar fram og ég hlakka til að taka þátt í þeirri umræðu sem fram fer. Takk fyrir.

SN

Já, þá er kynningu lokið. Ég þakka formanni nefndarinnar og orðið er gefið laust. Silja Bára, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk fyrir. Formaður og félagar. Takk fyrir, Pawel, fyrir ágæta kynningu. Bara rétt að snerta á örfaum atriðum. Ég er ennþá þeirrar skoðunar að þetta sé alltof, alltof ítarlegt til þess að vera í stjórnarskrá og myndi vilja sjá mun einfaldari og fáorðari kafla. Þá kannski „hefðu orðin meira vægi“, eins og einhver sagði hérna áðan. Mig langar þó, af því ég er nú búin að segja, held ég, eiginlega allt áður, sem ég hef um þetta að segja. Mig langar að þakka fyrir það, hvernig hefur verið bætt úr ákvæði um kynjahlutföll og er mjög sátt við það orðalag, eins og það birtist núna. Ég hef þínuáhuggur út af þessu með kjördæmi, að þau skuli flest vera átta. [Það er] svona undirliggjandi í þessu, að kjördæmin... Það er eins og það sé markmið að gera [landið] að einu kjördæmi. Ég held að það dugi ágætlega að segja, að atkvæði kjósenda skuli vega jafnt og leyfa löggjafanum að útfæra það að öðru leyti. Og ég ætla að segja einu sinni enn – og ætli ég komi þá ekki bara með breytingartillögu inn í frumvarpsferlið, þar sem hefur ekki verið brugðist við þessu og fáí að fara í atkvæðagreiðslu um það – að breytingar á kjördæmamörkum og úthlutun þingsæta, sem sagt almennar breytingar á kosningalögum, að þær megi ekki gera með minna en sex mánaða fyrirvara fyrir kosningar. Ég hef ekki séð almennilega tekið á þessu. Að öðru leyti, þá hef ég ekkert meira um þetta að segja, bara þakka fyrir. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Þetta er náttúrulega þó nokkuð mikil breyting frá síðustu útgáfu af kosningaákvæðinu og ég var nú bara svona að renna yfir þetta og þetta er svona flest, virðist vera, til bóta og gera textann skýrari. En ég hef áhyggjur af einu stóru atriði hérna. Það er þetta nýja ákvæði, það sem heitir þá núna væntanlega 5. mgr. í 1. gr sem byrja á: „Kjósandi velur frambjóðendur af kjördæmislista eða landslista sömu samtaka, eða af þeim báðum.“ Og síðan er aftur undantekningarákvæði í loksömu málgreinar: „Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að kjósandi geti valið frambjóðendur af listum fleiri en einna samtaka.“ Þannig að meginreglan er greinilega sú, að kjósandi velji frambjóðendur af lista eins flokks eða framboðs en það sé hægt í lögum að áskilja að menn geti valið frambjóðendur af fleiri listum. Þetta finnst mér nú persónulega vera afturför og svona óþarfa takmörkun á því að kjósendur geti sýnt sinn lýðræðislega vilja. Þetta breytir vigt tillögunnar í raun og veru aftur í átt að flokkakjöri frá persónukjör, þó auðvitað sé persónukjör þarna verulega aukið frá því sem nú er. En þarna sem sagt er þá í valdi þingsins að hafa kosningalögin þannig, að það sé ekki hægt að kjósa einstaklinga af fleirum en einum lista. Mér finnst það nú persónulega mjög skemmtileg hugmynd og öflug að kjósendur geti valið frambjóðendur frá fleiri en einum flokkslista og jafnvel þá líka auðvitað þvert á kjördæmi, eins og er nú

líka gert ráð fyrir í þessum tillögum, einfaldlega vegna þess að maður getur verið sammála einstaklingum þvert á flokkslínum og sömuleiðis held ég að þetta sé spurning um persónulegt aðhald þingmanna gagnvart kjósendum, að þingmaður geti unnið sér inn fylgisfólk hugsanlega sem er almennt kannski að kjósa aðra flokka og fengi þá stuðning þess fólks. Ég verð nú að viðurkenna að ég var ekki hérna þegar að mér skilst að hér hafi verið fluttur fyrirlestur af hálfu stjórnmalfræðings sem að hafi eitthvað hrætt menn en það væri gott að fá kannski aðeins útskýrt af einhverjum, sem vill verja þetta, af hverju þessu var breytt í þessa átt og hver rökin eru nákvæmlega fyrir því. Af því að mér finnst þetta vera alveg greinileg afturför frá fyrri tillögu.

Svo er bara eitt sem að ég velti fyrir mér hvort að þurfi að koma fram hérna, af því að það er eiginlega hvergi sagt. Það er það að menn geti valið marga frambjóðendur og að atkvæði deilist þá niður á þá hlutfallslega, þannig að ef ég kys þrjá, þá er ég að gefa hverjum 1/3 úr atkvæði og ef ég kys 10, þá er ég að gefa hverju 1/10 úr atkvæði. Mér finnst þetta ekki koma skýrt fram af textanum, að þetta skuli vera svona. Og það er t.d.... Já. En þetta er svona mitt helsta áhyggjuefni. Aftur á móti fagna ég því að það sé inn þá skýrt ákvæði í stjórnarskrá um Landskjörstjórn. Ég held að það leysi úr ákveðnum vanda. Menn hafa verið að vandræðast með hvort að Alþingi ætti að úrskurða um gildi t.d. kjörs þingmanna eða hvort dómstólar ættu að gera það og ég held að það sé fínt að það sé kveðið á um í stjórnarskránni, að það sé apparat sem heiti Landskjörstjórn sem hafi þetta með höndum. Þá hef ég lokið máli mínu. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar. Ég er mjög ánægður með þessar breytingar. Í fyrsta lagi það sem að Silja Bára nefndi sérstaklega, að nú er skylda að gæta jafnræðis og löggjafanum falið að útfæra það hvernig það skuli gert. Í öðru lagi lýst mér mjög vel á að hækka kjördæmavarða þingmenn upp í um helming, þ.e.a.s. úr 25 í 30. Og í þriðja lagi er ég mjög ánægður með að það er svona meginregla að persónuval skuli vera innan flokkakerfis, eins og Ólafur Þ. Harðarson prófessor útskýrði fyrir okkur um daginn að væri brýnt. Þó að ræða hans fjallaði reyndar um ýmislegt annað líka, þá rökstuddi hann þó ágætlega að flokkakerfi eru til þess að stjórna ríkjum og þá er ekkert endilega verið að tala um það flokkakerfi sem við búum við núna. Það eina sem ég er í vafa um er þessi eina regla um 4% lágmark. Þannig að ég ætla nú ekki að hafa sterkar skoðanir á því. Síðan langar mig bara að vekja athygli á, að það kemur fram í lok greinargerðir að úrskurði Landskjörstjórnar verður skotið til dómstóla, eins og hverjum öðrum stjórnvaldsúrskurði, þannig að ég held að þetta sé mjög gott, að afnema sjálfðæmi Alþingis um lögmaeti eigin kjörs. Takk fyrir góðar breytingar og góða vinnu. Takk.

SN

Næstur talar Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

## ÓR

Formaður og aðrir sem mál mitt heyra. Það er sjálfsagt rétt að upplýsa það, að í C-nefndinni fór fram mikil umræða um þessar breytingar sem Vilhjálmur og Gísli eru að tala um og sérstaklega Vilhjálmur. Það hefur alltaf verið mín skoðun – og Þorkell var nú brautryðjandi í þessu inni í nefndinni og allir tóku undir það á sínum tíma og voru mjög ánægðir með þessa breytingu – að það væri hægt að kjósa þvert á flokka. Og ég, satt að segja, er með þau mótörk, þegar menn segja að það veiki flokkakerfið ef að menn kjósa þvert á flokka, þá er eins og þegar menn kjósa ekki einn flokk, heldur setja hluta af atkvæðum yfir á annan flokk, er hann þá ekki að kjósa þann flokk líka? Menn kjósa alltaf flokka. Það er í þessari tillögu gert ráð fyrir að það sé flokkakerfi. Og mér finnst það bara miklu meira frelsi kjóсандans að hann geti ráðið því hvort hann kys tvo flokka eða einn því að það er ekki eins og atkvæði fari í ruslakörfuna, þó að það verði bara hálf og fari hálf á þennan flokk og hálf á hinn.

En það voru fleiri en Ólafur Harðarson útifrá sem höfðu efasemdir með þetta, að þetta óskaplega brött og afdrifarík breyting. Menn óttast það, að þessi breyting sé of mikil og innan nefndarinnar, þá náttúrulega var um tvennt að ræða eða þrennt að ræða: Það var að halda sig bara fast við það sem við höfðum trúað á fram að því, þetta væri bara mjög gott og þarft og allir sem ég hef talað við úti í þjóðfélaginu eru mjög hrifnir. En síðan koma menn eins og Ólafur Harðarson o.fl. og eru með alvarlegar athugasemdir og gera þetta jafnvel að aðalathugasemdinni. Þeir segja: Ef þið breytið þessu, þá er miklu frekar von til þess að þetta komist í gegn. Við verðum náttúrulega að athuga hvort við getum selt þetta, hvort við fáum svokallaða þungavigtarmenn í hópum utanfrá til þess að ráðast á þetta bara út á þetta eitt. Lendingin hjá okkur var að gefa til kynna svona pent að við vildum nú reyndar að það yrði kosið þvert á flokka en að við létum samt sem áður löggjafanum það eftir. Semsagt við fórum ekki þá leið að loka alveg á þetta. Og ég samþykki þessa lendingu bara af praktískum ástæðum, að ég get alveg tekið undir það að ef að við ætlum að takast af mikið í fang, þá erum við aftur komin í Harley [ógreinilegt]: „You are away, back off.“ – aðeins. Þetta með 4%, um það voru skiptar skoðanir í nefndinni að því leyti til hvort þetta ætti að vera 4% eða – á tímabili, þá vorum við að velta því fyrir okkur að löggjafanum væri heimilt að ákveða – allt að 4% þröskuldi, þ.e.a.s. að í kosningalögum mætti hafa annan þröskuld 3% eða 2,5 eða eitthvað slíkt. Til fróðleiks, þá er núna í lögum að framboð eða stjórn-málasamtök sem fá 2,5% fá styrk úr ríkissjóði þó þau nái ekki manni á þing. Þannig að við yrðum þarna með tölu sem er 2,5. Núna, með 63 þingmenn, þá er þetta 1,67%, hver þingmaður. Þannig að 3,3% rúm skila um tveimur þingmönnum og reyndar þarf kannski það ekki alveg til því að þannig getur verið að það sé ekki alveg nákvæmlega 1,67 þegar komið er fram yfir. Það fer eftir fylgi annarra flokka hvernig þetta raðast innan kjördæma. Þannig að sirka 3% myndi sennilega vera það lægsta sem menn geti hugsað sér, þannig að það væri samt sem áður skilyrði að væru tveir. Það kæmist aldrei einn maður inn á þing; það yrði alltaf að vera tveir; þröskuldurinn væri tveir menn. Núna er það tæplega þrír eða jafnvel þrír. En niðurstaðan, eftir umræður í nefndinni, varð semsagt sú að það var ekki

ein hugur um það, að löggjafanum væri heimilt að fara með allt að 4%, þannig að við erum áfram með ákveðinn þröskuld. En ég bara vísa til þess að hér í ráðinu er náttúrulega hægt að greiða um þetta atkvæði þegar þar að kemur og breyta þessu í hvora áttina sem er. Ég stend hins vegar að þessu, ásamt öðrum í nefndinni, því að við verðum auðvitað að skila okkar verki þannig, að það eru málamiðlanir og samkomulag.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Já, ég ætla að taka undir það sem Vilhjálmur var að segja hérna áðan. Við fengum hérna mann sem hélt fyrirlestur fyrir okkur, núna í síðustu viku og ég verð nú bara að segja það, að sá fyrirlestur olli mér a.m.k. miklum vonbrigðum og mér fannst hans rök frekar slöpp fyrir því sem hann var að nefna varðandi að kjósa þvert lista. Ég get eiginlega ekki séð af hverju ætti að vera óæskilegt að kosning endurspeglir sem best vilja kjósendanna og mér finnst það alveg óskiljanlegt þegar menn segi að þetta veiki eitthvað flokkakerfið. Við erum eftir sem áður að kjósa innan flokka. Þetta er spurning um hlutfall flokka, hvort það breyti því eitthvað. En hvað er óæskilegt, hvað er æskilegt í þeim efnum? Ég treysti mér nú eiginlega ekki til að svara því en svara því þó á þann veg, að það hlýtur að vera best að kjóсандinn ráði sem mestu um það. Mér finnst þetta líka gefa fólki færi á því að veita hverjum þingmanni ákveðið frammistöðumat, sem mér finnst mjög sjarmerandi hugmynd, og einnig það að fólk kannski gægist upp úr þessum pólitísku skotgröfum, þannig að maður þurfi ekki endilega að hanga í rófunni á einum flokki. Maður getur hugsanlega horft aðeins upp fyrir skotgrafirnar, jafnvel kosið fjóra flokka, ef það sé eitthvað í hverjum flokki sem manni líst vel á. Þannig að ég get ekki annað séð en að þetta sé bara útvíkkun á persónukjöri, sem er mikið ákall hér um í þjóðfélaginu, og þetta eykur á val fólksins og það með lýðræði. Og ég vil minna á það, að við erum ekki að þessari vinnu hér til þess að þóknast kerfinu eða þingmönnum eða einhverjum háskólaprófessorum. Við erum náttúrulega að þessu fyrir fólkið í landinu. Takk.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir fundarmenn. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir þessum tillögum sem ganga þvert á það sem var búíð að kynna í raun og veru. Það er eins og flokkarnir hafi gert út á lobbýsmanum. Þetta ber keim af því að þeir hafi tekið við sér. Persónukjörið sem var til grundvallar var aðall hinnar fyrri tillögu og ég hef ekki fengið betri undirtektir við öðrum tíðindum heldur en þeim, að það væri heimilt að kjósa þvert á flokka og á kjördæmi líka. Menn hefðu semsagt frelsi til að kjósa þá þingmenn sem þeir vildu, án þess að þurfa skrifa upp á fyrir aðra. Og þetta hélt ég að væri meginreglan og þetta er ábyggilega skýringin á því að það hefur ekki verið meiri umræða um þetta heldur en raun ber vitni. Þetta hefur farið furðu hljóðlega í gegn frá því þetta var fyrst lagt fram, hefur farið furðu hljóðlega í gegn, og það er ábyggilega vegna þess að það var



ekki æsingur(?) á móti þessu. Þetta var feginleiki. Og það er þannig að við höfum siglt lygnan sjó með þetta. En ég held að nú sé verið að efna til mikils óvinafagn- aðar þegar þessar tillögur koma svo breyttar. Gjör- breyttar. Eitt atriði vil ég þó gera að einu meginumtals- efni, sem ég hef furðað mig á að hafi ekki komið fram áður í umæðunni hérna, það er hin heilaga tala 63. Það er furðulegt hvernig sú tala hefur gengið endalaust. Og þó það séu hugmyndir uppi um það og fyrirætlanir að ráðherrar víki af þingi og varamenn komi inn í staðinn – tímabundið eða ótímabundið – þá er þetta orðið 63 plús allt að tíu ráðherrar. Við getum ekki boðið þjóðinni upp á fjölgun eftir þá kröfum, sem hún er búin að gera í gegnum tíðina, um fækkun þingmanna. Þetta verður ekki söluhæft frumvarp. Til að nefna tölu hef ég látið mér detta í hug 56. Það væri þá ekki hægt að hrekja það með rökum um að það gengi ekki upp í fjölda nefndasæta á Alþingi. Átta nefndir í þeim nýju, eftir þingsköpunum. En það má nefna aðrar tölur, þó það sé eitthvað færri: 51 til 54 eða 49 eða eitthvað. Það er ekki rök að það [megi ekki vera] jöfn tala. Það voru 60 alþingismenn lengi og það var tvíeildaskipt og það hefur verið með(?) fjögurra manna meirihluta. Ég hef leyft mér, ásamt fimm öðrum, að bera hér fram tillögu [ógreinilegt] að í stað orðanna „Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn“ komi „Á Alþingi eiga sæti 56 þjóðkjörnir þingmenn“. Ásamt mér flytja þessa tillögu Illugi Jökullsson, Lýður Árnason, Katrín Oddsdóttir, Pétur Gunnlaugsson og Örn Bárður Jónsson. Hún er hér lögð fram og ég þakka fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann, gjörðu svo vel.

EBE

Já, ég þakka fyrir þessar tillögur sem hér eru komnar fram. [Ég vil] geta þess strax, að ég er í meginatriðum ánægður með þær breytingar sem að hér eru lagðar til og held satt að segja að þær séu nauðsynlegar að mestu leyti. Ég er nú misánægður reyndar með þær. Það eru aðrar þarna sem ég er ekki ánægður með. Í fyrsta lagi varðandi það sem við höfðum fyrirhugað, að heimilt yrði kjósenda að deila atkvæði sínu á fleiri en einn flokk. Það er vissulega rétt, að það eykur val kjós- andans og að því leyttinu til er það mjög æskilegt. En hins vegar, þegar betur er að gáð, þá gæti sú tilhögun haft öfugt áhrif heldur en það sem ætlast væri til. Það er hægt að sjá það fyrir sér, að ef að kjósendur deila atkvæði sínu í stórum stíl milli stjórnmalaflokka, þá muni það draga verulega úr fylgissveiflum milli flokka og þar með kæmust ekki í gegn skilaboð kjósenda um breytingar, eins og er þegar menn velja einungis einn flokk. Og þar með myndi kerfið hafa öfug áhrif. Það væri erfiðara að refsja stjórnmalaflokki eða verðlauna hann eftir atvikum í kosningum í slíku kerfi. Í það minnsta hefur ekki farið fram nægjanlega greinargóð könnun á afleiðingum slíks, þannig að forsvaranlegt sé fyrir okkur hér að leggja slíkt fortakalaust til. En það er þó áfram heimild til staðar innan þessara tillagna hérna sem að heimila löggjafanum að gera nákvæm- lega það, að aflokinni greinargóðri tillögu þar um. Nú, persónukjörnið, þó það sé ekki nefnt berum orðum, þá er það nú samt sem áður inni í tillögunum, ef ég skil þetta rétt, þar sem að stendur að kjósendi velji fram- bjóðendur af kjördæmislista. Það stendur ekki að

kjósendi kjósi lista, heldur frambjóðendur og það er auðvitað persónukjör. Ég er ánægður með að það sé kominn inn þröskuldur því annars hefði þröskuldurinn verið, frá því sem nú er – nú er 5% þröskuldur og eiginlega enn hærri út af því að það eru yfirleitt tíu eða ellefu þingmenn í kjördæmum, þannig að menn fái ekki kjördæmakjörinn þingmann nema að komast yfir enn hærri þröskuld heldur en þetta, þannig að hann hefði alveg farið niður úr öllu valdi, ef að ekki hefði komið til þessi viðbót sem þarna er, fjórir af hundraði, það er nú samt svolítill lækkun. Ég er hins vegar hundóánægður með þá tillögu hér að hér ætli menn að fjölga þeim þingmönnum sem að eru kjördæma- bundnir upp í alls 30 talsins, nálega helming allra þingmanna. Og það útilokar auðvitað þann möguleika að hægt sé að fækka þingmönnum því að þar með væri búið að eyða út eiginlega öllum sveigjanleika kerfisins. Út af því að það var nefnt og hér er komin fram tillaga um fækkun þingmanna, þá held ég að í því stjórnkerfi sem við erum hér að leggja upp með, þar sem að mjög aukin áhersla er lögð á hlutverk Alþingis, að þá væri það algjört glapræði að fækka þingmönnum. Öllu nær væri að fjölga þingmönnum, þannig að hver og einn þingmaður gæti sinnt einvörðungu einni þingnefnd og gert það vel. Og í rauninni væri það kappnóg, nái okkar tillögur yfirhöfuð fram að ganga, fyrir hvern þingmann að sitja í einni nefnd á vegum þingsins og einbeita sér að málefnum þeirrar nefndar. Þannig að ef að menn ætla á annað borð að fara á flot með þingmannatöluna, þá mun ég undirbúa tillögu um að þingmönnum verði fjölgað til samræmis við það kerfi sem við leggjum hér upp með. Takk fyrir.

SN

Dögg Harðardóttir er næst á mælendaskrá. Á meðan hún talar verður henni lokað. Gjörðu svo vel, Dögg.

DH

Takk fyrir. Ég held að þetta séu einhverj alög sem fylgja mér: Ég held að þetta sé í þriðja skipti sem mælendaskrá er lokað þegar ég tala! [hlátur í sal] Ég hef ótrúleg völd og nú veit enginn hvort ég ætli að tala lengur eða skemur. Heyrðu, en ég vil þakka C- nefndinni fyrir fína vinnu. Mig langar til þess að vekja athygli á því sem Eiríkur kom örlítið inn á varðandi 1. gr. Hér hafa nokkrir lýst yfir áhyggjum sínum að geta ekki kosið þvert á lista en það stendur náttúrulega: „Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að kjósendi geti valið frambjóðendur af listum fleiri en einna sam- taka.“ Þannig að það er náttúrulega ekki að vera að loka algjörlega fyrir þetta og ég fagna því. Varðandi fækkun eða fjölgun þingmanna, þá myndi ég styðja þá hugmynd, að þeir sem skila auðu, þau sætu væru auð á þingi og þannig myndi þingmönnum að sjálfsögðu fækka að einhverju leyti. Nú, meginkrafa þjóðarinnar held ég að sé sú, að með nýrri stjórnarskrá, þá reynum við eftir fönngum að koma í veg fyrir spillingu í landinu og á þingi. Og stjórnmalafraeðingurinn sem heimsótti okkur hingað fyrir nokkrum dögum, hann hafði efa- semdir um að það að kjósa þvert á flokka, það minnk- aði spillingu. Hann taldi að ákvæðið um framlög, upp- lýsingar um framlög til frambjóðenda, væri miklu lík- legra ákvæði til þess að stemma stigu við spillingu og þess vegna sakna ég þess hér í 2. gr. að það skuli ekki vera komin breyting á orðalaginu, að „Upplýsingar um

framlög til frambjóðenda [...] skulu vera aðgengilegar almenningi“ ekki bara „svo fljótt sem auðið er“ heldur með ákveðinni tímatakmörkun, þannig að menn bara viti hvað „svo fljótt sem auðið er þýðir“. En svo vil ég fagna 6. gr. Ég held að það sé bara mjög gott að taka af öll tvímæli um hver úrskurði um gildi kosninga. Og að svo mæltu er mælendaskrá lokað.

SN

Já, einmitt. Og hún hefur líka lengst. Og næst er Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir. Takk. Takk kærlega, ágæta C-nefnd, fyrir ykkar störf. Ég sé að þið eruð mikið að reyna að bregðast við öllum þessum athugasemdum og bæta alltaf ykkar tillögur. Mér finnst flott, þessi lending sem þið hafið náð, þessi kynjalending. Mér finnst hún bara vera mjög fin og ég held að allir geti fellt sig við hana. Það sem mér bregður við er þessi 4%-þröskuldur. Mér finnst hann svolítið svona hár, allt í einu úr núlli í fjóra, bara svona, sko. Ég man að þessi ágæti fræðimaður sem kom til okkar talaði nú um að í sumum löndum væri hann núll komma eitt-hvað og í öðrum löndum væri hann eitthvað annað. Og Ómar hefur fært ágætis rök fyrir því að hér myndi kannski – ef við ættum á annað borð að vera að innleiða svona þröskuld, sem ég reyndar, í hjarta mínu, er einhvern veginn ósammála en ég get ekki útskýrt svo vel með rökum – þá held ég að það væri nær að fara annað hvort þessa leið sem Ómar talaði um, að segja að heimilt sé að kveða á um þröskuld allt að einhverju, sem að mér finnst vera miklu lýðræðislegri líka, þannig að löggjafinn megi þá lækka þetta sjálfur ef hann vill, ef hann sér fram á að geta bara starfað mjög vel með einhver minni framboð. Við getum ekki girt fyrir eitt og annað og svo sagt: Nei, við megum ekki girða fyrir þetta en við ætlum samt að girða fyrir þetta. Þannig að ég held að... Ég efast nokkru sinni um að löggjafinn muni taka ákvörðun um að lækka mikið miðað við hvað stjórnarskráin segir. En af hverju að útiloka það? Þannig að ég sé ekki að það verði einhvern tímann hættulegt fyrir okkur og að við tökum of einarðlega afstöðu, finnst mér, með því að negla bara inn 4% allt í einu í staðinn fyrir að segja „hæst 4%“. Þannig að ég væri mjög spennt fyrir einhverjum þannig aðferðum. Mér finnst hún vera fin máламиðlun. Þá getur fólk eins og ég sem er ekki hrifið af þröskuldum kannski sætt sig við það, að það sé bara hámark og þá a.m.k. veit maður að það sé möguleiki á því að einhvern tímann verði þeir lægri. Þetta er nú náttúrulega svolítið „hnjá“-við-bragðsstemning, finnst mér svona – þú veist, boink! núll-fjögur, þú veist. Þannig að ég spyr mig, svona, hvort við getum ekki aðeins farið rólegra í sakirnar ef þið viljið fara þessa leið, af því mér finnst röksemdirnar í greinargerð ekki það sterkar að það sé eitthvað fullkomlega útskýrt af hverju þið allt í einu hækkið ykkur um 400% eða milljón%, eftir því hvernig maður horfir á það.

Svo finnst mér að orðræðulega séð skulum við ekki fara að tala um að við ætlum að fara að „selja“ okkar tillögur eða að þær þurfi að vera „söluvænlegar“ eða eitthvað slíkt. Ég held að markaðskerfið eigi ekki við um það starf sem hér fer fram og við eigum ekki að vera að hugsa um þetta út frá einhverri samkeppni

eða að höfða til einhvers markhóps eða neytenda eða neitt. Við skulum bara gera þetta eins vel og við getum og auðvitað vera raunsæ en ekki tala um að selja og eitthvað svona. Mér finnst það vera svo eitthvað... Þá erum við komin niður á eitthvað plan sem ég held að við höfum enga ástæðu til að vera á. Ég hnaut líka á það sem Eiríkur benti á, með fjölgun þessara kjör-dæmabundnu manna, en maður verður að minna sig á það, að þeir þurfa allir að vera með talsvert mikið á bak við sig, jafn mikið a.m.k. og hinir. Þannig að þetta er kannski ekki svo stórhættulegt. En ég er miklu hrifnari af því að tala um hlutfall heldur en tölu, sérstaklega í ljósi þess að... Ég er nú á þessari breytingartillögu sem að hér kom fram um að fækka þingmönnum og ég hefði kannski sjálf frekar viljað segja bara að þetta ættu að vera aldrei fleiri en 63, eins og ég hef nefnt. En ég held að við þurfum einhvern veginn að taka þessa umræðu um hvort eigi að fækka þeim og taka hana opinberlega. Þess vegna líka vildi ég vera á þessari tillögu. Þannig að þessi tala er ekki endilega heilög fyrir mér en mér finnst umræðan þurfa að koma almennilega upp á yfirborðið. Þannig að þarf líka einhvern veginn að útskýra af hverju er búið að fjölga þessum landsbyggðarbundnu þarna, þó að ég viti að þeir séu alltaf með jafn mikið á bak við sig.

Svo fannst mér Dögg koma inn á áhugaverðan punkt með auðu sætin og ég vek athygli aftur á breytingartillögu sem kom frá Lýð, ef ég man rétt, í síðustu umferð um að það væri hægt að velja... Mér finnst fagurfræðilegasta snilldin felast í því að þú getir valið slembifulltrúa. Ef ég myndi vilja úthluta fjórðungi atkvæðis míns í að fá einhvern ófyrirséðan aðila sem er ekki innvinklaður inn í þetta flokkabaráttukerfi, þá yrði það stórfenglegt. Og sama skil ég mjög vel þessi sjónarmið um auðu sætin, að þú hafir einhvern veginn tækifæri til að tjá þig á annan hátt en bara að velja þá sem eru svo valdsæknir að þeir ákveða að bjóða sig fram. Þú veist, það er allt annað fólk sem ákveður að bjóða sig fram heldur en fólk sem gerir það ekki og ég held að við höfum mjög gott af því að heyra skoðanir fleiri heldur en bara þeirra sem ákveða að bjóða sig fram. Þannig að ég væri rosalega glöð ef þetta kerfi myndi mæta þessum þælingum, þó þær væru ekki skrifaðar inn en það væri a.m.k. samrýmanlegt.

Og bara aftur: Ég væri líka mjög glöð ef það væri hægt að skoða aðeins þetta fortakslausa orðalag með þennan þröskuld. Mér finnst þetta vera full gróft, af því að hann mælti þessi sérfræðingur, sem ég held að hafi nú orðið til þess að þetta kom inn, hann mælti nú alveg fyrir báðum leiðum. Hann sagði að það væru líka rök og sterk rök fyrir því að hafa engan þröskuld. Þannig að mér finnst svolítið gróft að hoppa bara beint í frekar háan þröskuld. Takk kærlega.

SN

Illugi Jökulsson, gjörðu svo vel.

IJ

Takk fyrir. Mig langar bara rétt, í örstuttu máli, að hvetja mína góðu vini í C-nefndinni til að taka aftur til endurskoðunar þetta að nú skuli ekki lengur vera hægt að kjósa þvert á flokka eða það sé búið að draga mjög úr því ákvæði. Ég held að nefndin hafi kannski tekið of hátíðlega álit þess sérfræðings sem hingað kom og mælti mjög gegn því að það væri „vegið að flokkakerf-

inu“, eins og hann mun hafa orðað það. Ég held, með djúpri – alveg hyldjúpri – virðingu fyrir prófessorum við Háskólum Íslands, þá verðum við að hafa í huga, að þetta eru menn sem hafa helgað líf sitt íslenska flokkakerfinu og eiga kannski erfitt með að hugsa sér lífið án þeirra. Ég tók nú hér á göngunum það dæmi að biðja þá að sjá fyrir sér íslenska pólitík þar sem flokkakerfið væri ekki alfa og ómega alls, það væri svona eins og að biðja hann Ara okkar að skipuleggja landbúnaðarkerfi og það mættu ekki vera neinar kindur. En alveg sama hvað okkur þykir vænt um sauðfé, þá er samt alveg hægt að hugsa sér landbúnað án kinda og það er alveg hægt að hugsa sér íslenska pólitík þar sem flokkakerfið er ekki númer eitt, tvö og þrjú. Þannig að ég ætla að biðja C-nefndarmenn að hugsa þetta betur. Takk.

SN

Þorkell Helgason, þú ert næstur. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar. Formaður og aðrir áheyrendur. Þetta er búið að vera dálítið erfið fæðing alveg frá upphafi og við höfum unnið, held ég, samviskusamlega að þessari málamiðlun núna. Því er ekkert að leyna, að þetta erindi og þessi heimsókn prófessors frá Háskólanum hafði gífurleg áhrif. Og ég skynjaði það svo, að það væri meirihlutinn hérna skjálfaði yfir því að velja þvert á flokka. Ég lýsti því nú í tölvupósti til ykkar, að mér fyndist nú rökin ekki sterk og sæi ekki hvers vegna ætti ekki að gera þetta. En ég er aðili að þessari tillögu og styð hana þar til annað kemur í ljós. Ef að náttúrulega meirihlutinn vill að þetta eigi að vera á annan veg, þá er að vinna að því. En það er eitt sem að mig langaði eiginlega aðallega að nefna – ég geri ráð fyrir að formaður okkar tali svona um efnisleg atriði – en það er þetta með löng eða stutt ákvæði. Það hefur svölítið borið á því, finnst mér, hjá sumum að menn væru í einhverri samkeppni um að koma með tillögum um stutt ákvæði. Það verður þá að vera eitthvert innihald í þeim, reyndar. En það er enginn vandi að búa til stutt ákvæði. Ég er tilbúinn með tillögu sem að er styttri en þýska ákvæðið, sem er það stysta sem ég hef fundið. Ég held að mitt séu 50 orð. Það eru 60 orð í þýsku stjórnarskránni um kosningar. Það eru 95 í þeirri dönsku. Sænska og norska stjórnarskráin eru með um 400 orð. Þessi texti sem að við erum að kljást við núna er eitt-hvað 250 orð. Orðafjöldinn í stjórnarskránni, gildandi stjórnarskrá, eru 160. En ég er nú ekki búinn að telja í stjórnarskránni þar á undan: þá var það ennþá meira, það var örugglega yfir 200, vel yfir 200. Nú, en sem-sagt stutt eða löng stjórnarskrá – það er enginn vandi að búa til stutta stjórnarskrá ef maður fengi einn að ráða. Mín stjórnarskrá væri þannig, að það væru svo og svo margir þingmenn – og ég get vel séð þá fyrir mér færri, sem nemur ráðherrum –, að landið sé eitt kjördæmi og það skuli kosið með STV-aðferðinni. Búið. [hlátur í sal] Og þetta tekur eitthvað 50 orð eða svo og greinargerðin er líka mjög stutt, ég er búinn að skrifa hana. Hún er eiginlega einfaldlega sú, að ég skynja það svo, að öll þessi fjögur atriði – persónukjör, landið eitt kjördæmi, fullur jöfnuður, ég er búinn að gleyma hvað það fjórða var – að það hafi verið krafa þjóðfundar, meirihluta frambjóðenda, meirihluta þeirra sem náðu kjöri og ég skynji svo að þetta hafi mikið fylgi meðal

þjóðarinnar, eins og Erlingur sagði a.m.k. um hluta af þessu máli. En þegar maður lendir í þeirri stöðu að ljá því lið að finna málamiðlun, sem ég vona að ég hafi gert af heilum huga, þá lendir maður í því að þurfa að skrifa lengri texta en maður gjarnan vildi. Þið hafið nú verið vöruð við af manni úti bæ að ég sé einhver mesti skemmdarvargur á þessu sviði í allri mannkynssögunni eða a.m.k. í Íslandssögunni, að ég sé serfræðingur í því að búa til flókna texta. En það er bara einfaldlega þannig, að ef menn vilja málamiðlanir þar sem sumt rekt kannski óhjákvæmilega á annars horn, þá verður það ekkert sagt á einfaldan hátt. Og við getum sagt á einfaldan hátt að við viljum náttúrunni vel en við getum ekki sagt á einfaldan hátt það sem við þurfum að meina og skýra skýrt út varðandi kosningaákvæði. Þau verða að vera alveg skiljanleg og ekki neitt yfir vafa hafin. Ég ætla ekki að rausa meira um þetta mál allt saman. Ég geri ráð fyrir að formaðurinn svari þessu um 4% og annað slíkt, af hverju við komumst að þeirri niðurstöðu. Ég styð þessa tillögu. Ég er aðstandandi að henni. Ef menn vilja breyta henni, þá áskil ég mér náttúrulega rétt til þess að taka afstöðu til breytingartillagna. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég kys að taka til máls aftur af því að mér er svölítið mikið í mun í þessu máli. Mér finnst þetta skipta miklu máli og manni bregður svölítið í brún þegar verið er að tala um að það sé einhver svona utan frá, einhver þrýstingur og einhverjir þungavigtamenn hér og þar séu jafnvel að tala um það að þetta verði ekki seljanlegt nema þetta verði svona og svona, sko. Sko, auðvitað er það þannig að við erum að leggja til róttækar breytingar á lýðræðinu hér, hvernig fólk er kosið, flokkakerfið og öðru slíku. Auðvitað verður einhver andspyrna við því og þeir sem standa því kerfi eru auðvitað ekkert hrifnir af því. Og það þarf ekkert að koma neinum á óvart. En ég held bara að okkar verkefni sé ekkert að reyna endilega að þóknast þeim hagsmunum, heldur gera það sem að fólkið í landinu vill sjá í sínu lýðræði og þá ekki síst að auka verulega möguleika til persónukjörs. Og ég hef einmitt líka skynjað það, eins og fleiri hafa sagt hér – Erlingur held ég að það hafi verið – að tillögur okkar í þessa átt hafa verið með því – hvað eigum við að segja? – alvinsælasta eða meðal þess sem hefur fallið í besta jarðveg hjá þeim sem ég hef heyrt í og heyri í umræðu, svona almennt talað. Auðvitað ekki kannski einhverjum innmúruðustu flokkshestum en svona almennt.

Það er alveg rétt sem menn hafa bent á hérna – ég held að Ómar hafi talað um það – að það er enginn að tala um annað en að kjósandinn auðvitað er alltaf að kjósa flokka; hann er að setja kross á kjörseðilinn og hver einasti kross er ekki bara atkvæði tilteknum frambjóðanda, það er líka atkvæði til viðkomandi frambjóðenda, sem að frambjóðandinn er á og þrátt fyrir allt er uppgjörskerfið, sem hér er verið að vinna út frá, og er tiltekið í dæmi um kosningalög, sem fylgir herna með tillögu nefndar C, þá er það þannig að þingsæti eru þrjú primert gerð upp til flokka, til framboða. Það er hér ákvæði um það, að framboðin fái þingsætufjöldi í hlutfalli við heildarfylgi sitt. Þannig að þó að ég

kannski setji krossa við einhvern slatta af Samfylking-armönnum og svo laumast ég til að setja kross við einn eða tvo góða Evrópusinna í Framsóknarflokknum, þá er það bara gott mál. Þá er ég bara að styðja Framsóknarflokkinn sem því nemur og verðlauna hann fyrir það, að hafa þó boðið þar fram góða einstaklinga sem ég treysti mér til að styðja. Og það er bara ekkert að þessu. Bara fínt mál. Það hefur verið mikið lykilatriði í mörgu af því sem ég hef sagt. Ég hef oft tekið hér til máls og talað um þetta, um nauðsyn þess að alþingismenn sitji í skjóli kjósenda og ekki í skjóli flokka. Og ef að þetta ákvæði á að vera svona, að maður getur bara valið frambjóðendur af einum framboðslista, það fer líka að hafa áhrif á hegðun frambjóðendanna. Þeir eru þá að nokkru leyti bundnir því að fá að sitja á lista framboðs, af því að þeir vilja vera með í fylgi þess framboðs – það er þrátt fyrir allt, eins og ég segi, þannig að atkvæðin eru gerð upp á framboðsbasis – og þá er strax að myndast smá skuldbinding frambjóðandans gagnvart framboðinu, að hann fái að vera á lista þess en þurfi ekki að vera einhvers staðar einn og yfirgefinn á pínulitlum lista einhvers staðar annars staðar.

Ég get skilið ákveðin rök... Ég er ekkert á móti flokkakerfinu sem slíku, þannig séð. Ég skil það alveg að flokkar eru mikilvægur stofnanir í lýðræðisþjóðfélagi og auðvitað verður það áfram þannig, að fólk safnast saman í stjórnmálasamtök utan um lífs-skodanir og organiserar sig þar og það verður boðið fram í nafni stjórnmálasamtaka o.s.frv. Og auðvitað er það síðan þannig að þegar kemur að ríkisstjórnarmyndun og annað slíkt, að þá skiptir auðvitað máli að það sé öflugur þingflokkur og þetta séu ekki allt tómir smáflokkar. En ég held að það gerist af sjálfu sér. Það er líka veikt að bjóða fram pínulitla flokka. Menn vita alveg að þeir muni eiga í erfiðleikum með að setjast í ríkisstjórn, þeir munu vera á vissan hátt utan gátta. Þannig að það eru hvatar alls staðar í kerfinu hvort sem er til þess að mynda tiltölulega stóra og öfluga þingflokka. Og það mun bæði gerast fyrir kosningar og svo jafnvel eftir kosningar, að menn gangi til samstarfs, jafnvel minni framboð sem ganga til liðs við stærri einingar. Gott dæmi t.d. um það er Evrópuþingið, þar sem út af fyrir sig eru alls konar hópar sem eiga þar aðkomu en þeir sameinast í samtök innan Evrópuþingsins. Þannig að ég kaupi bara sannast sagna ekkert sérstaklega vel öll þessi rök gegn(?) þeirri stóru afturför að taka þetta af kjósendum og taka það af lýðræðinu að þingmenn og fulltrúar okkar sitji í skjóli kjósenda beint. Þannig að, aftur, ég bara kalla eftir sterkum rökum fyrir þessari breytingu. Svo, bara svona rétt í lokin að hnýta í sambandi við þröskuldinn. Þessi þröskuldur þarna, 4%, hann í raun og veru þýðir tvo þingmenn, að það geti ekki verið minni þingflokkur en tveir þingmenn. Og það finnst mér nú persónulega allt í lagi. Annað er einfaldlega bara erfitt. Og það er líka pínulítið allt í lagi að gefa mönnum aftur þennan hvata til að rotta sig saman sem frambjóðendur, að þeir verða alla vega að sjá fram á að komast yfir þröskuldinn. Ég held að það geti alveg verið, þó það kunni á yfirborðinu að virðast eitthvað ólýðræðislegt og í andstöðu við það sem ég var að segja áðan, þá held ég samt að það sé nú ekki. Það að þingflokkur sé tveir þingmenn er ekki slæmt fyrir lýðræðið, þannig að ég styð. Og, já, það er það sem ég vildi sagt hafa. Takk.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir, gjörðu svo vel.

AG

Já, formaður og ráðsfolk og aðrir áheyrendur. Hér eru mörg mikilvæg og stór prinsippmál sem að ég held að skipti mestu og miklu meira heldur en útfærslurnar. En eitt af þessum prinsippmálum er tvímælalaust kynjahlutfallið og mig langar bara að lýsa yfir ánægju minni yfir þeirri breytingu sem að er sett hér fram. Ég held að hún sé bara góð lending og muni tvímælaust teljast til stóru málanna þegar kemur að mati á þessum tillögum. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson, þú ert næstur á mælendaskrá.

PG

Já, formaður og ágætu félagar. Þessar nýju tillögur frá C-nefndinni eru miklu verri heldur en tillögurnar sem hafa verið samþykktar í áfangaskjali. Mér heyrst nú á sumum nefndarmönnum í C-nefndinni að þeir eiginlega samþykki þetta gegn betri vitund. Ég veit ekki af hverju. En ég tek undir þá gagnrýni sem kom fram hjá Vilhjálm Þorsteinssyni að þetta kosningakerfi á að vera fyrir kjósendur en ekki stjórnmálaflokka. Þarna er þröskuldur, 4% þröskuldur, sem er auðvitað í þágu flokksræðis og svona þröskuldar eru til þess gerðir; við vitum það. Nú, ég veit ekki hvers konar sinnaskipti hafa átt sér stað, vegna þess að hér kemur ákveðinn sérfræðingur, góðviljaður og ágætis maður en hann bara hafði skoðanir sem voru í hrópandi andstöðu við, held ég, skoðanir mjög margra okkar hér. Og auðvitað var allt í lagi að hlusta á það en ég veit ekki af hverju menn voru að taka sérstakt mark á þessu. Nú, en það er fleiri sem kemur hér til. Það er þetta ákvæði um kynjamálin: „Í kosningalögum skal mælt fyrir um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla [...]“. Formaður C-nefndarinnar rökstuddi ágætlega þá tillögu sem núna í áfangaskjalinu og sú tillaga var „Í lögum skal veita framboðum heimild til að tryggja að hlutfall karla og kvenna meðal þeirra sem ná kjöri af þeirra listum sé sem jafnast.“ Hann studdi þetta góðum rökum á sínum tíma og ég veit ekki hvað hefur gerst. Ég hef ekki heyrt nein ný rök fyrir því að færa þetta aftur inn í textann með þessum hætti. Nú, ástæðurnar eru nokkrar. Í fyrsta lagi, þá virðum við að vettugi, með þessu ákvæði, almenna reglu um jafnt vægi atkvæða. Í öðru lagi, þá beinist þetta gegn jafnræðisreglunni. Í þriðja lagi, þá þekktist þetta ekki í nágrannaríkjum okkar. Af hverju eigum að standa að þessari tilraunastarfsemi? Þetta þekktist ekki. Ég fullyrði að það sé ekki minni barátta fyrir réttindum kvenna í nágrannalöndum, sérstaklega í Skandinavíu. Það eru engar slíkar reglur þar til. Af hverju þurfum við að innleiða þetta? Nú, svo hefur verið bent á það, að frambjóðandi, sem fær fleiri atkvæði en mótframbjóðandi af gagnstöðu kyni, hann gæti sjálfsagt höfðað mál, þar sem að hann fær ekki sitt þingsæti, sem hann ætti að fá, ef að jafnræðisreglunnar væri gætt. Þannig að þetta eru vondar tillögur og ég vildi gjarnan heyra rök formannsins, formanns C-nefndarinnar, fyrir þessum breytingum, bæði er varða kosningafyrirkomulagið og svo síðan þetta – ja, hvað eigum við að kalla það? – kynjaákvæði. Takk fyrir.

SN

Þá er Andrés Magnússon næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

AM

Það er komið fram. Ég segi pass. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason, þú ert þá næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

PG

Já, fundarstjóri, góðir fulltrúar. Ég verð að játa að þessar tillögur, sem hér liggja fyrir, valda mér svolitlum vonbrigðum. Sömu vonbrigðum og þær hafa valdið Vilhjálmí Þorsteinssyni og Péttri Gunnlaugssyni. Ég sakna þess að orðið „persónukjör“ hefur verið numið brott úr tillögunum. Með því brottnámi eru send skilaboð til fólksins í landinu sem ég tel vera óheppileg, enda þótt efnislegar afleiðingar brottnámsins séu e.t.v. ekki miklar. Samt er ástæða til þess að hafa áhyggjur af efnislegum afleiðingum þessa, því að einn lykkillinn að sjarm-anum að tillögunum sem að standa í áfangaskjalinu var einmitt frelsið til þess að greiða mörgum framboðum atkvæði sitt og ekki bara einu. Ég tek heils hugar undir með Ómari Ragnarssyni: Kjósandi sem að deilir atkvæði sínu á fleiri en eitt fram, hann er ekki að veikja flokkakerfið. Hann er þvert á móti að styrkja það, ef eitthvað er. Sjálfur myndi ég hvenær sem er greiða Ara Teitssyni, vini mínum, atkvæði mitt, ætti ég kost á því, enda þótt ég kysi e.t.v. ekki að fylgja öllum flokksfélögum hans, eins og núverandi kjördæmaskipan myndi neyða mig til að gera. Þess vegna bið ég um að við skoðum þetta aftur í ró og næði og athugum hvort við eigum ekki að leggja meiri rækt við upphaflegar tillögur okkar, sem eru í áfangaskjalinu. Og síðan verð ég að segja, eins og ég hef alltaf sagt í umæðum um þessar tillögur C-nefndarinnar, að ég tel alþingismannatöluna í 1. gr. vera of háa og Erlingur Sigurðarson hefur nú flutt formlega breytingartillögu. Og mig langar að boða hugsanlega framlagningu annarrar tillögu sem væri svohljóðandi: „Í stað tölunnar 63 í 1. mgr. 1. gr. um Fyrirkomulag kosninga til Alþingis komi a) 37; b) 43; c) 49; d) 53; e) 57; f) 60; g) 63 og sé kosið milli þessara kosta í Stjórnlagaráði með“ – nema hvað – „STV-aðferðinni.“ [hlátur í sal] Sjáiði. Því að hví skyldum við, 25 manna hópur, una því að meirihluti átta manna nefndar – það þarf ekki að vera nema fimm manns – haldi fast við töluna 63, ef að það er tilfinning í ráðinu að meirihluti ráðsmanna kjósi heldur lægri tölu, hvar á bilinu 37 til 60 sem hún kann að vera? Ég held að lendingin verði að vera, ef að ráðið fær að ráða þessu með lýðræðislegum hætti, annað 53 eða 57, sem er akkurat á því sem róli sem tillaga Erlings liggur. Þannig að þetta þurfum við að skoða mjög vandlega enn. Ég legg það til.

SN

Nú, þá er umræðu um tillögur C-nefndar um kosningar til Alþingis og alþingismenn lokið og ég gef formanni nefndarinnar orðið. Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Það hafa náttúrulega ýmis orð fallið hér: „afturför“, „sinnaskipti“, „skref aftur á bak“, „vera að taka af kjósendum vald sem þeir áður höfðu“. Sko, í grundvallaratriðum þá skulum við átta okkur á því að út úr skyldu löggjafans til þess að hafa málið með þeim hætti að kjósendur skuli geta valið framboðendur af mörgum framboðslistum situr eftir heimild til þess. Það er breytingin. Og ég skal deila því með ráðsfulltrúum af hverju ég tel þetta vera rétta breytingu og af hverju hún snýst ekki bara um ótta eða við einhver öfl eða neitt svoleiðis. Það er einfaldlega þannig, að ef að við ætlum að setja inn í stjórnarskrá ákveðið kosningakerfi sem mun vera þar um langa stund, þá vil ég að við séum nokkurn veginn viss um það, að það kosningakerfi sem þar er lagt til sé það besta kosningakerfi sem völ er á, ekki bara næstu fjögur árin, heldur næstu 24 árin og lengur. Það liggja fyrir heilmiklar rannsóknir um það, hvað persónukjör innan eins lista, hvaða afleiðingar það hefur og það hefur satt að segja ekkert mjög mikla, ja, alla vegna neikvæðar afleiðingar fyrir flokkakerfið eða fyrir stjórnun í landinu, það hefur verið rannsakað. Það kerfi er notað í mörgum löndum. Það fyrirkomulag, að hægt sé að velja þvert á lista er ekki notað á mjög mörgum stöðum og ef að það væri neglt niður í stjórnarskrá, þá gætum við ekki snúið aftur úr því fyrirkomulagi, nema með annarri stjórnarskrárbreytingu og það er heilmikil breyting frá því sem nú er. Raunar bara sú breyting, að allir listar eru boðnir fram óráðaðir og óbundnir og kjósendur geti algjörlega valið innan þess lista hver það er sem kemst að er auðvitað gríðarleg breyting. Þannig að við skulum aðeins hugsa hvað það er sem við erum að taka af og hvað það er sem við erum að gefa. Og þetta snýst í mínum huga ekki um seljanleika, heldur um að maður geti sem fagmaður og að einhverju leyti sem vísindamaður staðið af fullum þunga með góðum fræðilegum rökum á bak við það sem maður er að gera. Og það er auðveldara að standa á bak við heimild til einhvers hluta og segja að sé eitthvað hægt að skoða betur, þá er hægt að fara þessa leið, heldur en að segja: við erum sannfærð um það að þetta sé besta leiðin til að velja þingmenn. Og það ætti ég einfaldlega erfitt með að gera. Og þess vegna stend ég heils hugar á bak við það, að við breytum þessari skyldu yfir í heimild.

Það eru ýmisleg atriði sem hægt er að nefna: Menn hafa nefnt að þetta gæti orðið skemmtilegt og það væri hægt að virða vilja kjósenda betur. En það er náttúrulega alltaf spurning hver vilji kjósendans er. Kjósandi, þegar hann mætir í kjörklefa, hann auðvitað er að segja: Ég vil að þessi maður eða þessi kona sé fulltrúi minn á þingi. En hann er líka að halda fram: Ég vil kannski að það sé ákveðin ríkisstjórn að störfum, ég vil að það sé ákveðin pólitísk hugmyndafræði ráðandi í landinu. Og það er kannski til lítills fyrir kjósenda ef ákveðinn aðili nær kjöri með heilmikið fylgi inn á Alþingi, ef sá aðili hefur síðan litlu um að ráða hvaða mál það eru sem ná fram að ganga. Þannig að það má líka auðvitað líta á þann þátt kjósendans, að hann, með atkvæði sínu, stuðli að ákveðnum meirihluta á þingi og það vald er meira ef að sveiflur milli flokka aukast heldur en þær eru minni. Þannig að það er ákveðin hugmyndafræðileg rök fyrir því að það gæti verið skynsamlegt að takmarka val kjósenda við einn lista. En,

eins og ég segi, hér er engu að síður mælt fyrir um heimild um hið gagnstæða.

Nú, Silja Bára nefndi ýmislegt. Hún nefndi m.a. tillögu um það, að það mætti ekki gera breytingar á kosningalögum nema með sex mánaða fyrirvara. Við höfum einfaldlega ekki ákveðið að væri ástæða til að breyta því ákvæði sem er í núverandi stjórnarskrá en berist slík breytingartillaga, þá verður hún skoðuð með opnum huga. Þetta slær mig ekki sérstaklega neikvætt.

Nú, það er auðvitað þröskuldurinn sem menn ræða um. Rökin fyrir þessari tölu er að það eru auðvitað... Í dag er hann að einhverju leyti 5%, þó reyndar þannig að það er um að ræða 5% fyrir jöfnunarseti, þannig að menn geti komist hugsanlega inn með minna fylgi innan eins kjördæmis, þ.e.a.s. með minna fylgi á landsvísu. Þannig að það var vilji hér að lækka þá tölu. Þetta miðar þá við um að menn sé með að meðaltali tvö þingsæti. Það væri auðvitað hægt að tiltaka þröskuldinn með þeim hætti, að hann ætti að duga fyrir hið minnsta tveimur þingsætum, því að auðvitað ef að markmiðið er að takmarka smáflokka, þá er kannski lítið mark með að takmarka það... Menn verða alla vegu að hafa einn þingmann. Það er nú ekki mikil takmörkun á smáflokka að kveða á um það. Þannig að það væri ein leið. Okkur þótti þetta einfaldara orðalag og það var valið. En það er sjálfsagt – og þetta atriði er t.d. atriði sem er ekki mjög erfitt fyrir þá sem vilja breyta – að gera breytingartillögu þar um og þá bara kjósa um [hana]. Og kerfið stendur hvorki né fellur með því hvort þessi tala sé 2, 3 eða 5%.

Nú, síðan auðvitað er rætt um tölu þingmanna og það hefur komið fram áður og verið alla vegu margrætt innan C-nefndar. Þar er þessi skoðun í meirihluta, að með hliðsjón af þeim auknu verkefnum sem þinginu er falið á öðrum stöðum, þá séu ekki rök að baki [því] að fækka þingmönnum. En hins vegar náttúrulega, eins og áður hefur komið [fram], fara þessi mál ekkert lengur inn á borð C-nefndar, heldur fara einfaldlega inn í breytingartillögufasann og þar auðvitað verður hægt að kjósa þar um. Og sé til þess vilji að hafa þá frekar... Sama gildir auðvitað um þessi bundnu þingsæti. Þessi tala – kerfið stendur og fellur ekki með því hve há hún er, svo lengi líka sem setningin þar á eftir er um að öll bundin þingsæti verða að standa undir sér, þá er þetta eitthvað sem er ekki erfitt að breyta. Þetta er hins vegar sú niðurstaða sem við í nefndinni náðum á endanum saman um.

Nú, það var reyndar, í tengslum við þröskulda, aðeins rætt um heimildina til þess að hafa hann allt að þessu. Ef maður hugsar þetta til enda, þá náttúrulega eru langmestar líkur á því, ef að þröskuldurinn er 3 eða 4%, ef hann má vera það hár, þá mun hann vera það. Og þá mun þingið nýta sér það. Þannig að það var svona spurning, ef að niðurstaðan verður náttúrulega þessi, af hverju ekki bara segja að hún verði það? Það er ákveðin hætta á því, að menn spili síðan mikið með þröskuldinn og breyti honum kannski þegar nær dregur kosningum til þess að ná fram hinum eða þessum áhrifum, þeir sem eru við völd þ.e.a.s., hverju sinni. Nú, umræðan um slembival og auð sæti fyrir þau atkvæði sem eru auð hefur komið fram áður. Ég tel persónulega ekki hyggilegt að auð atkvæði tilklist sem auð þingsæti. Ef maður hugsar það til enda, þá þýðir það einfaldlega að það verði færri þingmenn sem hver um sig hefur hlutfallslega meiri völd og meira að gera á

þingi. Það eru afleiðingarnar af því. Og ef það eru þær afleiðingar sem menn vilja ná fram, þá er skynsamlegt að gera þessa breytingu. Ef það eru ekki þær afleiðingar sem menn vilja ná fram, heldur að þetta sé einungis skilaboð sem menn senda, þá er spurning hvort að auð sætin [væntanlega átt við atkvæðin] sjálf dugi ekki sem þau skilaboð. Nú, það var spurt um rök bak við það að ákvæði um jafnræði kynjanna á þingi með þessu móti sem lagt var til. Útfærslan þarna áður gerði auðvitað ráð fyrir einni mögulegri leið til þess að ná þessu markmiði fram. Okkur þótti réttara að Alþingi gæti hverju sinni valið þá leið sem þætti henta best til að ná fram þessum markmiðum. Þessi leið sem lögð var til er hugsanlega ein möguleg útfærsla á þeirri leið en það er hægt að hugsa sér aðrar leiðir og okkur þótti ekki rétt að binda hendur löggjafans um of vegna þess að þessi mál geta auðvitað tekið breytingum og stundum getur verið, t.d. á einhverju tíma getur verið að það þurfi kannski ítarlegri og meira íþyngjandi ákvæði til að ná fram þessum markmiðum heldur en á einhverjum öðrum tíma. Eins og ég segi, ég lít ekki endilega svo á, að persónukjörið sé numið brott með þessum tillögum, þó svo, eins og hefur komið fram, menn skilji hugtakið „persónukjör“ með öðru móti. Sumum finnst það þurfa að hafa í för með sér að menn geti kosið þvert á lista, á meðan að innan fræðanna er oft gerðar rannsóknir á persónukjöri innan eins flokks og það er auðvitað eitthvað val, sem íslenskir kjósendur hafa ekki haft hingað til. Ég held að þetta sé í svona grófum dráttum það helsta sem fram hefur komið í þessari umræðu. Ég þakka kærlega fyrir hana og hlakka til að halda áfram með þetta verk. Takk.

SN

Já, ég þakka formanni C-nefndar, nefndinni og ykkur öllum fyrir góðar umræður. Nú göngum við til atkvæðagreiðslu en við semsagt gerum stutt hlé þar á eftir og tökum síðan utanríkismálin en frestum síðan fundi til morguns. Þannig að við verðum ekki hér langt fram á kvöld, að öllum líkindum. En þá er það atkvæðagreiðslan. Þeir sem eru hlynntir því að samþykkja breytingarnar og að breytingarnar fari inn í áfangaskjal rétti upp hönd, gjörrið svo vel. Þeir sem eru á móti rétti upp hönd. Og þeir sem sitja hjá rétti upp hönd. Þá er atkvæðagreiðslunni lokið og ég þakka ykkur fyrir. En gerum núna tíu mínútna hlé og höldum síðan áfram með síðari hluta 3. dagskrárliðar eða efni frá C-nefnd. Takk.

SN

Jæja, nú förum við að byrja aftur eftir fundarhlé. [Ég] bið fundarmenn vinsamlegast um að fá sér sæti. Og það er komið að kafla um utanríkismál, tillögur að breytingum í kafla um semsagt... áður samþykktum greinum sem lagðar eru til afgreiðslu inn í áfangaskjalid. Og það er komið að varaformanni nefndarinnar, Írisi Lind Sæmundsdóttur. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Kærar þakkir, formaður, ráðsfulltrúar og aðrir sem á mig heyra, bæði hér í salnum og áhugasamir á netinu, sem fylgjast með okkur. Eins og Salvör sagði, þá er ég komin hér til að kynna afgreiðslu okkar eða semsagt tillögu nefndar C á tilteknum breytingum á kafla um utanríkismál. Hann var lagður fram til kynningar

hérna fyrst á 11. fundi okkar í byrjun júní og tekinn svo til afgreiðslu á 13. fundi og að auki var hann svo ræddur hérna á síðasta fundi okkar, 1. júlí sl., þar sem að við gerðum og samþykktum nokkrar breytingar á orðalagi kaflans inn í áfangaskjal. Og nú er ég hér enn á ný komin fyrir hönd nefndarinnar vegna tiltekinna breytingartillagna sem við leggjum til m.a. og einkum með hliðsjón af ábendingum sem hafa borist frá síðasta ráðsfundi og við teljum rétt að bregðast við. Sumar þessara breytingartillagna varða í rauninni bara beint þau athugunarefni sem við höfðum áður upplýst að við vildum láta skoða nánar og fá álit sérfræðinga eða fræðimanna, ef því er að skipta, á og fengum þær. Aðrar breytingartillögur sem við gerum koma til viðbótar og horfa til bóta fyrir kaflann í heild sinni að mati okkar og við teljum að hér sé ekki um stórvægilegar breytingar á efnislegu inntaki kaflans í heild sinni.

Nú, með hliðsjón af þessu, þá ætla ég að reyna að taka hér eins stuttan tíma og ég get og snerta aðeins á inntaki þeirra breytingartillagna sem við erum að leggja til og um önnur atriði, þá vísa ég, eins og áður, í skýringar með kaflanum sem hafa fylgt honum frá upphafi og þau orð sem hafa verið látin falla með kynningum okkar og umræðum um kaflann á fyrri fundum. Svo langar mig að vekja sérstaka athygli á því, líkt og Pawel gerði, að við erum að vinna að greinargerð sem að verður endanleg og mun liggja fyrir þegar að þessi kafli fer inn í frumvarpsferlið og vil þá sérstaklega vekja athygli ykkar á því að þar munum við taka tillit til einstakra efnislegra athugasemda ráðsmanna sem hafa borist við ýmis atriði í greinargerðinni.

Nú, svo ég víki að breytingartillögum okkar, þá byrja ég á 1. gr. Þar er að finna, eins og áður hefur verið bent á, almenna reglu um handhöfn og meðferð utanríkis mála og að auki er þar fjallað umsamspilið milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds í þessum efnunum. Við leggjum núna til tvær breytingar á greininni. Í fyrsta lagi leggjum við til að orðalag síðari málslíðar í 1. gr. breytist. Hann hljóðar nú svo: „Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi og fylgir þeirri stefnu.“ Tillaga okkar nú er að málslíðurinn hljóði svo: „Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samræmi við þá stefnu.“ Að mati stærsta hluta nefndarinnar, þá er um að ræða mildara orðalag en fyrra orðalag var og er þar tekið mið af ýmsum áhyggjum sem að menn hafa haft hér í ráðinu um að fyrra orðalag kunni að vera of gerræðislegt og að auki er litið til þess að breytt orðalag sýni embætti forseta Íslands og því lýðræðislega umboði sem það hefur meiri virðingu en hið fyrra, sem að vissu leyti er ákveðnara en nú er lagt til. Það er þó ennþá ætlun okkar að ákvæðið eigi við um það að það sé ætlast til að forseti eigi almennt að flytja sömu skilaboð á sviði alþjóðamála og ríkisstjórn og þing hafa mótað, fremur en að tala í bága við hana. Breytt orðalag á hins vegar að gefa það til kynna frekar að forseti getur að sjálfsögðu, kjósi hann svo, kosið að tjá sig ekki, sé hann verulega mótfallinn umræddri stefnu eða einstökum þáttum hennar. Og þá tel ég rétt að það sé sérstaklega áréttáð, að málslíðurinn á auðvitað sérstaklega við ef um er að ræða umdeild mál eða þjóðréttardeilu sem íslenska ríkið á aðild að.

Og svo ég víki næsta að umfjöllun um 3. mgr. 1. gr. en í áfangaskjali er hún svohljóðandi: „Ákvörðun

um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.“ Lagt er til að hún verði svohljóðandi: „Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.“ Breytingin felur í fyrsta lagi í sér breytta hugtakanotkun og vísa ég þá þar til „beitingu vopnavalds“ í staðinn fyrir „hernaðaraðgerðir“. Við fengum ábendingu frá sérfræðingi sem hefur ákveðna sérþekkingu á sviði þjóðarréttar og þá einkum á því réttarsviði er lýtur að hernaðaraðgerðum eða átökum og aðgerðum þar sem beiting vopnavalds kemur til og þar er litið til þess að breytt orðalag taki betur mið af hefðbundnu orðalagi á þessu réttarsviði fremur en hugtakið „hernaðaraðgerðir“. Er þar vísað í þjóðarrétt dagsins í dag og einkum þeim er lýtur að vopnuðum átökum, þar er almennt notast við orðalagið „beitingu vopnavalds“ og það er talið heppilegra með vísan til þess m.a. að „hernaðaraðgerðir“ er ekki skilgreint lagahugtak, hvorki í íslenskum rétti né þjóðarrétti og það gæti valdið ákveðnum vandkvæðum í framkvæmd að halda því inni og er það því tillaga okkar að breyta þessu til að koma í veg fyrir vandkvæði í túlkun. Í öðru lagi leggur nefndin til breytingu á 3. mgr. þannig að gert sé ráð fyrir þeim aðgerðum um beitingu vopnavalds sem Ísland er skuldbundið að skv. þjóðarrétti. Og í þessu sambandi, þá vísa ég til áhyggna nefndarinnar sem ég gerði grein fyrir hér á síðasta ráðsfundi hvað hugtakið „hernaðaraðgerðir“ varðar. Eins og þá var bent á, þá felst í því annars vegar að um geti verið að ræða átök milli tveggja ríkja eða fleiri þar sem vopnbeiting á sér stað og hins vegar að um geti verið að ræða átök milli tveggja eða fleiri stríðandi fylkinga innan eins ríkis eða yfir ríkjalandamæri. Þá gerði ég einnig grein fyrir því, hérna á síðasta fundi, að okkur hefðu borist ábendingar frá fræðimanni sem réði frá því að notast væri við hugtakið „hernaðaraðgerðir“ og helgaðist það einkum af því að til eru löglegar og ólöglegar hernaðaraðgerðir í skilningi þjóðarréttar. Og var þar t.d. vísað til 25. og 42. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og að íslenska ríkið, skv. henni, væri tafarlaust bundið að ákvörðunum Öryggisráðsins um að beita hernaðaraðgerðum á grundvelli þessara greina. Samþykki Alþingis eða synjun hefði í raun ekkert að segja í því sambandi. Einnig var bent á að NATO kynni í þessu sambandi að taka að sér að fylgja eftir löglegum hernaðaraðgerðum sem gripið væri til á grundvelli framangreindra eða áður nefndra ákvæða stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og að íslenska ríkið væri þjóðréttarlega skuldbundið af þeim, sama hvað þingið hérlandis og þjóð hefðu um það að segja. Nú, eftir að hafa farið yfir þetta síðan á síðasta fundi og með hliðsjón af frekari ábendingum sem að lúta að þessu sama álitafni, þá leggur nefndin til breytingu sem lýtur að því að málgreinin gerir ráð fyrir tilvist þessara tilteknu aðgerða. Þar með sé þá gefið til kynna, að stjórnarskrárgjafinn sé fullmeðvitaður um þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem til staðar kunni að vera á þessu réttarsviði og að þingið geti, í tilteknum tilvikum, þegar um er að ræða aðgerðir sem ekki endilega falla undir þessar tilteknu greinar stofnskrárinnar, t.d. að þá getur þingið kosið að greiða atkvæði gegn því að íslenska ríkið leggi nafn sitt við að styðja slíkar aðgerðir og það hefði þá gildi að geta vikið sér undan því.

Þá ætla ég næst að víkja að 2. gr. kaflans, sem að fjallar um gerð þjóðréttarsamninga en orðalag hennar er núna svohljóðandi: „Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd ríkisins. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.“ Tillaga nefndar C er að orðalagið verði svohljóðandi: „Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, inn-sævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum nema samþykki Alþingis komi til.“ 1. málslíð er breytt þannig að í stað orðsins „ríkisins“ kemur orðið „Íslands“. Þarna er bara um smávægilega orðalagsbreytingu að ræða sem margir myndu kalla fagurfræðilega frekar en annað og við leggjum þetta til til að leggja áherslu á að þetta sé fyrir hönd Íslands og að sérnafnið Ísland komi þarna sérstaklega fram. Áður en ég vík að svona stóru kannski breytingunni í greininni, þá ætla ég að fara í þriðju breytingartillögu okkar á 2. gr., af því að mér láðist að nefna það hér áður en ég byrjaði en það virðist sem sú samþykta breytingartillaga hafi ekki ratað inn í skjalið sem að hér var dreift. En það er semsagt tillaga nefndar um að orðalagið, þar sem talað er um „breytingar á landslögum“ einungis... orðalagið „kalli á breytingar á landslögum“ er talið samræmast betur almennt málnotkun á þessu réttarsviði, að bæta inn þessu eina orði, „kalla“. Er þetta komið inn í skjalið fyrir framan ykkur? Nei. Við leggjum til að í staðinn fyrir að... Þetta er komið inn á í rafræna útgáfu. Ég biðst bara forláts, þetta virðist ekki hafa, bara fyrir mistök, ratað inn í skjalið sem var dreift. En í staðinn fyrir að segja eingöngu „breytingar á landslögum“, þá kemur „kalla“ á undan, „kalla á breytingar á landslögum“. Og ég bið ykkur um að gera athugasemdir, ef þið hafið athugasemdir við að við höfum þetta inni, ef þetta er ekki komið til ykkar. En þetta er ekki efnisleg breyting, þetta er bara almennt í samræmi við hefðbundna málnotkun og þetta er í samræmi við þá tillögu sem stjórnlaganefnd gerði tillögu til í skýrslunni sinni.

Varðandi síðari málslíðinni að öðru leyti, þá vísa ég til þess sem að ég nefndi hér á síðasta fundi, þar sem ég vísaði til ábendinga sem okkur hafa borist um hugtakanotkun í málslíðnum. Það hafa okkur borist athugasemdir frá doktorsnema í hafrétti um að hugsanlega væri rétt að skoða hvort breyta ætti hugtakanotkun með hliðsjón af þróun hafréttarins frá því stjórnarskráin var samin um miðja síðustu öld – eða samþykkt. Eins ég gerði þá grein fyrir, vildum við fara nánar yfir þetta og ráðfæra okkur við fleiri fræðimenn og sérfræðinga á þessu sviði. Og eftir að hafa gert það, þá höfum við fengið undirtektir við þessa athugasemd, auk þess að fá frekari ábendingu um að breyta málslíðnum þannig að í stað þess að nefnd þar einungis „landhelgi“, þá verði tilgreind þar þau hafssvæði þar sem Ísland fer með fullveldi, fullveldisréttindi og/eða lögsögu. Og þess vegna bætum við inn orðunum „innsævi“, „efnahagslögsögu“ eða „landgrunni“. Og með þessu erum við að taka mið af þeirri þróun sem hefur orðið á sviði hafréttarins á síðasta hluta 20. aldar og einkum þá með tilkomu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna sem sam-

þykktur var 1982 og Ísland átti stóran hluta að vinnu við samningu hans.

En ég hef þá lokið yfirferð yfir tillögur okkar um breytingar á kaflanum um utanríkismálin í áfangaskjalinu og þakka fyrir gott hljóð og vænti sem áður góðra umræðna um tillögurnar og vil nota auðvitað tækifærið til að þakka samnefndarmönnum mínum í nefnd C fyrir samstarfið, bæði með þennan kafla sem og alla aðra kafla og auðvitað ykkur öllum hinum líka frábært og gott samstarf í öllum nefndum og við afgreiðslu mála þar. Kærar þakkir.

SN

Já, ég þakka varaformanni kynningu á breytingartillögum C-nefndar um kafla um utanríkismál og orðið er laust. Pétur Gunnlaugsson, gjörðu svo vel.

PG

Já, formaður og ágætu félagar. Það er að vísu hérna 3. gr. er óbreytt, engin breyting lögð til á framsali ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana. Ég vil þó gera athugasemdir við skýringar við þessa 3. gr. Þar er ennþá haldið fram þeirri skoðun, að hér sé heimild, skv. núgildandi stjórnskipulagsreglum, að framselja ríkisvaldið að uppfylltum tilteknum skilyrðum og í raun og veru sagt, að hér sé um óskrifada meginreglu, væntanlega óskrifada bindandi meginreglu, sem er gerð að skrá sérstaklega og það eru svona ákveðin rök fyrir því, að það þurfi að setja þetta ákvæði fram. Nú, í öðru lagi, þá kemur hér fram – það var dálítið merkilegt – það er vísað í þjóðfund. Ég man nú ekki eftir því að það hafi nú verið algengt hér í störfum stjórnlagaráðs, að í greinargerðum eða athugasemdum hafi verið vísað sérstaklega í þjóðfund. En það er vísað í þjóðfund vegna þess að það er gefið í skyn að þjóðfundur, sem lagði áherslu á gott alþjóðlegt samstarf Íslands við aðrar þjóðir, að það eiginlega styðji þessa tillögu. Ég kannast ekki við þetta. Ég meina, ég held ekki að þjóðfundur hafi talið það vera forsendu fyrir að hafa góð alþjóðleg samskipti, að það þyrfti að framselja ríkisvald til alþjóðlegra stofnana. Það held ég ekki en ef ég hef rangt fyrir mér, þá væri kannski gott að fá að heyra um það. En ég kannast ekki við þetta. Nú, síðan varðandi fullgildinguna. Við biðum eftir þeim... ja, það eru þessar reglur sem gilda um breytingu á stjórnarskránni, sem að eru þær m.a. að Alþingi getur komið að breytingu á stjórnarskrá, ef það eru nægilega þingmenn sem standa að því, þannig að þjóðin kemur ekki að því, enda segir hér í skýringunum: „áður en fullgilding fer fram, skuli málið að öllu jöfnu lagt í þjóðaratkvæðagreiðslu“. Þannig að ég vil bara benda á það, að skv. þeim tillögum, þá kæmi þjóðin ekki að breytingunni, hvorki að breytingu á stjórnarskrá né heldur á framsali á ríkisvaldi til alþjóðlegra stofnana. En ég þakka fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, góðir félagar og gestir. Ég ætlaði nú bara rétt að bara bregðast við þessari breytingu sem er orðin á 1. mgr. þar sem að ég sendi inn breytingartillöguna til nefndarinnar sem nú er verið að breyta. Þetta með að fella brott orðið „hernaðaraðgerðir“ og setja inn „beitingu vopnavalds“ er ágætis lausn og gott



að nefndin skuli halda þessu efnislega ákvæði inni. Þetta uppfyllir nákvæmlega kröfuna sem ég hafði í huga þegar ég kynnti þetta ákvæði í fyrsta skipti, svona millilendinguna – auðvitað myndi ég kjósa að Ísland tæki ekki þátt í og styddi ekki aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds – en þessi millilending sem ég kynnti, þar sem hugmyndin er að þegar við erum ekki skuldbundin, þá sé það ekki eingöngu framkvæmdarvaldið eða einn eða tveir einstaklingar sem að geta tekið ákvarðanir um það, hvort Ísland styðji beitingu vopnvalds eða hernaðaraðgerðir, beitingu ofbeldis á hendur ríki eða t.d. ættbálki, þjóðernishóp eða hvað við eigum að kalla það. Og þetta ákvæði tel ég að sé mikill styrkur fyrir okkar tillögur og vænlegt til þess að efla stuðning við skjalið í heild sinni. Þannig að ég þakka nefndinni fyrir góða vinnu að þessu sérstaklega.

SN

Andrés Magnússon, þú ert næstur á mælendaskrá.

AM

Takk. Mig langar að þakka Írisi sérstaklega fyrir þessa miklu vinnu sem hún á heiðurinn af varðandi þessa greinargerð. Mig langaði bara aðeins að minnast á breytingu, semsé í áfangaskjalinu var 1. gr. síðasti málsliður: „Ákvörðun um stuðning við hernaðaraðgerðir skal háð samþykki Alþingis.“ Nú er komið semsé ákvæði „um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti“. Semsé, það er svona komið undantekningarákvæði um það, að stuðningur við vopnuð átök þurfi alltaf að fara fyrir Alþingi. Mín skoðun er sú, að sá sem svaraði þessu erindi okkar niðri í utanríkisráðuneytinu hafi verið stríðshaukur og þetta hafi verið sent í varnarmáladeildina. Ég er ekkert viss um að við þurfum að taka þetta sem endilega þverskurði af öllu innanríkisráðuneytinu [væntanlega átt við utanríkisráðuneytið]. Alla vega ég kys að líta svo á málið, að þetta hafi verið sent til einhverra einstaklinga þar; veiti mér þann rétt, sem er kannski dálítið rúmur. En það hefði, að mínu mati, verið alveg hægt að sleppa þessari undantekningu, þ.e.a.s. aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af skv. þjóðarétti. Ég held – mér var bent á það alla vega hér í pásunni – að Costa Rica styður ekki vopnuð átök og er búin að leggja niður herinn í sinu landi. Þeim er ekki hent út úr Sameinuðu þjóðunum. Ég held að okkur yrði ekki hent út úr Sameinuðu þjóðunum af því að þetta á eiginlega, skilst mér, eingöngu við um öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Það er eini staðurinn sem við erum þjóðaréttarlega skuldbundin, reyndar einstaka sinnu í NATO líka. Ég er alveg viss um að ef við myndum fella þetta ákvæði niður og hafa þetta bara eins og það var, að þá kæmi ekki hérna fulltrúi NATO, bankaði upp á og segði: Heyriði, þið eruð rekin úr NATO af því að þið erum með þetta ákvæði. Og ég vitna hér í Örn Bárð, sem sagði að það þyrfti alltaf að vera dálítið tog í tillögnum. Og þetta er eitt af böli heimsins, það er stríð. Og mér finnst allt í lagi að reyna að hafa smá tog í áttina að friði. Og ég ætla að leyfa mér því að koma með breytingartillögur við tækifæri um að við fellum út þessa setningu, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið að skv. þjóðarétti, þannig að alltaf þegar við styðjum aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, þá fari þær fyrir Alþingi. Það var t.d. bent á það hér líka,

af áheyrendum í hléinu, að við vitum ekkert hvað er í gangi í Afganistan. Við vitum ekkert hvað er í gangi í Líbýu. Þetta er bara eitthvað sem við þurfum að lesa um í fjölmiðlum. Já, takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, gjörðu svo vel. Þú ert næstur á mælendaskrá.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Þessar breytingar eru góðar og í jákvæða átt. Það er þó eitt sem ég hnýt um og get ekki annað en að gera athugasemd við, bara út frá sjónarhóli bara íslensku og málskilnings. Það er 3. mgr. í 1. gr.: „Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.“ Frumlagið í þessu er semsagt aðgerðirnar, aðgerðir sem að Ísland er skuldbundið af. [við X] Nei, ákvörðun er í eintölu, ákvarðanir er í fleirtölu og hérna stendur „aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti“. Eins og ég les þetta, þá eru það ákvarðanirnar sem Ísland er skuldbundið af, þannig að ég legg nú til að það verður að laga þetta og segja þá „aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið til stuðnings við að þjóðarétti skal háð samþykki Alþingis“ eða eitthvað slíkt. Ég svona gat ekki varist því að taka til máls um þetta því ég held að þetta málfar, eins og það er akkurat þarna, gangi ekki upp, eins og ég skil það alla vega. Takk fyrir.

SN

Nú, það hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls og því bið ég Írisi Lind, varaformann nefndarinnar, að bregðast við þeim athugasemdum sem hafa komið. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk fyrir og takk fyrir athugasemdirnar og ábendingarnar sem hér komu fram. Enn og aftur vil ég þakka Pétri fyrir hans athugasemdir um 3. gr. kaflans en ég áréttaði það sérstaklega í ræðunni minni og ætla nú svo sem ekkert að tæpa efnislega á þeirri athugasemd en ég ætla enn og aftur að flagga því sem ég hef áður sagt og því sem ég nefndi hér í upphafi ræðu um að greinargerðin er í vinnslu og þar verður tekið tillit til ýmissa athugasemda sem okkur hafa borist og ég bendi einmitt á að ég ræddi þetta sérstaklega á göngunum við hann Pétur í dag og gerði honum grein fyrir því að sérstaklega yrði litið til þeirra athugasemda sem hafa komið fram frá honum. Varðandi það að hann sé að fetta fingur í það að við séum að vísa í þjóðfund í greinargerð, þá bendi ég á að þetta hefur ávallt verið í greinargerðinni og það hefði kannski verið bara ágætt að lesa hana almennilega frá upphafi þegar hún var hér lögð fram fyrir mörgum fundum síðan. Varðandi þá athugasemd sem Andrés Magnússon gerir um herhauk eða hernaðarhauk utanríkisráðuneytisins, þá verð ég nú að taka það sérstaklega fram að við fengum ábendingu um þetta frá fræðimanni við Háskóla Íslands sem að heitir Pétur Dam Leifsson. Hann kennir það herrétt í meistaranámi við háskólann í lögfræðinni og hefur ákveðna sérþekkingu á þessu sviði og ég vísa því bara frá að þetta sé frá einhverjum herhauk. Hann er einstaklega ljúfur og mikill friðarsinni, að því er ég

þekki hann og held að honum myndi líka illa við að vera kallaður herhaukur. Ábending Villa: Eftir mínum skilningi, þá er þetta varðandi íslenskuna, þá er þetta „ákvörðun skal háð samþykki Alþingis“. Það er ekki hægt að taka ákvörðun nema Alþingi samþykki hana. Að því leyti til held ég að þetta sé málfarslega í lagi og þetta tekur líka mið af því hvernig þetta er fram sett í skýrslu stjórnlaganefndar. Þar er talað um „ákvörðun um stuðning við stríð skal háð samþykki Alþingis“. Þannig að ég held að þetta eigi að standa málfarslega en við fáum þá bara okkar sérstaka málfarsráðunaut sem situr mér hér við hlið, Erling Sigurðsson – eða Sigurðarson – til að fara yfir það og blessa það. En við breytum því auðvitað, ef því er að skipta. En að öðru leyti bara kærar þakkir fyrir þetta í dag. Frábært hvað okkur tókst að vera skilvirk á okkar fundi. Nú er klukkan hálf sex. Ég þjóst hér við að sitja á fundi fram á kvöld, þannig að nú getum við bara sest betur yfir það efni sem við ætlum að ræða betur á morgun. Það er svo sannarlega mikið verk að vinna og undirbúningur í fullum gangi hjá öllum, geri ég ráð fyrir. Þannig að ég þakka kærlega fyrir. Takk.

SN

Já, ég þakka líka nefndinni aftur fyrir, varaformanni hennar og ykkur öllum fyrir þátttökuna í umræðunum hér um utanríkismál. En þá göngum við til atkvæðagreiðslu og ég bið þá sem eru samþykktir því að breytingarnar fari inn í áfangaskjal að rétta upp hönd. Gjörði svo vel. Og þeir sem eru á móti rétti upp hönd. Og þá þeir sem sitja hjá. Þeir sem sitja hjá. Nú, þá er komið að fundarhléi. Við tökum fyrir 4. lið á fundi á morgun, höldum áfram fundi á morgun klukkan hálf tíu. Já, klukkan hálf tíu heldur fundurinn áfram og ég þakka fyrir í dag. Takk fyrir.

#### 4. Skýrsla og tillögur B-nefndar

SN

Góðan daginn, kæru vinir. Sextánda ráðsfundi er fram haldið og til máls tekur Katrín Fjeldsted, formaður B-nefndar um skýrslu og tillögur nefndarinnar. Þar verður fjallað um störf Alþingis, ráðherra og ríkisstjórn, stjórnarsýslu og eftirlit, forseta Íslands, sveitarstjórnir [og] tillögur um breytingar á áður samþykktum greinum lagðar fram til samþykktar í áfangaskjali. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir. Fundarstjóri og góðir áheyrendur. Tillögur þær sem B-nefnd hefur verið með til meðferðar eru í kringum 70 talsins, þ.e.a.s. fjöldi greina. Eftir og við framlagningu inn í áfangaskjalið hafa komið fram ýmsar breytingartillögur sem urðu til þess að nefndin hefur endurskoðað fjölda áður kynnta tillagna og þær sem hér fara nú til afgreiðslu inn í áfangaskjal eru einar 27, ef ég hef talið rétt. Eins og formaður ráðsins sagði, þá eru þarna ýmsir kaflar en ég hygg rétt að fara yfir breytingartillögurnar í heild sinni og vera ekki að kaflaskipta þeim í umræðunni nema menn óski sérstaklega eftir því og fundarstjóri tekur þá afstöðu til þess.

Ég ætla þá að byrja á kafla sem heitir Undirstöður. Þar segir í áfangaskjali – ég ætla að lesa þá grein, af því að það eru nokkrar greinar í þessu sem meira hafa

verið ræddar en aðrar og ég hef hugsað mér að lesa þær. Í áfangaskjali nú segir um handhafa ríkisvalds: „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar. Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið í umboði Alþingis. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið. Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins og fer með þau verkefni er stjórnarskrá þessi tilgreinir.“ Eftir miklar umræður í nefndinni og umsagnir fræðimanna og annarra og ábendingar frá félögum okkar í ráðinu ákváðum við að verða að þeim tilmælum að skilgreina forseta Íslands sem hluta af framkvæmdarvaldi og hniga mörg rök til þess. Og þess vegna fellum við burt 4. mgr. og það er nýr 2. málslíður 2. mgr. og greinin hljómar þá svo eftir breytingu: „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar. Ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld, í umboði Alþingis, fara með framkvæmdarvaldið ásamt forseta Íslands. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.“ Eins og við höfum rætt hér í ráðinu, þá er eitt af markmiðum okkar hér að greina sem best á milli valdþátta, svo ljóst sé hverjir fara með vald og hvaða ábyrgð fylgi því valdi. Þess vegna þótti okkur rétt að hreinsa út orðalag þar sem ljóst væri að þjóðhöfðinginn eða forseti Íslands framkvæmdi ekki hluti sem er sagt að hann framkvæmi. Í gildandi stjórnarskrá er hann sagður fara með ýmiss konar vald sem hann lætur ráðherra framkvæma. Á Íslandi, sem er auðvitað lýðveldi og hér er þingræði, er ljóst að Alþingi fer með löggjafarvaldið og það er ríkisstjórn sem ber alla meginábyrgð á stjórnarathöfum. Við ákváðum samt að forseti yrði talinn upp meðal handhafa framkvæmdarvalds ásamt ráðherrum og ríkisstjórn, forseti er þjóðkjörinn og hann fer með vald sitt í umboði þjóðarinnar en ekki umboði Alþingis. Í dæmi A í skýrslu stjórnlaganefndar segir að ekki sé ástæða til að tiltaka að forseti Íslands fari með löggjafarvaldið ásamt Alþingi. Við tökum undir með stjórnlaganefnd um þetta atriði, í dæmi A, og bent er á að það sé mjög sjaldgæft að forseti eða þjóðhöfðingi sé sagður fara með löggjafarvald í öðrum löndum og þetta sé sjaldgæft í erlendum stjórnarskrám, jafnvel þótt forseti hafi einhvers konar öryggisventilshlutverk við lagasetningu og hafi t.d. málskotsrétt. Finnsla stjórnarskráin nefnir að forseti hafi framkvæmdarvald ásamt ríkisstjórn en hann er ekki nefndur sem handhafi löggjafarvalds. Þessi tillaga okkar er í takt við þær breytingar sem lagðar eru til á stjórnskipun í öðrum greinum og öðrum köflum um Alþingi, ráðherra, ríkisstjórn og forseta. Þannig fer Alþingi, skv. þessum tillögum, eitt með löggjafarvaldið og ráðherrar úr ríkisstjórn og önnur stjórnvöld með framkvæmdarvaldið í umboði Alþingis skv. þingræðisreglunni ásamt forseta Íslands. Þá nefnum við sérstaklega að Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fari með dómvaldið.

Þá er komið að kafla um Alþingi og þá er í fyrsta lagi hlutverk Alþingis. Þar er smávægileg breyting. Við fellum út 1. málslíðinn sem segir: „Alþingi sækir vald sitt til þjóðarinnar.“ Við fellum þessa setningu út, ekki af því að við teljum ekki að Alþingi sækji vald til þjóðarinnar, heldur vegna þess að það er tekið fram á öðrum stað í þessari stjórnarskrá og óþarfi að það sé tiltekið aftur.

Næsta grein er um eið þingmanna. Þar höfum við valið að nota orðið „eiðstafr“ í staðinn fyrir orðið „eið-

ur“ og segjum því: „Sérhver nýr þingmaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er kosning hans hefur verið tekin gild.“ Ég ætla ekki að endurtaka skýringar frá því síðast þegar við töluðum um þetta. Þær skýringar liggja fyrir.

11. gr. er Flutningur þingmála: Þar kemur ákvæði inn á ný. Það var ekki neitt ákvæði í áfangaskjalinu og það hljómar því svo: „Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál.“ Þetta er samhljóða dæmi A hjá stjórnlaganefnd.

Þá kemur hér grein sem einnig hefur verið heilmikið rædd en það er gr. 12 úr kaflanum um Alþingi og hún heitir Meðferð lagafrumvarpa. Þar hefur orðalagi verið breytt til muna. Við höfum einnig skipt upp í tvær greinar Meðferð þingmála, þ.e.a.s. lagafrumvörp eru nú gr. 12 og meðferð þingsályktunartillagna gr. 13. Þannig að það riðlar nokkuð númeringu greinanna inni í skjali. En í áfangaskjali nú er texti sem talinn var heldur óljós og það væri ekki alveg skýrt hvernig við hugsuðum framlagningu frumvarpa og annarra þingmála og við ræddum þetta mjög ítarlega, bæði innan B-nefndar og sömuleiðis á sameiginlegum fundum, opnum fundum og sameiginlegum fundum, og höfum komist að niðurstöðu og ég ætla að lesa textann eins og hann var og ég ætla að lesa textann eins og við höfum breytt honum. Í áfangaskjali nú segir: „Frumvörp og tillögur alþingismanna, skýrslur til Alþingis og frumvarpsdrög og tillögur frá ríkisstjórn eru tekin til umfjöllunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru flutt og rædd á Alþingi. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrir en það hefur verið rétt við þrjár umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu. Þingmál sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla ekki niður fyrir en við lok kjörtímabils.

Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.“ Þarna, eins og þið heyrið, eru lagafrumvörp og þingsályktanir í sömu grein, þannig að ég ætla að taka 13. gr., eins og hún er númeruð hér á skjali sem að þið hafið fengið afhent og þar stendur um þingsályktanir í áfangaskjali, að þetta standi með 12. gr. um meðferð þingmála. Við gerum ráð fyrir því, í nefnd B, að þegar mál koma inn í þingið, þ.e.a.s. það á sérstaklega við lagafrumvörp, stjórnarfrumvörp, en þau eru jú meginuppistaða þingmála á Alþingi, þá komi þau inn í þingnefndir til umræðu fyrst. Við höfum rétt heilmikið um það hvernig þetta ferli eigi að vera en markmiðið er skýrt í okkar huga. Markmiðið er það, að í stað þess að mælt sé fyrir frumvarpi strax í ræðustól á Alþingi og menn fari þar í hefðbundnar skotgrafir í pólitískum átökum í rauninni áður en þeir hafa fengið almennilega umfjöllun um frumvarpið, þá fari frumvarpið fyrst inn í videigandi þingnefnd og það gætu verið þannig tvær þingnefndir eða oftast ein þingnefnd. Hugsunin með þessu, eins og ég sagði, markmiðið er alveg skýrt, það er að stjórnarandstaða komi að málum fyrir heldur en nú er. Við erum með auðvitað fordæmi fyrir þessu. Við erum ekki að finna upp hjólið. En það má segja að þetta sé tilraun í stjórnarskrá, ekki tilraun en þetta sé fyrirsögn í stjórnarskrá um bætt vinnubrögð á þingi og að þingið verði frekar það

sem kallað er „vinnuþing“ heldur en átakaþing. Auðvitað getur maður ekki breytt gamalgrónum síðum með stjórnarskrá en við trúum því, að það sé hægt að hafa áhrif á vinnubrögð og hvernig staðið er að frumvarpaumræðu á Alþingi með þessum hætti. Það eru fyrirmyndir að þessu, eins og ég sagði, og ekki að sjá annað en að slíkt gangi mjög vel upp. Við gerðum því ráð fyrir því, að lagafrumvörp, bæði frá þingmönnum og ríkisstjórn – og þórrinn er hefðbundið frá ríkisstjórn – séu lögð fram á þingi án umræðu. Og þá er þingforseti sem þingtekur málið og vísar því til nefndar en við gerum ekki í þessum tillögum ráð fyrir framsögu um frumvarp á því stigi. Auðvitað er vaxandi áhersla á það í stjórnarráðinu að frumvörp séu vel unnin og þeim fylgi umsagnir um kostnað og áhrif á aðra þætti heldur en frumvörpin endilega fjalla um og það er mjög virðingarverð viðleitni í gangi þar, sem við höfum heyrt af og fengið rétt inni á okkar fundi hjá(?) gestum, en það breytir því ekki að aðkoma minnihluta þingmanna verður betur tryggð með þessum hætti og meðferð þeirra og meðhöndlun og umfjöllun um frumvörp þess vegna ábyrgari heldur en ef málið dettur af himnum ofan ofan í ræðustól á Alþingi og menn hafa ekki haft tækifæri til að kynna sér frumvörpin með vönduðum hætti. Með þessu ákvæði um meðferð lagafrumvarpa teljum við að sé leið til þess að bæta úr slíku. Og allt skiptir þetta máli af því að viljum auðvitað að lagasetning sé eins vönduð og hægt er og helst að það sé sem mest samstaða og samvinna á Alþingi um þær tillögur og frumvörp sem þar eru afgreidd. Auðvitað kemur svona ákvæði ekki í veg fyrir pólitísk átök á Alþingi, það er bara allt annað mál. En að vanda vinnubrögðin og að reyna að leiða saman hesta sína og að reyna að vinna saman er æskilegt markmið, telur nefnd B. Þá segja menn: Ef að þið eruð að koma umræðunni á upphafspunktum inn í þingnefnd, eiga þá samt að vera þrjár umræður á þinginu, þ.e.a.s. eruð þið að fjölga umræðum praktískt talað í fjórar? Og það var ekki hugsunin að gera það. Og þess vegna leggjum við til að eftir athugun í nefnd séu lagafrumvörp rædd við tvær umræður hið minnsta. Þarna er möguleiki á að það sé oftast en ef við lítum á vandaða umfjöllun í þingnefnd sem ígildi fyrstu umræðu, þá er skv. þessu mælt fyrir frumvarpinu á þingi að lokinni athugun í nefnd, þannig að 1. umræða sk. í þinginu er þá framsaga eftir vandaða úttekt og vinnu í þingnefnd. Síðan er hægt að vísa aftur til nefndar ef að koma fram breytingar við þá umræðu en líkast til dregur úr slíkum breytingum og upphlaupum þegar vinnan hefur verið unnin áður. Þannig að síðasta umræða, sem nú heitir 3. umræða og atkvæðagreiðsla, getur þá heitið umræða númer tvö. Það var ekki meiningin að fjölga umræðum eða lengja tímann sem tæki að fara yfir málin, bara að breyta röðinni. Með þessum skýringum ætla ég að lesa ákvæðið eftir breytingu eins og það stendur núna frá B-nefnd: „Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar“ – þið takið eftir breytingu á orðalagi þar, það er ekki „frumvörp og tillögur alþingismanna“ eða „skýrslur til Alþingis og frumvarpsdrög“ heldur eru þetta „frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar“ – „eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda. Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrir en eftir tvær umræður á Alþingi.

Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils.“

Og síðan í beinu framhaldi ætla ég að taka Meðferð þingsályktunartillagna. Við töldum það horfa til aukins skýrleika, að það væri sérstök grein í stjórnarskránni um meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála. Tillögur ríkisstjórnar, þ.e.a.s. frumvörp ríkisstjórnar, ganga undantekningarlaust til nefndar áður en þær eru ræddar á Alþingi en um þingsályktunartillögur gegnir nokkuð öðru máli. Þingsályktunartillögur eru tækifæri eða möguleikar þingmanna til að koma með mál þarf að vekja athygli á eða koma til umræðu í þjóðfélaginu og það er bara meirihluti og minnihluti þingmanna eða stjórnarandstaða og stjórnarþingmenn sem nota sér þessa aðferð og okkur þótti rétt að á þessu væri tekið með nokkuð öðrum hætti heldur en frumvörpum og það væri því mælt fyrir þingsályktunum og öðrum málum á Alþingi, eins og verið hefur. Við litum hins vegar á það þegar þingmenn flytja þingsályktunartillögur, að það er nokkuð algengt að slíkar tillögur sofni í nefnd, eins og kallað er. Sérstaklega gildir þetta um tillögur frá stjórnarandstöðuþingmönnum en nokkuð algengt hefur það verið í gegnum tíðina að þingsályktunartillögur hafi ekki náð fram að ganga. Við ætludum okkur því að leyfa þeim að lifa út kjörtímabilið en var reyndar bent á það, alveg réttilega, að þá væri hægt að svæfa þær út allt kjörtímabilið. Þannig að við breytum orðalaginu hvað þingsályktanir varðar og segjum að þær falli niður við lok löggjafarþings ef þær hafa ekki verið afgreiddar. Þá stendur ákvæðið í 13. gr. svo númeraðri eftir breytingu í B-nefnd: „Tillögur ríkisstjórnar eru teknar til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þær eru ræddar á Alþingi. Tillögu til þingsályktunar má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings sem kallar á breytingu á lögum eða er að öðrum ástæðum mikilvægur. Tillögur til þingsályktana sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok löggjafarþings. Tillögur um vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum.“

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta í bili en næsta grein heitir Staðfesting laga. Þegar þessi grein var lögð fram inn í áfangaskjal var það með tveimur valkostum. Það var um ferlið, hverjir að staðfestingu laga og hvernig það ferli væri. Við höfum fellt brott valkost sem var númeraður tvö. Við höfum sett tímafrest á Alþingi hversu langan tíma þingið hafi til að fella lög úr gildi og við höfum stýtt nokkuð þann fresta eða skýrt þann frest sem forseti hefur til að vísa málum til þjóðarinnar. Og ákvæðið er því, eftir breytingu frá B-nefnd og miklar umræður þar og í meðal ráðsmanna almennt: „Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og leggur innan tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar, og veitir undirskrift hans því lagagildi. Forseti Íslands getur ákveðið innan viku frá móttöku frumvarps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en bera skal lögin innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin áður úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta.

Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum. Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárukalög og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.“

Þá kemur næst gr. 15 sem er Birting laga. Þar er breyting á orðalagi eftir ábendingu við umræður hér. Ég held að það hafi verið frá Írisi Lind Sæmundsdóttur, þar sem mikilvægt þótti að skýra nánar ákvæðið og það segir því nú: „Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóðréttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með íþyngjandi hætti fyrr en eftir birtingu þeirra. Um birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum.“ Það var þetta „með íþyngjandi hætti“ sem við bættum inn.

Næsta grein er um Skipan skattamála og fer eiginlega saman gr. 16, 17 og 18. Þær fjalla allar um fjármál ríkisins. Í gr. 16 hefur orðið „breyting“ sem að aðallega... Það er verið að flytja til þarna málsliði. Þetta er nú kannski ekki svo mikil efnisbreyting. Í áfangaskjali nú segir að „[s]kattamálum [skuli] skipað með lögum. Ekki [megi] fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Og við röðum þessu upp á nýtt en það er ekki efnisbreyting á því, þannig að ákvæðið hljómar nú: „Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“

Þá kemur grein sem heitir Eignir og skuldbindingar ríkisins. Þetta efni hefur verið mikið rætt meðal ráðsfulltrúa og ekki síst í tengslum við hrúnið hér 2008 og aðdraganda /afleiðingar þess. Þess vegna hefur B-nefnd tekið inn orðalag úr tillögu sem kom frá Katrínu Oddsdóttur inn í greinina. Ég ætla þá bara að segja frá því sem er viðbótin, sem er eftirfarandi: „Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.“ Í fyrri grein sagði: „Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum.“ En við töldum rétt að skýra þetta og víkka þetta nánar, þannig að það næði til skuldbindinga einkaaðila og það væri kveðið á um það í stjórnarskrá, að það væri í grunninn óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar þeirra en það væru til undantekningar með stífum skilyrðum. Það er semsagt þrenging á því að ríkið geti veitt ríkisábyrgð og það eru nýmæli.

Þá kemur 19. gr. sem eru Fjárukalög og greiðsluheimildir. Við vorum með svona óútkljáðan texta sem fór inn í áfangaskjal, þar sem sagði: „Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum.“ Og síðan var kveðið á um heimildir fjármálaráðherra þegar ófyrirséð atvik ber að höndum eða almannahagsmunir krefjast og þá ætti hann að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum greiðslum – fyrirfram, ef þess er nokkur kostur. Við nánari vinnu á þessari grein hefur auðvitað skýrst fyrir okkur mjög sá háttur sem hafður hefur verið á um meðferð fjárukalaga og það þannig, að það er jafnvel

talsvert löngu eftir á sem fjárukalög, eftir að greiðsla hefur reidd af hendi og án heimildar í fjárlaganefnd, þá eru fjárukalög afgreidd jafnvel löngu seinna og getur munað ansi miklum fjárhæðum. Auðvitað getur slíkt átt sér skýringar og ég er ekki að taka afstöðu til þess en í nefnd B horfðum við á það hvernig ýmsar aðrar þjóðir taka á þessum málum og það var sérstaklega Danmörk sem okkur fannst gera þetta skynsamlega, auk þess sem ábendingar hafa borist og vísbendingar eru frá t.d. OECD og líka frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um hvernig staðið skuli að þessum málum. Og við leggjum þess vegna til að eins konar óvissusjóð verði komið á fót við gerð fjárlaga, þannig að innan hans rúmist óhjákvæmilegar og jafnframt óvissar forsendu-breytingar, t.d. á borð við breytingu á kjarasamningum eða þróun efnahagsmála, verðbólgu og slíks. Þannig að óvissusjóðir séu eitthvað sem tekið sé frá strax við gerð fjárlaga. Danir hafa þann hátt á, að sótt er til fjárlaganefndar fyrirfram um greiðslur fyrir utan fjárlög og þá fyrir utan þennan óvissusjóð. Það er gert fyrirfram og síðan er þeim upphæðum safnað saman og þær mynda fjárukalög. (Þetta heitir „aktstykk“ á dönsku.) Okkur fannst þetta skynsamlegt, að fjárlaganefnd væri með á nótnum og samþykkti útgjöld áður en þau eru reidd af hendi og orðalag okkar á greininni eftir þessa umfjöllun er svohljóðandi: „Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum. Að fengnu samþykki – og þið takið eftir því orðalagi – „Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða af elmannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárukalögum.“ Markmiðið með þessum breytingum er að auka festu og fagmennsku í ríkisbúskapnum. Við töluðum um það á tímabili að afnema heimild til fjárukalaga alfarið en enduðum á því að vilja setja á fót þennan óvissusjóð, sem á ensku er kallaður „contingency fund“, og svo hins vegar hertar reglur við meðferð fjárlaga og heimilda sem rúmast ekki innan fjárlaga.

Þá kemur 22. gr. Þar er bara breyting á nafni nefndarinnar. Hún hét hjá okkur „eftirlit- og stjórnskipunarnefnd“. Þessari nefnd hefur nú verið komið á fót hjá Alþingi og við breytum bara heiti greinarinnar.

Hér er svo 24. gr. um friðhelgi þingmanna, örlítill breyting: Við setjum sem 3. mgr., „Alþingismaðni er heimilt að afsala sér friðhelgi.“, og tókum út hluta af 1. mgr. sem hljóðar þá svo: „Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp. Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Alþingismaðni er heimilt að afsala sér friðhelgi.“

Næsta grein er 27. gr. sem er Lögrétta: Þar var gert ráð fyrir að kosnir yrðu fimm menn til fimm ára og þingnefnd eða þriðjungur alþingismanna gæti óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til laga samrýmdist stjórnarskrá. Þessu hefur verið breytt úr þriðjungi í fimmting og er hugsað til að auka aðgang eða styrkja stöðu minnihluta á þingi. Þetta er líka til samræmis við það, að þriðjungur þingmanna getur leitað til Hæstaréttar um það hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrá og það var talið eðlilegra að lægra hlut-

fall gæti leitað til Lögréttu enda er Lögrétta kosin af Alþingi þó hún sé sjálfstæð stofnun.

Þá kemur kafli um ráðherra og ríkisstjórn. 1. gr. þar leggur áfram áherslu á að ráðherrar séu samábyrgir fyrir ákvörðun ríkisstjórnar í vissum málum og að ríkisstjórn, þegar hún tekur sameiginlega ákvörðun, þá tekur hún ákvörðun sem það sem kallað er „fjölskipað stjórnvald“ og það séu mikilvæg og stefnumarkandi mál sem að falli þar undir. Í samræmi við athugasemdir frá Björgu Thorarensen prófessor féllumst við á að það væri erfitt að koma við lagalegri ábyrgð forsætisráðherra gagnvart því að halda ráðherrum innan stjórnarstefnunnar svo við féllum frá því orðalagi sem nú er í áfangaskjali og greinin hljómar því svo: „Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfundar, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra.“ 2. mgr.: „Ríkisstjórnarfundur skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess. [3. mgr.] Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi málefni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni. [4. mgr.] Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.“

Næsta grein er í samræmi við þetta sem ég sagði í skýringum um fyrri greinina, þ.e. þetta með að halda sig innan marka stjórnarstefnunnar. Okkur fannst alveg rétt ábending að slík pólitísk ábyrgð, um hana gildi annað en lagaleg ábyrgð, þannig að það er eina breytingin á þeirri grein.

Í 3. gr., um stjórnarmyndum, hafa orðið miklar umræður og við höfum gert vissar breytingar þarna, aðallega til skýringar og einföldunar líka. Ákvæðið hljómar því svo eftir breytingu: „Alþingi kys forsætisráðherra. Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokkum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra. Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga. Forsætisráðherra“ – svo er óbreytt hér – „ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu. Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti og veitir honum lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni er þeir taka við embætti.“

Og ég held áfram með næstu grein sem er númeruð 5. gr. sem er um ráðherra og Alþingi og þar segir: „Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi.“ Þarna kemur síðan eini staðurinn í okkar tillögum þar sem um valkosti er enn að ræða. Á fundi sem haldinn var hér með ráðsliðum

í fyrradag var rætt um valkosti þá sem þá voru enn eftir í tillögum okkar og við komumst að nokkuð skýrri niðurstöðu um þá flesta en ekki þennan. Það voru þó fleiri á því að ráðherrar ættu ekki að sitja á þingi en það skiptist nokkurn veginn jafnt hvort þeir ættu bara að víkja af þingi tímabundið eða hvort þeir eigi að segja af sér þingmennsku. Það sýnist sitt hverjum um þetta og ég vil beina því til formanns ráðsins að íhuga hvort það megi afgreiða þessa valkosti hér á fundinum eða hvort að það verði – hún ákveður þá það – hvort að það verði þá gert við meðferð frumvarpsins í næsta áfanga og síðasta áfanga. Samkvæmt þessu tókum við inn orðalagið að ráðherra geti mælt fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn en það var fundið að því, m.a. frá félögum okkar hér í ráðinu en einnig utan í frá, að þeir gætu ekki mælt fyrir frumvörpum. En þá horfðu menn í rauninni ekki til þess hvernig breyting verður á ferli þingmálanna. Af því við þekkjum mjög hefðbundið þetta, að ráðherra og ríkisstjórn kemur með frumvarp og mæli fyrir því í þinginu, allir fari í skotgrafir, fyrirsagnir í öllum fjölmiðlum og síðan dettur þetta niður í einhverjar vikur eða mánuði og svo kemur málið aftur úr nefndinni. Í stað þess að gera þetta svona, eins og ég lýsti fyrir ykkur áðan, þá þingtekur þingforseti málið, frumvarpið, og það fer beint inn í þingnefnd án umræðu. Við gerum ekki í þessum tillögum ráð fyrir framsögu á þessum tímavarki. Það er hins vegar svo, að þegar málið hefur verið unnið í nefndinni og allir hafa komið að því og væntanlega náð að taka ábyrgari afstöðu til efnisins, þá kemur málið út úr nefnd og þá er flutt nefndarálit, að sjálfsögðu, eins og verið hefur. Við sjáum ekki neina breytingu á því fyrir okkur en það er þá auðvitað möguleiki á því að ráðherrann sé kallaður til að segja nánar frá þessu frumvarpi og það gæti kallast framsaga þess vegna en hún er á þessum tímavarki en ekki þegar frumvarpið kemur fyrst inn í þingið. Þá er það bara þingtekið. En umræðan um hvort alþingismaður sé skipaður ráðherra, þá víki hann úr þingsæti eða hvort hann segi af sér þingmennsku, er enn óútklárað.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þau rök. Við höfum gert það á fyrri fundum. 6. gr. er um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra. Þar var orðalagið að „[r]áðherra [væri] skylt að veita Alþingi eða þingnefnd umbeðnar upplýsingar“. Það þótti heldur óljóst og við breytum því að ráðherra sé skylt að veita þessum aðilum „allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyra nema leynt skuli fara samkvæmt lögum“. Og breytingin á kaflaheitinu er úr Upplýsinga- skyldu ráðherra í Upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra. „Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum.“ Og svo bætum við við: „Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, videigandi og fullnægjandi.“ Þarna vísum við í norrænar stjórnarskrár, máli okkar til stuðnings; þar þykir ástæða til að þessa sé getið í stjórnarskrá og við gerum ráð fyrir að okkar þingmenn og aðrir norrænir þingmenn geti vel gengist undir svipað orðalag.

Þá er í 10. gr. talað um ráðherraábyrgð. Þar er sú breyting bara nafnbreyting: „Eftirlits- og stjórn- skipunarnefnd“ heitir núna „stjórnskipunar-“ og eftirlitsnefnd“ og síðan breytum við orðinu „Hæstiréttur“ í „dómstóla“ í samræmi við það sem nefnd C hefur

lagt fram, þ.e. „sækja skuli mál fyrir dómstólum“ í stað þess að stjórnarskrárbinda eitt dómsstig, þ.e.a.s. Hæstarétt.

Í 11. gr., sem heitir Vantraust, þar segir í okkar grein inni í áfangaskjali að „[l]eggja [megi] fram á Alþingi tillögu um vantraust á forsætisráðherra eða aðra ráðherra.“ Samkvæmt ábendingum og umsögnum virðist ljóst að það sé nóg að þetta orðalag einfaldist og sagt sé: „Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra.“ Það nái þá yfir alla ráðhera. „Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans.“ – þetta er óbreytt frá því að við kynntum þetta síðast.

Þá kemur kafli um forseta Íslands. Þar var um valkosti að ræða, þ.e.a.s. að í áfangaskjalinu nú var settur hornklofi utan um aldursmörk fyrir þá sem kjörgengir mættu teljast til forseta. Þar var inni aldursákvæðið „35 ára“, [hann] yrði að vera 35 ára. En eftir umræður og skoðanakönnun meðal ráðsliða hér fellum við þennan hornklofa út og orðalagið er því ljóst: „Kjörgengir til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.“

Þá kemur 10. gr. í kafla um forseta Íslands, það er Setning Alþingis. Það er nýr 2. málslíður. Það var tekinn út fastur setningardagur þingsins, sem áður hefur verið 1. október, og það er lagt í hendur þingsins að ákveða sitt starfsskipulag, hvað þetta varðar en talið rétt að tryggja þingmönnum ákveðna minnihlutavernd gegn mögulegu ofríki meirihluta þingsins og þannig fái þriðjungur þingmanna heimild til að bera fram tillögu við forseta, að Alþingi skuli stefnt saman. Og þess vegna segir greinin: „Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert. Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða þriðjungs þingmanna.“

Þá kemur næst kafli um stjórnarsýslu og eftirlit. Þar er ný 3. mgr. og ætla bara að lesa greinina eins og hún er núna: „Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti. Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með  $\frac{2}{3}$  atkvæða til að hún taki gildi. Ákveða má með lögum að skipun í önnur embætti skuli fara fram með sama hætti. Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.“ Það hefur fram mikil umræða okkar á meðal hversu mikilvægt það sé að tryggja að ráðið sé í æðstu embætti ríkisins á faglegan hátt, á málefnalegan hátt og umræðan hefur verið kannski meiri um þennan lið en marga aðra. Við teljum að það sé forsenda í lýðræðislegu þjóðfélagi að sjálfstæði æðstu embættismanna dómsvaldsins sé verndað og dómaraþarf að vera óvilhallir og hlutlausir í sínum störfum, þannig að almenningur beri fullt traust gagnvart störfum þeirra og að sama gildi um ríkissaksóknara sem er æðsti handhafi ákærvaldsins. Þess vegna setjum við þessa nýju málsgrein inn. Í tillögu okkar er forseti Íslands ekki sjálfstæður skipunaraðili, heldur er það ráðherra. Forseti staðfestir skipunina en skv. 3. mgr. hefur forseti málskotsrétt til þingsins um það hvort ráðning sé

lögmæt og þá þarf þingið að samþykkja skipunina með 2/3 hluta atkvæða til að hún taki gildi. Þarna er öryggisventilshlutverk forseta mjög skýrt. Forseti ber ekki lagalega ábyrgð á skipun embættismannsins, heldur gerir ráðherra það og ábyrgð á embættisveitingu liggur því hjá ráðherra. Í 3. mgr. er einnig sett inn heimild til þess að ákveða með lögum hvort skipa skuli í önnur embætti með sama hætti og lýst er í þessu ákvæði. Löggjafanum er því falið að meta hvort einstaka stofnanir séu það samfélagslega mikilvægar með tilliti til sjálfstæðis að það eigi að skipa í ædstu stöður slíkra stofnana á þann hátt og haft samráð um ráðninguna. Það hefur líka verið í umræðu inni í B-nefnd hvort ekki eigi að setja á stofn einhvers konar yfirstjórnarsýslu- eða ráðningarnefnd sem er að erlendri fyrirmynd og heitir í Bretlandi t.d. Civil Service Commission. Það er auðvitað fyrirkomulag sem nauðsynlegt má kalla í stóru samfélagi, milljónasamfélagi. Við erum náttúrulega 300.000 hræður rúmlega og auðvitað spurning hversu mörgum nefndum eða hversu mikið af þessu eigi að fara að binda í stjórnarskrá. En ég segi fyrir mig: Mér finnst auðvitað mjög heillandi að reyna að finna bestu leiðir á hverjum tíma til þess að faglega sé ráðið í störf embættismanna. Þannig að með því að negla fyrirkomulagið og njörva það of niður í stjórnarskránni, þá gerum við ráð fyrir að slíkt megi setja með lögum. Og það hafa orðið miklar framfarir í þessu á Íslandi með nýjum lögum um ráðningu hæstaréttardómara og einnig um seðlabankastjóra, þannig að við erum á réttri leið í þessu þjóðfélagi hvað þetta varðar en við viljum setja inn í stjórnarskrá að það sé kveðið á um þetta með lögum.

Þrjár greinar eftir. Það er umboðsmaður Alþingis. Í fyrri útgáfu vorum við mjög höll undir það að breyta heiti „umboðsmanns Alþingis“ í „umboðsmann almennings“ og færðum það þannig með hornklofa-orðalagi inn í áfangaskjalið. En við breytum þessu til núverandi heitis eftir mikla umfjöllun og umsagnir sérfræðinga til okkar, einmitt til þess að undirstrika að þetta embætti er í rauninni embætti fyrir trúnaðarmann þingsins en ekki fyrir trúnaðarmann almennings í öllum tilvikum. Því það þarf oft að greina á milli hagsmuna einstaklings og almannahagsmuna og þá er það verkefni umboðsmann að horfa á almannahagsmuni.

Þá kemur Ríkisendurskoðun. Við bætum inn í þá grein, að ríkisendurskoðandi skuli vera sjálfstæður í störfum sínum og í síðustu greininni, sem heitir Ákærvald og ríkissaksóknari, þá fellum við út hluta af því sem fór inn í áfangaskjalið og setjum inn sjálfstæði ríkissaksóknara. Og þess vegna hljómar greinin svo eftir breytingar inni í B-nefnd: „Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins. Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómara.“

Þá hef ég lokið yfirferð yfir þessar 27 greinar af 70 sem breytt hefur verið í meðförum B-nefndar. Takk fyrir.

SN

Já, ég þakka formanni nefndarinnar, Katrínu Fjeldsted, fyrir kynningu á breytingartillögum. Varð-

andi þessa tillögu sem hún beindi til mín um að við kysum um valkosti, þá legg ég til að við gerum það, nema fólks sé á móti því, gerum það bara í lok umræðunnar, áður en við kjósum um breytingarnar inn í áfangaskjali. En orðið er laust og, Viljálmur Þorsteinson, gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég þakka formanni vorum í nefndinni, Katrínu, fyrir góða framsögu og reyndar fyrir góða fundarstjórn allan tímann í öllu þessu ferli. Þetta er afskaplega þungt og mikið og stórt verkefni sem nefnd B hefur haft með höndum, margar greinar og mikilvægar og þetta hefur verið stormasamt á köflum hjá okkur, ekkert skoðanalaust fólk í þessari nefnd og það hefur oft reynt á fundarstjórn Katrínar en hún hefur höndlað þetta með mikilli lipurð. Við erum komin hér hingað í dag, að við erum að klára tillögu nefndarinnar inn í áfangaskjal og ég segi alla vega fyrir mína parta að ég er afskaplega ánægður með þær og stoltur af þeim og held að þær séu til mjög mikilla bóta.

En það voru nokkrir punktar sem mig langaði til að minnst á. Það er í fyrsta lagi herna í upphafinu grein um handhafa ríkisvalds. Við nefnum ekki beinlínis orðið „þingræði“ neins staðar í okkar tillögum vegna þess að við erum hálfildings að gera ráð fyrir því að það verði einhvers konar upphafsgrein eða aðfararorð þar sem að það kæmi fram með einhverjum hætti, að það sé þingræði á Íslandi. Þannig að ég bara minni á það að það á í raun og veru eftir að útfæra þarna upphafsgrein og það hefur verið svona vinnuhugmyndin hjá nefnd B að þingræðið yrði hugsanlega nefnt þar. En auðvitað tölum við um þingræði, bæði segjum við „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar og ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld, í umboði Alþingis, fara með framkvæmdarvaldið.“ Og síðan auðvitað lýsum við þingræðinu í greinum um vantraust og því hvernig stjórn er mynduð o.s.frv. en ég held að það færi samt vel á því að það yrði beinlínis sagt einhvers staðar, að það væri þingræðisfyrirkomulag á Íslandi.

Nú, síðan nokkur önnur mál. Það er herna gr. 13 sem að er hér með fyrirsögninni Meðferð þingsályktunartillagna. Ég vildi nú bara orða það – það hefur sennilega orðið þarna smámistök – að fyrirsögnin mun eiga að vera Meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála. Bara svona að halda því til haga að það var ætlun nefndarinnar að fyrirsögn greinarinnar verði sú, því þetta fjallar ekki bara um þingsályktunartillögur heldur einnig önnur þingmál.

Nú, í gr. 14 um staðfestingu laga, þar fellur burtu valkostur 2 um að í stað þess að forseti hafi málskotsrétt til þjóðaratkvæðagreiðslu, þá hefði hann rétt til að vísa frumvarpi aftur til Alþingis til meðferðar. Ég er persónulega hlynntur valkosti 2 og mun gera breytingartillögu á síðari stigum um að hann komi inn, enda tel ég nóg að þjóðin sjálf og þriðjungur þingmanna hafi rétt til að vísa málum í þjóðaratkvæði og tel óþarfa og reyndar minna sveigjanlegt að bæta forsetanum einnig í þá mynd, heldur tel ég betra að hann hafi þennan rétt til að vísa frumvarpi aftur til Alþingis. En það mun sem sagt koma seinna frá mér.

Varðandi gr. 17, um eignir og skuldbindingar ríkisins, þá tókum við þar inn málsgrein um að

stjórnvöldum sé óheimild að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila, „með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna“. Þarna er þá verið að setja svona aukalegt skilyrði fyrir því að ríkið geti gengist í ábyrgð fyrir einkaaðila og það þarf þá að vera svona sérstaklega rökstutt að það sé vegna almannahagsmuna. Ég vil benda mönnum á það, að það eru núna komin í gildi nokkuð ströng lög um ríkisábyrgðir og þetta breyttist allt upp úr árinu 2000 vegna inngöngu okkar í EES og vegna þeirra reglna sem þar hafa verið hertar og allt sem heitir svona ríkisaðstoð eða ríkisábyrgð eða eitthvað slíkt þarf að fara fyrir ESA, Eftirlitsstofnun Evrópu, þannig að það er orðið allt annað umhverfi í þessu heldur en var t.d. á 10. áratug síðustu aldar, þegar að t.d. fyrir-tækið Íslensk erfðagreining fékk þarna á einhverjum tímamarki leyfi til ríkisábyrgðar sem var síðan aldrei nýtt. En slík heimild væri, eftir því sem ég skil málið, ekki fyrir hendi í dag. Það yrði ekki hægt að veita slíka ríkisábyrgð, alla er ólíklegt að ESA myndi fallast á það. En það sem þarna er væntanlega verið að vísa til er nú ábyrgðir á t.d. innistæðutryggingum og eitthvað slíkt og það verður bara að koma í ljós hvort það verði ekki talið rúmast innan almannahagsmuna. En það hefur verið umræða um það að svona ríkisábyrgðir þyrftu aukinn meirihluta á Alþingi. Við ræddum það og það töldum við mjög erfitt í framkvæmd, að fara að tiltaka einhverja eina tegund lagafrumvarpa sem að þyrftu 2/3-samþykki á Alþingi. Þá væri í raun og veru hægt að færa rök fyrir því að það eru alls kyns tegundir lagafrumvarpa sem menn gætu álitid að væru stórhættuleg eða eitruð og þyrftu þá 2/3 og alls engin ástæða til að ætla að ríkisábyrgð vegna fjárhagslegrar skuldbindingar væri endilega hættulegasta tegund af lagafrumvarpi sem að Alþingi gæti samþykkt. Þannig að ég held að það yrði mjög vandratað að fara inn á þá slóð og afar vont fordæmi sem þar yrði gefið. En þarna er samt farið að hluta til inn á slóðina. Það þarf þá sérstaklega að rökstyðja að um sé að ræða almannahagsmuni vegna ríkisábyrgðar. Og að því gefnu þá gat nefnd B fallist á þessar breytingartillögur.

Ég líka vek athygli á þessari breytingu sem við erum að gera í sambandi við fjárukalög og greiðsluheimildir, þar sem að verið er að herða verulega agann á fjárveitingum utan fjárlaga og ég held að þetta sé einnig til mikilla bóta. Stjórnvöld eiga að geta lifað við þennan aga sem við erum að setja þarna á en ef við hefðum gengið lengra, þá held ég að það hefði orðið mjög ópraktískt.

Síðan vil ég bara rétt fjalla um þennan valkost sem þarna er verið að leggja til í gr. 5 í kafla um ráðherra og ríkisstjórn, þ.e.a.s. um ráðherra á Alþingis, annars vegar „Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikiur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans.“ Og hinn valkosturinn er : „Sé alþingismaður skipaður ráðherra segir hann af sér þingmennsku og tekur varamaður þá sæti hans.“ Hér er ég eindregið fylgjandi fyrri valkostinn, valkosti 1, um að sé alþingismaður skipaður ráðherra víki hann úr þingsæti. Ég tel rökin fyrir því vera margvíslega en kannski sterkust þau, að alþingismaðurinn er þrátt fyrir allt kjörinn á Alþingi og núna í okkar tillögum í auknu persónukjöri. Hann hefur umboð kjósenda til að sitja á þingi út kjörtímabilið og ég tel að þó hann verði ráðherra um stund, þá eigi hann að geta þá farið

aftur inn á þing og gegnt sínu hlutverki þar út kjörtímabil. Ég tel að það megi ekki torvelða það að það sé skipt inn og út ráðherra, ef að svo ber undir. Ég held að ef forsætisráðherra telur pólitískar ástæður til þess, þá eigi hann að geta víxlað út ráðherra úr embættum og ef það ætti að fara að þýða það að þeir dyttu alveg út af þingi við það, þá myndi það torvelða slíkt mjög og það tel ég að sé ekki gott. Og ég tel líka að þetta myndi, ef að sú regla yrði viðhöfð að þeir yrðu að segja af sér, það myndi hreinlega fara að leiða til þess að ríkisstjórnir færu að streitast við að sitja lengur en þeim er hollt. Þannig að ég mæli eindregið með valkosti 1 en það hins vegar verður að skoðast í samhengi við það, að ég mun líka leggja fram breytingartillögu í frumvarpsferlinu um stjórnarmyndun, þar sem ég mun leggja til að það verður áskilið að a.m.k. helmingur ráðherra í ríkisstjórn verði úr röðum utanþingsmanna. Þannig að ég vil eindregið hvetja til þess að ríkisstjórnir séu skipaðar fólki sem að hefur faglega þekkingu á þeim málavíðum sem ráðuneytin fjalla um. Ég tel hins vegar óraunsætt að ætlast til þess að allir ráðherrar séu utan þings. Ég held að það verði að gera ráð fyrir því að kannski forystumenn stjórnarflokka sitji í ríkisstjórn en þá held ég líka að það verði að vera áskilið að þeir geti síðan farið aftur inn á þing ef ríkisstjórnin fer frá völdum. Þannig að ég sé þetta sem ákveðna heild, að það verði meirihluta ráðherra utan þings og þá, þegar ríkisstjórn tekur ákvörðun sem fjölskipað stjórnvald, þar sem eru mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir, þá er meirihluti atkvæða í slíkri ákvörðun frá ráðherra utan þings. Þannig að það hangir saman við þá tillögu sem ég mun gera þar.

Næstsíðasta greinin sem ég ætla að fjalla um, það er ákvæðið um skipun embættismanna í kafla um stjórn-sýslu og eftirlit. Þetta hefur verið mjög mikið rætt í ráðinu og þar hefur kannski álitafnið verið hversu langt við ættum að ganga í því að skilgreina þessa skipan sem hér er talað um: „Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.“ Spurningin hefur í raun og veru verið: Er nóg að hafa svona almennt ákvæði sem þó er alveg fortakslaust og skýrt að mínu mati eða þurfum við að ganga lengra í að fyrirskrifa það hver sú skipan nákvæmlega eigi að vera? Ég hins vegar held að það séu margir möguleikar í þessu. Eins og Katrín benti á í framsöguræðunni, þá eru löndin í kringum okkur með ýmiss konar fyrirkomulag í þessu efni. Stóru þjóðirnar eru gjarnan með svona batterí, Civil service, þar sem flest allir ríkisstarfsmenn heyra undir og er jafnvel, eins og í Frakklandi og Þýskalandi, skipulagt nánast eins og her, þar sem um er að ræða tiltekna flokka ríkisstarfsmanna og menn vinna sig upp með því að taka próf o.s.frv. Þannig að það er svona stórt system í kringum þetta allt saman. Aðrar þjóðir eru kannski frekar með einhvers konar skipunarnefnd, einhverja yfirnefnd, sem fjallar um skipun embættismanna og svo er hægt að fara þá leið að vera með sérstakar nefndir í hverju tilfelli fyrir sig: sérnefnd fyrir dómara og aðra nefnd fyrir, segjum, Seðlabankastjórn o.s.frv. Þannig að við viljum bara einfaldlega hafa ákveðinn sveigjanleika í þessu, að það sé hægt að byrja með kannski einhverjar einfaldari skipan og vinna sig svo upp í einhverja stærrari og flóknari skipan og það geti verið takmarkandi inn í framtíðina að tiltaka eina skipan frekar en aðra í



stjórnarskránni. Hins vegar, að það sé alveg á tæru, að það skuli vera slík skipan sem að tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði.

Og síðan kemur þarna inn nýtt ákvæði um að – hvað eigum við að segja? – neyðarhemils- eða öryggisventilshlutverk forseta varðandi skipun í lýðræðislega mikilvæg embætti, þ.e.a.s. dómara og ríkissaksóknara. Ég held að sú lausn sé afar góð, sem að þar er komin á, því hún leyfir forsetanum að hafa ákveðið eftirlit og geta gripið í taumana en færir honum ekki stjórnskipulega ábyrgð á skipuninni sjálfri, sem hefði valdið ýmiss konar erfiðleikum.

Nú, þá bara loks vil ég bara minna á það, að í grein nr. 4, þarna í þessum sama kafla, um ákærvald og ríkissaksóknara, að þá er komin inn grein um að ráðherra skipi ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Og um þetta gildir svo greinin sem ég var að tala um áðan. Til samræmis þessu þarf væntanlega að breyta greininni sem að núna stendur inni í áfangaskjalinu um dómara, sem að kemur frá nefnd C. Ef ég man rétt stendur þar ennþá að forseti Íslands skipi dómara og þá þarf einfaldlega að laga það til samræmis við þessa skipan sem hér hefur verið rædd um embættismenn almennt og um ríkissaksóknara sérstaklega. Þetta er það sem ég vildi sagt hafa og svo vildi bara fá að þakka nefndarmönnum sem ég hef unnið með í þessu starfi kærlega fyrir gott og athyglisvert og lærdómsríkt og skemmtilegt samstarf og nefndarritaranum sérstaklega, henni Evu, fyrir alla þolinmæðina sem hún hefur sýnt okkur. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson, þú ert næstur á mælendaskrá.

ÓR

Formaður og aðrir sem mál mitt heyra. Ég ætla bara gera að umræðuefni valkost 1 og 2 varðandi það að ráðherrar mega ekki sitja á þingi meðan þeir gegna embætti og mæla fram varnaðarorð í ljósi sögunnar. Ég tek undir það sem Vilhjálmur hefur sagt um þetta en vil bæta við bara smá sögulegum lærdómi sem við þurfum að hafa í huga. 1942 voru búnar að vera tvennar kosningar og það var stjórnmalakreppa í landinu. Flækjustigið var mikið vegna þess að tveir helstu foringjar þjóðarinnar gátu ekki unnið saman í ríkisstjórn. Niðurstaðan var sú að forsetinn myndaði utanþingsstjórn og ég tel að það þurfi að vera svipaður öryggisventill þegar að slíkt getur komið upp úr því að það hefur einu sinni komið upp. Nú spyr ég: Hefði það minnkað flækjustigið ef að þeir sem voru að reyna að mynda ríkisstjórn hefðu vitað það, að vegna þess að nýbúnar voru tvennar kosningar út kjörtímabilið? Það er bara alveg morgunljóst að 1942 var engin von, nákvæmlega núll-von, ef þetta hefði bæst ofan á annað.

Þá komum við að öðrum tveimur ártölum: 1949. Þá er minnihlutastjórn Ólafs Thors við völd og aftur er stjórnarkreppa og nú vita stjórnmalamenn að þeir verða að mynda stjórn. Það er löng stjórnarkreppa og tekst að fá þriðja aðila til þess að leiða stjórnina, búnaðarmálastjóra og alþingismann gegna. En ég spyr: Haldið þið að þetta hefði orðið auðveldara, eins erfitt og það nú var, ef að ofan á hefði bæst að menn hefðu séð fram á það, sem sátu í þessari fjölmennu ríkisstjórn – þetta voru sex ráðherrar, sem var met þá – menn hefðu séð fram á það, að þeir dyttu út af þingi

það sem eftir væri þings og væri þannig unnið gegn því umboði sem þeir hefðu fengið frá kjósendum? Ég segi: Það hefði orðið annað ástand eins og 1942 árið 1949, ef að þetta flækjustig hefði bæst við. Og það hefði orðið allt annað umhverfi að vinna í og eiginlega ómögulegt að gera sér grein fyrir því hvernig menn hefðu getað unnið sig út úr því.

Og þriðja skiptið er 1979, aðeins 30 árum síðar. Þá er nýbúið að vera hér óróaástand, tvennar kosningar á 13 mánuðum. Mynduð er minnihlutastjórn. Hefði það verið hægt ef að þeir sem að settust í þá stjórn hefðu vitað að þeir yrðu án þingsæta eftir aðeins nokkra mánuði? Að sjálfsögðu hefði það verið ómögulegt á þann hátt sem það var gert. Og það var lausn sem var ekkert auðvelt að finna. Og það var ekki auðvelt að leysa stjórnarkreppuna 1980. Það var einhver dramatískasta stjórnarmyndun í sögu lýðveldisins. Og ég segi: Við verðum að huga að því hvernig þetta hefur farið stundum og í hverju við getum lent ef við förum svona drastíska leið. Þess vegna styð ég valkost 1 og tel það vera mikið framfaraspor og hef reyndar talað fyrir því lengi.

Að lokum, varðandi komandi breytingartillögu Vilhjálmis, þá er ég mjög hlynntur því að hluti stjórnarinnar sé utanþingsráðherrar en það mætti kannski fara vægar í sakirnar og segja að að minnsta kosti þriðjungur ríkisstjórnarinnar skal vera valinn utan þings og þá á ég við það að það er kannski takmark þar sem við eigum að færa okkur frá því að það sé pólitísk ábyrgð sem ríkisstjórnin hafi þrátt fyrir allt með beinu umboði til þjóðarinnar og að þeir þurfi að sæta slíkri ábyrgð í kosningum og sömuleiðis að við skulum ekki vanmeta þau tengsl sem alþingismenn hafa þrátt fyrir allt við þjóðina í gegnum starf sitt, sem ekki er víst að utanþingsfólk hafi í sama mæli. Ég er hlynntur hugmynd Vilhjálmis um blandaða ríkisstjórn en ég tel alveg nógu langt gengið með því að segja: „að minnsta kosti þriðjungur“. Það myndi þýða fjórir ráðherrar ef það væru tíu ráðherrar í ríkisstjórn, sem myndi væntanlega þýða það að stjórnmalamennirnir myndu alltaf reyna að velja a.m.k. 11 því þá geta þeir bætt einum við. Skiptir ekki máli. En aðalatriðið er þetta: Ég tel þetta mjög góða hugmynd hjá Vilhjálmum og hún hefur reynst vel þar sem hún hefur verið reynd erlendis. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson, gjörðu svo vel.

PG

Formaður og góðir ráðsmenn. Ég vil vekja athygli ráðsins á breytingartillögu um hert ákvæði um ríkisábyrgð. Þeir sem standa að þessari breytingartillögu eru Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir, Örn Bárður Jónsson, Gísli Tryggvason, Illugi Jökullsson, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson og Þorvaldur Gylfason. Þessi breytingartillaga hljóðar svo: „Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna. Slík lög eru háð samþykki 2/3 atkvæða á Alþingi.“ Rökin fyrir þessari breytingartillögu ættu að vera nokkuð ljós. Því var nú haldið fram hér áðan að menn voru ekki sammála í B-nefndinni um þetta. Ég taldi að það væri ekki nægilegt, eins og er núna, að það er eingöngu einfaldur meirihluti sem

getur samþykkt ríkisábyrgð. Og rökin eru auðvitað að það gengur ekki að ákveðnir forréttindaaðilar geti leitað til stjórnmalastéttarinnar eða skólafélaga sinna úr MR, eins og gerðist nú hér um árið, þegar Alþingi Íslendinga samþykkti ríkisábyrgð upp á 20 milljarða vegna þess að forsætisráðherra var vinnur forstjóra fyrirtækisins. Og þetta samþykkti Alþingi. Nú, þetta fyrirtæki fór í þrot. Það fór í þrot. Og væntanlega, ef fjármálaráðherra hefði notað þessa heimild sem Alþingi veitti honum, þá værum við að sjá fram á það að ríkissjóður væri að greiða líklega um 30 milljarða úr ríkissjóði, þ.e.a.s. 100.000 á hvert mannsbarn. Þetta er auðvitað galið og glórulaust. Það sjá það allir. Og það þarf einhvern veginn að koma í veg fyrir að þetta geti gerst.

Tengsl stjórnmalastéttar og spilltrar kaupsýslustéttar er eitt höfuðvandamál íslensks samfélags og við verðum að koma fram með tillögur sem stuðla að því að draga sem mest úr þessari spillingu. Þetta er auðvitað algjörlega andstætt jafnræðisreglunni og heilbrigðum samkeppnissjónarmiðum, að forréttindafyrirtæki njóti ríkisábyrgðar og borgi þar með lægri vexti en önnur fyrirtæki. Og ég held að flestir geti og eigi að geta verið sammála um þetta og ég legg þunga áherslu á það að ráðsmenn kynni sér þessa breytingartillögu og samþykki hana. Varðandi annað atriði. Ómar var nú að fjalla um þetta áðan. Það er í sambandi við alþingismenn sem verða ráðherrar og menn hafa þungar áhyggjur af því að þeir eigi kannski erfitt með að fá vinnu ef þeir hætta að vera ráðherrar og geti ekki snúið aftur til þingsins. Ég deili nú ekki þessum áhyggjum með þessum sessunaut mínum og öðrum. Ég held að alþingismenn eigi nú að fara að kynna lífinu eins og það er á Íslandi. Ég held að þeir eigi ekki að njóta einhverra sérstakra forréttinda að þessu leyti. Við þekkjum þessa setningu, að það sé gjá á milli þings og þjóðar. Það er auðvitað gjá á milli almennings sem að býr við óvissu og lifir við óvissu og forréttindahópanna sem eru alltaf að tryggja öryggishagsmuni sína. Nú, það stendur nú í helgri bók að sá sem ætlar að varðveita líf sitt mun glata því og ég held að menn ættu að hafa það í huga að þingmenn eiga bara að búa við óvissu að þessu leyti, sem verða ráðherrar, þeir hafa frjálst val um það hvort þeir vilji vera ráðherrar. Það er enginn að þína þá. Þeir geta bara sagt: Já, ég vil vera ráðherra. Nú, þá bara... Nú, ef þeir verða ekki lengur ráðherrar vegna þess að þeir verða að þola vantraust eða hvernig sem það er, þá bara verða þeir að leita sér að annarri vinnu. Það er ekkert öðru vísi. Ég minni á ágæta setningu. Ég veit ekki hvort það var Benjamin Franklin eða Thomas Jefferson sem sagði það: Þeir sem taka öryggi fram yfir frelsi verðskulda hvorugt. Og ég veit ekki betur en að meirihluti ráðsins hafi samþykkt það að þingmenn ættu að segja af sér ef þeir verða ráðherrar og ég held að við eigum bara að styðja meirihlutann. Það fór fram kosning og við eigum að halda okkur við það. Þakka þér fyrir.

SN

Lýður Árnason, gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur ráðslidar og aðrir sem eru hérna í salnum og í sjónvarpsútsendingu. Mig langar aðeins að nefna hérna 1. gr. varðandi undirstöðurnar, um handhafa

ríkisvalds. Breytingin er sú að „[r]áðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld, í umboði Alþingis, fara með framkvæmdarvaldið ásamt forseta Íslands“. Ég er velti því fyrir mér hvort þetta „í umboði Alþingis“ sé ekki óþarfi því að í kaflanum um Alþingi kemur líka, Um hlutverk Alþingis, 1. gr.: „Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu“, hvort það sé ekki nóg. Mér finnst svona eins og það sé tvítekning. Að sleppa þessu þarna úr fyrri greininni.

Svo vil ég aðeins fara í gr. 14, varðandi málskotsréttinn. Við erum hérna með „Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjárákalog og lög um skattamál-efni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.“ Ég eiginlega spyr: Er eitthvað eftir ef við ætlum að hafa þessa upptalningu svona langa? Ég get nú alveg séð rökin fyrir skattamálefnum a.m.k. en ég get ekki séð annað en að mjög mörg mál mundu á einn eða annan hátt falla undir fjárlög. Ef við t.d. ætluðum að fara að greiða atkvæði um hátækni sjúkrahús eða jafnvel flugvöll og fleira, þá er mjög auðvelt að skjóta þessu undir hatt fjárlaga. Þannig að ég held að við ættum aðeins að endurskoða þetta.

Svo kemur gr. 17, sem Pétur var að minnast á, að 2/3 hlutar þings þyrfti til þess að samþykkja fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila eða ábyrgð á þeim. Ég er alveg hjartanlega sammála Pétri þarna og ég segi nú varðandi álit eins og ESA og svoleiðis stofnana: Er nokkuð tryggt að eftir þeim verði farið? Ég hef ekki séð það að íslensk stjórnvöld hafi farið svo mikið eftir svona álitum og minni þá t.d. á álit mannréttinda-nefndar Sameinuðu þjóðanna varðandi jafnræði þegnanna í kvótamálunum. Ég verð líka að minna á það, að viljum við, viljum við að frelsi geti hérna vafrast um án ábyrgðar? Ég held að svona ákvæði, að stjórnvöldum sé algjörlega óheimilt að gangast í ábyrgð fyrir skuldbindingar á einkamarkaði, ég held að það sé bara frábært aðhald á einkamarkaðinn. Við viljum frelsi – ég held að við séum nú öll sammála um það – en það verður þá bara gjöra svo vel og taka með sér hinn pakkan, þ.e. ábyrgðina. Þannig að ég legg mikla áherslu á að þetta verði samþykkt.

Varðandi fjárákalogin og greiðsluheimildirnar, þá finnst mér þetta mjög góð viðbót og fagna henni mjög.

Svo ætla ég að gera smávægilega athugasemd við kafla um ráðherra og ríkisstjórn, 1. gr. Það kemur fram í, held ég, 3. mgr. „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.“ Ég held að við ættum og bið nefndina kannski aðeins að íhuga þetta og skýra hvers vegna hún hefur þetta inni. Það er mjög auðvelt fyrir ráðherra þá að skjóta sér undan ábyrgð. Þetta yrði líklegast ofnotað. Svo ætla ég aðeins að minnast á gr. 5 sem er í sama kaflanum, Ráðherrar og ríkisstjórn, og það er sem sagt með ráðherra og Alþingi. Valkostur 2, þ.e.a.s. að alþingismaður sem verður ráðherra segi af sér: Ég tel hann mun vænni að því leyti, að ef við förum hina leiðina, að menn halda þingsætinu þó þeir verði ráðherrar, þá er ég ansi hræddur um að við fáum þennan sama kapal og við höfum í dag, að þetta verði hringekjur frá varaþingmönnum inn á þing og svo frá þingmanni inn í ráðherra og við fáum mjög tíð ráðherraskipti, fáum litla samfellu í starfi og ég get ekki séð en að það sé að valda þjóðinni miklum búsifjum, öll þessi tíðu ráðherraskipti. Þannig að ég

myndi mikið frekar sjá það, að maður taki bara ábyrgð á sínum gjörðum og fari í það starf sem hugur hans stendur til. Ég er alveg hjartanlega sammála Pétri að allir sem fari í pólitík, þeir hljóti að vita það að það er ekkert mjög tryggt starf. Það fylgir starfinu og það er enginn sem þínir þá til þess. Þannig að ég vona það að valkostur 2 verði þarna ofan á. Svo ætla ég að vikja að einu sem Vilhjálmur nefndi varðandi forsetann og skipan dómara í embætti sem að stendur enn í tillögum C-nefndar. Það er spurning og við þurfum líkast að ræða þetta, hvort að forseti á áfram að skipa dómara og þá líka saksóknara og öfugt. Ég held að þetta mál sé ekki útkljáð hjá ráðinu. Að öðru leyti fagna ég þessum tillögum, finnst það svona orðinn nokkuð heildstæður pakki og þakka bara B-nefnd kærlega fyrir. Takk.

SN

Þá gerum við fundarhlé í 15 mínútur. Takk.

SN

Kæru vinir, við byrjum aftur eftir fundarhlé. Bíddu, varstu að biðja um núna? Já. Gjörðu svo vel, Pawel Bartoszek.

PB

Þetta er um fundarstjórn. Það hefur verið dreift hérna frá B-nefnd atkvæðaseðli með tveimur valkostum sem lagt er til að kosið verði um. Svona öðrum til upplýsingar, þá fór fram óformleg skoðanakönnun meðal ráðsfulltrúa. Þá var nú kosið milli þriggja kosta og einn þeirra væri að hafa óbreytt ástand, þ.e.a.s. að ráðherrar gætu áfram verið þingmenn. Það var nokkuð jafnt milli þessara þriggja kosta en svo varð nú að tala um einhverja aðferð og einn kostur varð ofan á. Þannig að mér finnst nú óeðlilegt ef að... Mér finnst bara í rauninni ekkert betra fyrir lýðræðið heldur en að endurtaka þá kosningu hér fyrir opnum tjöldum, ef það á að gera það á annað borð. Ellegar við höldum bara áfram að hafa þá valkosti sem eru inni í skjalinu og kjósum um það á síðari stigum. Mér finnst það alla vega óeðlilegt að það fari fram einhver óformleg skoðanakönnun og svo sé kosið milli einhverra kosta sem ekki voru þeir sem voru efstir í þeirri kosningu. Takk.

SN

Þessi kjörseðill kemur frá nefndinni. Þetta er tillaga nefndarinnar. Eiríkur Bergmann.

EBE

Já, ég myndi bara vilja taka undir þetta með Pawel, þó að ég sé í nefndinni og hafi staðið að því að setja þetta svona fram ásamt öðrum nefndarmönnum, þá finnst mér fullkomlega eðlilegt að það sé kosið um alla þrjá kostina. Takk.

SN

Porkell.

ÞH

Ja, ég vil bara styðja þetta líka eindregið.

SN

Katrín Fjeldsted, formaður nefndarinnar, gjörðu svo vel.

KF

Já, við ræddum þetta talsvert inni í B-nefnd en ef menn rifja þetta upp, þá voru þeir þrír valkostir sem valið var á milli þannig, að einn kosturinn innifól það að ráðherrar sætu áfram á þingi en tveir kostirnir innifólu það að ráðherrar sætu ekki á þingi. Þannig að þriðjungur ráðsmanna vildi greinilega að ráðherrar sætu ennþá á þingi og það voru þá eftir 2/3 hlutar eða mjög skýr meirihluti fyrir því að ráðherrar yrðu ekki áfram þingmenn. En það var ekki tekin afstaða til þess hvort þeir vikju af þingi eða segðu af sér þingmennsku. Þannig að við töldum eðlilegt að meirihlutavilji... Okkur sýndist svo að meirihlutavilji ráðsmanna væri skýr: þeir vildu ekki að ráðherrar sætu á þingi. En þeir svona þyrftu að taka afstöðu til þess með hvaða hætti það yrði, hvort þeir segðu af sér eða hvort þeir vikju tímabundið. Þess vegna ákváðum við nú að setja þetta svona fram.

SN

Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég legg til að við bara ljúkum umræðunni um þetta. Það getur vel verið að það komi fram einhver breytingartillaga sem gengur þá jafnvel lengra. Þannig að það er nú mín tillaga að við byrjum á því bara að ljúka umræðunni um þessi mál og sjá bara hvert sú umræða leiðir okkur.

SN

Við ætlum ekki að kjósa um þetta fyrr en eftir umræðurnar. En þetta er náttúrulega tillaga nefndarinnar, eins og þetta kemur fram svona og ef hún vill ekki draga hana til baka eða breyta henni, þá er spurning hvort það er bara þar við að sitja og þá verður fólk bara að skila auðu ef það getur ekki valið milli þessara kosta. Gísli.

GT

Já, ég sit nú líka í B-nefnd en ég stóð í þeirri meiningu að valkostirnir færu tveir fyrir stjórnina til þess að velja á milli við frumvarpsgerð. Þannig að úr því að hér er komin fram tillaga um formlega atkvæðagreiðslu, þá get ég nú ekki annað en stutt sjónarmið Pawels og annarra að það eigi allir kostirnir að vera inni enda tel ég kostinn um að ráðherra segi af sér þingmennsku svo sláman, að ég myndi frekar kjósa óbreytt ástand sjálfur. Þannig að ég vil hafa þann kost inni úr því að hér á að fara í atkvæðagreiðslu, sem hafði nú farið framhjá mér. Takk.

SN

Pétur.

PG

Já, ég sit í B-nefnd og ég styð heils hugar sjónarmið formannsins. Það lá alveg ljóst fyrir að meirihluti sem tók þátt í atkvæðagreiðslunni á sínum vilja að ráðherrar sitji ekki á þingi og þess vegna er verið að velja um þessa tvo kosti. Og það var rætt í þessari nefnd og ég veit ekki betur en að meirihlutinn hafi samþykkt það og það sé enginn meirihluti fyrir því að draga það til baka. Takk.

SN  
Pawel.

PB

Sko. Kosningakerfið STV er uppsett til þess að finna meirihlutaákvörðun einhvers ákvæðins hóps. Það er ekki síðan þeirra sem telja að reikna sig út úr því að þeim finnist að út af því að einn og tveir kostir séu það svipaðir, þá sé rétt að taka einungis afstöðu til þeirra. Hér hefur t.d. komið fram skoðun eins ráðsfulltrúa að hann telji að ef kostur B verði ekki ofan á, þá sé betra að óbreytt ástand verði ofan á, þ.e.a.s. þarna er ráðsfulltrúi sem myndi hugsanlega velja frekar kost A. En ef hann verður ekki ofan á, þá er kostur B ekki hans varakostur. STV-kerfið er gert til þess að finna út úr bestu forgangsroðun svona hóps og ef að á að nota þá aðferð, þá á að fylgja henni til hlítar en ekki túlka niðurstöðurnar síðan eftir á.

SN  
Ari.

AT

Já, nú er það komið fram, að það eru mjög skiptar skoðanir um það hvernig þetta ákvæði skuli líta út og ég vek athygli á að það hafa hér tveir ráðsfulltrúar í umræðunni hér á undan bent á fjórða kostinn, þ.e.a.s. þeir Ómar og Vilhjálmur. Þannig að mér finnst að ef við ætlum að fara að vera með einhvers konar kosningu núna um fleiri kosti, þá ætti að taka þá alla fjóra inn. Mér finnst svona að málið sé svolítið óþroskað og ég legg til að við svona hægjum aðeins ferðina og höldum áfram bara hinni almennu umræðu og sjáum svo til, að henni lokinni. Þá afgreiðum við dagskrártillögur og klárum hvað við gerum. En tökum bara almenna umræðu um stund.

SN

Góð tillaga. Við höldum áfram umræðunni en ég held að það sé greinilegur vilji fyrir því að það sé kosið um fleiri kosti hér heldur en tvo. Ég bið nefndina að hugleiða það mjög alvarlega. Næst á mælendaskrá er Katrín Oddsdóttir og ég loka mælendaskrá á meðan hún talar. Gjörðu svo vel, Katrín.

KO

Já, takk. Kæru vinir og kærú B-nefndar-vinir sérstaklega. Ég vil bara þakka ykkur kærlega, ég myndi þakka ykkur sjöttu sinnum fyrir hverja einustu grein, ef við værum ekki í þráðbeinni útsendingu, ég myndi drepa ykkur úr leiðindum. En þið hafið staðið ykkur ótrúlega vel. Ég ætla bara að renna í gegnum nokkrar athugasemdir sem ég hef við þennan kafla og reyni að vera fljót.

Í fyrsta lagi, í þessari 14. gr. í 1. kaflanum sem er kaflinn um Alþingi, þar er málskotsréttur forsetans kominn inn aftur og þar er, held ég, ofaukið þessu orði „áður“ sem er rétt á undan feitletruninni. Það er bara hægt að segja: „Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram fellu Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga“. Það þarf ekki að segja „áður“, það er augljóst. Þannig það er bara svona smekksatriði. Mér finnst ennþá – það stingur mig þínu – að fasetinni eigi að koma með rökstutt álit fyrir ákvörðun sinni. Ég hef áður viðrað þessi sjónarmið. Mér finnst í því felast einhvers kvöð um

afstöðu hans og ég held að við séum öll sammála um það, að við viljum helst að hann sé svona eins hlutlaus öryggisventill og hægt er og þá finnst mér einhvern veginn þínu skrytið – og ég veit að þetta kemur úr skýrslu stjórnlaganefndar – en mér finnst þínu skrytið að heimta að hann skuli rökstyðja sitt. Þetta gæti bara verið eitthvað sem hann teldi að þyrfti að gerast án þess að hann myndi efnislega útskýra það. Svo er það með þessa blessuðu upptalningu þarna, sem ég tek bara fram – og þá er ég að tala um það sem er undanskilið – mér finnst þessi upptalning bara skrytin og ljót og ég skil ekki af hverju lög um ríkisborgararétt eru þarna og ég skil ekki af hverju það er ekki sérstaklega búið að taka mannréttindi(?) og endurskoða hana því að ég veit hvaðan hún kemur og allt það. En ég held samt að þarna eigi hún ekki heima, ekki í þessu eina ákvæði og jafnvel þó að við viljum kannski hafa hana á öðrum stöðum og ég skil algjörlega sjónarmiðin bak við hana, þá held ég að einhvers staðar verðum við að hafa einn öryggisventil sem kemur í veg fyrir það að einhverju sé klínt undir eitthvað sem að fólkíð á að fá að taka afstöðu til. Og þarna færi vel á þessu, að það alltaf kannski kveðið á um einhverjar undanþágur en ef það væri svo að Alþingi ætlaði með einhverjum klækjum að fara að segja að það sé algjörlega harðbannað að vísa einhverju til þjóðarinnar vegna þess að þetta væri einhvern veginn tengt einhverjum þjóðréttarskuldbindingum eða tengt einhvers konar skattamálum eða eitthvað, þá held ég að við verðum einhvern veginn að baktryggja okkur fyrir því að þjóðin fái tækifæri til þess að segja sína skoðun. Þetta eru nú mjög mikilvæg mál sem herna eru talin upp og varða þjóðina mjög miklu, þannig að ef við erum að halda inni þessu þrjúþætta málskotskerfi okkar, þá held ég að þarna væri fullkomið tækifæri til þess að hafa smá frávik og til þess að dekkja þann möguleika að einhvers konar vitleysa færi í gegnum Alþingi undir því skini að þetta væri um fjárlög, skattamálefni eða þjóðréttarskuldbindingu að ræða. Þannig að ég held að þetta gæti verið sniðugur öryggisventill. Þannig að ég legg það til.

Svo í 17. gr. þá náttúrulega fór Pétur svolítið vel yfir það, að við erum nokkur sem höfum staðið að breytingartillögum að þegar það eigi að vera ríkisábyrgð, þá þurfi 2/3 hlutar og ég held að það sé góð regla. Ég skil vel það sem Vilhjálmur segir, að þetta sé kannski strangt skilyrði og annað en við erum líka að reyna að búa til girðingar og við höfum alveg ástæður til þess, þannig að ég skil ekki af hverju þar sé of langt gengið. En í öllu falli myndi ég alltaf vilja að þarna stæði þá – og þakka ykkur fyrir að taka upp að hluta orðalag breytingartillögunnar – en þá stæði a.m.k. „brýnna almannahagsmuna“ eða eitthvað slíkt vegna þess við erum aftur komin í svo rosalega loðið og teygjanlegt orðalag, að það mætti eiginlega segja að allt væri vegna almannahagsmuna – bara þjóðfélagið í heild sinni er það einhvern veginn – og mér finnst þetta orðið hálf bitlaust. Þannig að ég stend náttúrulega sem fastast á þessari breytingartillögu, þar sem 2/3 hlutar Alþingis þurfa að koma til til þess að samþykkt verði ríkisábyrgð en bendi ykkur líka á að það væri kannski hægt að reyna að ná þessu með einhverju... Ef þið viljið alls ekki fara þangað, þá er kannski hægt að setja samt „brýnna almannahagsmuna“ eða „mikil nauðsyn beri til“ eða eitthvað svona.

Mér finnst mjög falleg þessi danska leið þarna í 19. gr. Mér finnst þetta flott hjá ykkur. Ég var búin að vera einhvers staðar inn á þeirri þælingu að það ætti kannski bara að fella út heimild til fjárákualaga en ég held að þið hafið bara hugsað þetta vel í gegn og þetta sé bara frábær lending og ég fagna henni. En ég held samt að það mætti alveg setja inn orðið „fyrirfram“, eins og við töluðum um á einhverjum fundi, muniði: að það sé algjörlega kýrskýrt að þetta samþykki skuli koma fyrirfram til áréttingar.

Næst er það hér kafli um ráðherra og ríkisstjórn. Þá í 1. gr. tek ég undir með Lýð. Mér finnst mjög óþægilegt að sjá þetta þarna „ber hann ekki ábyrgð á henni“. Þetta er alveg eins og er í núverandi stjórnarskrá, þar stendur eitthvað svona „forseti ber ekki ábyrgð á gjörðum sínum“. Mér finnst þetta bara óþægilegt. Ég held að aldrei skyldi það vera svo, að einhver bæri hreinlega enga ábyrgð. Það er ótrúlega hvetjandi að skjóta sér undan ábyrgð þegar maður sér svona orðalag. Þannig að ef við getum einhvern veginn orðað þetta betur – ég skil algjörlega þælinguna – þá held ég að við ættum að gera það. En það er enginn hlutur í þessum heimi algjörlega ábyrgðarlaus. Þannig að ég held að það er líka ábyrgð að bóka á móti. Þannig að mér þykir þetta of fortakslaut orðalag.

Svo í 3. gr., sem fjallar um stjórnarmyndun, þá finnst mér líka tíu vikur: Ég held að það kannski gæti hugsanlega orðið til þess að þeir mundu fara að slóra svolítið í stjórnarmyndun, óþarflega, vegna þess að þetta er svo langur frestur og maðurinn er svo ófullkominn, að þegar maður fer að hugsa: Jájá, ég hef tíu vikur, að þá fer maður bara einhvern veginn að miða við að maður ætli að nota níu. Þannig að ég veit ekki alveg hvort þetta sé kannski of langur frestur og bara hvet ykkur til að skoða það.

Og í 5. gr., þá er ég langspenntust fyrir þessu sem Villi og Ómar hafa verið að tala um, semsé að það sé inni ákvæði og valkostur, þar sem að hægt sé að ákveða að ákveðinn hluti skuli vera utan þings og þá kannski er þessi valkostur I alveg nægjanlega góður. Þannig að takmarkið er þetta: að reyna að búa til almennilegan aðskilnað milli lögjafans og framkvæmdarvaldsins og maður er einhvern veginn nauðbeygður til að taka valkost 2, finnst mér, á meðan hin tillagan er ekki komin fram, af því að ég held að þetta hangi algjörlega saman. Þannig að mig langar helst ekki að velja bara það, án þess að hafa tækifæri til þess að velja hitt, sem ég tel vera bestu leiðina, þ.e.a.s. blöndu af þessu, að ákvæðið um að meirihluti eða a.m.k. stór hluti skuli sitja utan þings í ríkisstjórn og síðan muni þeir víkja.

6. gr., ég ætla bara að hrósa ykkur fyrir það. Mér finnst þetta mjög fallegt, að þetta sé komið inn í 3. mgr. sannleiksgilda. Þetta er ekkert sjálfsagt. Ég vildi óska þess að við byggjum í þannig heimi en maður hefur ítrekað séð það, að það er ekki sjálfsagt að Alþingi séu veittar fullnægjandi, videigandi og réttar upplýsingar, þannig að mér finnst þetta mjög gott hjá ykkur og þeim skandinavísku löndum sem þið hafið hermt eftir.

Í kafla um stjórnsýslu og eftir, þá finnst mér í sambandi við 1. gr. Það er náttúrulega farin mjög væg leið hjá ykkur miðað við þetta sem við lögðum fram, mjög væg leið. Og ég skil vel þau sjónarmið að vera ekki að negla eitthvað eina aðferð í stein en þá a.m.k. finnst mér að við ættum að fjalla ítarlega um þá tillögu í

greinargerðinni til þess að reyna að gefa þeim sem fer eftir lögnum skýra vísbendingu um hvers konar mæður áttu sér stað hér í ráðinu. Og við höfum lengi og mikið fjallað um að koma á fót með stjórnarskrá svona Civil service commission og við eigum að fjalla þá um það herna vegna þess að þetta er oft laust í reipum án þess að það sé nokkuð talað um þetta í greinargerð eða neitt, finnst mér. Þannig að við leyfum okkur náttúrulega að útfæra með talsvert nákvæmu kosningakerfi og ég skil ekki alveg hvað er svona rosalega hættulegt við það að reyna að kveða á um þá bestu leið sem lögjafinn hefur sjálfur viðurkennt að sé í dag. En þó er ég sammála ykkur í grunninn um að það sé kannski er vont að negla algjörlega niður eitthvað.

Ég sakna þess auðvitað að umboðsmaður sé umboðsmaður almennings en þið takið ákvörðun um þetta. En ég minni aftur á tillögu Ómars um „þings og þjóðar“. Það er svolítið svona bil beggja, þannig að það gæti þá einhvern veginn... Mér finnst bara aðallega að fólk skilji til hvers hann er og að það geti leitið til hans. Það fannst mér vera aðaltilgangurinn með nafnabreytingunni en ég segi bara aftur: Takk kærlega fyrir mig.

SN

Já, þá er mælendaskrá lokað og ansi margir komnir á mælendaskrá. Næstur talar Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og varaformaður, félagar og þið sem heima sitjið og hér aðrir í salnum. Fyrst langar mig að þakka B-nefnd fyrir vasklega vinnu við þessar 70 greinar sem nefndin er að glíma við. Þetta er mikið starf og mér sýnist þið hafa komist mjög vel frá þessu. En eins og alltaf, þá talar maður um það sem maður um það sem maður vildi gjarnan hafa öðru vísi. Og ég fékk nú þessar tillögur í fyrradag, seinni partinn, og skrifaði þá athugasemdir sem ég er búinn að senda nefndinni og ég ætla ekki að fara aftur í hér, alls konar svona sparðatíningur og smotterí. En ég kom líka með breytingartillögur sem mig langaði til þess að rekja.

Þá er það fyrst kafli um Alþingi, 16. gr., Skipan skattamála. Þar er síðasta ákvæðið þannig: „Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Í fyrsta lagi, þá er mjög erfitt að skilja þessa grein. Ég skil hana þannig, að það megi ekki leggja á skatt nema á þær eignir sem voru til staðar þegar skatturinn var settur, þ.e.a.s. „þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu“. Ef ég t.d. fer á sjóinn á frystitogara og kaupir mér einbýlishús. Síðan verða lög sett á skömmu síðar, þá má ekki setja lög yfir þá eignamyndun sem hafði þegar átt sér stað. Þannig skil ég þessa grein. Og það virðast vera aðrir sem skilja þessa grein ekki þannig. Þannig að hún er alla vega óljóst. Líka að þetta ákvæðið kom inn í stjórnarskrána 1995. Það virtist ekki hafa verið þörf fyrir [því] áður og ég spyr: Hvaða þörf var í samfélaginu þegar þessi grein kom inn 1995? Ég spyr: Hvað var að gerast í samfélaginu 1995? Jú, þá var kvótakerfið að festa sig í sessi og þá var verið að byrja að einkavæða bankana og blása út bóluna. Þannig að þetta var mikil fyrirhyggja að setja þetta ákvæði. Vissulega er það í sumum löndum vandamál að skattayfirvöld eru að ásælast fé fólks. Á Íslandi hefur vandamálið undanfarin ár verið einmitt

hið öfuga, að eignir hafi í stórum stíl runnið frá ríkinu, þ.e.a.s. sameign landsmanna, til einkaaðila eða til þess að borga töp einkaaðila. Og þetta hefur almenningur upplifað sem þungarð byrðir auk þess að særa réttlætiskennnd hans. Sama tilfinning er ríkjandi um mest allan heim. Það má ekki gera hugsanlegar endurheimtur þessara hluta erfiðari með séríslenskum íþyngjandi stjórnarskrárákvæðum. Því það er líka hlutverk stjórnarskrá að tryggja það að óréttlæti geti gengið til baka. Og það má ekki bara hafa einhvern ventil þannig að það sé hægt að tappa eignina frá fólkinu, frá sameigninni, til einkaaðila. Það þarf líka að vera einhver leið til baka. Mig langar að benda á það hérna, hef ég skrifað: „Ég stand við það sem ég sagði á fundinum í morgun“ – ég skrifaði þetta um kvöldið – „að ekkert samræmi er á Íslandi í dag milli þess hversu mikil verðmæti menn hafa skapað fyrir samfélagið og hversu ríkið þeir eru. Ríkir eru frumkvöðlar, menn sem tóku stöðu gegn íslensku krónunni, kvótaiendur, kaupendur ríkisfyrirtækja og samvinnufyrirtækja og sjóræningjafyrirtækja sem gera út á einkaleyfakröfur. Þannig að það er þörf til þess að leiðrétta þetta, að ná aftur fé sem ekki hefur skapað nein verðmæti í þjóðarþúinu. Þannig að það eru fimm ástæður: Í fyrsta lagi: Þessi löggjöf leysti engan vanda þegar hún var sett, ákvæðið er óljóst og erfitt að skilja það og það eru engin fordæmi fyrir þessu ákvæði í öðrum stjórnarskrám. Alla vega ég hef leitað og ekki fundið og ég hef bedið nefndarmenn að leita hvort þeir finni hjá öðrum löndum og þeir hafa ekki fundið þetta. Það er einhver ástæða fyrir því að þetta er eina landið þar sem þetta ákvæði er inni. Það er kannski vegna þess að á Íslandi er dálítið mikið af fé sem rétt væri að ná til baka. Þetta er hrunverndarákvæði, þetta er verndarákvæði hrunkvöðlanna. Og það er bara engin ástæða til þess að hafa eitthvað séríslenskt ákvæði þarna inni. Við erum yfirleitt alltaf að taka upp það sem er annars staðar, nema hér, hér eru menn að setja eitthvað algjörlega séríslenskt. Og ég legg eindregið til að þetta sé tekið út.“

Þetta var 16. ákvæðið. Þá er það kafli um Alþingi, 17: Eignir og skuldbindingar ríkisins. Þar stendur núna: „Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum.“ Það er ágætis ákvæði. En sala ríkiseigna er viðkvæmt málefni. Mikil einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur átt sér stað víða í hinum vestræna heimi á undanförunum árum, einnig á Íslandi. Það er nokkuð misjafnt eftir löndum hvernig staðið er að sölu ríkisfyrirtækja. Það er mikilvægt að almenningur treysti því að sölufæri ríkiseigna sé sanngjarnt og heiðarlegt. Ég var t.d. í Búlgaríu og mjög víða þar sem ríkisfyrirtæki hafa ekki verið dreifð... Þegar þau voru seld, eignirnar dreifðust ekki til allra landsmanna, heldur það fóru bara fyrir lítinn pening á ákveðnar fáar hendur. Það getur grafið undan trausti almennings ef ríkisfyrirtæki eru seld einum aðila fyrirfram. Í sumum löndum hefur þess verið gætt að sérhvert hlutabréf í einkavæddu ríkisfyrirtæki er boðið til kaups í kauphöllinni og ræður framboð og eftirspurn kaupverði hlutabréfa. Þess er vandlega gætt að þau eru ekki seld í kippum eða að ákveðnir aðilar fái fyrirfram forgang sem svokallaðir kjöl[festu]fjárfestar. Það er ekki tekin afstaða til þess hvort herra verð fáið fyrir eignirnar með þessu móti. Ávinningurinn er fyrst og fremst sá, að öllum almenningi stóðu hlutabréfin til boða og að markaðsverð réð verðlagningunni, þannig

að almenningur treysti sölufærlinu. Breyting sem hér er kynnt á að tryggja að þessi háttur sé hafður á um sölu ríkisfyrirtækja. Það er semsé þannig að ég sting upp á að inn komi: „Ríkisfyrirtæki má aðeins selja með almennri sölu hlutabréfa á markaði.“

Þá er það næsta ákvæði, um stjórnarmyndun. Fyrsti punktur er ekki stórvægilegur. Mér finnst svolítið skrytið að byrja setninguna á „Alþingi kys forsætisráðherra“ og svo kemur það aftur síðar, „er hann þá réttkjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillöguna“. En síðan er í þessu, finnst mér, ákveðinn misskilningur eða eitthvað sem menn hafa ekki hugsað í gegn eða þá að ég hafi misskilið það og það er semsé svona, þegar forseti er tvisvar sinnum búinn að stinga upp á: „Verði sú tillaga ekki samþykkt“ – þetta er semsé síðasti dalkurinn eins og þetta er núna, að því er mér skilst – „fer kosning í þinginu fram milli þeirra sem fram eru boðnir“. Og þeir sem geta boðið fram fulltrúa, það eru þingmenn, þingflokkar og forseti Íslands. „Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra.“ Síðan kemur þessi skrytna setning sem ég sting upp á að fari út: „Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga.“ Þessi staða kemur einfaldlega aldrei upp, hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna. Það þýðir það að enginn hefur stungið upp á neinum á tíu vikum, þ.e.a.s. enginn þingmaður, enginn þingflokkur og ekki forseta Íslands. Er það þá ekki ábyrgðarhluti fyrir forseta, þegar hann sér að tíu vikur eru að renna út, þá verður hann bara að gjöra svo vel að stinga upp á einhverjum. Og ef það er bara stungið upp á einum, þá er hann forsætisráðherra. Og t.d. hugsa ég að þegar klukkan er alveg að detta í tíu vikur, þá sé einhver þingmaður sem t.d. getur stungið upp á sjálfum sér og þá verður hann átomatískt forsætisráðherra. Þannig að ég held að þetta ákvæði sé algjör óþarfi, eins og ég skil það.

Síðan kemur kannski þessi stóri harmur, sem að ég er búinn að tala oft um og er kannski of seint að tala um eða gera mikið í. En þegar Ísland fékk svona að hluta til sjálfstæði 1918, held ég að það hafi verið – Ómar leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál. Frá 1918 fram að stríði, þá kom í ljós að íslenskir stjórnmalaforingjar voru mjög gerræðislegir og voru kannski ekki alltaf eingöngu að hugsa um hag almennings heldur kannski stjórnmalaflokkanna eða að fókus var mikið á völdum. Þannig að þessi vandi var ljós þá. Og þess vegna var sett inn í stjórnarskrána temprandi ákvæði til þess að tempru völd stjórnmalaflokka og stjórnmalaforingja. Og það var t.d. með því að forsetinn skipaði embættismenn og hann skipaði ráðherra. En það hlýtur eitthvað að hafa gerst fyrst nú á að taka þetta út. Hefur þá komið í ljós... Eru íslenskir stjórnmalaforingjar hættir að vera svona gerræðislegir? Hefur þetta ekki reynst vera vandamál fyrst við erum að taka þetta allt saman út sem var vandamál þá þegar þetta var sett inn? Já, það hlýtur að vera það að okkur finnst að þetta bara hafi ekkert verið vandamál. Mig langar að lesa það sem ég hef skrifað hér: „Það er nefnilega núna allt dúkað fyrir að oddvitaræði haldi áfram. Sterkir menn flokksins marka löggjafarstefnuna. Þeir hafa mikil áhrif á þingið. Þeir eru framkvæmdarvaldið sjálft og þeir hafa áhrif á skipan dómara og embættismanna og þeir eru með varamenn sína – sem eru kannski ekki mjög sterkir sjálfir eða sjálfstæðir – á þingi. Og nú er verið að festa þetta eða

semsé að eyðileggja þetta gamla ákvæði. Þess vegna vil ég að það standi áfram: „Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.“ Þetta er bara engin breyting. Þetta er bara gamla ákvæðið. Og þá er hægt, þegar að þjóðin fer að verða meðvituð um það, að það þurfa ekki að vera stjórnmalaflokkarnir sem skipa ráðherra, að þá getur verið aukin krafa um það að forsetinn geri þetta. Mig langar líka að benda á, eins og þetta er sett upp núna: „Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn.“ Og þegar þessi utanþingsráðherrar koma, auðvitað velur forsætisráðherra einhverja jámenn, einhverja sem honum finnst þægilegt að starfa með, sem er einmitt ekki hugsunin með utanþingsmönnum. Ef forseti myndi skipa utanþingsráðherrana, þá værum við farin að fá þessa blöndu sem við erum að sækjast eftir. Þannig að þetta ákvæði, þá dettur utanþingshugmyndin eiginlega... hún verður mjög máttlaus. Og þetta gæti verið mjög skemmtileg þróun á Íslandi þegar að almenningur fer kannski að kjósa sér forseta sem segir: „Mér finnst ekki rétt að hafa engan aðskilnað milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eða eins lítinn eins og hann er og ef ég verð kosinn, þá mun ég reyna að hafa meiri áhrif þarna.“ Það er alltaf verið að tala um að þá verði þetta ekki starfhæft. Það er ekki vandamálið í ríkum ríkjum. Vandamálið þar er spilling. Þegar ríki eru að koma undir sér löppunum, þá skiptir miklu máli að það sé starfhæf ríkisstjórn. En eftir því sem meiri auður safnast fyrir í landinu, þá skiptir fyrst og fremst máli að það sé ekki spilling.

Og þá er það næsta breytingartillagan. (Er þetta langt hjá mér, Salvör? Já.) Það er í sömu götuna. Það er um skipun embættismanna, kafli um stjórnsýslu og eftirlit. Það er aftur þetta að við erum... Í drögum að nýrri stjórnarskrá er hæfnisnefndum færð mikil völd. Tillögur um sérstakar óháðar ráðningarnefndir hafa ekki unnið fram í Stjórnlagaráði og það hefur heldur ekki unnið fram að forsetinn skipi embættismenn, þó svo að atkvæðagreiðsla hafi farið, ef ég man rétt, 11-4 um að það ætti að vera. Sá aðili sem velur í hæfnisnefndir getur haft mikil áhrif á ráðningu til áhrifa-mikilla embætta í landinu. Og ég vitna hér í orð eins fulltrúa okkar sem sagði að jafnvel ráðning aðstodarfórnastjóra hafi verið tekin fyrir á ríkisstjórnarfundum. Þetta þarf að gaumgæfa þar sem ekki er girt fyrir að þessu valdi sé fyrirkomið hjá hinum samþjappaða löggjafar- og framkvæmdarvaldi sem einnig skipar dómara. Þannig að ef við ætlum að hafa þetta, að ráðherra skipar embættismenn, þá er það maðurinn sem ræður mestu á þingi um lögin, hann er framkvæmdarvaldið, hann skipar dómara og hann ætlar þá líka núna að skipa í nefndir, hæfnisnefndir. Þess vegna sting ég upp á því að það komi inn setning sem segir... Núna er þetta: „Með lögum skal koma á skipun sem tryggir að hæfi og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.“ Og ég sting upp á að það kemur inn setning „og umskækjendum tryggt hlutleysi“. Og það sé þá þannig, að menn geta komið og beðið um að þessi og þessi maður sé ekki í dómnefndinni eða það er semsagt hægt að áfrýja því eitthvað, eins og öllum öðrum stjórnvaldsaðgerðum. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson, gjörðu svo vel.

ÓR

Já, gott fólk. Það var svo skemmtilegt sem hann Pétur sagði þarna við hliðina á mér að ég klappaði honum á öxlina og var mjög ánægður. Svona eiga rök-ræður að vera hér og ég er eiginlega sammála nánast öllu sem hann sagði. Þá spyr Pétur: „Nú, ertu þá ekki kominn á mitt band?“ „Nei.“ „Af hverju ekki?“ „Sko, ég er alveg sammála þér: enga samtryggingu, stjórn-málamenn eiga ekkert að geta gengið að einhverjum tekjum vísu o.s.frv. Við erum komin að því að samt sem áður, þá erum við með praxis og að kerfið sem við erum að búa til getur búið til andverfu sína, bara allt annað en stefnt var að. Og ég get nefnt sem dæmi stjórnarskrá Stalíns sem var einhver flottasta stjórnarskrá sem ég hef lesið en hún var náttúrulega, eins og allir vita, grunnurinn að því að einn maður var langjafnastur af öllum og hinir nokkrir jafnari en aðrir. Þetta snýst ekki bara um laun, Pétur. Þetta snýst um það að menn eru kosnir á þing eða verða ráðherrar til þess að hafa áhrif og þá verðum við bara að gera ráð fyrir mannlegu eðli, að þeir menn sem ætla að taka að sér að vera t.d. í minnihlutastjórn til þess að bjarga einhverjum tímabundnum vanda, að það er ekki hægt að ætlast til þess að þeir fórnir því – ekki laununum, þessir menn eru yfirleitt ekki í þeirri stöðu að þurfa að hafa áhyggjur af laununum – heldur þeir fórnir því að þeir séu bara settir út á guð og gaddinn, ef og þegar þessi minnihlutastjórn hættir. Eg er að tala um praxis, Pétur. En ég er innilega sammála öllu sem þú sagðir – nema þessu með valkostinn.“ [hlær, hlátur í sal] Það er gaman að sitja við hliðina á þér. Ég verð að nota þetta tækifæri hér til þess að boða breytingartillögu, af því að ég vil ekki lengja málið meira hér í dag, og það er út af umræðu í gær. Það er út af umræðu í gær þar sem að ég og fleiri vorum ekki alveg búin að átta okkur á því hvort við værum búin að ná réttu lendingu í sambandi við náttúru Íslands. Þorvaldur Gylfason kveikti í mér í gær þegar hann talaði um menningarminjar og menninguna og þetta kviknaði í morgun, að við getum náð pínulítilli viðbót sem er svona: Núna stendur „Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana...“ Þetta er ekki efnið? Jæja, ókey, þá ætla ég bara að segja, að ég boða þessa breytingartillögu: „Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu, eitt af undrum veraldar og dýrmætur arfur frá kynslóð til kynslóðar.“ Þar með er tryggt að við nefnum öll þau gildi náttúrunnar sem við getum hugsað okkur, þ.e.a.s. að hún er til nýtingar á margs konar hátt, líka með því að láta hana óhreyfða, dýrmætur frá kynslóð til kynslóðar. Ég les þetta aftur.

SN

Þetta er...

ÓR

Ha?

SN

Þetta er ekki á dagskrá.

ÓR

Þetta er ekki á dagskrá? En þetta er sami fundurinn. Ókey. En ég er búinn að boða þessa breytingartillögu. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir, gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að þakka B-nefndinni fyrir frábæra vinnu. Ég er með örfáar athugasemdir.

Í gr. 14, í kafla um Alþingi, þar sem talað er um staðfestingu laga: Síðast þegar þetta var rætt, þá kom ég með breytingartillögu þess efnis að ef forsetinn synjaði lögum staðfestingar, að þá gæti Alþingi fengið þau aftur til meðhöndlunar. Ég sé að nefndin hefur farið hérna ákveðna millileið og þar stendur bara skýrt að Alþingi hafi kost á að fella lögin úr gildi og ég fagna þessu, ég sætti mig alveg við að þessi millilending hafi verið fundin og er bara ánægð með þetta.

Nú í 19. gr. þar sem talað er um „óvissusjóði“, þá kviknar á öllum rauðum þerum, þegar ég sé hér í skýringum fyrir neðan, að „ábendingar AGS að við gerð fjárlaga verði gert ráð fyrir óvissusjóðum [...] til að mæta greiðsluskyldu ríkissjóðs [t.d.] vegna [...] kjarasamninga [og] þróun[ar] efnahagsmála“. Þetta held ég að sé stórhættulegt. Flestir vita hvenær kjarasamningar renna úr gildi og ég tel að þetta eigi að vera eitt af því sem verði bara að vera skylda þingsins að sjá fyrir og gera ráð fyrir auknum útgjöldum þegar endurskoðun kjarasamninga á sér stað. En það er sjálfsagt að hafa óvissusjóði eins og nefndin segir hér og talar um „undantekningartilvik [...] vegna náttúruhamfara eða [...] óvæntra og verulegra utanaðkomandi atvika“, eins og við sáum bara núna fyrir nokkrum dögum fyrir austan eða suðaustan. Ég hef ákveðnar áhyggjur af þessum óvissusjóðum vegna þess að ég held að menn hafi líka tilhneigingu til þess að eyða úr öllum þeim sjóðum sem einhvern tíma safnast peningar í og er mjög ánægð með að fjárlaganefnd Alþingis þurfi að samþykkja þetta, að menn geti ekki, ráðherrar geti ekki ákveðið þetta bara upp á sitt einsdæmi og fengið svo samþykki eftir á.

Nú, eitt í viðbót í þessum kafla, þar sem talað er um „friðhelgi þingmanna“. Ég vil nú þakka B-nefndinni fyrir að skemmta mér hérna. Mér finnst nefnilega skemmtilegt það sem stendur í skýringum þegar talað er um að það eigi að taka út, að það megi ekki höfða eða setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins, nema hann sé staðinn að glæp og það á að taka út sem sagt „eða játi skýlaust sekt sína“. Og orðalagið „játi skýlaust sekt sína“ var ekki talið nægilega skýrt. [hlátur í sal] Ég velti fyrir mér, ef ykkur finnst skýrara að afsala sér friðhelgi sinni, þá væri svolítið gaman að spyrja þjóðina hvort henni finnst skýrara að menn afsali sér friðhelgi sinni eða játi sekt sína. Og ég vildi mjög gjarnan hafa þetta inni, að það mætti höfða sakamál á hendur alþingismanni ef hann játar skýlaust sekt sína. Ég sé í rauninni ekki hvað er óljóst við þetta.

En þá er það það sem flestir hafa talað um hér og það er í kafla um ráðherra og ríkisstjórn, það eru valkostirnir. Það sem er sameiginlegt með þessum tveimur valkostum, það er að sé alþingismaður skipaður ráðherra, þá vikur hann þingsæti og varamaður tekur sæti hans. Hann sem sagt vikur þingsæti í báðum tilfellum. Og það sem mér leikur forvitni á að vita áður en við greiðum atkvæði um þetta: Erum við sammála þessu? Það stendur „Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt

á Alþingi“, þarna áður en kemur að valkostunum. Ef við erum sammála þessu, þá er hálfur sigur unninn. Þetta eitt og sér er gífurleg breyting frá stöðunni í dag, að ráðherrar hafi ekki atkvæðisrétt á þingi og hann víki þingsæti. Ef við erum sáttt við þetta, þá held ég að við ættum að stytta þessa valkosti aðeins. Ég spyr reyndar líka í valkosti II, hverju á það að skila að ráðherrar segi af sér þingmennsku? Viljum við til þess að koma í veg fyrir tíð ráðherraskipti? Er það markmiðið með greininni og ef það er markmiðið, þá er spurning hvort það sé ekki hægt að takmarka tíð ráðherraskipti á annan hátt. Ég spila ekki fótbolta á hverjum degi en ég held að það sé rétt hjá mér að í fótbolta megi bara leyfa tvær innáskiptingar í hverjum leik. Það hlýtur að vera hægt að koma, annað hvort inn í stjórnarskrá eða setja inn í lög, að fyrir ráðherraskiptum þurfi að leggja mjög málefnalegar ástæður og rökstuðningur og menn þurfi að svara ákveðnum spurningum til þess að ráðherraskiptin séu þá heimiluð. Er þetta er eitt-hvað sem við gætum orðið sammála um, þá er hægt að smíða breytingartillögu úr þessum valkostum, gera úr þessum valkostum bara eina hugmynd og eina lendingu. Og það getur vel verið að hún líti dagsins ljós áður en fundurinn er búinn. Þannig að ég held að við ættum að kannski – það eru svo margir á mælendaskrá á eftir mér – að taka kannski smá umræðu um: er þetta ekki eitthvað sem við erum sammála um að alþingismaður, sem er skipaður ráðherra, að hann víki þingsæti? Vegna þess að þá getum við unnið þetta mál út frá því.

Nú, ein athugasemd ennþá. Það er í kafla um forseta Íslands. Ég er mjög ánægð með að það skuli vera þarna inni aldursákvæði, 35 ára, en ég velti samt fyrir mér, í jafnræðisreglunni – sem er reyndar ekki til umræðu hér – þá er uppi hugmynd um að setja inn ákvæði um að það sé ekki leyfilegt að mismuna fólki með tilliti til aldurs. Og þá velti ég fyrir mér, ef þetta ákvæði er hérna inni, hvað þá? 34 ára gamall maður eða kona sem vill bjóða sig fram til forseta, getur hún farið í mál út af þessu ef aldurinn er inni í jafnræðisreglunni. En meira vildi ég ekki segja í bili og þakka nefndinni vel unnin störf.

SN

Pawel Bartoszek, gjörðu svo vel.

PB

Já. Takk fyrir. Það er margt sem horfir hér til betri vegar í þessum kafla. Það er auðvitað ýmislegt af því sem ekki er prentað hér, því er ekki breytt sem ég mundi velta fyrir mér hvort væri ástæða til þess að halda í. Ég hef stundum velt þessu fyrirkomulagi þingforsetans, sem ætti að vera kosa með auknum meirihluta og segja af sér, sem sagt taka ekki þátt í almennum þingstörfum, missa atkvæðisréttinn. Þetta er ekki inni í tillögum því þetta er náttúrulega óbreytt frá fyrri tillögum nefndarinnar. En ég velti fyrir mér hvort ofan á allar breytingar sem verið er að gera, hvort það sé endilega hyggilegasta og nauðsynlegasta breytingin, bara út frá þeim áhrifum sem hún kann að hafa. Þannig að ég hef ákveðnar efasemdir um það.

Varðandi staðfestingu laga forsetans, þá kannski... Þetta er náttúrulega eins og stundum er vandamál með okkar vinnu að við erum náttúrulega stundum hvert og eitt að gera hluti í okkar horni og allir þessir varnaglar



sem settur eru til þess að erfiða lagasetningu, sem eru núna kannski einhverjir kannski sjö, átta eða níu með öllu mögulegu, að skjóta til Lögréttu, Hæstaréttar, þings, þjóðar og forseta, eru kannski hver um sig góðir. En það er spurning hvort að þeir í heild sinni búi ekki til lagasetningarkerfi sem er alltof, alltof tyrfið þegar kemur að því að þurfa kannski að setja lög hratt sem eru óvinsæl og jafnvel umdeild. En ef ég mætti kannski svona leggja mitt orð í belg, eftir að hafa hugað vel að þessu, þá held ég að væri eðlilegast að halda inni því sem næst óbreyttum málskotsrétti forseta og bæta síðan við rétti þjóðar til þess að vísa málum í þjóðar- atkvæðagreiðslu. En ég svona kalla á ákveðna kannski umræðu hérna meðal okkar um hvaða af þessum kostum við viljum halda inni eða hvort við viljum halda þeim inni öllum. En verði það gert, þá finnst mér eðlilegt að í raun að gera ekki undantekningar í tilfelli forsetans því það yrði þá algjör, algjör neyðarventill.

Nú. Varðandi gr. 17, um fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila og breytingartillögur sem boðaðar hafa verið hér þess efnis, þá hljómar setningin „Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila.“ Eitthvað sem ég hef nú oft samþykkt og barist fyrir á fundum hjá bæði Sambandi ungra sjálfstæðismanna og Heimdalli. Ég veit ekki hvort þetta sé nóg til þess að skjóta hugmyndina í kaf í þessum hóp en kannski er náttúrulega stundum ákveðinn munur á því hvort maður setur hluti í stjórnarskrá eða ekki. Ég held að það sé ekki vond hugsun þarna að baki. Ég er ekki búinn að taka fullkomlega afstöðu til þessa. Þetta er einfaldlega bara hlutur sem þarf kannski að skoða dálítið vel og hugsa til enda. Hvaða áhrif getur þetta haft og hvaða jákvæðu áhrif getur það haft, ef ég byrja á þeim? Þetta getur haft þau áhrif að stjórnvöld, ef þeim er óheimilt að veita ríkisábyrgð, þá þurfa þau náttúrulega að beita öðrum aðgerðum, t.d. beinum fjárhagslegum aðgerðum. Nú, ef mönnum er óheimilt að veita slíkar fjárhagslegar skuldbindingar til einkaaðila, þá er ein leið að taka við einfaldlega eftir viðkomandi fyrirtæki, ef um algjöran neyðarrétt er að ræða. Það væri kostur við því, ef það væri bannað að veita ríkisábyrgð, því það er í rauninni það sem menn eru að gera þegar menn eru að veita ríkisábyrgð. Menn eru að veita ákveðinn fjárhagslegan stuðning til viðkomandi fyrirtækis, sem er leyndur í því formi að menn kannski sjá hann ekki ef allt gengur vel. En ef ríkisábyrgð gerir það að verkum, að menn fá lægri vexti yfir eitthvað ákveðið tímabil, þá væri kannski eðlilegast að ríki myndi einfaldlega veita viðkomandi fyrirtæki þá fyrirgreiðslu yfir einhvern ákveðinn tíma og það væri skýrt og það væri gegnsætt. Þannig að það væri kosturinn sem ég sæi við þessa tillögu, að þá væru þessar leyndu leiðir til þess að styrja afnumdar en, eins og við höfum bent á, þá er náttúrulega setja ákveðnar EES-reglur hvað það varðar. Ókosturinn er auðvitað þessi, að við erum kannski einhvern tímann að lenda í því að þurfa þá í einhverjum tilfellum að fara á svig við eitthvað sem stendur í stjórnarskránni og eins og þetta stendur hér, að það megi gera það vegna almannahagsmuna, þá kannski gengur það upp; það er tekið fyrir það. Varðandi þessa auknu meirihluta, þá hef ég bara hef ég... vara ykkur við að koma þeim inn á mjög mörgum stöðum, þessa ofurmeirihlutahugmynd. Vegna þess að það sem gerist í þannig tilfellum... Sko, við getum auðvitað hugsað okkur ástandið í dag; það

er einhver meirihluti og minnihlutinn er oftast á móti, þannig að ef við búum til ofurmeirihluta, miðað við núverandi ástand, myndi það mjög sjaldan gerast að hluti fari í gegn nema með mjög breiðri sátt. Víða þar sem notast er við svona ofurmeirihluta meira, þá verða þær línur líka til á þingi, t.d. í löndum þar sem forseti getur vísað málum aftur til þings og þá þarf málið að vera samþykkt með auknum meirihluta. Ef að um fjölflokkakerfi er að ræða, þá er svona fyrirfram vitað að ákveðnir flokkar geta í tilteknum málum stutt ríkisstjórnina og fá þá eitthvað fyrir sinn snúð í staðinn í öðrum málum. Þannig að því oftast sem slíkir ofurmeirihlutar eru settir inn, þeim mun kannski minna bit getur verið á þeim, því að þá er fyrirfram búið að mynda einhvers konar bandalög á þingi til að taka á slíku. Þannig að ég myndi í öllu falli vera sammála Vilhjálmí í því að það er margir aðrir hlutir sem við gætum þá viljað setja í slíka ofur meirihluta. Ég meina, skatta – ég hef heyrt þá hugmynd á áður nefndum fundum, sem ég hef stundum setið á, að skattar ættu að vera samþykktir með auknum meirihluta og hverjum og einum finnst raunin það sem honum finnst vond hugmynd út frá hans pólitísku sýn vera eitthvað sem ætti að vera samþykkt miklum meirihluta.

Ég hef áður lýst svona... um þessa grein um ríkisstjórn, í sem sagt kafla um ráðherra og ríkisstjórn þarf kannski aðeins að hugsa vel. Ég veit að það er búið að leggja í hann vinnu. Mér finnst þetta með bókun á andstöðu... ég á aðeins eftir að... þetta slær mig kannski fyrst ekkert rosalega eðlilega að ráðherrarn séu bókandi á ríkisstjórnarfundum og þar með orðnir stikkfrí undan einhverjum ákvörðunum. Ég þyrfti kannski að heyra aðeins betur hvort þetta á sér eitthvað fordæmi einhvers staðar og hverju þetta eigi virkilega að ná fram.

Ég hef nú áður komið að með valkostina á ráðherra á þingi. Ég ætlaði nú ekki að láta sem nefndin sé að vaða yfir fundinn. Mér finnst kannski eðlilegt að úr því að við förum í þann fasa að kjósa um þessi atriði, þá verði fleiri kostir á borðinu heldur en þessir sem eru hér. En svo auðvitað náttúrulega er líka möguleiki að gera breytingar á þessu þegar í lokavinnu skjalsins er komið, að þá sést einfaldlega hvaða kostur það er sem hefur meirihluta. Ég myndi nú svona hallast annað hvort að því að fara valkost I eða hafa þetta einfaldlega óbreytt og leyfa þá þeim flokkum sem bjóða fram og segja ætla að bjóða fram ráðherra sem verða fagmenn og sitja ekki á þingi að leyfa þeim einfaldlega að njóta þess í kosningum.

Að öðru leyti þá ætla ég að boða það, náttúrulega í ljósi þess að það hefur verið sett inn þarna ákvæði um hvernig skipa skuli dómara og ríkissaksóknara, þá er það náttúrulega ekki í algjöru samræmi við það sem stendur þá núna í kaflanum um dómsmál, þar sem er sagt að forseti fari með þetta vald og að það skuli vera málefnalegt. Þannig að það leiðir af sjálfu sér að það ákvæði verður væntanlega fellt út og þetta ákvæði látið nægja eða við þurfum alla vega að skoða það betur svo að þetta fljóti saman. Já, að lokum, það er ennþá inni í kaflanum um sveitarstjórnir að þær verða að hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og ég held að það sé eitthvað sem við ættum að huga að því að taka út. En þetta er auðvitað ekki breytingartillaga heldur það sem þegar er í skjalinu. Annars þakka ég kærlega fyrir.

SN

Porkell Helgason, gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir meðfulltrúar og aðrir áheyr-  
endur. Ég tek undir orð annarra um það að þetta plagg  
er orðið harla gott í heild sinni og hefur, finnst mér,  
mikið batnað, þannig að ég vil bara taka undir þakkir  
til nefndarinnar og formanns hennar og ritara. En eins  
og fyrri daginn, þá staldrar maður náttúrulega við það  
sem maður er ekki alveg sáttur við eða hefur spurning-  
ar um og ég vil taka undir með Pawel með það að nú  
ef að forsetinn hefur áfram synjunarrétt eða málskots-  
rétt, réttara sagt, sem ég í sjálfu sér styð, þá verður nú  
að spyrja þeirrar spurningar hvort það sé ekki orðið  
of í lagt, hvort við eigum þá ekki að huga að því að  
fella út ákvæði að minnihluti þings geti vísað máli til  
þjóðarinnar, enda er það svona kannski ólógískt, eins  
og oft hefur komið fram í umræðunum. Og enn minni  
ég á það að í Sviss, svo maður nefni það dæmi nú eina  
ferðina enn, að þar tíðkast þetta ekki þrátt fyrir þeirra  
mikla beina lýðræði; eða ég held að það tíðkist ekki  
almennt.

Ég tek líka undir það sem Pawel sagði: Ég held að við  
þurfum að hugsa þetta vel með forseta Alþingis, hvort  
að það sé svona mikilvægt að breyta því ákvæði, sem er  
bara um hann í dag.

En svo ætla ég að staldra við örfá atriði og þá fyrst  
við 12. gr., Meðferð lagafrumvarpa, sem byrjar núna  
svona: „Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar...“  
Er ekki meiningin að ráðherrar geti lagt fram frum-  
vörp? Er þetta kannski bara ritvilla, af því að síðar  
kemur fram að ráðherra er heimilt að tala fyrir frum-  
vörpum? Ég spyr.

Síðan staldra ég við 14. gr. og 2. mgr., miðmáls-  
greinina. Tvennt í henni, kannski tittlingaskítur: Það  
á að bera þessi lög, sem forseti vísar til þjóðarinnar,  
innan þriggja mánaða undir þjóðaratkvæði. Ég minni  
á að í tillögu C-nefndar um málskot til þjóðar, þá er  
veitt heilt ár til þessa, ef ég man rétt. Spurning hvor  
t það þarf ekki að samræma þarna. Í öðru lagi, sem  
er nú algjör tittlingaskítur, það stendur feittrað að  
atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lög-  
in úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta“. Að öðru  
leyti er þarna mælt í vikum og mánuðum. T.d. hefur  
forsetinn í 1. mgr. tveggja vikna frest, þarna er talað  
um fimm daga frest. Má draga af þessu þá ályktun að  
Alþingi hafi fimm daga vinnuviku en forsetinn sé vinn-  
andi allan sólarhringinn? Ég held að það eigi að standa  
þarna bara viku til að hafa svona system í galskapnum.

Aftur tittlingaskítur – 15. gr. Klausan endar á „lands-  
lögum“. Er þetta úr núgildandi stjórnarskrá? Ég man  
það ekki. Ég reyndi að finna það, ég held ekki. Er þetta  
eini staðurinn þar sem talað er um „landslög“ frekar en  
bara „lög“; þyrfti að samræma, held ég.

Síðan er það alvarlegra mál, 16. gr. og niðurlag  
hennar. Ég verð bara að taka undir spurningar Andr-  
ésar: Þýðir þetta að það verði í rauninni aldrei hægt  
að leggja á hækkun á eignaskatti t.d., breytta erfða-  
fjárskattsákvæðum eða guð má vita hvað? Ég held að  
menn eigi að hugsa þetta. Ég held að þetta ætti bara að  
fara í burtu. Þetta er ekki í gildandi stjórnarskrám. Ég  
sé ekki þörfina á þessu. Það stendur skýrt að það má  
engan skatt leggja nema með lögum og ekki vera aftur-  
virkt og eitthvað þvíumlíkt.

Þá er ég líka hugsi í 17. gr. yfir nýju málsgreininni  
sem ég veit að er vel og fallega hugsuð. Hún er í kjölfar  
krisunnar tilkomin. En ég veit ekki hvort við erum  
búin að hugsa nægilega vel afleiðingar þessa og ég vil  
benda á tvennt sem ég held að geri þessa mgr. kannski  
óþarfa og jafnvel hættulega. Í fyrsta lagi, þá er nátt-  
úrulega síaukið aðhald að þessum málum af hálfu  
samkeppnisyfirvalda, af hálfu EFTA-dómstólsins, ESA  
o.s.frv. Nú er alltaf borið undir þau apparöt í hvert  
skipti sem ríkið veitir ríkisábyrgð, eftir því sem ég  
best veit. Mundi þetta t.d. þýða að ef að Landsvirkjun  
er breytt í ehf., jafnvel í 100% eigu hins opinbera eða  
meira 50% eigu alla vega, að þá megi ekki ábyrgjast  
skuldbindingar Landsvirkjunar eða einhvers ríkis-  
fyrirtækis og þar með kannski rýra lánskjör þess,  
þjóðarþúinu jafnvel til óhags? Ég vil líka benda á að  
ef að stjórnvöld, þ.e.a.s. ríkisstjórn, ætla að fara að  
beita óhóflega ábyrgðum, þá erum við jú að leggja  
hérna á ráðin með breytta og bættu samsetningu  
þings, alls konar málskot og Lögréttu og guð má vita  
hvað. Þannig að eigum við ekki treysta því að það verði  
a.m.k. erfðara að einhver svona einn forsætisráðherra  
geti keyrt í gegn ábyrgð handa skólabróður sínum? Svo  
ég haldi mig við þessa grein, 17., þá vil bara gauka því  
að nefndinni eða þeim sem um þetta véla, hvort það  
megi ekki stytta þessa seinni mgr. Það kann að vera að  
ég skilji ekki lögfræðina í þessu en er ekki bara verið  
að segja að það megi ekki afhenda, selja eða ráðstafa  
eignum ríkisins nema með lögum? Það er eitthvað  
sérstaklega tekið fram um fasteignir og svo um aðrar  
eignir. Mér finnst þetta einhvern veginn segja það  
sama.

27. gr. Ég tek undir – það var líklega Pawel sem  
sagði það – ég er hikandi við að hækka þetta eða lækka  
þetta hlutfall úr þriðjungi í fimmtung, sem þar er.  
Þetta gæti verið misnotað. Ég sé að vísu að nokkru leyti  
rökin, að það eigi að vera auðveldara að vísa til Lög-  
réttu heldur en stjórnlagadóms eða Hæstaréttar sem  
stjórnlagadóms.

Þá staldra ég við kaflann um ráðherra og ríkisstjórn,  
1. gr. og ákvæðið sem er þarna [og] hefur verið rætt  
um: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórn-  
ar ber hann ekki ábyrgð á henni.“ Ég held að þetta eigi  
nú ekki að vera inni. Ég held að ráðherra verði að eiga  
það við sína samvisku og við sinn forsætisráðherra  
hvað hann gerir ef hann er óánægður með ákvörðun  
meirihluta ríkisstjórnar. Þá finnst mér nú liggja við,  
ef hann er hundóánægður með þennan meirihluta, að  
þá eigi hann að segja af sér. Þar að auki veit ég nú ekki  
betur en að ráðherrar beri það iðulega á torg, að þeir  
séu nú ekki sáttir við meirihlutann í ríkisstjórninni  
eða ákvarðanir innan ríkisstjórnarinnar. Eigum við að  
gefa þeim þarna stjórnarskrárverndaða leið til þess að  
vaða út á túnið fyrir framan stjórnarráðið og berja sér  
á brjóst? „Ég var nú að bóka andstöðu við þetta hérna  
rétt áðan!“ Ég legg eindregið til að þetta verði fellt út.

Þá er ég kominn að kaflanum um forseta Íslands,  
3. gr., um kjörgengi. Þar er aftur smáatriði e.t.v. en  
þar stendur: „Kjörgengur til forseta er sérhver ríkis-  
borgari“. Í gildandi stjórnarskrá stendur einfaldlega  
„maður“ þarna og mín málvitund segir að það sé karl  
og kona. Ætli þetta sé ekki tilkomið þannig, að ein-  
hverjum finnst að konur hafi ekki getað boðið sig  
fram sem „menn“. Það skil ég nú reyndar ekki. En ef  
að menn eru eitthvað viðkvæmir fyrir því, má þá ekki

segja bara „sá er kjörgengur til forseta er sérhver sá sem fullnægir skilyrðum“. „Ríkisborgari“ hygg ég að komi ekki við sögu annars staðar í þessu plaggi. Og þá fara menn að spyrja: Hvað er það? Ja, ríkisborgararéttur kemur einhvers staðar við sögu en mér finnst þetta... Af hverju stendur þá ekki um þingmenn að þeir verði að vera ríkisborgarar? Ég held að það standi ekki. Hugið að þessu líka. Og þar með held ég að ég sé búinn að fara yfir mitt sem var – ég bið menn afsökunar – bæði smátt og stórt. En lýk máli mínu með því að þakka samt fyrir plaggið og hrósa því sem gert hefur verið. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason, gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

PG

Já, virðulegi formaður og aðrir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka B-nefndinni fyrir þetta nýja skjal sem hefur tekið miklum framförum frá mínum bæjardryrum séð. Mig langar til þess að nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi fagna ég því mjög að nú er forseti Íslands aftur talinn upp ásamt öðrum aðrum handhöfum framkvæmdarvalds. Það hjálpar til þess að forða mis- skilningi sem ella hefði verið hætta á.

Í öðru lagi langar mig, eins og Þorkell Helgason gerði á undan mér, að vekja máls á tveim setningum sem kunna að vekja hugboð um misræmi. Á einum stað stendur „Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga“ og á öðrum stað stendur „Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum“. Fyrri setninguna má skilja sem svo að utanþingsráðherrar hafi þá ekki rétt til þess að flytja frumvörp til laga. Og miðað við þá hugmynd sem liggur í loftinu og boðið hefur verið, að eitthvað ákveðið hlutfall ráðherra, t.d. helmingur, skuli vera utanþingsráðherrar, þá væri með því að meina ráðherrum að flytja frumvörp á Alþingi skapað óviðun- andi misræmi í starfsaðstöðu þingráðherranna og utanþingsráðherranna. Og þess vegna hvet ég til þess að í 11. gr. verði bætt inn ráðherrum, þannig að hljómi svona: „Alþingismenn og ráðherrar hafa rétt til að flytja frumvörp til laga“ og ég hygg að þessi ábending sé í góðu samræmi við ábendingar lögfræðinga utan- húss sem hafa veitt umsagnir um plaggið.

Í þriðja stað langar mig til þess að fjalla um greinina sem ber heitið Skipun embættismanna. Þar hygg ég að ekki sé enn nógu langt gengið. Stjórnarskráartillögurnar sem við erum að búast til að skila frá okkur hljóta að endurspeglja landsins og þann veruleika sem við búum við. Sumar greinarnar eru stuttar og knappar, t.d. Þjóð- kirkjuákvæðið. Og það er bara vegna að hvað sem öllu öðru líður er þjóðkirkjan ekki partur af ástæðunni til þess að við vorum hingað kvödd. Þjóðkirkjan var sak- laus af hruninu. Aðrir kaflar í okkar plaggi eru ítarlegir og það er vegna þess að í ljósi sögunnar þykir okkur rétt að veita lögjafarvaldinu aðhald á þeim sviðum þar sem það hefur ekki staðið nógu vel. Svo ég taki dæmi: Kosningakaflinn okkar er nákvæmur, með skýrum fyrir- mælum, jafnvel um smáatriði, vegna þess að reynsla alls lýðveldistímans sýnir að Alþingi er ósýnt um að fjalla um kosningalöggjöfina, rétt eins og hverjum og einum er ósýnt um að fjalla um eigin mál í samhengi sem þessu. Saga embættaveitinga á Íslandi er vörðuð landlægre grófri spillingu. Þess vegna er orðið „stjór-  
n

málatengsl“ komið inn í jafnræðisregluna í blábyrjun stjórnarskrárinnar. Og af því leiðir að kaflinn í tillögum okkar um skipun embættismanna þarf að fela í sér ná- kvæm fyriræli um það hversu standa skuli að embætt- aveitingum í framtíðinni vegna þess hversu mislagðar hendur stjórnmalastéttinni hafa verið við embættis- veitingar. Nú er það svo að inn í tillögur B-nefndar er komið, að mínum dómi, fullnægjandi ákvæði um skipun dómara. Ráðherra fer með skipunarvaldið en sérhver skipun þarfnast staðfestingar forseta Íslands, sem leikur þar eftirlits- og öryggishlutverk. Og beiti forseti þessum málskotsrétti sínum með því að synja skipun í dómara- embætti eða í embætti ríkissaksóknara undirskriftar, þá þarf 2/3 hluta atkvæða á Alþingi til þess að skipunin taki gildi. Og þetta er einmitt glögg dæmi um valdmörk og mótvægi, um þetta gagnkvæma aðhald og eftirlit sem vantaði áður og átti mikinn þátt í því að Íslands hrundi. Og þetta er, að minni hyggju, til fyrirmyndar. En skipun í embætti dómara var ekki eini vandinn sem við var að glíma í stjórnsýslunni. Ég meina, rannsóknarnefnd Alþingis segir berum orðum að stjórnsýslan í landinu hafi verið í molum; ekki bara dómskerfið heldur stjórnsýslan eins og hún leggur sig. Það var m.a. þess vegna sem rannsóknarnefnd Alþingis mælti fyrir um að stjórnarskrá lýðveldisins skyldi endurskoðuð. Þannig að við erum bregðast kalli rannsóknarnefndar Alþingis og, að ég hygg, niðurstöðum þjóðfundar og ákalli fólksins í landinu ef við tökum ekki á þeim parti stjórnsýsluvand- ans sem liggur utan dómkerfisins. Ég segi: Það er ekki nóg að segja, eins og hér stendur í kaflanum um skipun embættismanna, „ákveða má með lögum að skipun í önnur embætti skuli fara fram með sama hætti“. Í því felst ekki næg viðurkenning á þeim vanda sem við hefur verið að glíma. Og þess vegna legg ég enn til að það sem við höfum rætt á fundum í nefndum, bæði í einstökum nefndum og á opnum fundum allra nefnda, að við set- um inn á videigandi stað sams konar ákvæði um skipun í önnur æstu embætti – hversu mörg þau ættu að vera skiptir ekki höfuðmáli, ég er að hugsa á bilinu fimm til tíu – þannig að tryggt sé að valdmörkin og mótvægið sem við erum að búa til í dómsmálakaflanum séu einnig til staðar í öðrum köflum. Með öðrum orðum, dómara- arnir voru ekki eina vandamálið. Þeir voru vandamál og eru það enn, eins og við sjáum í blöðunum næstum því á hverjum degi, en vandinn liggur miklu víðar. Þannig að ég hvet til þess að þetta mál verði enn rætt betur.

Eitt smáatriði í framhaldi af þessu. Lokaákvæðið hér er óbreytt úr áfangaskjalinu: „Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkis- borgara.“ Ég er ekki viss um að það sé þörf á þessu. Ég held þvert á móti að það geti verið hollt að senda skilaboðin á hinn veginn, að í sum embætti hér, eins og tíðkast í litlum ríkjum víðar, gæti þvert á móti verið heppilegt, í ljósi sögunnar, að laða útlendingar hingað heim til starfa.

Loks þetta. Það veldur mér svolitlum vonbrigðum, verð ég að játa, að eftir rækilegar viðræður fyrir þennan fund hefur ákvæði stofnanir og vernd þeirra í stjórnarskrá ekki enn ratað inn í þessar tillögur. Sagan vísar veginn. Þjóðhagsstofnun óhlýðnaðist stjórn- völdum og hún var lögð niður með manni og mús með skelfilegum afleiðingum. Ísland stendur nú langt að baki öðrum Norðurlöndum í hagskýrslugerð, þannig að skynsamir menn í stjórnsýslunni kvíða því mjög að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er á förum úr landinu, því

„hvar eigum við þá að fá hagtölurnar?“ spyrja menn. Og þetta er gild spurning. Þarna var framið skemmdarverk sem Alþingi hafa ekki enst mörg ár til þess að bæta fyrir og þess vegna, eins og í öðrum dæmum sem ég hef rakið, stendur það upp á stjórnarskrárgjafann að bæta um betur og setja almennt ákvæði inn í stjórnarskrána sem verndar þá starfsemi sem Þjóðhagsstofnun bar ábyrgð á og orðalagið er til í lögnum. Ég er ekki að lýsa eftir ákvæði sem verndar nafngreindar stofnanir því það myndi skerða getu löggjafans til þess að skipta um nafn á stofnunum eða sameina þær o.s.frv. Það sem þarf er ákvæði sem verndar tiltekna starfsemi og girðir þá fyrir að Þjóðhagsstofnun verði lögð niður öðru sinni, ef Alþingi skyldi detta það í hug. En þetta á ekki bara við um hana. Þetta á einnig við um aðrar stofnanir sem brugðust, eins og rannsóknarnefnd Alþingis lýsir svo skýrt í skýrslu sinni: Hagstofa Íslands brást af því hún horfði í hina áttina á meðan ójöfnuður á Íslandi reis upp í hæstu hæðir, langt umfram það sem þekktist í öðrum löndum, eins og Stefán Ólafsson prófessor hefur lýst öðrum mönnum betur. Hagstofan var hrædd, það er minn skilningur. Hún var hrædd um að bíða sömu örlög og Þjóðhagsstofnun. Ef það væri ákvæði í stjórnarskránni sem verndar þá starfsemi sem lögin um Hagstofnu Íslands lýsa í 1. gr., þá hefði Hagstofan ekki haft neina ástæðu til að óttast. Sama gildir um Fjármálaeftirlitið. Það horfði í hina áttina. Það stendur á mörgum stöðum í rannsóknarskýrslu Alþingis. Fjármálaeftirlitið var beinlínis hannað til þess að bregðast. Við þurfum ákvæði í stjórnarskrá sem að verndar starfsemi Fjármálaeftirlitsins eins og því er lýst í 1. gr. laganna um eftirlitið, svo að ný stjórnvöld, í trylltum rekkjubrögðum við bankamenn, geti ekki lagt Fjármálaeftirlitið niður. Sama á við um Samkeppnis- eftirlitið. Það var lagt niður, nafninu svo breytt eftir að það gerði rassíu inn í skrifstofur olíufélaganna fyrir nokkrum árum. Þetta liggur fyrir. Þess vegna þarf að vernda starfsemi Samkeppnis eftirlitsins fyrir gerræði löggjafarvaldsins. Og sama á auðvitað við um Seðlabanka Íslands, myndu sumir segja. Hann hefur aldrei verið sjálfstæður gagnvart stjórnvöldum og er það ekki enn, að minni hyggju. Í öllu þessu ljósi bið ég ykkur að íhuga vandlega þörfina fyrir verndarákvæði í stjórnarskrá sem umlykur þær stofnanir sem ofbeldisfullt myndi, í eigin hagsmunaskyni, í framtíðinni kjósa helst að leggja niður. Ég veit að í mörgum löndum í kringum okkur er ekki þörf á slíkum ákvæðum. En það stafar af því að þeirra saga er önnur en okkar. Sérhver stjórnarskrá þarf að draga dóm af sinni samtíð og sögu.

Að lokum þetta. Ég er afar ánægður með breytingartillögur Andrésar Magnússonar, allar, og þau rök sem hann færði fyrir þeim og ég styð þær af heilum hug. Ég þakka fyrir.

SN

Já. Þá eru allmargir eftir enn á mælendaskrá og klukkan er orðin korter yfir tólf. Við gerum núna matarhlé í klukkutíma og hittumst aftur korter yfir eitt. Takk.

SN

Kæru vinir. Við byrjum þá aftur eftir matarhlé og næst á mælendaskrá er Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk fyrir. Ég vona að það heyrst vel í mér og ég tali vel í mikrofón. Ég ætlaði að þakka Katrínu Fjeldsted og allri nefnd B fyrir þeirra tillögur og þeirra gríðarlega framlag í vinnu við allar þessar greinar sem þar eru til umræðu og hafa verið í vinnu. Ég er með nokkrar svona athugasemdir, kannski eru sumar þeirra spurningar að ýmsum leyti.

En svo ég víki að fyrsta atriðinu, þá langar mig að ræða, í kafla um Alþingi, 12. gr. um meðferð lagafrumvarpa. Þar er í 3. mgr. talað um það að lagafrumvarp megi ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi. Í núverandi stjórnarskrá er talað um að lagafrumvörp megi ekki samþykkja fyrr en eftir þrjár umræður á þingi og er þessu ætlað að tryggja að lýðræðisleg umræða fari fram fyrir opnum tjöldum og að öll sjónarmið sem þurfi að koma fram nái að koma fram á þeim tíma sem mál eru til meðferðar á þinginu. Þá er átt við að umræða fari fram fyrir opnum tjöldum, þar sem allur þingheimur og allir almennir borgarar geta fylgst með umræðu. Í tillögum B-nefndar er lagt til að þessum umræðum verði fækkað niður í tvær og þá með vísun í það að 1. umræða fari fram í raun í þingnefnd, miðað við þær tillögur sem B-nefnd leggur til um vinnslu frumvarpa. Í þeim tillögum er jafnframt gert ráð fyrir því að lagafrumvarp sem lagt sé fram á þingi, að það sé móttakið af þingforseta og hann þingfesti viðkomandi frumvarp og vísi því beint inn í nefnd án nokkurrar umræðu og þar mun, samkvæmt þessum tillögum, fara fram 1. umræða. Nú langar mig sérstaklega að vekja athygli á því að í nefnd á þingi, fastanefnd, eru yfirleitt, ef ég man rétt, sjö til ellefu fulltrúar en á þingi sitja 63 einstaklingar og þingfundir fara fram fyrir opnum tjöldum en nefndafundir fara iðulega fram fyrir lokuðum tjöldum, nema þeir séu sérstaklega opnaðir, þegar svo ber undir. Þarna þykir mér þetta ankannalegt, að þarna sé verið að taka í burtu eina umræðu. Eins og staðan er í dag, þá mælir einstaklingur eða flutningsmaður sem mælir fyrir frumvarpi, hann mælir fyrir því starx á þingi í upphafi 1. umræðu, því er varpað í beinni útsendingu og þar tekur þingheimur allur, 63 þingmenn, þátt í umræðu og iðulega fer kannski frumvarp beint inn í þingnefnd. Það verður nú svo sem að viðurkennast að framkvæmdin er þannig, að það fer oft ekki fram mikil umræða en það geta átt sér stað miklar umræður þegar um er að ræða stór og verulega umdeild mál. Það er ekkert óalgengt að það komi fyrir. Ég verð að segja að ég geld bara miklum varhug við það, að leggja til að lagafrumvarp verði einungis rætt við tvær umræður á Alþingi, þó svo að tillögur nefndarinnar, af því sem segir í greinargerð, geri ráð fyrir því að þau megi ræða við þrjár umræður, ef því ber að skipta, þó það megi svo sem ekkert endilega skilja af ákvæðinu sem slíku, að til þess sé hvatt eða að það sé sérstaklega heimilt. Þannig að eðli málsins samkvæmt má álykta að tvær umræður verði látnar duga.

Þarna verðum við að lesa þetta samhliða því hvernig lagt er til að þingsályktunartillögur verði afgreiddar. Það er lagt til að þær verði ræddar við tvær umræður líka. Við vitum öll að þingsályktunartillögum og lagafrumvörpum er ekki hægt að jafna saman og mikilvægi þeirra fyrir íslenska stjórnsýslu og íslenska framkvæmd alla er engan veginn hægt að jafna saman. Þannig að ég hvet nefndina til að breyta þessu og færa

Þetta aftur yfir í þrjár umræður eða að mæla fyrir að fyrir lagafrumvörpum verði mælt strax og þau eru þingfest í þingsal, þannig að hægt verði að taka þau til einhverrar umræðu, þegar svo ber undir á þingi. Svo langar mig að nefna bara að öðru leyti... Ég er nú búin að ljúka svona mínum athugasemdum hvað varðar 12. gr. en þetta er svona það stærsta sem ég hef við tillögurnar að athuga í dag. Svo langar mig að fara inn í 13. gr. sem er eftirfarandi greinin. Þar er talað um tvenns konar tillögur, í 1. og 2. mgr. um þingsályktunartillögur og svo segir í greinargerð með ákvæðinu að „[g]erður [sé] greinarmunur á tillögum ríkisstjórnar annars vegar og þingmanna hins vegar.“ Eins og ákvæðin eru framsett og orðið, þá sé ég ekki almennt hver greinarmunurinn er. Það er talað um „tillögur ríkisstjórnar“ og svo „tillögur til þingsályktunar“. Þetta virðist vera svona... Það þyrfti þá frekar að tala um „tillögur ríkisstjórnar til þingsályktunar“ og „tillögur annarra“ eða bara „tillögur þingmanna til þingsályktunar“ til að greinarmunurinn þarna sé alveg ljós.

Svo langar mig líka að vekja athygli á því að í 2. mgr., þegar rætt er um fullgildingu þjóðréttarsamnings, sem kalla á breytingu á lögum. Í dag er það þannig að þegar verið er að skoða þjóðréttarsamninga sem Ísland hefur undirritað, að þeir eru almennt ekki fullgiltir fyrr en allar nauðsynlegar lagabreytingar hafa átt sér stað. Þannig að ég sé ekki, eins og sagt er í greinargerð, „fullgildingu þjóðréttarsamninga þar sem ákvörðun um hana getur skapað skyldu til lagasetningar á síðari stigum.“ Þetta er það fyrsta sem farið er yfir við þjóðréttarsamninga þegar þeir eru undirritaðir og ég tel kannski að þetta sé ekkert sérstaklega sérstakt vandamál og þætti þá bara frekar vænt um að heyra eitthvert dæmi um það hvenær þjóðréttarsamningur getur skapað skyldu til lagasetningar á síðari stigum. Og svo nefni ég bara það líka, að þegar lagabreyting vegna fullgildingar á sér stað, þá er samhliða lögð fram þingsályktunartillaga sem að fullgildir og svo er lagabreytingartillaga þar sem að sérstaklega er talað um það að þessi lagabreyting eigi sér stað vegna fullgildingarsamnings. Þannig að oft á sér stað tvenn umræða á þinginu um samsvarandi mál eða sama mál og ég nefni bara t.d. að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra – ég vona að ég fari rétt með nafnið – hann hefur ekki enn verið fullgiltur af því að lagabreytingar vegna hans hafa ekki enn átt sér stað.

Í 14. gr. er talað um staðfestingu laga. Í 2. mgr. er í svona síðari málsliðum talað um að einfaldur meirihluti ráði hvort lög haldi gildi sínu. Ég hefði svona haldið að það sé óþarfi að nefna þetta sérstaklega, það sé einungis þörf á að nefna það sérstaklega þegar aukinn meirihluti ráði hvort lög halda gildi sínu. Semsagt, ef eitthvað er borið undir atkvæði, þá ætti, eðli málsins samkvæmt, meirihluti að ráða nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Ég er bara aðeins að bregðast við, ég bara bið nefnd B að fyrirgefa mér en í kafla um ráðherra og ríkisstjórn, það er í 1. gr.: Ég ætlaði bara að bregðast við smá athugasemdum sem hafa komið fram varðandi 4. mgr. í 1. gr. Þar er talað um að ef ráðherra bóki „andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni“. Eftir því sem ég best veit er það ákveðin óskrifuð meginregla að ráðherra geti óskað eftir því í dag sérstaklega að andstaða þeirra við ákvarðanatöku í

ríkisstjórn verði sérstaklega bókuð. Og þarna, eftir því sem ég skil og í samræmi við þá reglu, er verið að festa í sessu reglu sem þegar er talin gilda í stjórnskipunar-  
rétti.

Og svo langar mig fyrir hönd... Við höfum rætt þetta aðeins á ganginum varðandi kafla um stjórnslu og eftirlit. Í 1. gr. þar sem rætt er um skipun embættismanna, þá er í 2. mgr. rætt um skipun í embætti dómara og ég vek athygli á því að ég sit í nefnd C og nefnd C var falið að fara sérstaklega yfir dómsvaldið og skipun dómara m.a. og samþykkti ráðið hér tillögu nefndarinnar um það með hvaða hætti skipun dómara skyldi fara fram og ég geri ráð fyrir að þessi tillaga B-nefndar nái hér í dag fram að ganga og vek athygli á því hversu svona ankannalegt það kann að vera fyrir ráðið í heild sinni að í áfangaskjali sé að finna tvenns konar form á skipunum dómara og kannski hefðum við átt aðeins að íhuga það hvernig við gætum samræmt þessar tillögur fyrirfram áður en við færum í þetta hér og þá hugsanlega að skoða hvort að nefnd C hefði getað lagt fram breytingartillögu á sínum, ef svo bæri undir. Ég svo sem veit kannski veit ekki alveg hvað væri rétt í því tilviki en, svona, það gæti verið bagalegt. Ég er búin að vera að velta þessu svolítið fyrir mér síðan að ég sé tillögurnar og hef verið að melta það aðeins og ræða. Varðandi 4. gr. í sama kafla, þá er í 4. gr. talað um ákærvald og ríkissaksóknara. Ég fagna því auðvitað að ríkissaksóknari sé sérstaklega tilgreindur og honum veitt ákveðin vernd og réttindi. Ég geri ráð fyrir því að í 3. mgr., þar sem er talað í 2. málslið um þá vernd sem ríkissaksóknari skuli njóta í starfi, þá geri ég ráð fyrir að það komi væntanlega fram í skýringunni – nú bara er ég ekki með hana fyrir framan mig – að þarna sé átt við að ríkissaksóknari skuli skipaður ævilangt, líkt og dómara. Honum verði ekki vikið úr starfi nema með dómi. Hann verði ekki fluttur í annað embætti, samþykki hann það ekki, og að launakjör hans verði ákveðin með sama hætti og dómara. Og svo að öðru leyti önnur réttindi sem dómara njóta sem tryggir þeim þá vernd sem þeir þurfa á að halda til að þeir séu sjálfstæðir og óvilhallir, út á við sem inn á við. En að öðru leyti þakka ég kærlega fyrir og vona að sérstaklega verði tekið mark á þessu varðandi 12. greinina í 1. kafla, varðandi lagafrumvörpin. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar. Ágætt að koma svona frekar seint inn í umræðuna, þá þarf maður ekki að segja allt. Bara örfáir hlutir sem mig langar að snerta á, svo ég lengi nú ekki um of umræðuna hérna.

Það er um friðhelgi þingmanna. Ég verð nú að taka undir... Ég hló eins og Dögg af því að það að játa skýlaust sekt sína væri ekki skýrt. En við erum búin að fá tölvupóst sem útskýrir aðeins betur hvað í þessu fólst, þannig að þetta er svo sem allt í lagi að breyta þessu orðalagi. En mér finnst samt svolítið áhugavert og vafasamt að þingmaður, nema hann sé staðinn að glæp, og síðan er honum heimilt að afsala sér friðhelgi. Þannig að maður veltir fyrir sér: Má hann bara játa sekt sína ef hann er ekki staðinn að glæpnum og neita síðan að afsala sér friðhelginni? Þannig að bara svona að passa sig á að gagnálykta almennilega áður

en maður fjarlægir hluti úr texta. Þannig að ég set smá fyrirvara við þessa breytingu.

Nokkrir aðrir eru búnir að ræða hérna um andstöðu ráðherra við ákvörðun ríkisstjórnar, svo ég sleppi því.

Svo velti ég aðeins fyrir mér, í 3. gr., um stjórnarmyndun: „Alþingi kys forsætisráðherra.“ Þannig að hann er kosinn og síðan þarf forseti að kjósa hann. Mér finnst það svona svolítið undarlegt, að það þurfi að kjósa hann og skipa hann vegna þess að yfirleitt er maður skipaður ef maður er ekki kosinn. Við erum skipuð í þetta starf vegna þess að kjörið okkar er ógilt. Annars hefðum við verið kosin, þá hefðum við fengið kjörbréf en ekki skipunarbréf. Þannig að þarna er ekki alveg búið að klára hugsunina í þetta, held ég. Þannig að ég held að ef forsætisráðherra er kosinn af þinginu, þá þarf ekkert að skipa hann. Það alla vega myndi vera minn skilningur á þessu. Svo kannski skiptir þetta ekki máli lengur. Mér skilst að það sé hætt við að láta okkur kjósa um þetta en ég er ekki til í það að kjósa með STV hérna á ráðsfundi. Það hefur verið þannig að það er skráð hver kys hvornig og mér finnst það eigi að liggja ljóst fyrir. Og ef við erum að kjósa með STV, þá þyrfti það að vera með alla veganna á kjörseðlum sem eru nöfn á þannig að það sé hægt að rekja hver tók hvaða ákvörðun. Þannig að bara skjóta því inn eða þetta er kannski orðið, eins og Joey vinur minn í Friends segir: „a moo point, a cause opinion“. Alla veganna, ég myndi vilja að við ræddum það betur áður en við færum að kjósa hér með einhverju öðru en handauppréttingum. Það kom aðeins upp hérna umræða um það hvort það ætti að vera „maður“ frekar en „ríkisborgari“ kjör-gengur til forseta. Þetta er svona um þingmenn líka: „ríkisborgarar“ eru nefndir þar. Þeir eru nefndir á nokkrum stöðum í núverandi stjórnarskrá og eru það áfram. Það er einmitt „ríkisborgari“ sem hefur kjör-gengi til Alþingis og forseta og ég vil hafa þetta svona áfram. Og að lokum 4. gr. í Stjórnslu og eftirliti, um ákærvald og ríkissaksóknara, þá stendur að ríkissaksóknari skuli „í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum“. Ég svona velti fyrir mér: Er ekkert annað en lög sem að embættismaður af þessu tagi myndi fara eftir? Getur hann ekki þurft að fara eftir greinargerð eða siðareglum eða einhverju öðru? Þannig að ég held að þarna séum við að þrengja of mikið. Venjuréttur, fellur hann undir það að vera lög? Þetta er svona mín smámunasemi eftir það sem að hefur komið fram hjá öðrum. Nú taka við einir sex eða sjö karlar að ræða málin þangað til þessum fundi lýkur. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason, gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Áður en ég kem að einstökum áhersluatriðum og svara ábendingum sem hafa margar komið fram og spurningar, þá langar mig fyrst að vekja athygli á 1. gr. í kafla um Alþingi, þar er greint í þrennt þeir valdþættir sem Alþingi fer með. Það er nefnilega algengur mis-skilningur að það séu bara þrjár tegundir af ríkisvaldi: dómvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald. En hér er þremur valdþáttum fyrirkommið hjá Alþingi berum orðum, sem hefur svo sem verið í framkvæmd áður og þeir eiginlega allir styrktir, þ.e.a.s. að Alþingi fer með löggjafarvald, það fer líka með fjárstjórnarvald ríkisins

og það fer með eftirlit með framkvæmdarvaldinu, sem er mjög mikilvægt vald. Þannig að það eru a.m.k. fimm valdþættir í þessari nýju tillögu eða væntanlegu tillögu okkar að stjórnarskrá. Sjötta valdið mætti nú kannski nefna sem er temprunarvaldið sem við höfum tekist svolítið á um. Ég hefði viljað hafa heldur sterkara temprunarvald hjá forseta, sérstaklega í þingræðisríki. Og ég vil nefna það í tengslum við breytingartillögu sem ég er með hér og hefur verið dreift, benda á það sem að Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur hefur m.a. bent okkur á, að í þingræðisríki er mjög erfitt að aðgreina algjörlega þessa þrjá algengustu eða elstu eða vinsælustu þætti ríkisvalds, heldur eru þeir yfirleitt samþættir í þingræðisríki. Þannig að þó að við höfum, að mínu mati, gert margar góðar tillögur um að efla sjálfstætt löggjafarvald Alþingis og eftirlitsvald með ríkisstjórninni, þá verðum við að vera meðvituð um að það er ekkert mjög raunhæft kannski að koma fram eftirliti eða ábyrgð gagnvart ráðherrum í þingræðisríki. Þannig að það er jafnvel ennþá mikilvægara að gæta jafnvægis milli ríkisvalds og annarra aðila, þ.e.a.s. aðila úti í bæ sem ekki hafa ríkisvald. Og þess vegna legg ég til – og vil nefna það fyrst – að ég er með breytingartillögu við 12. gr. í kafla um meðferð þingmála, að við ákvæði 2. mgr. 12. gr. bætist ákvæði á eftir orðunum „mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum“. Þetta töldum við mikilvægt eftir ábendingar frá fræðimönnum og sérfræðingum í stjórnslu, að áður en sérstaklega ríkisstjórnarfrumvörp kæmu fram, þá væri búið að meta áhrifin. En ég vil ganga lengra og leggja til að það fylgi líka staðfesting á því að jafnræði hafi verið gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar. Ég rökstyð það í stuttu máli í greinargerð með þessari tillögu, að eftir minni reynslu af starfi fyrir hópa sem standa stundum lakar að vígi gagnvart sínum viðsejndum eða gagnaðilum, eins og stúdentar og launafólk og neytendur, að þá sé oftast og fyrir og meira og dýpra samráð haft við fulltrúa hinna sterku, t.d. atvinnurekendum, og þess vegna tel ég mikilvægt að svona ákvæði bætist við. Til þess að auka líkur á að þetta verði samþykkt geng ég ekki svo langt að stjórnarskrárbinda að jafnræðis skuli gæta, sem ég vildi þó helst. Ég segi bara og set þetta fram með tillögu að formreglu um að staðfesting komi fram að jafnræðis hafi verið gætt. Það myndi þá ekki leiða til ógildingar lagasetningar ef út af því væri brugðið, hvort sem er að út af því væri brugðið að samráðs væri gætt og jafnræði haft eða að staðfestingu skorti. En við undirbúning þingmeðferðar myndi forseti Alþingis væntanlega vísa frá þingfrumvarpi ef engin tilraun væri gerð í greinargerð að rökstyðja að samráðs hefði verið gætt og jafnræðis í því samráði. Þannig að fyrst vil ég vekja athygli á þessari breytingartillögu sem ég náði því miður ekki fram í nefnd B.

Og þá vil ég víkja að einstökum atriðum. Fyrst tek ég undir með Vilhjálmi Þorsteinssyni um að við gerum ráð fyrir því í B-nefnd að „þingræði“, hugtakið „þingræði“ sé sérstaklega nefnt í fyrstu greinum sem voru þó ekki á okkar sviði, að við töldum.

Aðeins vil ég nefna varðandi 11. gr. um flutning þingmála. Þorvaldur spurði um það hvort alþingismenn einir gætu flutt frumvörp en við lítum svo á að skv. 5. gr. í 2. kafla hérna, þá geti ráðherrar líka flutt sín þingmála eða frumvörp fyrst og fremst sem stafa frá ríkis-

stjórn, ef þeir eru til þess kvaddir. Þannig að ég lít svo á að forræði sé hjá þingnefndinni eða þinginu um það hvort að þeir eiga að flytja mál.

Nú, þá að 12. gr. sem aðeins hefur verið spurt um. Þorkell spurði um hvort að ráðherra geti ekki einn og sér flutt frumvarp, af því að þarna segir „[f]rumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar“. Ég lít svo á að þarna verði um stjórnarfrumvörp að ræða, eins og var í stjórnarskránni frá upphafi; þá þurfti meira að segja uppáskrift forseta, sem er nú ekki lengur ráð gert að þurfi. En sjálfstæður frumvarpsréttur ráðherra má segja að sé afnuminn þarna. En hann var nú ekki settur inn fyrr en 1991, þannig að það má kannski segja að þetta sé í takt við þá stefnu nefndar B, að ríkisstjórnin standi heil að stórum málum, eins og það er auðvitað þegar frumvarp er flutt af hálfu ríkisstjórnar. Þeir ráðherrar sem eru þingmenn geta síðan haft sjálfstæðan flutningsrétt til frumvarpa. En með þessu ákvæði erum við jú að styrkja löggjafarvaldið og sjálfstæða yfirferð þingsins áður en mál kemur til efnismeðferðar. Og tilgangurinn, af því að Íris spurði um þetta með tvær umræður sem er nú kannski alveg rétt – það verður að fara varlega í að fækka úr þremur í tvær – að aðalmálið finnst mér að ráðherra eða flutningsmaður sé ekki búinn að læsa sig í ákveðinni stefnu áður en þingnefnd og þar með stjórnarandstaða fær málið til skoðunar.

Nú, aðeins varðandi 14. gr., um staðfestingu laga. Katrín Oddsdóttir sagðist telja að það væri varhugavert að setja rökstuðningsskyldu á forseta, með vísan til þess að hann ætti að vera hlutlaust öryggisventill. Ég er nú ósammála. Ég hef verið ósammála forseta Íslands um það að hann geti notað málskotsrétt sinn án þess að taka afstöðu. Ég tel að hann eigi að taka efnislega afstöðu til frumvarps áður en hann metur það, hvort hann eigi að skjóta því til þjóðarinnar og það á sérstaklega við í þessu breytta kerfi, þar sem auk hans málskotsréttar verður hægt að fá þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp eftir tvennum leiðum: tiltekinn hluti þingmanna og tiltekinn hluti kjósenda geta krafist þess. Þannig að þessi öryggisventill ætti að vera hreinlega pólitískur, þó hann sé auðvitað ekki mikið flokkspólitískur.

Nú, Lýður spurði um hvort öll lög geti ekki talist fjárlög. Það er nú ekki. Það er nú sérstakt form og heiti og stjórnskipulegt gildi og inntak í fjárlögum. Þó að mörg lög hafi í för með sér útgjaldaauka, þá eru það fjárlög og fjárlög sem leyfa útgjöldin. Það er ekki hægt að túlka þetta frávik í lok 14. gr., um að heimild til synjunar eigi ekki við um fjárlög og fleiri atriði, þannig að það taki til fleiri laga. Og ef að tilraun væri gerð að blanda saman lögum og fjárlögum, þá væri það væntanlega ekki þingtækt og gæti verið borið undir stjórnskipunardómstólinn eða Hæstarétt með aukin hlutverk í því efni.

Andrés hefur vikið aðeins að 16. gr. um skipan skattamála. Ég vil nú áréttta það, að þetta ákvæði sem fór inn í stjórnarskrá 1995 var af gefnu tilefni. Það var vegna þess að þá Hæstaréttur í einstaka tilvikum, í tiltölulega nýlegum dómum, fallist á að einhver afturvirkni væri heimil. Þetta var ekki talið heppilegt í réttarríki, að svo íþyngjandi ákvörðun sem skattlagning er væri heimil kannski í lok árs, þegar tekjur væru komnar í hús að miklu leyti, að hafa þá afturvirkni um fyrri hluta ársins. En ég veit ekki um neina túlkun á því sem styður þessa

skoðun Andrésar, að þetta hindri eignaskatt. Ég, að vísu, er ekki með nýlega dóma um það en það er engin lögfærðuleg túlkun um það að þetta banni eignaskatt og ekkert sem styður það í greinargerð með stjórnskipunarlögum frá 1995; ég fletti henni upp áðan. Og um þetta er fjallað líka í ritum um stjórnskipunarrétt án þess að þessi skoðun Andrésar njóti stuðnings þar.

Nú, aðeins varðandi tillögu okkar í B-nefnd um 17. gr. og breytingartillögu sem ég stend líka að varðandi fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila: Ég hallast að því að það sé betra að hafa form- eða bærniskilyrði, eins og 2/3 hluta eða aukinn meirihluta þingmanna til þess heimila slíka undanþágu, þó það sé ákveðið stílbrot, eins og Vilhjálmur kom inn á. En ég held að það sé verra að hafa efnisskilyrði, sérstaklega ef efnisskilyrðið er almannahagsmunir, vegna þess að það er eitt af fáum atriðum í stjórnarskránni okkar sem dómstólar á Íslandi hafa talið sér nánast ekki fært að endurmeta. Samsagt, þegar löggjafinn hefur metið það, að almannahagsmunir eða almenningsþörf styðji eignarnám eða takmörkun á atvinnufrelsi eða þvíumlíkt – þetta er nokkuð algengt skilyrði í stjórnskránni – þá hafa dómstólar sagt að fyrst að almenna löggjöfin hefur metið þetta svo, þá endurskoðum við það ekki. En almennt endurskoða dómstólar samt lög með vísan til stjórnarskrá en ekki þetta skilyrði. Þannig að bærniskilyrði 2/3 hluta er betra en bærniskilyrði almanna-hagsmuna að mínu mati.

Nú, Þorkell spurði aðeins um 17. gr., um eignir og skuldbindingar. Ég hef endilega viljað hafa þetta svona tvískipt, þannig að fasteignir þurfi sérstaka heimild í lögum til þess að selja. Það er þá undirskilið, þetta orð, „sérstaka lagaheimild“ en aðrar eignir, eins og bílar eða minni eignir, þá megi kannski selja það eða ráðstafa skv. ákvörðun ráðherra, ef heimild er til þess almennt í lögum. Þannig að þarna er verið greina á milli mikilvægra eigna eins og fasteigna og minna mikilvægra eigna.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því nýmæli og þeirri réttarbót sem felst í 19. gr., um fjárlög og greiðsluheimildir. Eins og fram hefur komið, þá er þetta að danskri fyrirmynd að við áskiljum fyrirfram samþykki fjárlaganefndar og best væri ef orðið „fyrirfram“ færi beint inn í stjórnarskrártexta, þó að hugtakið „að fengnu samþykki“ þýði það almennt í lagamáli. Og þetta er mikil bót frá þeim ósiðum sem hafa tíðkast hér í áratugi, að þrátt fyrir stjórnarskrána, þá ráðstafa handhafar framkvæmdarvalds töluverðu fé án fyrirfram heimildar í fjárlögum eða frá fjárlaganefnd, eins og við erum að taka upp hér.

Nú, Dögg lýsti áhyggjum út af óvissusjóðum. Óvissusjóðir eru að vísu bara nefndir hér í greinargerð sem nýmæli sem AGS og fleiri hafa lagt til. En einmitt af því að það er síðan leið til að fara til fjárlaganefndar út af ennþá meiri óvissu, þá er gert ráð fyrir að óvissusjóðirnir verði ekki svo digrir að þeir verði – hvað eigum við að segja? – misnotaðir. Það má eiginlega segja að óvissusjóðirnir séu vegna „fyrirséðrar óvissu“, eins og Donald Rumsfeld orðaði það einhvern tímann, „known unknowns“, en menn fari svo til fjárlaganefndar þegar „unknown unknowns“, eins og það var kallað í herfræðinni, kemur upp, þ.e.a.s. ófyrirséð óvissa. Þetta er hreinlega, skilst mér, tæk hugtök í ákveðnum fræðum en það mjög mismunandi hvort að óvissa er algjörlega ófyrirséð eða ófyrirsjáanleg.

Dögg og Silja Bára spurðu um „friðhelgi þingmanna“. Það ku vera svoltið vafasamt að setja í stjórnarskrárákvæði um að „játa skýlaust sekt sína“ vegna þess að þá þarf væntanlega að vera hægt að játa sekt sína bæði skýlaust og ekki skýlaust. Aðalástæðan fyrir því að við settum þó inn þessa viðbótargrein um að alþingismanni sé „heimilt að afsala sér friðhelgi“. Það er sú, að þá getur þingmaður í rauninni einn og sér leyft það að sakamál hefjist á hendur honum og sitji ekki í skjóli þingsins án þess að játa sekt sína. Hann getur talið að hann sé saklaus af glæp en vilji samt fá – hvað eigum við að segja? – sýknudóm til þess að sanna það. Það er nú aðalástæðan fyrir að við höfðum þetta svona, eftir ábendingu á opnum fundi í B-nefnd fyrir nokkru síðan.

Nú, nokkrir hafa fundið að því að í 1. gr. í kafla um ráðherra og ríkisstjórn sé ráðherra fært að bóka andstöðu. Það má kannski segja að þetta ákvæði ætti betur heima í 10. gr. sama kafla, um ráðherraábyrgð, af því að þar er fjallað um lagalegu ábyrgðina og það er kannski heppilegra að menn bóki andstöðu sína þegar um er að ræða lagalega ábyrgð, heldur en þegar um er að ræða pólitíska ábyrgð. Og í 1. gr. þarna, þar sem segir að „Ráðherrar sitja í ríkisstjórn“ og „Ríkisstjórn [taki] ákvarðanir sameiginlega“ í vissum tilvikum, þá er fyrst og fremst verið að tala um pólitíska ábyrgð. Þar held ég að það sé alveg rétt að bókun á kannski síður heima en fyrirmyndin er eiginlega sött í 5. gr. laga um ráðherraábyrgð, þar sem segir að ráðherra sem ekki fer með málaflokk geti orðið lagalega ábyrgur ef hann með ráðum og dáð eða atkvæði að öðrum hætti tekur þátt í henni.

SN

Ég þarf að biðja þig um að stytta mál þitt, Gísli.

GT

Já, ég skal gera það. Síðan er í síðustu mgr. 1. gr. ákvæði um stjórnarráð Íslands. Ég held að það væri heppilegt að orða þetta sem „forsætisráðuneyti“ en ég mun sennilega koma með breytingartillögu á síðari stigum.

Ég vil vekja athygli á prentvillu sem ég held að hafi slæðst hérna inn. Það er í 2. gr., um vanhæfi. Ég held að þar eigi að segja að „forsætisráðherra feli mál öðrum ráðherra ef að ráðherra er vanhæfur“. Nú, ég ætla ekki að fjalla um valkostina, þar sem að mér skilst að atkvæðagreiðsla fari ekki fram hér um það en ég vil vekja athygli á mikilvægu nýmæli, sem er í 6. gr., um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra. Það hefur skort í stjórnskipunarrétt hingað til pösítívt ákvæði um að það sé hreinlega óheimilt að segja Alþingi ósatt, þegar ráðherrar eiga í hlut.

SN

Ókey?

GT

Síðan er það í kafla um stjórnslu og eftirlit, 1. gr. þar. Þar er að mínu mati gengið of skammt, eins og Þorvaldur rökstuddi í ræðu sinni áðan og ég geri ráð fyrir að standa að breytingartillögu um þetta á síðari stigum.

Að lokum vil ég vekja athygli á því að umboðsmaður Alþingis... Ákvæðið þar er breytt þannig að með aðstoð

þingsins verður auðveldara að fylgja eftir sérstökum tilmælum umboðsmann í 2. gr. vegna þess að þá á ráðherra að tilkynna forseta Alþingis ef hann hlítir ekki sérstökum tilmælum. Takk.

SN

Lýður Árnason, þú ert næstur. Ég verð að biðja fólk um að stytta mál sitt. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, takk. Ég ætla að vera stuttur. Ég held að Gísli hafi gengið svoltið á minn ræðutíma og fyrirgef honum það, eins og annað. En ég ætla aðeins að svara honum varðandi vandamálið með fjárlögin og fjárukaulögin. Annars vegar sé ég nú ekki fyrir mér – ég á alla vega erfitt með að sjá það – að forseti synji fjárlögum. Hins vegar get ég frekar séð fyrir mér að ýmis mál, framkvæmdir, t.d. bara eins og flugvallarmálið, hin og þessi mál sem eru komin undir fjárlög sem útgjöld, að þeim gæti verið hafnað til málskots. Og það vil ég helst ekki sjá. Þannig að ég held að vandamálið sé fyrst og fremst þetta, að við gætum fengið fullt af málum sem okkur langar að greiða atkvæði um en fáum ekki að greiða atkvæði um það. Þess vegna er ég mjög fylgjandi breytingartillögu þess efnis að þetta verður fellt út. Hitt sem ég ætlaði að segja er nú svona kannski ekki beint á dagskrá þessa fundar en ef það sé tími í lok fundar og fólk vill heyra einhverjar ánægjulegar fréttir, þá bið ég um málið þegar umræðu er lokið. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann, gjörðu svo vel.

EBE

Formaður kær, ágætu félagar. Ég ætla að hafa þetta bara snögg en fara í gegnum nokkur atriði sem hér hafa verið tekin til umræðu. Í undirstöðukaflanum er forseti Íslands kominn inn, eins og þið sjáið, en sagt er að „[r]áðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld [fari], í umboði Alþingis, [...] með framkvæmdarvaldið ásamt forseta Íslands.“ og þetta er auðvitað gert til þess að hnykkja á þingræðisreglunni og þeirri tilhögun að það sé Alþingi sem liggja þarna til grundvallar og ríkisstjórn er ábyrg gagnvart henni. Þannig að okkur finnst mikilvægt að þetta sé áfram inni svona. Lýður hafði nefnt þetta í fyrri ræðu.

Varðandi málskotið, þá er það auðvitað ansi mikið í lagt að vera með þrefalt málskot – 15% þjóðarinnar, þriðjung þingmanna og svo forseta Íslands – og held að við þurfum svona að skoða það kannski upp á nýtt. En bæði Lýður og Katrín Oddsdóttir hafa talað um þessi atriði sem eru undanskilin málskoti – hér eru fjárlög, fjárukaulög, lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðaréttarskuldbindingum – þá er þetta nú allt saman hefðbundið og þegar sagt er „fjárlög“ þá eru það bara fjárlögin sem slík, ekki öll lög sem heimta fjárútgjöld. Þannig að við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því að þetta orðalag sé víðtækara heldur en það sem þarna er sagt. Það eru fjárlögin sem slík sem eru undanskilin, ekki lög sem fela í sér fjárútlát. Bara svo það sé algjörlega á hreinu.

Varðandi 17. gr., um eignir og skuldbindingar ríkisins, þá eru hér uppi hugmyndir og, held ég, breytingartillögur um að slík atriði þurfi að vera háð auknum



meirihluta á Alþingi. Þá vara ég mjög við slíku og finnst þessi grein eiginlega alltof harkaleg. Ríkisstjórn verður að geta brugðist við atburðum sem upp koma. Setjum nú sem svo að á Íslandi verði eldgos og það klári allar fjárheimildir til ófyrirséðra útgjalda og svo gerist það að þjóðvegurinn rofnar vegna flóða á miðju ferðamannatímabili. Þá, í slíku ímynduðu dæmi, væri ríkisstjórninni óheimilt að bregðast við þeim vanda, án þess þá... eins og í okkar tillögu, þá þyrfti að kalla saman fjárlaganefnd – og þarna finnst mér eiginlega of langt gengið. Og hvað ef fjárlaganefnd er uppi um fjöll og firnindi og úti um heim í sumarfrí? Hvað gerist þá? Er þá ekki hægt að brúa veginn á ný? Verður þá þjóðarbúið að verða fyrir því fjártjóni sem þarna er? Ég held við þurfum að hugsa þessa hluti til enda. Það er ekki hægt að binda möguleika ríkisins til þess að bregðast við aðstæðum með þeim hætti, jafnvel þeim hætti sem við erum að leggja til hér og alls ekki með auknu samþykki á Alþingi sem enginn veit hvort hægt sé að kalla saman eða ekki í tæka tíð.

Nú, í kaflanum um ráðherra og ríkisstjórn, þá gerði Lýður og, held ég, einhverjir fleiri athugasemd við það, í 1. gr., um ríkisstjórnina, að ráðherra geti bókað andstöðu, en það kemur auðvitað í beinu framhaldi af því að við segjum að í mikilvægum og stefnumarkandi málefnum, þá taki ríkisstjórnin sameiginlega ákvörðun. Það gerir hún ekki í dag. Og þarna er öll ríkisstjórnin gerð samábyrg fyrir ákvörðun og vegna þeirrar breytingar sem við erum að leggja fram, þá verður ráðherra að geta bókað andstöðu við slíkar ákvarðanir og auðvitað opnar það fyrir misnotkun og lýðskrum, að ráðherrar sem vilja slá sér til riddara, séu að bóka slíka andstöðu. En ef við ætlum að halda til streitu hugmyndinni um fjölskipað, samábyrgt stjórnvald í mikilvægum og stefnumarkandi málefnum, þá verður þetta ákvæði að vera til staðar, að mínu viti.

Í 3. gr., um stjórnarmyndun, þar erum við Gísli og Íris Lind með svolitla breytingartillögu. Þar er sagt í aukasetningu, að ráðherrar skuli ekki vera fleiri en tíu talsins en við leggjum til að það fari út, enda kannski full mikil stýring á möguleikum stjórnvaldsins til þess að skipuleggja sig sjálf. Varðandi þessa blessuðu valkosti, þá er ég hræddur um að sú umræða sé ekki alveg nægjanlega þroskuð. Við höfum t.a.m. ekki farið í gegnum það með nægjanlega opin augu hvaða afleiðingar það myndi hafa ef að ráðherrum yrði fyrir-takslaut gert að segja af sér þingmennsku. Þá væri t.a.m. hægt að sjá það fyrir sér, að það myndi hafa mikil lönunaráhrif á ríkisstjórnina, að það yrði miklu erfiðara að skipta út ráðherrum og þetta er ekki sagt af sérstakri umhyggju fyrir ráðherrum, eins og sumir hafa haldið fram, heldur einfaldlega vegna þess að fólk er jú mannlegt og ef að menn sjá fyrir sér að ráðherra, sem settur er út, verði þar með atvinnulaus, þá þarf engan sérstakan sálfræðisnilling til þess að átta sig á því að það verður erfiðara að vikja honum, heldur en ef hann hefur að einhverju að hverfa. Það er einfaldlega bara mannlegt. Og það er líka hægt að sjá fyrir sér að ríkisstjórn, sem er komin að fótum fram og myndi vilja skila umboði sínum og heimila það að ný stjórn yrði kosin á Alþingi, að hún myndi veigra sér við að gera það, einfaldlega vegna þess að þá yrði hún í heild sinni atvinnulaus. Og þá myndu menn hanga á þessu eins og hundar á roði. Ég get séð fyrir mér ýmsa aðra verulega slæma ókosti við valkosti II, sem mér finnst gera hann

þannig úr garði, að hann sé í rauninni algjörlega ómögulegur, hann sé eins og kjarnorkusprengja sem að muni sprengja upp allt okkar starf og gera að engu, ef við myndum hafa það þar inni. En ég er ekki búinn að hugsa mig í gegnum það til enda og held að ég þurfi svolítið meiri tíma til þess að átta mig á því, áður en ég get tekið upplýsta umræðu [átt við ákvörðun?] og mér finnst ekki alveg með öllu útilokað að slíkt eigi einnig við um aðra ráðsfulltrúa; þeir gætu líka þurft að gera sér þetta betur í hugarlund. Þá ætla ég einvörðungu að nefna þetta með embættisráðningakaflann. Það er auðvitað alveg rétt hjá sessunauti mínum hér, að það þarf að samræma þetta við það sem nú er inni í áfangaskjalinu skv. C-nefnd og mér skilst að slík breyting sé einmitt í undirbúningi hjá þar til bærum aðilum. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson, gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

ES

Formaður. (Fyrirgefði, ég má ekki vera að því að trufla fund hér við hliðina á mér.) Formaður, góðir fundargestir og félagar í Stjórnlagaráði. Það er svo að það er stórmál til umræðu og ekkert hægt nema drepa á þau. Ég stend að tillögum B-nefndar, í mörgum tilvikum sem minnihlutamaður en meirihlutamaður, en ég þarf að gera grein fyrir nokkrum sem ég hef aðra sýn á heldur en nefndarfélagar mínir flestir; en við höfum þó verið tveir eða þrír í minnihluta þar í ýmsum málum.

Og það er t.d. atriði sem varða dómara – af því að ég tek það næst hérna, fyrst – að mér finnst það ekki geta verið að þó við samþykkjum í dag óbreyttar tillögur nefndarinnar inn í áfangaskjal, að það feli í sér að það eigi að breyta áður samþykktum tillögum C-nefndar inn í áfangaskjal. Þannig að þó það sé samþykkt með ákvæða um skipun ráðherra á dómurum, þá verður að gera samþykkt, þannig að það má ekki breyta í C-skjali, án samþykktar frekari, þ.e. þessi samþykkt hugsanleg á B-tillögunum er ekki æðri C-nefndar-samþykktinni; það verður að vinna úr þessu hvoru tveggja.

Það er nú svo, að það eru atriði um meðferð og flutning þingmála. Mér finnst það of mikið, sem er verið að gera, að segja fyrir um meðferð þingmála í smáatriðum. Ef við ætlum að treysta Alþingi til þess að kjósa ríkisstjórn, þá hljótum við að treysta þeim til að velja eigin dagskrá og setja eigin þingsköp. Mér finnst alltof mikið að taka fram hvernig forseti þingfesti mál og nefndir í smáatriðum starfa. Þetta eigum við að láta þinginu eftir. Það er hægt að setja því rammann. Þannig að ég myndi vilja að meirihlutinn af 13. gr. félli niður og það yrði að öðru leyti kveðið á um meðferð þingmála í lögum, eins og segir síðast.

Það er um stjórn þingsins. Ég hef verið æ efa-gjarnari, eftir því sem tímar líða fram, að samþykki 2/3 meirihluta á þingforseta að hann segi af sér eða víki úr þingsæti, að þetta eigi við rök að stýðjast eða sé nógu gott. Ég flyt þó ekki um þetta breytingartillögu. Mér finnst óeðlilegt að minnihlutaaðili í nefndinni flytji breytingartillögur en ég hins vegar áskil mér rétt til að taka undir, verði aðrir til að flytja tillögu í þessum efnum sem öðrum.

Þetta með 2/3 er líka svolítið athugasemdvætt. Ég held að maður hafi skilið „aukinn meirihluta“ sem meirihluta

þingmanna, ekki hugsanlega meirihluta atkvæða sem yrði túlkað þannig að það væri bara greidd atkvæði með og á móti. Með því gæti aukinn meirihluti farið niður í 22 miðað við 63, þannig að 33 greiða atkvæði, 30 sitja og 2/3 af þessum 33 séu 22. Þetta held ég að við ætlumst ekki til, enda er það sem í gömlu stjórnarskránni segir um þrennuhlut(?), þar sem m.a. er talað um að forseti verður settur af af meirihluta Alþingis, þá eru það ¾ þingmanna að greiða því atkvæði, ekki ¾ atkvæða. Og þetta held ég að verði að athuga í öllu samhengi við 2/3-ákvæðið, að þar sé meirihluti aukinn en ekki hugsanlegur minnihluti, eftir sem áður.

Nú, um staðfestingu laga, þá er það gr. 14. Það er rétt að tímafrestir eru svolítið ósammála en ég vil þó vekja athygli á því að það er ekki forseti sem hefur hálfan mánuð, það er Alþingi sem gefur honum fyrst hálfan mánuð eða allt að hálfum mánuði en þá verða send honum lög til staðfestingar. Hann hefur viku eftir það. Og það er óþarflega langur tími. Það mætti vera vika fyrst til að ganga frá málinu á þingi, ef það er ekki þegar tilbúið, ætti að vera algengara að það sé sent einhver þess háttar mál strax í Bessastaði og það væri eðlilegt að hafa bara þrjá-fjóra daga hvort um sig fyrir forseta eða Alþingi, þannig að það taki fljótt af. Og það verður að hafa stuttan frest, því það er líka hvort þingið ákveði að draga samþykkt sína til baka vegna þess að það verður að undirbúa kosningar fyrir en seinna og það er ekki hægt að ætlast til þess að þingið dragi til baka eftir því sem skoðanakönnunum líður, eftir því sem nær dregur kosningum.

Það er aðeins um greiðsluheimildir og fjáráukalög. „Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum.“ Múlakvísl greiddi atkvæði um þetta. Það segir hvað þetta væri gáfulegt ef að þetta væri eitt sér.

Um hagsmunaskráningu og vanhæfi þingmanna í 23. Þar er setning sem geldur þess að hafa verið stýtt úr umhverfi sínu í gömlu stjórnarskránni. „Vanhæfi hefur ekki áhrif á gildi settra laga.“ Þetta er eiginlega ekki hægt. Þessu þarf að breyta. Þó að vanhæfni seint uppgötivist hafi ekki áhrif á atkvæðagreiðslu, það er rétt að þá hefur ekki áhrif á gildi settra laga. Það má ekki taka það þannig. Þá er vanhæfið til einskis, ef að þingmaður, vitandi vits, greiddi atkvæði með vanhæfi.

Og 26, Þingrof: „Forseti Alþingis rýfur Alþingi að ósk þess.“ Það hefur verið bent á það, m.a. Eiríkur Tómasson, að þetta orðalag væri hæpið og það verður að vera að vanhæfið og þingrofið verður að haldast í hendur einhvern veginn. Það er ekki endilega samfara en ekki nauðsyn á þingrofi þó að vantraust sé samt samþykkt. Hins vegar, verði vantraust samþykkt, horfir öðru vísi við. Lögrétta er svolítið vandræðaleg síðan hún missti stjórnlagadómstólshugmyndina, sem var snemma, og hefur verið svona heldur vandræðaleg síðan. En það er um ríkisstjórnina næst og „[b]óki ráðherrann andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni“. Þetta gengur nú ekki, eins og hefur verið sagt. Við þurfum að fella þessa setningu niður. Svo er það stjórnarmyndunum, 3. Hér er kostað kapps um það að koma forseta, þó hann skipi, þá sé hann fyrirferðarminnstur í þessu. Og það er það sem hefur víðar verið tilhneiging til, eins og að taka hann út úr löggjafarvalds-tilnefningunni. Það er búið að koma honum inn sem handhafa framkvæmdarvalds í tillöggunni. En þrátt fyrir ábendingar færustu lögmannna og

vilja mikils hluta ráðsmanna ábyggilega er þetta ekki komið inn ennþá, sem að verið er að taka út úr gömlu stjórnarskránni, miðað við hana. Og það er svo að þegar að deilt er um mál og menn reyna að sameinast um niðurstöðu, þá er svo þannig að það verða allir að slá eitthvað af sínum hugmyndum og jafnaðir en mér í þessum og fleiri efnum að þeir sem eru ákveðnastir í þessu, að gera forsetahlutinn sem minnstan og fá honum ekki skipunarvald á dómurum, þeir séu nú búnir að vera að hirða alla hendina af hinum, sem rétt hafði verið fram til sátta.

Þetta með ráðherra, hvort hann á að segja af sér eða víkja úr sæti, þ.e. gallinn við það að víkja sæti er sá að þá verður ríkisstjórnin alveg endalaust lafandi á setu varaþingmanna sem vilja ekki sleppa sínu beini í þingsætinu og því halda þeir sínum mönnum von úr viti í ráðherraembætti. Þannig að það er ekki bara hinn gallinn.

Og svo myndi ég, svona að lokum, bara skjóta að atriðum í sambandi við forsetakaflann. Það er svona þegar maður ætlar að fara að skrifa greinargerð, þá flögrar ýmislegt í hug sem betra væri að hafa svona viljann fyrir, þó við höfum ekki sett það upp í frumvarpinu. Það er t.d. eins og með hvort það væri rétt að taka búsetu forseta fram. Það segir í gömlu stjórnarskránni, sem verður vonandi bráðum heitin, að aðsetur forseta sé í Reykjavík eða nágrenni. Það var ekki búið að taka Bessastaði eða ákvörðun um að þetta yrði þarna þegar þetta var, líklega. En það er hvort eigi ekki bara að setja Bessastaði í stjórnarskrána. Og á sama hátt er það með kjörtímabil forseta, sem ég held að geti verið ágætt að kosningar sköruðust sem oftast á við alþingiskosningar, að það væri ekki á sama ári, þannig að ef það lenti svo á einu kjörtímabili að það félli saman, ef stýttist kjörtímabil, þá væri það búið á því næsta ef það væri reglulegt, hvort það væri ekki eðlilegra að kjósa forseta til fimm ára og láta kjörtímabilið vera frá 1. júlí til 30. júní, frekar en frá 1. ágúst til 31. júlí, eins og núna er. Við vitum að þjóðfélagið er óvirkt að miklu leyti vegna sumarleyfa og annars við 1. ágúst, þó það verði toppur á þessu ári jafnvel, þegar við skiljum af okkur. Ég held að þetta væri eðlilegra að taka til umfjöllunar í lokafrágangnum.

Nú, að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu en ég vona það að dómaravaldið, það er mér mikill áhugi, að það sé ekki pólitískur ráðherra sem skipar dómssvaldið. Mér finnst þetta ekki nægileg til-laga um nefnd, sem er auk þess óklár, þannig að það er ekki uppfyllt ákvæði sem ætlast var til um að þetta tæki til annarra embætta. Það segir að það „má“ láta það taka til annarra embætta. Það er lélegasta orðalag sem hægt er að kveða á um. Það er, eins og segir: „Enginn getur setið nema átta ár í sama ráðherraembætti“. En „getur“ að vísu en hann má það ekki. Það er kannski annað atriði. En það er með nefndina að það er ekki hægt að afgreiða það í óskrifuðu blaði með tilliti til forstöðumanna stofnana og annarra embættismanna. Og dómssvaldið er eðlilegast að sé ekki undir framkvæmdarvaldi pólitískra flokka beint. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson, gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil nú bara fagna þessu undri sem var að gerast, að við vorum

að sjá stjórnarskrána fæðast og þetta gamla tré, það er að laufgast á ný og nýjar greinar að vaxa á því og það er stórkostlegt að fylgjast með þessu. Ég þakka B-nefnd fyrir gott starf og fagna því hér, að í 1. gr. hér um handahafa ríkisvalds, að þar er forseti talinn meðal þeirra sem hafa með höndum framkvæmdarvald. Ég hef ekki viljað gera miklar breytingar á forseta-embættinu en tel þó að þurfi að skerpa á valdmörkum, einkum hvað varðar það, að synja lögum staðfestingar. Varðandi þann þátt, sem getið er um hér í 14. gr., Staðfesting laga, þá er talað um að ákvörðun forseta þurfi að vera rökstudd. Ég hef áður bent á að þetta setji forsetann í óæskilega stöðu. Auðvitað getur hann rökstutt málið með því að vísa til þjóðarinnar eða að tala um „gjá milli þings og þjóðar“ o.s.frv. en ef hann þarf að setja fram rökstudda skoðun, hvort sem hann gerir það sem privatpersóna eða embættismaður (amperson), þá þyrfti hann, að mínu mati, að leggja embætti sitt að veði. Ef að hans rökstuðningi eða skoðun er hafnað þjóðaratkvæði, þá finnst mér að hann þurfi að leggja embætti sitt að veði. Þannig að ég bið ykkur að skoða þetta betur með rökstuðninginn. Það verður þá í það minnsta að útfæra það í greinargerð hvað er átt við með „rökstuðningi“. Ég fagna því hér í 17. gr. að komið er inn að stjórnvöldum sé óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila og, í framhaldi af því sem Pawel sagði, kannski í gríni – ég veit það ekki – þegar hann talaði um frjálshyggjuna, þá finnst mér að frjálshyggjan eigi að vera sjálfri sér samkvæm og standa á eigin fótum en sitja ekki í kjöltu ríkisvaldsins. Frjálshyggjan á að vera óháð, er það ekki?

Og svo er spurning hér í 19. gr. um, að fengnu samþykki fjárlaganefndar, þegar talað er um aukaútgjöld, hvort það þurfi ekki að hafa inni orðið „fyrirfram“ til þess að hnykkja á því að það verði ekki farið í kringum þetta samráð, sem er svo mikilvægt í lýðræðisþjóðfélagi. Aðeins hérna í kringum valkostina, á einni blaðsíðunni hér, 5. lið, Ráðherrar og Alþingi, þá held að það væri kannski best að við tækjum það sem gengur lengst og hefðum alla valkosti inni áður en að gerð verður hér kosning eftir SVT eða... og þá séu allir kostirnir uppi á borðinu og þá mætum við þörfum allra.

Þá ætla ég bara í stuttu máli – ég skal vera fljótur því að það eru margir búnir að koma inn á atriði sem ég sleppi – en hér í kafla um stjórnsýslu og eftirlit, um skipun embættismanna, þykir mér of veikt að segja að ákveða megi með lögum að skipun í önnur embætti skuli fara fram með sama hætti og talað er um hér að framan um dómara og ríkissaksóknara og fleiri. Mér finnst að þessar stofnanir skipti svo gríðarlega miklu máli, sem eiga að skapa hér hlutbundin vinnubrögð og tryggja það að stjórnvöld geti stuðst við alvöru álit alvöru stofnana og þess vegna þarf að standa sérstakan vörð um þessar stofnanir og tryggja þeim sjálfstæði og tilverugrundvöll. Í sambandi við þetta, þá ætla ég aðeins að koma að hugtakinu „umboðsmaður Alþingis“, sem að er ágætt hugtak og það er þá haldið áfram með núverandi hugtak. En ég var sjálfur svo hrifinn af hugtakinu „ármaður Alþingis“. Það er auðvitað gamalt og rómantískt og ég veit að það þýðir kannski ekkert að tala um það. En ég ætla að segja ykkur af hverju ég nota þetta. „Ármaður“ skv. orðabók er umboðsmaður konungs eða stórhöfðingja. Orðið getur líka þýtt verndarvættur, hollvættur í fjalli eða steini, sbr. ármaður í Ármannsfelli. Og þá ætla ég að koma aftur að þessum

stofnunum sem eru svo mikilvægar fyrir þjóðfélagið. Þær eru Ármannsfell. Þær eru skjól og veggir til þess að vernda okkur fyrir flóðbylgjum ágangs og ásælni og gróðahyggju og ég veit ekki hvað: spillingar og hvað má segja. Og það er gríðarlega mikilvægt að þessar stofnanir, sem að Þorvaldur Gylfason nefndi svo vel og fór vitrum orðum um hér áðan, að þær standi nánast óhagganlega. Það er búið að selja eitt Ármannsfellið eða eitt Ármannsfellið hvarf, ein Esjan var seld og við sáum það að hrunið, það sem gerðist er að fólkið vildi taumlaust frelsi og fékk það frelsi og frelsið lét eins og ofvirkur unglíngur með athyglisbrest á meðan að eftirlitskerfið var ekki enn komið á gelgjuskeið, var bara barn í bleiu og á brjósti. Og það er þetta misræmi í okkar hegðun sem skemmir og skaðar svo mikið. Og af því að nefndar voru hér mikilvægar stofnanir, þá ætla ég að nefna eina sem að Þorvaldur nefndi líka en er þó ekki í þessum sama flokki og það er kirkjan. Hún átti ekki sök á hruninu. En kannski hefur dvínandi áhugi fólks á kirkjunni og boðskap hennar haft eitthvað að segja varðandi það hvernig fyrir okkur er komið. Og þar með er kirkjan orðin ein af þessum Ármannsfellum sem þarf að varðveita. Takk fyrir.

SN

Þá tekur til máls Vilhjálmur Þorsteinsson og ég bið jafnframt varaformann, Ara Teitsson, að taka við fundarstjórn.

VÞ

Formaður og ágætir ráðsfulltrúar. Ég ætla bara þá að stikla á stóru. Það er búið að koma fram svör við ýmsu sem hefur verið nefnt og sérstaklega var Gísli Tryggvason duglegur við það að svara fyrir hönd nefndarinnar og ég veit að formaður nefndarinnar mun gera það líka á eftir. En það eru nokkur atriði sem mig langar að tæpa á.

Menn hafa minnst á það atriði í tillögum okkar, sem er reyndar ekki svo sem hluti af þessum breytingartilögum hér, en þetta með að forseti Alþingis skuli vera kjörinn með 2/3 hluta atkvæða og ég verð að segja, eftir því sem starfi okkar hefur undið fram, þá hef ég orðið bara sífellt sannfærðari um að þetta sé rétt. Við erum að fela forseta Alþingis m.a. að vera staðgengill forseta Íslands. Við erum líka að fela honum að undirrita lög frá Alþingi áður en þau ganga svo til forseta Íslands og með ýmsum öðrum hætti, þá erum við að gera forseta Alþingis að... þetta verður virðingarstaða. Og ég veit líka, hef hlerað það utan af mér hjá þeim sem hafa komið að þingstörfum og þekkja þetta ágætlega, að mönnum finnst þetta hljóma vel, að þingforseti njóti stuðnings 2/3 hluta og það auðveldi sömuleiðis forseta Alþingis störf sín ef hann er ekki sjálfur með atkvæðisrétt og er að taka afstöðu í jafnvel umdeildum málum. Ég er sannfærður um að þetta sé rétt og góð tillaga hjá okkur. Varðandi meðferð lagafrumvarpa. Það hefur svolítið verið rætt og það er ekki skrítið. Þetta er mál sem er búið að vera mikið í deiglu hjá okkur í nefndinni. Ef við skoðum aðeins hvernig lagafrumvörp verða til, þá er það þannig í dag, að það er fyrst og fremst um að ræða annars vegar stjórnarfrumvörp og hins vegar þingmannafrumvörp eða frumvörp alþingismanna. Við höfum það alveg skýrt í ferlinum hjá okkur, bæði í greininni um ríkisstjórn, að á vettvangi ríkisstjórnar þarf að samþykka frumvörp og tillögur

til Alþingis, það þarf að halda ríkisstjórnarfundum um frumvörp og tillögur til Alþingis, þar sem ríkisstjórnin þarf að samþykkja á sínum vettvangi að leggja fram stjórnarfrumvörp og tillögur til þingsályktana. Nú, þau ganga til þingsins og það er í ráðherrakaflanum talað um að semsagt: „Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir“. Þannig að stjórnarfrumvörp, þau ganga til þingsins ef þess er óskað og eftir atvikum, þá geta ráðherrar mælt fyrir þeim þar og svarað fyrir þau. En þau ganga alltaf til nefndar, það er semsagt áskilið í grein okkar um meðferð þingmála, um meðferð lagafrumvarpa hérna nr. 12, þar sem þau eru tekin fyrir og rædd í nefnd og síðan er mælt fyrir þeim út úr nefndinni af formanni eða talsmanni nefndar og síðan, eftir atvikum, þá talsmönnum minnihluta. Og, eins og ég segi, ráðherra getur komið þarna inn í umræðu ef að þingið óskar. Þarna er náttúrulega það nýmæli á ferðinni, eins og Íris Lind nefndi, að við erum í raun að fella niður þessa núverandi 1. umræðu. En tilfellið er að í mjög mörgum tilvikum er 1. umræða einungis framsaga og svo vísun til nefndar. Það gerist stundum að það upphafst umræða í 1. umræðu og það eru jafnvel dæmi um það að hún hafi staðið dögum saman, t.d. um nýlegt frumvarp um stjórnarráð Íslands. Og sannast sagna, þá erum við bara með opin augun að leggja það til að þetta verði ekki lengur svo. Við erum að reyna að færa þingið frá því að vera svona – hvað eigum við að segja? – átakavettvangur yfir í að vera meira vinnuþing og við teljum þetta vera leið að því markmiði og að það saki alls ekki þó að frumvörp séu tekin fyrst til umræðu í nefnd, stjórnarandstaða fái að koma þar að þeim, síðan koma þau út úr nefnd og eru rædd við tvær umræður í opnu þingi. Þannig að þetta er okkar hugmynd. Hins vegar má náttúrulega segja að orðalagið „Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi“, það útilokar auðvitað ekki að í þingsköpum mætti kveða á um 3. umræðuna þegar sérstaklega stendur á eða forseti gæti tekið ákvörðun um slíkt eða þannig. Þannig að það er út af fyrir sig ekki verið að loka á það að það gætu verið þrjár umræður og þinginu er falið það vald í þingskaparlögum.

Það er hérna í meðferð þingsályktunartillagna. Það er auðvitað rétt ábending hjá Írisi Lind að þarna er verið að tala um heimild til fullgildingar þjóðaréttarsamninga og það má kannski segja, eins og tillögurnar hjá okkur eru núna, þá mætti sú heimild út af fyrir sig detta út, því að hún fellur bara undir meðferð annars vegar lagafrumvarpa og hins vegar þingsályktunartillagna, þannig að það má alveg skoða það. Það er svo sem ekkert verið að bæta miklu við, nema svona til áréttingar og skýringar. Mikilvægir þjóðaréttarsamningar auðvitað eru mikilvægar ákvarðanir í þinginu. Varðandi staðfestingu laga, þá höfum við rætt þetta svoltið með hvort forseti Íslands eigi að rökstyðja ákvörðun sína og að sjónarmið hefur orðið ofan á að þetta eigi ekki að skoðast sem einhver geðþóttaákvörðun, heldur verður forsetinn að sýna – hvað eigum við að segja? – þinginu og svo þjóðinni þá kurteisi að rökstyðja sína ákvörðun og okkur finnst það vera rétt. Það hefur verið hnýtt í það hvort þurfi að segja „ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda gildi sínu“. Menn spyrja: Er þetta ekki selvfølgelighed? En það var nú þannig 2004, þegar að fjölmiðlafrumvarpinu var

vísað til þjóðaratkvæðis, að þá upphófust nú miklar deilur í fjölmiðlum um hvernig ætti með þetta að fara allt saman og það voru m.a. sjónarmið uppi um það að það ætti að einhvers konar aukinn meirihluti eða einhver skilyrði í atkvæðagreiðslunni. Þannig að það er nú ástæðan fyrir því að okkur finnst full ástæða til þess að taka þetta fram, þó menn kynnu að ætla að þetta væri augljóst.

Nú, síðan vil ég bara almennt vekja athygli á því að það er náttúrulega ennþá mjög vel í lagt, að forseti og þriðjungur þings geti vísað lögum til þjóðaratkvæðis og ég myndi nú segja að við ættum á endanum að ákveða okkur hvort að ætti ekki bara að vera annað hvort af þessu tvennu en ekki hvort tveggja.

Ég vil síðan bara áréttu það sem að Gísli svo sem sagði með skipan skattamála, að þetta bann við afturvirkum skattalögum er í núverandi stjórnarskrá og það hefur ekkert hamlað þeim sköttum sem menn eru með í dag, eins og eignasköttum og auðlegðarskatti. Menn hafa aðeins verið að spyrja um þetta í kaflanum um ríkisstjórn, að þegar að ríkisstjórn tekur ákvörðun sameiginlega, að þá er sagt hér: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni.“ Þetta er að finnskri fyrirmynd og þetta er, að mínu mati, alveg nauðsynlegt, eins og Íris Lind reyndar benti líka á. Aðild ráðherra að ákvörðun í ríkisstjórn, sameiginlegri ákvörðun, bakar honum lagalega ábyrgð. Þetta varðar við ráðherraábyrgð hans og við því liggur hugsanleg refsins. Og það er ekki hægt að bjóða ráðherra upp á það, að hann sé nauðgugur að taka þátt í ákvörðun og bera lagalega ábyrgð á henni ef hann er henni ekki sammála. Hann verður að geta bókað sig frá þeirri ábyrgð. Það bara er ekki hægt að hafa það öðru vísi. Þannig að það er verið að tala þarna um lagalegu ábyrgðina. Nú, ef að ráðherra gerir þetta endurtekið, þá auðvitað fer það að varða við hans pólitísku ábyrgð. Þá fer forsætisráðherra auðvitað að velta því fyrir sér hvað hann sé að gera með þennan ráðherra innanborðs sem getur ekki staðið almennt að störfum stjórnarinnar og fer þá auðvitað að velta því fyrir sér að skipta honum út. Nú eða að þingið fer að velta því fyrir sér að samþykkja á hann vantraust. Með stjórnarmyndunarákvæðið, þá spurði Kata: af hverju erum við með þennan tíu vikna frest og ætti hann ekki að vera einhver annar? Þetta er einfaldlega til þess að ramma af þetta stjórnarmyndunarferli og bara gera það alveg ljóst að það getur ekki tekið nema ákveðinn tíma, það verður að vera einhver viðlagaklásúla þarna, þannig að ef þetta fer úr böndum, þá sé ljóst hvað gerist. En þetta mun að sjálfsögðu, með þessu vel skilgreinda ferli sem við erum með þarna, þá mun væntanlega ekki koma til þessa.

Svo var það hérna um embættaskipanirnar, þarna 1. gr. um skipun embættismanna, sem menn hafa verið að ræða um og Kata spurði okkur um þetta með þessa skipan sem að eigi að tryggja að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði. Og að sjálfsögðu stendur það til að skrifa í greinargerð og það er til texti nú þegar um þessa möguleika sem við vorum að tala um áðan hvernig við sjáum þetta fyrir okkur. Þessi skýringartexti sem er hér með í þessu plaggi er bara örstutt samantekt og það er til miklu ítarlegri og verður til miklu ítarlegri greinargerð um það hvernig við sjáum þetta allt saman fyrir okkur. Þannig að menn geta huggað sig við það að þar verður þetta allt lagt upp og tekið mið af viðræðum í

ráðinu og þeim breytingartillögum og hugmyndum sem hafa komið frá ráðsfulltrúum; það stendur til að gera grein fyrir þeim. Við erum með smá vanda hérna, sem menn hafa bent á, að með samþykkt þessa ákvæðis inn í áfangaskjal, þá erum við hér að samþykkja texta sem er „Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar.“ Með því erum við að segja það að ráðherra skipi dómara en það stendur fyrir í áfangaskjali, frá nefnd C frá fyrri fundi, að forseti skipi dómara, ef ég man rétt. Út af fyrir sig er það sem gerist næst... Nú erum við að klára áfangaskjal. Það sem gerist næst er að það gengur til stjórnar stjórnlagaráðs og hún á skv. starfsreglum að undirbúa frumvarp til stjórnarskipunarlaganna. Og það er ekkert áskilið um það að stjórn verði að hafa texta áfangaskjals alveg óbreyttan þegar hún gerir sína tillögu og alltaf gert ráð fyrir því að t.d. textayfirferð yrði gerð þarna á milli o.s.frv. Þannig að ég myndi nú vilja velja því upp bara hvort að, ef að nefnd C t.d. væri sáttt við það að þarna færi fram ákveðin breyting, að þá, ef að ráðið er að samþykkja þennan texta núna, að þá geti stjórnin svona tekið það sem ábendingu, að menn séu sátttir um að þessi efnislega meðferð dómarskipunar sem hér er, að hún verði í frumvarpinu. En það er náttúrulega stjórnar svo sem að meta. Já, svo bara rétt í lokin. Menn hafa talað um sjálfstæðar stofnanir og starfsemi stofnana: Fjármálaeftirlit, Samkeppniseftirlit o.s.frv. Ég vil bara minna menn á það, að Ísland er aðili að Evrópska efnahags-svæðinu. Samkvæmt EES-reglugerðum og Evrópusambandsreglum, þá verðum við að hafa fjármálaeftirlit og það verður að uppfylla tiltekin skilyrði og það verður að vera samræmt því sem gerist á EES-svæðinu. Með sama hætti verðum við að hafa samkeppniseftirlit og það verður að uppfylla ákveðin skilyrði. Þannig að á meðan við erum ennþá aðilar að EES – og vonandi náttúrulega Evrópusambandinu í framtíðinni – þá kemur það ekki til álita að leggja niður þessar stofnanir. Við yrðum að ganga úr EES fyrst, til þess að það yrði löglegt. En þetta er það sem ég vildi sagt hafa. Takk.

AT

Salvör Nordal, gjörðu svo vel.

SN

Já, takk fyrir. Fundarstjóri, kæru vinir. Ég tek nú til máls sem fulltrúi í ráðinu um breytingartillögur B-nefndar. Heildartillögur nefndarinnar lágu fyrir í síðustu viku án skýringa og nú, á þessum fundi, liggja fyrir breytingartillögur á fjölmörgum greinum inn í áfangaskjalið. Ekki verður hjá því komist að hæla nefndinni fyrir umfangsmikið starf og elju, enda liggja undir hátt í 70 greinar í stjórnarskránni og margt er þar vel gert. En hér eru gríðarlega mörg, stór og vandasöm mál undir – forseti Íslands, Alþingi, ríkisstjórn, eftirlitsstofnanir – og flestu breytt með einhverjum hætti. Eins og oft hefur komið fram á opnum nefndarfundum og öðrum fundum í ráðinu á undanförunum vikum, hef ég lýst yfir talsverðum efasemdum um að svona langt eigi að ganga í breytingum. Ekki vegna þess að ég sé á móti breytingum í sjálfu sér og þess vegna róttækum breytingum, heldur vegna þess að ég hef ekki verið sannfærð um að þær nýju leiðir sem valdar eru leiði til betra kerfis en þess sem við nú þegar höfum. Ég taldi því vænlegra að við reyndum að

gera breytingar innan núverandi kerfis fremur en að reyna að smíða nýtt. Svo ég taki líkingu úr leikhúsinu taldi ég nóg verkefni að setja upp leiksyningu, þó ekki þyrfti líka að smíða leikhúsið jafnframt. Þegar farið er í slíkar grundvallarbreytingar verður að liggja ítarlegur rökstuðningur fyrir á því hverju er breytt, hvers vegna og hvernig nýjar tillögur eigi að leysa gamlar af hólmi. Því miður koma tillögurnar núna til okkar með frekar litlum skýringum, enda hefur tíminn verið af skornum skammti og því ekki gott að gera sér ljóst hvað breytingarnar fela í sér. Svo boða nefndarmenn hér á þessum fundi og aðrir fundarmenn fjölmargar breytingartillögur á síðari stigum.

Vert er að taka skýrt fram að B-nefnd hafi ekki auðvelt málefni á sinni könnu. Hún fer þá leið að gera grundvallarbreytingar á helstu valdþáttum frá núgildandi stjórnarskrá. Þetta krefst ítarlegs rökstuðnings og þess að við höfum heildstæða hugmynd um það, að hverju við erum að stefna og að baki liggja ákveðin heildarsýn. Og flest þessara efna hefðu þurft talsvert mikla umræðu í ráðinu en sú umræða hefur lítt eða ekki farið fram. Ég nefni nokkur dæmi: breytt staða forseta Íslands, skilgreining á verulega auknu hlutverki Alþingis, breytt meðferð þingmála og hér hefur verið bent á mögulega minna gegnsæi og/eða óskýrri ábyrgð heldur en nú er, breytingu á staðfestingu laga, ríkisstjórn sem fjölskipað stjórnvald og aukin ábyrgð forsætisráðherra, álitæfni tengd því hvort ráðherrar eigi að sitja á þingi, víkja þingsæti eða segja af sér og einn nefndarmanna hefur einmitt talað um það að hér hafi umræðan náð nógu miklum þroska í þessum efnum. Þetta er aðeins nokkur þeirra stóru efna sem finna má í tillögum nefndarinnar. Hvert þeirra verðskuldar talsverða greiningu og ekki síst þarf að greina flókið samspil þeirra og síðan auðvitað samspil þeirra með tillögum annarra nefnda. Sumar þessara tillagna þyrftu við því talsverðan tíma til að skoða og greina og fá að þroska saman. Því miður höfum við ekki tíma til þess núna, þegar upp er runninn síðasti ráðsfundur áður en frumvarpið er útbúið.

Markmið nefndarinnar eru góð og ég er sammála þeim: aukinn skýrleiki og ljósari ábyrgð. Ég hef hins vegar verulegar efasemdir um að tillögurnar nái því markmiði og hafi jafnvel í mörgum tilfellum þau áhrif að gera hlutverkin óskýrari. Alþingi er í tillögnum nánast færð mjög mikil völd, öll völd mætti jafnvel segja og dregið verulega úr framkvæmdarvaldinu og temprun forsetaembættisins. Ég sé ekki að það þjóni markmiðinu um aukna valddreifingu og temprun valds. Ég nefni dæmi: Hvað er átt við með því að segja að „ríkisstjórn fari með framkvæmdarvald í umboði Alþingis“? Er hér um stigveldi að ræða en ekki hefðbundin aðgreining ólíkra valdþátta? Hvaða áhrif hefur það á málskotsrétt forseta að hann hefur ekki lengur löggjafarvald? Forseti Alþingis gegnir því hlutverki nú að staðfesta lög ásamt forseta Íslands: Hvaða aukinni ábyrgð fylgir það? Forseti Alþingis er eini handhafi forseta Íslands og það tengir forsetaembættið skýrar Alþingi frá því sem nú er: Hvaða áhrif hefur það? Ráðherrar eru sagðir æðstu handhafar framkvæmdarvalds en þó er forseti Íslands með framkvæmdarvald: Er hann þá ekki lengur æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins? Og svona mætti áfram telja.

Tillögur nefndarinnar eru margar góðar og athyglisverðar en þær sem snúa að skilgreiningu valdþáttanna,

temprun valds og ábyrgð, nokkuð sem ég hef haft mikinn áhuga á í þessu starfi öllu, skortir útfærslu og margar hugmyndanna þarf að þroska á mun lengri tíma en við höfum haft og munum hafa. Ég get því ekki stutt þær að svo komnu máli og mun sitja hjá í atkvæðagreiðslunni hér á eftir. Takk fyrir.

AT

Þá talar framsögumaður B-nefndar, Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, ágæti fundarstjóri. Það er nú ansi margt sem þarf að fara yfir hér og klukka er hvað, 14.35. Þetta hafa verið mjög gagnlegar umræður en ég ætla að byrja á því að nefna kosningu um valkosti, sem að ég beindi til fundarstjóra hér í upphafi máls míns fyrr í dag að taka afstöðu til, hvort ætti að kjósa um hér á þessum fundi og ég er að hugsa um að draga þá beiðni til baka eftir viðræður við marga ráðslíða hér og gera þess í stað að valkostirnir tveir, eins og þeir standa, fari óbreyttir og við tökum afstöðu til þeirra þegar við tökumst á við frumvarpið sjálft, því menn hafa boðað hér breytingartillögur og valkostirnir voru í raun komnir upp í fjóra á tímabili. Þannig að ég held að ég dragi til baka þessa beiðni til fundarstjórans. Mig langar líka til að vekja athygli á blaði sem var dreift hér fyrr á fundinum, þar sem er skipt út bls. 3 í breytingartillöguheftinu okkar. Það var viss ruglingur í uppsetningu í skýringunum. Það er ekki efnisatriði en nýja blaðið þarf formlega að koma í stað þess sem er heftað inn í áður dreift skjöl.

Þá er að fara yfir nokkur atriði hér. Nefndarmenn hafa tjáð sig um margar þeirra. Gísli Tryggvason kom vel inn á nokkrar greinar og varaformaðurinn Vilhjálmur gerði það líka. Svo hafa aðrir nefndarmenn líka tjáð sig: Pétur Gunnlaugsson og Eiríkur Bergmann og Erlingur Sigurðarson og það auðvitað kom fram í máli þeirra, eins og þið vissuð, að það er auðvitað ekki alveg hreint einhlít niðurstaða, þó að við höfum lokið afgreiðslu flestra greina í einingu, þá var þessi eina grein með valkostum sem út af stóð. En ef ég fer lauslega hér – ef ég get fundið hvar þetta er hér – þá, ef ég færi hér þá yfir greinarnar og ummæli ráðsmanna á fundinum, þá ætla ég að byrja hér á 1. gr., um forseta Íslands og svara því til að við ætluðum lengi framan af að hafa forseta Íslands eða það var skilningur meirihluta, má segja, í B-nefnd að forsetinn væri aðskilinn frá löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldi en féllumst á að þau rök að það væri eðlilegt að hann væri hluti af framkvæmdarvaldinu. En við lítum þá á hann sem einn af handhöfum framkvæmdarvalds. Við skrifum hann ekki inn sem þann æðsta í framkvæmdarvaldi. Það er ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld í umboði Alþingis. Það má segja að undir „önnur stjórnvöld“ falli sveitarstjórnir, það er líka hluti af framkvæmdarvaldi, ásamt forseta Íslands. Þannig að hann fær nú að vísu vissa sess þarna í þessum málslið.

Það var rétt sem kom hérna fram að það þyrfti einhvers staðar að nefna orðið þingræði og gott að halda því til haga að það komu fram einhvers staðar í upphafi að okkar stjórnarskrá. Með meðferð lagafrumpa: Íris Lind var þar með spurningu og athugasemdir sem Gísli og Vilhjálmur svöruðu og ég ætla ekki að fara að ítreka það eða endurtaka. Hvað meðferð frumvarpa

varðar og staðfestingu laga, þá er alveg ljóst í okkar huga, sem stöndum að þessum tillögum, [að] það er heilleg hugsun og þetta er að sjálfsögðu breyting á því hvernig fjallað er um þingmál almennt og við teljum það mjög mikilvægt í því skyni að Alþingi Íslendinga verði með tímanum – ég er ekki að segja að það verði skyndileg breyting þar á – en verði með tímanum vinnuþing í stað átakþings. Og markmiðið með því er auðvitað vandaðri lagasetning og meiri samhljómur milli þings og þjóðar, meiri samstaða á þinginu um þau mál sem þaðan eru afgreidd. Þannig að þetta er svona friðelskandi hugsun, má segja, sem liggur þarna að baki og skilmerkilegri vinnubrögð.

Hvað varðar þann ótta margra að nú geti ráðherrar ekki lengur mælt fyrir frumvörpum, þá er í okkar tillögum viss breyting, eins og ég rakti hér áðan, á því hvernig frumvörpin fara inn í þingið og inn í nefndir. Og það er ljóst að þorri frumvarpa eru stjórnarfrumvörp og það er því eðlilegt að ráðherrar komi að einhverjum stigum að því að mæla fyrir eða tala um sín frumvörp. En ef það er gert á fyrsta stigi málsins, eins og nú er, þá verður engin breyting. Þá koma ráðherrar inn í þingsal með frumvörp, mæla fyrir þeim, þar fara menn í skotgrafir strax og hasarinn fer á fulla ferð, í stað þess að þingið hafi svigrúm til þess að vinna að málinu og koma með það inn í þingið að því loknu. Ég lít á þetta sem algjöra meginstefnu og mikla framför frá núverandi vinnubrögðum. Þingforseti tekur þá við málum og þingfestir þau, eins og það er kallað. Þegar mál eru þingfest, þá er þeim dreift í þingsal. Þá eru þau orðin að opinberum gögnum. Þá birtast þau væntanlega á heimasíðu þingsins, almennungur hefur aðgang að þeim upplýsingum þó að umræðan í þingnefnd fari kannski ekki fram fyrir opnum tjöldum. Við lítum svo á að með þessu, þá færast svokölluð 1. umræða inn í þingnefndina en ekki með neinni leynd, heldur er það augljóst og heyrinkunnugt. Umræðan í þingnefndinni síðan leiðir af sér einhverja niðurstöðu og afgreiðslu og nefndarálit, sameiginlegt eða meirihlutaálit og minnihlutaálit, eins og verið hefur, en alla vega eru þær ákvarðanir, sem þar eru teknar, teknar sameiginlega og eftir sameiginlegar viðræður og umfjöllun, viðtöl við gesti o.s.frv., hagsmunaaðila og þannig. Þannig að ég held að þetta horfi til mikilla framfara, að gera þetta svona. En það útilokar alls ekki aðkomu ráðherra að málum og við erum ekki svo barnaleg að ímynda okkur það. Og það er auðvitað ljóst að oftast verður það þannig, nema kannski þegar um minnihlutastjórn er að ræða, að þá er meirihluti þingnefndar í liði með stjórnarmeirihlutanum. Þannig að ég efast ekki um að þetta fari ágætlega fram.

Hvað varðar síðan muninn á meðferð þingsályktunartillagna og frumvarpa, þá var það alveg rétt sem kom fram hjá Írisi Lind, að það væri þarna spurning um þrjár umræður við lagafrumvörp, sem ríkt hefur, og þeim yrði fækkað niður í tvær. En við lítum svo á, eins og ég sagði áðan, að í rauninni væri 1. umræðan færð inn í nefnd, inn í þingnefnd, og með því að hafa áfram ákvæði um minnst þrjár umræður, þá værum við að fjölga þeim í fjórar. Og það var ekki meining B-nefndar. Þannig að við reynum að líta svo á, að framlagning máls og vísun til nefndar sé ígildi 1. umræðu og síðan komi málið frá nefndinni inn í þingið til umræða, sem þá heitir 1. umræða en er þá ígildi vandaðrar 2. umræðu, miðað við núverandi fyrirkomulag. Og síðan verði

seinni umræðan eftir breytingartillögur og síðan atkvæðagreiðsla. Þannig að við viljum ekki fjölga umræðunum og þetta er tilraun til að tryggja það. Hvað varðar þingsályktanir, þá gerum við það ekki að skyldu á sama hátt, að þær fari beint í nefnd. Við gerum það, eins og ég sagði í inngangi mínum, til þess að reyna að tryggja aðkomu almennra þingmanna að málum til að vekja athygli á málum sem eru í brennidepli eða sem að þeim eru hugleikin. Og það er síðan gert ráð fyrir að talað sé um slík mál strax og þau eru lögð. Það gildir svoltið annað um þingsályktanir, að okkar álit, þannig að við breytum ekki fjölda umræðnanna þar. Þær eru bara eins og þær hafa verið. Þetta var bara til að skýra þetta.

Hvað varðar fullgildingar þjóðréttarsamning: Íris Lind sagði að þetta væri ekki vandamál og þyrfti kannski ekki að vera inni. Ég hef litið svo á að þetta væri bara til að tryggja það að þetta væri í heiðri haft og væri alltaf útgangspunkturinn og Vilhjálmur svaraði því reyndar líka. En minn skilningur var sá að með því að hafa þetta inni, þá væru tryggð þessi vönduðu vinnubrögð sem, auðvitað, menn eru að reyna að viðhafa nú þegar. Það verður þá bara sett inn í stjórnarskrá. Í Staðfestingu laga hafa ýmsir vakið athygli á tímafrestum og synjunarmöguleikum og að Alþingi geti fellt lög úr gildi innan fimm daga. Og því var nú slegið fram, svona kannski til gamans, að vinnuvika þingmanna væru fimm dagar en forsetans lengri. Og það má rétt vera. En skýring á því í rauninni hefur komið fram bæði hjá Gísla Tryggvasyni og Eiríki og ég ætla ekki að endurtaka það. En ég held að þetta sé allveg ágætlega rökstutt svona.

Birting laga; það hefur verið skýrt.

Skipan skattamála; það komu margir inn á það: Andrés Magnússon gerði það og Þorkell sömuleiðis og Gísli hefur þegar svarað og ég ætla ekki að endurtaka hans svör. Tek undir þau. Í 17. gr. í þessum kafla, um eignir og skuldbindingar ríkisins, þá var reynt að fara vissa málamiðlun með að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Það hefur verið boðuð breytingartillaga og komið breytingartillaga um að það þurfi að vera 2/3 hlutar atkvæða á þingi og um hana verði þar(?) greidd atkvæði á síðari stigum. En Gísli Tryggvason svaraði þessu líka.

Þá er ég komin að Fjárukalögum og greiðsluheimildum. Það kannski væri of langt gengið að þurfa að kalla til fjárlaganefnd; það var ein athugasemdin. Og kannski þyrfti að setja orðalagið að samþykki fjárlaganefndar þyrfti að liggja fyrir fyrirfram, sem ég get í sjálfu sér fallist á en skil samt orðalagið „að fengnu samþykki“ klárlega þannig að það innifeli fyrirfram. Og svo vil ég vekja athygli á því að fjárlaganefnd starfar allt árið og í fjárlaganefnd eru líka kosnir varamenn. Þannig að það eru ekki rök í sjálfu sér að það sé ekki hægt að ná fjárlaganefnd með stuttum fyrirvara og mikilvægar ábendingar, bæði frá OECD og frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, styðja, að mínu áliti, þessa grein. Um friðhelgi þingmanna; því hefur verið svarað.

Um Lögréttu, að þriðjungur hyrfi út og fimmtungur þingmanna gæti vísað máli til Lögréttu; ég rökstuddi það í fyrri ræðu minni að það yrði gert einfaldara að vísa málum til Lögréttu heldur en til Hæstaréttar og ég efast ekki um að Lögrétta komi sínum verkferlum þannig fyrir að það verði einfaldara að afgreiða einfaldar spurningar en flóknari spurningar, auðvitað, þurfi meiri yfirlegu.

Í kaflanum um ráðherra og ríkisstjórn voru margir sem tóku til máls þar um. Gísli Tryggvason hefur svarað og sömuleiðis Vilhjálmur. Eiríkur Bergmann og fleiri hafa rætt þetta. En fjölskipað stjórnvald er auðvitað nýmæli og, eins og kom fram hér áður, þá er þetta að finnskri fyrirmynd og að vissu leyti að sænskri fyrirmynd líka. Og ég held að þetta horfi mjög til bóta og varaformaður nefndarinnar, Vilhjálmur Þorsteinsson, skýrði mjög vel hvernig ráðherrann gæti bókað andstöðu sína en vegna þess að hann baki sér ella lagalega ábyrgð. Og það er því alveg rökrétt þegar verið er að krefjast þess af ríkisstjórn að í vissum málum beri hún sameiginlega lagalega ábyrgð, að þá geti einstaka ráðherra bókað andstöðu sína. Annað væri mjög óréttlátt gagnvart þessum einstöku ráðherrum, auk þess sem að við höfum fært forsætisráðherra aukin völd við skipan ráðherra og brottvikningu þeirra, þannig að þetta stuðlar að betra jafnvægi til baka til ráðherranna. Ráðherrar eru jú áfram æðstu handhafar framkvæmdarvalds, hver á sínu sviði. Þeir bera áfram ábyrgð á málefnum sinna ráðuneyta og það er ekkert frá þeim tekið. En í einstaka málum, sem nánar yrði mælt fyrir um í lögum, er hugsunin sú að ríkisstjórn sé fjölskipað stjórnvald og það að erlendri fyrirmynd. Við höfum ekki verið að finna upp hjólið þarna en teljum að þetta gæti hjálpað til að styrkja störf og skýra valdmörk og lagalega ábyrgð.

Varðandi stjórnarmyndun, þá er búið að svara, held ég, þorra athugasemda þar og það hefur verið boðuð breytingartillaga um fjölda ráðherranna og hún verður auðvitað tekin til atkvæða á sínum tíma. En svo var verið að spyrja um líkindin á því að tillaga um forsætisráðherra kæmi ekki fram. Og auðvitað gerum við ekki ráð fyrir því. En þetta er eins og með umferðarlög. Umferðarlög eru sett til þess að varna mögulegum vandamálum og hraðahindranir eru settar á götur ef ske kynni að einhver ætlaði að aka of hratt. Auðvitað, ef allir aka á réttum hraða, þá er líklega hægt að fjarlægja hraðahindranirnar en í okkar rökstuðningi gerum við ráð fyrir því að setja undir alla leka, þannig að það fari ekkert á milli mála að þetta sé hugsað til enda, um stjórnarmyndun.

Þá er ég komin að ráðherrunum á Alþingi og ég var áðan að falast eftir því við fundarstjóra að beiðni mín... eða lýsa því yfir að ég félli frá beiðni minni um að kosið væri um valkostina tvo. Þá er komið að athugasemdamum um aldur forseta, hver sé kjörgengur þar. Ég er ein af þeim sem tel að ekki eigi að gera upp á milli manna fyrir aldurs sakir og var ein af þeim sem hefði gjarnan viljað hafa samræmi um þetta við skilyrði til kjörgengis til Alþingis, þ.e.a.s. ef 18 ára og eldri geta boðið sig fram til pólitík og orðið forsætisráðherra, þá ætti það sama að gilda um forsetaembættið. Líkurnar á þessu eru auðvitað ekki miklar en ég tel það vera svona hluti af jafnræðinu og í samræmi við okkar mannréttindahugsjónir.

Í kafla um stjórnslu og eftirlit í skipun embættismanna. Það hefur mikið verið rætt og það er rétt sem hér hefur komið fram, að það er vissst ósamræmi milli tillagna C-nefndar og okkar og ég átti nú eiginlega von á, að C-nefndin eða formaður [hennar] myndi kannski boða einhverjar breytingar. Kannski gerði hann það, ég tók þá ekki eftir því, til samræmis þá náttúrulega – þetta getur ekki hvort tveggja staðið í áfangaskjali og þarf þá að samræmast af stjórn.

Það er margt fleira sem mætti ábyggilega tiltaka, ef ég ætti að fara yfir ræðu hvers og eins en ég held, í ljósi tímans, þá geri ég það ekki. En ég vil að lokum þakka B-nefnd, sem að hefur staðið alveg ótrúlega vel að verki, að mínu mati sem formaður, og ég vil þakka samstarfið við B-nefndina: varaformaður hennar er Vilhjálmur Þorsteinsson og í nefndinni eru Ástrós Gunnlaugsdóttir sem að fram kom nú hér á fundi að hefði eignast barn á laugardaginn var og við óskum henni til hamingju með það, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Gísli Tryggvason, Pétur Gunnlaugsson, Þórhildur Þorleifsdóttir og með okkur hefur starfað Guðbjörg Eva Hrafnhildardóttir Baldursdóttir. Og samstarfið við þetta fólk hefur verið með ágætum og ég vil þakka kærlega fyrir það og sömu-leiðis öllum ykkar sem í ráðinu hafa með ráð og dáð, stutt okkur, veitt okkur ábendingar, leiðréttingar og talað yfir hausamótunum á okkur jafnvel. En vonandi standið saman að því að afgreiða þessar tillögur inn í áfangaskjalið. Takk fyrir.

AT

Nú, þá er umfjöllun um tillögur B-nefndar lokið. Við þökkum Katrínu Fjeldsted og raunar nefndinni allri fyrir mjög yfirgripsmikið og erfitt verk sem enginn hefur, held ég, öfundað hana af en hún hefur nú skilað frá sér, þannig að vel má við una. Við þökkum líka öðrum ráðsmönnum fyrir mikla og góða umræðu um þessi málefni, bæði hér í dag og reyndar áður líka, þannig að þetta hefur allt hlotið mikla umræðu, enda eðlilegt: málið er gríðarlega umfangsmikið og flókið, eins og formaður okkar hefur nú nýlega rétt bent á. Þá er aðeins rétt að nefna það, að þar sem að búið er í raun og veru að draga til baka ósk um umfjöllun um tvo valkosti varðandi einn lið í tillögunum, þá lít ég svo á, ef Pawel mótmælir ekki, að hans dagskrártillaga sé líka fallin frá, þannig að við getum gengið beint til afgreiðslu á þessu erindi, þ.e.a.s. atkvæðagreiðsla um tillögur B-nefndar inn í áfangaskjal. Og þeir sem eru því samþykki, gjöri svo vel að gefa merki. Þeir sem á móti kunna að vera. Þeir sem að óska hjásetubókunar eða hjásetu. Atkvæðagreiðslu er lokið og tillögur B-nefndar samþykktar inn í áfangaskjal.

Þá er það næst til að taka, að ég þarf að leita afbrigða vegna þess að í raun og veru, þá var ekki að fullu lokið umfjöllun A-nefndar í gær og það var eitt atriði eftir. Og ég gef Erni Bárði Jónssyni orðið. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður og systkin nær og fjær. Eins og þið vitið, þá var talað um að rita aðfararorð eða formála að stjórnarskránni, sem væri svona eilítið upphafinn texti en þó ekki um of. Við ræddum þetta í A-nefndinni og gerðum nokkrar tillögur og ég ætla að lesa fyrir ykkur hér munnlega texta sem að er lagður fram til frekari skoðunar á síðari stigum. En textinn er svona: „Við sem byggjum Ísland og höfum þegið landið, sögu þess, tungu og menningu í arf af formæðrum okkar og feðrum gerum með okkur nýjan sáttmála. Ísland er frjálst og fullvalda þingræðisríki. Þjóðin er uppspretta valdsins og saman viljum við skapa réttlátt þjóðfélag, þar sem hornsteinarnir eru frelsi, jafnrétti og lýðræði. Við sitjum öll við sama borð og ólíkur uppruni auðgar heildina. Stjórnvöld okkar skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða fjölbreyti-

leika mannlífs, lands, lífríkis. Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við lýsum jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni. Með þetta að leiðarljósi setjum við okkur þessa stjórnarskrá, ædstu lög landsins sem öllum ber að virða.“ Svo mörg voru þau orð. Ég ætla aðeins að segja örlítið um tildrög þessa texta. Með því að hafa formála að stjórnarskránni er brotið blað í íslenskri hefð og norrænni. Einungis Færeyingar hafa formála í drögum að sinni stjórnarskrá en slíkir formálar eru þekktir meðal margra þjóða. Freyju Haraldsdóttir, Illuga Jökulssyni og Erni Bárði Jónssyni var falið að vinna að formálanum, að gera frumdrög. Gerðu þau hvert fyrir sig uppkast að texta. Var Erni Bárði því næst falið að kalla til ráðgjafar Erling Sigurðarson og Þórhildi Þorleifsdóttur. Áttu þau þrjú fund þar sem farið var yfir tillögurnar þrjár og auk deiglu úr þeim þrem sem Örn Bárður vann. Úr þessu fernu varð svo til ofangreindur texti eða framangreindur texti, með hliðsjón af texta frá Þorvaldi Gylfasyni, sem hann deildi með okkur á fyrstu viku starfs okkar.

Í 1. mgr. er reynt að tengja saman sögu og samtið en framtíðartilvísun kemur aftur í heildartextanum. Í Suður-Afrísku stjórnarskránni er þeim sýndur sómi í formálanum sem á undan gengu í baráttunni fyrir réttlæti þar í landi. Sama á við um hér, enda þótt ólíku sé saman að jafna. Í 1. mgr. er formæðru og feðrum þakkað fyrir þann arf sem þau skila af sér. Formæður eru af ásetningi hafðar á undan feðrum til að minna á mikið framlag kvenna í gegnum aldirnar en þær hafa miklu síður notið viðurkenningar fyrir sín störf og baráttu en karlar. Lögð er áhersla á fullveldi, þingræði og uppsprettu valdsins og hornsteina hugmyndanna í stjórnskipun okkar. Þá er minnt á heill íbúa landsins, menningu þeirra land og lífríki, markmið þjóðarinnar er að byggja upp ríki réttlætis, heillar og hamingju fyrir núverandi íbúa og komandi kynslóðir. Um leið er á það minnt að við erum ekki öll af sama bergi brotin, eigum okkur ólíkan uppruna, en það gerir heildina og arfleifðina fjölbreyttari og auðugri. Og þess vegna er setning þarna um þau sem eiga sér annan uppruna til þess að það stingi síður í augun, þetta með formæður okkar og feður og arfinn og allt það. Þá er samstaða með öðrum þjóðum á friðarvegi áréttuð, svo og virðing fyrir öllu mannkyni á jörðu. Loks er áréttuð að stjórnarskráin er ædstu lög landsins og hana skuli allir virða.

Aðeins þetta með... Ég ætla að leyfa ykkur að heyra héra upphafsorðin úr stjórnarskrá Suður-Afríku á ensku: „We, the people of South Africa, Recognize the injustices of our past; Honour those who suffered for justice and freedom in our land; Respect those who have worked to build and develop our country; and Believe that South Africa belongs to all who live in it, united in our diversity.“ Þessi orð kveiktu hugmyndina að inngangsorðum okkar og reyndar var í upphaflegum texta, sérstaklega í tillögunni minni, var vísað til fleiri atriði heldur en bara frelsis, jafnréttis og lýðræðis. Ég hafði þar einar fjórar höfuðdygðir: réttlæti, hugrekki, farsjálni og hófsemi. Og síðan líka hinar trúarlegu dygðir: trú, von og kærleika. En það fauk nú út í umræðunni og ekkert síst af minni eigin tillögu. Auðvitað gæti ég séð það fyrir mér að það er auðvelt að boða trú, von og kærleika, þó það sé ekki stjórnarskrárvárið. En ég ætla svo að leyfa mér að lesa textann aftur og bið



ykkur að hlusta, ég ætla að lesa hann rólega:

„Við sem byggjum Ísland og höfum þegið landið, sögu þess, tungu og menningu í arf af formæðrum okkar og feðrum gerum með okkur nýjan sáttmála. Ísland er frjálst og fullvalda þingræðisríki. Þjóðin er uppspretta valdsins og saman viljum við skapa réttlátt þjóðfélag, þar sem hornsteinarnir eru frelsi, jafnrétti og lýðræði. Við sitjum öll við sama borð og ólíkur upp- runi auðgar heildina. Stjórnvöld okkar skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða fjölbreytileika mannlífs, lands og lífríkis. Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við lýsum jafnframt yfir þeim ásetningi að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni. Með þetta að leiðarljósi setjum við okkur þessa stjórnarskrá, ædstu lög landsins sem öllum ber að virða.“ Takk fyrir.

AT

Við þökkum Erni Bárði fyrir hans framlag til þess- arar upphafsgreinar stjórnarskrárinnar, ef af verður. Ég held ég verði að biðja hann að koma þessum drögum til okkar í gegnum netið, sem að ég veit að er ekki mikið mál fyrir Örn, þannig að við getum svona horft á þetta. Ég vek jafnframt athygli á því, bæði vegna ummæla Arnar Bárðar og annars sem hér hefur fram komið í dag, að nú er kominn nýr kafli í okkar starf. Nú hefst undirbúningur að frumvarpi til nýrra stjórnskipunarlag, sem okkur var falið að semja. Það er eitt af hlutverkum stjórnar að vinna það frumvarp úr því áfangaskjali sem að nú liggur fyrir. Eitt af því sem þarf þá að taka ákvörðun um og getur ekki dregist mjög lengi, það er aðfararöðin og hvernig þau skulu líta út og hvort þau yfirleitt eigi að vera. Og það er mjög gott að fá þetta innlegg hér á þessu stigi í það mál. Við þurfum líka að velta fyrir okkur hvernig við förum með það sem nú er í áfangaskjalinu í raun og veru með tveimur valkostum, það er þetta sem við vorum að fjalla um um stöðu ráðherra. Ég held að þar sé rétt að gera ráð fyrir því, ef því er ekki andmælt, að stjórnin hafi heimild til þess að taka ákvörðun um með hvaða hætti það mál verður afgreitt í frumvarpinu, sem lagt verður fram. Vek jafnframt athygli á því að við gerum ráð fyrir því að á morgun höldum við svona spjallfund um stöðu mála og það sem við sjáum fyrir okkur svona núna næstu daga. Ég bið ykkur þess vegna að vera vakandi yfir tímasetningu þess fundar. Hún hefur ekki alveg verið fastmótuð enn, verður gert á stjórnarfundi hér á eftir. Í því sambandi vil ég líka nefna það sem hér er þó marg framkomið, að það er ákveðinn tvískinn- ingur í áfangaskjalinu, eins og það er núna, varðandi dómara og ég veit ekki, Pawel, hvort þú vilt aðeins tjá þig um stöðu þess máls. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já, það hefur náttúrulega komið fram hér að það hefur verið á tveimur stöðum fjallað með ólíkum hætti um skipan dómara. Ég ræddi um þetta við nokkra í hádeginu með hvaða hætti við því skyldi bregða. C- nefnd var með þetta mál á sinni könnu, þ.e.a.s. bæði skipan dómsvaldsins og skipan dómara. Ég hef ekki fengið um það einhver ótvíræð svör frá... Ég lít ekki svo á að ég hafi fullt umboð C-nefndar til þess að leggja fram breytingartillögu í nafni C-nefndar til þess að fella burt 2. mgr. 5. gr. í kafla um dómsvald. Óski

fundur þess, þá er sjálfsagt að ég leggi þá tillögu fram í mínu nafni og tekin verði afstaða til hennar. Og það er þá fyrsta breytingartillagan sem er lögð fram í nafni eins þingfulltrúa því að ég myndi ekki treysta mér til þess að bera hana fram í nafni nefndarinnar. En það þyrfti auðvitað að gerast með afbrigðum.

AT

Mér sýnist kannski að ef að fundurinn er ekki á móti á því að stjórnin taki ákvörðun um meðferðina á stöðu ráðherra, þá fái hún líka heimild til þess, auð- vitað í samráði við C-nefnd, að taka ákvörðun um hvernig verður farið með þetta mál. Og ég bið þá sem eru andvígir þessu, að stjórnin sé nú að reyna að ná undir meiri og meiri völdu, að mótmæla nú eða ekki. Það koma ekki fram nein mótmæli, þannig að ég lít svo á að þetta sé eitt af hlutverkum stjórnar, í tengslum við framlagningu á frumvarpinu, sem unnið er úr áfangaskjalinu, að ganga frá þessum tveimur þáttum, að sjálfsögðu í samráði við þá sem þarna eigi mestan hlut að máli.

Þá er það svo að þó að það sé nú í raun og veru ekki með formlegum hætti hægt að vísa breytingartillögum til nefndar, þá er það nú svo að á fundinum í gær bárust fjölmargar tillögur, sem að fara að sjálfsögðu þá til vinnslu eftir fyrri umræðu um frumvarpið. Og ég held að það sé rétt að ég lesi upp þær tillögur sem að bókaðar hafi verið, eins og menn geti fylgst með því að þeirra tillögur hafi þá örugglega komið rétta leið. Og þær tillögur sem hér eru bókaðar eru eftirfarandi:

Til A-nefndar:

- breytingartillaga við ákvæði 25. gr. í kafla um mannréttindi, flutningsmaður: Katrín Fjeldsted
  - breytingartillaga við ákvæði 7. gr. í kafla um mann- réttindi, flutningsmaður: Gísli Tryggvason
- Til B-nefndar:
- breytingartillaga við ákvæði 3. mgr. 3. gr. í kafla um ráðherra og ríkisstjórn, fjallar um fjölda ráð- herra, flutningsmenn: Eiríkur Bergmann Einarsson og Gísli Tryggvason
  - breytingartillaga við ákvæði 2. mgr. 12. gr. í kafla um störf Alþingis, fjallar um að jafnræðis sé gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar, flutnings- maður: Gísli Tryggvason

- breytingartillaga við ákvæði um eignir og skuld- bindingar ríkisins í kafla um störf Alþingis, fjallar um hert ákvæði um ríkisábyrgð, flutningsmenn: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir og Örn Bárður Jónsson, Gísli Tryggvason, Illugi Jök- ulsson, Katrín Oddsdóttir og Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson og Þorvaldur Gylfason

- breytingartillaga við ákvæði 16. og 17. gr. í kafla um störf Alþingis, fjallar um skipan skattamála og eignir og skuldbindingar ríkisins, breytingartillag- an er einnig um 3. gr. kafla um ráðherra og ríkis- stjórn, fjallar um stjórnarmyndum og einnig fjallar tillagan um 1. gr. í kafla um stjórnsýslu og eftirlit, fjallar um skipan embættismanna, flutningsmaður er Andrés Magnússon

- breytingartillaga við ákvæði 14. gr. í kafla um störf Alþingis, fjallar um málskotsrétt Alþingis,

flutningsmenn: Katrín Oddsdóttir og Pétur Gunnlaugsson  
Til C-nefndar:

- breytingartillaga við ákvæði 2. gr. í kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn, fjallar um styrki til stjórnmalasamtaka, flutningsmenn: Andrés Magnússon, Arnfríður Guðmundsdóttir og Örn Bárður Jónsson, Gísli Tryggvason, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson og Þorvaldur Gylfason
- breytingartillaga við ákvæði 1. gr. í kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn, fjallar um fjölda alþingismanna, flutningsmenn: Erlingur Sigurðarson og Illugi Jökulsson, Lýður Árnason, Pétur Gunnlaugsson, Katrín Oddsdóttir og Örn Bárður Jónsson
- breytingartillaga við kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn, fjallar um slembiúrtak og auða kjörseðla, flutningsmenn: Andrés Magnússon og Lýður Árnason
- breytingartillaga við kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn, auðir kjörseðlar, flutningsmaður: Dögg Harðardóttir
- og breytingartillaga við kafla um kosningar til Alþingis og alþingismenn, fjallar um fjölda alþingismanna, flutningsmenn: Þorkell Helgason og Þorvaldur Gylfason

Þetta eru þær tillögur sem skráðar hafa verið inn og þið hafið samband við nefndasviðið ef eitthvað skortir á að breytingartillögur hafi verið skráðar. Þá er það næst að Lýður Árnason hefur óskað eftir því að lyfta aðeins húmornum. Og þó að húmor sé nú góður, þá má alltaf laga hann. Gjörðu svo vel, Lýður.

LÁ

Já, kærur vinir. (Heyrist ekki í þessu? Jú, núna. Þetta er fyrir dverga. Halló.) Kærur vinir. Það kom til tals í gær að hugsanlega gæti egg banað manni. Ég fór og gúgglaði þetta og það er reyndar þannig að ef það sé strútsegg, þá getur það banað manni ef það dettur af himni ofan og ofan á hausinn á manni. Ég ætla að segja hins vegar að nú kemur í ljós, á næstum tveimur á hálfri viku, úr hverju við erum gerð hérna í stjórnlagaráði, hvort við látum strútsegg bana okkur eða einhver önnur egg. Ég tel það að við séum að sjá núna til lands og það sé okkar hlutverk að brúa bilið og skila frá okkur fullkláruðu plaggi. Við höfum til þess tvær og hálfu viku og við eigum alveg að geta það og við eigum að gera það. Og einhver sagði það, eldri forsætisráðherra eða frægur forsætisráðherra sem er nú látinn fyrir allmörgum árum, Gunnar Thoroddsen, í áramótaávarpi, að mig minnir, að vilji er allt sem þarf. Og til að undirstrika það, þá ætla ég að bjóða til teitis eftir rúma viku. Til þess að halda landsbyggðarsjónarmiðum á lofti verður það á fimmtudegi en ekki um helgi og til þess að halda uppi jafnréttissjónarmiðum, þá er mökum boðið líka. Þetta teiti verður í mínum heimahúsum kl. 18 annan fimmtudag. ... Já, það er allt í lagi. Það er bara komi þeir sem koma vilja og það verður að sjálfsgöðu boðið upp á léttar veitingar, bæði hvítt og rautt, og hugsanlega verður einhver mjóður

bruggaður líka. Þarna mun hin stórpólítíska hljómsveit Grjóthrun stíga á stökk og við séum í vafa um forsetann, þá hverfi sá vafi eftir þann flutning. Og svo hef ég góð orð fyrir því, að Þjóðlagaráðið sjálft muni einnig fram koma. Þannig að ég vona bara að sem flestir geta mætt. Takk fyrir mig.

AT

Nú, við þökkum Lýð fyrir mjög höfðinglegt boð og ég tek undir jafnframt með Erni Bárði og ykkur til huggunar að þar sem strúturinn er ófleygur eru það minni líkur en meiri að við fáum egg í höfðið. [hlátur í sal] Að svo mæltu held ég að það sé rétt að við rifjum það aðeins upp að nú er lokið mjög mikilvægum áfanga í okkar starfi, þ.e.a.s. lokið vinnu við áfangaskjal. Nú er næsta skref að hefjast, þ.e.a.s. að ganga frá frumvarpi og hefja síðan hefðbundna meðferð á því sem mælt er fyrir hér í okkar starfsreglum. Og að því loknu þá segi ég fundi slitið og til næsta fundar verður boðað með dags fyrirvara.

## 17. ráðsfundur 20.07. 2011.

20.07.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Starfsreglur, breytingartillaga stjórnar
3. Fyrri umræða um frumvarpsdrög

17. ráðsfundur - haldinn 20. júlí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti þriðjudaginn 19. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

17. ráðsfundi framhaldið fimmtudaginn 21. júlí kl. 9.00 í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Þá voru mættir eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

### Umræður á 17. ráðsfundi

SN

17. fundur Stjórnlagaráðs er settur. Forföll hefur boðað Ástrós Gunnlaugsdóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og skoðast hún samþykkt, ef ekki koma athugasemdir hér.

### 2. Starfsreglur, breytingartillaga stjórnar

SN

2. liður á dagskrá eru breytingar á starfsreglum. Fulltrúum var sent verkferlið við afgreiðslu á breytingartillögum og jafnframt breytingartillögur við starfsreglur. Og þið hafið þetta hjá ykkur útprentað.

Eftirfarandi breytingar er óskað eftir að gera á starfsreglum Stjórnlagaráðs: Annars vegar að í lok 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi: „Heimilt er þó að ljúka umfjöllun um breytingartillögu með atkvæðagreiðslu við lok fyrri umræðu enda samþykki 1. flutningsmaður breytingartillögunnar þá málsmeðferð.“ Í annan stað er í stað setningar í 3. mgr. 15. gr. sem er svona: „Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að álit og tillögur nefndar hafi verið birt á vef Stjórnlagaráðs.“ Í stað hennar komi: „Síðari umræða fer eigi fram fyrr en tveimur sólarhringum eftir að fyrri umræðu lýkur.“ Vill einhver tjá sig um þessar brtt.? Ef ekki, þá bið ég ykkur um að kjósa um þær og nota þar til gerðan útbúnað. Og kosning er í gangi. Kosning er í gangi. Vinsamlegast að kjósa. Einn eftir. Einhver sem ekki hefur kosið. Hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, 23.

### 3. Fyrri umræða um frumvarpsdrög

SN

Nú, þá afhendi ég varaformanni ráðsins, Ara Teitssyni, stjórn fundarins.

AT

Ég gef Salvöru Nordal, formanni Stjórnlagaráðs, orðið. Gjörðu svo vel, Salvör.

SN

Fundarstjóri, ágætu fulltrúar Stjórnlagaráðs og aðrir góðir gestir.

Frumvarp til stjórnskipunarskipunarlaganna þáð er nú liggur fyrir er afrakstur vinnu Stjórnlagaráðs frá því það hóf störf 6. apríl s.l. Í þingsályktun um skipun ráðsins var því falið að fjalla um skýrslu stjórnlaganefndar og gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í þingsályktunartillögunni var sérstaklega til tekið að ráðið skyldi fjalla um eftirfarandi atriði í stjórnarskránni: Undirstöður íslenskrar stjórnskipunar og helstu grunnhugtök hennar. Skipan löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og valdmörk þeirra, hlutverk og stöðu forseta lýðveldisins, sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds, ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan, lýðræðislega þátttöku almennings, m.a. um tímasetningu og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.á m. um frumvarp til stjórnskipunar-

laga, framsal ríkisvalds til alþjóðastofnanna og meðferð utanríkismála og umhverfismál, þ.á m. um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda. Jafnframt var tekið fram að ráðinu væri heimilt að taka fleiri atriði til umfjöllunar í starfi sínu. Meðal fulltrúa kom strax í upphafi fram eindreginn vilji til að taka mannréttindakaflann til endurskoðunar og jafnframt var ákveðið að taka fyrir nokkur önnur efni sem fjallað var um í skýrslu stjórnlaganefndar, svo sem stöðu þjóðkirkjunnar og sveitarfélaga.

Í upphafi starfsins skiptir ráðið verkum milli þriggja nefnda. A-nefnd Stjórnlagaráðs fékk það verkefni að fjalla um grunngildi, ríkisborgararétt, þjóðtöngu, uppbyggingu og kaflaskipan stjórnarskrárinnar, náttúruauðlindir og umhverfismál og mannréttindi, þ.á m. þjóðkirkjuna. B-nefnd Stjórnlagaráðs fékk það verkefni að fjalla um undirstöður íslenskrar stjórnskipunar, hluverk og stöðu forseta Íslands, hlutverk og störf Alþingis, ríkisstjórn, störf forseta og ráðherra og verkefni framkvæmdavaldsins og stöðu sveitarfélaga. C-nefndin fjallaði um lýðræðislega þátttöku almennings, þ.á m. stjórnarskrárbreytingar, sjálfstæði dómstóla og eftirlit þeirra með öðrum handhöfum ríkisvalds, Alþingiskosningar, kjördæmaskipan og samninga við önnur ríki og utanríkismál.

Vinnutilhöggun Stjórnlagaráðs var á þá leið að í kjölfar nefndarfunda í hverri viku kynntu nefndirnar tillögur sínar á opnun nefndarfundum og þar á eftir á opnun ráðsfundi sem sendir voru út á vefsíðu ráðsins. Samkvæmt starfsreglum ráðsins var ákveðið að undirbúningur að frumvarpi til stjórnskipunarlaga færi í gegnum svokallað áfangaskjal sem aðgengilegt var á vef Stjórnlagaráðs og voru nýjar og breyttar tillögur lagðar fram í ráðsfundum einu sinni í viku, og tók því skjalið breytingum frá viku til viku. Hver nefnd hefur þó haft talsvert svigrúm og forræði yfir sínum verkefni en öll málefni hafa þó fengið talsverða umræðu í ráðinu, þó mismikla eins og gengur. Auk tillagna frá fulltrúum innan ráðsins hefur verið brugðist við fjölda innkominna erinda og athugasemda frá almenningi. Starf ráðsins hefur enda frá upphafi byggt á þeirri grundvallarsýn, að veita almenningi tækifæri til að hafa áhrif á endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Fulltrúar í Stjórnlagaráði mættu til starfa á eigin forsendum og með eigin áherslur og stefnu. Innan ráðsins skapaðist enda fljótt líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti um helstu grundvallarefni samfélagsins. Þá hefur verið leitast við að hafa starfið eins opið og kostur er, með beinum útsendingum og aðgengi að tillögum og göngum ráðsins á netinu.

Í frumvarpinu sem hér er tekið til umræðu er að finna endurskoðun á öllum þeim atriðum sem Alþingi fól ráðinu og gott betur. Lögð hefur verið áhersla á skýra og einfalda framsetningu þar sem lykilorðin hafa verið: Valddreifing, gegnsæi og ábyrgð. Frumvarp Stjórnlagaráðs samanstendur af 111 greinum, og hefur uppbyggingu hennar verið breytt nokkuð frá núgildandi stjórnarskrár. Ein mikilvægasta breytingin felst í því að færa mannréttindakaflann fremst í stjórnarskrána

eða næst á eftir undirstöðugreinum. Þar með er lögð áhersla á mikilvægi þess að tryggja réttindi einstaklinganna en ekki síður undirstrikað að allt vald komi frá þjóðinni. Þá hefur kaflinn um Alþingi verið færður fram með hliðsjón af áherslu ráðsins á að styrkja störf löggjafarvaldsins. Á síðustu mánuðum hefur verið unnin gríðarlega mikil vinna innan Stjórnlagaráðs. Og allir ráðsmenn lagt sig fram af fremsta megni, nefndarsviðið sem hefur unnið með okkur og starfsmenn allir.

Frumvarpið er hér með lagt fram til fyrri umræðu og hefst hún á 1. hlutanum, undirstöðum. Síðan verður hver hluti tekinn fyrir í rétttri röð. Takk fyrir.

AT

Salvör hefur lokið máli sínu og ég fel henni aftur fundarstjórnina.

SN

Við munum nú hefja fyrri umræðu um frumvarp til stjórnskipunarlaga og við förum, eins og ég sagði áðan, byrjum á I. kaflanum og rekjum okkur síðan þannig eftir frumvarpinu. Ég vil geta þess sérstaklega fyrir áhorfendur, að skýringar með einstökum ákvæðum liggja fyrir í skjölum ráðsfunda og þau eru aðgengileg á heimasíðu ráðsins. Þá verða brtt. aðgengilegar á vefsíðunni í dag. Endanleg og heildstæð greinargerð með frumvarpi Stjórnlagaráðs er í vinnslu, enda umfjöllun og atkvæðagreiðslum ekki lokið.

Nú, við hefjum þá umræðu um I. hluta, Undirstöður, og hér tókum við fyrir nokkrar brtt., 4 brtt., og ég gef fyrst Katrínu Fjeldsted formanni B-nefndar orðið. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Fundarstjóri, góðir áheyrendur. Sú grein sem ég ætla að fjalla um heitir Handhafar ríkisvalds. Texti hennar hefur legið fyrir á vefsíðunni og ég ætla ekki að endurtaka hann. Ég ætla hins vegar að kynna hér brtt. frá B-nefnd um þessa grein, og lesa greinina eins og hún hljómar nú, eftir meðhöndlun í B-nefnd. Þá er þar fyrst að nefna að ákvæðið verður að tveimur greinum, þar sem 1. grein orðist svo: Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn. 2. grein orðist svo: „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar. Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.“ Aðeins til skýringar er það að B-nefnd gerði ráð fyrir því að í aðfararorðum að stjórnarskránni yrði kveðið á um grundvallaratriðið, að Ísland sé lýðveldi og þingræði, en það reyndist ekki verða svo, svo við ákváðum að skipta þessari 1. grein eins og hún lá fyrir í tvær greinar. Auk þess breytum við smávegis 2. mgr. sem fjallar um framkvæmdarvaldið og bætum forseta Íslands þar inn. Takk fyrir.

SN

Já, við fjöllum sem sagt núna um 4 brtt.. Ég ætla að biðja framsögumenn fyrir hverri brtt. að gera grein fyrir hverri núna í röð, og síðan verður umræða. Og næsta er brtt. nr. 105, við 1. gr.,

flytjandi er Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel, Erlingur.

ES

Formaður, góðir félagar og gestir. Ég leyfi mér að flytja hér tillögu til breytingar við það sem er 2. gr. frumvarpsins núna, og hún er svohljóðandi, að „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar, ásamt forseta Íslands.“ Að ásamt forseta Íslands bætist þarna við. Það er svo að í 67 ár hefur það staðið í 2. gr. stjórnarskrár Íslands að Alþingi og forseti fari saman með löggjafarvaldið. Og á þessum tíma hefur ekkert það gerst eða breyst sem gerir það nauðsynlegt að þessu verði breytt, hvað þá að það réttlæti þá breytingu sem fólgin er í þeirri tillögu sem að lögð er fram í frumvarpinu að nýrri stjórnarskrá, sem við ræðum hér. Og þar er forseta að engu getið í sambandi við löggjafarvald og meðferð þess. Nú má ljóst vera af langri reynslu að samþykkt lagafrumvarp frá Alþingi öðlast ekki gildi nema með undirskrift forseta. Hér er því algjört lykiltríði við setningu löggjafar, að þó að lög hafi hlotið tímabundið gildi, hafi forseti synjað þeim staðfestingar, þá er það bundið frumkvæðisrétti forseti að skjóta því til þjóðarinnar að ákveða hvort þau skuli öðlast áframhaldandi gildi eða falla dauð niður ella. Hvort heldur samþykki forseta eða synjun hafi því áhrif á alla löggjöf í landinu. Að þetta varði ekki meðferð löggjafarvalds er mér óskiljanlegt enda ber yfirgnæfandi meirihluta þeirra lögfróðu manna sem láta í ljós álit sitt. Þeim ber saman um það með einni eða tveimur undantekningum að ákvæðið eða reynslan af beitingu þess í 67 ár, til vitnis um að forseti fari með löggjafarvaldið hér á landi ásamt Alþingi. Sú er einnig skoðun þeirra sem að þessari lagasetningu stóðu við stofnun lýðveldisins, og svo skyldi það líka vera, eins og glögg má sjá í heimildum frá þeim tíma. Ákvæðið var ekki sett inn af misgáningi, eða af misskilningi, heldur vitandi vits. Þó að gamla stjórnarskráin sé komin á ellilífeyrisaldur og verði vonandi endurnýjuð með samþykkt þjóðarinnar og Alþingis á því frumvarpi sem við ræðum nú, þá er hún engan veginn að öllu leyti úrelt. Heldur ganga fjölmörg ákvæði hennar aftur í frumvarpinu að hinni nýju. Standa í rauninni ljóslifandi. Svo á t.d. við um hvorutveggja ákvæði um staðfestingu forseta á lögum, að án hennar færi ákvörðunin ekki til þjóðarinnar nema fyrir atbeina forseta.

Ég flyt þessa tillögu, tala fyrir henni í B-nefnd þar sem meirihlutinn vildi ekki fallast á hana eða gera hana að sinni gera forseta handhafa löggjafarfrumkvæmdavalds en séð að sér með framkvæmdarvaldið. Í þessum efnum hefur í raun ekkert breyst frá því að ákvæðið var fyrst sett og sagan ber framkvæmd þess vitni. Ákvæðið, sem öðru fremur byggist á að standa einnig í þessu frumvarpi. Ég heiti á Stjórnlagaráð í heild sinni að stíga í þessu efni skrefi tilbaka, alla leið þangað sem málinu er lýst eins og það hefur verið, er og verða mun, verði þjóðin svo gæfusöm að fá að samþykkja nýja stjórnarskrá innan tíðar. Þar standi áfram í 2. gr. að Alþingi fari með löggjafarvaldið ásamt forseta Íslands.

SN

Þá er það brtt. nr. 114, og það er Silja Bára Ómarsdóttir sem fylgir henni úr hlaði. Arnfríður, fyrirgefið þið, Arnfríður Guðmundsdóttir.

AG

Já, fundarstjóri og ráðsfélagar og aðrir gestir. Helstu rökin fyrir þessari brtt. við 3. gr. um ríkisborgararétt gengur út á það, eða sem sagt brtt. gengur út á það að bætt verði við að rétti þeirra til ríkisborgararéttar sem fæðast á landinu, sem sagt, að sú setning verði fyrst í þessum fyrsta málsliði 3. gr. og þarna vantar inn og, samtinginguna, og svo komi í framhaldinu, „og þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang“. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru að samfélag okkar sé opið og eigi að vera það og eigi að bjóða velkomna þá einstaklinga sem hér fæðast, líkt og gildir um samfélag eins og Bandaríkin. Við tölum gjarnan um að við séum fámenn þjóð og fámennið standi okkur fyrir þrifum að svo mörgu leyti. Og það er sannfæring mín og okkar sem að þessari brtt. stöndum að við eigum að bjóða velkomna þá einstaklinga sem hér fæðast, til þess að vera hluti af samfélagi okkar, og líta á þá sem kærkomna viðbót, en ekki ógnun við íslenskt samfélag. Takk.

SN

Þá verður kynnt brtt. nr. 112 og það er Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SN

Formaður, félagar og góðir gestir, aðrir sem á okkur heyra. Ég ætla að flytja hérna tillögu sem að ég og Íris Lind Sæmundsdóttir erum flutningsmenn að. Þetta er tillaga um að það bætist nýtt ákvæði inn í undirstöðukaflann, þó að við gerum líka, bjóðum upp á þann möguleika að þetta geti farið inn í, eða tengst 6. gr. mannréttindakaflans um vernd réttinda. Og ákvæðið yrði þá svohljóðandi: „Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast. Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða“. Hugmyndin hérna er að við tryggjum það, við höfum lagt áherslu á það og kannski sérstaklega í minni nefnd, en einnig í t.d. umræðu um þjóðarfrumkvæði, að skapa aukin réttindi borgaranna í samfélaginu og tryggja þau, en við höfum ekki lagt að sama skapi áherslu á skyldur. Og mér finnst nauðsynlegt að þetta heyrir. Það er afskaplega falleg setning í drögum að færeysku stjórnarskránni, sem að fjallar um þetta og er vísað til í greinargerð, eða skýringum með þessari tillögu. Og ég legg til að þetta ákvæði verði samþykkt, en það mætti annaðhvort vísa því líka, mér að meinalausu, til annað hvort A-nefndar eða stjórnar til að ákveða staðsetningu. Takk fyrir.

SN

Þá hefur lokið kynningu á breytingartillögum þeim fjórum sem við tókum hér fyrst, í I. hluta, til afgreiðslu. Nú er orðið laust, gjörðu svo vel. Orðið er laust um allar fjórar. Vilhjálmur, og Eiríkur.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla að veita hér andsvör við brtt. Erlings nr. 105 við 1. gr. um handhafa ríkisvalds. Nú, ég er í B-nefnd og þessi grein var auðvitað rædd ítarlega í þeirri nefnd. Almennt talað þá hefur B-nefnd haft það sem leiðarljós í sínu starfi að vera með skýrleika í huga og að texti stjórnarskrárinnar endurspegli stjórnskipunina eins og hún í raun er og að almenningur sem að les hana geti séð glögglega hver stjórnskipunin er. Það að forseti sé tiltekinn með löggjafarvald eru leifar, eða svona framhald ákveðinnar hefðar sem að á rætur að rekja til konungsveldis í Danmörku þegar að, ja konungurinn setti löginn ef svo má segja, eða þau voru talin eiga upptök sín hjá honum. Í dag er það auðvitað í reynd þannig að Alþingi fer með löggjafarvaldið, það er Alþingi sem að setur löginn. Þátttaka forseta í því ferli er annars vegar að staðfesta lög eða þá eftir atvikum að synja þeim staðfestingar og þá fara þau til þjóðar- atkvæðis en halda engu að síður gildi sín. Og svo hins vegar hefur forseti haft ákveðinn atbeina að því að leggja fram, þegar stjórnarfrumvörp eru lögð fram á Alþingi, skv. 25. gr. stjórnarskrárinnar.

Nú, stjórnlaganefnd gerði í tillögu sinni, II. dæminu, tillögu um það að forseti yrði ekki lengur nefndur sem handhafi löggjafarvalds, heldur einungis sem handhafi framkvæmdarvalds, og gerði þeirri tillögu ágæt skil og m.a. þá segir, svo ég nefni sem dæmi umfjöllun fræðimanna um þetta atriði, þá segir Björg Thorarensen í grein: „Það er einnig í samræmi við markmið valdreifingarkenningar um að vald skuli tempura vald og í reynd byggir sú skipan að löggjafarvald og framkvæmdarvald sameinist í þjóðhöfðingjanum á úreltum grunni. Því er til dæmis aldrei borið við nú á dögum að það sé þáttur í löggjafarvaldi forseta að leggja fram stjórnarfrumvörp, skv. 25. gr. stjórnarskrárinnar, þó það sé upprunalega markmiðið með því að konungur legði fram lagafrumvarp.“ Þannig að sjónarmið um þetta hafa verið að breytast. Nú síðan er það þannig í tillögum, í frumvarpinu núna, að forseti hefur ekki lengur atbeina að því að leggja fram stjórnarfrumvarp. Stjórnarfrumvörp ganga beint frá ríkisstjórn til Alþingis. Þá stendur eftir málskotsréttur forseta en við teljum, eins og ég nefndi áðan, að málskotsrétturinn er ekki frestandi, heldur taka löginn engu að síður gildi. Og við lítum svo á að þessi réttur forsetans sé orðinn framkvæmdarvaldsathöfn, hans sem öryggisventils.

Nú, það er sjaldgæft erlendis að þjóðhöfðingjar séu sagðir fara með löggjafarvald í stjórnarskrám. Eina dæmið sem við fundum um þetta er í Grikklandi, þar sem að forseti er sagður fara með löggjafarvald. En að öðru leyti þá er fyrst og fremst um að ræða leifar, þar sem konungar eða drottningar eru sagðar fara með löggjafarvald, t.d. er það í Danmörku og í Belgíu. En finnski forsetinn, sem að getur skotið málum aftur til þings, hann er sagður í finnsku stjórnarskránni einungis fara með framkvæmdarvald. Þannig að það er til-laga B-nefndar og ég, við leggjum til að þessi brtt. verði ekki samþykkt. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar að bregðast við ríkisborgararéttinum. Nefndin ræddi þessa hugmynd sem hér er komin fram um að hver sem fæðist á landinu fái íslenskan ríkisborgara-rétt, og við töldum ekki rétt að bæta því við að þau börn sem fæðast á Íslandi fái sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt, eins og tíðkast í Bandaríkjunum. Við teljum ástæðulaust að veita börnum foreldra ríkisborgararétt, sem kæra sig jafnvel ekki um það, og dveljast hérna um stundarsakir. Nú, ríkisborgarar eru þeir sem eru meðlimir í því samfélagi sem ríkisborgararétturinn tilheyrir. Þeir eiga þar bæði réttindi og skyldur umfram aðra menn, og hlutverk ríkisins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum þessa fólks. Ríkisborgarar eru þannig undir valdi og vernd ríkisins, hvar á hnettinum sem þeir búa. Og starfsmenn íslenska ríkisins erlendis, sendiherrar, sendifulltrúar, ræðismenn o.s.frv., þeir eru skyldir til að veita íslenskum þegnum erlendis margvíslega aðstoð, fyrirgreiðslu og vernd. Og íslenskir ríkisborgarar geta leitað til þeirra verði þeir sjúkir, bjargþrota eða vegalausir. Og íslenskir ríkisborgarar sem eru handteknir erlendis, þeir geta leitað til sömu aðila eftir aðstoð. Og við töldum í nefndinni að ef við ætluðum að fara að mæla nánar fyrir um veitingu ríkisborgararéttar í stjórnarskrá, þá væri spurning um hvar ætti að draga mörkin, og þess vegna féllumst við ekki á þessa tillögu og töldum skynsamlegra að fela löggjafanum að mæla nánar fyrir um veitingu ríkisborgararéttar.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Til hamingju með þennan dag. Ég ætlaði að taka hér til máls til þess að andmæla breytingum á 2. gr. um handhafa ríkisvalds, og þá báðum breytingartillögum. Ég get gert andmæli Vilhjálms við þeirri brtt. að forseti komi inn sem handhafi löggjafarvalds að mínum og þarf ekki að segja meira um það. En nefndin gerði aðra breytingu á þessari grein, sem að ég stend ekki að. Þessi breyting er til komin vegna ábendinga forsætisráðuneytisins en ábendingar þess eru nú ekki sterkari en svo, það er sem sagt við það að ráðherrar, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvald í umboði Alþingis og mér finnst mikilvægt að halda þessu inni og hnykkja þar á þingræðisreglunni. En forsætisráðuneytið benti á að þetta væri kannski ekki algengt, en gerði í raun enga sérstaka athugasemd, allaveganna í þeim texta sem ég fékk, við að slíkt væri áfram inni. Þannig að ég legg til að við höldum þessari 1. gr. um handhafa ríkisvalds, eins og hún er í skjali okkar í dag og fellum þessar brtt.. Takk fyrir. Til þess að hnykkja á, sem sé, mikilvægi þingræðisins.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Já, það er í sambandi við þessa brtt. varðandi því að börn geti orðið ríkisborgarar á Íslandi ef þau fæðast hér. Þetta er í raun og veru mjög róttæk tillaga, sem kom fram í gær, og hefur kannski lítið verið rædd hér. En það er vísað til þess að í Bandaríkjunum sé slíkt ákvæði í stjórnarskránni. Það ákvæði er frá upphafi stjórnarskrárinnar, ég held að það sé rétt, 1789, það voru auðvitað allt aðrar aðstæður þar. Og ég held að meirihluti A-nefndarinnar hafi skoðað þetta mál og ég treysti þeirra dómgreind í þessu máli. Ég held að þetta sé of róttæk tillaga og þau rök sem komu fram, að þetta væri liður í því að hér sé opið samfélag, við höfum auðvitað opið samfélag, en ég er ekki viss um að þetta sé besta leiðin til þess. Og ég veit ekki til þess að í nágrannalöndum okkar, nema þá Írlandi, þá sé slíkt ákvæði. En ekki í öðrum löndum í Skandinavíu eða annars staðar í þeim löndum sem við miðum okkur gjarnan við. Nú annað atriði, sem ég ætla að benda á. Það er þessi brtt. hans Erlings. Sko, það voru nú lögfræðingar, sem komu að þessu máli, utan Stjórnlagaráðsins, og þeir lögðu áherslu á þetta. Og menn telja að hér sé um einhvern vafa að ræða. Nú auðvitað forsetinn staðfestir með undirskrift sinni, lagasetninguna ... ég held að þessi tillaga Erlings sé skynsamleg. Ég held það sé rétt, svona að hafa þetta inni, og fara að ráðum þessara lögfræðinga. Ég held það hafi ekki komið fullnægjandi rök fyrir því að aðkoma forsetans með því að staðfesta lög, að það hafi ekki komið nægileg rök til að sýna fram á það að það sé ekki lagasetningar-, eða lagasetningarvald. Þakka þér fyrir.

SN

Ég ætla að biðja fundarmenn að vísa í númer tillagnanna sem þeir eru að fjalla um. Og næstur tekur til máls Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Formaður og aðrir góðir áheyrendur og félagar. Ég er að gera athugasemd við 81. brtt. viðvíkjandi 1. gr. Ég tek efnislega undir það sem kom fram hjá Eiríki Bergmann, en ég held það sé nauðsynlegt með tillögu eins og þessa að greiða atkvæði um hana í tvennu lagi. Það er gjörólíkt ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. eða greinar, er auðvitað réttara sagt. Þannig að ég legg í fyrsta lagi til að það verði greitt atkvæði um þetta í tvennu lagi, og varðandi aðra greinina, legg ég til að hún fari, þetta er málsmeðferðartillaga, að hún fari til skoðunar í nefnd. Ég held það megi laga aðeins málfarið á miðmálsgreininni, þarna um ráðherra, ríkisstjórn og önnur stjórnvöld í umboði Alþingis. Hvort þessi innskotssetning á ekki betur heima síðar ... Ég er ekki að orðlengja þetta, annað hvort tvær aðskildar atkvæðagreiðslur, allavega um fyrri greinina og hin fari í nefnd. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar aðeins að bæta við tvennum rökum

gegn tillögu nr. 105 við 1. gr. frá Erlingi féлага mínum. Forseti mun ekki, skv. okkar tillögum, gefa út bráðabirgðarlög, það mun enginn gera. Það var þáttur í löggjafarvaldi. Og forseti mun ekki skrifa upp á stjórnarfrumvörp. Það var þáttur í löggjafarvaldi. Þannig að þetta er hvort tveggja rök gegn brtt. Erlings. Takk.

SN

Nú, þá göngum við til kosninga um þær brtt. sem liggja fyrir. Fyrsta er nr. 81, og ég legg til að við kjósum um hana í tvennu lagi, fyrst um þessa nýju 1. gr. og síðan um 2. gr. Og ég vek líka athygli á því að nefndin mun hafa tækifæri á milli 1. og 2. umræðu til að fjalla um málið. Flutningsmaður vill ... Katrín, óskar þú eftir því að þetta fari í nefnd, eða?

KF

Ja, ég bara mæli með því að brtt. frá B-nefnd verði samþykktar.

SN

Þá kjósum við fyrst um 1. gr. Að hún orðist svona: „Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn.“ Og kosning er hafin. Er einhver sem ekki nær að kjósa? Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 2 sögðu nei eða höfnuðu og 1 situr hjá.

Þá göngum við til atkvæðagreiðslu um 2. gr. „Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar. Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómvaldið.“ Kosning er hafin. Gjörðu svo vel.

Og niðurstaða er komin. Hún er samþykkt með 17 atkvæðum, 6 segja nei og 1 situr hjá.

Þá er það brtt. nr. 105. Flytjandi er Erlingur Sigurðarson. Óskar þú eftir að það verði kosið um hana? Einhver sem ...?

Þá er það „Forseti fari með löggjafarvald ásamt Alþingi“. Kosning er hafin. Gjörðu svo vel.

Og niðurstaðan er að þessari tillögu er hafnað með 14 atkvæðum, 6 voru henni samþykkir, 3 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 112, fyrirgefð þið, fór ég aðeins of brátt yfir þetta, 114, um ríkisborgararétt, að bætt verði við rétti þeirra til ríkisborgararéttar sem fæðast á landinu. Arnfríður, þú samþykkir að það verði kosið um hana. Þá er kosningin hafin. Þeir sem eru samþykkir ýta á gult og rautt, þeir sem hafna.

Þessari tillögu er hafnað með 11 atkvæðum á móti 8, 3 sitja hjá.

Og næst er það brtt. nr. 112, og hún er á þá leið að ný grein bætist við í Undirstöður og fjalli um skyldur borgaranna og hún hljóðar þannig: „Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast. Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvítetna sem og þau lög og réttindi og skyldur sem af henni leiða“. Og við kjósum þá um þessa tillögu núna.

Hún er samþykkt með 16 atkvæðum, 4 segja nei og 3 sitja hjá. En kerfið er ekki í lagi ennþá, er það? Það er einn sem ekki kemur inn ...

Þá gerum við stutt fundarhlé.

SN

Þá höldum við áfram og nú eru lagðar fram fyrstu greinarnar í mannréttindakaflanum, greinar frá 4 til 10 og brtt. tengdar þeim. Fyrsta brtt. er nr. 29, um 5. gr. Jafnræði og ég ætla að biðja Silju Báru um að fylgja eftir þeirri brtt.. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Aðeins smá hérna, það er ekki tillaga frá nefndinni í heild. Á ég ekki að byrja á að kynna bara nefndartillöguna? Jú.

Nefndin leggur fram brtt. nr. 12, við 6. gr. Það er greinin um vernd réttinda og við höfum umorðað hana aðeins. Hún hljómar núna, það var smá kvörtun yfir, það var orðalagið ágangi sem að fólki fannst erfitt og ljótt, og þetta eru svokölluð neikvæð frelsisréttindi sem við erum að tala um hérna. Þetta er ekki vernd borgaranna frá ríkinu heldur svona, já þetta er í raun og veru vernd borgaranna frá ríkinu, þannig að þetta eru svona þriðja manns áhrif sem við erum að tala um. Þetta er aðallega bara orðalag og ekki mikil efnisleg breyting, við erum búin að ræða þetta nokkrum sinnum. „Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgaranna gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds, eða annarra“. Þannig að hér erum við að víkka aðeins út, það er ekki bara ríkið sem getur verið að brjóta mannréttindi, heldur geta lögaðilar og jafnvel einstaklingar verið þar á meðal. Þannig að þetta er ekki efnisleg breyting heldur orðalagsbreyting. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 18, Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Við höfum rætt þetta mikið hérna, þetta orðalag um við og okkur og það er sagt í greininni „Öll erum við jöfn fyrir lögum“. Og ég ætla svo sem ekkert að fara yfir þær röksemdir sem ég hef áður fært fram um þetta. Ágætt bara að fá kosninguna. En þó að benda á það að ég hef séð fjölmargar ábendingar frá utanaðkomandi aðilum, sem að styrkja þessa brtt. mína, um að í staðinn fyrir að sagt sé að „Öll erum við jöfn fyrir lögum“, þá er þetta okkur og við tekið út og sagt bara einfaldlega: „Allir séu jafnir fyrir lögum“. Það er miklu víðtækara, nær víðar. Mér finnst þetta orðalag við og okkur útilokandi, ef það er til við, þá eru til einhverjir aðrir og mér finnst að stjórnarskrá eigi að hafa opinn faðm, en ekki að ýta fólki frá, sem að mér finnst svona blær af þessu orðalagi yfir. Þannig að ég legg til þá breytingu að í ákvæðinu segi einfaldlega: „Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda“ o.s.frv. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 29 við 5. gr. Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

EBE

Fyrirgefðu, Þorkell Helgason er á þessari brtt. með mér, þetta er ekki bara ég einn, ég gleymdi að nefna það áðan, fyrirgefðu.

SBÓ

Takk. Já, ég flyt þessa tillögu ekki sem formaður nefndar A heldur bara sem venjulegur ráðsliði. Með mér á henni eru Örn Bárður Jónsson, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Freyja Haraldsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir og Ástrós Gunnlaugsdóttir. Og þetta er jafnræðisreglan. Við leggjum til að kynvitund verði bætt inn sem mismunarbreytu og fer þá inn á réttan stað í staf-rófsröð. Þetta er framhald á áratugalangri baráttu hinsegin fólks á Íslandi. Við höfum góða réttarstöðu almennt fyrir hinsegin fólk, jafnvel talað um að við séum með 2-3 bestu löndum í heimi fyrir hinsegin fólk að búa, en þegar staða transfólks er tekin inn, að þá lækjum við all verulega og niður í kannski 10. til 15. sæti. Þetta er hópur, transfólk er hópur sem að sætir gífurlegri mismunum, sætir miklu ofbeldi og þetta er hópur sem þarf mjög mikið á sérstakri vernd, eins og stjórnarskráin getur boðið upp á að halda.

Við höfum rætt þetta fram og tilbaka hérna, hvort að það dugi ekki að segja Öll erum við jöfn fyrir lögum, eða eins og Eiríkur vill segja „Allir er jafnir fyrir lögum“, og í fullkomnum heimi þá þyrfti ekki að telja upp minnihlutahópa. En við sem að þessari tillögu stöndum, teljum nauðsynlegt að hafa þetta inni. Og orðið kynvitund er orðið 45 ára gamalt, þó það hafi nú ekki verið notað í þessu samhengi þá. Það birtist í ritmálssafni Orðabókar Háskólans 1966. Það er merkingarfræðileg þýðing fyrir hugtak sem er á ensku „gender identity“. Hjá landslæknisembættinu er notað orðið kynsemd, en það er ekki orðið sem að þessi hópur fólks notar yfir sjálft sig. Þannig að kynvitund er orðið sem er lagt til hér. Það kom út núna fyrir rúmum mánuði síðan, eða rétt um mánuði niðurstöður mjög umfangsmikillar rannsóknar sem var gerð á vegum Evrópuráðsins í aðildarríkjum þess, 47 ríki, sem sýnir hversu gífurleg mismunum það er sem fer fram í aðildarríkjunum á grundvelli bæði kynhneigðar og kynvitundar. Við erum búin að samþykka, allaveganna höfum samþykkt í áfangaskjalinu hingað til, að hafa kynhneigð inni, en í þessari skýrslu er alveg sérstaklega tekið fram hversu veik staða transfólks er í þessum ríkjum og stundum er þetta jafnvel talin geðveiki, að sjá sig sem konu í karlmannslíkama eða öfugt. Þetta er hópur fólks sem er mun líklegri til að þjást af þunglyndi og kvíða, þar sem að sjálfsmorðstíðni er hærri heldur en meðal ungs fólks, heldur en meðal gagnkynhneigðra jafnaldra. Margir eiga erfitt með að fá lækniþjónustu og sæta miklum fordómum í heilbrigðiskerfinu og í samfélaginu í heild. Í greinargerð eða skýringum með þessari tillögu er að finna tengil á þessa skýrslu sem ég mæli með en ég mæli einkum með akkúrat núna að við samþykkjum þetta orð inn. Takk.



SN

Þá er næst brtt. nr. 9, við 9. gr. um rétt barna. Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kæru ráðsliðar og þeir sem eru í salnum og þeir sem eru heima fyrir. Flytjandi að þessari brtt. er ásamt mér Þorkell Helgason og þetta er sem sagt brtt. við 9. gr. um rétt barna. Hún segir svo: „Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varða“r. Svo kemur 3. mgr., og það er hún sem að við viljum að falli brott: „Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.“ Við teljum ákveðna hættu á því að það sé verið að varpa með þessu ákveðinni sprengju inn í fjölskyldulífið og við séum að færa vendipunkt ákvarðanatöku á þá sem síður eru til þess bærir, það er börnin. Og það er einnig gerð athugasemd við þetta í áliti innanríkisráðuneytisins sem við fengum núna í gær. Og þau ámálga einmitt þetta atriði líka, að það sé svolítið erfitt að skilgreina nákvæmlega, sem sagt, þessa málsgrein, réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska. Þetta er reyndar mjög á reiki og mikið matsatriði. Þannig að við teljum að fyrri ákvæðin tvö, fyrri málsgreinarnar tvær, þær séu nægjanlegar til þess að tryggja vernd og réttindi barna og viljum að þessi síðasta falli út. Takk.

SN

Næst er brtt. nr. 49 við 10. gr., eignaréttur. Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kæru vinir. Ég mæli fyrir brtt. við ákvæðinu um eignarétt, þess efnis að málsliðurinn nýting eignaréttar skal ekki ganga gegn almannahag, falli brott. Nú mannréttindi eru eitt og almannahagur er annað. Ef að áreksstrar milli þessara tveggja hluta á að útkljá með þeim hætti að almannahagur hafi betur, þá er nú lítið eftir af mannréttindum. Tilgangur með mannréttindum er einmitt að verja einstaklinga gagnvart meirihlutavilja hverju sinni. Við sem stöndum að þessari tillögu teljum sem sagt að þetta gæti haft í för með sér líklega veikingu eignaréttarhugtaksins. En það er margt annað sem er hæpið, bæði við tillöguna og rökstuðning bak við hana sem kemur fram í þeim skjölum sem allavega ráðsfulltrúar hafa fengið. Þannig er t.d. vísað í erlenda stjórnskipan, þýska stjórnarskrá, og það er tekið dæmi um ákvæði sem hljómar svipað þar og því sagt að það hafi ekkert verið misnotað neitt sérstaklega mikið, og í því ljósi sé það í lagi, að taka þetta upp hér og ástæðulaust að óttast að sama verði gert. Við vitum ekki hver ástæðan þess var, hugsanlegt að það hafi verið tekið upp á sínum tíma, og það er ekki drepið á því. Ein skýring sem ég hef heyrt, var sú að þetta sneri að leiguréttindum í tengslum við stríðslok. Þar hafi verið farin sú leið að eins og

alltaf er eftir stríð, þá er mikill skortur á leiguhúsnæði og þetta hafi verið leið til að styrkja löggjöf í tengslum við það efni. Þetta sýnir okkur bara hve varasamt það er að taka upp ákvæði hrátt úr öðrum stjórnarskrám án þess að vita hvað er í raun hvað þar að baki stendur.

Nú, það er ýjað að því í greinargerðinni, sem við ráðsfulltrúar höfum fengið dreift, um að það sé í rauninni verið að staðfesta núverandi réttarástánd með þessum hætti. Þetta tel ég vera mikla rangfærslu. Það er rétt að allar þær takmarkanir og kvaðir sem hvíla á eignarétti, vissulega með einu eða öðru móti, stuðla að því að vernda almannahag. Það er hins vegar ekki þannig að löggjöfin sé skylda til þess að láta svo vera, að öll nýting eignaréttar skuli ekki ganga í berhögg við almannahag. Á þessu er ákveðinn grundvallarmunur, annars vegar hvort það sé heimilt eða hvort það sé skylda. Ég hef ekki séð að neitt annað ákvæði í þeim tillögum sem við leggjum upp með sé jafn afdráttarlaust skerðingarákvæði og þetta tiltekna ákvæði. Það ber einnig að geta þess að í þýsku stjórnarskránni þá kemur beint eftir þessari setningu um takmarkanir á því hvernig taka beri eignir af fólki, eða með hvaða hætti það megi gera og þar er notað „Wohlende allgemeine“ notað aftur og þetta er þá sambærilegt orðinu „almenningsþörf“ hjá okkur. Þannig að sama hugtak er þýtt með tveimur ólíkum hætti í þessu skjali og þannig er ekki ljóst að ef að takmarka beri eignarétt þá beri að fara að með sama hætti og er minnst í 1. mgr.

Nú, framkvæmdin á þessu er ekki ljós, hvort er verið að leggja heimild fyrir löggjafann til þess að skerða eignarétt, skyldur á hann, er þetta eitt-hvað sem einkaaðilar eiga að sjá til sjálfir, geta dómstólar dæmt þessu beint, geta framkvæmdarvaldshafar farið beint í það að beita þessu ákvæði, án þess að sérstök lagaheimild komi til? Að lokum, þá held ég að málsgreinin sé óþörf, vegna þess að málsliðurinn þar á undan, þ.e.a.s. eignarétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög, segir allt sem segja þarf í þessu samhengi, en hann leggur þó ekki jafn þunga og kannski tilfinningaþrungna merkingu í greinina alla, sem gæti átt á hættu á því að vera misnotuð af stjórn-málamönnum á viðsjálum tíma. Ég legg þunga áherslu á það að þessi tillaga nái fram að ganga.

SN

Það hafa nokkrir beðið um orðið um þessar 5 tillögur. Fyrst Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Já, fundarstjóri, aðrir áheyrndur. Tilgangurinn með því að þessari breytingu A-nefndar og segja Öll erum við í staðinn fyrir Allir eru er tvímæla-laust til þess fallin að málfarið sé innifelandi en ekki útilokandi eins og Eiríkur Bergmann talaði um þegar hann mælti fyrir þessari brtt.. Nefnd A hefur í vinnu sinni lagt sig fram við að fækka þeim tilvikum þar sem karlkynfornöfn eru notuð í texta mannréttindakafans og á tímabili vorum við í A-nefnd búin að setja „Öll erum við“ eða „Öll skul-

um við“, í stað Allir á mjög mörgum greinum, en við drógum það til baka til þess að koma til móts við efasemdir margra ráðsmanna í umræðum hér á ráðsfundum. Eins og textinn er núna, þá er það aðeins í þessari grein, 5. gr. jafnræðisreglunnar, talað um „Öll erum við“. Og okkur finnst það mjög mikilvægt í A-nefnd að það fái að standa til þess að áréttta það að stjórnarskráin sé okkar allra, án mismununar og því er það sem að við erum öll jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar. Þannig að ég mæli eindregið með því að þessi brtt. verði felld og þetta fái að standa „Öll erum við jöfn fyrir lögum“, þannig að textinn fái að vera innifelanda og það sé vísað til beggja kynja en ekki bara í karlkyni, eins og svo víða er gert. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að andmæla því að setja kynvitund inn í jafnræðisregluna. Upptalning í jafnræðisreglunni endar á orðunum: „Og stöðu að öðru leyti“. Undir það falla ótal minnihlutahópar sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu og nefndin hefur kosið að telja ekki upp. Nefndin var ekki einhuga í afstöðu sinni til þess að bæta kynvitund við jafnræðisregluna, þó svo að það efist enginn um þann vanda sem þessi hópur stendur frammi fyrir. Skilgreiningar á hugtökum sem notaðar eru um þennan hóp eru tiltölulega ómótaðar hér á landi. Það má kannski segja að það sé að hluta til vegna þess að það eru ekki nema 13-14 ár síðan fyrsti einstaklingurinn kom til meðferðar á Landspítalanum vegna kynskipta, og það er talað um transgender, kynskiptahneigð, kynvitund, kynáttun og kynsemd. Hvaða nafn sem við notum, þá er þessi hneigð skilgreind innan heilbrigðisvísinda og hefur ákveðið sjúkdómsgreiningarnúmer. Eigi að telja hana upp í stjórnarskrá þá hlýtur að koma til álita að telja upp ýmislegt annað sem flokkað er undir alls konar raskanir, svo sem Tourette sem hefur svo sannarlega áhrif á líf fólks og veldur fordómum. Tíðni transgender fólks í heiminum er 1 á móti 10.000 til 1 á móti 30.000. Það eru því að hámarki 30 manns sem glíma við þennan vanda á Íslandi og það er sjálfsagt fyrir löggjafann að skoða hvort þörf sé á heildstæðri löggjöf um málefni þessa hóps. En það er óþarfi að telja hann upp í stjórnarskrá, og það veldur mismunun gagnvart fólki í áþekkri stöðu með aðra greiningu.

SN

Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

FH

Já, kærur vinir. Ég ætla svona að byrja bara að bregðast við herna, bregðast bara sjálf við og svo enda á að bregðast við herna, breytingartillögunni varðandi réttindi barna. En mig langar bara að undirstrika að mér þykir mjög mikilvægt að í jafnræðisreglunni þá tölum við um það að „Öll séum við jöfn fyrir lögum“. Og Eiríkur nefndi að honum fyndist útilokandi þetta

orðalag, að segja „Öll erum við“. En ég spyr þá hvort að það geti ekki verið alveg jafn útilokandi fyrir konur þegar það eru „Allir“, sem eru karlkynsorð. Og mér finnst það ekkert voðalega útbreiddur faðmur heldur. Þannig að ég mun styðja það að við höldum áfram að hafa „Öll erum við jöfn fyrir lögum“. Ef það er ekki í þessu ákvæði, þá hvar? Og ég vil einnig styðja að kynvitund fari inn. Svo vil ég bara fyrir hönd A-nefndar bregðast við brtt. nr. 9, við 9. gr., um réttindi barna, þar sem farið er fram á að 3. gr. ákvæðisins falli brott. Þessi 3. gr. er í rauninni ein af mikilvægustu greinum í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og í rauninni ein af þeim mikilvægustu. Og þessi regla fjallar um þátttöku barna í málum sem varða þau. Og hún er mikilvæg að því leyti að hún tryggir það að rödd barnsins, sem er manneskja, heyrir í því sem að gengur á er varðar hana. Þetta hefur mikilvægt og hefur breytt miklu fyrir börn, t.d. þegar verið er að fjalla um forræðismál og í ofbeldismálum, sem þau varðar, að þau fái að tjá sig um þau. Og t.d. þegar um er að ræða veikindi þeirra, eða einhverra í fjölskyldunni, eða t.d. skiptir þetta gríðarlegu máli fyrir fötlud börn sem eru stöðugt í höndunum á fagfólki. Þau vilja ofboðslega mikið stjórnar og stýra öllu þeirra lífi. Og börn hafa skoðanir, þau hafa tilfinningar, og þau hafa þrár. Og alveg eins og við fullorðna fólk þurfa þau að hafa vettvang til að tjá sig. Þau eru minnihlutahópur í þeim skilningi að þau hafa ekki sömu rödd og aðrir. Og þess vegna, þrátt fyrir að við höfum rætt þetta að sjálfsögðu mjög mikið, að þá var niðurstaða okkar sú að þetta væri gríðarlega mikilvægt ákvæði. Og við viljum kannski líka benda á að í ljósi allrar þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um lýðræði, að þá er þetta ákvæði, þessi grein ákvæðisins einmitt fjallar um möguleika barna til þátttöku í lýðræðisríki. Þannig að já, takk fyrir þetta.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég ætla fyrst að fá að segja varðandi brtt. nr. 12, að ég styð þetta víða verndarskyldu yfirvalda. Varðandi brtt. nr. 18, sem Eiríkur flutti, þá vil ég óbreytt orðalag og benda á að í formálanum er skilgreint hver við erum. Það erum við sem byggjum Ísland. Nú varðandi kynvitundina, þá tek ég þá afstöðu að hugsa breitt og opið. Við erum með, nefnum vissa hluti í stjórnarskránni, sem eru kannski, svona í vissum skilningi börn tímans og tel að það sé rétt að styðja við þau sem eiga undir högg að sækja með sína vitund og þar með kynvitund. Nú brtt. nr. 9 um börnin, ég vil hafa, ég er á móti henni og mun, en vil að sé tekið mikið tillit til barna.

En þá er komið að eignarréttinum, brtt. nr. 49, sem mér var falið að andmæla hér og vil geta þess að eignarrétturinn á Íslandi, í lögum, hann er mjög sterkur og orðalagið að hann sé friðhelgur gengur lengra en víða annars staðar. Nú í skýrslu stjórnlaganefndar segir: Allt frá gildistöku stjórnarskrárinna 1874 hefur verið viðurkennt að ýmsar skerðingar á eignarréttindum manna séu heimilár án bóta. Í fyrsta lagi er löggjafanum heimilt að setja eignarréttinum almennar takmarkanir. Auðvitað er það svo eins og Pawel nefndi að eignar-

réttur, að mannréttindi, eða stjórnarskrá, hún tryggir rétt einstaklinga gagnvart heildinni og ekki síst gagnvart valdinu. En það er nú svo að Palli er aldrei einn í heiminum, réttur einstaklings er um leið skylda hans, og reyndar finnst mér að kaflinn um mannréttindi ætti að heita Mannréttindi og skyldur, til að minna á það að það eru alltaf tvær hliðar á þessu máli. Nú, það var vitnað í þýsku stjórnarskrána og ég geri það líka. Við höfðum hana til hliðsjónar og það orðalag enda þótt ólíku sé saman að jafna, en þá er þar reyndar gengið mun lengra, í þeirri þýsku, því þar segir að ... við segjum sko, nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag, en þar segir að hann skuli vera í almannahag. Það er miklu sterkara orðalag. Hér, eins og ég sagði, rétturinn er mjög sterkur hér, og einhver vitnaði í innsendu erindi í Róbert Spanó, sem er átoritet í heimi lögfræðinganna, að eignarrétturinn sé sterkari hér en annars staðar. Nú, það eru lög eins og mengunarvarnarlög, skattalög og nábylisréttur sem að takmarka eignarrétt, og það er alþekkt. En það að hnykkja á þessu með þessum hætti, það minnir á að við berum ávallt skyldur og það fylgja réttindum skyldur. Og það er mikilvægt að halda á lofti almannahag, ekki síst í ljósi þess sem á undan er gengið, að við höfum upplifað efnahagshrun á Íslandi, sem að er að miklu leyti tengt eignarrétti og misnotkun eignarréttar, þannig að ég mæli gegn þessari brtt., og þakka fyrir gott hljóð.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætlaði nú að taka til máls einmitt um þetta með eignarréttinn, því að það eru eiginlega hálfgerð mistök, eða misgrip, að ég skuli ekki vera flutningsmaður að þessari tillögu. Ég hélt ég væri það. Það hefur eitthvað misfarist með þá skráningu hjá mér. En ég vil taka undir með flutningsmanni Pawel. Það stendur í frumvarpsdrögum: „Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög“. Þetta tel ég vera fullkomlega nægjanlegt og uppfyllir allt það sem að menn kynnu að vilja gera við eignarréttinn, svona til að gæta hagsmuna almennings. Mér finnst algjör óþarfi að bæta þarna við: „Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag“. Ég tel það vera afar sterka setningu sem að getur breytt mikið réttarframkvæmd á eignarréttinum á Íslandi. Og við skulum ekki gleyma því að eignarréttur er mikilvæg mannréttindi, og reyndar með þeim mikilvægari, myndi ég telja. Þannig að ég held að við þurfum að ganga mjög varlega um þessar dyr. Ég held að þessi fyrri málsliður greinarinnar: „Eignarrétti fylgja skyldur“, svo og takmarkanir í samræmi við lög, sé fullkomlega nægilegt, þannig að ég styð eindregið þessa tillögu um eignarréttinn og vona að fleiri geri það. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Og ég ítreka við ykkur að vitna í það númer sem þið eruð að fjalla um, þá

tillögu sem þið eruð að fjalla um. Gjörðu svo vel, Andrés.

AM

Takk. Kæru ráðsmenn, formaður og áheyr- endur. Ég ætla einmitt að tala um brtt. nr. 49 við 10. gr. Ég sé ekki betur en þarna sé bara verið að setja í orð hinn gamla góða samfélagsáttmála, eða social contract. Við erum hrifin af einkafram- takinu og viljum reisa því sem minnstar skorður, vegna þess að það er til hagsældar fyrir alla. Það er það sem þarna stendur. Mér þykir aldeilis að það eigi að taka U-beygju ef það á nú að segja að við styðjum einkaframtakið líka, þó það sé ekkert öllum öðrum til hagsældar, þó það gangi þvert á hagsmuni heildarinnar. Og Vilhjálmur benti á að þetta geti breytt réttarvenjum í fram- tíðinni. Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag. Mér finnst bara allt í lagi þá, ef það kemur þá á sú venja að það sé ekki allt í lagi að ganga gegn almannahag í beitingu eigna sinna. Þannig að ég legg eindregið til að þessi tillaga verði felld. En fyrst ég er nú með orðið, þá langar mig aðeins líka til þess að minna á kynvitundina. Ég er alveg sammála Silju Báru, það væri virkilega gott að geta gert eitthvað fyrir þennan hóp, en ég held þeir séu margir aðrir hópar, og miklu stærri, sem að eru í svipuðum vanda. Því ekki að taka hér lesblinda, ADHD o.s.frv. Og mér finnst, þetta er mjög virðingarvert, en það er svolítið verið að tosa þarna upp listann, einn ákveðinn hóp, þykir mér. Takk fyrir.

SN

Illugi Jökulsson. Gjörðu svo vel.

IJ

Það er brtt. nr. 29 við jafnréttisákvæðið um kyn- vitundina, sem mig langar að biðja ykkur lengstra orða að sýna þessari brtt. myndarlegan stuðning, því hún snertir sjálfan tilgang þess af hverju við erum hér saman komin. Jú, það er mikilvægt að setja skýrar reglur um stjórnskipan, um Alþingi, um Hæstarétt og líka um eignarrétt o.s.frv. En stjórnarskrá hlýtur þó einnig, og kannski umfram allt, að kveða á um réttindi og skyldur borgaranna sjálfra hver við annan. Og þá ekki síst við okkar viðkvæmustu systkin og bætt réttindi þeirra, og það er slík tillaga sem hér liggur fyrir. Vel að merkja, þó ég noti hér orðalagið „Okkar við- kvæmustu systkin“, um það fólk sem mun njóta góðs af þessari breytingu á stjórnarskránni, þá á það ekki að hljóma eins og yfirlæti, og ég á vita- skuld ekki við að það góða fólk eigi eitthvað allt privat og persónulega voðalega bággt, fjarri fer því, sem betur fer. Þetta fólk lifir sínu lífi í gleði jafnt sem sorg, eins og aðrir, en því notaði ég þetta orðalag að þessi hópur fólks, þó hann sé kannski ekki mjög stór, þá á hann óneitanlega að sumu leyti við meiri og dýpri erfiðleika að stríða, en títt er. Okkur þykir sjálfsagt að hafa í stjórnarskrá ákvæði þar sem kveðið er á um réttindi þeirra sem eru handteknir og fangelsaðir, en í þessu tilfelli er um að ræða fólk sem getur upplifað lífið sjálft sem fangelsi. Það er fangar viðhorfa samfélags-

ins sem krefst þess að fólk skilgreini sig absolútt sem karl eða kona og þá eingöngu í tengslum við það hvernig kroppurinn lítur út, sem maður fæðist í. Það er fangar fordóma samborgara sinna, stundum lífshættulegra fordóma, því sums staðar er það fólk beinlínis í lífshættu sem ekki fellur nákvæmlega inn í kynjagirðingar hins hefðbundna. Og í sumum tilfellum er fólk m.a.s. fangar líkamans sem það fæddist í.

Góðir félagar, okkur er ekki alveg alls varnað Íslendingum, og við höfum t.d. áunnið okkur þó nokkurn orðstír fyrir það í útlöndum, hve tiltölulega snögg við vorum að kippa í liðinn að mestu leyti því óréttlæti sem samkynhneigður urðu fyrir. Hér höfum við tækifæri til að stíga annað, ekki ósvipað skref, með því að kveða skýrt á um að kynvitund fólks sé þess einkamál og það megi ekki á nokkurn hátt mismuna fólki þótt það brjótist spölkorn út úr kynjagirðingum samfélagsins. Þetta er sá hópur sem hefur sætt mesta skilningsleysinu og ákófustu fordómunum og hefur líka mætt erfiðleikum hér á Íslandi þótt þeir séu kannski ekki jafn miklir og víða annars staðar. Það sem ég leyfi mér að fullyrða, eins og Silja Bára benti á, að fáir eða engir hópar sæta meira misrétti eða eru í meiri hættu staddir að verða fyrir ofsóknum. Við skulum leggja okkar lóða á vogarskálarnir til að breyta því hér heima, og þá verður það líka lóð á vogarskálarnar víðar í veröldinni.

Að lokum, ágætu vinir. Við munum ekki hafa nema sóma af því að samþykkja þessa brtt.. Það er ekkert varhugavert við hana, hún hefur engar hættur eða gildirur í för með sér. Hún snýst, vel að merkja, ekki um að auðvelda aðgengi að kynjaleiðréttingum á skurðstofum, ef einhver skyldi halda það, að þá muni þeim fjölga von úr viti. Um það snýst málið ekki. Um þau mál gilda reglur og eiga að gilda strangar reglur, sem enginn hefur áhuga á að hrófla við, ekki heldur það fólk sem gengst undir slíkar leiðréttingar. Það gera sér allir grein fyrir því að slík skref skulu aðeins tekin að mjög vel athuguðu máli. Og brtt. okkar breytir engu í því sambandi. Við biðjum ykkur því að samþykkja þessa tillögu, og jafnvel þó svo að þið teljið ykkur ekki skilja þetta orð, kynvitund til fullnustu, eða þá erfiðleika sem það fólk á við að stríða, sem hér um ræðir. Og jafnvel þó þið hafið athugasemdir um upptalninguna í jafnréttisákvæðinu, þá bið ég ykkur, ekki láta það verða til þess að þið greiðið atkvæði gegn þessu fallega mannréttindamáli sem hér er lagt fram, með þessari brtt., sitjið þá heldur hjá, ef þið eruð ekki alveg viss. En ekki greiða atkvæði gegn. Þetta er alvörumál um alvörufólk sem á við alvöru vanda að stríða, og þetta er alvörulausn. Þetta er mannréttindamál og það er til að huga að mannréttindum, sem við erum hingað komin. Ég skal lofa ykkur því og leggja hausinn að veði, það er ekkert nema gott um þetta að segja og við ættum sem allra, allra flest að greiða því atkvæði. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Mig langar fyrst að mæla gegn brtt. nr. 18 við 5. gr. Ég tel að við höfum náð góðri málamiðlun með því að hafa þetta aðeins í aðfararorðum og jafnréttisreglu, þetta hlutlausa orðalag, og annað er karlkennt. Þannig að ég held að við ættum að setta okkur við það karlmenn og öll, að halda þessu orðalagi „Öll erum við jöfn fyrir lögum“. Þá langar mig að andmæla brtt. Lýðs. Það er nr. 9 við 9. gr. Ég hef ekki séð neitt álit frá stjórnarráðinu um að þetta gangi ekki upp og þekki þetta ágætlega, bæði sem lögfræðingur og faðir. Og ég held að það sé ekki neitt hættulegt við það að tryggja barni rétt og hafa skyldur til þess í stjórnarskrá, enda er fyrirvarinn alveg skýr í niðurlagi, um að það skuli aðeins tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins, í samræmi við aldur þess og þroska. Það er engin hætta á að úrlausnarhafar, hvort sem er í stjórnslu eða dómsýslu, fari að komast að einhverjum langsóttum niðurstöðum eins og þeim sem að Lýður nefnir í sinni greinargerð. Loks langar mig í ljósi þess hve stutt er síðan brtt. nr. 29 kom fram, og það frá fólki sem að mikið til sat í mannréttindanefndinni okkar, nefnd A. Mig langar að spyrja einhvern flutningsmanna, hverju þetta breytir og þá ekki í fjarlægum ríkjum, heldur á Íslandi. Hverju breytir þetta orð í jafnréttisákvæði okkar? Sérstaklega í ljósi langrar upptalningar og stöðu að öðru leyti. Flest atriðin þar eru hlutlæg, og mig langar að hvetja flutningsmenn til þess að setja þetta ekki í atkvæðagreiðslu strax, heldur setja þetta í nefnd, sem að hefur unnið svo vel úr erfiðum málum í mannréttindanefndinni. En gjarnan vildi ég fá svar við hverju þetta breytir. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, ég ætla nú að byrja á því að biðjast afsökunar á því að taka aftur til máls, en í kjölfar þess sem Örn Bárður sagði að þá áttaði ég mig á því að ég gleymdi eiginlega aðalröksemdinni, sem ég vildi færa fram fyrir því, af hverju það er mikilvægt að breyta orðalaginu „Öll erum við“, yfir í „Allir“. Hann talaði um að í aðfararorðunum væri talað um Við sem byggjum Ísland, en vandinn er sá að stjórnarskrá nær yfir miklu fleiri heldur en okkur sem byggjum Ísland. Stjórnarskrá nær yfir alla þá sem eru staddir innan lögsögu íslenska ríkisins hverju sinni. Ekki bara þá sem að byggja landið. Það nær yfir þá sem koma hingað sem flóttamenn, það nær yfir ferðamenn, það nær m.a.s. yfir gesti, sem að koma í sendiráð Íslands í útlöndum. Og orðalagið „Öll erum við“, það nær auðvitað ekki yfir þetta fólk. En orðalagið „Allir“, nær yfir það.

Hér er sagt að orðalagið „Allir“ sé karllægt en mér finnst orðalagið „Allir“ ekkert karllægara en orðalagið „Þjóðin“. Hún þjóðin sé kvenlæg. Þetta eru karlkyns og kvenkyns orð en hafa ekkert með kyn fólksins að gera. Allir eru jafnt karlmenn sem kvenmenn, eftir sem áður og þjóðin inniber auðvitað líka karlfólkið, ekki bara kvenfólkið, þó það

sé kvenkynsorð. En meginröksemdin er þessi: Orðalagið „Öll erum við“, nær ekki yfir alla þá sem að stjórnarskráin á að vernda. Takk fyrir.

SN

Porkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já. Ég tek undir það sem Eiríkur sagði rétt áðan og er reyndar flutningsmaður að þessu og hef margoft hérna sagt í þessu ráði hvað mér finnst þetta ónotalegt og dálítið hrokafullt að vera að tala um okkur og við. Og það býður þeirri hættu heim að það verði farið að agnúast út í umböð okkar og gera gys að þessu öllu saman. Þannig að ég styð þetta eindregið, orðið „Allir“ kemur víðar fyrir í okkar skjali, þannig að ef það er kynlægt þarna og einhverjum til vandræða, að þá þarf náttúrulega að þurrka það alls staðar út.

Svo vil ég benda á það, að þó ég sé ekkert yfir mig hrifinn af aðfaraorðum, þá reikna ég með að þau verði, og þar verður talað um við og okkur. Og mér finnst það þá bara sterkara að það sé þar, en ekki inni í megintextanum. Þetta ætlaði ég að segja um þetta atriði. Síðan um, fyrirgefið þið, ég gleymdi að nefna það að þetta var tillaga nr. 18 við 5. gr. En þá er það tillaga nr. 9 við 9. gr. um það sem við Lýður leggjum til að falli niður. Ég kannski færi ekki nákvæmlega sömu rök fyrir því og Lýður. Mér finnst þetta bara aftur, svona ákvæði sem að, eða fannst skulum við segja, ákvæði sem væri óþarft og væri innistaða, væri fyllilega séð við því fyrir ofan og víðar, í alls kyns jafnræðisákvæðum. En mér fannst Freyja, eins og endranær, flytja góð rök gegn þessu, og reyndar fleiri, en ég hlustaði nú fyrst og fremst á eða tek þau rök einna næst mér, þannig að ég bið Lýð afsökunar á því að það kann að vera að ég styð þessa tillögu ekki. En þá er það tillaga 49 við 10. gr. Ég er efnislega sammála því sem er í frumvarpsdrögnum. Ég tel í sjálfu sér ekki að það skaði mikið, þessi viðbót. En ég sé samt ekki ástæðu til þess að bæta þessu við, og það sé bara til þess að vekja upp nýjar deilur og óþarfar. Og nú ríður á að við sameinumst um stjórnarskrá sem við höldum, og höfum trú á að nái góðum stuðningi hjá þjóðinni, þannig að ég ætla að lýsa stuðningi yfir við þessa tillögu. Ástæða þess að ég var ekki einn af stuðningsmönnum var sú að ég hafði bara ekki haft tíma til að lesa þessa ágætu greinargerð Pawels og þar með ekki tilbúinn að skrifa upp á hana. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsmenn og ráðskonur, og aðrir sem hlusta. Ég ætla rétt að byrja hérna á brtt. 9 með 9. gr. um rétt barna. Það er svo oft sem maður stendur andspænis tveim kost, þá finnst manni einhver miðjuleið vera best. Ég hef áður sagt hérna, það eru tvær hliðar á hverju máli, en það er sú þriðja sem skiptir máli. Mér hefði fundist að það væri ágætt að það væri eitthvað í þá átt að

taka ákvörðun í málum sem það varðar, þ.e.a.s. barnið, og barn skal haft með í ráðum, eftir því sem þroski þess og aldur leyfir. Mér finnst þetta svona kannski full langt gengið með að tjá skoðanir sínar í öllum málum, en ég ætla ekki að gera mál úr þessu. En þarna hefði einhver millivegur verið kannski skástur. Ég ætla að eins að fara þá í 18. brtt., 5. gr. um öll og alla. Þessi umræða er nú orðin dálítið þreytt og nokkurra áratuga gömul, og alltaf eru sömu rök. Mér finnst þetta með við og aðrir í sjálfu sér engin rök. Það eru alltaf einhverjir aðrir. Ekki getum við alltaf verið allur heimurinn, bara t.d. Indverjar eru þeir, ekki við. Það, að þetta skuli vega eitthvað þyngra er vegna þess að hér er um að ræða persónuformöfn. Nafnorðin hafa alls konar kyn og þau eru ekkert alltaf í neinu rökrænu samhengi, sbr. þegar maður fer svo í önnur tungumál og einhver nafnorð hafa allt annað kyn. En, mér finnst bara að það skipti miklu máli að þetta er útilokandi fyrir konur, líka konur sem eru hugsanlega flóttamenn eða ferðamenn, eða nýkomnar eða eitthvað. Þannig að, já, ekki samþykkja þessa breytingu.

Hann Illugi gerir manni erfitt fyrir með því að halda svona fallega ræðu, og maður er kominn í dálitla hættu að vera óvinur mannkynsins, sem maður er sko með. Ég hef bara fyrst og fremst efasemdir um hversu langt á að ganga í upptalningu. Og tek undir orð margra annarra hérna, það væru ýmsir hópar sem að væri full ástæða til þess að nefna í stjórnarskrá, en því verður bara ekki við komið. Þannig að ég hef svona efasemdir, ekki um tilverur þessa fólks, eða réttindi, heldur hversu langt á að ganga í upptalningu.

Varðandi brtt. 49 við 10. gr. Þá hafa menn auðvitað ítrekað hér eins og oft áður, hvað eignarrétturinn sé mikilvægur. Hann er vissulega mikilvægur. En eignarrétturinn er miklu mikilvægari fyrir þá sem mikið eiga. Og hann skiptir tiltölulega litlu máli fyrir þá sem lítið eða ekkert eiga. Og ef að á að setja á vogarskálur einkarétt og almannahag, þá er ég hrædd um að oftar myndi vogarskálín mín megin, mundi ég leggja mitt lóf á vogarskálur almannahags. Ég vil bara benda á, varðandi þennan blessaða eignarétt, að það eru ... karlar eiga 97% alls auðs heimsins, konur 3%. Við skulum athuga hvor hópurinn hefði meiri áhuga á að varðveita einkaeignaréttinn, og hvenær þeim fyndist gengið á sinn rétt, öðrum í hag. Ég vil líka minna á, að síðast þegar ég vissi, ég vona að ég fari rétt með tölurnar, áttu 10% mannkynsins yfir 90% eigna mannkynsins. Og ég ætla ekki að hafa miklar áhyggjur af þessum 10%, svo miklar að ég fari að samþykkja þessa tillögu. Og legg eindregið til að hún verði felld. Og menn hafi þá í huga, eignaleyfi og fátækt alls þorra fólks í heiminum, og eignaleyfi kvenna sérstaklega. Og mæli með því að hún verði snarfelld. Takk.

SN

Silja Bára. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já takk. Ég ætla nú ekki að misnota aðstöðu mína en kannski aðeins ..., þessar efasemdir hjá

Eiríki og Þorkatli sem hafa komið fram um málfarið, eða sem sagt „við öll“ og „allir“, að þá er auðvitað í jafnræðisreglunni vísað til bæði búsetu og þjóðernis, sem mismunabreyta sem ekki má mismuna út af. Þannig að ég held að þetta eigi ekki að vera, og ítreka bara það sem Arnfríður sagði í sínu andsvari, að þarna er einmitt markmiðið að vera innifelandi, en ekki útilokandi. Gísli spurði hverju þetta bætti við, með kynvitundina, og þá er það náttúrlega að ... markmiðið er þarna að styrkja réttarstöðu þessa hóps, sem að sætur ofbeldi og mismunun, ekki bara erlendis, heldur líka hér. Þetta er í samræmi við ályktun fyrir svona u.þ.b. mánuði hjá Mannréttindaráðinu, þar sem að sagt er að hafi unnið þrekvirki og markað söguleg tímamót við að gæta meginreglna í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, þar sem að samþykkt var ályktun um mannréttindabrot vegna kynhneigðar og kynvitundar. Og íslenska ríkið var meðflutningsaðili að þeirri tillögu, þannig að þessi tillaga er í samræmi við það. Það sem ég vildi fá að svara var vegna þess að Gísli kannski sérstaklega, hann spurði og bað um að þetta yrði sent aftur til nefndar, og nú ætla ég að fá að skipta um hatt og svara þessu sem formaður nefndar, að við höfum rætt þetta inni í nefndinni, ég held að þetta hnikist ekki þar. Við munum ekki snúa neinu við, þannig að sem 1. flutningsmaður, bið ég um að þetta verði afgreitt, frekar en að senda aftur inn í nefnd. Takk fyrir.

SN

Nú, þá göngum við til atkvæðagreiðslu um þær tillögur sem hér hafa verið kynntar og ræddar.

Og fyrst er það brtt. nr. 12 við 6. gr. um vernd réttinda, tillagan gengur út á breytt orðalag. Og atkvæðagreiðslan er hafin.

Fyrirgefíð þið, ég er með þetta ruglað hérna, það hefur ruglast hérna. Byrjum upp á nýtt.

Nei ég þarf að kynna nýjar ...

Það er brtt. nr. 18 við 5. gr. um jafnræði, fyrirgefíð þið, ég var með þetta ruglað hérna á borðinu hjá mér. Og þið getið bara kosið aftur því að það leiðréttist þegar þið kjósið aftur. Þ.e.a.s. brtt. nr. 18 er núna til ...

Jú, allir búnir að kjósa. Og niðurstaðan er að samþykkt segja 7, hafnað 16, þannig að henni er hafnað, og 1 situr hjá. Þá er það ...

ÞH

Má ég gera athugasemd við það sem formaður sagði „Allir erum við búin“ að kjósa ...

[Kvenmannsrödd]

Gott hjá þér, Þorkell.

AM

Má ég gera líka eina athugasemd? Gætum við fengið blöðin tölusett, s.s. númeruð, framvegis, svo að einmitt það gerist ekki svona eins og hjá þér núna ...

SN

Já.

AM

Ég er líka að glíma við þetta.

SN

Já. Ég hélt ég væri með þetta rétt hérna á borðinu hjá mér.

Þá er það brtt. nr. 29. Það er 5. gr. um jafnræði. Jú, hún er næst. Og nú göngum við til atkvæðagreiðslu um hana. Brtt. nr. 29. Og atkvæðagreiðsla er hafin.

Vantar einn. Allir búnir að kjósa? Það á einhver eftir að kjósa. ...

Já. Henni er hafnað með 12 atkvæðum á móti 10 og 2 sitja hjá.

Nú, þá er það brtt. nr. 12 við 6. gr., vernd réttinda. Og þar er farið fram á breytt orðalag og kosning er hafin.

Eru ekki allir búnir? Jú, nú eru allir komnir.

Og það er samþykkt með 20 atkvæðum, 2 segja nei og 2 sitja hjá.

Sko, það sem kemur á skjáinn er bara númer kosningarinnar, en ekki númer breytingartillögunnar. Þó það hafi farið saman þarna áðan.

Þannig að núna tökum við brtt. nr. 9 við 9. gr. um rétt barna. Og kosning er hafin.

Og niðurstaðan ... Og henni er hafnað með 13 atkvæðum, 6 samþykktu og 5 sitja hjá.

Þetta var sem sagt brtt. nr. 9. Nú er það brtt. nr. 49, við 10. gr. um eignarrétt. Og kosning er hafin.

15 segja nei, 8 samþykkja, 1 situr hjá. Þannig að henni er hafnað.

Nú, þá förum við í næstu þrjár tillögur. Leggjum fram greinar nr. 11 til 14, og tökum fyrir þrjár tillögur. Það eru um 11. gr. og 12. gr., eru brtt.. Þá er það brtt. nr. 76, er það ekki fyrst? Já, en svo er það Silja Bára ... Hún er ... nefndin taki 1. greinina.

Þannig að það er brtt. nr. 35 sem er fyrst kynnt, 11. gr. við skoðana- og tjáningarfrelsi. Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Formaður, kærur félagar og aðrir sem á okkur heyra. Ég kynni hérna tvær tillögur, má ég það bara svona í einu? Frá A-nefnd. Við höfum aðeins endurskoðað orðalag í 11. gr., þetta er brtt. 35, sem sagt. Hér erum við að fara í karlkyn, það ætti nú að gleðja ýmsa ... Höfðum áður haft þessa grein í sama, sem sagt Öll erum við. Þannig að 1. mgr. núna: „Allir eru fjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar“. Síðan er færð til það sem var 3. mgr., er fært upp í 2., um bann við ritskoðun. Síðan kemur 3. mgr., sem er ný í stjórnarskránni og seinni málsliður hennar er umorðaður. Og greinin er þá svona, mgr.: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.“ Þannig að þarna má takmarka aðgang að netinu og upplýsingatækni, með úrlausn dómara, og „með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi“. Bara svo að það sé alveg á hreinu.

Og að lokum höfum við bætt við 4. mgr. og þá síðustu, orðunum „fyrir dómi. Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi.“ Þannig að þetta er nokkuð afturhvarf til núgildandi stjórnarskrár, þó með viðbótinni, sem er þá 3. mgr., um að „stjórnvöld skuli tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu“, og bann við skerðingu á aðgangi að netinu, frekar en það sem var í eldri tillögum okkar, um að tryggja skyldi óheftan aðgang að netinu og upplýsingatækni. Ýmsir höfðu skilið það sem að við værum að krefjast þess að það væri breiðbandsaðgangur, eða ljósleiðaraaðgangur á Hornströndum og þar fram eftir götunum. Það er ekki ætlunin, heldur að ekki megi ritskoða aðgang að neti og annarri tækni. Þannig að þetta er sem sagt brtt. nr. 35, sem er við 11. gr. Má ég fara beint í ...? Já.

Þá er það brtt. nr. 33 sem er við 12. gr. og er líka frá nefnd A í heild sinni. Við fellum út, þetta er upplýsingaréttur, og við erum að fella út síðustu setninguna, sem var um endurskoðun leyndar. Sem sagt síðasti málsliður í síðustu mgr. var: ákvarðanir um leynd skulu reglulega endurskoðaðar af óháðum aðila. Sú grein er felld brott. Hún þótti ekki alveg tæk, svona þegar við fórum að fá loksins athugasemdir frá sérfræðingum á þessu sviði. Við teljum engu að síður að það felist í fyrri mgr. að einhvers konar endurskoðun skuli eiga sér stað. Þá höfum við tengt skerðingarheimild, sem að er í 3. mgr., þetta rennur aðeins saman hérna hjá mér í útprentinu. Við segjum í upphafi: „Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum“, og við gerum núna í 4. mgr., eða seinni hluta 3., að það megi setja skorður, sem sagt söfnun og miðlun megi setja skorður „með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana“. Og í þriðja lagi er breyting hér að það er heimilt að takmarka aðgang að vinnuskjölum og við erum með hérna skilgreiningu á vinnuskjölum í samræmi við upplýsingalög, vinnuskjal til eigin afnota, það er sem sagt ef að stjórnvald er að skrifa blað til eigin afnota innanhús, en þó skal veita aðgang að vinnuskjöllum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá. Þannig að þetta er svona að mestu leyti verið að púsla greininni upp á nýtt, en viðbótin er heimild til að takmarka aðgang að vinnuskjölum, skerðingarheimild um söfnun og miðlun, ekki bara afhendingu, geymslu og birtingu. Og síðan er brottfall, þessi síðasta setning, sem var í síðustu mgr.

Þetta eru tillögur nefndarinnar við þessar greinar. Takk.

SN

Andrés Magnússon kynnir nú brtt. nr. 76. Gjörðu svo vel.

AM

Takk, kæri formaður og félagar og aðrir sem á hlyða. Þetta er brtt. til þess að reyna að stuðla að mótvægi við þær aðstæður sem geta komið upp að það verði skyndilega mikil samþjöppun á fjöl-

miðlamarkaði, ef það gerist skyndilega að nánast allir fjölmiðlar á markaðnum, eru komnir á hendi eins hagsmunahóps.

Saga 20. aldarinnar er full af hroðalegum dæmum um hvað getur gerst þegar einokun á upplýsingum kemst á. Til er vægara form á einokun, sem styðst ekki við boð og bönn, heldur þess í stað yfirburðastöðu á fjölmiðla- og upplýsingamarkaði. Skulu hér nefnd tvö nýleg dæmi, annað innlent og hitt erlent. Dagana eftir fall Glitnis var mikið rætt um hvort Kaupþing myndi ekki taka við Glitni. Almennigur áleit að Kaupþing stæði styrkum fótum enda voru það skilaboð í fjölmiðlum. Í fjölmiðlum nágrannaríkjanna var hins vegar þveröfug umræða í gangi. Þar var skrifað: Ef Kaupþing vill fá lán, þá verður það aðeins veitt með fyrsta veði. Þrátt fyrir fyrsta veðrétt fær bankinn aðeins í sínar hendur 40% af lánsupphæðinni, þ.e.a.s. hann tekur lánaðar 100 krónur, þá fær hann út 40 krónur og 60 krónum er strax haldið tilbaka. Vextir eru þar á ofan háir. En á Íslandi var sem sé rætt um að þessi geysisterki banki myndi koma Glitni til bjargar. Það er sem sé algjörlega hægt að segja Íslendingum að svart sé hvítt, þar sem að allir fjölmiðlar voru í eigu eigenda banka. Þetta er nýlegt innlent dæmi um hvernig er hægt í landi, þar sem fjölmiðlun er frjáls og opin en ekki gætt jafnræðis, að villuleiða almenning um mikilvæg málefni sem varða brýna hagsmunum hans.

Hitt dæmið er nýrra, frá Bretlandi. Þar er mikil samþjöppun á fjölmiðlamarkaði og lengi hefur verið rætt um að Rupert Murdoch hafi mjög mikil áhrif á hver verði forsætisráðherra landsins. Það þarf ekki að minna fólk á að þetta er mjög nú til umræðu í öllum fréttum, t.d. kom í Morgunblaðinu nýverið grein sem hét: Er hægt að kaupa skoðanir fólks? Þar er því hiklaust haldið fram að Murdoch hafi ráðið hverjir hafa orðið forsætisráðherrar Bretlands undanfarna áratugi. Og bent á að núverandi forsætisráðherra þar hafi mikil tengsl við fjölmiðlaveldi Murdochs. Þetta er ekkert smá mál, þar sem Bretland er eitt stærsta fjármála- og hernaðarveldi heims. Þetta er enn eitt dæmið um það, hvað getur gerst ef ekki er gætt jafnræðis í umræðu, þó svo hún sé frjáls og opin og upplýst. Þess vegna er það fjöregg lýðræðis að það sé jafnvægi og jafnræði í þjóðfélagsumræðunni.

Á næstu árum verður hugsanlega tekist á um eignarhald á auðlindum. Það þarf aðeins lítið brot af afrakstri þessarar auðlindar til þess að ná að kaupa yfirburðastöðu á fjölmiðlamarkaði. Fjárfesting sem myndi borga sig ef hægt væri að hafa áhrif á skoðanir almennings. Hér er sem sé lagt til að ef þessi staða er komin upp að eiginlega allir fjölmiðlar eru í eigu ákveðins hagsmunahóps, að þá bregðist t.d. ríkisfjölmiðillinn við með því að hann bendi á, að í landinu er ákveðinn hópur sem hefur mjög gott aðgengi að gjallarhorninu. Eða þá að þeir kynni sérstaklega þá hlið málsins sem að ekki kemur fram þegar þessi staða kemur upp á fjölmiðlamarkaði. Þetta er ekki erfitt að framkvæma, og það eru miklu meiri matskenndari hlutir nú þegar í lögum, t.d. í útvarpslögum frá maí 2000. Þar stendur: Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar

grundvallarreglur. Og það er kannski erfitt að fara í mál við þetta ákvæði, þar sem það er a.m.k. jafn óljóst eins og jafnræði. Og það stendur líka í nýju fjölmiðlalögum frá 2011, að halda eigi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsið. Þannig að jafnvel þetta sem ég er að stinga upp á, það er sem sé ekki erfitt í framkvæmd. Og ...

SN

Tíminn er ...

AM

Já, fyrirgefðu! Meðflutningsmenn eru Ástrós, Þorvaldur, Þórhildur og Illugi. Og lýk ég hér máli mínu. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir er næst á mælendaskrá. Orðið er laust um þessa tillögur. Gjörðu svo vel.

KO

Kæru vinir.

Ég fagna því að vera hér óvænt komin á mælendaskrá og ætla bara að nota tækifæri og útskýra sjónarmið nefndarinnar gagnvart þessari síðustu tillögu sem Andrés var að bera hér fram og er nr. 76 við 11. gr.

Þetta kom vissulega til umræðu enda hefur Andrés verið ákaflega duglegur að halda þessum sjónarmiðum á lofti, og þau eru mjög verðug að mati nefndarinnar, held ég að ég leyfi mér að fullyrða. Og við brugðumst þannig við, þegar hann bar þetta fyrst upp á ráðsfundi 24. júní, að við fórum yfir þetta allt saman, og við breyttum setningunni. Þá vorum við sem sagt með þetta allt saman í einnu biðu, þannig að það var þannig að stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu, svo sem óheftan aðgang að netinu. Þannig að við ákváðum að brjóta þetta upp í tvennt og taka skýrt fram í greinargerð að partur af upplýstri umræðu hlyti jú að vera að stuðla að jafnræði, vegna þess að hún getur ekki orðið upplýst nema það sé upp lýst heildarviðbúnaði, og þá á það við um þá króka og kima sem kunna að leynast sitt hvoru megin í öllum málum. En þetta er auðvitað mjög erfitt mál og eins og ég segi að þá erum við mjög sammála þessu efnislega, eða a.m.k. tala ég fyrir minn eigin munn hér. En það er svolítið erfitt að skilja setninguna í heild sinni eins og hún er þarna: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu og stuðla að jafnræði“. Mér finnst eins og það sé kannski frekar að taka bara enn skýrar fram og ég held að við höfum kannski klúðrað því svolítið í nefnd A, að taka skýrt á því sem Andrés var að tala um í greinargerðinni, og segja þar að þetta sé að sjálfsögðu hluti af því. Ég held að það væri kannski jafnvel betri leið. En þetta er sú leið sem að nefndin a.m.k. hefur tekið afstöðu til í sínum málum. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég vildi bara segja örstutt um þetta, þessa brtt. nr. 76 við 11. gr., að ég tel þetta einfaldlega ekki tækt orðalag. Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu og stuðla að jafnræði. Þetta er svona eins og þetta sé bara almennt ... það er ekkert einu sinni tekið fram, að stuðla að jafnræði í henni, eða ... þetta er bara að stuðla að jafnræði. Þannig að ég held að þetta sé ekki nógu nákvæmt orðað og geti bara misskilist endalaust, þannig að ég styð eindregið sjónarmiðið sem kom fram frá Katrínu að þetta á heima bara sem útskýring í greinargerð. Það er þegar verið að segja, sem er mjög gott og róttækt: „Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu.“ Og það er alveg nóg. Takk fyrir.

SN

Eru einhverjir fleiri sem ... ? Nei, það eru engir fleiri. Þannig að þá göngum við til atkvæðagreiðslu um þessar þrjár tillögur. Og við byrjum á tillögu nr. 76.

AM

Fyrirgefðu. Má ég stinga upp á að þessu verði vísað til nefndar?

SN

Það má stinga upp á því.

AM

Til þess að slípa orðalagið.

SN

Já. Þá er þessu vísað til nefndar.

Þá tókum við fyrir brtt. nr. 35 við 11. gr., skoðana- og tjáningarfrelsi. Og kosning er hafin.

Það eru allir búnir að kjósa. 24. Glæsilegt. Samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sitja hjá.

Og þá göngum við til atkvæðagreiðslu um brtt. nr. 33 við 12. gr., upplýsingarétt. Og kosning er hafin. Gjörðið þið svo vel.

Samþykkt með 20 atkvæðum, 2 segja nei og 2 sitja hjá.

Nú, þá leggjum við fram greinar í mannréttindakafla frá 15 til 19, og þar eru 3 brtt.. Fyrsta er nr. 8 við 15 gr. um trúfrelsi og ég bið Lýð Árnason að kynna hana. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, þetta er sem sagt brtt. nr. 8 við gr. 15 um trúfrelsi. Og hún gengur út á það að taka út 2. málslið, 2. mgr., þ.e. að taka það út að stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Ég flyt þessa tillögu ásamt Dögg Harðardóttur, og við erum sammála um það að í gr. 17 um félagafrelsi, þar er tekið á hvernig stofna skal félög og hvernig á að starfrækja þau. Og við teljum það ákvæði alveg nóg og við viljum ekki sjá að það sé eitthvað sérstakt verndunarákvæði um trú- og lífsskoðunarfélög. Við teljum það óþarft, og það má svo sem benda á að forsætisráðuneytið er okkur sammála. M.ö.o. að sérstakt ákvæði um vernd trú- og lífsskoðunarfélaga teljum við óþarft,



Því að það er þegar getið um félagafrelsi í gr. 17 um félagafrelsi, hvernig eigi að stofna og starfrækja félag og það teljum við nóg. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 103. Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Já, formaður og góðir áheyrendur. Ég ætla nú að nota tækifærið að taka undir þessa tillögu hans Lýðs sem hann var að kynna hérna á undan. En tillagan mín er nú frekar einföld. 16. gr. kveður á um að í lögum megi kveða á um kirkjuskipan ríkisins, eins og þar segir. Tillaga mín fjallar um það að þessi grein falli út. Og það er í ljósi þess að hér erum við að reyna að stuðla að trúfrelsi í landinu og hér á landi eru einstaklingar, trúaðir og vantrúaðir og ótrúaðir. Fólk er í trúfélögum og utan þeirra. Og mér finnst mjög óeðlilegt í stjórnarskrá, að kveða á um kirkjuskipan sem síðan ekki höfðar til allra íbúa landsins og á ekki við þá. Þannig að mín tillaga er sú að trúfrelsið verði látið víkja og þess vegna verði ekki fjallað um kirkjuskipan ríkisins í stjórnarskrá. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. 110 við sömu gr. Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ég vil nú fyrst byrja á því að fagna því að mörgu leyti að hafi tekist að ná svona, ákveðinni niðurstöðu hér í ráðinu, allavega um sinn, um hvernig þessum málum skyldi hátt- að. Og ég var nú einn þeirra sem flutti ákveðna brtt. í þá átt að reyna að miðla málum. Þannig að einhverjum kann að þykja það koma spáskt fyrir sjónir að ég sé nú að bera upp brtt. við þessarri niðurstöðu eða tillögu að lokaniðurstöðu okkar. Hins vegar var það eitt í mínum málflutningi, sem mér finnst vera algjört lyklatríði, og það er það að ég er ósammála þeirri fullyrðingu sem margir halda fram, að þjóðin eigi að hafa lokaorðið um það hvernig kirkjuskipan skuli háttáð og hver þjóðkirkjan eigi að vera. Ég held að af öllum þeim málum sem henta vel til þjóðaratkvæðagreiðslna, þá sé þjóðaratkvæðagreiðsla um kirkjuskipan þar aftast á lista. Þess vegna legg ég til þessa brtt., að verði ákveðið að fara þá leið að kveða á um kirkjuskipan, heimild í kirkjuskipan í stjórnarskrá, þá verði felld burt þessi sérstaka stjórnarskrárvernd fyrir þessu ákvæði. Við tökum auðvitað eftir því að í ljósi þess hvernig öll stjórnarskráin er uppsett nú, með þeim heimildum og breytingum á henni, þá þýðir það einfaldlega að þessi lög fái þá sömu vernd og stjórnarskráin öll og ég legg því til að þessi sérstaka kvöð um þjóðaratkvæði falli brott. Takk.

SN

Þá er orðið laust. Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Fundarstjóri, kærar ráðsfolk og gestir og aðrir áheyrendur. Ég er að bregðast hér við brtt. nr. 8 við 15. gr. um trúfrelsi. Í grein um félagafrelsið sem vísað er til í þessari brtt. er sérstaklega talað um stjórnmalafélög og stéttarfélög, og það er af ákveðnum ástæðum. Það þykir nefnilega sérstaklega mikilvægt að standa vörð um slík félög. Og af sömu ástæðu er í trúfrelsisgreininni kveðið á um viðlíkan rétt þeirra sem vilja stofna og starfa í trúfélögum og lífsskoðunarfélögum. Ég get því ekki fallist á að þetta sé fremur fallið til mismununar en jafnræðis. Það er margt sem mælir með því að stjórnvöld verndi bæði trúfélög og lífsskoðunarfélög í samfélagi sem einkennist í auknum mæli af margbreytileika, m.a. með tilliti til trúar og lífsskoðana. Í núverandi stjórnarskrá er í 62. gr. talað um að stjórnvöld verndi og styðji þjóðkirkjuna. Og það er ekki skilgreint í stjórnarskránni í hverju þessi vernd og þessi stuðningur er fölginn. Það er gert í lögum. Eins er eðlilegt að í lögum verði skilgreint í hverju þessi vernd stjórnvalda fyrir trúfélög og lífsskoðanir sé fölgin. Ég tel það því mjög mikilvægt framfaraskref að í nýrri stjórnarskrá verði kveðið á um að stjórnvöld verndi öll trúfélög og lífsskoðunarfélög. Þetta skref stendur vörð um margbreytileikann í okkar samfélagi. Það stuðlar að virðingu og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytilegum trúar- og lífsskoðunarfélögum og slíkt getur aðeins fært okkur nær því samfélagi sem tekur utan um okkur öll. Og þess vegna hvet ég ykkur eindregið til þess að fella þessa brtt.. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir. Ég lít svo á að þar með hafi Arnfríður fjallað um ástæður þess að nefndin okkar lagði fram þessa tillögu eins og hún er, og þá ætla ég ekki að fjalla um 8. brtt. við 15. gr. En mig langar aðeins lítilega til að rækja í sambandi við tillögur nr. 103 og 110 sem báðar eru við 16. gr. og fjalla um að fella hana brott í mismiklum mæli. Þá langar mig bara til að renna yfir hvernig nefndin náði þessari lendingu sem hún hefur sett fram í þessum drögum sem nú liggja fyrir. Og það náttúrulega er ljóst að við vitum það að hér var gerð atkvæðagreiðsla óformleg innan dýra og þá var líka lögð fram sú tillaga að fella greinina algjörlega í burtu. En hún varð ekki ofan á, heldur sú að reyna að finna þessa málamiðlunarleið. Og ástæðan fyrir því að við erum með þessa 2. gr. þarna, mgr. um að ef að það á að vera breyting á kirkjuskipan, þá skuli leggja hana undir mál allra atkvæðabærra manna, er ekki sú að við teljum þetta henta svo frábærlega í þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur sú að það hafa a.m.k. tveir lögfræðingar sem nefndin leitaði til, bent á að það væri mögulega breyting á núverandi kirkjuskipan að eiga við þessi ákvæði í stjórnarskrá. Og svo lengi sem að við erum bara að vinna hér í okkar vinnu, þá gildir núgildandi stjórnarskrá, og við getum ekki vikist undan því. Og af því við höfum fengið svo misvísandi skilaboð um hvernig eigi að túlka þessi mál, lögfræðingar

eru mjög ósammála um þetta, þá fannst okkur rétt að taka ekki þann rétt af þjóðinni sem nú er í stjórnarskránni um að hún eigi að hafa síðasta orðið um þessi mál. Ég get alveg skilið alla þá sem hafa aðrar skoðanir á þessu, en þetta er ástæðan fyrir að nefndin fór þessa leið. Þarna reynum við að rétta bæði þau sjónarmið þeirra sem finnst óréttlátt að eitt trúfélag sé tilgreint öðrum æðra í stjórnarskrá, og líka þeirra sem vilja stjórnarskrárvarinn rétt til þessa máls burt. Þannig að við erum búin að fella burt stjórnarskrárvernd þjóðkirkjunnar, hinnar evangelísk-lútersku kirkju. Við erum búin að ganga það skref. En að sama skapi þá teljum við rétt að varðveita það fyrirkomulag sem er í núverandi skrá eftir bestu getu, og sigla þannig einhvern veginn mitt á milli. Af því við erum nú að reyna að búa til stjórnarskrá handa öllu fólkinu í landinu, hvað sem okkur persónulega kann að finnast um þetta allt saman. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Mig langar að andmæla í einu lagi breytingartillögum nr. 103 og 110 við 16. gr., þ.e.a.s. annars vegar frá Katrínu Fjeldsted og hins vegar frá Pawel Bartoszek. Ég tel þá lausn sem við náðum í, eða þið náðuð í A-nefnd með stuðningi ýmissa í ráðinu, sé mjög góð. Hún felur í stuttu máli í sér að ekki er lengur stjórnarskrárbundið að ríkisvaldið skuli styðja svonefnda þjóðkirkju sérstaklega, frekar en önnur trúfélög. Og með því er stjórnarskrárvernd þjóðkirkju afnumin og nafn þjóðkirkjunnar ekki lengur stjórnarskrárbundið. En um leið er auðvelt að líta svo á að Alþingi, eða kjósendur með sínum frumkvæðisrétti sem þeir fá vonandi, geti nýtt sér þann rétt til þess að koma á breyttri kirkjuskipan, og það er mjög góð lausn. Þannig að de facto breytist staða þjóðkirkjunnar ekki, þ.e.a.s. í raun, en de jure, að lögum breytist hún mjög mikið. Og þetta held ég að sé alveg frábær málamiðlun milli öndverðra sjónarmiða. Takk.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil mæla gegn öllum þessum þremur tillögum og vísa í orð Arnfríðar og Katrínar og Gísla í þessu sambandi, þar sem það á við. Við höfum gert veigamikla breytingu á stjórnarskránni varðandi kirkjuskipan og ég minni á þetta lýðræðislega ferli sem að við fórum með því að hafa skoðanakönnun og fá úr því skorið með nákvæmum hætti hvar vilji meirihlutans lá. Þar var t.d. tillaga Katrínar, var nr. 3 í þeirri atkvæðagreiðslu. Og, ég vil líka minna á það að lögfræðingur sem kom til okkar, talaði sérstaklega um það að það væri eðlilegt að stjórnarskrá tæki sérstaklega á vernd stjórnmálaflokka, stéttarféлага og trúfélaga. Þannig að ég mæli sem sagt gegn þessum þremur tillögum og læt hér staðar numið.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að tala um brtt. 103 við 16. gr., og brtt. 110. Það er sem sagt frá Pawel og Katrínu. Brtt. um að greinin falli brott í 16. gr. Mig langar til þess að undirstrika að þessi brtt., hún snýst ekki fyrst og fremst um brotttám þeirrar greinar sem ráðið í heild komast að sameiginlegri niðurstöðu um, heldur um afnám 62. gr. stjórnarskrár, án þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig er verið að reyna að koma þjóðkirkjunni út úr stjórnarskrá, án þess að þjóðin fái að kjósa um það. Við í nefndinni, eins og þið vitið, fórum marga hringi og gerðum okkar ítrasta til þess að finna lausn í þessu máli. Og einhvern veginn finnst mér við bara aftur vera komin á byrjunarreit. En við höfðum samband við þrjá löglærða einstaklinga, tvo prófessora og einn fyrrverandi hæstaréttarlögmann, og tveir þeirra sögðu: Afnám þessarar greinar er yfirlýsing um aðskilnað ríkis og kirkju. Þannig að telji Stjórnlagaráð að það sé ekki hlutverk þess að ákveða eitt eða neitt um aðskilnað ríkis og kirkju, þá getum við ekki samþykkt þessa brtt.. Sá þriðji taldi að þetta þyrfti ekki að vera yfirlýsing um aðskilnað ríkis og kirkju, á meðan lögin um þjóðkirkjuna stæðu óbreytt, en lét þess jafnframt getið að menn greindi á um þetta og það væri ekki rétt að svipta þjóðina rétti sínum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Á meðan lögfræðinga greinir á um afleiðingar þess að afnema 62. gr. stjórnarskrár, og á meðan það er afstaða Stjórnlagaráðs að það sé ekki hlutverk okkar að aðskilja ríki og kirkju, þá verðum við að segja nei við þessari brtt.. Og auk þess vil ég benda á að með þessari brtt. þá er verið að koma til móts við ítrustu kröfur þeirra sem sendu okkur inn erindi, og vildu aðskilnað ríkis og kirkju. Þannig að ég segi nei við þessum breytingartillögum.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég er nú einn þeirra sem eru ekki fylgjandi því að þjóðkirkja sé tiltekin í stjórnarskrá. Ég hins vegar tel það mjög varhugavert ef að atkvæðagreiðslan um stjórnarskrána fer að snúast um það hvort að hér sé þjóðkirkja eða ekki. Ég held að það verði að gera þetta með þeim hætti að þær ákvarðanir séu aðskildar, annars vegar ný stjórnarskrá og hins vegar um þjóðkirkjuna. Og þó að ég glaður vildi samþykkja þessar brtt. sem hér eru, út af fyrir sig, að þá held ég að það sé ekki hyggilegt. Ég held að lausnin sem að nefndin kom með hér, sé góð og gangi eins langt og í raun og veru hægt er að ganga í dag, án þess að þetta verði, sem ég var að tala um áðan, að þetta fari allt að blandast saman í atkvæðagreiðslu. Þannig að ég mun ekki styðja þessar brtt., en ég treysti því hins vegar að önnur ákvæði okkar, m.a. um þjóðarfrumkvæði o.fl., verði til þess að það verði atkvæðagreiðsla fyrir

rest um þjóðkirkjuna og það fyrr eða síðar, en bara ekki samblandað við stjórnarskráratkvæðagreiðsluna. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Örstutt. Ég vildi bara leiðrétta hann Örn Bárð féлага minn, vegna þess að það var þannig að hún var næsthæst sú brtt., í atkvæðakosningunni sem hér er lögð fram, af Katrínu Fjeldsted, bara svo því sé haldið til haga. Takk fyrir. Ég er búin að senda ykkur linkinn.

SN

Porkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, ég vil tjá mig um tillögu nr. 8 við 15. gr., sem mér finnst athyglisverð. Og sting upp á því að þetta verði lagt í nefnd, vegna þess að það kom hérna fram ábending, eða voru deilur um það, hvort að trúfélög og lífsskoðunarfélög nytu þá fullrar verndar skv. félagafrelsisgreininni. Og að nefndin ihugi það hvort að 17. gr. um félagafrelsi, hvort það mætti ekki hnykkja á því þar sem segir, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, trúfélög og lífsskoðunarfélög. Þetta er að vísu á skjön við það sem ég er nú almennt að halda fram, að það ætti ekki að vera svona upptalningar. En fyrst þær eru þarna á annað borð, og þetta er í núverandi 15. gr., hvort það mætti ekki tengja þetta svona saman. Og fyrst ég er nú með 17. gr. undir, þá vantar í hana eitt lítið orð, held ég. Það segir þarna í lok 1. málslíðar, eða ef ég leyfi mér að lesa 1. málslíðinn: „Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talið stjórnmalafélög og stéttarfélög.“ Og svo kæmi trúfélög og lífsskoðunarfélög, ef mönnum svo sýnist, „án þess að sækja um leyfi til þess“. Vantar ekki hverj ...? Ég sting upp á því að það standi þarna „án þess að sækja þurfi um leyfi til þess“. Þetta er bara svona ábending til nefndarinnar. En aðalatriðið er, hví ekki að vísa þessu til nefndar til að reyna að samræma þarna sjónarmið.

SN

Örn Bárður. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góðir félagar. Eftir því sem ég las úr þessum gögnum á sínum tíma, þá var 1. og 2. val þannig að núverandi niðurstaða nefndarinnar var nr. 1 og tillaga Katrínar nr. 3. En ég ætla nú ekki að rífast um þetta. En ég held að gögnin sýni það.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, þrátt fyrir skelfilegt liðhlaup féлага Þorkels frá fyrri brtt. minni áðan, þá ætla ég nú að vera

honum sammála með þetta að vísa brtt. 8 við 15. gr. í nefnd til íhugunar, og þið bræðið þetta með ykkur í rólegheitum. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ef að niðurstaðan verður þessi að halda þessu ákvæði óbreyttu eins og nú er, þá mun ég hugsanlega geta alveg unað við það. En hins vegar er bara rétt að mínu viti að atkvæðagreiðsla þess efnis fari fram í þessum sal. Og ef menn eru sáttir við þá lokaniðurstöðu að þetta sé það sem menn vilja standa við, með þeim rökum að þeir telji að heildarniðurstaðan muni fá betri kosningu í þjóðaratkvæðagreiðslu á þingi, þá er það gott og þá geta menn rökstutt það þannig. En ég held að það sé heppilegra að við kjósum um þetta hér, en vísu ekki í einhverjar óformlegar atkvæðagreiðslur sem hafa farið fram í einhverjum öðrum sölum en þessum.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir.

SBÓ

Já, kærur félagar. Ég ætla ekkert að tjá mig neitt mikið efnislega um þessar tillögur. Þetta hefur allt saman verið rétt töluvert áður. Hér kom upp hugmynd um að vísa brtt. nr. 8 um trúfrelsið, til nefndar. Þetta hefur verið rétt ítrekað í ráðinu og í nefndinni, þannig að ég óska eftir því að það fari fram atkvæðagreiðsla og vona að flutningsmenn séu sáttir við það. Svo langar mig bara til þess að taka undir með Kötunni. Það var valkosturinn um það að ákvæðið færi út úr stjórnarskránni sem fer út. Við vorum með 5 valkosti þegar við gerðum þessa könnun í STV kosningu um kirkjuskipan. Það var í fyrsta lagi að hafa valkosti, fyrsta leiðin sem við kynntum. Að það yrði kosið um þetta samhliða kosningu um stjórnarskrá, eða þegar að hún færi í einhvers konar atkvæðagreiðslu hjá þjóðinni. Það kaus enginn með því. B-kosturinn sem var svona bráðabirgðaleið, að við hefðum 5 ár til þess að þroska umræðuna, það datt út í 3. umferð. Ákvæði um að hafa ..., sem sagt tillaga um að hafa ákvæðið óbreytt, datt út í 2. umferð, það fékk 2 atkvæði. Bráðabirgðaleiðin fékk 6 atkvæði, datt út í 3. umferð og það að strika út ákvæðið fékk 7 atkvæði í 1. umferð og datt ekki út fyrr en í lokaumferðinni, þegar að þessi leið, sem hér er kynnt, varð efst. Þetta er í fundargerð A-nefndar, frá sennilega 7. eða 8. júlí, ef fólk vill kynna sér þetta á netinu. Og svo tek ég undir með Pawel. Þó ég hafi verið að telja upp þessar niðurstöður hérna, að þá var þetta óformleg skoðanakönnun og mér finnst rétt og mér finnst þjóðin eiga rétt á því að fá kosningu hér á þessu máli, sem er mikið hitamál fyrir marga í samfélaginu. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, ég ætla bara að svara formanni A-nefndar, að ef að þetta er þaulrætt í nefndinni þá leggjum við þetta bara svellkalt í atkvæði hér og nú.

SN

Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls þannig að þá göngum við til atkvæða og við byrjum á brtt. nr. 8 við 15. gr. um trúfrelsi. Þá hefjum við kosningu, og hún er hafin. Gjörð svo vel.

Og hún er samþykkt með 11 atkvæðum, 10 segja nei og 3 sitja hjá.

Þá er það brtt. nr. 103 við 16. gr. um kirkjuskipan. Og þá hefjum við kosningu, og hún er hafin.

Þá kemur niðurstaða. Og henni er hafnað með 15 atkvæðum, 5 voru henni samþykktir og 4 sátu hjá.

Þá er það loks brtt. nr. 110 við 16. gr. Þá hefjum við kosninguna, og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 14 atkvæðum, 6 voru henni samþykktir og 4 sátu hjá.

Nú, þá er komið að fundarhléi í 15 mínútur. Gjörð þið svo vel. Takk.

SN

Nú, þá byrjum við aftur eftir hlé, og við leggjum nú fram gr. 20 til 28. Og fyrsta tillagan sem við ræðum er nr. 36, frá A-nefnd. Greinarnar nr. 20 til 28 í frumvarpinu. En fyrsta brtt. sem við tökum fyrir er nr. 36. Ég ætla að biðja Silju Báru að byrja og kynna sínar tillögur. Gjörðu svo vel. Já, fyrst nefndarinnar og svo þína.

SBÓ

Já, formaður, kæru félagar. Ég ætla að byrja á því að kynna brtt. frá nefnd A, við 21. gr., tillagan er nr. 36. Og fyrir þau sem eru að horfa á netinu, ég fékk hérna fyrirspurn í hléinu um hvar þessar tillögur væri að finna, og þær eru að fara að koma á netið, bara mjög fljótlega. Þannig að við biðjumst velvirðingar, eða ég fyrir hönd okkar, að við erum að vinna mjög ... undir mikilli tímapressu. Þessi breyting er í 1. mgr., þá erum við að bæta við „og fræðslu við sitt hæfi“, í lok 1. mgr. Þetta er í kjölfar athugasemda frá menntamálaráðuneytinu, að á þessu ákvæði væri byggður réttur, t.d. fatlaðra barna um aðgang og sérúrræði í almennum lögum. Þannig að við svona, bökkuðum með að fella þetta burt. Í 2. mgr. höfum við snúið aðeins við orðalaginu og það var áður „öllum skal standa til boða grunnskólamenntun“. Og þetta er umræða sem við höfðum átt svoltið fram og tilbaka um það að e.t.v. væri grunnskóli ekki eina skólástigið til lengri tíma, sem að væri skólaskýlt. Þannig að við breyttum þessu í „Öllum þeim, sem skólaskýlda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds“. Þannig að þetta er nokkur breyting, efnisleg líka. Þetta er bara hugmyndin hjá okkur, að sem sagt allir þeir sem eru skyldugir til þess að vera í skóla eigi rétt á því að fá aðgang að námi sér að kostnaðarlausu. Þetta þýðir ekki að það sé bannað að bjóða upp á nám gegn kostnaði, sem sagt einkaskóla eða þess háttar, heldur bara að hinu opinbera skuli vera skylt að bjóða upp á ókeypis valkost. Þannig að þetta

er eina tillaga nefndarinnar í þessum pakka. Ég er hins vegar með einhverjar tillögur líka sem ég ætla að flytja. 94, takk. Guðmundur er með yfirlit yfir þetta fyrir mig ... . Þetta er við sömu grein og þá er sem sagt 3. mgr., „menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um mannréttindi“ ... þannig að orðið mannréttindi bætist við á undan lýðræðislegum réttindum. Þetta er hugmynd sem ég hafði verið með í upphafi starfsins og einhvern veginn láðst í öllu atinu sem við höfum verið í, að halda vel á lofti. Fékk smá áminningu núna í síðustu viku frá þjóðrættarfræðingi, og við reyndar öll í nefndinni, um að það væri æskilegt að í mannréttindakaflanum væri aðeins talað um það að við lærðum eitthvað um mannréttindi okkar og fengjum þekkingu á þessum réttindum. Þannig að við bætum þessu hér inn, að við lærum um mannréttindi í skóla. Þannig að þetta setur kvöð á hið opinbera að skrifa mannréttindafræðslu á einhvern hátt inn í stjórnarskrána og mín hugmynd væri t.d. að það væri búinn til Dagur stjórnarskránnar, sem að væri einu sinni á ári. Með mér á þessari tillögu eru Þorvaldur Gylfason, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson og Arnfríður Guðmundsdóttir. Við náðum ekki að ræða þetta í nefndinni, þannig að við erum ekki öll á þessu. Takk.

SN

Þá eru það tvær brtt. til viðbótar. Það er brtt. nr. 11 við 20. gr. um heilbrigðisþjónustu, og brtt. nr. 10 við 28. gr., bann við herskyldu. Og Lýður Árnason er flutningsmaður þeirra beggja. Gjörðu svo vel, Lýður.

LÁ

Þakka þér fyrir, Salvör. Það kemur svoltið í minn hlut að flytja allar þessar óvinsælu brtt. hérna. Sú fyrsta er við 20. gr. um heilbrigðisþjónustuna. Og það er spurning um að breyta þá 2. mgr., sem segir: „Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er“. Mér finnst svoltið erfitt að sjá markmið með þessu ákvæði. Ég sé eiginlega ekki neina lagastoð, og ef við erum að skylda löggjafann með þessu á einhvern hátt, þá er þetta allt of vítt. Og mér finnst þetta eiginlega mikið til huglægt. Ég fékk þó ágætis rök áðan, þegar ég flutti brtt. um barnaákvæði, frá henni Freyju, og ég býst við að hún endurtaki leikinn núna, og það verður gaman að hlusta á það. Það er enginn meðflutningsmaður að þessu, þannig að hér stend ég nú bara einn. Svo varðandi herskylduna. Þar marsérum við saman, ég og Eiríkur Bergmann. Þetta er náttúrlega ekki þannig að maður sé einhver sérstakur áhugamaður um her eða ófrið. Það er langt í frá. Þetta ákvæði er hins vegar þannig að mér finnst það hafa lítið gildi á friðartímum. Og mér finnst það í raun og veru ekki hafa mikið gildi á landi eins og Íslandi. Her hefur ekkert verið hér okkur huglægur eða nærstæður, þannig að mér finnst þetta ákvæði eiginlega hafa meiri kannski þýðingu, ef við þyrftum á her að halda, á ófriðartímum. Því að friður er náttúrlega ekki sjálfsagður. Yfirleitt getum við ekkert valið um friðarástand.

Það getur brostið á með ófriði snögglega og óforvendis án þess að við getum neitt gert í því. Og þá gæti ákvæði eins og þetta verið til trafala. Og menn hafa sagt að þá getum við stofnað sjálfboda-liðaher, eða einhvers konar herkvaðningu þar sem að fólki er frjálst að vera með og það gæti verið svo sem að við Eiríkur myndum fara í þann her. En er það sanngjarn? Að aðrir geti þá falið sig á bakvið stjórnarskránnu, það sé stjórnarskrárvarið að þurfa ekki að taka þátt ... Þannig að mér finnst þetta ákvæði svona frekar vont, sérstaklega á svona friðarlandi eins og Íslandi. Og ekki hafa mikla þýðingu á friðartímum, en hins vegar geti það skemmt fyrir okkur á ófriðartímum, sem við vonum náttúrlega að komi ekki. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessar 4 tillögur. Og Freyja Haraldsdóttir er fyrst á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

FH

Já, kærur vinir. Ég ætla að byrja á því, fyrir hönd nefndarinnar, að fjalla um tillögu Lýðs, um að fella brott 1. mgr. í ákvæðinu um heilbrigði, um rétt til heilbrigðis. Rétturinn til heilsu að hæsta marki sem unnt er, er í samræmi við 12. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem sagt alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að. Og þar segir að ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Og við erum búin að fara í ótal hringi með þetta ákvæði, af því það er flókið og það snertir okkur öll. Og við höfum öll skoðanir og reynslu sem einhvern veginn hefur áhrif á það hvernig við horfum á það. En það var ekki síst einmitt þetta að hæsta marki sem unnt er, sem okkur fannst flókið en eftir að við bárum þetta undir sérfræðinga sem hafa mikla þekkingu á mannréttindum, að þá töldu þau greinina vera miklu betri með því að fjalla um þetta. Og þú talar um, Lýður, að sé huglægt fyrirbæri og valkvætt. Sko, heilsa, orðið heilsa er líka huglægt fyrirbæri, jafnrétti, og lýðræði. Og við getum endalaust haldið því fram að þetta séu huglæg fyrirbæri sem að við erum öll að skilgreina, margir hafa skilgreint, og við munum aldrei komast að einhverri einni niðurstöðu um, hvað er, kannski sem betur fer. En það er gríðarlega mikilvægt, og við teljum það mjög mikilvægt, að í stjórnarskrá Íslands sé, í samræmi við þennan alþjóðasamning, ákvæði sem ekki einungis tryggir okkur rétt á heilbrigðisþjónustu, heldur tryggir okkur rétt á því að búa í samfélagi þar sem við getum gert þá kröfu að búa við eins mikla heilsu og mögulegt er. Og það er allt í lagi að það sé huglægt. Af því að við höfum öll ólíkar skoðanir á því, hvað það er að búa við heilsu. Það eru mjög margir sem myndu horfa á mig og segja að ég væri með enga heilsu, ég væri fötlud og það væri andstæða við heilbrigði. En ég er bara hjartanlega ósammála því. Og bara verð eiginlega aldrei veik og finnst ég bara svona frekar hraust manneskja.

Þannig að við getum endalaust haldið svona áfram, en við verðum að tryggja okkur, skapa samfélag sem tryggir það að okkur líði vel og að við búum við heilsu og að, það er svo margt sem er hægt að gera, sem að stuðlar að lýðheilsu. Og heilsa er bara grundvöllur þess að samfélag geti gengið. Við þurfum að vera heilsuhraust, til þess að geta unnið, til þess að geta menntað okkur, til þess að geta þátt í samfélaginu. Við vitum það öll hérna inni að þegar heilsan fer, eða dvínar, að þá gengur allt miklu erfiðlegra. Við teljum þetta vera algjört grundvallaratriði, að halda þessu inni, þrátt fyrir að við getum haft ólíkar skoðanir á því, hvað þetta hugtak heilsa þýðir, hvað að hæsta marki þýðir. Kannski þurfum við líka bara að sætta okkur við að hvert og eitt okkar verður að meta það, þegar við stöndum frammi fyrir að þurfa að nýta þennan rétt, hvað er þetta hæsta mark. Það getur enginn betur en við sjálf metið það fyrir okkur sjálf. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég ætla að bregðast hér örstutt við brtt. 94 við 21. gr. um menntun. Þar er hugmyndin um að bæta við, sem sagt menntun ... eins og greinin er núna þá segir: „Menntun skal miða að allhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur“. Og hugmyndin er sem sagt að bæta við „vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur“. Mannréttindi eru hluti af lýðræðinu. Og vitund um lýðræðisleg réttindi og skyldur fela í sér þekkingu á mannréttindum. Og ég held að það sé óhugsandi að sá sem er uppfræddur um lýðræðisleg réttindi sín og skyldur gagnvart náunganum, að hann sé ekki uppfræddur um mannréttindi. Þetta er mér ekkert hjartans mál. Við náðum ekki að ræða þetta mál í nefndinni. Og þetta er svona kannski meira smekksatriði heldur en hitt, hvort þetta orð sé inni. En ég tel að séu mannréttindi skilgreind aukalega, þá geti þetta litið út fyrir að þau séu ekki hluti af lýðræðinu. Og þess vegna finnst mér nóg að nefna í greinargerð að mannréttindi séu innifalin í lýðræðislegum réttindum og að það þurfi ekki að hnykkja á því sérstaklega í stjórnarskrá. Og svo þetta með Dag stjórnarskrárinnar í skólum landsins, sem er hérna í skýringum. Mér finnst það alveg þrýðileg hugmynd, en ég vil nú heldur að hún eigi heima í aðalnámskrá grunnskóla. Og ég bara skora á þá sem fara með vald yfir aðalnámskrá að setja Dag stjórnarskrárinnar þar inn. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar. Ég ætlaði að fá að bregðast við tillögu Lýðs og Eiríks Bergmanns um að nema brott bann við herskyldu. Við höfum rætt þetta mikið hérna í ráðinu, og við erum greinilega

svolítið ósammála um það hvort að það sé vandamál að banna herskyldu. Frá mínum bæjardyrum séð, þá myndi alltaf þurfa að vera heimild fyrir þá sem ekki vilja taka til vopna, um að veita öðruvísi þjónustu heldur en að þjóna í her. Þetta þekkest í flestum löndum þar sem að herskylda er, að fólk getur beðist undan herþjónustu á grundvelli trúar eða siðferðislegrar afstöðu. Og það samræmist ekki mínum sjónarmiðum að hér verði settur á fót her. Það hefur aldrei starfað her í landinu. Það var um miðja 16. frekar en 17. öld, sem að öll vopn voru bara hreinlega fjarlægð af landinu, til þess að við gætum ekki verið að verja okkur of mikið. Og það hefur bara gengið ágætlega að vera hérna herlaus, og komi til þess að við verðum fyrir einhvers konar árás, þá grunar mig nú að það verði svo hratt að við náum ekki að kalla fólk neitt sérstaklega mikið til vopna í þjálfunarbúðir eða þess háttar. Þannig að hvað sem það yrði, þá yrði það ekki einu sinni her. Þetta er vægt komið til móts við mjög skýra kröfu, sem sagt ákvæðið, ekki bannið við ... ekki brotnám þess, mjög vægt komið til móts við kröfu þjóðfundar um að lýsa yfir herlausu landi, að hér skyldi ekki vera herskylda, að við skyldum vera kjarnorkuvopnalaus og þar fram eftir götunum. Það er fjöldi tillagna frá þjóðfundinum sem að við mætum ekki, og þetta er lítil ... rétt verið að rétta litla putta á móti þeim skýra vilja sem að nefnd A las út úr skýrslunni, um að hér ætti ekki að vera neinn rekstur á hernaðarstarfsemi. Þannig að ég hvet eindregið til þess að þessari tillögu nr. 10, um að bann við herskyldu verði numið brott úr skjalinu, að henni verði hafnað. Takk.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Já takk. Fundarstjóri og aðrir áheyrendur. Ég vil annars vegar bara örstutt áréttá af hverju við leggjum fram þessa brtt. nr. 94 við 21. gr. Það er vissulega rétt sem að kemur fram í máli Daggar að mannréttindi eru hluti af lýðræðislegum réttindum, en það er ýmislegt sem að bendir til þess að það sé ástæða til að áréttá mikilvægi þess að kynna mannréttindi fyrir fólki. Að mínu viti eru mannréttindin sér á báti, þau skipta hvað mestu máli og í mínum huga, mestu máli í stjórnarskrá. Þau eru grunnurinn að þessu. Þannig að ef að við skiljum menntun sem svo að markmið hennar sé að undirbúa einstaklinga fyrir lífið og fyrir þátttöku í samfélaginu, að þá sé svo mikilvægt að gera fólk meðvitað um mannréttindi sín, og annarra, að sjálfsögðu, að það sé ástæða til að taka það sérstaklega fram. Hins vegar langaði mig að bregðast örstutt við brtt. nr. 10 við 28. gr., og taka undir með Silju Báru. Í flestum lýðræðisríkjum eru óskir einstaklinga, sem að kjósa að taka ekki þátt í hernaði, virtar. Og mér finnst það mjög sérstakt ef að við á Íslandi og í íslensku samfélagi treystum okkur ekki til þess að styðja þá sem samvisku sinnar vegna kjósa að taka ekki þátt í hernaði. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, aðrir sem mál mitt heyra. Bara stutt um „Öllum skal tryggður með lögum réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu“, er að mínu mati ónákvæmara orðalag heldur en það sem það á að koma í staðinn fyrir. Hvað er fullnægjandi heilbrigðisþjónusta? Hvað er aðgengileg heilbrigðisþjónusta? Þetta mun leiða til endalausra deilna um það. Hins vegar ef við höldum textanum eins og hann er, og ég mæli því með því að brtt. verði felld, að „allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er“. Það lýsir bara a.m.k. tæknilega, þó það sé ekki fallett orðalag ... þetta er í samræmi við alþjóðasáttmála og lýsir því eins vel tæknilega og hægt er, að hverju ber að stefna. Við verðum aldrei fullkomin og aldrei fullnægjandi. Herskyldu má aldrei í lög leiða. Það verður sjálfbodaliðaher hér ef að óvenjulegt ástand kemur upp. Og ég minni á að fyrir 96 árum að þá var það ein staka sem drap hliðstæða tillögu um þegnskyldu. Og hún var svona:

*Ó, hve margur yrði sæll  
og elska myndi landið heitt,  
mætti hann vera í mánuð þræll  
og moka skít fyrir ekki neitt.*

Svo ég reikna nú með því að þetta falli ekki í geð hjá þjóðinni, að vera með slíkt, og hún vilji að herskyldu megi aldrei í lög leiða. Og svo hérna bara innskot, bara til gamans. Þegar við horfum hérna á þetta, það koma 23 og svo bíðum við lengi og svo kemur allt í einu 24. Þá varð áðan til strax þessi staka:

*Það er þarna einn  
sem alltaf er seinn,  
nei, það er ekki neinn.*

Takk.

SN

Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

FH

Já, eins og kannski margir eru farnir að vita, þá er ég svolítið fljótfer. Ég var ekki alveg búin. Af-sakið. En mig langar að lýsa yfir miklum stuðningi mínum við brtt. nr. 94 við 21. gr., um menntun. Ég tel að það sé mjög til bóta að við kveðum á um það að menntun skuli fela í sér fræðslu um mannréttindi. Ég vildi óska þess að ég hefði verið alin upp við það á mínum menntavegi, að það hafi verið farið ítarlega í mannréttindi og gildi þeirra. Ég held að það hefði komið í veg fyrir mörg vandamál og mikla vanlíðan í mínu lífi og örugglega margra annarra. Ég held að mannréttindafræðsla sé einmitt fræðsla sem er þá hægt að taka á ótrúlega margan hátt. Við getum farið mjög fjölbreyttar og skemmtilegar leiðir við það. Við getum tengt það við aðrar námsgreinar og þetta er einmitt kannski

leið til þess að koma í veg fyrir og vinna gegn ýmsu sem að er okkar helsta samfélagsmeini í dag, eins og ofbeldi, mismunun, einelti, o.s.frv., o.s.frv. Ég vil bara að það sé mjög skýrt að ég er mjög stöðugi andi við þetta. Og svo vil ég hvetja alla til að hafa brtt. nr. 10 við 28. gr., um að falli á brott ákvæði um bann við herskyldu. Mér finnst það bara ... þetta er eitthvað svona prinsipp sem að mér finnst, mér fyndist það mjög niðurlægjandi fyrir okkur ef við ætlum að fara að gefa yfirlýsingu um það að við séum til í að skylda fólk í starf sem að ekkert nema ofbeldi. Þá finnst mér mörg önnur ákvæði sem við höfum sett í mannréttindakaflann algjörlega falla um sjálft sig. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ég ætla nú ekki að taka til máls um hvert einasta ákvæði ef efnið er svipað. Ég hef lengi haft auðvitað efasemdir við margar af þeim upptalningum sem hér koma fram og það er kannski bara að ítreka að það þýðir ekki að maður sé endilega á móti því að Mannréttindadagurinn sé haldinn, heldur held ég að það sé fljótlegri leið til að koma slíkum hlutum á, heldur en með stjórnarskrárbreytingu, þingkosningum, sem sagt samþykki tveggja þinga með kosningum á milli og þjóðaratkvæðagreiðslu, þar. Ég held að það sé hægt að gera það fljótlega. Ég skil auðvitað hvert menn eru að fara. Hins vegar þá er bara upptalning á því hvað menntun eigi að gera, svona ... hún gefur auðvitað ýmislegt til kynna ... ég gæti auðvitað talið upp það að mér fyndist að eigi að tilgreina það að menn kynnu að reikna eða eitthvað svoliðis. En það er bara ekki endilega gott að negla í stein akkúrat hér. Þannig að ég mundi nú vilja sjá greinina styttri í heilu lagi en auðvitað er þetta ekki algjörlega úr takti við margt annað sem við erum að gera. Ég mun, svona almennt séð, vera helst á því að hafa þetta styttra heldur en lengra og atkvæðin mín skýrast af því í flestum tilfellum. Takk.

SN

Þá er umræðu lokið um þessar 4 brtt., og við göngum til atkvæðagreiðslu. Fyrst er það brtt. nr. 11 við 20. gr. um heilbrigðisþjónustu. Við tökum þetta í þeirri röð sem greinarnar eru í frumvarpinu. Það er um heilbrigðisþjónustu, þar sem er gert ráð fyrir að allir eigi rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er, falli út og kosning hefst þá núna og er hafin. Gjörðu svo vel.

Það eru bara 23 í salnum, það er rétt að taka það fram. Það eru 23 í salnum núna. Þannig að allir hafa kosið.

Og henni er hafnað með 11 atkvæðum gegn 9 og 3 sátu hjá.

Þá er það næst brtt. nr. 36 við 21. gr. um menntun. Og hún gerir ráð fyrir að það sé bætt við í ákvæðið „fræðslu við sitt hæfi“ í 1. mgr., og síðan „Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa“ ... það er bætt þarna aðeins inn í textann.

Og kosning hefst núna. Gjörðu svo vel.

Og tillagan hefur verið samþykkt með 19 atkvæðum gegn 4 og enginn sat hjá.

Brtt. þá næst er nr. 94 við 21. gr., menntun, sama ákvæði og áðan. Og þar er tillagan sú að við textann bætist „vitund um mannréttindi“. Og þá hefjum við kosningu. Og kosning er hafin.

Það vantar einn, já. Það eru allir komnir núna. Og þessi tillaga er samþykkt með 16 atkvæðum gegn 7, enginn sat hjá.

Loks er það brtt. nr. 10 við 28. gr., bann við herskyldu. Þá hefjum við kosningu, og kosning er hafin.

Og tillögunni er hafnað með 17 atkvæðum gegn 6, enginn sat hjá.

Nú, þá leggjum við fram 2 greinar í Mannréttindakaflanum, nr. 29 og 30. Og þar eru 3 brtt.. Og fyrst um menningarverðmæti og síðan 2 um náttúru Íslands og umhverfi. Og ég ætla að biðja Katrínu Fjeldsted að byrja með að kynna brtt. nr. 109 við 29. gr. um menningarverðmæti. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það formaður. Þetta er nú mjög einföld tillaga og ég hef mælt fyrir henni áður. Hún gengur út á það að afnot af hugverkum verði ekki bönnuð skv. stjórnarskrá og ég legg því til að orðalagið eða afnota hverfi út úr setningu sem hljómar svona: „Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja“. Og ég hugsa um þetta út frá t.d. því sem ég hef nú nefnt hér í umræðum um þetta mál, íslensk þjóðlög, sem enginn höfundur, þekktur, er að. Ef erlent tónskáld ætlaði sér að nýta varanlega slíkan menningararf og semja tónverk á grundvelli íslensks tónverks, að það sé ekki bannað skv. stjórnarskrá. Þannig að mér fannst þetta ankannalegt orðalag og vildi losna við orðin „eða afnota“. Takk fyrir.

SN

Þá er það næsta brtt. nr. 87 við 30. gr., náttúra Íslands og umhverfi. Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, aðrir sem mál mitt heyra. Brtt. er þessi. Við upphafsorðin „Íslensk náttúra er undirstaða lífs í landinu, bætist dýrmætur arfur kynslóðanna og býr yfir fágætum undrum“. Af hverju er þetta? Það er vegna þess, aðeins forsagan, upphaflega var þetta ákvæði svona: Náttúra Íslands er friðhelg. Við þetta voru gerðar ýmsar athugasemdir, sem höfðu ýmis rök með sér, og þó að ég hefði helst ekki viljað falla frá þessu, að þá var farið í það að vera með: Íslensk náttúra er undirstaða lífs í landinu. Og þá er verið að vísa til þess sem á eftir kemur: „Öllum ber að virða hana og vernda“. En af hverju? Það er útskýringin. Þannig að þetta á heima þarna, sem útskýring á því sem á eftir kemur. Hins vegar vísa upphafsorðin aðeins til eins af þremur gildum náttúrunnar. Þau eru

Þessi: Í fyrsta lagi hreint nytjagildi auðlinda náttúrunnar. Í öðru lagi gildi náttúrunnar í sjálfri sér, af því getur nýtt nýting til ferðamennsku, til að efla álit og virðingu landsins og þar með viðskiptavild um allan heim. Þetta nýtur vaxandi viðurkenningar í löggjöf víða um lönd, allt upp í það að náttúran geti verið sérstakur lögaðili, það er þróun í þessu. Í þriðja lagi gildi hennar gagnvart jafnrétti kynslóðanna og sjálfbærri þróun. Og þar er um að ræða hrein mannréttindi sem eiga heima með öðrum mannréttindum, og við erum að tala um allar kynslóðir á eftir okkur, ekki bara okkur sjálf.

Gildi íslenskrar náttúru sem einstæðrar á heimsvísu hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu hin síðustu ár. Á fundi umhverfisráðherra heimsins í Naíróbí fyrir nokkrum árum, sem þáverandi utanríkisráðherra Jónína Bjartmarz sat, var því slegið föstu að íslensk náttúra væri eitt af undrum veraldar. Í vandaðri vísindalegri úttekt á helstu undrum veraldar, 100 talsins, fyrir nokkrum árum, var tæpur helmingur þeirra náttúruundur, af þeim voru 7 undur í Evrópu, þar af aðeins 2 á Norðurlöndum, hinn eldvirki hluti Íslands og norsku firðirnir. Til samanburðar má nefna að frægasti og elsti þjóðgarður heims Yellowstone, sem svipar um margt til Íslands hvað varðar jarðhitasvæði og fossa, komst ekki á blað í þessari samantekt. Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur hefur kynnt sér sérstaklega helstu eldfjallasvæði heims og komist að þeirri niðurstöðu að svæðið norðan Vatnajökuls eitt og sér, sé stærsta, fjölbreyttasta og magnaðasta eldfjallasvæði heims. Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur benti líka á það á sínum tíma að samspil elds á Íslandi væri einstakt á heimsvísu og að sama megi segja um áþreifanleg og sjáanleg merki um það hvernig meginlandsflekarnir reka hvor frá öðrum og upp kemur nýtt land. Þetta er útskýring á því að hverju okkur ber að virða og vernda náttúruna og inngangur að því sem á eftir fer. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 79 við 30. gr., náttúra Íslands og umhverfi. Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir sem mál mitt heyrja. Þegar við bætum nýjum ákvæðum inn í stjórnarskrá, sem við erum að gera hér í töluverðum mæli og örugglega að jafnaði til bóta, þá þurfum við samt að gæta ákveðins jafnræðis. Og þessi stutta tillaga, sem ég legg hér fram um að inn komi tvö ný orð í 30. gr., hún helgast af því að við erum í raun og veru að setja í stjórnarskrá ákvæði sem áður voru í náttúruverndarlögum. Og þar eru í 12. og 13. gr. fjallað um rétt almennings til aðgengi að landi, í 12. gr. sem að segir að almennungi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Og síðan í 13. gr. segir að: Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeigendum og öðrum rétt höfum landsins fulla tillitssemi, virða hagsemi þeirra m.a. vegna búpenings og ræktunar, þ.á m. skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum

varðandi ferð og umgengni um landið. Nú í tókum við inn í stjórnarskrá ákvæði um það að almennigur eigi, eins og hér segir: „Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmætum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi.“ En við tókum ekki inn síðari þáttinn, þ.e.a.s. annmarkana á því sem að kann að vera, þ.e.a.s. að það þurfi að gæta að hagsmunum þeirra sem landið nota. Og ég legg þess vegna til að við höfum þetta þrennt í huga, við náttúruna og umhverfið og hagsmuni þeirra sem að landið eiga og nota. Vil ég leggja þetta að jöfnu til þess að tryggja sátt. Það hefur komið fram í spjalli mínu við nefndarfólkið, að það muni nú í sjálfu sér hafa verið meiningin að þetta væri með einhverjum hætti inni, þannig að ég óska nú eftir því að þessi tillaga fari til nefndarinnar til skoðunar. Mér er ekkert fast í hendi með orðalag, bara ef að það er skýrt, að við erum í raun og veru að leggja að jöfnu réttinn til að fara um landið og virða ekki síður þau not sem eru af því, en náttúruna sjálfa og umhverfið. Takk.

SN

Þá er orðið laust og Freyja Haraldsdóttir er fyrst á mælendaskrá. Gjörðu svo vel, Freyja.

FH

Já, ég ætla sem sagt að bregðast við brtt. um menningararfinn, gr. nr. 29. Þar er talað um orðin „eða afnota“, falli út. Við höfum rætt þetta í nefndinni okkar og við teljum að þar sem að stendur: „Dýrmætar þjóðareignir sem heyrja til íslenskum menningararfi, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja“. Í því ljósi að þá sé í rauninni það ekki vandamál að t.d. ef fólk ætlar að nota, eins og þú nefndir þjóðlög, erlendis, í eitthvað. Af því að t.d. með lög, að þrátt fyrir að það fari eitthvað annað og það sé notað annars staðar, þá höfum við ennþá, og það breytir því ekki að það er ennþá hér. Þannig að við teljum þennan vanda ekki vera til staðar og þ.a.l. ekki þurfa að fella á brott orðið afnota. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Bara örstutt. Ég gleymdi því áðan, hverjir eru flytjendur að tillögunni með mér. Það eru Örn Bárður Jónsson, Þorvaldur Gylfason, Katrín Oddsdóttir, Katrín Fjeldsted og Andrés Magnússon. Takk.

SN

Illugi Jökulsson. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

IJ

Já, góðir félagar. Mér var falið það verkefni af minni nefnd að bregðast hér við breytingartillögum um náttúrugreinina okkar. Nú tillaga Ómars, það er um að bæta inn í ákvæðið setningunni, „dýrmætur arfur kynslóðanna og býr yfir fágætum undrum“. Það er náttúrlega dálítið



undarlegt hlutskipti að finna sig í því hlutverki að tala gegn skoðunum Ómars Ragnarssonar og annarra góðra félaga minna á því hvernig náttúran skuli dásömuð. En við vorum í miklum vandræðum með hvernig við áttum að orða þetta eftir að okkur var sýnt fram á það að orðalagið Náttúra Íslands er friðhelg, væri kannski eitthvað sem við gætum ekki staðið við, þannig að niðurstaðan varð: „Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu og öllum ber að virða hana og vernda“. Og sem sagt ástæðan sú að náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu og þess vegna ber öllum að virða hana og vernda, er sem sagt hugsunin með þessu. Ég held að það sé einfaldast að leggja þetta bara í atkvæðagreiðslu í ráðinu, hvort að setning Ómars og félaga eigi að koma þarna inn. Mér finnst orðalagið dýrmætur arfur kynslóðanna fela í sér að náttúran sé þá eign okkar á einhvern hátt, sem að mér finnst mega hártoga fram og tilbaka. Og sömuleiðis orðalagið það býr yfir fágætum undrum, ég svo sem er alveg hjartanlega sammála því, en hvort það á heima þarna ... það held ég við verðum bara að fá að greiða atkvæði um. Vissulega held ég að öll náttúra alls staðar búi yfir fágætum undrum og ég held að við verðum bara að kveða upp úr með þetta í atkvæðagreiðslu. Hvað varðar tillögu Ara, um að bæta hagsmunum landeigenda inn í náttúrugreinina, þá held ég að ég muni fyrir mitt leyti a.m.k., mæla með því við formann nefndarinnar að við bara fáum að ræða það aðeins, hvað við gerum við þá tillögu. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, varðandi tillögu Ara þá er sjálfsagt að taka hana inn í nefndina. Ég held að þetta sé eitthvað sem að við myndum frekar setja í greinargerð heldur en í beinan texta, en þetta hefur aðeins komið til máls en við getum tekið þetta til okkar. Já, ég held að hinar geti bara farið í atkvæðagreiðslu.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar að drepa á allar tillögurnar og byrja á þeirri nr. 87 frá Ómari. Þetta er allt fallega sagt en bara, lengjum ekki plaggið meira heldur en þörf krefur. Þannig að ég leggst gegn þessari tillögu. Ég þarf nú ekki mikið að segja um tillögu Ara. Ég ætlaði sjálfur að stinga upp á því að þetta færi til nefndar. Mér finnst kannski rökin þau, að leggja að jöfnu virðingu fyrir náttúru og umhverfi og hagsmunum landeigenda, ég kaupi það ekki alveg að þetta eigi að nota sama orðalag. Enda er í lögunum um almennarétt o.s.frv. tekið til ... það er talað um tillitsemi við réttthafa lands ... þannig að teknu tilliti til eðlilegra hagsmuna landeigenda eða eitthvað svoleiðis. En nefndin finnur út úr þessu. Þá vil ég lýsa yfir stuðningi við tillögu Katrínar Fjeldsted. Þó þetta sé kannski óþarfi, en þetta

eru nú m.a. þau rök að við fækkum um tvö orð [hlátur úr sal], en ég vil minna líka á að það gætu verið svona hártoganir á þessu, eins og búið er að nefna. Við munum eftir því að það voru einu sinni samþykkt lög um samræmda stafsetningu forna, sem bönnuðu Halldóri Laxness að gefa út Brennu-Njálssögu með nútímastafsetningu. Hæstiréttur sá nú við þessu reyndar. Svo ég sé nú kannski með svolitla hártogun, ef að þetta ákvæði væri inni í stjórnarskrá væri hægt að véfengja heimild Halldórs Laxness til að rita og gefa út Gerplu, sem að hæðist að Fóstbræðrasögu. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Ég leggst gegn brtt. nr. 109 við 29. gr., sem Katrín Fjeldsted mælir fyrir. Hún vill að orðin „eða afnota“ séu numin brott úr greininni. En sé það gert, væri gefið tilefni til þess að álykta að safngripir mættu lenda á einkaheimilum varanlega, skráðir sem eign viðkomandi safns í opinberri eigu en verandi varanlega til afnota á einkaheimili. Og fyrir þessa hættu þarf að girða, og það er þess vegna sem að það er vandleg hugsun á bakvið orðalag greinarinnar, eins og það stendur í frumvarpinu, þar sem við segjum: „má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja“. Ég mæli með því að breytingartillögunni verði hafnað.

SN

Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls um þessar þrjár brtt. og við göngum þá til atkvæðagreiðslu. ... Já, Katrín.

KF

Má ég leggja til að brtt. 74 við 29. gr. verði vísað til nefndar? Þá með það í huga að það megi kveða á um það í greinargerð, hvað þetta orðalag innifeli, þannig að við náum lendingu með það. Takk.

SN

Þú átt við brtt. nr. 109? Við 29. gr.

KF

Já. Eða afnota.

AT

Þetta er bara nákvæmlega sama tillagan.

SN

Já, það hafa verið tvær tillögur. Það er einhver ruglingur hérna með númerin, en sem sagt 109 og 74 ... já. Þannig að henni er þá vísað til nefndar. Þetta er sama tillagan. Ég er hérna með fyrir framan mig 109 og einhverjir aðrir með 74 sem er algjörlega sambærileg.

Og hún fer þá til nefndar.

Ef að framsögumaður óskar eftir því að þetta fari í nefnd, þá fer þetta í nefnd.

Þá göngum við til atkvæðagreiðslu um brtt. nr. 87 og fyrir áhorfendur, þá er rétt að taka það fram

að breytingartillögurnar eru núna komnar á netið. Þær eru aðgengilegar á vef ráðsins.

Þannig að við göngum til atkvæðagreiðslu um brtt. nr. 87 við gr. 30, náttúra Íslands og umhverfi. Og hún er á þá leið að við upphafsorðin bætist „Dýrmætur arfur kynslóðanna og býr yfir fágætum undrum“. Og þá hefjum við kosningu, og hún er hafin.

Þessari tillögu er hafnað með 11 atkvæðum, 9 samþykktu hana en 3 sátu hjá.

Þá leggjum við fram gr. nr. 31 um náttúruauðlindir. Þar hafa borist þrjár brtt..

Já, ég gleymdi að segja að brtt. nr. 79 við 30. gr., náttúra Íslands og umhverfi, var aðeins of fljót hérna, henni hefur verið vísa til nefndar, af fram-sögumanni.

Og þá tókum við fyrir ... gr. nr., eða sem sagt í frumvarpinu nr. 31 um náttúruauðlindir. Og þar hafa borist þrjár brtt., nr. 17, 44 og 107. Og ég bið Lýð Árnason að fylgja fyrstu tveimur úr hlaði, nr. 17 og nr. 44. Gjörðu svo vel, Lýður.

## LÁ

Ég er að gera þetta allt of hratt ... en það var líka það sem var lagt upp með. Fyrsta brtt. er nr. 17 við 31. gr., um náttúruauðlindir og hún fjallar um veðsetningar, og flytjendur að henni ásamt mér, eru Örn Bárður Jónsson, Þórhildur Þorleifs-dóttir, Þorvaldur Gylfason, Pétur Gunnlaugsson, Ómar Þorfinnur Ragnarson, Lýður Árnason, Katrín Oddsdóttir, Katrín Fjeldsted, Illugi Jökuls-son, Guðmundur Gunnarsson, Gísli Tryggvason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Dögg Harðardóttir og Andrés Magnússon. Þannig að þetta er svo sem dágóður slatti. En þetta sem sagt breytir í raun og veru bara síðustu setningunni í þessu ákvæði, og það er sem sagt aftast í 1. mgr. bætist við, best ég lesi þetta allt: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeign, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið þær, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra af-nota og því má aldrei selja þær eða veðsetja, beint eða óbeint“. Þetta er sem sagt breytingin, beint eða óbeint. Og ég ætla að gera stuttlega grein fyrir því af hverju þetta er. Það voru sett lög um samn-ingsveð 1997 og í 4. gr. þeirra segir: Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjár-verðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeilt skips, fiskiskips, og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.

3. gr. Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta. 1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann. Steingrímur J. Sigfús-son, þá þingmaður Alþýðubandalags og formaður sjávarútvegshöfundar Alþingis, hann sagði um þessa grein: Annars vegar á að banna að veðsetja veiðiheimildir sjálfstætt og sérstaklega, en á hinn bóginn á að fá veðhöfum, þ.e.a.s. bönkum, lög-varða stöðu svo að þeir geti haft neitunarvald um

að veiðiheimildir séu fluttar af skipi sem þeir hafa lánað til. Mér sýnist að þarna sé verið að gera hið ómögulega, bæði að leyfa og banna sama hlutinn í svo gott sem sömu setningunni, segir Steingrím-ur. Þetta var 1997. Ég verð fljótur. Þorgeir Örlyg-son, prófessor í eigna- og veðrétti, er höfundur frumvarpsins um samningsveð. Og hann segir að með frumvarpinu sé ekki með neinum óbeinum hætti verið að heimila veðsetningu aflaheimilda fiskiskipa. Þorgeir segir að með ákvæðinu um að óheimilt sé að veðsetja nýtingarréttindi í atvinnu- rekstri sem stjórnvöld úthluta, sé fyrst og fremst verið að tryggja að réttindi séu á þeirri eign sem þau eru úthlutað og skráð á. Og hins vegar að það þurfi samþykki þeirra veðhafa sem eiga veðrétt í viðkomandi eign, ef að það eigi að skilja þetta frá. Og hann segir: Ég lít svo á að það sé alls ekkert verið að fara neinar bakdyraleiðir þarna. Þetta sagði höfundur frumvarpsins 1997.

Kristján Pálsson, þingmaður Sjálfstæðis- flokksins 1998, segir: Má ætla að þeir þingmenn sem stóðu að þessari lagasetningu hafi verið í annarlegu ástandi, að láta hafa sig til slíkra ódáða. Hvað ætli þurfi mörg aflaleysisár til þess að allar aflaheimildir verði komnar á hendur lánastofnanna - 3, 5 eða 8 ár eða 10? Og þá er það ekki sjávarútvegsráðuneytið sem úthlutar veiðileyfunum, heldur bankastjórar, innlendir eða erlendir. Og þeir munu ekki úthluta ókeypis veiði- heimildum, eins og ráðherra, heldur leigja þau til hæstbjóðanda, og þau munu ekki verða til sölu, aðeins leigu. Þá mun renna ljós upp fyrir þjóðinni, hvaða óhappaverk var unnið, þegar veðsetningar- heimildin var lögfest. Þetta sagði Kristján Pálsson í Sjálfstæðisflokknum, 1998.

Svo komum við til dagsins í dag, frétt frá RÚV 2011: Glæfraleg veðsetning aflaheimilda. Í árs- skýrslu Bankasýslu ríkisins 2011, kemur fram að Landsbankinn sem er að mestu í eigu ríkisins, hefur lánað 134 milljarða króna til sjávarútvegs- fyrirtækja. Greinin er talin skulda 500 milljarða í dag. Þá má segja sem svo að hinir 366 milljarð- arnir, sem útgerðin skuldar, eru þá væntanlega hjá öðrum lánastofnunum og kröfuhöfum og ekki endilega bara á Íslandi.

Sko, í 31. gr. okkar auðlindaákvæðis, er kveðið sterklega á um ævarandi eignarrétt þjóðarinnar á auðlindum sínum. Sumir segja það vera nóg. Í 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaga segir: Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameigin íslensku þjóðarinnar. Úthlutun veiðiheimilda, skv. lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt for- ræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Þrátt fyrir þetta klára ákvæði, um að fiskimiðin séu þjóðareign og að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum, blasir við þessi gífurlega ofurveðsetning á aflaheimildum, sem tengdar hafa verið bátum. Með öðrum orðum, í skjóli ónýtra laga um samningsveð, hefur bönkum verið gert kleift að koma gríðarlegum fjárhæðum í umferð með óbeinum veðsetningum á aflaheimildum á Íslandsmiðum. Og það er náttúrlega búíð að nota þessa peninga í annað, og núna stendur atvinnugreinin eftir stórskuldu.

Breytingar í fiskveiðistjórn hérna á Íslandi, þær hafa dregist fram úr hömlu, eingöngu vegna hagsmuna banka og kröfuhafa. Og m.a.s. er það þannig að ekki einu sinni réttmæt kjörin stjórnvöld hafa bolmagn til að berjast á móti þessum risum. Því segi ég, ákvæði um að fiskimiðin séu í eigu þjóðarinnar, hafa ekki dugað ein og sér. Og nú er það okkar að styrkja stöðu þjóðarinnar gegn vafasömum fjármálagjöfningum með hennar eigur. Brtt. færir víglínuna nær þjóðarhag og mun gera sérhagsmunaöflum erfiðara fyrir. Hún tekur líka til framtíðarskipunar þessara mála. Orkuna munu margir ásælast, og þá viljum við, sem að þessari tillögu stöndum, ekki sjá virkjunarréttindi tengd húsakosti og yfirveðsett, engum til hagsbóta, nema aðdáendum loftbóluhagkerfa. Því vona ég eindregið að þessi brtt. verði studd. Var ég ekki með eina í viðbót hérna? Jújú.

SN

Þú ert með nr. 44.

LÁ

Já. Á ég ekki bara að klára hana í leiðinni, fyrst ég er hér uppi í pontu? Það er brtt. 44 við sömu grein, 31. gr., um náttúruauðlindir. Flytjendur eru ásamt mér, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason, Lýður Árnason, Illugi Jökulsson, Gísli Tryggvason, Dögg Harðardóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir og Andrés Magnússon. Þessi brtt. gerir ráð fyrir því að ... það er breyttur 3. málslíður, 4. mgr., þannig að hann hljómar svona: „Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar þeirra, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn“. Svo kemur breytingin: „Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis fyrir auðlindunum“. Sem sagt, slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli. Og ég ætla að útskýra af hverju ég vil gjarnan sjá þetta inni í ákvæðinu. Kvótakerfið var sett á þegar menn uppgötvuðu að sjávarauðlindin var takmörkuð. Í árdaga kvótakerfisins var úthlutað árlega eftir veiðireynslu skipa þriggja ára þar á undan. Þetta var gert til að tryggja að þeir sem höfðu reynslu og skipakost, gætu haldið áfram að nýta fiskimiðin þjóðinni til heilla. Í álitinu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2007, í kærumáli tveggja sjómanna gegn íslenska ríkinu, segir, að sú mismunum sem gerð hafi verið í upphafi kvótakerfisins, við úthlutun veiðiheimilda, og byggð var á veiðireynslu tímabilsins 1. nóvember 1980 til 31. október 1983, kunni að hafa verið sanngjörn og málefnaleg, sem tímabundin ráðstöfun. Athugið það, sem tímabundin ráðstöfun.

n með setningu laga um fiskveiðistjórn 1990, hafi ráðstöfun þessi ekki aðeins orðið varanleg, heldur líka breytt hinum upprunalegum réttindum til þess að nýta opinbera eign, í nýtingu einstaklingsbundinnar eignar. Þannig að það er verið að breyta nýtingu opinberrar eignar í nýtingu einstaklingsbundinnar eignar. Þannig hafa þeir sem upphaflega fengu úthlutað veiði-

heimildum, og nýttu þær ekki, getað selt þær eða leigt öðrum, í stað þess að skila þeim aftur til ríkisins, öðrum til úthlutunar. Íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að þessi úthlutunarmáti á veiðiréttarheimildum fullnægi þeim kröfum sem gera verði um sanngirni. Ég hef stundum sagt það, þetta er svolítið álíka og þegar ég fer til einhverra læknishéraða til vinnu, og þá myndu allt í einu koma lög sem að ég gæti nýtt mér og keyrt læknabílinn hérna suður til Reykjavíkur og selt hann og svo sett peninginn í vasann. Mannréttindanefndin taldi þessi lög um stjórn fiskveiða brjóta í bága við 26. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn mála réttindi, um jafnrétti allra manna. Grein þessi er efnislega samhljóða jafnréttisákvæði 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. En þessi ráðstöfun stjórnvalda, að úthluta veiðiréttinum varanlega, hún hefur dregið mjög langan dilk á eftir sér. Atvinnugreinin breyttist í markaðstorg, sem síðan var notað til að fjármagna efnahagsundrið. Nú skuldar sjávarútvegurinn 500 milljarða og arður greinarinnar orðinn að áfyllingu bankakerfisins. Það er því ekki að furða að kvótakerfið skuli vera svona hatrammt og langdrægt deiluefni.

Að lokum. Flutningsmenn þessarar brtt. leggja til að kveðið verði sérstaklega á um að jafnræðis verði ávallt gætt við úthlutun nýtingarleyfa á auðlindum. Það mun styrkja vígstöðu almanna-hagsmuna gegn sérhagsmunum. Það mun líka torvelda aðra svona rúlettu, og það gildir ekki bara um sjávarauðlindina, heldur líka um allar aðrar auðlindir í framtíðinni. Takk. Ég vona að þið samþykkið báðar þessar brtt..

SN

Þá er það brtt. nr. 107 og það er Þorkell Helgason sem fylgir henni úr hlaði. Gjörðu svo vel, Þorkell.

ÞH

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég er hér til að mæla fyrir brtt. sem ég flyt, og hef vonandi ekki gleymt. Nei, hérna er hún. Hún tekur til þessarar sömu 31. gr., og áður en ég fer lengra, þá vil ég strax taka fram að ég legg til að þessi brtt. fari í nefnd til gaumgæfilegrar skoðunar. Og mér finnst reyndar að hinar tvær ættu að fylgja með líka. Þarna er verið sem sagt að taka á mjög erfiðu og viðkvæmu máli og við megum ekki rasa þarna um ráð fram.

En svo ég víki að minni tillögu sjálfri, þá legg ég nú í fyrsta lagi til smávægilegar, að mínu mati, textalagfæringar á 1. gr. sem ég ætla ekki að eyða tíma í að tíunda hérna, en víkja heldur að þeim sem eru efnislegs eðlis. Þannig er mál með vexti að ég hef lengi velt þessum málum fyrir mér, það eru eitthvað 30 ára síðan að ég byrjaði að sýsla við og var í ýmsum nefndum sem að komu núverandi kvótakerfi á. Og ég hef haldið því fram, a.m.k. í aldarfjórðung að það eigi að bjóða slíkar auðlindir upp, en með hæfilegum aðdraganda og fyrirvara og í því sambandi hefur verið þróuð hin svokallaða fyrningaraðferð, sem ég tel að sé í senn bæði sanngjörn markaðsleið fyrir bæði eiganda

auðlindarinnar, þjóðfélagið og þá sem að hafa nýtt þessar auðlindir hingað til. Upphaflega, þegar ég var að fjalla um fyrningarleif fyrir einum 20 árum, þá reiknaði ég með að fyrningin gæti gengið tiltölulega hratt fyrir sig, á svo sem 5 árum. En síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og ég tel að þetta yrði allt að hafa mjög góðan aðdraganda og fyrningarlutfallið að vera lágt, og í rauninni væri þá sú breyting sem væri verið að gera frekar táknræn heldur en raunveruleg. Við verðum náttúrlega að taka tillit til þess að menn hafa keypt sér kvóta dýrum dómi og þeir þurfa sína aðlögun, en ekki nema eðlilega.

Nú, en svo ég víki þá aftur að því sem að er í tillögugrein minni. Þar er í fyrsta lagi talað um það, að ... nú hef ég gripið röng gleraugu ... ég held ég verði bara að biðja aðeins um fundarhlé á meðan ég hleyp eftir gleraugunum mínum ... Já, þetta er í 3. mgr., og þar er ég að bæta við orðin „annarra takmarkaðra auðlinda“. Þetta á kannski að vísu illa heima í kafla um náttúruauðlindir, af því að þarna er ég í rauninni að tala um ýmislegt, eins og ég drep á herna í skýringum aftan á blaðinu, eins og það sem að almannavaldið neyðist til að takmarka, eða vil takmarka, eins og útblástur gróðurhúsalofttegunda, fjarskiptarásir o.s.frv.. Þannig að það á kannski ekkert óskaplega vel við í þessum kafla, en engu að síður sé ég svo sem ekki ástæðu til að hafa þetta annars staðar en þarna. Þetta er önnur megin efnisbreytingin. Hin er sú, að þetta skuli gerast með því að menn fái aðgang að þessum auðlindum eða takmörkuðu gæðum gegn markaðsverði. Áður var talað um, eða í plagginu sem að liggur fyrir okkur, frumvarpinu, er talað um fullt gjald, og er þá vísað til eignar-námsákvæða í þar til gerðri grein hjá okkur núna. En ég hygg að, eða það hafa verið færð sterk rök fyrir því hér í ráðinu að það sé ekki heppilegt að nota þarna sama orðið, og markaðsverð mundi m.a. ná til þess sem ég er að tala um, uppboðsverð á markaði. Þá vil ég að lokum nefna það að ég hafði lengi vel í huga að bæta við enn einu ákvæðinu þess efnis, að það kæmi þarna ný málsgrein: Heimilt er að veita hæfilega aðlögun þegar forsendum er breytt, skv. ákvæðum þessarar greinar. Og þá hafði ég m.a. reyndar í huga það, að það yrði samþykkt að bæta aftan við 1. mgr., þetta sem að Lýður var að leggja til hér áðan, fyrir hönd stórs hóps, um að beint og óbeint ... og þá hafði ég m.a. það í huga að það þyrfti eðlilega að skoða og hafa kannski sinn aðdraganda.

Nú, mér hefur verið bent á að svona ákvæði kynni að, annað hvort að vera óþarft, vegna þess að þetta lægi í hlutarins eðli, að það yrði allt að hafa slíkan aðdraganda og hins vegar að þetta kynni að draga úr því að markaðsverð yrði tekið upp, úr hófi fram. Ég hygg að það yrði nú ekki þannig. Ég held það væri jafnvel betra að hafa þetta ákvæði inni, vegna þess að það mundi þá vera vísbending til dómstóla um að þeir megi ekki nota hefðarrétt í sínum úrskurðum, heldur væri í rauninni takmarkaðir af þessu ákvæði. En við erum öll að flýta okkur herna, og þessi tillaga, þó hún sé búin að vera að þróast með mér eiginlega allan tímann, þá verð ég að viðurkenna að smíðs-

höggið varð ekki til fyrr en í gær, og þá ákvað ég svona á síðustu stundu að hafa þetta ekki inni í tillöggunni. Óska eftir því að þetta fari til nefndar og þar verði það rætt, en áskil mér auðvitað rétt til þess að taka þetta að einhverju leyti upp aftur, við aðra umræðu. Að lokum, þá þarf ég aðeins að drepa á brtt. 44, þar sem að ég er tilgreindur sem flytjandi. Ég er nú að taka eftir því í fyrsta sinn. En það kann að vera að það sé einhver mis-skilningur. Eins og allir vita þá var herna mikill breytingartillagnamarkaður í gangi í gær og fyrradag, og menn kannski heyrðu ekki alltaf nægilega vel hvað var verið að segja. Þannig að þetta kann að byggjast á misskilningi, en ég kannast ekki við mitt nafn þarna og óska eftir að það verði fjarlægð. Þar með er ég ekki að lýsa yfir neinni afstöðu til greinarinnar, mun skoða hana vandlega. Takk fyrir.

SN

Þá ræðum við þessar þrjár brtt. og orðið er laust, og Þorvaldur Gylfason er fyrstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, fundarstjóri, góðir ráðsmenn. Mér var falið af A-nefndinni að bregðast við þessum þrem breytingartillögum við náttúruauðlindagreinina. Um fyrstu tillöguna, sem að Lýður Árnason mælti fyrir, hann stendur á bak við hana, ásamt 13 öðrum ráðsmönnum, ja, er það að segja að hún er svona áréttung, og mjög í anda þeirrar ætlanar sem að var á bak við orðalagið í greininni, eins og hún er í frumvarpinu. Þannig að við gerum engan ágreining við breytingartillöguna. Ég mæli með því að hún verði samþykkt, enda er ég einn flutningsmanna hennar, og það erum við mörg úr A-nefndinni. Sama máli gegnir um hina breytingartillöguna, nr. 44, sem að Lýður mælti einnig fyrir. Það er tillagan sem að felur í sér að orðinu jafnræðisgrundvöllur sé bætt inn í greinina, á réttum stað. Og þetta er einnig bara áréttung á ætlan nefndarinnar. Þarna hefur okkur borist hjálp að utan við að koma skýrari orðum að hugsan okkar eins og henni er lýst í greinargerðinni bak við greinina. Dómar Hæstaréttar og álit erlendra mannréttindanefnda um fiskveiðistjórnarkerfið hér heima hafa einmitt hverfst um jafnræðisreglur, þannig að skírskotun til jafnræðis á mjög eðlilegt erindi inn í náttúruauðlindagreinina. Þannig að ég styð þessa brtt. af heilum hug, enda er ég ásamt nokkrum meðnefndarmönnum mínum í A-nefndinni, meðflutningsmaður. Við föllumst á þá tillögu flutningsmanns Þriðju breytingartillögunnar, þessarar nr. 107, Þorkels Helgasonar, um að henni verði vísað til nefndar og þess vegna er ekki ástæða til þess að ræða efnisatriðin hér.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, mér var falið af breiðum hópi manna að tala svona af efasemdum um þessar tillögur sem hér

eru bornar upp. Nú, það eru ... þarna fremst er lagt til að orðin „beint eða óbeint“, falli aftast. Þau eru þarna höfð feitletruð og í hástöfum, vinstra megin. Og eiginlega þá svona myndist mér eins og að þau ættu bara að fara þannig inn. Það væri svona í anda þeirrar hugmyndafræði, sem hér er að mörgu leyti ríkjandi. Nú, það er auðvitað búið að leita til nokkurra sérfræðinga um þessi mál og þetta voru nú ekki þær athugasemdir sem þeir voru að gera, um að orðin beint og óbeint ættu að falla þar inn. Ýmsar aðrar athugasemdir hafa verið gerðar, en ekki hefur nú verið tekið tillit til þeirra. Og ég vil þá því vekja athygli á því að þessi grein, eða verði þessar brtt. gerðar úr þessum fasa, að þá hafa nú þær ekki fari í gegnum mjög mikla umræðu utan ráðsins. Nú það má líka velja því fyrir sér, ef við hugsum þetta í heilu lagi, hver er það sem á að selja og veðsetja. Ég hef nú skilið sem svo, að selja og veðsetja ætti við um ja, þá sem eru eigendur, þ.e.a.s. þjóðina eða ríkið, að þeim væri þá óheimilt að selja eða veðsetja. En umræðan hérna gefur til kynna að menn séu að huga að því að þeir sem hafa fengið veiðiheimildir einhvers konar, úthlutaðar, að þeim sé óheimilt að þá veðsetja þær og þ.a.l. að selja. Nú, ég hef líkt og Þorkell, og ég held að skoðanir okkar Þorkels á því hvernig fiskveiðistjórnunarkerfi við mundum vilja hafa séu æði svipaðar ... í mínum huga þyrfti að uppfylla nokkur skilyrði. Það þyrfti að vera þannig að, sem sagt, þjóðin eða almenningur, eða hið opinbera, mundi fá í sinn hlut réttláta rentu af leigu á þessum veiðiheimildum, og að veiðarnar yrðu á markaðslegum forsendum. Og ég held að ef að við erum að fara í einhverja vinnu, hérna í Stjórnlagaráðinu, þá ættum við að reyna að styrkja grundvöll þeirrar hugmyndafræði. Mér sýnist þessi umræða ekki vera til þess að gera það. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga, ef að einhver hefur fengið veiðiheimild, keypt hana á uppboði eða leigt hana á uppboði, til einhvers ákveðins tíma, að hún sé þá veðsett af þeim aðila. Það er þá bara skýr eign og sá sem tekur við slíkrri veðsetningu á að vita hverju hann gengur að. Þannig að ég vek sérstaklega athygli á því að þetta beint eða óbeint er þá skilningur að það eigi þá við um þá sem ... alla og væntanlega selja þá líka. Þetta væntanlega útilokar það, með sömu rökum, að ef að einhver hefur keypt heimild á uppboði, þá geti hann ekki selt hana eða leigt til annarra aðila, þ.e.a.s. við erum að útiloka þau kerfi sem byggja á einhvers konar markaðslausnum, eftir að upprunalega salan eða afhendingin hefur farið fram. Nú, í því ljósi, þá sé ég mér erfitt fyrir að styðja þessar tillögur. Ég mundi gjarnan vilja að það væri farið meira í þá átt sem Þorkell Helgason leggur til, og ég mun styðja hans tillögur þegar þær koma úr nefnd, ef að nefndin tekur vel í þær, sem ég mæli eindregið með að hún geri. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já. Það má eiginlega segja um þetta allt saman sem að ég hef verið að flytja, brtt. varðandi þetta

kvótakerfi, að þetta er dæmigert, mjög sorgleg dæmisaga um hugmyndafræði sem að ég sjálfur aðhylltist einu sinni. Þ.e.a.s. að kraftur einstaklingsins og frelsi mundi fleyta þessari þjóð áfram. Niðurstaðan hefur bara því miður verið önnur. Og það er þannig að menn hafa í raun og veru einkavætt gróða og ríkisvætt tap. Og ef að menn ætla að leggja af stað í þessa vegferð, einkavæðingu og gleyma ábyrgðinni heima, þá finnst mér hún bara einskis virði. Það fylgir því bara, ef maður stofnar sitt eigið fyrirtæki og ætlar að sjá sér farborða og búa til peninga úr engu, þá verður maður að taka ábyrgðina á því sjálfur. Og það má eiginlega sjá kristallast í þessu kvótakerfi. Að menn t.d. hafa verið að fá einhver tiltekin réttindi og telja það sér til eignar, hvort sem það sé bara bein eignarréttindi á fiskimiðunum, eða atvinnuréttindi, það skiptir ekki öllu máli. Og niðurstaðan er sú að veðsetning þessara aflaheimilda, eða skipa, eða hvorugtveggja, eða hvað við getum kallað það ... þetta er nánast ein allsherjar flækja sem enginn skilur og í því skjóli skáka menn. Niðurstaðan er í raun og veru bara efnahagshrun. Þess vegna segi ég, við eigum að koma í veg fyrir þetta og nú höfum við tækifæri til þess í nýrri stjórnarskrá, og við eigum ekki að vera hrædd við þetta. Og ég mæli eindregið með því að við samþykkjum þetta. Og við eigum heldur ekki að vera hrædd við það sem Þorkell er að segja um einhvern aðlögunartíma. Það er búið að vera að reyna að semja um þetta lengi og það hefur aldrei komið til greina annað en að menn fái sinn aðlögunartíma. Það er ekki vandamálið. Vandamálið er það að viðsejendurnir, þeir vilja ekkert semja. Þannig að ég segi bara enn og aftur, ég vona að ráðið samþykki báðar þessar tillögur. Takk.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég ætla nú bara svona aðeins til gamans að segja að auðvitað styð ég þessa tillögu hérna nr. 17, beint eða óbeint. Og af því að Pawel gantaðist með að þetta væri í hástöfum og feitletrað, þá hvíslaði ég að Lýði: Eigum við ekki bara að senda þetta inn á steintöflu og þú gefur resept handa þjóðinni, ein tafla á dag, meðan þjóðin lifir?

SN

Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls. Og við göngum þá til atkvæðagreiðslu um þessar tillögur. Reyndar er verið að óska eftir að ein fari í nefnd. En þá er það fyrst brtt. nr. 17 við 31. gr. um náttúruauðlindir, og þá hefjum við kosningu. Og hún er hafin, núna.

Tillagan var samþykkt með 18 atkvæðum, 4 segja nei og 1 situr hjá.

Þá er það brtt. nr. 44 við 31. gr., náttúruauðlindir. Við hefjum kosningu á þeirri tillögu. Hún er sem sagt um það að setja inn á jafnræðisgrundvelli og kosningin er hafin.

Og hún er samþykkt með 18, 3 segja nei og 2 sitja hjá.

Svo loks var það brtt. nr. 10 við sömu grein, en henni er vísað í nefnd að ósk flutningsmanns.

Nú, þá er komið að greinum 32 og 33 og öðrum greinum sem tengjast þessum kafla. Og það eru brtt. nr. 30, það er brtt. nr. 115 og brtt. nr. 111.

Og það er Silja Bára Ómarsdóttir sem fyrst tekur til máls. Gjörðu svo vel.

#### SBÓ

Já, formaður, kæru félagar. Ég er hérna með brtt. um nýja grein, sem að myndi bætast við aftast í mannréttindakaflann og fjallar um innlenda mannréttindaskrifstofu, sem að yrði skyldubundin. Ákvæðið myndi hljóða svo: „Stjórnvöld skulu starfrækja innlenda mannréttindastofnun, sem skal starfa skv. lögum og vera sjálfstæð í störfum sínum“. Það eru til svokallaðar Parísar-reglur sem tengjast Sameinuðu þjóðunum og fjalla um innlendar mannréttindastofnanir, sem ríki eru hvött til þess að reka og starfrækja. Það er lögð mikil áhersla á það í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 48 134, að ríki eigi að reka slíkar stofnanir til að efla og koma mannréttindum í framkvæmd. Þetta er hægt að gera annað hvort með því að stofna svona stofnun, eða styrkja þær sem þegar eru til. Ég er hér með Mannréttindaskrifstofu Íslands í huga, hún hefur verið rekin sem eins konar einkaframtak, og barist í bökkum og verið háð duttlungum stjórnvalda um starfsemi sína. En gæti, ef þetta ákvæði er samþykkt, starfað í vissu starfsöryggi og veitt borgurunum mikilvæga þjónustu. Þessar stofnanir geta verið eins konar samansafn umboðsmanna en þær hafa eftirlit með stöðu mannréttinda í landinu, þær hafa ráðgefandi hlutverk gagnvart yfirvöldum, þingi eða öðrum stofnunum, vekja athygli á mannréttindabrotum. Þær fylgjast með og eru í tengslum við alþjóðlegar og svæðisbundnar mannréttindastofnanir, hvetja stjórnvöld t.d. til að fullgilda alþjóðlega mannréttindasáttmála. Þær upplýsa og fræða almenning um mannréttindamál og gætu t.d. haft eitthvað með að gera að taka þátt í því eins og var samþykkt nú í menntunargreinina, ef að hún er síðan endanlega samþykkt, þ.e.a.s. Og þær hafa í sumum tilvikum hæfi til að taka við kærum vegna meintra mannréttindabrota, þó að það sé ekki endilega skilyrði. Þá stuðla þær að umræðu um mannréttindi í fjölmiðlum og aðgerðum til að vinna gegn mannréttindabrotum. Margt af þessu hefur Mannréttindaskrifstofa Íslands nú þegar gert og tekið upp á sína arma, en hefur ekki haft mikið starfsöryggi. Og eins og þið kannski heyrið þá er mín hugmynd að mannréttindastofnun, eða Mannréttindaskrifstofu Íslands, að hún fái stuðning af þessu ákvæði, en auðvitað væri líka möguleiki að ríkið myndi velja að stofna einhvers konar stofnun eða tengja saman umboðsmannaembætti til að gera þetta. Þetta svona súmmerar held ég það sem að mig langar til að segja um þetta. Með mér á þessari tillögu eru Gísli Tryggvason og Katrín Oddsdóttir. Og ég bara vona að hún hljóti náð í augum ykkar, ráðsfélaga okkar. Takk fyrir.

#### SN

Þá er það brtt. nr. 115, og það er Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

#### FH

Kæru vinir. Í flugþreytunni minni í gær, þá barði ég þessa brtt. saman og hefði viljað gera greinargerðina með henni mun ítarlegri og betri en læt þetta duga svona núna. Ég sem sagt, með þessari brtt. þá legg ég til nýja grein, sem ég mundi helst af öllu vilja sjá sem 1. gr. mannréttindakaflans og fjallar um réttinn til lífs. Og hljómar þannig að „sérhver manneskja hefur meðfæddan rétt til lífs“. Fjölmargin mannréttindasamningar kveða á um þennan rétt, enda er hann talinn grundvöllur annarra mannréttinda. Og það er kveðið á um hann í mannréttindafyrirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, í samningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og pólitísk réttindi, í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í mannréttindasáttmála Evrópu o.s.frv. Þarna er kveðið á um réttinn til lífs. Og eins og kemur fram hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands, þá er þetta talið einn mikilvægasti rétturinn og grundvöllur í rauninni annarra mannréttindaákvæða. Og ástæðan fyrir því að þetta er svona mikilvægt er sú að ekki undir neinum kringumstæðum er hægt að víkja frá þessum rétti, jafnvel þó að ríki neyðar-ástand og líf þjóðar sé í hættu. Og rétturinn til lífs er því ofar öðrum réttindum og þann rétt skal skv. samningum virða í öllu ástandi. Og annars vegar á hann að vernda það að ... að það sé sett bann við það að taka mann af lífi, en hins vegar skylduna til þess að vernda réttinn til lífs. Og ríkin sem eru aðilar að mannréttindasamningum sem kveða á um þennan rétt, eru skuldbundin því að beita öllum tiltækum aðferðum til þess að draga úr ungbarnadauða og auka lífslíkur einstaklinga. Og ríkjum ber sérstaklega skylda til að uppræta vandanæringu og koma í veg fyrir að farsóttir breiðist út, til dæmis. Og til þess að vernda réttinn til lífs er einnig talið mikilvægt að til staðar séu úrræði sem vinna að upprætingu ofbeldis í hvaða mynd sem er. Ég held að viðburðir síðustu vikna, á meðan við höfum starfað, í íslensku þjóðfélagi bæði hvað varðar heimilisofbeldi og útburð á barni, sýni okkur það að þessi réttur er einhvern veginn lítils virtur. Og það er hvergi í íslenskum lögum, hvergi, kveðið á um réttinn til lífs. Og mér finnst það með ólíkindum. Og mér finnst þínu hlaðborð-alykt af því að við ætlum ekki að setja þennan grundvallarrétt okkar, til þess að fá að vera til, inn í mannréttindakaflann okkar. Og við erum með ákvæði sem segir að við eigum öll rétt á því að lifa með reisn, en sá réttur er einskis virði ef við fáum ekki yfir höfuð að vera til. Þá höfum við ekki tækifæri til að lifa á neinn hátt. Og ástæðan fyrir því að, þetta hefur náttúrulega komið inn og við erum búin að ræða þetta mikið, ástæðan fyrir því kannski að þetta fór út, var að við vorum hrædd um að þetta ákvæði gæti farið að grafa undir rétti kvenna til þess að hafa yfirráð yfir sínum líkama, og að þetta myndi draga úr réttindum þeirra til þess að fara í fóstureyðingu. Til þess að koma til

móts við það, til að koma í eins miklum mæli og mögulegt er, sko, í veg fyrir að slíkt eigi sér stað að þá set ég: Sérhver manneskja hefur „meðfæddan“ rétt til lífs. Þannig að um leið og þú kemur í heiminn þá áttu rétt á því að vera til. Og ég set þetta meðfæddan ekki endilega inn af því að mér finnst það æðislegt. Ég persónulega, myndi vilja setja inn að sérhver manneskja hafi bara rétt til lífs. Vegna þess að mér finnst óhuggulegt að vera í hópi þeirra sem eru í útrýmingarhættu. Mér finnst mjög óhuggulegt að vita til þess að ég yrði fordæmd fyrir það að eignast barn af því að það eru möguleikar á því að það yrði fatlað eins og ég. Mér finnst það ótrúlega vont og mér finnst mjög ógeðslegt að búa í samfélagi sem er þannig. En ég er tilbúin í þessu ákvæði að setja inn meðfæddur, til þess að sporna við því að hér fari einhverjir rugludallar að halda því fram að þetta ákvæði eigi að banna konum að fara í fóstureyðingu.

Og mig langar að segja í lokin bara, eina sögu. Ég skal vera mjög fljót, en ég get ekki í rauninni farið framhjá því þannig að þetta sé ekki líka persónulegt mál. Þetta er mikið baráttumál fatlaðs fólks, af því að fatlað fólk er ekki talið ... líf þess er ekki talið jafn verðugt og annarra. Og mjög gott dæmi um það, sem endurspeglar það, það var að ég var í útvarpsviðtali eða undirbúningi fyrir útvarpsviðtal fyrir nokkrum árum síðan og spyrillinn spyr mig hvort ég eigi systkini, og ég svara því játandi, að ég eigi tvo bræður. Og þá spyr hún, já og eru þeir ekki eldri en þú? Og ég svara nei, ég á tvo yngri bræður. Og þá svarar hún eftir smá umhugsun, hvernig gátu foreldrar þínir hugsað sér að eignast fleiri börn eftir að þú fæddist?

Þetta eru viðbrögð, sem ég lifi á hverjum degi. Og ég reyni almennt að vera bara ekki að taka nærri mér allskonar athugasemdir sem ég fæ og gláp úti á götu, en þetta ... þegar kemur að rétti fatlaðs fólks til lífs, þá er of langt gengið. Og þess vegna er ég að setja þetta fram, allavega vil ég reyna að koma þessu inn, vegna þess að það eru hópar, sem að hafa ekki þennan rétt sjálfsagðan. Og þó að þeir séu til og fái að lifa, að þá er stöðugt verið að nudda þeim upp úr því að það hefði nú bara verið best, ef þeir hefðu bara fengið að deyja. Og það er gríðarlega mikilvægt af þeirri ástæðu að við tryggjum þetta, en að sjálfsögðu, fyrst og fremst, af þeim ástæðum sem allir þessir mannréttindasamningar hafa þetta inni. Og ég einhvern veginn bara treysti því að við hér inni séum nægilega skynsöm til þess að samþykkja þessa tillögu. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 111, og það er Þórhildur Þorleifsdóttir sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Það vill svo undarlega til að ég hef fallið út af flutningsmannalista, þannig að ég er nú eins og boðflenna hér í pontunni. En þessi grein er mjög stutt og skýr, hún kveður á um að Ísland og yfirráðasvæði þess skuli vera kjarnorkuvopnalaus svæði. Í raun finnst manni að svona brtt. þurfi ekki einu sinni rökstuðning sem byggist á ein-

hverjum svokölluðum skynsemisrökum, en við höfum þó talið í greinargerð ástæðu til þess að gera það og nefnum til sögu fjölda landa og jafnvel heilu heimsálfurnar sem hafa þegar samþykkt að gera slíkt og mörg staðfest það með undirritun samninga. Við viljum líka minna á dóm Alþjóðadómstólsins í Haag sem segir einfaldlega að kjarnorkuvopn og beiting þeirra sé ólögleg, vegna þess að það sé einungis sem hægt sé að beita vopnum að fyrirfram ákveðnum mörkum, þar sem það snerti ekki borgara, sem að vopn geti talist lögleg og við vitum öll að kjarnorkan virðir engin landamæri eða einhver mörk sem að einhverjir kynnu að reyna að setja henni. Þannig að það var niðurstaða Alþjóðadómstólsins að öll, ekki bara notkun kjarnorkuvopna, heldur að hóta eða ógna öðrum með notkun, bryti í bága við alþjóðalög.

Nú, við getum líka tínt til að meirihluti Íslendinga býr þegar á svæðum sem hafa verið friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Yfir 70 sveitarfélög á Íslandi hafa þegar samþykkt slíkt, þannig að 95% Íslendinga býr á friðlýstum svæðum.

Lítil þjóð má sín lítills á alþjóðavettvangi. Það gerir hana samt ekki ábyrgðarlaus, en með því að ganga í lið með öðrum, getum við haft áhrif. Ein erum við algjörlega áhrifalaus. Og ríki veraldar eru auðvitað hvert af öðru að reyna að verjast ágangi kjarnorkuveldanna með því að lýsa yfir kjarnorkuvopnalausum svæðum, og auðvitað eru það bara kjarnorkuveldin, þessi gömlu sem við þekkjum öll, sem að bar hæst í kalda stríðinu, og svo þau sem nú bætast eða hafa verið að bætast í hópinn, sem ljá ekki máls á þessu. Það er ein-kennilegt með kjarnorkuvána sem að var mjög í háamæli hér í kalda stríðinu og þótti mesta ógnun við mannkynið, hún hefur eiginlega dottið út af dagskrá, þannig að það er varla minnst á hana núorðið, en hún er samt, og verður mesta vátta sem við búum við í heiminum. Það er eina geryðingarvopnið sem til er. Annað eins og ósonlagið og umhverfisáhrif ýmis, eru vissulega ógn líka, en þegar það kemur að vopnum eða ófriði, þá er kjarnorkuváin verst allra. Þannig að það sem að við getum gert, Íslendingar, til að axla okkar ábyrgð á friði og afvopnun í heiminum, það er að ganga í lið með þeim þjóðum sem þegar hafa lýst yfir að þeirra svæði skulu vera kjarnorkuvopnalaus. Og það er einungis með því að ganga í þann kór, hinna smáu gegn þeim stóru og völdugu, sem Ísland axlar sína ábyrgð á alþjóðlegum vettvangi og leggur sitt af mörkum til friðar og mannúðar í heiminum. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessar þrjár tillögur. Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kæru vinir. Ég hef dálitlar athugasemdir við það, þegar að hugmyndir koma fram svona seint í ferlinu, sem hafa ekki sést áður og eru bornar upp kannski af stórum hluta nefndarmanna, t.d. varðandi mannréttindaskrifstofu. Auðvitað er öllum frjálst að gera þetta, en hins vegar þá náttúrlega

hefur þetta ekkert farið í neina ítarlega umfjöllun ennþá, og að einhverju leyti sama á við með kjarnorkuvopnalaus svæðið. Ég hefði gjarnan viljað sjá einhver viðbrögð utanfrá við slíku ákvæði, bæði þetta hljómar nú svona bara þrýðilega, svona við fyrstu sýn. En veit maður hvaða ... eru einhver mótrök við þessu? Eru þetta bara góðar hugmyndir? Er einhver sem hefur skoðað þetta, veit einhver eitthvað meira um þetta? Þannig að, við vorum með ákveðinn fasa í tengslum við áfangaskjalið, þar sem við vorum að henda inn hugmyndum og breytingartillögum og nefndir gátu unnið þær, og mér finnst kannski dálítið þínku seint að varpa svoleiðis hlutum fram núna, en það er allavega mín skoðun. Nú, ég hef svona, eins og ég segi, það kannski væri bara gaman að fá að vita hvort að eitthvað sé þessu til fyrirstöðu, að þetta verði gert. Mun það, yfirlýsing Íslands um að við séum kjarnorkuvopnalaus svæði, hafa einhver áhrif? Eða verður þetta bara flott yfirlýsing? Kannski er allt í lagi að hafa flotta yfirlýsingu. Bara svona ef að okkur líður vel yfir því. En hvað virkilega þýðir þetta ... ég á dálítið erfitt með að móta mér afstöðu til þess í ljósi þess að við höfum ekki fengið um þetta neinar umsagnir. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Ég hef samúð með þessum tillögum eiginlega öllum og er flutningsmaður á einni þeirra, en ég vil eiginlega taka undir með Pawel, að algjörlega órædd mál væri nú kannski skynsamlegt, sérstaklega ef þau eru ekki bara orðalagsbreytingar eða samræmingar, að það fari í nefnd, frekar en óvænta atkvæðagreiðslu. Það er ekki búinn að vera langur aðdragandi að sumum tillögum hérna og sumar eru svona, til þess að klára atkvæðagreiðslur sem hafa farið fram óformlega, eða komast að niðurstöðu í kjölfar mikilla umræðna. En þetta er kannski mest ný mál, þannig að ég myndi gjarnan vilja að, ja ... allavega sumar þessara tillagna færu í nefnd á milli umræðna. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar. Það er leiðinlegt að leika það hlutverk að vera svona heldur neikvæður gagnvart góðum og nýjum hugmyndum. En ég verð bara að taka undir með tveim síðustu ræðumönnum, að þetta eru þvítík mál að það þarf að ræða þau betur áður en við getum farið að taka afstöðu til þeirra hér og nú. Ég tek undir með Pawel með það, hefur þetta ákvæði í íslenskrí stjórnskrá nokkra þýðingu? Ímynda menn sér að þeir sem færu að beita kjarnorkuvopnum myndu fara að lesa íslensku stjórnskrána áður en þeir nýttu sér þessi vopn? Ég er enginn aðdáandi kjarnorkuvopna en einhvers staðar er nú vísað að kjarnorkuslysum þarna, held ég, ... sem að mér finnst nú eiginlega ekki koma þessu máli við. Það má ekki blanda saman

fríðsamlegri nýtingu kjarnorku og kjarnorkuvopnum. En með öðrum orðum, ég held að það þurfi bara að skoða þetta og vísa þessu til nefndar. Tillaga Silju Báru og fleiri um mannréttindaskrifstofu, sem er eflaust góðra gjalda verð, en eigum við að tilgreina tilvist einstakra stofnana í stjórnskrá? Um leið og byrjað væri á því, þá endar það hvergi. Og svo vil ég sérstaklega benda á ákvæði sem er hérna í skýringunum og gæti þess vegna lent inni í greinargerð ef að þetta yrði samþykkt, fjármögnum má ekki vera þannig háttað að það hafi áhrif á sjálfstæði þessarar stofnunar. Það væri nú ekki amalegt fyrir stofnanir að fá svona ákvæði í stjórnskrá, eða a.m.k. í greinargerð með henni.

Nú en, svo er það Freyja. Hún flytur alltaf mál sitt svo vel og kemur frá innstu hjartans rötum, að það er óskaplega erfitt að segja nokkuð annað en fallett um allt sem hún segir. En ég bið samt menn, þetta kom nú ekki fram fyrir en seint í gær, og ég er ekki að andmæla því að hún fékk undanþágu, það er vitaskuld réttmætt, en ... ég held að þurfi að fara með þetta í nefnd og skoða það líka. Svona smáatriði eins og að þarna kemur fyrir orðið manneskja, það er eini staður held ég í plagginu, sem það er. Svo var ég að reyna að glöggva mig á því hvar þetta ætti heima. Það gæti svo sem vel passað inn í 4. gr. um hina mannlega reisn og allt sem að því tilheyrir. En þegar ég fór að lesa hana í samhengi við þetta þá spurði ég mig nú eiginlega eftir, er ekki þegar búið að segja allt sem segja þarf um þetta, þegar þetta væri komið inn sem málsliður? Ég er síður en svo að leggjast gegn þessu, ég mun taka þetta til mjög jákvæðrar skoðunar en bið menn að íhuga þessa grein eins og aðrar af þessum þremur sem við erum að skoða í nefnd áður en við höldum áfram með þetta. Takk fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Ég tek undir það að ný atriði ættu að fara í nefnd og svo í aðra umræðu hjá okkur. En mig langaði til þess að aðeins að gera að umræðuefni þessa nýju tillögu Freyju Haraldsdóttur, sem er auðvitað mjög fallett ákvæði og erfitt að vera á móti því að sérhver manneskja skuli hafa meðfæddan rétt til lífs. En það er líka mikilvægt að hafa í huga réttinn til að deyja, ekki síður en réttinn til að lifa. Og ég veit það sársaukafull dæmi um það, þegar að aðstandendur hafa þurft að taka mjög erfiðar ákvarðanir um nákomna, þar sem að lífið er í rauninni á þrotum, að ég þarf eiginlega að fullvissa sjálfan mig um það að þessi grein myndi ekki koma í veg fyrir líkn þeirra sem að lifa við slíka þjáningu, og lífið er raunverulega búið, að það verði óheimilt að leyfa því að hafa sinn gang og fjara út, eða jafnvel með aðstoð lækna. Að það er líka réttur, til þess að lifa ekki við þjáningu, þegar að lífið er raunverulega búið. Og ég myndi vilja vera orðinn fullviss um að þetta ákvæði kæmi ekki í veg fyrir slíkt og mæli því með því að þetta fari í nefnd, og þessu verði fundinn staður með þennan þátt líka í huga. Takk fyrir.



SN

Þórhildur Þorleifsdóttir er næst, og ég loka mælendaskrá á meðan hún talar. Gjörðu svo vel, Þórhildur.

ÞÞ

Það er alveg réttmæt gagnrýni sem að hér hefur komið fram, að það er kannski ekki mikil sanngirni í að skella óræddum málum inn í tillögu, en þetta var nú kannski eina leiðin sem eftir var úr því sem komið var, og það er náttúrulega ... fólk hefur verið upptekið, og við í B-nefndinni skiluðum eins og allir vita á sömu stundu, þannig að maður leit ekki upp úr B-bingnum fyrr en svona í rauninni, í lok síðustu viku. En ég held samt að það væri skynsamlegt að vísa þessu máli í nefnd, vegna þess að mér finnst ekki réttmætt að ætlast til þess að fólk taki afstöðu til svona stórs máls eiginlega bara á augnabliki. En ég vil samt árétta, einmitt með tilliti til Íslands ... ég hef ekki heyrt nein rök eða séð, gegn því að þetta verði gert, þ.e.a.s. að það muni á einhvern hátt skerða eða skaða hagsmuni Íslands að lýsa yfir kjarnorkuvopnalaus svæði. Þvert á móti eykst eiginlega þörfin á því núna, vegna þess að það stefnir í það að það verði miklu meira um siglingar og aðra umferð hér fyrir norðan land og við vitum náttúrulega að við byggjum afkomu okkar á svo stórum hluta á lífríki hafsins að við þurfum að gæta að því, og ekki síst ef að Norðurpólssvæðið yrði nú líka friðlýst eins og Suðurheimsskautið, að þá er þessi vá enn nær okkur. En ég vildi bara hafa þetta með í för þegar þessu verður núna vísað inn í nefnd, að fólk taki einmitt líka tillit til sérstakra hagsmuna Íslands í þessu sambandi, þó að ég hafi lagt aðaláherslu á ábyrga samstöðu á alþjóðavettvangi. Takk.

SN

Ég bið fólk um að stytta mál sitt. Arnfríður Guðmundsdóttir, þú ert næst. Gjörðu svo vel.

AG

Já, takk. Fundarstjóri, kærur félagar. Ég bara tek undir þetta sem Þórhildur var að segja og styð það eindregið, að þetta fari í nefnd til að skoðast þar, áður en það fer í aðra umræðu. Mig langar aðeins að taka undir þetta með Freyju, með þetta ákvæði um réttinn til lífs. Þetta er ekki nýtt í umræðunni, ég vil bara minna á það, að þó að hinar tvær tillögurnar, sem eru núna til umræðu séu nýjar, að þá er þetta ákvæði um réttinn til lífs, hann hefur verið lengi í umræðunni, lengi í umræðunni inni í nefndinni, í A-nefndinni, og hefur verið allaveganna tvisvar ef ekki þrisvar á ráðsfundum, þannig að mér finnst sú tillaga, sem sagt, ... það ætti að því leyti til að vera hægt að greiða atkvæði um hana núna. Og mér finnst að hún geti staðið við hliðina á, og þá verið greinin á undan því, eins og Freyja benti á svo vel í sínu máli, að þetta er að sjálfsögðu forsendan fyrir því að það sé hægt að lifa með reisu. Og ég vil bara þakka henni Freyju fyrir þetta. Takk.

SN

Erlingur Sigurðarsson. Gjörðu svo vel.

ES

Aðeins vildi ég eitt fyrir ykkur brýna. Hvert einstakt líf það heimtar samhjálp þína. Ég bað um orðið þegar menn höfðu ekki brugðist neitt við orðum Freyju hér, sem eru eftirminnleg. Og ég þarf ekki að endurtaka það sem Arnfríður sagði hér áðan, að þetta væri ekkert nýtt í umræðunni. Ég man eftir að þetta kom fyrir tvisvar sinnum, a.m.k., á opnum fundum. Og það var borin fram tillaga um það, en hefur einhvern veginn tekist að þvæla henni í nefndum, þannig að það var ekki tekið tillit til hennar. Ég held að við séum tilbúin til að greiða atkvæði um þetta hér og nú. Svo Freyja þurfi ekki að þola það ennþá, að nefndin fari að þvæla í sér. Svo aðeins eitt léttara. Ég sakna þess að það voru hér greinar við 33. Ég hefði borið fram brtt. um það að hún yrði gr. nr. 111, um meðferð á skepnum, í sögulegu ljósi bókmenntanna, 111. meðferð á skepnum. Og svo ætla ég bara að vitna í sjálfan mig í lokin. Brynt er að sérhver þau sannindi þekki, að vort líf er of dýrt til að lifa því ekki.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Já, formaður og ágætu félagar. Þetta er auðvitað alveg rétt sem kom fram, að þetta hefur verið rétt, bæði í A-nefndinni og á opnum fundi, og sérstaklega hér í ráðinu. En þessar brtt. um kjarnorkulaus svæði og þessi tillaga um að setja á laggirnar innlenda mannréttindastofnun, þetta hefur ekkert verið rétt, og mun væntanlega kalla á fjárútgjöld. En auk þess hafa menn rétt hins vegar um það hvort að ætti að vera ákvæði í stjórnarskránni sem verndar ákveðnar stofnanir, þannig að það þarf að ræða þetta frekar. En varðandi tillögu hennar Freyju Haraldsdóttur, þá kom fram hérna hjá henni, og hún styður þetta mjög gildum rökum og bendir á fjölmarga aðra mannréttindasáttmála, og ég held að ég muni nú eftir því að formaður, einmitt A-nefndarinnar, lagði þunga áherslu á það að Íslendingar virtu mannréttindasáttmála aðra. Þess vegna er illskiljanlegt hvers vegna gengur svona erfiðlega að virða þetta sérstaka ákvæði. En þetta er í landslögum, það er ekki rétt að það sé ekkert ákvæði í íslenskum landslögum. Mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins er hluti af landsrétti, og þetta ákvæði er þar ... og ég vonast til þess að þessi brtt. hennar Freyju fái skynsamlega úrlausn. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar. Ég ætla að taka undir með nokkrum sem hafa kveðið sér máls varðandi tillöguna hennar Freyju. Ég tel að fyrri tillögur A-nefndar hafi verið ræddar hérna nokkuð í þaula, þannig að við ættum að vera tilbúin til

Þess að bregðast við þessari tillögu, sem í raun og veru bætir eingöngu við þessu orði meðfæddan, þ.e.a.s. sérhver manneskja hefur meðfæddan rétt til lífs. Það gæti síðan verið slípunaratriði hvort það sé hver og einn eða allir eða hvað. En efnislega held ég að það sé nú ekkert því til fyrirstöðu að greiða atkvæði um þessa tillögu. Ég skil mjög vel athugasemdir Pawels með það að það sé erfitt að taka afstöðu til tillagna sem að ekki hafa komið fram. Við höfum nú lítillaga rætt um kjarnorkuvopnaleysi einhvern tíma hérna snemma í starfinu, þannig að mér fannst nú allt í lagi að skrifa upp á þessa tillögu, allaveganna til þess að hún fengi formlega umræðu, vegna þess að það var aldrei neitt svona tekið almennilega á henni. En ef fólk vill vísa henni til nefndar, þá er það sjálfsagt. Þessi tillaga um mannréttindastofnun, það er ekki verið að nefna endilega stofnun, heldur að setja skyldu á stjórnvöld að sinna ákveðnu verkefni, sem að vissulega felur í sér rekstur stofnunar. Það er ekki verið að nefna Mannréttindaskrifstofu Íslands, þó að ég hafi notað hana sem dæmi hér í minni kynningu. Bara til þess að hafa það á hreinu. Og bara rétt til að bæta því við, það var að ábendingu sérfræðings í mannréttindamálum, þjóðréttarfræðings, sem ég ákvað að drífa í því að setja þessa tillögu inn, sem ég hafði verið að skoða í svólítinn tíma og fengið nokkra umræðu inni í nefndinni, þó að við höfum ekki haft tíma til þess að setja tillögu út í ráðið. En það var eftir að sérfræðingurinn las kaflann okkar, þá benti hann á að þetta vantaði inn í hann, þannig að þetta eru viðbrögð við utanaðkomandi athugasemd. Já, ég held að þetta sé það sem ég ætlaði að segja, takk fyrir.

SN

Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

FH

Já, byrja ég eina ferðina enn. Mig langaði aðeins til að bregðast við þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram. Ég skil vel að þetta er náttúrlega að þetta er að sjálfsögðu nýtt ákvæði en tek undir með þeim sem hafa bent á það, að þetta hefur verið rætt. Og við höfum farið alveg í gegnum umræðu um allavega lífið og dauðann og réttinn til að deyja og hvort þetta komi í veg fyrir líknandi meðferðir. Og ég get ekki séð hvernig það á að gera það, vegna þess að þetta segir einfaldlega það að þú hafir rétt, meðfæddan rétt til lífs, en svo geturðu líka kosið að nýta þér ekki þann rétt, líkt og önnur réttindi. Og mér finnst með ólíkindum að ef að allir þessir mannréttinda-samningar kveða á um þetta, þennan meðfædda rétt til lífs eða rétt til lífs, hvernig sem það er gert í þessum samningum, að það sé eitthvað að koma í veg fyrir líknandi meðferð. Ég trúi bara ekki að svo sé. En við skulum bara skoða það, en ég get ekki séð að það sé þannig.

Það kom líka fram áðan, ég held hjá Þorkeli, hvort það væri ekki búið að segja þetta, með því að lifa með reisn, en þá bendi ég aftur á, að endurtaka að ef þú færð ekki að vera til, þá geturðu ekki lifað með reisn. Þú verður fyrst að fá að vera til.

Og fá að eiga rétt á því að lifa, og svo getum við farið að vinna í því að þú búir við þau réttindi að lifa með reisn. Og þetta eru því miður baráttur, tvennar í rauninni, sitthvarar baráttur sem margir foreldrar t.d. fatlaðra barna þurfa að heyja. Og svo með orðalagið, ég er náttúrlega algjörlega opin fyrir að breyta, ef að þess er óskað, að segja öll höfum við meðfæddan rétt til lífs, o.s.frv. Þannig að þið verðið bara að meta það hvort þið viljið senda inn í nefnd eða greiða atkvæði um þetta núna. En ég held að efnislega séum við búin að fara í gegnum alveg ágætis umræðu um þetta.

Svo ætla ég bara að lýsa yfir stuðningi mínum við mannréttindaskrifstofuna, ég gleymdi því náttúrlega áðan aftur, ég var í einhverri fljótfærni. Og breytingartillöguna um kjarnorku ... sem sagt að Ísland og yfirráðasvæði þess skuli vera kjarnorkuvopnalaus svæði, að bara eins og ég styð að banna herskyldu og allt þetta, að þá finnst mér þetta allt ... þetta tónar allt saman og verður að vera saman til þess að það sé einhver heildstæð „common sense“ í þessu. Við getum ekki alltaf talað þvert á hvert annað í ákvæðunum. En þetta með mannréttindaskrifstofuna, vil ég bara segja að mér finnst það gríðarlega mikilvægt, mér finnst það í rauninni ... ég myndi greiða atkvæði með því 15 sinnum ef ég gæti það. Þetta er eitt af helstu baráttumálum fatlaðs fólks í dag og á fundum í innanríkisráðuneytinu núna í vor, þá kom það fram þar, að það væri gríðarleg pressa frá ólíkum hópum um stofnun svona mannréttindaskrifstofu. Þannig að það er greinilega ákall frá mörgum hér á landi að þetta verði sett af stað, og ég held að það sé gríðarlega mikilvægt, vegna þess að margir hópar, og nú þekki ég náttúrlega best hóp fatlaðs fólks, hann er bara í því að ef að þarf að leita réttar síns eða kæra eitthvað, þá þarf hann að kæra yfirleitt þann sem að er að brjóta ..., sem sagt sá sem tekur við kærinni, er sá sem er að brjóta á. Og það er ekkert hlutleysi og maður hefur í engin skjól að venda, hvað varðar það að leita réttar síns. Þannig að ég held að þetta sé bara algjörlega nauðsynlegt mál. Og ég vona að við getum tekið góða umræðu um þetta og komið þessu í gegn. Takk.

SN

Það er rétt að taka fram að við ætlum að klára þennan lið og taka síðan hlé. Og reyna síðan að ljúka umræðu um 34. til 38. gr., þ.á m. brtt. við 36. gr., í kvöld og ljúka milli ... kringum sjö, kannski sjö, hálf átta í kvöld.

En næstur á mælendaskrá er Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar. Það er út af þessu kjarnorkuvopnalaus svæði. Nú er ég alveg jafn mikill andstæðir kjarnorkuvopna og næsti maður og flestir örugglega. Hins vegar við það örstutt að gúggla þetta mál, þá sé ég það auðvitað strax að þetta er gríðarlega ... þetta er mál sem er búið að vera í umræðu og umfjöllum á þingi, innan og utan, mjög lengi, síðan 1987 inni á þingi og ennþá fyrr. Þetta frumvarp hefur verið flutt,

ja það var flutt í 10. sinn í október 2010, á þingi. Það hafa verið stofnaðar sameiginlegar nefndir Norðurlanda til að vinna að þessu máli. Þetta er mjög flókið mál greinilega, og greinilega að baki því ýmis rök og hagsmunir og annað sem að við erum ekki fær um að fara að taka afstöðu til hér á einhverjum örfáum klukkutímum. Þannig að af ýmsum svona ástæðum, fyrir utan það líka að spurningin er sko, mörg af þessum rökum sem nefnd eru, þau eiga í raun og veru við það að Ísland yrði lýst kjarnorkulaust svæði, ekki bara kjarnorkuvopnalaust svæði, í sambandi við mengunarhættu og annað slíkt. Og svo eru skuldbindingar okkar gagnvart hafréttarsamningum, sem að hvort sem er gera ráð fyrir því að skip allra ríkja hafi rétt til að sigla í okkar efnahagslögsögu. Ég er bara að segja að þetta er flókið mál, við skulum a.m.k. vísa því til nefndar og ég fagna því. Og ég held að við ættum að afla okkur þá einhverra sérfræðiálita áður en þetta yrði afgreitt hér í stjórnarskrá. Takk.

SN

Þá er umræðum lokið. Og það hefur komið fram tillaga um að, ef við tökum fyrst brtt. nr. 30, að henni sé vísað til nefndar. Silja Bára Ómarsdóttir, ert þú samþykkt því?

SBÓ

Verandi bæði flutningsmaður og formaður nefndarinnar ... jú, þá skal ég samþykkja það, takk.

SN

Allt í lagi. Þá er það brtt. nr. 115, flytjandi er Freyja Haraldsdóttir, um nýja grein. Það efni hefur náttúrulega verið til umræðu í ráðinu, þannig að ég legg til að við tökum atkvæðagreiðslu um hana, og hefjum kosningu.

Og hún er samþykkt með 15 atkvæðum, 5 á móti og 3 sátu hjá.

Síðan hefur komið fram við brtt. 111, að henni sé einnig vísað í nefnd, og það mátti heyra á flutningsmanni að hún væri samþykkt því, hér áðan. Þannig að henni er vísað líka til nefndar.

Þá er eitt eftir, áður en við tökum hlé. Og það er atkvæðagreiðsla sem er á vegum stjórnarinnar. Þannig var að plaggið sem við erum með, með stjórnarskránni, fór út í tveimur ólíkum útgáfum. Í annarri útgáfunni hafði verið sett fyrirsögn fyrir framan 30. gr., um náttúru Íslands og umhverfi. Og síðan var hún fellð út, en það var sem sagt samþykkt á stjórnarfundum að hafa fyrirsögnina. Hugmyndin með því var að lyfta þeim sérstaklega upp, vekja athygli á þeim, enda hefur það komið fram í erindum hér til ráðsins, að fólk hafi átt erfitt með að finna þær. Við vorum líka sérstaklega beðin um að taka þessi mál til athugunar, af þinginu, og þess vegna þótti okkur ástæða til að setja sérstaka fyrirsögn þar um. Þar sem þetta fór út í tvenns konar útgáfum, að þá olli það ruglingi hér meðal fulltrúa í ráðinu og þess vegna óskum við eftir því að við tökum atkvæðagreiðslu um það, hvort að við eigum að hafa slíka fyrirsögn eða ekki.

Og orðið er laust um þessa beiðni stjórnarinnar.

Tillaga stjórnar er þá að þeir sem eru samþykkir því að náttúru- og auðlindakaflinn, sem sagt gr. 30 til 33. verði settar í sérstakan kafla undir fyrirsögninni Náttúra og auðlindir, þeir segja já, en aðrir hafni því. Hugmyndin er sem sagt sú, hvort að fólk er samþykkt því, segi já við því að setja sérstaka yfiryfirsögn, eins og var í fyrstu tillögum frá okkur um helgina.

Orðið er laust, kosning er ekkert hafin hér. Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Við sem unnum að mannréttindakaflanum í A-nefnd gengum út frá því frá upphafi að náttúra og umhverfi og náttúruauðlindir væru hluti af mannréttindakaflanum. Það er nú svo að réttindi sem tengjast náttúrunni eru réttindi okkar sem að erum hluti af henni og þurfum að vernda hana og halda henni við, og umgangast hana af varfærni. Auðlindirnar og nýting þeirra eru mannréttindi, náttúran nýtir sig ekki sjálf. Það erum við mennirnir sem að nýtum hana, og það eru réttindi okkar og skyldur um leið. Og þess vegna, eins og ég hef áður sagt, þá legg ég til að kaflinn, og bið stjórnina að skoða það, að kaflinn verði látinn heita Mannréttindi og skyldur. Mér finnst það heillandi hugmynd að hafa náttúrukaflann sem hluta af mannréttindakaflanum. Það er nýstárlegt og það setur náttúruna í annað samhengi. Sumir hafa sagt að dýravernd eigi ekki heima þarna, dýrin mál-laus. Þau verðum við, sem höfum róm og mál, að vernda, þau gera það ekki sjálf. Og þess vegna eru þetta í senn, mannréttindi og skyldur, og ég legg ríka áherslu á að við tökum ekki ritstjórnarleg rök fyrir þessu, um að setja inn fyrirsögn til að gera fólk endilega stjórnarskrána aðgengilegri, heldur tökum við efnislega afstöðu til þess og höldum náttúru Íslands, náttúruauðlindum og dýraverndinni innan mannréttindakaflans, því að á þessu berum við ábyrgð. Takk fyrir.

SN

Katrín Fjeldsted, og svo loka ég mælendaskrá.

KF

Bara örstutt. Mér finnst náttúru Íslands og auðlindum vera gert mun hærra undir höfði með því að hafa það í sérkafla. Þannig að ég styð það eindregið, og það væri mjög ... brytum við blað í rauninni með okkar stjórnarskrá, að fá þennan kafla undir eigin heiti, en ekki falinn inni annars ágætum kafla um mannréttindi. Mér finnst mjög mikilvægt að draga fram náttúru Íslands og þess vegna mæli ég með sérkafla um hana.

SN

Þá er það Pawel Bartoszek og mælendaskrá hefur verið lokað. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Umræðan um það hver eigi auðlindirnar og sem snýr að kannski lausn á mjög landvinnri deilu í íslensku samfélagi, hún er ekki

mannréttindamál, jafnvel þótt þetta sé mikilvægt mál. Með þessari flokkun er hægt að flokka öll mál undir mannréttindamál, kosningakafli allur t.d., er undir Alþingiskaflanum og kaflar um kosningar eru gjarnan í einhverjum köflum um kosningar. Það er ekki þar með sagt að það sé ekki mannréttindi að fá að kjósa. Umhverfiskafli á að standa einn og sér. Þar er ákvæði um dýravernd, sem ég svona stend við að eru ekki mannréttindi og þess vegna held ég að þetta ætti að vera í sérstökum kafla, þar sem því er best fyrir komið. Það að einhverjum finnst þetta vera mikilvægt mál, er mjög skiljanlegt hugtak og mjög skiljanleg afstaða, en það breytir því ekki að þetta er upp til hópa ekki mannréttindi, sem þarna um ræðir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir félagar. Ég tek heilshugar undir með félagá minum Erni Bárði Jónssyni. Það hefur verið rauður þráður í öllu starfi okkar í A-nefndinni að umhverfiskafli og auðlindakafli eigi heima í mannréttindakaflanum. Hugmyndin um að umhverfisverndarákvæðið eigi að vera í mannréttindakaflanum er sótt til stjórnlaganefndar, og hún stakk upp á merku nýmæli því að þetta tíðkast ekki í nálægum löndum, þótt ýmis fjarlæg lönd séu að feta sig í þessa átt. Og hugmyndin er bara þessi: Að réttur okkar allra til heilnæms umhverfis og óspilltrar náttúru er sambærilegur við, og á því að setja á sama stali og, önnur mannréttindi. Þetta er mjög falleg hugsun sem var mjög rík í okkar umræðum um málið í A-nefndinni, eins og greinargerðin á bakvið umhverfisverndarákvæðið vitnar um. Og sama máli gegnir um auðlindaákvæðið. Og til þess liggja tvær ástæður, önnur er sú að það er engin tilviljun að umhverfisákvæðið og auðlindaákvæðið eru þarna hlið við hlið, það er bara vegna þess að náttúruauðlindirnar eru snar partur af umhverfi og náttúru Íslands. Hin ástæðan er sú að auðlindamálið snýst öðrum þræði einmitt um mannréttindi. Það var mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sem birti það álit 2007 að fiskveiðistjórnarkerfið, sem við erum að fjalla um í okkar auðlindagreini, feli í sér mannréttindabrot. Öll umræðan, hæstaréttardómar, um fiskveiðistjórnarmálið mörg undangengin ár, fjallar um skortinn á jafnræði, um brotið gegn jafnræðisreglunni. Og þetta eru bara mjög brýnar ástæður til þess að ekki sé rekinn fleygur milli auðlindaákvæðisins og annarra mannréttindagreina. Þar að auki væri einn galli enn á því að hafa þessa óvæntu fyrirsögn, sem stjórnin skaut inn í uppkastið á allra síðustu stundu sú, að þá er rekinn fleygur einnig á milli menningararfgreinarinnar og auðlindagreinarinnar. En þessar tvær greinar eru tvíburasystur vegna þess að þær standa báðar á sömu rót sem er Þingvallalögin frá 1928, eins og við höfum þárlætt á okkar fundum, þangað er sótt orðalagið, bæði í menningararfgreininna og í auðlindagreininna. Og að lokum þetta, dýraverndarákvæðið á hvergi betur heima en einmitt í mannréttindakaflanum. Verum minnug

þess sem Gandhi sagði. Hann sagði: Hvert þjóðfélag getum við metið eftir því hversu vel mennirnir koma fram við málleysingja. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, ég ætla að lýsa yfir stuðningi við tillögur stjórnar um kaflaheiti, og það er nú búið að færa rök fyrir því af Pawel og fleirum. Ég næ því nú ekki alveg af hverju þetta er svona reyndar mikið mál. Mér finnst þetta reyndar fyrst og fremst vera ritstjórnarmál, og við sögðum hér í upphafi að við ætluðum að reyna að gera stjórnarskrá sem væri skiljanleg fólki og fólk gæti lesið. Ég held það ruglist svolítið í ríminu þegar að það sér dýravernd undir mannréttindum. Að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi fjallað um auðlindamál okkar, finnst mér nú ekki breyta neinu. Hefði þetta verið auðlindanefnd Sameinuðu þjóðanna, sem að ég veit ekki hvort er til, og hefði fellt einhvern svipaðan úrskurð, þá myndist mér það heldur ekki rök fyrir því hvernig ætti að raða upp í stjórnarskrá. Þar að auki ef að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefði nú fengið einhverja kvörtun yfir t.d. ójöfnum atkvæðisrétti á Íslandi, að það væru þá rök fyrir því að við ættum að færa Alþingiskosningakafli inn í mannréttindakaflanum. En svo kannski þarf ég nú aðeins að leiðrétta það að stjórnlaganefndin hafi sagt að umhverfi og auðlindir ættu heima undir mannréttindum. Hún mun hafa sagt umhverfi og ég sé það allavega hérna í fljótu bragði á hugmynd A, að svo er, en auðlindirnar sé ég þar ekki. Þá er það með menningararfinn. Það er vissulega rétt hjá Þorvaldi að hann er þá kannski svolítið illa staddur og ég hefði nú velt þessu dálítið fyrir mér undanfarna dagur, eftir að ég skynjaði hvað þetta var mikið mál, og finnst nú að hann ætti kannski frekar að vera neðan við strikið þarna, að menningararfurinn ætti að vera undir náttúru og auðlindum. Og þá mætti kaflaheitið þess vegna vera víðtækara og það væri þá Menningararfur, náttúra og auðlindir, eða eitthvað í þá veru. En þetta er eins og margt annað, að við getum ekki, megum ekki taka flaustrulegar ákvarðanir. Ég mæli með því að það verði greitt atkvæði um þetta núna og stjórnin fái síðan, á grundvelli þess, heimild til þess að t.d. pússa til heitið á þessu, jafnvel að færa menningararfinn þarna niður. Mér finnst yfir höfuð, að stjórnin verði að fá dálítið sterkt ritstjórnarvald, með þetta grundvallarmarkið okkar í huga, að þetta verði læsilegt plagg en ekki miklar langlokur og langir kaflar sem að fólk gefst upp á að lesa og kemst þess vegna aldrei niður að náttúruauðlindunum og umhverfismálunum, eins og ég tel svo mikilvægt, og hérna kom fram áðan, að væri svo mikilvægt að fólk áttaði sig á. Var það ekki Katrín Fjeldsted sem sagði það? Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

## ÓR

Formaður, aðrir sem mál mitt heyra. Þetta mál snýst ekki fyrst og fremst um ritstjórn. Þetta mál snertir grundvallaratriði í hugsun, sem er hugsun 21. aldarinnar. Í þessum kafla er ákvæði um sjálfbæra þróun, hvað þýðir hún? Hún þýðir jafnrétti kynslóðanna. Hún túlkar einfaldlega mannréttindi ótal kynslóða sem koma á eftir okkur. Það er engin leið að túlka ákvæði sem legst gegn ránrykju og býður upp á sjálfbæra þróun, öðruvísi en sem hrein mannréttindi, og það ekki bara okkar kynslóðar, heldur allra kynslóða á eftir okkar. Menn tala um að dýravernd eigi ekki undir mannréttindi. Þá minni ég á það að hvað eftir annað í dýraverndarlögum og greinargerðum um þau, er verið að tala um mannúðlega meðferð á dýrum. Þetta eru mannréttindi. Þess vegna leggst ég gegn því, þó að það kunni að líta betur út á plaggi og vera svona fjölmiðlalega séð aðgengilegra, að hafa þetta sérstakan kafla. Ég tel það mjög mikilvægt að það sé samkvæmi í rökfærslunni á bakvið þennan kafla. Og þess vegna styð ég að þetta verði áfram eins og það er. Takk.

## SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

## ÍLS

Takk fyrir. Kæru vinir. Ég ætla að lýsa því yfir að ég mun styðja það að gr. 30 til 33, sem snúa að náttúru- og auðlindamálum og dýraverndarmálum, standi í sér kafla um náttúru í stað þess að falla inn í mannréttindakafla. Svona í fyrsta lagi þá tel ég að slíkt auki veg og vanda þessa mikilvæga málaflokks, sem verður sífellt mikilvægari í okkar samfélagi og allri reglusetningu löggjafans. Í öðru lagi þá telst stór hluti greinanna, eða stærsti hluti þeirra ekki til hefðbundinna mannréttinda. Og þetta er nokkuð sem er reifað sérstaklega í greinargerð með kaflanum. Í greinargerð, af því að hér var bent á það að stjórnlaganefnd hafi hvatt til þess að málaflokkurinn fengi sérstakan kafla í nýrri stjórnarskrá, þá er það ekki alveg rétt, það laut að því að stjórnlaganefnd var þeirrar skoðunar að rétturinn til heilnæms umhverfis færi inn í mannréttindakafla. Það er rétt, það er mannréttindi, að hafa rétt til heilnæms umhverfis og telst til svokallaðrar þriðju kynslóðar réttinda. Það er eina greinin, eða eina ákvæðið í kaflanum sem flokka má undir hefðbundin réttindi á sviði mannréttinda. Nú svo get ég bent á að í kaflaskiptingu lagasafns má sjá ákveðna vísbendingu um það, að þessir málaflokkar fái sér kafla. Mannréttindi eru þar flokkuð sér, náttúruauðlindir og orkumál sér, og umhverfismál fá sér kafla í kafla nr. 35. Umhverfisrétturinn hefur fengið sérstaka stöðu innan lögfræðinnar á síðustu árum og hefur þar verið að öðlast sambærilega stöðu og hið hefðbundna réttarkerfi um mannréttindi. Málaflokkurinn hefur þróast hratt hér á landi og fengið sérstaka stöðu, eins og ég benti á. Við höfum síðastliðin 20 ár lögfest gríðarlega mikið af lögum á þessu sviði og svo má benda á að nú erum við með sérstakan umhverfisráðherra, en það var ekki áður. Og svo erum við

með sérstakan mannréttindaráðherra, sem gefur til kynna að þetta séu aðskildir málaflokkar.

Nú, svo langar mig að benda á það að umhverfisréttur og reglur þar, hafa það að markmiði að fyrirbyggja og koma í veg fyrir umhverfisvandamál, og að leysa þau. Stærsti hluti ákvæðanna í gr. 33 hafa þetta sama markmið og t.a.m. sjálfbær nýting auðlinda, hún miðar að því að fyrirbyggja og koma í veg fyrir óþarfa eyðingu til að tryggja komandi kynslóðum sama aðgengi og við höfum í dag. Mannréttindi hins vegar lúta að því að tryggja einstaklingum ákveðinn rétt og ákveðið frelsi og hér vil ég benda á að dýr eru ekki menn, þó það sé mannlegt að vilja tryggja þeirra velferð. Svo af því að hér var bent á álit mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og það að það teljist mannréttindi að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu sem hún komst að varðandi fiskveiðistjórnarkerfið, þá er nú rétt að áréttta það að niðurstaða nefndarinnar laut að því að brotið væri í bága við jafnræðisreglu samningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Þannig að það telst ekki, það telst mannréttindi að jafnræði og jafn aðgangur að tilteknum þáttum í stjórnkerfinu. En ég hef komið öllu mínu á framfæri og hvet til þess að kaflinn fái sér ... eða að þessar greinar fái sérkafla. Takk.

## SN

Þá verður það borið upp að þeir sem eru samþykkir því að náttúra og auðlindir verði settir í sérstakan kafla, þannig að fyrirsögnin Náttúra og auðlindir komi fyrir framan 30. gr., segi já og aðrir segi nei. Og kosning er hafin. Tillöggunni er hafnað með 12 atkvæðum, 9 samþykktu, 3 sátu hjá.

Og þá gerum við fundarhlé í 15 mínútur. Gjörið þið svo vel.

## SN

Kæru vinir, þá byrjuð við aftur. Og við ætlum að reyna að halda svolítið áfram í kvöld. ... að reyna að ljúka athugasemdum við 36. gr. og fara dálítið lengra, kannski til svona níu, hálf tíu. Þá erum við sem sagt komin að III. kafla, Alþingi og við leggjum fram gr. 34 til 38. Og brtt. hafa komið við 36. gr. og þær eru 8. Og þá förum við bara í þær eftir númeraröð og fyrsta er brtt. nr. 6. Það er Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

Nú, ætlar Andrés að ...

## AM

Ég var skráður fyrir henni, held ég ...

## SN

Já, þið voruð báðir ...

## AM

Kæri formaður og félagar og aðrir áheyrendur. Meðflytjendur eru Lýður Árnason, Katrín Oddsdóttir. Þetta er sem sé um leið til að taka upp á mjög varfærinn hátt slembival, eða tilviljunartúrtak. Með þróun lýðræðis í Grikklandi var horfið frá fulltrúalýðræði yfir í að láta slembival ráða þátttöku á fulltrúaþingi. Þetta var talin framför í

lýðræðisþróun og almennt er slembival talið lýðræðislega sterkara en fulltrúaval, sjá t.d. greinargerð Lýðræðisfélagsins Óldunar þar um. Nú ástæðan fyrir því að Grikkir fóru yfir í slembival, það var það að það var svo auðvelt að hafa áhrif á þessa fáu kjörnu fulltrúa, áhrifamiklir menn og sérstaklega voru það peningar sem höfðu áhrif á þá. Og þetta var sem sé fyrir 2400 árum síðan en sama vandamál er í dag, við sjáum hvernig peningar stjórna svakalega miklu, það er svo auðvelt að ná til þessara fáu fulltrúa, kjörnu fulltrúa, með peningum. Kostirnir við slembival eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi þá endurspegla fulltrúarnir þverskurð þjóðarinnar. Í öðru lagi, það næst til einstaklinga sem eru ekki mikið fyrir að láta á sér bera, hógværra, hlédrægna einstaklinga, sem hafa kannski samt sem áður mjög ákveðnar skoðanir á þjóðfélagsmálum. Og í þriðja lagi, erfiðara er fyrir fjármagn og sérhagsmuni að hafa áhrif á hverjir stjórni landinu, með spillingu. Sumir segja að slembival auki hættuna á að minna hæfir einstaklingar veljist á Alþingi. Þó ber að benda á í því sambandi að langskólamenntun er vaxandi á Íslandi, þ.e.a.s. ef menntun hefur þá yfirhöfuð eitthvað með þetta að gera. Í nútímasamfélagi þar sem verðmætin hafa safnast upp og gæta þarf þess að eignum sé réttlátlega skipt, þá skiptir mestu máli einmitt að menn séu óspilltir. Hér er ekki verið að koma á slembivali, heldur aðeins að gefa kjósendunum kost á því að tjá vilja sinn um að slembival skuli ráða vali þeirra á þingmanni. Mig langar að taka eitt dæmi, frá Bretlandi. Árið 2000 voru aðeins 1-2% Breta í stjórnmalaflokki. Hins vegar voru 99,5% allra fulltrúa þeirra í stjórnmalaflokki, þ.e.a.s. 98-99% þjóðarinnar átti bara 3 þingmenn af 600, líðlega. Þetta þýðir það að þeir sem voru í stjórnmalaflokki, þeir átti 1 þingmann per 1800 kjósendur, en þeir kjósendur sem voru ekki í stjórnmalaflokki, þeir áttu bara 1 þingmann á hverjar 19 milljónir. Þannig að þetta var gífurleg skekkja. Þetta er líka betri aðferð heldur en að skila inn auðu. Og mín spurning er: Hvers vegna geta menn ekki valið það að segja, ég vil að slembival ráði hverjir komist á þing fyrir mig. Og mæli fyrir því. Takk fyrir.

SN

Þá er það 19. gr. og það er Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Kæru vinir. Þetta er sem sagt 19. brtt. sem ég flyt hér og hún er við 36. gr. Og með mér á þessari tillögu eru Þórhildur Þorleifsdóttir, Ómar Ragnarsson, Lýður Árnason, Erlingur Sigurðarson og Andrés Magnússon.

Síðasta mgr. (5. gr.) í 36. gr., leggjum við til að verði felld út en setningin hljóðar svona: „Þau samtök koma ein til álita við úthlutun þingsæta, sem hlotið hafa minnst 4 af hundraði af gildum atkvæðum í landinu öllu“. Brtt. snýst sem sagt um það að það verði horfið aftur til fyrri tillögu Stjórnlagaráðs, þess efnis að það sé ekki getið sérstaklega um neinn þröskuld í alþingiskosningum. Og ástæðan fyrir því að við leggjum þessa brtt.

fram hér er sú að við teljum að þetta sé algjörlega gegn anda Stjórnlagaráðs sem að snýst mikið um auknið lýðræði og aukna valddreifingu, að koma allt í einu fram með þessa hugmynd. Og ef ég vísa í markmið nefndarinnar, sem hafði kosningamálin á sinni könnu, þá voru þau fjögur: Að efla lýðræði, að jafna vægi atkvæða og að gæta þess að raddir sem flestra landsvæða myndu heyrast, og stuðla að því að hlutfall karla og kvenna væri sem jafnast. Þetta voru þessi fjögur markmið. Og ég held að ráðið sé allt sammála um þessi markmið, þetta eru mjög göfug markmið. Það var m.a.s. gengið svo langt í greinargerð með tillögnum okkar, að á bls. 77 í bráðabirgðagreinargerð okkar, þá stendur: Jafn kosningaréttur er mannréttindamál. Það er niðurstaða nefndarinnar. Þannig að ef við mundum fylgja þessum markmiðum held ég, alveg í eins beinni línu og við gætum, þá hefði aldrei komið til álita einu sinni að setja inn þennan 4% þröskuld. Og ég held að hann hafi bara ratað inn eftir að silfurhærða hræðsluáróð-urssprengjan kom til okkar í heimsókn. Og ég held að það sé ástæðan fyrir að hann sé kominn inn, vegna þess að hann samrýmist einfaldlega ekki þeim markmiðum sem sett eru fram í kosningakafli. Það er rætt um þetta á bls. 79 í greinargerð, með þessum skýringum, og þá stendur: Ítarlega var rætt um það hvort hafa ætti þröskuld í stjórnarskrá um lágmarksfylgi, til þess að samtök frambjóðenda fengju menn kjörna. Rökin á móti voru lýðræðisleg og sagt að þröskuldur stríddi gegn hugsuninni um að allir kjósendur hefðu jafnan rétt. Gegn þessu var teflt að óæskilegt væri að þingflokkum fjölgaði og upp risu framboð um sérmál, sem drægju úr festu í stjórnmalum, stjórnarmyndanir yrðu erfiðari, litlir flokkar gætu komist í sterka oddastöðu o.fl. Þessi rök urðu ofan á og því var lagt til að settur verði 4%. Svo mörg eru þau orð, en ég sé ekki að þessi rökstuðningur samræmist markmiðum nefndarinnar, né ráðsins, sem falla flest lýðræðismegin. Þannig er ekki útskýrt hvers vegna það er verra að þingflokkum fjölgi, eða upp risi framboð um sérmál. Það er alls ekki hættulegt lýðræðinu að mínu mati heldur þvert á móti, þá fjölgar þessum blessuðu röddum í lýðræðiskórnum sem er nú eitt af markmiðum okkar í ráðinu. Þannig að ég held að hérna höfum við stigið óvart skref aftur á bak, og ég held að við hefðum bara gott af því að hér yrðu fleiri flokkar og fleiri framboð, enda sést það í nágrennalöndum okkar að það hefur ekki komið að sök þar fyrir lýðræðið, þó að þar séu miklu fjölbreyttari raddir.

Nú, við verðum að athuga það að það hefur hvergi verið skilgreint sem markmið hjá okkar ráði, að koma í veg fyrir fjölgun framboða eða fjölbreytileika þeirra. Og þess vegna er þetta ekki í takt við það sem ég held að við séum almennt að gera hér. Og það er líka ljóst að með því að hafa slíka takmörkun, þá er möguleiki á að vilji fjölmargra kjósenda hreinlega þurrkist út. Þannig mætti t.d. ímynda sér að þrjú framboð fengju öll 3,9% atkvæða og þá mundu hartnar 12% atkvæða vera gerð að engu. Og það getur náttúrulega ekki talist lýðræðislegt í hvers konar skilningi þess orðs. Og þess vegna spyr ég bara af hverju mega

ekki hjólreiðamenn eiga sinn eina fulltrúa á þingi. Og af hverju ætti litlum framboðum endilega að vera fyrirbúnað að fá bara að vaxa smátt og smátt, og dafna ef þau eru dugleg, og þannig festu. Því með núverandi fyrirkomulagi, þá er nær ómögulegt fyrir smærri framboð að ná fótfestu og því verða ný framboð nánast alltaf einhvers konar klofningsframboð. Og þá held ég að þetta mat okkar sem erum á þessari tillögu að þetta er einhvern veginn þannig að þegar við erum komin með persónukjör, án flokks, á landsvísu, þá verður nær útilokað fyrir fólk að komast inn. Og þá bitnar þessi þröskuldur t.d. á frambjóðendum á landsbyggðinni, þar sem að sigurvegari í dreifbýliskjörðæmi kæmist ekki á þing vegna takmarkanna og þyrfti e.t.v. um 8000 atkvæði á bak við sig. Og það var markmið nefndarinnar að efla sjónarmið landsbyggðarinnar, ég vek athygli á því.

Og við skrifuðum greinargerð með þessari brtt., sem ég vænti að þið hafið lesið af mikilli athygli, hérna í ljósi þess hvað er lítið að gera hjá okkur. En þar eru tekin ýmis dæmi úr handbók IDEA sem er alþjóðlegt kosningafyrirbæri. Og t.d. það að árið 1993 hafi 5% þröskuldur í Póllandi, fyrir flokka, og 8% fyrir samsteypuhreyfingar, valdið því að 34% atkvæða féllu niður dauð. Og í Tyrklandi er 10% þröskuldur, sem er mjög hátt. Og það þýddi það að árið 2002 þá féllu 46% atkvæða allra niður dauð. Og við getum tekið nærtækari dæmi. Hérna heima árið 2007, þá fengu tvö framboð Frjálslyndi flokkurinn og Íslandshreyfingin í kringum 5% hvort, í skoðanakönnunum. Og þannig voru þau úti og inni til skiptis. Og það hefði vel verið hugsanlegt að í þessum kosningum, þá hefði hvorugt framboðið fengið menn, og þá hefðu 10% atkvæða, í kringum það, fallið niður dauð. Og það samsvarar því að í Norðvestur-kjörðæmi, hefði aðeins einn frambjóðandi komist á þing. Og það getur nú varla samrýmst þessum blessuðu markmiðum sem við erum alltaf að tala hér um. Nú á bls. 97 í þessari fyrrgreindu handbók, þar segir, og ég leyfi mér að tala hér á ensku af því ég hef ekki haft tíma til að þýða þetta: „The existence of formal thresholds tends to increase the overall level of disproportionality, because votes for those parties which would otherwise have gained representations are wasted“. Þ.e.a.s. þetta er ákveðinn lýðræðishalli og það er útilokun sem fylgir slíkum þröskuldum, og þeir eiga ekki heima í þessum góðu tillögum Stjórnlagaráðs, að mínu mati, og það getur aldrei talist lýðræðislegt né réttlátt að auka hlut hinna stærri þó það sé flóknara. Þannig að ég legg til að þetta verði fellt niður, þessi setning. Takk.

SN

Ég bið fólk að stytta mál sitt. Lýður Árnason er næstur. Það er brtt. nr. 22 við sömu grein.

LÁ

Já, kæru vinir. Þetta er brtt. við 36. gr., en nr. 22, þetta er orðið svo mikið af þessu, maður er farinn að ruglast aðeins. Brtt. við 36. gr. um alþingiskosningar. Og brtt. er þessi, að 3. málslíður, hann er svona: „Kjósandi velur frambjóðendur af

kjördæmislista eða landslista sömu samtaka eða af þeim báðum. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við annan listann og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt“. Svo kemur:

„Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að kjósandi geti valið frambjóðendur af listum fleiri en einna samtaka“. Breytingin gerir sem sagt ráð fyrir því að þetta breytist úr heimild, í að kjósandi skal geta valið frambjóðendur af listum fleiri en einna samtaka. Þetta er þá algjörlega fortakslaust á þá vegu að fólk getur kosið á milli lista og gildir það bæði um landslista og kjördæmalista. Og rökstuðningurinn er þessi, að ákall þjóðfundar var mjög sterkt um persónukjör. Sjálfur tel ég kosningu á milli lista mjög vel uppfylla þær væntingar. Kosning þvert á flokka, henni var kippt út úr áfangaskjalinu eftir heimsókn fræðimanns sem að minni hyggu var mjög óverðskuldað, og ég get ekki séð þrátt fyrir það sem hann sagði, að kosning þvert á flokka rúmast ekki innan flokkakerfisins. Mér finnst það rúmast mjög vel innan flokkakerfisins. Það eykur val kjósandans, og það gerir það án þess að ganga á rétt annanra kjósenda og endurspeglar líka betur vilja kjósandans og gerir líka það að verkum að það upphefur þessar flokksgrafir, að þú hefur möguleika á því að taka bestu konfektmolana úr hverjum flokki fyrir sig, og þar með gefa þingmönnum beint frammistöðumat. Þannig að við sitjum ekki uppi með ónýta þingmenn eins og reyndin er. Gagnrýni þvert á flokka hefur mikið beinst á að það veiki flokkakerfið. Og þetta gæti haft óæskileg áhrif á niðurstöðu kosninga. Ég get eiginlega ekki séð hvernig þetta getur veikt flokkakerfið því að heildaratkvæðafjöldinn er ekkert að breytast, hann er alveg eins, sá hinn sami. Og ég get líka spurt sko, hvað eru óæskileg áhrif kosninga? Getur einhver sagt það, hvaða kosningaúrslit eru óæskileg? Við getum þá alveg eins sagt bara, hver er tilgangur kosninga? Er þá óæskilegt að hafa kosningar? Og þess vegna segi ég, til þess að flýta fyrir nauðsynlegum umbótum á kosningakerfi landsmanna, þá er nauðsynlegt að skylda löggjafann til þess arna. Ef við gerum það ekki, þá gerir hann ekki neitt. Og þess vegna vil ég breyta þessu heimildarákvæði í að það „skuli“ vera gert. Og ég mæli með því að ráðsfulltrúar samþykki þessa tillögu, því að hún er alveg fortakslaust um þetta. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 26. Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já kæru félagar. Ég ætla að flytja hérna tillögu sem að er einnig studd af Katrínu Oddsdóttur og Gísla Tryggvasyni. Þetta er að í 1. mgr. 36. gr. bætist við orðið „hlutbundnum“, eða „hlutbundinni“ ... á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Og að auki í 10. mgr., þetta er svolítið löng grein, bætist við að ekki megi gera breytingar á kosningalögum minna en 6 mánuðum fyrir kosningar, og gildistaka þeirra frestist. Þannig að síðasti málslíður í 10. mgr.

verði: „Breytingar á kjördæmamörkum, úthlutun þingsæta og reglum um framboð, má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra“. Þetta mætta nú kannski vera laganna, þarna síðasta orðið. Mér finnst þetta nú skýra sig nokkuð sjálft. Það er annars vegar að bæta inn hlutbundinni, það er til að tryggja það að við séum hérna með kosningar þar sem að atkvæði dreifast í réttum hlutföllum. Ég er ekki tilbúin til þess að styðja kosningakafla sem að gæti opnað á kosningalöggjöf sem að væri t.d. með „first-past-the-post“ eða, ég kann ekki þessi hugtök á íslensku, afsakið, en „plurality“ kerfi þar sem að sá sem fær meirihluta eða stærstan hluta atkvæða, fær óeðlilega stóran og jafnvel allan sætisfjölda, sem að er í boði í því kjördæmi. Þannig að þetta skiptir mig mjög miklu máli. Hitt atriðið er síðan að sitjandi löggjafi geti ekki gert breytingar á annars vegar kjördæmamörkum og úthlutun þingsæta, þetta er í núverandi tillögum, og ég myndi vilja að þarna væri líka takmörkun á því að þetta sé ekki hægt að gera þessar breytingar minna en sex mánuði fyrir kosningar. Þannig að það sé ekki hægt að breyta löggjöfinni sitjandi valdhöfum í vil með mjög skömmum fyrirvara.

Á ég að taka hina tillöguna mína?

SN

Já, gjörðu svo vel.

SBÓ

Þetta er mild breyting á núverandi tillögu. Hins vegar er ég með grein nr. 60, að henni stend ég bara sjálf. Mér finnst þessi ... þetta er svona tilraun til þess að bæta grein sem að ég er ekki sátt við og hef miklar efasemdir um að ég geti stutt yfir höfuð. En hér hef ég lagt fram töluvert einfaldara kosningaákvæði, að mínu mati, allaveganna. Og það er: „Á Alþingi eiga sæti að hámarki 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosningar leynilegri hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri á því ári þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Einnig þeir erlendu ríkisborgarar sem hafa verið með lögheimili á Íslandi samfelt í fimm ár hið minnsta. Atkvæði kjósenda alls staðar af landinu vega jafnt. Nánari reglur um framkvæmd alþingiskosninga og úthlutun þingsæta skulu settar í kosningalögum. Í þeim skal tiltaka hvernig stuðla skal að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla, sem og fulltrúum landshluta. Breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð sem fyrir er mælt um í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi. Lög eða breytingar á lögum um þessi ákvæði mega ekki koma til framkvæmda fyrr en sex mánuðum eftir að þau hafa tekið gildi. Sama gildir um lög um forsetakosningar, þjóðar-atkvæðagreiðslur og kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á“. Skýringar fylgja, það reyndar varð smá misbrestur þarna, ég var með hornklofa lengi vel utan um, þegar ég var að vinna þetta,

þannig að það er smá villa í skýringunum hjá mér.

Þarna er t.d. verið að breyta því að hleypa yngra fólki að, það er þeir sem verða 18 ára á árinu geta fengið kosningarétt, þannig að það er svona hálfur árgangur sem að bætist við. Og síðan er að þeir sem hafa búíð hér, haft lögheimili í 5 ár a.m.k., gætu haft tækifæri til að kjósa, og útskýring á því hvernig þetta gæti stækkað kosningahópinn. 3. mgr. er held ég nokkurn veginn sammála C-nefndinni, og síðan ætti í lögum að útfæra framkvæmd kosninga. Og síðan þetta sama með að ekki megi breyta lögum. Þannig að þetta verður svona, mun nær því sem að ég mundi vilja sjá í kosningagreininni. Ég veit ekki hvort að nefndin vill frekar fá þetta til sín, það myndi ekki vera mér til neins ama, en ef þið viljið kjósa um þetta þá er það líka allt í lagi. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 59. Þorvaldur Gylfason.

ÞG

Formaður, góðir hálsar. Ég þarf fyrir hönd stjórnarinnar að biðja forláts á því að tillaga nr. 59 var ekki með á listanum yfir tillögur um breytingar á 36. gr., og henni var dreift rétt fyrir þennan fund, fyrir fáeinum mínútum, prentaðri, en þá vantar á hana greinargerðin, þannig að hún er því miður ... og það er ekki mín sök ... öll í skötulíki í ykkar höndum. En aðalástæðan til þess að ég tek til máls er sú að þessi tillaga sem veitir ráðinu færi á því að ákveða hvort þingmenn skuli vera 63 eða færri, þessi tillaga færi betur í afgangi á síðari stigum, þegar við höfum fjallað um það hvort og að hversu miklu leyti þingmenn víki af þingi við það t.d. að verða ráðherrar. Við vitum það ekki enn, bara svo að þið skiljið nákvæmlega um hvað málið snýst. Hugsum okkur ef við þurfum að velja milli þess að alþingismenn verði 53 eða 57, að þá skiptir það máli hvort að 10 menn víki af þingi við það að 10 manna ríkisstjórn er mynduð, eða bara 5. Og þessar upplýsingar höfum við ekki enn, og þess vegna féllst ég á það sem aðalflutningsmaður tillögunnar ásamt meðflutningsmönnum mínum að betur færi á að þessi tillaga verði afgreidd eftir að við fjöllum um brtt. við gr. 88 og 89. Því að þá fyrst höfum við þær upplýsingar sem við þurfum að hafa að réttu, til þess að geta fjallað um réttan fjölda þingmanna. Takk.

SN

Takk. Já, ég bið forláts á því að þetta hefur einhvern veginn í dreifingu, þá barst þessi tillaga ekki í upphaflega buncanum sem við vorum með og síðan eru einhver vandkvæði við að koma skýringunum til ykkar en þær verða hjá ykkur þegar við höfum leyst úr því.

En þá er það brtt. nr. 61 og Dögg Harðardóttir tekur til máls.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Með mér í þessari brtt. eru Lýður Árnason og Katrín Oddsdóttir, og hún er stutt og laggóð og hljóðar svo:



„Auðir kjörseðlar kjósenda vegi jafnt á við önnur atkvæði og valdi auðum sætum á Alþingi.“ Ég hugsaði herna áðan þegar Lýður var að tala um slembivalið, það er tilraun til að koma til móts við óánægða kjósendur og þetta er sömuleiðis tilraun til þess. Vegna þess að við vitum að í hverjum kosningum þá eru alltaf einhverjir sem mæta á kjörstað og skila auðu. Og það er mjög dapurlegt að þeirra atkvæði skuli vega jafnt og í rauninni atkvæði þeirra sem sitja bara heima og kjósa að nýta ekki kosningaréttinn. Nú þetta hefur ekki áhrif á kosningakerfið, þetta hefur bara áhrif á úrslit kosninganna og auðir stólar á Alþingi eru áminning til alþingismanna að vinna traust þeirra sem skila auðu. Nú við vitum að í rannsóknum þá hefur hjáseta áhrif á marktækni rannsóknanna, kjörsókn hefur ekki áhrif á marktækni kosninga. En það er ástæða til þess að taka tillit til þeirra sem hafa fyrir því að koma á kjörstað og kjósa að skila auðu. Og þess vegna þakka ég ykkur fyrir að styðja þessa tillögu.

SN

Þá er það loks brtt. nr. 65 við sömu grein og það er Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Já ég mæli hér fyrir brtt. nr. 65 við 36. gr. um alþingiskosningar. Þessi tillaga gengur út á það að kjósandi geti valið með persónukjöri frambjóðendur af mörgum listum, þ.e.a.s. þvert á lista. Nú við höfum oft rætt herna í ráðinu um undirstöður lýðræðisins og það skiptir miklu máli að þingmennirnir okkar sitji með raunverulegum hætti í skjóli kjósenda en ekki í skjóli flokka. Og á grundvelli þessa fulltrúalýðræðis sé með réttum undirstöðum, að þá verður þar með líka ríkisstjórnin okkar, í krafti þingræðisins með fullt og óskorað umboð frá kjósendum. Og þetta held ég að sé mjög mikilvægt atriði, þ.e.a.s. að lýðræðið virki þarna með fullkomnum hætti þannig að kjósendur geti ráðið því, með sem bestum leiðum, hvaða þingmenn sitji á þingi. Þannig að þessi tillaga er um persónukjör þvert á lista. Og hún er efnislega að taka inn aftur tillögu C-nefndar sem að var samþykkt inn í áfangaskjalið okkar á 14. ráðsfundi, 24. júní s.l. Þessi tillaga var síðan dregin tilbaka af C-nefnd og hætt við að bjóða upp á persónukjör milli lista sömu samtaka. Þannig að það má segja að þessi hugmynd hafi áður verið í tillögum C-nefndar.

Menn hafa gagnrýnt þetta á mismunandi forsendum, þá hugmynd að það sé hægt að kjósa svona á milli flokka. Menn eru að tala um að það yrðu minni fylgissveiflur milli flokka heldur en ella, en það verður að segja að þessi spurning snýst eiginlega ekki um flokkafylgi, heldur að kjósendur ráði því hvaða fólk það er sem er á þingi, því við auðvitað þekkjum það innan allra flokka að það er gríðarleg breidd í skoðunum innan flokka einnig og það auðvitað getur verið þannig að kjósandi vilji gjarnan kjósa tiltekna einstaklinga innan flokka, sem að hann veit að skoðanir þeirra fara saman við

skoðanir kjósendans. Og eins og ég segi, það þarf ekki að vera að slíkir aðilar séu allir innan sama flokksins.

Nú, það hefur verið gagnrýnt hvort að þetta eigi þá einhvern veginn að draga úr fylgissveiflum og að því leyti sem þetta hefur reiknað og prófað sem var nú gert af flutningsmönnum hér, að þá fengu menn út úr því að það gæti verið í einhverjum mæli en það væri þá aðeins að gefnum mjög djörfum forsendum og að allir kjósendur velji þvert á lista, sem er nú frekar ólíklegt. Nú menn hafa spurt, tíðkast svona skipan ekki óvída. Ja það er ekki kannski algengt að þetta sé í þingkosningum til landa, en þetta er hins vegar innan landa, t.d. í landsþingskosningum í Þýskalandi. Í Bremen og Hamborg er kosið með þessum hætti þvert á lista, og það er ekki hægt að segja annað en að reynslan af því hafi bara verið alveg ágæt. En sem sagt, í stuttu máli, kosningarnar eru í raun og veru til þess að kjósendur geti valið sér fulltrúa til að starfa í þeirra þágu og kjósendur eiga bara einfaldlega að fá að velja þá sem að þeir treysta best. Og það á ekkert að vera að spá í það eitt-hvað fyrirfram hvort að kerfið minnki sveiflur eða eitthvað slíkt. Og svo bara til að summera upp, kosningastofnun IDEA hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli um hönnun kosningakerfa. Þar segja þeir m.a., hræðist ekki nýmæli, vanmetið ekki getu kjósenda, reynið að leyfa kjósendum að hafa eins mikil áhrif og unnt er, verið ekki þrælar gildandi kerfis, og ég held að það sé gott að taka þetta til sín. En ég vil þá bara áréttá að tillöguflytjendur eru hér nokkrir. Auk mín eru það Örn Bárður Jónsson, Þorvaldur Gylfason, Þorkell Helgason, Lýður Árnason, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Guðmundur Gunnarsson og Erlingur Sigurðarsson. En ég mæli eindregið með því að þetta verði samþykkt.

En ég ætla svo aðeins að fá að segja, í fyrsta lagi, það er hér önnur tillaga frá Lýð Árnasyni, brtt. nr. 22 við sömu gr. 36. Ég fæ ekki betur séð en að efnislega sé tillaga Lýðs sú sama og okkar, hún sé að vinna að sama markmiði. Hún hefur hins vegar þann ágalla að hún er aðeins, að mínu mati, aðeins í mótsögn við sjálfa sig því þar stendur: „Kjósendi velur frambjóðendur eða kjördæmislista af landslista sömu samtaka eða af þeim báðum“. Hann heldur sem sagt inni því orðalagi, en svo kemur í lok mgr.: „Kjósendi skal geta valið frambjóðendur af listum fleiri en einna samtaka“. Og ég sé ekki betur en að þarna sé bara einfaldlega ósamræmi. En ég held að þeir sem að vilja fá þetta persónukjör milli lista ættu að styðja tillögu nr. 65 og fá þá fram, það orðalag gengur fyllilega upp. Svo bara rétt í lokin, þá vil ég segja að það er eitthvað slys ... fleiri slys gerst í þessari brtt. 59 við þessa sömu grein um fjölda þingmanna, því að ég er ekki flutningsmaður að þeirri tillögu, eins og þar er listað. Takk fyrir.

SN

Þá er mælendaskrá opnuð um þessar tillögur, framkomnar brtt.. Og orðið er laust. Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, varðandi það sem Vilhjálmur var að segja, með ágallann, það er rétt. Það stendur hérna hjá mér sömu samtaka, sem ætti að fara út. Það er hins vegar annar ágalli sem ég vil benda á, við brtt. 65, og hann er sá að það stendur: „Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi, eða af landslistum.“ Og þarna finnst mér ekki nógu skýrt á kveðið um það að við getum kosið þvert á lista. Þannig að ég get séð fyrir mér ef við myndum bræða þetta saman með betra orðalagi, þá myndum við fá út mjög góða niðurstöðu. Og það er spurning hvort að við eigum að gera það og vísa þessu þá fyrst til nefndar til þess að breyta orðalaginu, eða hvað menn vilja gera. Ég svona býst við að menn svari því hér. Takk.

SN

Andrés Magnússon er næstur. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar, áheyrendur. Fyrirgefið að ég tek aftur til máls. Mér fannst ég bara ekki koma hugsun minni nógu skýrt frá mér áðan. Það var sem sé tillaga um það að á kjörseðlinum, þar sem að menn geta krossað við flokka A, B, C eða D, þá væri líka einn reitur þar sem menn geta krossað við og sagt: Ég vil að slembival ráði kjöri míns fulltrúa. Það er sem sé tillagan, þarna verði bara eitt box á kjörseðlinum.

Svo langar mig aðeins að velta upp þeirri hugmynd hvort að ætti að bræða saman tillögu Lýðs og Vilhjálmis í nefnd kannski, og kjósa um hana svo. Og síðan þarf ég líka aðeins að koma að því að, ég er mjög hlynntur þessari tillögu að það sé hægt að kjósa á milli lista. Hins vegar var þetta málamiðlum sem að kom fram í nefnd C, og sem mér finnst ég þurfa að styðja við. Og er bara að benda á að stundum kemur þessi staða upp, að menn geta verið hlynntur einhverju en manni getur fundist að maður sé bundinn af samkomulaginu, eða sáttinni sem var í nefndinni. Takk fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já kærar þakkir, kærur félagar. Mig langaði til þess að nefna hérna þrennt. Það er í fyrsta lagi tillögun um þröskuldinn. Og þá hafa menn áhyggjur af því að það sé verið að setja inn 4% þröskuld og það sé einhver svona hækkun, en þarna er auðvitað hið þveröfuga ráð að ræða. Eftir því sem að fleiri þingmenn eru kosnir í hverju kjördæmi, þeim mun lægri verður þröskuldurinn, eðli málsins samkvæmt. Ef það eru 10 þingmenn í kjördæmi, þá er átómatískur 10% þröskuldur, eins og gjarnan er hérna hjá okkur hér heima. En síðan erum við með 5% þröskuld fyrir útteilingu uppþótarþingmanna við núverandi kerfi. Í því kosningakerfi sem hér er lagt til grundvallar, að þá verður þingmannafjöldi reiknaður út frá landinu sem einu kjördæmi. Og þar með er auðvitað

verið að lækka þröskuldinn margfalt, frá því sem nú er, og þess vegna sem að menn hafa talið nauðsynlegt að setja inn þennan lága þröskuld, sem að er 4% og má alveg halda því fram að sé ansi lágur. Hann lýðir í rauninni það að framboð þarf að ná inni fyrir tveimur þingmönnum til þess að komast inn á þing, það er nú ekki meiri þröskuldur en það. Og bara svona sem dæmi að þá er 50,1% þröskuldur í Bretlandi og þykir ekki ólýðræðislegt, bara svo að við nefnum það. Þannig að það er ekki hollt endilega lýðræðinu, að það safnist inn á Alþingi mikið af smáflokkum sem ekki hafa afl til þess að koma sínum málum í gegn. Það eykur mjög pólitískt vægi stóru flokkanna.

Hitt sem ég vildi nefna er þetta með persónukjöri þvert á lista. Ég óttast, sem hér er verið að leggja til að komi inn aftur, ég óttast það að það ákvæði myndi hafa öfug áhrif miðað við það sem að menn ætla sér, eða vilja að það myndi hafa. Vísendingar eru um, í fjölmörgum fræðigreinum, þó svo að þetta mál sé reyndar ekki rannsakað í þaula, en þá eru vísendingar um það, að þegar að kjósendur deila atkvæði sínu á milli ólíkra stjórnmálaflokka, að þá festi það flokkakerfið í sessi. Og þar með séum við að geirnegla inn og múra hér inn ríkjandi flokkakerfi með því að taka upp kjör þvert á lista, og fjórflokkurinn verði mun fastari fyrir heldur en áður, að það minnki fylgissveiflur á milli þeirra. Og það er mjög ríkur og eiginlega algjör grundvallarþáttur í lýðræðinu að kjósendur geti skipt um stjórnvöld, og það gera þeir með því að kjósa aðra stjórnmálaflokka heldur en eru í ríkisstjórn og geta þannig náð fram skiptingu á ríkisstjórn. Í það minnsta er þetta mál það lítið rannsakað, að það væri mjög óvarlegt fyrir okkur að segja fyrir um það í stjórnarskrá að kjósendur hefðu fortakslausan rétt til þess að skipta atkvæði sínu, en það væri hins vegar spennandi að prófa slíkt, t.a.m. í sveitarstjórnarkosningum eða einhverju slíku. Og að lokum, að þá er það þessi tillaga 59 um tölu þingmanna. Þið þekkið mína afstöðu til þess að í því kerfi sem við erum að leggja hér til að auka veg Alþingis, að þá þurfi frekar nú að fjölga þingmönnum, heldur en að fækka þeim. Þegar að þessi tillaga kom fram hér á seinasta ráðsfundi, að þá hélt ég að hún myndi fá svona svipaða meðferð og við höfum áður haft á svona, kosningum sem við höfum haft hér, í svona skoðanakönnun sem við höfum haft, og ég hafði hugsað mér við slíkt að koma þá fram með viðbótar tillögu um svolitla fjölgun þingmanna, sem ég myndi vilja að yrði þá tekið tillit til, fái þessi tillaga afgreiðsla í því formi sem hún er núna. Takk fyrir.

SN

Ég bið fólk um að stytta mál sitt, að reyna að halda sig við 3 mínútur, ekki meira. Og ég vek athygli líka á því að brtt. nr. 59 hefur verið frestað og umræða um hana verður tekin sem sagt, eftir að við höfum afgreitt gr. 87. En Pawel Bartoszek er næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Það eru nokkrar tillögur hér sem hafa borist sem lúta að starfi þeirrar nefndar sem

ég er formaður í. Nú, fyrst ber að nefna slembivalið. Við skulum kannski hafa það í huga eins og með allt annað sem við erum að gera, að þau ákvæði sem við skrifum í stjórnarskrána munu standa þar um ókomna tíð, dálítið lengi. Hugmynd um slembival er athyglisverð, ég reyndar held að þetta sé ekki góð tillaga. Ég ímynda mér að ef að inn á þing, sem er fullt af þrautreyndum stjórnmalámönnum, detti inn 2-3 svona, menn af götunni, þá sé ekki endilega að það sé verið að efla lýðræðið með þeim hætti. Og við getum ímyndað okkur í stöðu þar sem kosningar fara mjög tæpt, og það sé erfitt að mynda stjórn og jafnvel að ráðist á þessum örfáum slembivalfulltrúum, hvernig stjórn verður mynduð, þá sé það kannski ekki endilega lýðræðislegra að það sé gert með þessum hætti. Þannig að ég myndi leggja til að þessi tillaga verði felld.

Nú, síðan er það þröskuldurinn. Og þetta er auðvitað, bæði sjónarmiðin eru auðvitað gild. Það er þannig að, hér var nefnt Pólland og Tyrkland og annað dæmið þekki ég vel, að þegar að Björvinaflokkurinn var nú farinn að ná inn 10 þingmönnum með eitthvað 1, 2% fylgi í Póllandi, þá tóku menn sig nú til og lögðu til þröskuld, þannig að í næstu kosningum þá var ákveðinn vængur stjórn mála sem var mjög sundraður og hann sannarlega missti, þannig séð mikið fylgi. En lærði nú á þessum mistökum og hefur boðið fram tiltölulega sameinaður síðan. Sko, hér er auðvitað spurning hvernig menn skilja lýðræði. Það er aftur með þetta dæmi sko, er kjósandi sem kemur í kjörklefann, er hans spurning nr. 1, 2 eða 3 þessi, ég vil að þessi tiltekni aðili sé fulltrúi minn á þingi, eða er hann kannski að hugsa, ég vil að einhver tiltekin ríkisstjórn sé við völd, eða einhver tiltekin stefna sé, sem ríki. Maður getur hugsað sér t.d. seinustu þingkosningar, hvort voru það fleiri sem fóru í kjörklefann með það að markmiði að koma tiltekinni stefnu á framfæri, eða koma tilteknum einstaklingum á framfæri. Og það getur verið að þótt svo að það náist fram meiri ... að menn kannski fái þá sinn flokk, með einum, tveimur þingmönnum þá sé það ekki endilega lýðræðinu til framdráttar og við skulum taka eftir því að við höfum náttúrulega sko, fleiri flokkar þýða ekki endilega að val kjósenda verði skýrara.

Í Póllandi eru engir þröskuldar annar en sá eðlilegi þröskuldur sem er af 1/150 af heildarfjölda atkvæða, sem er þá vegna þess að þar eru 150 þingmenn. Þar eru að meðaltali 10 eða fleiri flokkar á þingi. Ef að við ætlum að taka upp það kerfi að hafa engan þröskuld hér, þá getum við búist því að þeir verði kannski svona að staðaldri 8. Þetta er auðvitað kannski enginn heimsendir en við verðum að átta okkur á því að þetta er eitt af því sem fylgir slíkum breytingum. Það er rétt sem Katrín Oddsdóttir nefnir, sem kemur fram í skýrslu frá IDEA, að þetta minnkar hlutfallsleikann í kerfinu, að hafa þetta. Það er auðvitað bara skv. skilgreiningu, þá er hlutfallsleikinn það að fylgið sé í mestu hlutfalli við fylgi á landsvísu eða í tilteknum kjördæmum. Og þess vegna kemur þetta sem viðbót við greinina um það að þingsæti reiknist í réttu hlutfalli við styrk á landsvísu. Nú,

ég ætla að taka aðeins fyrir ... saman, þær tvær tillögur sem ég lít á að séu efnislega samhljóða, um það að leyfa val þvert á lista. Eða öllu heldur, eins og ég lít á það, að banna það kosningafyrirkomulag, þar sem einungis má kjósa innan eins lista. Því það er það sem er verið að gera hér. Það er heimilt í kosningalögum, ákvæðum okkar, að leyfa fyrirkomulag þar sem er val þvert á lista. Það er líka heimilt að búa til fyrirkomulag þar sem það er bannað. Tillögurnar báðar ganga út á það að banna það fyrirkomulag, þar sem einungis má kjósa innan eins lista. Gagnrýnin á þetta, allavega frá þeim sem hér stendur, hefur ekki verið sú að þetta veiki flokkakerfið. Það er mjög fátt sem bendir til þess að þetta veiki sérstaklega flokkakerfið, að menn geti valið þvert á lista. Það er eins og Eiríkur sagði, ekki mjög margar rannsóknir til um þetta, en ég greip niður kosningaúrslit og stærstu sveiflur í Lúxemborg og Sviss, sem eru þau lönd sem hafa notast við þetta hvað lengst. Og í Lúxemborg var stærsta sveifla eins stjórnmalaflokks í seinustu kosningum 1,8%. Í Sviss var hún 3,9% og það var talað um sem mikið „landslide“, þegar það gerðist, að það var 4% sveifla á milli eins stjórnmalaflokks, til annars. Þannig að við getum átt von á því að þetta verði afleiðing af kerfinu. Og þá, ef við erum búin að negla fyrirkomulagið niður í stjórnarskrá, þá er ekki aftur snúið nema með stjórnarskrárbreytingu, hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu o.s.frv. Við skulum bara hafa þetta á hreinu, að það sem við setjum hérna inn, því verður ekki auðveldlega breytt. Nú, varðandi tillögu Silju Báru um ... mér list svo sem ágætlega á tillöguna um að það sé ekki hægt að breyta kosningalögum skömmu fyrir kosningar. Ég ætla ekki að tala um ...

SN  
Stytta mál ...

PB  
Já, fyrirgefðu. Og síðan þá slæ ég varhug við hugmyndum um að auðir kjörseðlar, þeir hafi ákveðið vægi á þingi. Það þýðir eins og ég hef áður sagt, að það verði færri þingmenn sem þurfi að hafa hlutfallslega meiri völd, og er það spurning hvort að það sé það sem að hinir auðu kjósendur eru að reyna að koma á framfæri. Takk fyrir.

SN  
Ómar Ragnarsson. Og ég bið fólk um að virða þetta, 3 mínútur. Og ég loka mælendaskrá á meðan Ómar talar. Gjörðu svo vel.

ÓR  
Þeir sem ætla að komast á mælendaskrána verða þá að gera það innan þriggja mínútna. Litum á tillögurnar um slembivalið og auða seðla í samhengi, og þá sjáum við að þeir sem að nú skila auðu, myndu væntanlega nýta sér slembivalið, sem er framkvæmanlegt. Og ekki bara það, að auðir stólar séu á þingi, er „risky“, það er áhætta. Og við vitum ekkert nema að það verði bara sko, þriðjungur salarins auðir stólar. Miklu skárri er þá að hafa slembivalið og ég styð það. Það er hægt

að benda á það, og það eru rök fyrir þessu líka, að það virðist ekki hafa komið í veg fyrir allan hringlandann á Alþingi núna á þessu kjörtímabili, þó að 5% þröskuldur hafi verið. Einn gekk úr Hreyfingunni og yfir í annan flokk, annar gekk úr VG og yfir í annan flokk, og tveir skipuðu nánast tveggja manna þingflokk. Þannig að það er engin trygging fyrir því að smáflokkakerfi myndist eða sundrung á Alþingi, að hafa kerfi sem að hygglir fjórflokknum. Svo vil ég benda á það að rökin eru gagnstæð hjá ræðumönnum sem komu hingað, og hjá Eiríki. Ræðumaðurinn taldi að það að kjósa þvert á lista myndi veikja flokkakerfið, en hins vegar telur Eiríkur Bergmann að það muni styrkja allt flokkakerfið. Og ég mun sömuleiðis styðja það að við förum í gamla farið og þetta verði bara gert að skyldu. Ég féllst hins vegar á að þetta væri heimilt, og sömuleiðis féllst ég á sínum tíma á það, að þröskuldurinn mætti vera allt að 4%. Það hefur verið mikill samkomulagsvilji í okkar nefnd, sem er með ólíka einstaklinga. En úr því að það eru komnar tillögur hérna, þá áskil ég mér rétt til þess að greiða atkvæði eftir sannfæringu minni. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel. Mælendaskrá hefur verið lokað.

LÁ

Já, kærur vinir. Ef við viljum fækka þingmönnum, þá er nú líklegast besta leiðin til þess að samþykkja ákvæði um að við getum skilað auðum atkvæðaseðlum, og það hafi gildi. Ég er viss um að þingmönnum mundi fækka töluvert við það. En það er alltaf verið að tala um það hvort að persónukjör, annað hvort innan flokka eða milli flokka, veiki eða styrki flokkakerfið. Og við höfum heyrt þessi sjónarmið bæði hér núna. En ég lít á þetta frá allt öðrum sjónarhóli. Það er kjósandinn sem fer inn í kjörklefann, það er hann, það er hans sjónarhóll sem ræður í þessu. Það er best að kosningar endurspegli alltaf vilja kjósandans. Og ef að kjósandinn hefur eitthvað val, þá er það bara til bóta. Hinn sem vill kjósa sinn flokk áfram, honum er ekkert bannað að gera það. Þannig að geta merkt, sem sagt, við auðan reit eða slembival, eða frambjóðendur innan flokks eða utan flokks, og þvert á flokka. Eina sem þetta gerir er það er að þetta bara eykur val kjósandans og honum líður betur, við það, í kjörklefanum. Hitt skiptir engu máli, hvort það veikir eða styrkir eitthvað flokkakerfi. Við erum búin að sjá þessi kerfi út um allan heim, þar sem eru margir flokkar og fáir flokkar og þetta virkar ágætlega allt saman. Þannig að ég held að við ættum ekki að hafa áhyggjur af þessu. Svo ætla ég aðeins að áréttu að ég ætla að draga tilbaka þessa brtt. mína nr. 22, og hún samsamast inn í brtt. 65, 36. gr. Alþingiskosningar, sem Vilhjálmur Þorsteinsson flutti hérna fram áðan. Þannig að ég bara hvet alla til þess að styðja þá brtt.. Takk.

SN

Þá er það Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar aftur, og aðrir sem heyra. Þetta er náttúrulega afskaplega mikilvægt mál, sem við erum að ræða hérna. Eitt það stærsta sem að við erum að kljást við í þessari stjórnarskrárbreytingu. Þess vegna held ég að við verðum að gefa okkur dálítið góðan tíma í þessar umræður núna, þó við förum kannski eitthvað yfir tímamörkin. Ég ætla a.m.k. að leyfa mér það að masa hérna um flestar tillögurnar og byrja hérna dálítið hendingarkennt kannski, á tillögunni sem lengst gengur, frá Silju Báru, að snúa alfarið frá því sem að við höfum talið í C-nefnd að væri svona í grundvallaratriðum samkomulag um, og taka upp miklu einfaldara kerfi að hennar mati. Það hefur staðið upp úr öllum hérna lengi, finnst mér, þó maður eigi kannski að fara varlega að tala um þjóðina og aðra slíka, að menn vilji negla svolítið niður hvernig kosningalög eigi að vera, og þetta sé of erfitt mál fyrir þingmenn sjálfa að taka á. Þannig að ég held við höfum nú í okkar málamiðlunartillögu farið þar beggja blands og haft svona hæfilegt svigrúm fyrir þingið líka. Það er t.d. ekkert sagt um það hvaða persónukjörsaðferð á að nota, og það koma ótal margar til greina. En Silja Bára t.d., hún talar ekkert um persónuval í sinni tillögu, þannig að það er alveg undir hælinn lagt hvort að það myndi ná fram að ganga. Og hins vegar talar hún heldur ekki um landslista, en það var svona eitt lyklatríði í málamiðlun þeirra sem vildu annars vegar landið eitt kjördæmi og hinna sem vildu halda sér í kjördæmi, að það væri þó landslisti allavega. Þannig að ég leggst gegn þessari tillögu og mæli með því að hún nái ekki fram að ganga. En þá er það hin tillagan, sem Silja Bára lagði fram, og hún er í tveimur gjörólíkum liðum, og ég styð þann seinni. En það er svolítið bagalegt að það sé ekki hægt að fara höndum um þetta, t.d. í nefnd, ég held að það væri hægt að stytta þetta ákvæði, sem kveður á um það að það megi ekki breyta þessum þáttum kosningalaga, þegar sex mánuðir eru til kosninga. Ef þið lesið þetta eins og það er hérna aftan á skýringunum, þá sjáið þið að þetta er nokkurn veginn orðrétt eins og í málsliðnum á undan. Þannig að ég held að það væri hægt að líma þetta betur saman og hef sjálfur verið með tillögur þar að lútandi. Þannig að ég myndi nú, vonandi með leyfi, eða vonandi leggur Silja Bára það til að nefndin fái að fjalla um þetta. Ég styð sjónarmiðið sem er þarna, í seinni mgr.

Það fyrra styð ég ekki um hlutbundnar kosningar. Það er margbúið að fara í gegnum þetta, og við erum búin að rannsaka svolítið hvað þetta merkir. Þetta er í besta falli loðið hugtak en í versta falli merkir það tvennt, annars vegar það að það skuli bara við eitthvað annað heldur en að kjósa persónukosningu, eins og er í sveitarhreppum þar sem engir listar eru í framboði. Ég hygg að það hafi upphaflega verið merkingin þegar þetta orð kom inn fyrir 100 árum. Þá merkti það listakosning, en ekki endilega hlutfallsleg kosning. Þannig að það eitt gæti þá frekar boðið þeirri hættu heim sem að Silja vill forðast, að það verði hægt að nota meirihlutakosningu. En ákvæðið sem er í frumvarpsdrögunum núna, sem er tekið nánast

orðrétt upp úr gildandi stjórnarskrárákvæðum, um það hvernig þingmenn eigi að úthluta í sem bestu samræmi við fylgi flokkanna á landsvísu, það er miklu sterkara og skýrara heldur en að vera þarna með orðið hlutbundin kosning. Nú, þetta var nú það. Síðan um þröskuldinn. Þar er ég nú eins og Pawel, kannski svolítið tvístígandi, ef ég skildi hann rétt áðan. Og þetta var ekki í okkar upphaflegu tillögum, ef ég man rétt, en þetta var svona eitt af þeim atriðum sem við tókum inn, eftir að allir skulfu hérna á beinunum eftir vissa gestsheimsókn. En á hitt er líka að líta að sko, ég er bara eins og aldurinn segir til um, orðinn dálítið raunsær í því hvað næst fram að ganga. Ég er handviss um að Alþingi mun reyndar taka þetta plagg upp. Ég ætla nú ekki að útvarpa því mikið. En þetta væri alveg tvímælaust eitt atriði sem þeir myndu sjá tilefni til að taka upp, ef við fellum niður þröskuldinn. Og það eru til þarna rök með og móti, en ég held bara, út frá svona pólitískri skynsemi, bæði þess að reyna að fá þetta plagg samþykkt, og hins vegar ...

SN

Má ég biðja þig um að stytta mál þitt ...

ÞH

... horfandi kannski til aðstæðna þá ættum við að falla frá þessu. Ég skal reyna að stytta mál mitt. En að lokum þetta með persónukjörinu sem er aðaltillagan, finnst mér í þessu plaggi sem við erum að leggja hérna til, að þá vil ég fyrst benda á það sem að var misskilningur hjá Lýð, held ég, að það væri ekki verið að leyfa þarna val þvert á lista, takið eftir orði listum í mgr. sem við erum að leggja til, er í fleirtölu. Varðandi þetta að þetta auki eða dragi úr sveiflum, mér finnst það nú reyndar dálítið skrítið að það sé núna allt í einu talið til vandræða, ef þetta drægi úr sveiflum. Ég er næstum því viss, ef að útkoman hefði verið í hina, að þetta yki sveiflunnar, þá mundu menn nota það sem rök gegn persónukjörinu. En ég ítreka það bara, ég er búinn að reikna svolítið og búa til smá hermílikan af þessu, líkindafræðilegt hermílikan, það þarf afskaplega mikið til að þetta dragi eitthvað verulega úr sveiflum. Það getur verið, en ég bið menn að líta engan veginn á það sem eitthvað sem ætti að hindra að þetta yrði tekið upp. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Virðulegi formaður, góðir ráðsmenn. Ég tek til máls til að lýsa glaður yfir stuðningi við þrjár af þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir. Ég er nú reyndar meðflutningsmaður að einni þeirra, og það er tillagan sem Þorkell Helgason lýsti vel, eins og aðrir hafa gert hér áður. Ástæðan til þess að ég tel rétt að þessi brtt. verði samþykkt er, að hún færir í fyrra horf glæsilegar tillögur C-nefndarinnar, um kosningakafliann í stjórnarskránni. Og það er tvennt sem rataði út úr frumvarpinu, fyrir nokkru, og við viljum að komi inn í

það aftur. Og það er í fyrsta lagi klár skírskotun til persónukjörs, inni í textanum, bara í samræmi við kalli og kröfur þjóðfundar, sem okkur ber að taka mið af, og síðan einnig orðalag, sem felur í sér, með skýrum hætti að frelsi kjósendans til þess að kjósa þvert á lista, það er frelsi sem eykur og eflir lýðræðið í landinu og er mjög í anda þeirrar hugsunar sem bjó að baki þessum tillögum. Ég hygg að frelsið til þess að kjósa, í persónukjöri, þvert á lista, þannig að þeir sem að fylgja einu framboði að málum, séu frjálisir að því að merkja einnig við frambjóðendur í öðrum samtökum, það muni styrkja mannvalið á Alþingi og efla störf þess öll. Ég er einnig ánægður með brtt. nr. 61 frá Dögg Harðardóttur, þar sem kveðið er á um að vilji þeirra kjósenda sem koma á kjörstað og skila auðu, sé virtur, í andstöðumerkingu við þá sem sitja heima. Það að skila auðu eru skilaboð, og mér finnst eðlilegt að ef þeim sem skila auðu til þess að lýsa óánægju sinni með stjórnvöld, sjái þá þeirri óánægju sinni stað í samsvarandi fækkun manna á þingi.

Þriðja tillagan sem mig langar að lýsa stuðningi við er tillaga nr. 19, sem Katrín Oddsdóttir mælti fyrir. Mér finnst rétt að ákvæðið um þröskuld, að það þurfi 4% stuðning til að ná kjörnum manni á þing, sé felld út, vegna þess að niðurfellingin væri mjög í anda þeirrar kosningalöggjafar sem við erum að mæla fyrir um. Við erum að mæla fyrir um kerfi þar sem að einstaklingar geta boðið sig fram við hlið flokkanna, og þá myndi hár þröskuldur, 4% eins og í Þýskalandi, vinna gegn því markmiði. Þess vegna styð ég þessa tillögu. Takk fyrir.

SN

Já, þakka ykkur fyrir. Þá er komið að því að kjósa um þessar tillögur og við byrjum á því að kjósa um brtt. nr. 60, sem Silja Bára Ómarsdóttir er flutningsmaður að, því hún gengur sýnu lengst. Hún er um það, sem sagt, að það verði sett í reglur, kosningar verði sem sagt settar í almenn lög, og aðeins grundvallarreglur í stjórnarskrá. Og þá hefjum við kosningu um þessa brtt.

Og henni er hafnað með 17 atkvæðum, 5 samþykktu og 2 sátu hjá.

Og þá kjósum við ... Já, ég stjórnna því nú reyndar ekki, en bið ykkur um að hafa niðurstöðuna aðeins lengur á skjánum, þannig að fólk geti áttað sig á niðurstöðunni.

Nú, þá er tillagan að við tókum næst brtt. nr. 65. Samskonar tillaga frá Lýði Árnasyni nr. 22 hefur verið dregin tilbaka, þannig að það er óþarfi að vísa þessu í nefnd. Já ...

ÞH

Mér finnst nauðsynlegt að taka tillögu Andrésar og Daggar fyrir fyrst. Verði önnur af þeim samþykkt þá þarf að huga vel að hinum ákvæðunum.

SN

Andrésar og Daggar, taka þær fyrst ... Jú, jú, það er í góðu lagi, við getum gert það. Þá tókum við ... bíðið aðeins ... það er komin hérna tillaga. Það er kannski skynsamlegt að taka fyrst brtt. nr. 6 og síðan nr. 61, og þar á eftir nr. 65.

En ef við byrjum á brtt. nr. 6, sem er frá Andrésí Magnússyni, og hún er um að veita kjósanda heimild til að kjósa slembival. Það er brtt. nr. 6, hafa allir brtt. nr. 6 fyrir framan sig? Og þá hefjum við kosningu.

Og niðurstaðan er að henni er hafnað með 17 atkvæðum, 5 samþykktu og 2 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 61, skráð af Dögg Harðardóttur, og það er um að auðir kjörseðlar kjósenda vegi jafnt á við önnur atkvæði og valdi auðum sætum á Alþingi. Og við hefjum kosningu, og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 15 atkvæðum, 8 samþykktu og 1 sat hjá.

Þá er það brtt. nr. 65, um það að kjósandi velur með persónukjörri frambjóðendur á lista í sínu kjördæmi eða landslistum, eða hvoru tveggja. Honum er heimilt ...

ÞH

Má ég aðeins gera athugasemd? Sko, verði fyrri tillaga Silju Báru og fleiri samþykkt um hlutbundnar kosningar, þá finnst mér að þurfi að jafnvel að nefndin að skoða aðeins 65, yrði hún samþykkt, eða við flutningsmennirnir. Þetta er tillaga sem gengur líka ... mér finnst í lagi ... það þarf hvort sem er að greiða um þá tillögu í tvennu lagi, atkvæði ... mér finnst fyrri hlutinn ganga sumpart lengra, heldur en heildartillagan. Hina má greiða um atkvæði eftirá, seinni helminginn, ef þið svo kjósið.

SN

Það er nú betra að gera það hvoru tveggja í einu sko, eða ... það er minna ruglandi, en það eru ... já, þær augljóslega fara allavega ekki tvær saman en sko ... Silja Bára?

SBÓ

Takk. Ég ætlaði að gera málsmeðferðartillögu um að það yrði afgreitt í tveimur, sem sagt kosið eða vísað til nefndar, eftir því hvort að nefndin mætti í raun og veru velja, en að það yrði allavega kosið sitt í hvoru lagi um hlutbundnar og síðan, þannig að ...

SN

Já, ákkúrat. Já, ég held að það sé rétt. En það er þá spurning í hvaða röð eigi að taka þetta, hvort að það eigi að taka þínar, eða þína tillögu ...

SBÓ

Taka fyrri hluta minnar tillögu og síðan 65 og svo seinni hluta minnar. Kalla það 26/1, 65 og síðan 26/2 ...

SN

... og síðan. Já.  
Íris Lind, varst þú að ...

ÍLS

Já, mig langaði bara að benda á sko, að ef að einhverjar nauðsynlegar breytingar eru þarfar, eða sem sagt, ef einhverjar breytingar eru þarfar vegna samþykktar brtt. hér í salnum, þá getur nefnd komið með nýja brtt. til að koma til móts

við það, í nefndarstarfi sínu. Ég held að það sé nú ágætt að kjósa um sem flest svo að við höfum ákveðið, hvað á maður að segja, ákveðna leiðsögn í því nefndarstarfi sem fer fram á milli umræðna.

SN

Einmitt. En það er komin ósk um það að ... það er ekkert því til fyrirstöðu að taka fyrri hluta brtt. nr. 26 fyrst, á undan nr. 65, og þá gerum við það. Það er sem sagt ... Við erum ekki byrjuð að ... kosningin er ekki hafin. Við ætlum að taka brtt. nr. 26 og við ætlum að taka fyrri hlutann. Og það er að við fyrstu mgr. bætist við orðið „hlutbundnum“, hlutbundnum kosningum, til fjögurra ára. Og hefjum kosningu um það.

Og þessari tillögu er hafnað með 13 atkvæðum, þeir sem voru henni samþykktir voru 6 og 5 sátu hjá.

Ég held að það sé minnst ruglandi að við bara tökum seinni liðinn núna, af brtt. 26. Hún er á þá leið að „breytingar á kjördæmamörkum, úthlutun þingsæta og reglum um framboð, má ekki gera ef minna en 6 mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan 6 mánaða frá staðfestingu þeirra“. Þá hefjum við kosningu um þennan seinni lið. Kosning er hafin.

19 samþykktu, 4 höfnuðu og 1 sat hjá, þannig að tillagan er samþykkt.

Þá tökum við brtt. nr. 65. Hún er á þá leið að „kjósandi velur með persónukjörri frambjóðendur á listum í sínu kjördæmi, eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmalista eða einn landslista og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt“. Við hefjum þá kosningu, og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 13 atkvæðum, 9 sögðu nei og 2 sitja hjá.

Og þá er loks brtt. nr. 19. Hún er á þá leið að felldur sé út áskilnaður um 4% þröskuld til að ná kjörnum þingmönnum. Og við hefjum kosningu, og hún er hafin.

Og þessi tillaga er samþykkt með 13 atkvæðum, 10 sögðu nei og 1 sat hjá.

Nú, þá gerum við fundarhlé, matarhlé til korter yfir átta, og það verður matur hér uppi.

ÞH

Mér finnst að það sé nauðsynlegt núna að vísa plagginu til nefndar, kosningaákvæðinu. Það er búið að samþykkja þarna eitthvað sem þarf að ríma saman.

SN

Já, það er skilningur, fyrirgefið þið, bara svo að við séum í samhljómi. Að það er nefndarvinna milli fyrstu og annarrar umræðu, og þá hefur nefndin heimild til að líta á þessi mál öll og gera brtt. ef eitthvað hefur orðið misvísandi í atkvæðagreiðslu hér. Þannig að það er heimild nefndar til að gera.

AT

Kemur fram í verklagsreglunum.

SN

Já, kemur fram í verklagsreglunum. Og þá gerum við hlé, og til kortér yfir átta. Takk.

SN

Þá byrjum við aftur eftir matarhlé og við leggjum núna fram greinar 39 til 48, og breytingartillögur sem hafa komið um þær greinar, og þær eru númer 96, 78, 98 og 47. Sú fyrsta gr. 39 er um kjörgengi, og það er breytingartillaga númer 96. Og það er Silja Bára Ómarsdóttir gjörðu svo vel.

SBÓ

Já góða kvöldið, velkomin aftur ef einhver er að hlusta. Hérna ... númer 96, breytingartillaga um kjörgengi, þetta eru 2 greinar í frumvarpsdrögumunum hjá okkur, og mig langar til að leggja til að þetta verði ein grein þannig að bæði kjörgengi og missir kjörgengis komi þarna bara saman, mér finnst það einfaldara og þetta er engin orðalagsbreyting og þetta líka stytting skjalið svona þó að það sé engin textastytting. Þannig að þetta er nú allt og sumt. Takk fyrir.

SN

Þá er það breytingartillaga númer 78 við grein 41. Gildi kosninga. Pawel Bartoszek gjörðu svo vel.

PB

Já kærur vinir, ég legg fram breytingartillögu sem var samþykkt í C-nefnd þegar hún hittist síðast, hún er við grein um landskjörstjórn, að þar bætist við „úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla“. Þetta var raunar alla tíð ætlun nefndar að þetta væri verkferill, okkur þótti það að liggja af orðanna hljóðan að ef að landskjörstjórn í stjórnvalds hlutverki að hún gefur út hérna kjörbréf um úrskurð um hvort þingmaður hafi misst kjörgengi, að þeim úrskurði yrði skotið til almennra dómstóla. Hins vegar við lestur greinarnar hefur mörgum og sérstaklega sérfræðingum hafa vaknað upp spurningar hvort þetta væri meiningin og því þótti okkur rétt að áréttu þetta sérstaklega, þetta er sem sagt ekki efnisbreyting heldur áréttun á því fyrirkomulagi sem nefndin ætlaði sér alltaf að myndi verða.

SN

Þá er það breytingartillaga númer 98 við 42. gr um starfstíma. Silja Bára Ómarsdóttir gjörðu svo vel.

SBÓ

Já aftur, það er í núverandi grein eða núverandi tillögu sagt að þingið komi saman 2 vikum eftir hverjar alþingiskosningar og þó að það sé ekki algengt að kosningar dragist verulega þá finnst mér eðlilegra að tala um 2 vikur eftir að úrslit þeirra liggja fyrir, það er bara svona smá fyrirvari. Þannig að þurfi ekki að grípa til einhverra bráðabirgðalausna á stjórnarskráartexta, þannig að ég legg til að þetta sé sem sagt að Alþingi sé kallað saman eigi síðar en 2 vikum eftir að úrslit kosninga liggja fyrir. Ég get ekki séð að þetta breyti neinu um efni, hafi sem sagt ekki áhrif á neinar

aðrar tillögur og ef það er kæra eða töf þá er þetta öruggara ákvæði. Takk.

SN

Þá er það 4. tillagan í þessum hópi hér, það er breytingartillaga nr. 47 við 48. gr. hagsmunaskráning og vanhæfi. Íris Lind Sæmundsdóttir, gjörðu svo vel.

ÍLS

Já kærar þakkir, ég ætla nú bara að hafa þetta örstutt, hún er nú frekar einföld þessi tillaga, hún lítur að því að í ákvæði um hagsmunaskráningu og vanhæfi 1. mgr. er talað um að alþingismaður sé óheimilt að taka þátt í afgreiðslu máls sem varða sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna, mín tillaga er að í staðinn fyrir „og“ komi „eða“ þannig að um sé að ræða að alþingismaður sé óheimilt að taka þátt í afgreiðslu máls ef það varðar sérstaka eða verulega hagsmuni hans. Ég tel að með þessu að skilyrða það að bæði þessi skilyrði séu uppfyllt til að alþingismaður sé óheimilt að taka þátt í meðferð máls sé verulega útilokandi og þá er ekki nóg að mál verði sérstaka hagsmuni hans heldur þá verði það einnig að vera verulegir hagsmunir til að honum verði gert óheimilt að taka þátt í meðferð máls, og ég vísa hér til þess í stjórnlaganefnd, tillögu hennar, þá var talað um það að einungis væri um að ræða sérstaka hagsmuni þingmanns til að honum yrði gert óheimilt að taka þátt í meðferð máls og nefndin bætti hér við verulega hagsmuni og ef svo er þá tel ég að við eigum að hafa þá kröfu að það sé annaðhvort sem sé til staðar en ekki bæði því þá tel ég að við séum að tala um verulega skerðingu eða við erum að þrengja þetta ákvæði. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessar tillögur sem hafa verið kynntar. Einhver sem vill taka til máls. Vilhjálmur Þorsteinsson gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og aðrir ráðsfulltrúar, ef ekki verða aðrir til þess úr B nefnd þá ætla ég kannski að fjalla aðeins um síðastnefndu tillögu, breytingartillögu 47 við 48. gr. Hagsmunaskráning og vanhæfi. Hún er um það að fella út „og“ milli sérstakra og verulegra hagsmuna og setja „eða“ í staðinn. Þetta er mál sem að B nefnd hefur skoðað rækilega og það er rétt sem að stendur í skýrslu stjórnlaganefndar að alþingismaður sé óheimilt að taka þátt í afgreiðslu máls sem varðar sérstaka hagsmuni hans eða honum nákominna. Hins vegar þá þótti okkur þetta of rúmt. Það verður að hafa það í huga að það getur valdið töluverðum vandræðum ef að alþingismaður er vanhæfur í máli. Það þarf þá að kalla inn varamann í hans stað, eða þá að menn þurfa einhvern veginn að ná samkomulagi um að para út þingmönnum. Það væri mjög óheppilegt ef að þetta færi að gerast vegna mjög lítilla sérstakra hagsmuna. Bara dæmi sem að menn hafa nefnt er þingmaður sem kannski, já segjum þingkona sem væri ólétt eða þingmaður sem ætti von á barni, það væri verið

að afgreiða frumvarp um breytingar á fæðingarorlofslögum. Það gæti vissulega talist sérstakir hagsmunir þingmannsins kannski, en myndu eflaust ekki teljast verulegir. Það er svona verið að reyna að koma í veg fyrir að eitthvert svona smælki geti valdið hreinlega deilum líka á Alþingi líka um vanhæfi þingmanns, og þetta orðalag um sérstaka og verulega hagsmuni er að finna annars staðar í lögum. Og við teljum að þetta sé rétta leiðin, í nefndinni. Og ég ítreka það, við erum búin að ræða þetta vel og þetta ákvæði allt um vanhæfi þingmanna og að þeir kalli inn varamenn. Þannig að við erum eindregið þeirrar skoðunar að sérstaka og verulega þurfi að vera, og að þetta eigi ekki að vera of vítt. Þetta eigi að vera tiltölulega þröngt og taka til þeirra tilfella þar sem að þingmaður er raunverulega að verja, eða á verulegra sértækra hagsmuna að gæta. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Það eru tveir hlutir hér sem mig langar að taka til máls um. Það er í fyrsta lagi þessi sameining greina. Það er auðvitað ekki sko eitthvað gríðarlega stórt atriði. Mér finnst samt kannski ákveðin rök vera að baki hinni uppsetningunni, að kjörgengi sé í einni grein, og missir kjörgengis í annarri og svo kannski er það nú ekkert stærsta atriðið, en það liggja fyrir ákveðnar skýringar við þetta og þetta er í ákveðinni röð og ég held að breytingin sé ekki, að mínu viti, til batnaðar. Svo mundi þetta kalla á ákveðna vinnu til viðbótar.

Nú annað er það, sem er kannski stærra, hvort að Alþingi eigi að koma saman tveimur vikum eftir úrslit, eftir Alþingiskosningar, eftir að þau liggja fyrir, þetta er auðvitað ákveðin efnisleg breyting. Ég mundi nú vilja halda þessu óbreyttu án þess að hafa skoðað þetta mjög vandlega. Ég held að það sé heppilegra að kveða á um það að stjórnvöld þurfi þá að drífa sig í því að klára það að reikna út úrslit kosninga og eigi þá á hættu að brjóta stjórnarskrá, sé það ekki gert, frekar en að þau geti endalaust afsakað sig með því að það sé verið að reikna þetta aðeins betur og jafnvel tafið það að þing komi saman með einhverjum þannig formsatriðum. Þannig að mín fyrstu viðbrögð, svona eftir að hafa séð þetta og skýringar við, væri að halda þessum tveimur atriðum óbreyttum. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, ég þakka Pawel fyrir mjög fín svör. Það er ágætt að fá þau, ég hafði ekki séð þetta svona í þeim hraða lestri sem ég þurfti að vinna. Þannig að ég skal bara draga tilbaka þessa brtt. nr. 98. En ég vil mjög gjarnan fá atkvæðagreiðslu um nr. 96. Takk. Enda fannst mér ekki ... hann sagði að það væru viss rök, en hann sagði aldrei hver rökin voru.

SN

Einhverjir aðrir sem vilja taka til máls? Ef ekki þá legg ég til að við göngum til atkvæðagreiðslu um þessar þrjár tillögur og við byrjum á nr. 96, grein um kjörgengi. Kosning hefst þá núna. ... Það er um sameiningu tveggja greina, þetta er brtt. nr. 96, að sem sagt kjörgengi og missir kjörgengis ...

Já, hún er samþykkt með 9 atkvæðum, 8 segja nei og 7 sitja hjá.

Þá er það brtt. nr. 78 um gildi kosninga og þar er bætt við að úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla. Og við hefjum kosningu og hún er hafin.

Tillagan er samþykkt með 23 atkvæðum og 1 sat hjá.

Þá er það brtt. nr. 47 við 48 gr., hagsmunaskráning og vanhæfi. Og það er sem sagt að fella út í fyrsta málslið mgr. og setja inn, já fella út og setja eða inn. Og við hefjum kosningu, og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 16 atkvæðum, samþykki voru 7 og 1 sat hjá.

Nú, þá tókum við fyrir og leggjum fram næstu greinar sem eru gr. nr. 49 til 53. Og þar eru brtt. nr. 7, 23, 95 og 55. Það eru breytingartillögurnar sem við tókum núna fyrir. Og fyrst þeirra er nr. 7 og það er Örn Bárður Jónsson, gjörðu svo vel að fylgja henni eftir. ... Þú ert með, er það ekki rétt, styrkir til frambjóðenda? Er það Katrín? Ætlar þú að ...? Já. Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel. Fylgir brtt. 7 úr hlaði.

KO

Takk. Örn getur þá bætt við ef ég gleymi einhverju. Já, ég þakka ykkur fyrir, kærur vinir. Ég held að þetta sé ein af mikilvægustu breytingartillögum, að mínu mati, sem að þurfi að ná framgangi í ráðinu okkar. Hún er flutt af mér sjálfri og Erni Bárði Jónssyni, Þórhildi Þorleifsdóttur, Þorvaldi Gylfasyni, Silju Báru Ómarsdóttur, Péttri Gunnlaugssyni, Lýð Árnasyni, Illuga Jökulssyni, Gísla Tryggvasyni, Arnfríði Guðmundsdóttur og Andrés Magnússyni. Og þessi brtt. hún snýst um að breyta 49. gr. þannig að hún hljóði með eftirfarandi hætti: „Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að þiggja hvers konar framlög frá öðrum en einstaklingum, ríkissjóði og sveitarfélögum. Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum, samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum. Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórnmalaflokka, svo og um fjármál frambjóðenda, í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu“. Þarna hefur eitt auka og slæðst inn. En þessi tillaga er gífurlega mikilvæg, vegna þess að við erum að skrifa þessa stjórnarskrá í kjölfar ákveðinna atburða og ég held að það sem hafi gerst í miðju hjá okkur, ef ég má grípa niður í bls. 107 í 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar segir: Setja þarf skýrar reglur um styrki til stjórnmalamanna og um gagnsæi í bókhaldi stjórnmalaflokka. Leita þarf leiða til þess að draga skýrari mörk á milli fjármálalífs og stjórnmalá. Ekki er líðandi að gæslumenn almannahagsmuna gangi



erinda einkafyrirtækja, með þeim hætti sem gert var í aðdraganda bankahrunsins. Þetta eru mjög afdráttarlaus skilaboð sem þarna koma fram. Og sömu skilaboð fengum við t.d. hjá Birgi Hermannssyni, stjórnmaálafræðingi, sem á nú að hluta til textann í þessari tillögu okkar, eða lagði til ákveðið orðalag sem við byggðum á. Og markmiðið með þessari brtt. er mjög svipað og markmið núgildandi laga um fjármál stjórnmaálasamtaka og frambjóðanda, þ.e.a.s. að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gegnsæi í fjármálum. Og auka þannig traust á stjórnmaálastarfsemi og efla lýðræðið.

Ég held að þetta sé gríðarlega mikilvægt. Það er svo mikilvægt að það sé ekki að blandast saman þessir miklu fjárhagslegu hagsmunir einkafyrirtækja annars vegar og svo stjórnmaálaframbóða flokka hins vegar. Og þess vegna er tillagan lögð fram. Það er gífurlega löng greinargerð sem fylgir með þessu, sem ég vona að þið hafið haft tök á að lesa. Og ég vil ekki lengja fundinn með því að lesa hana hérna alla upp. En þetta snýst, eins og þið vonandi vitið, um að tempa þennan stóra lýðræðishalla og að reyna að koma í veg fyrir að það skapist alltaf þessir hagsmunaárekstrar sem að hvert mannsbarn einhvern veginn, getur ekkert staðið gegn. Þetta er ekki það að fólk sé einhvern veginn með annarlegan ásetning, heldur bara einfaldlega að þarna blandist saman óheppilegir hagsmunir. Og ég vek sérstaka athygli á því, að þessi lög sem ég vitnaði í áðan, þeim hefur verið breytt nýlega og taka mjög svo í sambærilegan streng og þessi tillaga, þ.e.a.s. fyrir utan kannski það að þau tala ekki um auglýsingar. En þau segja að það eigi að sem sagt, takmarka frá lögaðilum, og þau segja að það eigi að vera kannski yfir ákveðinni hámarksframlög sko, þannig að við reyndum að fylgja því eins og við gátum. Og þau segja að þau vilja stuðla að auknu gegnsæi og þetta allt saman sem við erum að reyna að gera með þessari tillögu. Síðan er sérstaklega í 3. mgr., vek ég athygli ykkar á því að þar er talað um auglýsingar. Og það er sem sagt þannig í nær öllum Evrópuríkjum, þá eru auglýsingar stjórnmaálflokka í ljósvakamiðlum a.mk., bannaðar. Við vorum fyrst að hugsa um að reyna að setja fram einhvers konar ákvæði um að það ætti að banna auglýsingar en okkur fannst það of langt gengið, þannig að við ákváðum að eftirláta lög-gjafanum hvernig hann mundi vilja útfæra þetta, en tókum þó þetta orð fram í ákvæðinu, til þess að vera alveg viss um að þetta væri eitthvað sem yrði tekið á. Af því það er ekki með neinum hætti eðlilegt að fólk fái svo mikið áreiti í tengslum við hversu miklir fjármunir eru bakvið hvert pólitískt framboð. Þannig að ég vona innilega að við sjáum okkur fært að koma þessu í gegn. Takk.

SN

Katrín er einnig með brtt. nr. 55, viltu ekki bara taka hana núna líka? Um opna fundi.

KO

Hún er í örstuttu máli sú, að fundir alþingisnefnda verði opnir að meginreglu, en þó verði

heimilt að loka þeim. Og þetta er kannski bæði í kjölfar þess að það hefur verið ákveðið að fækka umræðum, en ég reyndar er á annarri brtt. ásamt Íris Lind og fleirum, þar sem er talað um að fjölga umræðum aftur upp í þrjár. Þannig að það er kannski, mundi mögulega falla frá annarri hvorri, ef það verður fallist á hina. En ákvæðið mundi þá hljóma þannig: „Fundir Alþingis eru haldnir eru haldnir í heyranda hljóði. Fundir þingnefnda skulu haldnir í heyranda hljóði en þingnefnd getur þó ákveðið að fundurinn sé lokaður almenningi“. Þannig að þarna er bara verið að reyna að opna lýðræðið og fólk getur tekið þessar ákvarðanir bara fyrir opnum tjöldum, trúi ég. Og það gefur þó svigrúm til þess að loka fundum, ef þess þarf. Og ég held að það sé ekkert sem að þarf að óttast í þessum málum. Það er hægt að útfæra þetta þannig að þetta sé bara útfæra á netinu, ef að fólk er hrætt um að öll herbergi fyllist af almenningi, en ég held að við þurfum nú ekki, svona í ljósi þess hvað er að gerast hérna hjá okkur, að hafa miklar áhyggjur af því. Og ég held að þetta myndi bara verða til bóta, og ég held að allt starf yrði betra. Takk.

SN

Þá tókum við næst brtt. nr. 23 við 50. gr. um þingforseta. Og það er Lýður Árnason sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, takk. Þetta er brtt. við 50. gr. um þingforseta. Það má segja það, svona í upphafi okkar vinnu, þá átti hann hugsanlega að gegna stærra hlutverki í stjórnskipuninni og hugsanlega taka yfir að einhverju leyti, hlutverk forseta Íslands. Eftir því sem vinnan hélt áfram að þróast áfram, þá hefur þingforseti eiginlega horfið til baka til síns fyrra hlutverks, og þá er eiginlega spurning að mínum dómi hvort að við þurfum nokkuð að vera með sérstakt ákvæði um þingforseta í stjórnarskrá. Og ég mæli eiginlega með því að þetta ákvæði falli því brott. Ég ætla svo aðeins rétt að bæta við, því það hafa einhver álit stutt þetta, sem við fengum. Allavega var ég að lesa frá henni Hjördísi Hákonardóttur, hæstaréttardómara, að hún styður líka þetta sjónarmið. Þannig að ég legg þetta fram svona, þannig að ráðið fái tækifæri til þess að greiða um þetta ákvæði. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 95 við 52. gr. um þingnefndir. Og það er Katrín Fjeldsted sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

KF

Já, takk fyrir það. Þessi brtt. kemur eftir vinnu í B-nefnd og orðalag þessarar greinar fjallar um fastanefndir annars vegar og sérnefndir hins vegar. En eftir að greinin og ákvæðið barst inn í frumvarpsdrögin, hefur þingskaparlögum verið breytt og sérnefndir ... þeirra er ekki lengur getið í þingskaparlögum, sem taka gildi í október nk. Þess vegna fannst okkur eðlilegt að taka þetta

orðalag út, sem er um sérnefndir. Þannig að ákvæðið hljóðar þá bara: „Alþingi kys fastanefndir til að fjalla um þingmál“. Og svo óbreytt: „Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum“.

SN

Þá er orðið laust um þessar fjórar tillögur. Þorkell Helgason.

ÞH

Formaður og góðir félagar. Ég tek þetta í þeirri röð sem að þetta liggur fyrir og byrja þá á tillögu Katrínar Oddsdóttur og féлага, þess efnis að ... sem er eiginlega í þrennu lagi, þannig að það er mjög brýnt að það verði þá afgreitt þannig, að það sé tekin hver mgr. fyrir sig. Fyrst vil ég nú benda á það að það þarf að samræma orðfæri. Það er ekki lengur talað um stjórnmalasamtök í öðrum hluta þessa kosningakafla, heldur samtök framþjóðenda. Þannig að til þess að það sé nú system í galskapnum þá þyrfti að breyta allavega í 1. mgr. því. Þá vil ég spyrja flutningsmenn hverju þeir eru raunverulega að breyta í miðmálsgreininni, ég sé það ekki alveg. Og í 3. mgr. þarf ég aftur að spyrja, er þarna eingöngu verið að tala um stjórnmalaflokka, eða þetta sem að við köllum samtök um framboð? Er það meðvitað, að þarna er talað um stjórnmalaflokka en í 1. mgr. um stjórnmalasamtök? Þetta var nokkuð sem að ég þyrfti að fá skýringar við. Það kann að vera að það standi í þessari löngu greinargerð sem ég hef nú ekki haft tækifæri til að lesa nema á hundavaði.

Þá er það Lýður Árnason. Það eru engin ákvæði um forseta Alþingis núna, en B-nefnd ætlar honum mikið hlutverk. Þannig að ég held að við verðum nú að halda þessu. En þetta gefur enn og aftur tilefni til þess að velta vöngum yfir því, þessu með 2/3 hluta. Ég veit að þetta er fallega meint og kemur frá stjórnlaganefnd, og þetta á að vera til þess að gera þingforsetann svona hafinn yfir minni- og meirihlutadeilur, en ég verð bara aftur, sem rökfræðingur, að spyrja hvað gerist ef að þetta næst ekki? Verður þá ekki að hafa eitthvað ... hafi ekki tekist að kjósa þingforseta í tveimur atkvæðagreiðslum, þá skal kjósa með einföldum meirihluta eða eitthvað svoleiðis. En því miður, það virðist ekki hægt að fjalla um þetta, nema þessari tillögu verði vísað í nefnd. Þá gæti hún kannski tekið það upp. Já, og að lokum ætlaði ég að nefna 55. gr., ég hleyp þarna yfir tillöguna, ég geri enga athugasemd við þá sem er þar á undan. Sko, það að hafa allar þingnefndir opnar, það finnst mér vera í mótsögn við það, að það sé svona, reglan. Það er í mótsögn við það að nefndir eigi að vera vinnunefndir. Ég vil minna á það, að þessi samkoma hér hefur ekki haft einn einasta opinn nefndarfund í sínu starfi. Af hverju? Það er vegna þess að við viljað geta talað svona án þess að alþjóð væri að hlusta á okkur og reynt að komast að málamiðlun og láta öll sjónarmið heyrast. Það yrði allt annar tónn á þessu, eins og við þekkjum t.d. úr sjónvarpssendingu frá ameríska þinginu. Þannig að ég leggst eindregið gegn þessari breytingu. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, aðeins bara nokkuð orð hérna um 7. gr. Ég held að þetta sé alveg rétt, þessi ábending frá honum Þorkeli, að það sé kannski ekki nægilega vel að orði kveðið þarna, að það sé bara starfsemi stjórnmalaflokka, sérstaklega í ljósi þeirra brtt. sem við höfum verið að samþykkja hérna, þá sjálfsagt verður að orða þetta öðruvísi, en það rýrir ekki innihald greinarinnar. Og þetta á að geta orðið áhrifaríkt tæki til þess að vinna gegn spillingu og já, að menn geti keypt sér frið, eða stuðning við sín mál. Ég hef þegar sagt mína skoðun á opnum þingnefndarfundum. Ég held bara að reynsla okkar héðan sýni það að við værum allt öðruvísi stödd í dag ef allir okkar fundir hefðu verið opnir. Ég ætla aðeins að víkja hér að þingforseta og fyrst að svara Þorkeli Helgasyni. Ef að Alþingi getur ekki komið sér saman og kosið þingforseta með 2/3 hluta atkvæða, þá eru ákvæði í þingskaparlögum um það að aldursforseti situr þangað til að forseti þingsins hefur verið kjörinn og þá er það bara hlutskipti Alþingis. Þá bara tekur það ákvörðun um það að aldursforseti skuli sitja áfram. En ég held að ykkur sé öllum kunnugt um, á hvað er verið að leggja áherslu með þessu ákvæði. Það er verið að gera minnihlutann ábyrgari og þar með virkari, og í rauninni verið að auka rétt minnihlutans. Og þetta ætti að gera það að verkum að störf forseta yrðu óumdeildari því að hann sækir þá fylgi sitt til fleiri heldur en meirihlutans og verður því að vera yfir allan vafa hafinn í sínum störfum, að hann hyglaði einum frekar en öðrum, án þess að ég sé nú endilega að væna þá um að hafa mikið gert það. En þetta tryggir þessa samheldni og samábyrgð sem við erum að reyna að kalla fram, ja eða ekki tryggja, þetta er eitt af því sem að stuðlar að samábyrgð og samstarfi sem við erum að reyna að kalla fram. Og ég held að ... hér hafa margir látið mörg ljót orð og stundum finnst mér nú stundum full ljót, um þingmenn ... að þetta sé allt óalandi og óferjandi lið, og allir sem hafa komið nálægt stjórnmalastarfsemi. En þetta er einmitt liður í því að betrubæta starfsháttu þeirra. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar. Formaður B-nefndar fól mér að ræða brtt. 23 við 50. gr. ...

ÞÞ

Fyrirgefðu Eiríkur, fyrirgefðu ... ég vissi ekki ...

EBE

En Þórhildur hefur tekið af mér ómakið og ég þarf ekki að endurtaka það. Það er fint. Þannig að varðandi þetta með þingforsetann, að þá kannski ... bara að bæta því við, eða hnykkja á því réttara sagt, að þetta er að tillögu stjórnlaganefndar að hluta til. Og við höfum hugsað þetta í þaua.

Þetta er ekki sett fram svona sem einhvers konar hugdætti. Þannig að ég held að við ættum bara að fá atkvæðagreiðslu um þetta og við stöndum að þessu. Nú varðandi þingnefndirnar, að þá sko getur maður nú ekki varist því að finnast það þínkultíði kaldhæðnislegt að Stjórnlagaráð, sem einkum hefur starfað í reykfylltum bakherbergjum í nefndarstarfi á milli ráðsfunda, ætli nú að fyrirskipa Alþingi að hafa sína nefndarfundir alla opna. Og fyrir utan það að þá gengur það gegn megingintillögum, svona lunganum úr tillögum B-nefndar um að breyta Alþingi í sannarlegt vinnuþing. Það sé ekki átakþing á svona sviði leiktjaldanna, heldur raunverulegt vinnuþing og þess vegna er mjög mikilvægt að skipta þarna á milli, að þingfundir séu opnar en þingnefndar fundir ... nefndirnar ákveði það sjálfar hvort þær hafi opnar eða ekki. Og þá gefst mér smá tími til þess að tala um styrki til frambjóðenda. Sko, ég skil mæta vel það sem hér er lagt til í þessum breytingum og ég styð þetta í hjarta mínu. En ég held að það sé ekki hægt að styðja þetta eins og þetta er fram lagt hérna, vegna tvenns. Í fyrsta lagi að þá er þarna of fortakslaust bann við fyrirtæki að styðja stjórnmalasamtök, og það er nú satt að segja þannig að í þeim tilvikum þegar að fyrirtæki styðja stjórnmaláaöfl, að þá reyna þau mun oftast að gæta jafnvægis á milli stjórnmalaflokka og styrkja fleiri en einn stjórnmalaflokk, fremur heldur en ef að viðkomandi auðmaður er látinn gera það privat. Þá er hann miklu líklegri til þess að styrkja eingöngu sinn eigin stjórnmalaflokk. Þannig að satt að segja, að þegar það fer í gegnum fyrirtækin að þá er það líklegra til að dreifast, heldur en ef það fer í gegnum auðmanninn sjálfan. Síðan er það þannig að þetta orðalag um stjórnmalasamtök og frambjóðendur. Það er mjög auðvelt að komast fram hjá þessu orðalagi og það er lítið mál fyrir eitthvert góðgerðarfélagið innan gæsalappa, að kosta kosningabaráttu hvaða stjórnmalaafls sem að það svo kys, fram hjá þessu ákvæði. En 3. mgr. er góð. Og það væri hugsanlega hægt að ... ef að málið færi aftur inn í nefnd, að endurorða þessa brtt. þannig að hún nái sannarlega tilgangi sínum, sem að mér er því miður til efs að því myndi takast með þessu orðalagi. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason og mælendaskrá er lokað þegar hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Varðandi brtt. nr. 7 við 49. gr., sem ég er einn af flutningsmönnum að, og held ég hafi nú lagt til 1. tillöguna um 49. gr., að þá vil ég benda á að þarna erum við að ganga lengra eftir að hafa fengið fræðimenn í heimsókn. Og þeir hafa verið tveir stjórnmalafraeðingarnir, starfandi fræðimenn á sviði stjórnmalafraeði, sem lögðu þetta til. Birgir Hermannsson á, eins og Katrín sagði, beinlínis hugmyndina að 3. mgr. um að setja reglur um fjármál frambjóðenda til þess að halda kostnaði í hófi og tryggja gegnsæi, og Ólafur Þ. Harðarson vék að þessu sama í erindi um annað. Þannig að

ég vil leggja mikla áherslu á að þetta nái fram að ganga. Ef að hins vegar þetta fer í nefnd, eins og Eiríkur var að leggja til rétt í þessu, þá mætti gjarnan skoða fyrri ábendingar mínar um að það er ekki nóg að tala bara um kosningar. Það þarf líka að huga að þjóðaratkvæðagreiðslum, sem við erum að stórauka möguleikann á, og það er ekki nógu gott ef að þær eru algjörlega án banda varðandi fjármögnun, vegna þess að við breytum því ekki með því að halda því fram í greinargerð, að þjóðaratkvæðagreiðsla sé ein tegund kosninga. Svo er ekki. En stjórnmalaflokkar eru stórskuldugir og að óbreyttu geta þeir verið í skuldaklafa og greipum lögaðila, bæði fyrirtækja og hagsmunasamtaka. Eins og sýndi sig með því að þeir settu nú ekki fyrir en 2006, lög um fjármál stjórnmalaflokka.

Og aðeins um 55. gr. Ég tek undir að það væri svolítil ósamkvæmni í því ... brtt. 55 við 53. gr. ... að við færum að leggja til þessa reglu um opna fundi, þegar við höfum ekki stundað það vinnulag sjálf, en höfum reynslu af því að þar er ágætis vinnufríður. Nú síðan vil ég að síðustu tala um brtt. 95 við 52. gr. Þarna höfum við tekist á lengi, vikum saman í B-nefnd og þarna er B-nefnd að leggja til að fella út orðalag sem við vorum orðin ásátt um, að fastanefndir væri ein tegund nefnda og sérnefndir önnur. Ég tel það rangt sem fram kom í skýringum fulltrúa B-nefndar, að við eigum að laga okkur að nýsamþykktum lögum. Það eru lög sem eiga að laga sig að stjórnarskrá og ég vil alls ekki að þessi smekksbreyting nái fram að ganga vegna þess að þannig útilokar hún hugsanlega, með gagnályktun, að aðrar nefndir starfi á Alþingi heldur en fastanefndir. Þannig að það væri hugsanlega málamiðlun að segja: „Alþingi kys nefndir til þess að fjalla um þingmál“, en ef að sagt er: „Alþingi kys fastanefndir til þess að fjalla um þingmál“, þá verður hugsanlega hægt að túlka það þannig að það verði bara fastanefndir. Og það eru jú ekki bara fastanefndir sem að hafa stjórnskipulegt hlutverk, og við nefnum aðeins þrjár þeirra. Takk.

SN

Mælendaskrá hefur verið lokað og næstur talar Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, ég þakka flutningsmönnum brtt. nr. 7 við 49. gr. fyrir tillögu þeirra og greinargerð við hana. Það eru ákveðnir hlutir sem ég á kannski dálítið erfitt með að samþykkja. Mér finnst kannski of fortakslaust að kveða á um takmörkun og bann á auglýsingum í sjálfri stjórnarskránni. Það er auðvitað hægt að gera það í almennum lögum. Og sömuleiðis þá held ég að hömlur á styrki til fyrirtækja, svo lengi sem styrkirnir séu allir opinberir og gegnsæir, þá sé ég ekki alveg rökin fyrir því að það ætti að banna fortakslaust. Tökum eftir því að allar svona hömlur eiga það stundum til að styrkja þá sem fyrir eru, og reynast erfiðari þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref og þurfa kannski að koma sér upp ákveðnum hlutum, sem aðrir eru ekki með.

Hins vegar er fjöldi af flutningsmönnum að tillögunni, þannig að það má gera ráð fyrir að hún njóti talsverðs stuðnings. Og í ljósi þess sem hefur komið fram, bæði hjá Eiríki og hjá Þorkatli, þá legg ég til að hún fari í nefnd, og þar verði t.d. orðalagið um stjórnmalaflokka og stjórnmalasamtök samræmt og svo gerðar aðrar breytingar sem nauðsynlegar kunna að þykja. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já takk. Það er minn skilningur, í framhaldi af því sem Íris sagði hérna áðan að nefndir geti einmitt lagað orðalag og samræmt. Þannig að ég tel ekki að það sé nauðsynlegt að vísa þessari brtt. í nefnd, þrátt fyrir að orðalagið sé vissulega ekki í samræmi við það sem við erum búin að venja okkur á núna, á öðrum stöðum í stjórnarskránni. En vissulega þá eigum við við samtök frambjóðenda, það er það sem þetta á að segja.

Nú í sambandi við 2. mgr. þá spurði Þorkell hvað þetta þýddi raunverulega. Og þetta þýðir það sko, að það eigi að birta þetta jafnóðum, að það sé ný meginregla. Að sem sagt, þetta er ekki bara einu sinni á ári eins og löginn kveða á um núna, heldur eins fljótt og auðið er í raun. Og svo náttúrlega skv. nánari fyrirmælum, þá ef það er ekki hægt að gera það hratt, þá verður löggjafinn að veita ákveðið svigrúm. En að meginreglan sé þessi, að upplýsingarnar eigi að liggja fyrir jafnóðum. Það mundi þá líka breytast þarna í 3. mgr. að samtök frambjóðenda kæmi í staðinn fyrir orðið stjórnmalaflokkar. Eiríkur talaði um að fyrirtæki myndu gæta jafnræðis. Ég hef nú ekki séð neinar rannsóknir sem benda til þess, en þá geta væntanlega allir verið jafn án þeirra, líka. Ef að þetta er spurning um jafnræði, af því að þegar það eru meiri peningar í umferð, og ef að allir eru jafnir og fá jafn mikið, þá skiptir ekki máli þó þú takir það frá öllum. Þannig að ég held að þetta séu ekki góð rök til þess að mæla gegn þessu, sem að skiptir gífurlegu máli fyrir lýðræðið á Íslandi, að það sé ekki svona rosalegur sambræðingur með þeim sem fara með fjárvaldið og þeim sem fara með stjórnvaldið. Það er bara algjör óþarfi. Við getum átt alveg jafn góð stjórnvöld hérna á Íslandi, þó að við séum ekki með alla þessa peninga flæðandi um allt, og þessar auglýsingar. Og Pawel sagði að það væri kannski of fortakslaust að kveða á um takmarkanir í auglýsingum í stjórnarskrá, en við gerum það einmitt ekki, heldur eftirlátum við löggjafanum, í samræmi við það sem að hann Birgir stakk upp á, að kveða á um þetta í lögum, rétt eins og hann gerir nú þegar. Það þyrfti bara þá aðeins að taka á þessu auglýsingamáli líka og annars væru löginn í raun og veru sko, ekkert langt frá því sem við erum að biðja um hér. Grundvallarbreytingin er þessi, við erum að leggja til það að fyrirtæki megi ekki lengur styrkja stjórnmalaflokka og –samtök. Það er grundvallarbreytingin og annað hvort styður fólk þá breytingu eða ekki. Persónulega held ég að hún geti gert mjög, mjög góða hluti fyrir lýðræðið okkar. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Góðir fulltrúar og formaður. Mér finnst þetta þörf tillaga, bendi þó á að fyrirtækin eiga gríðarlega stóran hlut í þeim fjármunum sem stjórnmalaflokkar eru með, og að sem betur fer að þá eru flest af þessum fyrirtækjum þannig, að þau styrkja jafnvel alla stjórnmalaflokka jafnt. Og það er í núgildandi lögum mikil meðvitund um það og ákvæði um að þetta sé ekki nema 300.000 kr. á hvert fyrirtæki. Ég tel hins vegar að þau rök vegi þyngra, að sleppa fyrirtækjunum, vegna þess að við getum staðið frammi fyrir því að mörg fyrirtæki í einni grein leggist á eitt með að styrkja ákveðin stjórnmalasamtök en ekki önnur. Í öðru lagi að þá hlýtur þetta að leiða til þess, og það er bara sjálfsgagt mál, að styrkirnir af opinberri hálfu, þeir verði hækkaðir, vegna þess að það að fyrirtækin velta þessum fjármunum auðvitað yfir í verðlagið. Á endanum eru það alltaf kunnar fyrirtækjanna sem borga þetta en ekki fyrirtækin sjálf. Þannig að það er bara alveg eins gott að hið opinbera geri þetta, eftir ákveðnum reglum. Að lokum, bara eitt. Í núgildandi lögum um stjórnmalaflokka er það bara skýrt, að hverjir þeir sem að bjóða fram til Alþingis, eru skilgreindir sem stjórnmalaflokkur. Það er einhver feimni við það að heita stjórnmalaflokkur af því að það er búið að koma óorði á flokkanafnið. En eitthvað eitt nafn verður þetta að vera. Og ég held að stjórnarskráin verði þá að taka af öll tvímæli um það hvort það er stjórnmalaflokkar, og þá verður að breyta lögum um þetta, eftir því, sem að er náttúrlega kannski réttara. Eða bara vera ófeiminn við að kalla hvaða framboð sem er, stjórnmalaflokk, eftir þeirri skilgreiningu sem er í dag. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla að reyna að skauta hratt yfir nokkrar af þessum tillögum. Það er í fyrsta lagi brtt. nr. 7 um styrki til stjórnmalasamtaka og frambjóðenda. Mér finnst þetta ekki vel orðuð grein eins og hún er núna, hún alveg jaðrar við að vera ekki tæk í stjórnarskrá, þannig að ég beini því nú eindregið til flutningsmanna og nefndar að laga hana, t.d. orð eins og auglýsingar og orð eins og framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð, finnst mér úr stíl við allt annað orðalag í stjórnarskránni. Svo vil ég líka stinga því að mönnum hvort að það væri ekki bara nóg að taka 1. mgr. í tillögunni og skeyta henni aftan við 1. mgr. í frumvarpsdrögum, þannig að upplýsingar séu aðgengilegar og síðan komi bara þetta með að stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að þiggja hvers konar framlög frá öðrum ein einstaklingum, ríkissjóði og sveitarfélögum. Það er þá stóra efnisatriðið sem menn vilja koma á framfæri.

Og svo vek ég bara athygli á því að það eru gildandi lög núna um fjármál stjórnmalasamtaka,

sem að voru t.d. endurskoðuð tvisvar árið 2010 og eru orðin nokkuð hörð. Þannig að löggjafinn a.m.k. virðist að því leyti geta ráðið við þetta verk-efni. Þannig að ég myndi mælast til að menn afgreiddu þetta svona. Ég, sem sagt, fer fram á það að þetta fari ... ég vona það að menn sendi þetta til nefndar. Síðan er hérna brtt. nr. 23 um þingforseta. Ég vil bara áréttta að í tillögum B-nefndar sem eru inni í frumvarpsdrögum og eru engar brtt. við, kemur fram að þingforseti er staðgengill forseta Íslands og sómuleiðis að þingforseti undirritar lög, fyrir hönd Alþingis, áður en þau ganga til forseta Íslands til staðfestingar. Þannig að það væri, að mínu mati, óðs manns æði að fella alveg burtu ákvæði um þingforsetann sjálfan og hvernig hann er kosinn og hann sé fyrir hendi, úr stjórnarskránni. Þannig að það myndi skapa ákveðið stórt misræmi. Þetta er ábyrgðarstarf sem við erum að búa til hérna. Og ef við byggjum til einhverjar bakdyr úr þessu, eins og Þorkell var að tala um, að þá yrðu þær bakdyr alltaf notaðar. Þetta er viljandi að hafa þetta svona, 2/3 og engin útleið með það.

Síðan bara rétt í lokin. Í tilefni af orðum Gísla um brtt. nr. 95 um þingnefndir. Hér stendur sem sagt í tillögunni: „Alþingi kys fastanefndir til að fjalla um þingmál. Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum“. Og það er viljandi þarna, að það stendur ekki um störf „fastanefnda“ skal mælt fyrir í lögum, heldur er með þessu orðalagi opnað á það að það geti verið aðrar þingnefndir heldur en fastanefndir. Síðan bara rétt, með opnu fundina, brtt. nr. 55 um opna fundi Alþingis, að þá vek ég athygli á því að í nýjum þingskaparlögum eru komin þónokkuð öflugri ákvæði um opna fundi þingnefnda, m.a. að þegar að þingnefnd heldur fundi með gestum sem koma utan frá, að þá skuli þeir að jafnaði vera opnir, og er einungis lokað þá ef að um er að ræða trúnaðarmál og annað slíkt. Þannig að ég held að þingskaparlög séu að færast öll í þessa átt og ég held að við þurfum ekki að ganga svona langt eins og þessi tillaga segir. Takk fyrir.

SN

Þá tókum við þessar fjórar tillögur til afgreiðslu. Brtt. 7 er á forræði C-nefndar og formaður nefndarinnar hefur óskað eftir því að fá tillöguna til nefndar, og það er meginregla skv. starfsreglunum og hitt er undantekning, til að flýta fyrir. Þannig að það myndi vera reglan þá, ef það er réttur skilningur að formaður kallar nefndina að ... Já, gjörðu svo vel.

KO

Hvernig er það þá ef að síðan kemur tillaga frá C-nefnd, sem er kannski ekki ... gengur ekki inn í það efni sem við erum að reyna að tryggja hérna, hvað eigum við þá að gera?

SN

Þá getið þið endurvakið tillöguna, þegar ...

KO

Já, ókei. En mættum við laga orðalagið í milli-tíðinni, af því að nú höfum við fengið góðar

ábendingar um ... til þess að þetta samrýmist. Vegna þess að ef að ... mikilvægasta efnislega atriðið er alveg skýrt ...

SN

Já, smávægilegar orðalagsbreytingar væru leyfi-legalar. En þá getið þið tekið, ef þið eruð óánægð með afgreiðslu nefndarinnar ...

KO

Já, við viljum ekki af þessu samræmingaratriði.

SN

Akkúrat. Og þið eruð ekki búin að missa það með því að þetta fari fyrir nefndina núna.

KO

Er einhver í þessum hópa hérna sem að mót-mælir því að þetta fari bara í nefndina? Er það ekki bara fínt?

SN

Ókei. Þá fer þessi tillaga í nefndina. Næst tókum við þá brtt. nr. 55 og hún er um það að fundir þingnefnda verði opnir að meginreglu. Og við hefjum kosningu um þá tillögu ... Það er sem sé brtt. nr. 55 við 53. gr.

Við erum að kjósa um brtt. nr. 55, um að fundir þingnefnda séu opnir að meginreglu. Og við hefjum kosningu og hún er hafin.

Niðurstaða liggur fyrir, henni hefur verið hafnað með 21 atkvæði, samþykki voru 2 og 1 sat hjá.

Brtt. nr. 95 við 52. gr. um þingnefndir. Hún er ... ég er að taka þetta allt hérna í vitlausri röð, ég bið ykkur afsökunar á því. Þetta hefur ruglast hérna hjá mér.

Orðalagið og sérnefndir, eftir því sem við á, falli brott. Og við hefjum kosningu og hún er hafin.

Nú er það brtt. nr. 95 við 52. gr.

Og þessi tillaga var samþykkt með 12 atkvæðum, 8 sögðu nei og 4 sátu hjá.

Þá er það loks brtt. nr. 23, grein um þingforseta. Og hún er um það að greinin um þingforseta falli á brott og við hefjum kosningu, og hún er hafin. ... Jú, að öll greinin um þingforseta falli út, það er tillagan, brtt. nr. 23.

Og henni var hafnað með 19 atkvæðum, 2 samþykktu og 3 sátu hjá.

Nú, næst á dagskrá eru frekar stór mál, þannig að við ætlum að gera hlé núna til morguns, til 9 í fyrramálið.

SN

Góðan daginn. Fundi er fram haldið og núna leggjum við fram gr. 54 til 56, og það er brtt. nr. 86 við 54 gr. Það er brtt. nr. 100 við 55. gr. Það er brtt. nr. 72 við 55. gr. Brtt. nr. 43 við 55. gr., og brtt. nr. 102 við 56. gr. Og nr. 89 við 56. gr. Tökum fyrst nr. 86 og Katrín Fjeldsted kynnrir hana. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það formaður, góðir áheyrendur. Brtt. við 54. gr., kveður á um nýja mgr. Þessi grein er efnislega um flutning þingmála og við fyrstu

sýn í frumvarpsdrögum kom fram að „alþingismenn hefðu rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál“. Margir hafa sent álit sitt og ýmsir í Stjórnlagaráði einnig vakið athygli á því að það væri óskýrt hvernig ferli lagafrumvarpa væri inni í þinginu. Og sérstaklega hvað varðar hlutverk ráðherra. Til að skýra þetta þá höfum við lagt fram tillögu að breyttu orðalagi, þ.e.a.s. lagt til nýja mgr. inn í þessa grein, en þar er lagt til að skýrt sé að ráðherrar geti lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana fyrir hönd og í umboði ríkisstjórnarinnar. Ráðherra ber þá ábyrgð á framlagningu málsins fyrir hönd ríkisstjórnar. Hér er átt við þau frumvörp og tillögur sem ríkisstjórn hefur samþykkt að leggja fram, sbr. gr. um ríkisstjórn. Ekki er átt við að ráðherrar hafi sjálfstæðan rétt til flutnings frumvarpa eins og nú er. Sá réttur er felldur niður enda sitja ráðherrar ekki lengur á þingi, skv. tillögum sem hér liggja fyrir. Þannig að ákvæði eftir breytingu hljóðar svo: „Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál. Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana í umboði ríkisstjórnarinnar“. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 100. Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur. Ég flyt hér brtt. við 55. gr. Að hún hljóði svo, verði í samræmi við B-valkost stjórnlaganefndar, sem sagði: „Ekkert frumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Sama á við um heimild til fullgildingar þjóðréttarsamnings, sem kallar á breytingu á lögum eða er af öðrum ástæðum mikilvægur. Að öðru leyti skal kveða á um meðferð þingmála í lögum.“

Ég legg til að þetta komi eitt í staðinn fyrir 55. og 56. gr., sem ég mæli hér líka fyrir. Og þetta er lítil breyting frá því sem er í núverandi stjórnarskrá, en mikil frá því sem er í frumvarpinu. Greinin er svohljóðandi í stjórnarskránni núna: „Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi“. Þetta er það sem er í stjórnarskránni núna. Og ég verð að segja að þetta er mér nær skapi heldur en það sem er komið út úr nefndinni, eftir mikið starf. Það getur ekki verið að á sama tíma og við ætlum að auka sjálfstæði Alþingis, þá förum við að segja fyrir því í smáatriðum, um hvernig það skuli ræða mál. Við getum ímyndað okkur hér að okkur líst illa í vetur á það, að það yrðu sett á okkur nákvæm fyrirmæli um það hvernig við ættum að ræða mál. Alþingi verður að hafa frelsi til þess að ákveða það sjálft, hvernig ræða skuli mál. Það er lágmarkið að því sé treyst til þess, að ákveða umræðuna sjálft. Ekki að raða það í smáatriðum upp í þau, hvernig þau skuli fara. Alþingi er stofnun sem að verður að fá að sjá um eigin mál og er best til þess fallið. Við erum að vísu mjög vitur hér og höfum vit á öllum málum, og það mikið. En ég held að alþingismenn þekki þetta betur heldur en við hérna.

Auk þess sem að þetta er bara sjálfsgagt atriði. Það er í 56. gr., legg ég til að hún falli niður. Þetta eru tvær greinar, langar, 55 og 56, í staðinn fyrir eina setningu í gömlu lögnum. Og það er sem sagt full þörf á því að veita Alþingi þetta frelsi. Ég held að það sé betur komið þar og Alþingi, eða okkar tillögur eru ekki líklegri til að fara í gegnum Alþingi ef að við förum að segja þeim svona fyrir verkum í smáatriðum. Takk fyrir.

SN

Erlingur hefur þá fylgt úr hlaði bæði brtt. nr. 100 og nr. 102. En næst er 72. Það er Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Góðan daginn, kæru vinir. Og vona að þið hafið átt gott kvöld í gærkvöldi og góða hvíld eftir langan dag í gær. Ég mæli fyrir brtt. við 55. gr. um meðferð lagafrumvarpa. Ásamt mér flytja þessa tillögu Þorkell Helgason, Pawel Bartoszek og Katrín Oddsdóttir. Greinin lýtur að því m.a. í 3. mgr. er fjallað um það að lagafrumvarp meg ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi. Þannig er það orðað í frumvarpsdrögum. Ég legg til ásamt þessum þremur félögum mínum, að lagafrumvarp meg ekki samþykkja fyrr en eftir þrjár umræður á Alþingi, líkt og nú á við. Ég svo sem hafði langt mál um þetta hérna á fundi um daginn og ég held að flestir hafi nú verið viðstaddir, en ég ætla kannski svona að tæpa á því helsta. Það er náttúrulega markmið umræðna á Alþingi, það er einn stærsti liðurinn í gæðum lagasetningar, að það fari fram upplýst og mál-efnaleg umræða á lýðræðislegum nótum um lagafrumvörp og þær breytingar sem að í þeim felast. Það að hún fari fram við þrjár umræður, felur m.a. í sér að auknar upplýsingar komast til þingmanna, almenningur hefur tök á að koma að sínum sjónarmiðum og athugasemdum. Og lýðræði er tryggt betur með þeim hætti. Í tillögunni er lagt til að þessum umræðum verði fækkað niður í tvær. Ég mæli gegn því, af því að ég sé í fyrsta lagi ekki að þetta hafi verið vandamál hingað til. Og að þetta sé í rauninni enginn vandi og ekkert ákall hafi komið fram um þetta. Ég sé þá galla við þetta að umræða verði síður upplýst, færri geta komið að sínum sjónarmiðum og lýðræði minnkar, enda hafa færri þingmenn, eða menn minni tök á að koma sínum athugasemdum á vinnslustigi. Í tillögum er talað um, eða í greinargerð, að þetta eigi að stuðla m.a. að vandaðri lagasetningu. Ég get ekki séð að það stuðli að vandaðri lagasetningu að fækka umræðum, þar sem að hugsanlega færri geti komist að og færri álit verði send inn. Einnig er miðað að því að þetta eigi að vera liður í því að auka ábyrgð og áhrif þingmanna. Ég á mjög erfitt með að sjá að færri umræður geti stuðlað að meiri áhrifum, enda eru þar færri tækifæri til að koma að mótum frumvarps. Og ég, þ.a.l. mæli gegn þessu og kys að halda mig við núverandi fyrirkomulag sem krefst þess að það séu þrjár umræður sem fari fram á þingi. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 43 við 55. gr. Og það er Gísli Tryggvason sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Í stefnuræðu minni hér í lok apríl, á 6. ráðsfundi, lagði ég áherslu á valddreifingu, eins og fleiri hér í ráðinu. Ég nefndi þrjár leiðir til þess helstar. Ein þeirra var að gefa dómstólum betra færi á að veita stjórnvöldum aðhald. Það er nú að finna í 101. gr. og þakka ég nefnd C og ráðinu öllu fyrir að taka þá tillögu til greina. Annað dæmi var aukid vald sveitarfélaga og þökk sé B-nefnd, þá er þetta komið inn í VIII. kafla. Þetta varðar hvort tveggja jafnræði, eða valddreifingu milli handhafa ríkisvalds. Ég tel hins vegar enn mikilvægara að gætt sé jafnræðis við handhöfn ríkisvalds gagnvart aðilum sem standa utan ríkisvaldsins. Sem dæmi má nefna samtök stúdenta, samtök neytenda og samtök launafólks, en ég hef lengi starfað í þágu þessara aðila. Af minni reynslu þá er oft ekki gætt nægilegs samráðs og ekki jafns samráðs við þessa hópa sem standa veikar að vígi, heldur en miðað við t.d. atvinnurekendur og aðra sem standa sterkar að vígi. Þetta var rætt nokkuð í nefnd B en náði ekki fram að ganga þar, og þess vegna ber ég þetta hér á borð. Þetta er brtt. 43 við 55. gr. Þar segir nú, í 2. mgr. 55. gr.: „Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum“. Ég legg til að við bætist orðin: svo og staðfesting á að jafnræðis hafi verið gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar. Þá myndi 2. mgr. 55. gr. hljóða svo: „Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum, svo og staðfesting á að jafnræðis hafi verið gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar“. Eins og margir vita, þá er mun mikilvægara að gæta samráðs við undirbúnings löggjafar, heldur en þegar hún er tilbúin, og komin til þingmeðferðar. Þá er oft litlu hægt að breyta, þó að nefndir Alþingis sinni ágætu samráði, þá eru oft minniháttar breytingar aðeins tækar. Þess vegna langar mig að biðja ykkur um að íhuga þessa tillögu vel. Hún gengur ekki svo langt að leggja til efnisskyldu í stjórnarskrá, að samráðs skuli gæta, og hún gengur ekki svo langt að segja að það eigi að gæta jafnræðis. Það er aðeins beðið um formreglu, um að staðfest sé að samráðs hafi verið gætt. Þetta mundi skv. greinargerð ekki leiða til ógildingar. Þetta er aðeins vísbending um að stjórnarráðið sem undirbýr enn og undirbúa mun flest frumvörp, skuli huga að þessu áður en frumvarp er fullbúið og sent til löggjafarþingsins. Ég nefni í greinargerð nokkur dæmi um ójafnrétti í þessu og held að flestir þekki það að því miður er enn haft meira samráð við hina sterku heldur en þá sem gæta hagsmuna hinna sem veikar standa. Takk.

SN

Brtt. 102. Erlingur Sigurðarson hefur þegar fylgt henni úr hlaði og þá er það brtt. nr. 89, við 56. gr. og Katrín Fjeldsted tekur aftur til máls og fylgir henni úr hlaði.

KF

Takk fyrir það, formaður, ágætu áheyrendur. Mér varð svo um það áðan, þegar síminn minn hringdi, að ég fylgdi ekki eftir seinni tillögunni, sem kynnt hafði verið. En það er brtt. við 56. gr. um meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála. Nú þetta mál hefur verið rætt hér á fundum ráðsins og ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu. En ábendingar sem bárust til B-nefndar og til ráðsins voru yfirfarnar og orðalag í þessari grein lagað að því áliti, til að skýra það og einfalda, það er ekki um efnisbreytingar að ræða. En í 4. mgr. er rétt að benda á, þar segir nú: „Tillögur um þingrof eða vantraust á ríkisstjórn eða ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina umræðu“. Og við leggjum til að orðin „eða ríkisstjórn“ falli brott í þessari mgr. þar sem í vantraustsgreininni er aðeins vísað til vantrausts á ráðherra. Og vantraust á forsætisráðherra felur í sér vantraust á ríkisstjórn, eins og augljóst má vera. Þannig að við leggjum til að greinin verði samþykkt svona. Mig langar aðeins að minnast á brtt. sem komu hérna fram áðan, sérstaklega brtt. um að þessi gr. falli niður. Ég held það sé mjög mikilvægt, þegar verið er að endurskoða stjórnarskrá, og reyna að hafa áhrif á vinnulag Alþingis Íslendinga, hvernig mál eru þar unnin, bæði þingsályktanir og lagafrumvörp, og þá kem ég bæði inn á 55. og 56. gr., sem hér er til umræðu. Það er verið að reyna að hafa áhrif á vinnu þingsins þannig að Alþingi megi kallast vinnuþing en ekki bara átakþing. Og þess vegna kemur nú til þessi hugmynd um að fækka umræðum í tvær. Það er til samræmis við það sem þekkt er annars staðar, og menn komast mjög vel af með tvær umræður um frumvörp þar. En með því að taka þingmál beint inn í nefndir, taka frumvörp beint inn í nefndir, þá er einmitt verið að auka aðkomu minnihluta þingmanna að þeim, og auka ábyrgð þeirra í meðferð þingmála. Þannig að ég held að rökin sem að voru borin hér fram áðan, standist nú ekki, um að það dragi úr gæðum vinnunnar ef að umræðum er fækkað úr þremur í tvær. Það má segja að fyrsta umræða, eins og hún er núna í skotgröfum í þinginu, verði þess í stað inni í þingnefnd, þar sem að menn geta með ábyrgð og yfirvegum komið að hverju máli fyrir sig, og ég held að ... það mætti jafnvel segja ef umræður inni í þinginu væru þrjár, að þá væri eins og við ykjum fjöldann úr þremur í fjórar umræður. Ég vil bara vekja athygli á þessu. Takk fyrir.

SN

Þá hafa tillögurnar verið kynntar og raunverulega umræða um þær hafin líka, þannig að það er þegar byrjað að ræða um aðrar tillögur ... en orðið er laust. Þórhildur Þorleifsdóttir. ... Vilhjálmur.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég vildi bara rétt þrjóna við það sem að formaður nefndar okkar sagði hérna áðan um þetta með þrjár versus tvær umræður, og það er eitt lyklatríði sem ég vil líka benda fólki á í þessu sambandi, það er ekki sko, það sem að B-nefnd er að gera þarna er að

hún er að fækka, ja hvað á að segja, skyldugum umræðum um lagafrumvörp, úr þremur í tvær. En það er náttúrulega í raun og veru eftirlátið þinginu í þingsköpum, ef að það kys svo, að viðhafa þrjár umræður áfram, og það gæti gert það alltaf eða við tiltekin mál, eftir atvikum. En við erum að taka það út úr stjórnarskránni að frumvörp verði að ræða við þrjár umræður, áður en það má samþykka þau. Og þetta er í raun og veru til að gefa þinginu frelsi til þess að geta breytt þá starfsháttum sínum til samræmis við það sem gerist t.d. í Svíþjóð og Finnlandi. Og þar er í raun og veru breytingin sú að þar sem að við erum með þessa fyrstu umræðu, þar sem að mál eru lögð fram í þingi, og það getur hafist ... sko, flest mál eru bara tekin til fyrstu umræðu og vísað strax til nefndar, meira og minna bara án umræðu. En sum mál eru þannig að það upphæfst umræða við fyrstu umræðu, þá hafa menn náttúrulega yfirleitt ekki kynnt sér málið sérstaklega vel og það er hætta á því að menn lendi töluvert mikið í skotgröfum í þessari fyrstu umræðu. Þannig að það er eiginlega það sem við erum að gefa þinginu færi á, ef það vill, að breyta stíl sínum frá þessu. Þannig að ég vildi bara áréttu að þetta er í raun og veru verið að fela þinginu aukið valdfrelsi. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Ágætu ráðsfulltrúar. Aðeins varðandi brtt. 102 við 56. gr., þar sem lagt er til að ákvæði um þingsályktunartillögur, að þær verði felldar niður. Ástæðan fyrir því að þetta er ... bara rétt að áréttu, af því þetta er nú náttúrulega alveg í samhengi við meðferð frumvarpa, en svona bara vekja athygli á því og undirstrika að það er ekki gert ráð fyrir því að þingsályktunartillögur fari án umræðu inn í nefnd. Það er ekki talið rétt að gera það þannig, vegna þess að þingsályktunartillögur eru mikilvægur farvegur fyrir almenna þingmenn til þess að flytja mál og vekja athygli á þeim. Þeir eiga nú sjaldnast von á því að þau séu afgreidd. Þannig að ef að þau færu beint inn í nefnd, þá mundu þau aldrei koma þaðan út aftur, gera það fæst. En það sem að þetta er ein besta leið þingmanna til þess að vekja upp mál, eða vekja umræðu um mál, að þá þykir rétt að þingsályktunartillögur fái aðeins aðra meðferð heldur en frumvörp og fari sem sagt beint í umræðu í þinginu og fái þar umfjöllun áður en þau fara til nefndar. Einnig er það nú þannig að þingsályktunartillögur falla niður í lok hvers löggjafarþings, þannig að þingmenn geta þá endurflutt þær óbreyttar eða breyttar að ári, ef þeir kæra sig um, og þannig haldið athygli á máli og áhuga vakandi. Þess vegna eru þessi tvö mál aðskild og fá sitthvora meðferðina. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Takk. Ég var nú með svipaða punkta og Þórhildur, þannig að ég þarf ekkert að tala. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að segja nokkur orð um 43. brtt., hans Gísla, við 55. gr. Ég tel mjög mikilvægt að það komi inn ákvæði um að það hafi verið gætt jafnræðis og samráðs á undirbúningsstigi löggjafar. Ég held að við þekkjum flest til látanna sem urðu hjá Reykjavíkurborg, þegar Reykjavíkurborg lagði fram tillögur um samskipti trúar- og lífsskoðunarfélaga og skóla. Og lætin urðu kannski ekki síst vegna þess að það hafði ekki verið haft samráð við hagsmunaaðila. Nú er það svo sem ekki Alþingi, en leið margra sveitarstjórnarmanna liggur inn á Alþingi. Þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt, til þess að koma í veg fyrir spillingu, að þetta ákvæði komi hér inn. Þannig að ég styð þessa brtt. Gísla.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar. Svona í þágu sátta, þá vil ég tjá mig hérna um 72. tillögu, 55. gr., sem ég er nú stuðningsmaður að. Það er deilt hérna um tvær eða þrjár umræður. Væri hugsanleg málamiðlun að breyta ákvæðinu fyrr þannig: „Lagafrumvarp má ekki samþykka þara en eftir minnst tvær umræður á Alþingi?“ [Ógreinilegt] Og ég veit ekki hvaða tillögu ég er að flytja, greinilega. Þá dreg ég þetta mál mitt tilbaka.

SN

Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Já, formaður, góðir áheyrendur. Aðeins varðandi brtt. sem númeruð er 43, við gr. nr. 55 um meðferð lagafrumvarpa. Það hefur komið skýrt fram í vinnu B-nefndar, og sérstaklega í upplýsingum frá stjórnarráðinu, að jafnræðis er gætt á undirbúningsstigi löggjafar. Og það er m.a.s. tékklisti, sérstakur, í gangi í stjórnarráðinu þar sem þetta er eitt af þeim stóru atriðum sem farið er yfir. Þannig að ég tel að jafnræðis sé gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar og tel óþarft í stjórnarskrá að það sé kveðið á um það. Ég tel að það sé auðvitað krafa um vönduð vinnubrögð, en eftir því sem mér er ljóst, og tjáð, að þá eru vinnubrögðin einmitt á þann hátt í stjórnarráðinu. Þannig að ég mæli ekki með þessari brtt.. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek. Og svo loka ég mælendaskrá.

PB

Já, varðandi brtt. Gísla Tryggvasonar, þá verð ég að segja að ég skil hana ekki alveg, fyrst þegar ég les hana. Þetta hljómar rosalega vel, að gæta jafnræðis. Svo les maður greinargerðina og maður skilur kannski aðeins betur hvert er verið að fara. En við þurfum kannski aðeins að gæta okkar að



vera ekkert endilega að fylla stjórnarskrána af svona hlutum sem hljóma eins og kannski „quick fix“ á einhverju vandamáli sem hefur að mati einhvers verið til staðar. Það er erfitt að mæla gegn því að jafnræðis sé gætt við lagasetningu, en kannski spurningin er hver eigi að vera ... hvað breytir þetta lagalega séð? Á að vera hægt að opna á það að frumvarp sem hefur verið samþykkt á Alþingi sé dæmt ólöglegt af Hæstarétti vegna þess að einhver aðili telur að jafnræðis hafi ekki verið gætt við lagasetningarferlið. Þannig að ég held að þetta náttúrlega hefur örugglega verið til umræðu í nefndinni og nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að taka þetta ekki með. Og ég geld varhuga við því að við samþykkljum inn svona stórar viðbætur við fyrirleggjandi texta á lokastigi, þegar hann hefur ekki endilega farið í gegnum sama umsagnarferli og aðrir textar. Þannig að ég legg til að þetta verði felld.

SN

Þá er mælendaskránni lokað og Íris Lind Sæmundsdóttir er næst. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já takk. Ég ætlaði nú bara rétt að nefna til viðbótar varðandi brtt. 43 við 55. gr. frá Gísla Tryggvasyni. Það er mikilvæg vinnuregla í stjórnarráðinu í dag sem kemur fram í handbók um meðferð lagafrumvarpa, að jafnræðis skuli vera gætt og að samráð skuli haft á vinnslustigi löggjafar. Þetta er skoðað sérstaklega hverju sinni og það er á höndum lagaskrifstofu forsætisráðuneytisins að tékka svona hluti af og staðfesta að ráðuneytið hafi gætt samráðs og jafnræðis í þeim efnunum. Nú er það þannig að mat á áhrifum miðað við fyrsta hluta gr., eða mgr., getur ekki farið fram að fullu, nema gætt hafi verið þess að tekið séð tillit til andstæðra póla og mismunandi sjónarmiða, og það að jafnræðis hafi verið gætt. Ég sé því miður ekki einungis að þarna hafi verið misbrestur á og mér sýnist Gíslu ekki geta bent á nein konkret dæmi fyrir því og ég þekki ekki dæmi þess, og tel að þetta sé óþarfi, enda er þetta mikilvægasta vinnureglan innan stjórnarráðsins að minnsta kosti. Og þessa er gætt og þetta leiðir af þeirri reglu sem að felst í mati á áhrifum. Ég tel þetta óþarfa.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, aðeins varðandi aftur 55. gr. um tvær eða þrjár umræður. Mér finnst þetta nú bara, þó að Þorkell missti flugið í miðju kafi, að þá held ég að hann hafi nú samt komið með ágætis tillögu, um að það sakaði nú engan að bæta inn í: „Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður“. Til þess að það sé alveg ljóst að það sé ekkert verið að gera þetta að einhverri reglu. Þó að það megi lesa úr orðunum eins og þau eru núna, það er kannski ástæða til þess að áréttu að þriðja umræða frumvarpa á þingi, jafnvel eins og frumvörp koma inn núna, að þá er þriðja umræða oftast en ekki svona formleg, og einungis til þess

að staðfesta það sem að niðurstaðan var úr annarri umræðu. Stundum þarf að gera smávægilegar breytingar, en það sem að varð til þess að ég t.d. sættist á að þær gætu verið tvær, væri það að ef að allt væri nú í lagi, þá væri hægt að spara pappírs-kostnaðinn í þeirri þriðju, vegna þess að það þarf alltaf að útbýtta nýjum þingskjölum. Þannig að ég held að það væri mjög fint að fá inn þetta orðalag frá honum Þorkatli og þar með yrðu umræður þrjár, ef á þyrfti að halda, og jafnvel fleiri.

SN

Erlingur Sigurðarsson. Gjörðu svo vel.

ES

Já, góðir félagar. Það kann að virðast drastísk aðgerð að leggja til að tvær heilar greinar falli niður og í staðinn komi bara þrjár setningar. En þetta er bara breyting á ... það er lenging á textanum frá því sem hann er núna, og það sem skiptir máli er það að að öðru leyti skal kveðið á um meðferð þingmála í lögum. Og það er það sem ég er að leggja áherslu á, að Alþingi sjálft setji sér starfsreglur, og þingsköp í þessum efnunum sem öðrum. Takk fyrir.

SN

Þá er umræðu um þessar brtt. lokið og við kjósum um þær. Og það er ...

AT

Ég held að það væri eðlilegt vegna þess að voru að koma fram hugmyndir um að hér mætti laga orðalag í ...

SN

... orðalag, við nr. 72, já, að það fari í nefnd. Það er spurning með brtt. nr. 72 hvort að hún ... orðalagjið fari í nefnd ... að 72. tillögu verði vísað til nefndar.

Þá tókum við fyrst brtt. nr. 86, sem er á þá leið að það er bætt við grein, að ráðherrar geti lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana í umboði ríkisstjórnarinnar. Og þá hefjum við kosningu ... brtt. nr. 86 við 54. gr., flutningur þingmála. Og kosning er hafin.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 er á móti og 1 sat hjá.

Þá er það brtt. nr. 100 við 55. gr. um meðferð lagafrumvarpa. Og þar er lagt til að greininni verði breytt til samræmis við B-valkost stjórnlaganefndar. Þetta er brtt. nr. 100 við 55. gr., meðferð lagafrumvarpa. Og við hefjum þá kosningu, hún er hafin.

Henni er hafnað með 19 atkvæðum, 4 sögðu já og 1 sat hjá.

Síðan er það brtt. nr. 43 við 55. gr., meðferð lagafrumvarpa. Hún er á þá leið að það sé bætt við 55. gr. að jafnræðis hafi verið gætt, eða sem sagt að það sé staðfesting á að jafnræðis hafi verið gætt við samráð á undirbúningsstigi löggjafar, nr. 43 við 55. gr. Og við hefjum kosningu um hana, og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 13 atkvæðum, 10 sögðu já og 1 sat hjá.

Þá er það brtt. nr. 102 við 56. gr., meðferð þingsályktunartillagna og annarra þingmála, nr. 102 við 56. gr. Og hún er á þá leið að greinin falli niður.

VP

Já, þar sem þessi tillaga er tengd annarri frá sama flutningsmanni og það er búið að fella þá tillögu, þá get ég ekki séð að það þjóni tilgangi að greiða atkvæði um þessa tillögu.

AT

Hvað segir flutningsmaður?

SN

Eðlilegt að hún falli niður. Þá er það brtt. loks, eða síðasta, nr. 89 við 56. gr., meðferð þingsályktunartillagna. Og þar er bætt inn í hana, þið eruð öll með hana fyrir framan ykkur, er það ekki? Ég ætla ekki að lesa allan textann hérna. Og við hefjum kosningu um hana, brtt. nr. 89, og kosning er hafin. ... Við erum með brtt. nr. 89, frá B-nefnd. Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 1 sagði nei og 2 sátu hjá.

Nú, þá leggjum við fram næstu greinar, nr. 57 til 62, og þar eru fjórar brtt.. Það er nr. 101 við 56. gr. um ályktunarbærni, nr. 25 við 58. gr. um staðfestingu laga, það er nr. 3 við 58. gr., eða sömu grein, um staðfestingu laga, og fjórða er við sömu grein, brtt. nr. 90, um staðfestingu laga. Og þá byrjum við á 57. gr., eða brtt. nr. 101. Og Silja Bára Ómarsdóttir, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, kæru félagar. Ég flyt hérna tillögu um það að það sé skilyrt að meirihluti þingmanna samþykki lög, eða sé viðstaddur afgreiðslu laga og samþykki lög sem ekki má synja eða setja í þjóðaratkvæði, þannig að ekki sé hægt að komast hjá áhrifum ... að ekki sé hægt að afgreiða erfið lög án þess að mikill meirihluti þingmanna sé viðstaddur og taki þátt í atkvæðagreiðslu. Þannig að viðbótarmálgrein hérna er: „Eigi að afgreiða lög sem ekki má synja eða setja í þjóðaratkvæðagreiðslu, verða  $\frac{2}{3}$  þingmanna að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu“. Orðalagið er ekkert heilagt en ég vil gjarnan að efnislega komist þetta inn, þannig að það væri mér að meinalausu að nefndin tæki þetta til umfjöllunar, en það er auðvitað undir formanni hennar komið. Takk.

SN

Þú ert líka með næstu, þannig að þú kannski kynnir hana strax. Það er brtt. nr. 25 við gr. um staðfestingu laga, nr. 58. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, ég er hérna með tillögu sem ég flyt ásamt Vilhjálmí Þorsteinssyni, Pawel Bartoszek, Guðmundi Gunnarssyni og Ástrósu Gunnlaugsdóttur, og þetta er að málskotsréttur forseta falli brott, þannig að greinin styttist allverulega. Það ætti nú að kæta marga. Ákvæðið eftir breytingu er þá bara þannig: „Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp undirritar forseti Alþingis það og veitir undirskrift

hans því lagagildi“. Og skýringarnar hjá okkur eru einfaldlega þær að þessi réttur hefur verið mjög umdeildur. Hann var lengi óvirkur og miklar deilur sköpuðust í kringum hann, sérstaklega fyrir tvö skiptin sem hann var notaður og bæði skiptin vísaði forseti til þess að gjá hefði myndast milli þings og þjóðar, eða að slíkur fjöldi áskorana eða undirritanna hafi borist, að honum hafi ekki verið stætt á öðru en að synja lögunum staðfestingar og vísa málunum til þjóðarinnar. Þar sem við gerum núna ráð fyrir því annars staðar í frumvarpinu, að með tilteknum fjölda undirskrifta, geti almenningur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, þá fæ ég ekki séð að þessi öryggisventill, sem að margir vilja kalla þetta, sé nauðsynlegur lengur. Núna getur ... það náttúrulega er tillaga líka um það að minnihluti þingmanna geti skotið málum til þjóðarinnar og ég hvet ykkur auðvitað öll til að styðja hana. Ég held að það sé leið til mikilla lýðræðisumbóta. En það eitt að ákveðinn fjöldi kjósenda geti kallað eftir atkvæðagreiðslu, uppfyllir nákvæmlega þá kröfu, sem að forseti hefur sagt vera að mæta með sínum synjunum hingað til. Það hefur einhver bætt inn hérna skýringum sem ég skrifaði ekki, en ég get alveg tekið undir þær að að mörgu leyti þá kristallist svona arfleifð feðraveldisins í þessu, hugmyndin um hinn forsjála föður, óskeikula, sem að veit hvað sínu fólki er fyrir bestu. Og ég bara fæ ekki séð að þetta sé eitthvað nauðsynlegt. Þannig að það eru mest rökin fyrir þessu, það eru smá meiri útskýringar með tillögunni. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 3 við 58. gr., sem sagt sömu grein, staðfestingu laga. Og það er Pétur Gunnlaugsson sem fylgir henni úr hlaði. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður, ágætu félagar. Nú ég flyt brtt. nr. 3 við 58. gr., og Katrín Oddsdóttir. Og hún hljóðar svo að málskotsréttur forseta verði færður í núverandi horf, með því að fella undantekningarákvæði á brott.

Nú, það hefur nú verið mikið rætt um þetta ákvæði og almenningur þekkir orðið þetta ákvæði mjög vel. Og ég býst nú við því að ef að það á að undanskilja þessi málefni, þá muni margir líta svo á að verið sé að taka réttindi frá almenningi, sem hann hefur notið núna, í tvö skipti, a.m.k. Þannig að þetta gæti kallað á ákveðna afstöðu almennings, sem væri ekki jákvæð í okkar garð að þessu leyti. Ég held að við ættum að hafa þetta í huga. Nú, þetta er sett skv. danski fyrirmynd, og ég held að dönsku lögin, eða ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, skv. þeirri reglu sem gildir í Danmörku, hafi einungis einu sinni verið beitt. En ég vil sérstaklega benda á það að Páll Þórhallsson, sérfræðingur frá forsætisráðuneytinu, hann kom og benti á það í athugasemdum, þegar við fórum yfir þetta í B-nefnd. Hann benti á það, að það gæti komið upp ákveðið vandamál, t.d. ef við undanskiljum þjóðréttarskuldbindingar, þá gæti þingið haft aðra skilgreiningu á þjóðréttarskuldbindingu en forsetinn. Og það einmitt gerðist í þessu Icesave

máli, þar sem að Icesave var talið þjóðréttarskuldbinding, það var á gráu svæði, sögðu menn, hvort þetta hér væri um þjóðréttarskuldbindingu. Og þá rís ákveðinn ágreiningur. Og hver á að leysa úr þeim ágreiningi? Eiga dómstólar að leysa úr ágreiningi sem verður milli forseta og þings, þegar hann ætlar að beita málskotsrétti? Og hann hefur aðrar hugmyndir um það hvað telst vera, eða skilgreinir málefnið sem er undanskilið, með öðrum hætti en þingið? Ja, gerum ráð fyrir því að menn séu að fullyrða að þetta eigi að fara fyrir dómstóla. Ætti dómstóll að skera úr slíku pólitísku máli? Og alveg sama hver niðurstaða dómstólsins væri, þetta myndi skapa ákveðinn glundroða. Og ég held að það ætti nú að vera sko, markmið okkar að eyða óvissu, í staðinn fyrir að auka á hana með þessu. Því að það er verið að auka óvissu varðandi þetta mál. Og ég held að almenningur muni svara þessu. Það er þegar farið að ræða talsvert um þetta og ég held að þetta ættu menn að hafa í huga. Og þess vegna mælum við með því, ég og Katrín Oddsdóttir, að þessi málefni verði hérna, sem ætlast er til að sé undanskilið, það eru þarna fjögur málefni. Það eru, eins og þið þekkið þegar, ákvæði um ríkisborgararétt, skattamálefni og þjóðréttarskuldbindingar, fjáruaukalgögn og fjárlög. Nú það er annað td. með skattamálefni. Hvað teljast vera skattamálefni? Það eru fjölmörg álitamál sem koma þarna upp. Nú, við höfum haft þetta ákvæði þannig í allan þennan tíma frá lýðveldisstofnun, og ég held að við ættum ekki að hreyfa við þessu. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt., og það er síðasta í þessum flokki, nr. 90 við 58. gr. Og það er Katrín Oddsdóttir sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir. Ég ætla að óska eftir því að þessari tillögu verði frestað og hún tekin fyrir, eftir að við höfum tekið fyrir brtt. nr. 82 við 65. gr., því hún hangir saman með henni. Þetta er sem sagt, möguleikinn á að breyta lögum um ríkisborgararétt í lög sem ganga gegn jafnræðisreglu. Þannig að það er betra að fá að fresta henni, takk.

SN

Fresta til, sagðirðu ...

KO

Þangað til eftir 82 við 65. gr.

SN

Já, allt í lagi. Þá eru það þrjár hérna eftir. Flutningsmaður fyrstu óskaði eftir að hún færi í nefnd, þannig að það er þá ...

SBÓ

Fyrirgefðu formaður. Ég sagði að hún mætti alveg fara í nefnd, ef nefndin óskaði eftir því.

SN

Nú, erum við með umræður um breytingar ... Og Katrín Fjeldsted er fyrst á mælendaskrá, og

svo eru hérna Pawel, Þórhildur, Ómar, Þorkell, Ari ... Og þá er það Katrín. Gjörðu svo vel. Þú ert fyrst.

KF

Já, takk fyrir það. Ég tel þa ágætt að brtt. nr. 101 við gr. 57 fari til nefndarinnar. Mér finnst þetta að mörgu leyti skynsamlegt sem þarna er lagt til, og væri ágætt að ræða það í nefndinni. Þannig að ég legg það til, eða tek undir þá tillögu. Brtt. 101. Hvað varðar brtt. við gr. 58 um staðfestingu laga, þá kristalliserast í þessum tveimur brtt., sem eru númeraðar 3 og 25, viss ágreiningur sem verið hefur í þessum hópi allan tímann, hvort að málskotsréttur forseta sé í fyrirrími eða ekki. Og það má segja að með þeim tillögum sem fyrir liggja, þá sé búið að skrifa inn í drög að stjórnarskrá aðrar leiðir, þ.e.a.s. aðkomu kjósenda sjálfra að þjóðaratkvæðagreiðslum, og sömuleiðis minnihluta þingmanna. Þannig að ég hafna því nú að réttindi séu tekin frá almenningi með því að hrófla við málskotsrétti forseta. Ég held það sé æskilegt að þetta sé sem rúmast og verð að segja að líkurnar væru, í mínum huga, þær að fyrst kæmi til ... sá hópur þingmanna sem teldi á sér brotið í þinginu, eða teldi sig eiga samleið með þjóðinni ólíkt stjórnarmeirihluta, þessi minnihluti þingmanna gæti vísað máli til þjóðaratkvæðis. Og sömuleiðis aðkoma 10 eða 15% kjósenda, geti leitað eftir því sama. Þá fer að skipta miklu minna máli ef þú ert með tvo öryggisventla, að vera með þriðja öryggisventilinn, sem er þá forseti Íslands. Menn tala gjarnan um að vera með axlabönd og belti, en það er yfirleitt ekki þriðji kosturinn, svo ég viti til. En þetta er sem sagt, þessi afstaða kristalliserast í tveimur brtt. og ég held það sé bara best að kosið sé milli þeirra. Ég myndi nú segja frá mínum bæjardrym séð að það ætti fyrst að kjósa um nr. 25, vegna þess að það gengur lengra að segja að málskotsréttur forseta verði felldur brott. Og síðan um brtt. nr. 3. En auðvitað myndi ég helst vilja að grein okkar frá B-nefnd, stæði eins og hún er, gr. nr. 58. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og ráðsmenn. Aðeins varðandi brtt. 25 og 3. Eins og við vitum öll þá náttúrliga hefur það hvernig málum forseta er fyrir komið í stjórnarskrá verið mikið deiluefni, þó að það hefðu kannski ekki allir trúað því í upphafi, að það yrði svona mikill ásteytingarsteinn. Um þetta var gerð viss sátt í svona þvernefndar nefnd, um hvernig staðið skyldi að þessum málum. Og þar var sæst á að málskotsréttur forseta yrði inni. Og mér finnst ekki ástæða til þess að við setjum það upp í loft með því að fara að fella aftur út það sem að var niðurstaðan úr þeirri sátt og því var það þannig í B-nefndar tillögum. Varðandi það að undantekningarákvæðin séu tekin burt, í málskotsrétti forseta, þá vil ég bara aðeins ræða það. Í fyrsta lagi finnst mér það færa forsetanum allt of mikil pólitísk völd þá umfram almenning og þing-

ið, ef að það yrði gert. Og um það hefur náttúrlega deilan staðið, hversu mikil pólitísk völd forsetinn á að hafa. Í öðru vil ég benda á það að ef að það þykir svona mikill óréttur að skattamál og fjárlög og önnur mál séu undanþegin, eða að sé ekki hægt að leggja þau í þjóðaratkvæði, þá finnst mér að af þessum þrem aðilum, sem hafa málskotsrétt, þá sé hugsanlega bara einn þar sem hægt væri að undanskilja þessi mál, og það er 1/3 hluti þingmanna. Vegna þess að þá væru t.d. 1/3 hluti þingmanna í rauninni að tala fyrir vantrausti á ríkisstjórnina, vegna þess að fjárlög eru náttúrlega mikilvægustu lög hverrar ríkisstjórnar. Og þá hlýti sá hinn sami hópur að fara að öðrum tillögum hér í stjórnarskránni og vera tilbúinn með nýjan forsætisráðherra og ætluðu því að axla ábyrgð á því, að vera með inngríp í fjárlög, eða sem sagt tekju- og útgjaldaáætlun ríkisstjórnar. Þannig að það er eini hópurinn sem er lógikst að hafi rétt til þess að nýta þennan rétt varðandi fjárlög og skattamál og önnur mál af þeim toga. Það hlýtur að vera óeðllegt að óvinsæl mál, sem við vitum að myndu aldrei ná í gegnum þjóðaratkvæði, en væru kannski ... gætu kannski verið lífsnauðsynleg mál fyrir afkomu þjóðarinnar, að það eru einungis þeir sem geta þá axlað ábyrgð á því að finna aðrar lausnir á þeim málum. Það gerir ekkert forsetinn, það gerir ekki almennigur. Þannig að ég ætla að mæla með að menn hugsi það, ef þeir vildu hafa þennan rétt, að hann færi þá til þingmanna en ekki til forsetans. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Og mælendaskrá verður lokað þegar hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel, Ómar.

ÓR

Formaður og aðrir áheyrendur.

Það er dálítið síðan að ástandinu með forsetann var lýst hér og ég hélt að það væri nú búíð að ... það ástand væri horfið, en það virðist vera komið aftur, ef að ákveðnar tillögur verða samþykktar hér.

*Sumir þeir er þrasa hér  
þjóðhöfðingja vörn lofa,  
samt inn og út á fullu fer  
forsetinn í hornklofa.*

Hann er aftur kominn á ferð hér og ég vil andmæla því að við förum að hrófla við því sem við erum þegar búin að gera í þessu máli. Við erum hér að reyna að koma á valdtemprun og valdreifingu. Ég vil minna mína ágætu vinkonu Katrínu Fjeldsted á, að það eru ekki bara axlabönd og belti, hún er alveg búin að gleyma nærbuxnastrengnum. Það er allt í lagi að það séu þrír. Og ég tel að það sé gott að hafa þjóðhöfðingja, sem að hefur þetta vald. Ég reikna með því að ástandið sem hér yrði, yrði svipað og það var í 60 ár. Við vissum af þessu. Það gerði okkur rórir og það var deilt um það hvort það væri búíð með hefðinni að afnema þetta, kom í ljós að svo var auðvitað ekki.

Mér finnst gott að vita af því að þetta sé svona. Og ég vil ekki að sé verið að hrófla við því sem að við erum þegar búin að komast að, eftir ekki neitt smáræðis umræðu. En það er ágætt að ljósa um þetta og ég hef ekkert á móti því. En ég bið bara fólk að athuga að það er gott að hafa þarna einn mann, sem er þjóðkjörinn, þar að auki, kona eða maður, sem getur komið til skjalanna fljótt. Tímafaktorinn er mikils virði. Og það er gott að hafa þarna einhvern sem getur komið fljótt. 15% þjóðarinnar, það tekur tíma, og málið getur verið þannig vaxið að það getur verið öryggisventill, það eitt að þetta sé ein persóna, núna. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Fyrst þá ætla ég að tala um breytingarnar hennar Silju Báru. Ég held, því miður, að þó að hugmyndin sé góð, þá gangi hún ekki upp. Eitt af þeim lögum sem ekki má vísa til þjóðaratkvæðis eru fjárlög, sem mundi þá þýða að 2/3 hluti þingmanna þyrftu að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu um fjárlög. Þannig að stjórnarandstaðan hefur þá möguleika á því að stöðva afgreiðslu fjárlaga með því að ganga út, sem ég held að sé vopn sem er ekki heppilegt að hún hafi. Nú, en síðan vil ég mótmæla því að tillaga Katrínar Oddsdóttur og Illuga Jökulssonar, sé færð eitthvert aftar í afgreiðslu. Nú eru fyrirbyggjandi allavega þrjár tillögur um tilhögun málskotsréttar, sem ganga ýmist lengra eða styttra en sú tillaga, og það væri mjög þægilegt fyrir flutningsmenn allra tillagna að biða svona aðeins og sjá hvernig öðrum málum viðrar, áður en þeir ákveða að halda sínu til streitu eða ekki. Það er miklu frekar þannig að ef þessi tillaga er samþykkt, þá sé færi á að gera breytingar á öðrum tillögum, sem síðar koma, eða stjórn eða nefnd hefur færi á að gera breytingar til þess að laga það. En síðan langar mig að segja kannski þá bara um þá tillögu, um að undanþága um að lög um ríkisborgararétt falli út, og þá verð ég reyndar að áréttu það að mér finnst öll umræðan sem hefur farið fram hér í gær og þau vinnubrögð sem hafa verið sýnd, vera þess eðlis að ég get traudla stutt þær tillögur sem fyrir liggja núna. Ég held að stór hluti ráðsins hafi panikað þegar að viðbrögðin við fyrstu frumvarpsdrögum voru á þá leið að þau væru ekki nógu róttæk og farið að framleiða ýmis konar, ég vil meina lýðskrum, til þess að reyna að koma því í lag. Þessi tillaga, af öllum þeim tillögum er nú örugglega ein sú versta. Ég hélt fyrst um sinn að þarna væri einungis verið að fella hlut sem ætti ekki heima bara út af einhverjum formsatriðum. En síðan, þegar maður les greinargerðina með þessu, þá segir: Það er mat flutningsmanna að ekki sé heppilegt að girða fyrir það að ef til dæmis auðmönnum yrði veittur ríkisborgararéttur gegn greiðslu, hefði þjóðin möguleika á að eiga síðasta orðið um slíka tilhögun. Hins vegar er ljóst, að eins og ákvæðið er í núverandi tillögum Stjórnlagaráðs, væri hægt að krefjast afgreiðslu um ýmis mál með mismunandi

viðkvæmum hópum þjóðfélagsins. Þannig að það er þetta sem við ætlum að láta frá okkur fara, sem sagt. Að við viljum hafa möguleika á því að þjóðin fái tækifæri til að kjósa um ríkisborgaraveitingu handa einum manni, eða nokkrum mönnum. Og ég vil ekki að slíkt fari frá ráðinu, og ég legg til að það verði greidd atkvæði um þetta núna, og ég vil að þetta verði fellt. Takk.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, formaður góður, félagar og aðrir sem mál mitt heyra. Mig langar til þess að byrja á því með leyfi formanns að lesa upp síðustu setninguna í aðfaraorðum að starfsreglum Stjórnlagaráðs. Hún hljóðar svo: Í þeirri ósk að víðtæk samstaða náist um frumvarp okkar að nýrri stjórnarskrá, setjum við ráðinu eftirfarandi starfsreglur. Mér einhvern veginn finnst að nú séum við á þeirri vegferð að þessi ósk okkar ætli ekki að rætast. Mér sýnist að við séum svona farin að fara svolítið út og suður í því sem við erum að gera, óttast að það sé ekki endilega full samfella í því sem gerist. Það er held ég nokkuð ljóst að ef að þetta á að vera heildstæð stjórnarskrá sem við skilum frá okkur á föstudaginn, þá þarf að skoða nokkur atriði í samhengi. Mér sýnist þess vegna að við séum svolítið á hættulegri braut þegar við erum að samþykka og hafna tillögum hér svona með tiltölulega naumum meirihluta og erum þá bundin af því og nefndir hafa tiltölulega lítið svigrúm. Það sem við erum að horfa t.d. á hérna núna, í sambandi við forsetann, það er eins og Ómar benti á, nokkuð sem að hefur verið mikið rætt. Við höfum gert okkur grein fyrir því að það er kannski ekki endilega hæfilega margir málskotsréttir og bremsur í sambandi við setningu laga. Við höfum líka, að því er ég hélt, orðið nokkuð ásátt um það að við ætlum að virða forsetaembættið og það ætti að vera nokkuð óbreytt. Ég velti því fyrir mér hvað gerist núna t.d. ef að við samþykktum það að málskotsréttur forseta færi út ... myndum við þá vera að uppfylla þetta ákvæði sem ég las áðan? En ég held að við séum á býsna hættulegum stað og ættum að svona, staldra við og velta fyrir okkur, hvernig náum við sátt um heildstæða og samfellda stjórnarskrá. Ég er ekki með tillögur, en mér sýnist þó að við ættum að vísa, eða reyna núna að hægja á okkur í beinum afgreiðslum og setja tiltölulega fleiri mál í skoðun í nefnd. Á því er þá sá annmarki að það er auðvitað mjög gott að svona, fá nokkra hugmynd um það núna, hvað fólkið vill. En vandamálið er þó það, að ef við ætlum að vinna eftir þessari málsgrein sem ég las í upphafi, þá er ekki alveg sjálfgefið að naumur meirihluti eigi endilega alltaf að ráða. Og það er hausverkur við svona atkvæðagreiðslu. Ég er ekki með neinar formlegar tillögur en ég held að við þurfum aðeins að hugsa okkar gang, einmitt núna. Takk.

SN

Já, ég held að við ættum aðeins einmitt að ... við þurfum að ljúka kannski þessum lið og taka svo

hlé. En Katrín Oddsdóttir er næst, gjörðu svo vel. Nei, Þorkell, fyrirgefðu.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar og aðrir áheyr- endur. Ég tek heilshugar undir áhyggjur Ara af hvernig málið er statt. Ég bið menn að gefa mér hljóð. Ég tek heilshugar undir það sem Ari sagði. Og hef, meðan hann talaði og reyndar áður, aðeins velt fyrir mér hvað væri hægt að gera. Ég held að við ættum að heimila nefndum og stjórn ráðsins að setjast núna á milli umræðna, undir feld, skoða allt sem fram er komið og gera þær brtt. að einungis nefndir og stjórnin fái heimild til þess að leggja fram tillögur, svona til þess að samræma hlutina. Kannski að endurskoða eitthvað sem var samþykkt með naumum meirihluta, jafnvel minni- hluta. Þetta kallar á reglubreytingar. En síðan um þessar tillögur sjálfar, sem hérna liggja fyrir. Það er um málskotsréttinn. Það er ótækt að afgreiða málskotsrétt forseta aðskilið frá tillögu sem liggur fyrir um að fella niður málskotsrétt þriðjung þing- manna. Þannig að, ég tel að þetta þurfi að skoða í samhengi, vísa þessum öllum tillögum um þetta atriði til nefndar. En það væri örugglega mjög gott fyrir nefndina að fram fari, ef ég má nefna það orð einu sinni enn, STV kosning, svona til leiðbein- ingar. Og hún þarf að segja, í fyrsta lagi, viljið þið fella ... hvað viljið þið ganga langt í málskotsrétti, allt þrennt? Og ef ekki allt þrennt, hvað ætti þá undan að láta? Ég get ekki samið þetta hér og nú, en kannski í hléinu á eftir. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já takk. Kæru vinir. Ég vil í framhaldi af frekar svona, reiðilegum viðbrögðum Pawels, þá vil ég og Illugi, við ætlum bara að biðja um að nefndin taki þetta mál til sín. Það var ekki ætlunin að koma með einhverja lýðskrumstillögu, heldur þvert á móti, að reyna að tryggja það að ekki yrði greitt atkvæði um mannréttindi í þjóðaratkvæða- greiðslu, sem getur verið bæði mjög lítilsvirðandi fyrir viðkomandi hóp, minnihlutahóp, og auk þess benda á að það er ekki samræmi í því að hafa lög um ríkisborgararétt þarna, með vísun í dönsku stjórnarskrána, enda er hún með mun fleiri flokka eins og tiltekið er í greinargerð. En í nafni þess sem Ari er að tala um, að við reynum hér að halda friðinn og gera þetta skynsamlega og að gera þetta saman, þá að sjálfsgöðu erum við til í að vísa þessu máli bara í nefnd. Þá báðum tillögum, 90 og 82. Sé frekar viljinn að kjósa, þá er það hægt líka. En þetta er svo sannarlega ekki gert í einhverjum lýðskrumstilgangi, heldur til að vernda mannrétt- indi. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðfulltrúar. Það er nú svo sem búið að taka af mér meginhluta af því

sem ég ætlaði að segja. Það er bæði, þá myndi ég taka undir með Ara og eftir atvikum Þorkatli og fleirum sem hafa talað, að það verður náttúrulega að horfa á bæði tillögur okkar í heild sko, hvernig þær ganga upp sem heild. Og svo alveg sérstaklega í þessu málskotsmáli öllu saman, með þriðjunginn, og forsetann, og þjóðina. Og það getur verið að út úr svona afgreiðslu, þar sem þetta er bara tekið fyrir, hvert í sínu lagi og greitt atkvæði, að þá sé það sem kemur út úr því ekkert endilega það að sem menn í raun og veru hefðu viljað sjá í upphafi. Það er ekkert víst að það sé það sem að flestir hefðu viljað. Þannig að það væri gott að horfa heildstætt á það. En það er sem sagt búið að segja þetta. Og ég styð það líka að það verði með einhverjum hætti skoðað, hvort að nefndir og/eða stjórn og við öll getum sest niður einhvern veginn milli umræða og svona, reynt að koma okkur saman um einhverja heildarmynd á þetta sem við ætlum að skila af okkur. Því að ég hef verulegar áhyggjur af því að við séum að fara út í breytingar sem að taka af okkur mikla möguleika á að þetta frumvarp verði á endanum samþykkt, bæði af þingi af þjóð. En úr því ég er kominn með orðið þá ætla ég bara örstutt að tala um brtt. nr. 101, hennar Silju Báru, um að  $\frac{2}{3}$  þingmanna þurfi að vera viðstaddir atkvæðagreiðslu til viðbótar við það sem að Pawel nefndi. Þá myndi þetta þýða það að það þyrfti að skera úr fyrir hverja einustu atkvæðagreiðslu, hvort að lög teljist vera eitt af þeim sem að eru undanþegin synjun forseta. Og það getur alveg verið flókið mál í einhverjum tilvikum. Og ég held að það sé líka vont að tefja lagasetningarferlið með því. Ég held að það þurfi bara að fá slíkan úrskurð, t.d. um það hvort að lög séu sett til að uppfylla þjóðréttarskuldbindingar sem getur verið vafamál eins og í Icesave málinu, að það getur verið heilmikið mál að finna út úr því. Og ég held að það þurfi ekkert að vera að standa í því að gera það nema að það raunverulega reyni á það. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur vinir og aðrir. Við vorum búin að gera sátt í þessu ráði um að halda inni málskotsrétti forsetans. Og ég held að við ættum að virða hana. Við skulum líka gæta að því, að við erum með tvo aðra ventla, þ.e.a.s.  $\frac{1}{2}$  þingmanna, sem er umdeilt og það er þegar brtt. um það, og við vitum alls ekki hvernig hún fer. Svo höfum við líka tillögu um málskotsrétt þjóðar og eins og staðan er í dag, þá er það 15% þjóðarinnar, og það er ansi há tala. Þannig að við erum með þessa þrjá öryggisventla og ég er á því að það er miklu betra fyrir okkur að halda okkar striki og greiða atkvæði um þetta núna og sjá hvað kemur út úr því. Ef það verður eitthvað ósamræmi þá höfum við áfram nokkra daga til þess að klára málið í nefnd. Það segir sig sjálft að við förum ekki að senda frá okkur eitt-hvað plagg sem er í kláru ósamræmi eða ósátt. Þannig að við skulum bara klára þetta núna og greiða atkvæði um þetta og þá höfum við bara

skýrar línur. Og ef það er eitthvað sem að skerst saman, þá lögum við það bara um helgina, í nefndum. Þannig að ég legg til að við panikerum ekkert og höldum bara okkar striki og greiðum atkvæði um þetta. Takk.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Ég tek af heilum hug undir varnaðarorð varaformannsins Ara Teitssonar, og orð Þorkels Helgasonar og Lýðs Árnasonar. Við verðum að gæta þess í okkar tillöguflutningi hér að ganga ekki á gerðar sættir. Ég hef skilið allt okkar starf þannig, frá því fyrir löngu, að margar greinar okkar frumvarps, taka mið af því að forseti Íslands haldi málskotsrétti þeim sem Sveinn Björnsson ríkisstjóri kom svo haganlega fyrir í stjórnarskránni 1944. Og af virðingu við söguna, bæði gamla og nýja, og við allt okkar starf, þá þurfum við að fella þessa brtt. nr. 25, um að málskotsréttur forseta verði felldur brott. Vegna þess að verði hún samþykkt, að þá er okkar starf hugsanlega í uppnámi. Og það má ekki verða. Takk fyrir.

SN

Þá er umræðu lokið og við ... það er náttúrulega þannig að það eru nefndarfundir á milli þessara tveggja umræðna, þannig að það eru tók fyrir nefndirnar að bregðast við. Og ég tek undir með varaformanni að það er mjög mikilvægt að nefndirnar nýti sér þann rétt, einmitt ef það kemur upp ósamræmi. Varðandi þessar tillögur, ég held að við ættum að kjósa um tvær þeirra en vísa tveim í nefnd. Fyrsta var frá Silju Báru og hún nefndi þann möguleika að hann færi í nefnd, nr. 101. Nefndarformaður ... hún myndi þá fara inn í B-nefnd. Mundir þú vilja ...? Eða viltu að ...?

KF

Það er mér að meinalausu, en það hafa svo sem komið rök sem að eiginlega knýja þá á að við kjósum bara um það hér og nú.

SN

Þá gerum við það og þá kjósum við líka um málskotsrétt forseta, eins og hún er lögð fram. En það er náttúrulega eins og við vitum, við erum búin að vera að tala um hér um að kannski er ákveðið ósamræmi sem gæti komið upp, sem verður þá að geta brugðist við. En ég held að það sé rétt að kjósa um þetta og um brtt. nr. 3, en Katrín Oddsdóttir hefur óskað eftir því að nr. 90 fari í nefnd. Og það mundi þá vera inn í B-nefnd og mundi ekki formaður nefndarinnar samþykkja það?

KF

Sætta sig við það? Jú, jú.

SN

Þá kjósum við fyrst um brtt. nr. 101, um ályktunarbærni. Við ætlum að kjósa um hana. Við ætlum að kjósa um þrjár, það er nr. 101, nr. 25 og

nr. 3, brtt.. Og við byrjum á brtt. nr. 101, og við hefjum kosningu og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 21 atkvæði, 3 samþykktu og enginn sat hjá.

Þá er það brtt. nr. 25, um að málskotsréttur forseta verði felldur brott. Brtt. nr. 25. Og við hefjum kosningu, og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 17 atkvæðum gegn 5, 2 sátu hjá.

Og þá er loks sú sem við kjósum um, brtt. nr. 3, um að málskotsréttur forseta verði færður í núverandi horf með því að fella undantekningarákvæðin á brott, og frestur samrýmdur. Og við hefjum kosningu um hana.

Og henni er hafnað með 16 atkvæðum, 6 samþykktu og 2 sátu hjá.

Og sem sagt, brtt. 90 fer í nefnd.

Þá gerum við fundarhlé í 15 mínútur. Takk.

## SN

Við byrjum aftur eftir hlé og núna leggjum við fram greinar 63 til 65. Og byrjum á ... eða það eru brtt. nr. 20 við 63. gr. um málskot til þjóðarinnar, það er brtt. nr. 27 við 63. gr., sömu grein sem sagt, málskot til þjóðarinnar, brtt. nr. 4 við 64. gr., þingmál að frumkvæði kjósenda, brtt. við sömu grein nr. 40, brtt. nr. 92 við 65. gr., framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu og brtt. nr. 82 við sömu grein.

Og við byrjum á breytingartillögu nr. 20 við 63. gr. og það er Illugi Jökulsson sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

## IJ

Já, ágætu félagar. Hérna er um að ræða mál sem að hefur verið töluvert til umræðu á fundum ráðsins og hefur svona, dottið inn og út úr tillögum viðkomandi nefndar, en endaði svo inn í þeim, svo það er ágætt að fá þá bara atkvæðagreiðslu um það hvað ráðinu þykir um þetta. En með þessari brtt., svo ég lesi nú bara fyrst og fremst upp úr greinargerðinni, þá er lagt til að lögð verði á hilluna hugmynd ráðsins um að gera þriðjungi þingmanna kleift að krefjast þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Það eru tvær ástæður fyrir þessari tillögu. Í fyrsta lagi þykir flutningsmönnum tillögunnar sem það fari illa saman svona hugmyndafræðilega, að þingmenn geti skotið málum til þjóðaratkvæðis. Þingmenn eru kosnir til að berjast fyrir sínum málstað innan veggja Alþingis og hafa til þess margvísleg ráð, og nú hyggst Stjórnlagaráð einmitt bæta í vopnabúr þeirra tveimur öflugum vopnum til viðbótar, þar sem eru ákvæði um Lögréttu, og möguleikann á að spyrja Hæstarétt álits um lög og stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda. Í báðum þessum tilvikum er að vísu fyrst og fremst um að ræða álitamál um hvort lög standist stjórnarskrá en sé um að ræða svo umdeilt mál að þingmenn myndu yfirleitt hugleiða málskot til þjóðarinnar, þá má ætla að þau geti snert stjórnarskrá á margvíslegan hátt, og því hafi þingmenn haft góða möguleika á að stöðva með atbeina Lögréttu eða Hæstaréttar, nema hvort tveggja sé, mál sem þeir teldu verulega varhugaverð, fyrir

einhverjar sakir. Nú, hafi minnihluti þingmanna beðið ósigur í þinginu eftir venjulega málsmeðferð þar, og einnig hugsanlega komið Lögréttu eða Hæstaréttar í sumum tilvikum, þá þykir flutningsmönnum einfaldlega sem nóg sé komið komið og þingmenn verði einfaldlega að játa ósigur sinn. Og í framhaldi af þessu má svo auðvitað minna á að ef eitthvert mál á Alþingi er svo umdeilt að þingmenn myndu í alvöru fhuga að skjóta málum til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef þeir hefðu þann rétt, þá er útilokað annað en þjóðin hafi fylgst vel og skilmerkilega með þeim deilum. Og ef málstaður þeirra þingmanna sem bíða lægri hlut, nýtur verulegs stuðnings meðal þjóðarinnar, þá má ætla að einhverjir fari af stað með undirskriftasöfnun um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig færi viðkomandi mál til þjóðarinnar, ef kjósendur sjálfir óska eftir því, en ekki fyrir milligöngu þingmanna.

Einnig má vekja athygli á að töluverðar og mjög gildar athugasemdir hafa verið settar fram um það hvort það geti í sjálfu sér endilega talist til styrktar lýðræði, ef stjórnmalámennt hafa frumkvæði að íbúakosningum eða þjóðaratkvæðagreiðslum. Og í því sambandi er náttúrlega nærtækast fyrir okkur hér í ráðinu að benda á blaðagreinar sem Pawel Bartoszek hefur birt í Fréttablaðinu undanfarið.

Og í öðru lagi þá viðurkenna flutningsmenn að þeir óttast misnotkun þingmanna á þeim rétti að skjóta málum til þjóðaratkvæðis. Það er töluvert brýnt fyrir okkur hér í Stjórnlagaráði að ana ekki út í einhverja óvissu, heldur fara varlega og helst ekki samþykkja ekki ákvæði sem við vitum ekki almennilega hvað þýða. Mér finnst nú reyndar að við þurfum ekki að taka svona kannski ítrustu varkárni alltaf til greina, við getum nú alveg tekið einhver skref svolítið djarflega. En í þessu tilfelli þá held ég að varkárnin eigi við. Við vitum einfaldlega ekki hvernig þessu ákvæði yrði beitt og privat og persónulega þá langar mig ekkert voðalega mikið að komast að því. Það yrði lýðræðinu varla til framdráttar ef Alþingi væri í tíma og ótíma að beina málum í þjóðaratkvæðagreiðslu, til að fullnægja pólitískum þörfum þingmanna hverju sinni. Það yrði bæði kostnaðarsamt og tímafrekt, og myndi draga úr áhuga kjósenda á beinu lýðræði ef fólk fengi það á tilfinninguna að það gæti orðið leiksoppar í pólitískum leik, með því að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Nú þá er hæðarleikur að búa til dæmi þar sem minnihluti gæti kúgað meirihluta með þessum rétti, t.d. þannig að í mjög aðkallandi málum gæti minnihluti tafið svo fyrir lausn máls með ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu að meirihlutinn væri nauðbeygður að fara að vilja minnihlutans. Sömuleiðis gæti meirihluti vísað frá sér ábyrgð á óvinsælu máli með því að samþykkja það en vísa því síðan til þjóðaratkvæðis.

Nú, þeir sem styðja þennan málskotsrétt þriðjungs þingmanna vísa gjarnan til þess að samskonar ákvæði megi finna í dönsku stjórnarskránni og hafi það gefist vel. Sá möguleiki að minnihluti þingmanna geti skotið málum í þjóðaratkvæði í Danmörku hafi leitt til þess að meirihluti sýni minnihluta síður ofríki, heldur leitist við að ná

samkomulagi um mikilvæg mál, fremur en hættu á að þau fari til þjóðaratkvæðis. Þetta hafi ekki gerst síðan 1955. Nú, flutningsmenn brtt. sem hér er til umfjöllunar eru ekki sannfærðir um gildi þessarar röksemdar, þrátt fyrir að hafa vissulega ekki rannsakað það mjög nákvæmlega, hvort og að hve miklu leyti þessi grein kemur yfirleitt til umræðu í Danmörku á vorum dögum. Þá eru flutningsmenn ekki sannfærðir um að hótun um þjóðaratkvæðagreiðslu skipti sköpum um þá samvinnu og sáttfýsi milli stjórnmalaflokka sem einatt einkennir dönsk stjórnmal, og í því sambandi má geta þess að sams konar ákvæði er ekki að finna í stjórnarskrám t.d. Noregs og Svíþjóðar, en þar hefur þó þróast nákvæmlega jafn sáttfús pólitík og í Danmörku. Ekki verður því séð að ákvæðið um málskotsrétt þingmanna skipti verulegu máli, enda vitum við ekki til þess að sambærileg ákvæði séu í öðrum stjórnarskrám en þeirri dönsku. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 27 við sömu gr., málskot til þjóðarinnar, og í beinu framhaldi er brtt. nr. 4 við 64. gr. Flutningsmaður að báðum tillögum er Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Ég held reyndar að Lýður hafi ætlað að taka þetta en ...

SN

Ætlaði að taka þessa nr. 27?

KO

Já, og 64. Ég get ... Vilt þú taka boltann?

SN

Lýður, þú ætlar að kynna brtt. nr. 27? Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kæra ráð. Þetta hefur nú verið rætt mikið í ráðinu, 10 eða 15% þröskuldur til þess að koma málum áleiðis í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og ég held að það sé ágætt ef við útkljáum það bara hér og nú. Rökin fyrir því að hafa lægri töluna eru einfaldlega þau, að það hefur komið í ljós að í þeim ríkjum sem að hærri talan er notuð, 15%, þá er þetta eiginlega bara yfirlýsing, markmiðsákvæði. Það þarf hvorki meira né minna en tæpar 35.000 kjósendur til þess að þá skrifa undir og við höfum ákveðið það að hafa það þannig að þetta verði með formlegum hætti og löglega gert. Þannig að þetta þarf gríðarlegt átak til þess að ná þessum 15%, 35.000 manns. Þetta er mjög ólíkt því sem tíðkast hefur hingað til, eins og t.d. með Icesave, þar var þetta óformlegt og þetta er allt annað ef að fólk ... ég tala nú ekki um ef það verði ákveðið að fólk þurfi að fara til sýslumanns að skrifa upp á. Þannig að ég tel það að 10% séu miklu raunsærra tala, ef við viljum virkja þetta ákvæði, þannig að þetta sé nothæft í lýðræðinu. Ef við viljum bara hafa þetta sem einhverja markmiðsyfirlýsingu og ónýtt, þá er 15% ágætis tala. Og ég er alveg

sannfærður um það að það er ekki það sem að við heyrum í ákalli þjóðfundarins. Og það væri illa gert af okkur, að hafa eitthvað markmiðsákvæði um beina aðkomu fólksins, ef þetta sé bara yfirlýsingin tóm. Þannig að ég mæli eindregið með því að við lækkum þessa tölu niður í 10%. Ég hefði sjálfur viljað sjá hana ennþá lægri, vegna þess að ég tel alveg nauðsynlegt að þetta sé virkt ákvæði en ekki sýndarákvæði. Og ég held það sé líka miklu, miklu skemmtilegra að lifa í þjóðfélagi þess fólks sem hefur einhver áhrif á gang eigin mála heldur en að horfa bara á einhverja tölu sem er eiginlega bara stjarnfræðilegur möguleiki á að verði einhvern tíma nýttur.

Þannig að 10%, ég fylgi því og ég vona að sem flestir sjái það að það er talan sem við eigum að samþykkja. Takk.

SN

Þetta á þá við, er það ekki, bæði um brtt. 27 og 4? Þú hefur fylgt þeim báðum úr hlaði. Einmitt.

Og þá er það brtt. nr. 40. Þú ert ... Fylgir þú henni líka úr hlaði, Lýður?

LÁ

Nr. 40, bíddu nú við.

SN

Um 64. gr., þingmálafrumkvæði kjósenda.

LÁ

Já. Má ég koma upp til þín?

SN

Já. Gerðu svo vel.

LÁ

Ég ætla að koma upp. Jæja kærur vinir, þetta gerist allt svo hratt, þannig að þetta ruglast stundum þínulítið, plögginn. En brtt. nr. 40 við gr. 64, þingmál að frumkvæði kjósenda, og ásamt mér flytja þessa brtt. Þórhildur Þorleifsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Ástrós Gunnlaugsdóttir og Andrés Magnússon.

Og brtt.n er í raun og veru sú að við þjóðarfrumkvæði þá verði þjóðaratkvæðagreiðslan ávallt bindandi. Og það er vegna þess að frumkvæðisréttur þjóðar er mjög merk yfirlýsing. Með þessa yfirlýsingu er þjóð í raun og veru að segja að hún treysti sjálfri sér. Að hver og einn getur haft áhrif á gang mála og að farvegurinn sé til staðar öllum opin, og eins fyrir alla. Og frumkvæðisrétti þjóðar, honum er ekki beint gegn fulltrúalýðræðinu. Við skulum ekki gleyma því að fulltrúalýðræðið, það sækir afl sitt til fólksins og starfar í umboði fólksins. Og eins og fólk í landinu nýtur leiðsagnar þings, á þingið ekki síður að njóta leiðsagnar fólksins. Á Íslandi höfum við einmitt séð Alþingi þverskallast við þessu, æ ofan í æ. Það tekur alltaf að sér að leiðbeina fólkinu en vill aldrei neinar leiðbeiningu til baka. Að safna 25.000 undirskriftum er mjög ærinn starfi. Og ekki síst, eins og ég sagði áðan, ef það á að vera formlegt. Þá er það bara sko, svakalega mikið átak. Og það er líka mikið átak að útbúa



frumvarp. Og ég segi að verði ákvarðanavald um ráðgefandi eða bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu í höndum Alþingis, þá er mjög hætt við því að fólki vaxi þessi fyrirhöfn í augum. Þá mundi ég segja að úrskurðarvald Alþingis, það verkar mjög letjandi á þennan frumkvæðisrétt. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla gefur líka þingheimi túlkunarvald á niðurstöðunni, sem gengur algerlega þvert á anda þjóðarfrumkvæðis. Þjóðarfrumkvæði er í raun og veru án atbeina Alþingis. Andi þjóðarfrumkvæðis svífur utan þings og tilgangur þess er málskot þjóðar til sjálfrar sín, án hönnunar Alþingis. Varnagli þessa ákvæðis, um að Alþingi geti ákveðið hvort þjóðaratkvæðagreiðsla sé ráðgefandi eða bindandi, er ekki varnagli fyrir þjóðina. Hann er varnagli kerfisins, sem að með þessu getur ónýtt þennan frumkvæðisrétt. Og þá skulum við líka gæta að helsta sannleiksboði skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, það eru bara 3 orð: Spilling, spilling og aftur spilling. Besta móteitrið gegn því er ómengið frumkvæðisréttur fólksins í landinu. Það er besta vopnið gegn spillingu. Þess vegna legg ég til að þegar um frumkvæði kjósenda er að ræða, að þá verði þjóðaratkvæðagreiðsla alltaf bindandi. Takk.

SN

Já, þá er það brtt. nr. 92 við 65. gr., framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu og það er Pawel Bartoszek sem kynmir.

PB

Já, kærur vinir. Ég ber hér upp tillögu C-nefndar, í mínu nafni. Ég vek reyndar athygli á því að textinn hefur eitthvað skolast til þarna í copy-paste í miðdálkinum, en það á að standa þarna: Rísi upp ágreiningur hvort mál uppfylli framangreind skilyrði, skera dómstólar þar úr. Og þetta er gert að fengnum ábendingum úr forsætisráðuneytinu, að vegna þess hvernig greinin er orðuð þarna að framan, að það séu ákveðin atriði sem megji undanskilja, þá geti og muni líklega í einhverjum tilfellum koma upp ágreiningur um hvort að mál, t.d. varði almannahag, eða séu sett til þess að framfylgja þjóðarskuldbindingum. Þetta er ekki efnisleg breyting á þann hátt að það er alltaf okkar álit að það séu dómstólar skeri um það hvort að stjórnvöld fari að lögum.

Í þessu ferli mundi þá væntanlega vera verklagið þannig að Alþingi mundi taka annað hvort beiðni um þjóðaratkvæðagreiðslu eða tillögu að frumvarpi til skoðunar. Og ef Alþingi kys að vísa því frá á þeim forsendum að málið væri ekki tækt til þjóðaratkvæðis, þá gæti sá hópur kjósenda sem stæði að kröfunni, kært það mál til dómstóla. Þannig að þetta er ekki efnisleg breyting svo við lítum á, heldur einungis áréttung vegna ábendinga frá sérfræðingum forsætisráðuneytis. Þannig að ég mæli eindregið með að þetta sé samþykkt.

SN

Og þá er það loks brtt. nr. 82 við 65. gr., framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu. Katrín Oddsdóttir.

KO

Takk, kærur vinir. Ég er í þínu vandræðum af því að þessi tillaga sem ég held að sé mjög góð og bæti plaggið okkar, hún hefur náttúrlega þegar verið svolítið slegin út af borðinu í máli formanns C-nefndar sem að lýsti henni sem einhverju lýðskrumi. Þannig að ég veit ekki alveg hvort að rétt sé að vísa henni í nefnd, nema hann óski formlega eftir því. Þannig að ég bara spyr hann.

PB

Ég lít svo ekki á að þessi tillaga hér sé dæmi um lýðskrum. Ég held að þetta sé góð og gild tillaga sem á að ræða. Hins vegar eru rök inni í þeirri tillögu fyrir því að brottfelling ríkisborgararéttar svo ég árétti, mér fannst það dæmi um eitthvað sem væri ekki til fyrirmyndar. Tillagan hins vegar um það að undanskilja mál sem líta jafnræðisreglu, þjóðaratkvæðagreiðslu er góðra gjalda verð og mér finnst eðlilegt að ræða hana og vísa hana til nefndar ef að flutningsmaður telur það vera réttu leiðina.

KO

Já, ég tel það vera réttu leiðina. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessar tillögur sem hafa verið kynntar. Pétur Gunnlaugsson, Silja, Gísli, Pawel.

PG

Formaður, ágætu félagar. Ég styð þessar brtt., nr. 27 við 63. gr., nr. 4 við 64. gr. og sérstaklega tillöguna nr. 40 við 64. gr. Það á að lækka þröskuldinn, hann er allt of hár. Hér eru menn að tala um að það þurfi 35.000 undirskriftir. Það þarf í raun og veru miklu fleiri, þegar að skilyrðin verða mjög ströng fyrir því að hægt sé að ná þessu fram. Nú þetta er ráðgefandi einnig, og ég held að þetta er í raun og veru að verða marklaust, því að líkurnar á því að fólk safni þessum undirskriftum, eða ákveðinn hópur, til þess að fá ráðgefandi niðurstöðu, eru harla litlar. Þetta mál snýst um lýðræðisvilja. Nú er það þannig að sumir vilja engar þjóðaratkvæðagreiðslur, og það er sjónarmið. Þeir telja að fulltrúalýðræðið sé gott og gilt, og það verði bara að setta sig við það. Þeir tala gjarnan um lýðskrum og pópulisma og annað slíkt, og hafa litla trú á lýðræðinu. Og það eru margir sem að hafa haft litla trú á lýðræðinu, allt frá dögum Platóns. Og það er alveg gott út af fyrir sig. Nú við hin sem að erum lýðræðissinnar og teljum að það sé hægt að treysta þjóðinni, að við viljum hafa þjóðaratkvæðagreiðslur, með þeim hætti að þær í raun og veru gefi þjóðinni möguleika, raunhæfa möguleika á því, að ná fram sínum málum. Eins og tillögurnar eru, sem eru fyrirbyggjandi, þá uppfylla þær ekki þessi skilyrði, en brtt. laga þetta. Það er veruleg bót, varðandi þessar tillögur. Og ég held að við höfum auðvitað ákveðnar skyldur gagnvart þeim fjölmörgu sem líta til okkar og vilja að það sé raunhæf leið fyrir þjóðina að kjósa. Og ég skora á ykkur að samþykkja þessar brtt.. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar og þeir sem á okkur heyra. Ég ætla nú að mæla gegn þeirri tillögu sem félagi minn Illugi flutti hérna um að fella niður fyrri hluta 63. gr., sem fjallar um rétt þriðjungs þingmanna til að skjóta máli til þjóðarinnar. Ég tel ekki að þjóðaratkvæðagreiðslur sé allra meina bót, en ég held að það að reyna að hreinsa upp þessa málskotsrétti, sérstaklega núna þegar að orðið er ljóst að fólk vill halda inni forsetanum, þá held ég það sé ágætis balans hérna, svona jafnvægi sem getur skapast, að þingið hafi tök á þessu líka. Ég tel að það að hafa þetta inni sé leið til þess að gera stjórnarandstöðuna ábyrgari, fólk talar um að í Danmörku sé betri stjórnmalamenning en hér. En við getum ekki verið viss um það, fyrr en við höfum reynt það, að þetta myndi ekki stuðla að, einmitt betri stjórnmalamenningu. Ég tel rétt að hafa þetta inni, ekki vegna þess að ég telji að þetta leiði til þjóðaratkvæðagreiðslna, heldur vegna þess að ég tel að þetta muni leiða til þess að fólk á þingi muni tala betur saman. Þetta getur breytt þingræðinu, án þess að það verði til meiri og meiri krafa á almenning að taka þátt, og ef almenningur vill taka þátt, að þá er ennþá inni frumkvæðisrétturinn, sem að ég tel mikilvægan, en hann þjónar ekki sama tilgangi. Og mér finnst algjörlega ótækt að taka þetta út. Ég held að þetta væri stærsta og mikilvægasta breytingin sem við getum gert í þróun lýðræðis hér á landi, það er að hafa þetta inni. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar að andmæla tillögu nr. 20 við 63. gr., sem Illugi mælti hér fyrir. Það hefur verið rætt töluvert hjá okkur að þeir öryggisventlar séu of mikið. Það eru margir á því. En við erum ekki eins sammála um hvaða öryggisventill eigi að detta út. Í þingræðis- og fulltrúalýðræði tel ég ekki rétt að sá ventill sem að er næstur því fyrirkomulagi, þessi þriðjungs þingmannahluti, hann falli brott. Ég held að hann sé lang mikilvægasti öryggisventillinn í ljósi þess að forseti Íslands mun vonandi oftast sitja á friðarstóli. Og þjóðin hefur oft annað að gera en að sinna því að safna undirskriftum til þess að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að þessi þriðjungs minnihlutavernd sé lang mikilvægasti öryggisventillinn. Hún stuðlar að sátt eins og raunin er í Danmörku. Aðeins tilvist þessa ákvæðis myndi auka bæði ábyrgð minnihlutans og valddreifingu af hálfu meirihlutans. Þetta er ekki mjög lítill hluti, 21 þingmaður, er ekki mjög lítið. Við getum séð í ljósi þess sem gerðist 6. október 2008, þá voru langflestir með á því að semja og samþykka á nokkrum klukkustundum mikilvæg neyðarlög. Þannig að á endanum í alvarlegum málum, þá munu þingmenn standa undir ábyrgð. Þannig að ég vil andmæla

þessari tillögu og sérstaklega þeim rökum Illuga að Lögréttuspurningar, eða lögspurningar til Hæstaréttar, eftir að lög hafa verið samþykkt, að þau komi í staðinn fyrir þetta. Það snýst um lögfræði og stjórnskipunarrétt, en hér erum við að tala um pólitík. Ég held það sé mun mikilvægara að þetta ... það kemur til greina að banna meirihluta að nýta þennan rétt en hérna erum við að tala um minnihlutavernd. En með rökum sem koma fram í greinargerð frá Pawel, að þá kemur vel til greina að banna meirihluta sem stendur að lagasetningu að misnota þennan rétt. Þannig að ég legg til að þessi tillaga verði felld. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Þetta eru góðar umræður um mál sem varða að mörgu leyti það sem hefur verið tekið til umræðu í þeirri nefnd sem ég hef veitt formennsku. Nú fyrst er það grein varðandi 63. gr., brtt. þar um. Það er auðvitað vitnað í greinar eftir undirritaðan í ... ja eftir mig, í þessum skrifum, og ég svona á kannski þínu erfitt með þetta. En þetta er náttúrulega mál sem hefur nú verið sæst á í nefndinni, að hafa með þessum hætti. Hins vegar þá tel ég að ef eitthvað ætti að víkja, þá væri það nú helst þessi réttur, af þeim rökum sem ég hef nefnt. Hins vegar finnst mér líklegt að ég muni sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu. Eða að öðrum kosti að biðja nefndina um að taka ... sem sagt að þetta mál verði tekið aftur fyrir þá, bæði í B-nefnd og C-nefnd og helst hjá okkur öllum á sameiginlegum fundi einhvern tímann síðar og skoða hvernig þetta væri. Nú, síðan er það varðandi þessi hlutföll og það hvort atkvæðagreiðslan eigi að vera bindandi eða ekki. Nú er það auðvitað þannig að þrátt fyrir það að því er oft haldið fram í ýmsum ritum að í löndum þar sem þetta er minna en 10% sé þetta næstum því ekkert notað. Það eru engu að síður fjölmargar undirskriftasafnanir á Íslandi, sem þótt rétt sé getið, hafi kannski ekki þurft að fara í gegnum mjög strangt ferli, en hafa engu að síður, allavega náð þeirri tölu ... Það er t.d. undirskriftasöfnun um veggjöld, EES-samninga, Icesave 1 og 2, áskorun til DV um að breyta ritstjórnarstefnu sinni, við fjölmiðlalögin ... og þetta er nú þær sem ég fann svona í fljótu bragði. Reyndar bara til þess að áréttu það, svona upp á eitthvað lögskýringargildi, að það mundi vera mat þeirra sem standa að tillögunni að kvaðir þess efnis að menn þyrftu að fara til sýslumanns til að skrifa undir slíka undirskriftarsöfnun, mundu ekki rúmast innan marka þeirra greina sem að lagðar eru fram, það væri allt of takmarkandi ákvæði. Hins vegar datt okkur í hug að með tímanum, þá mundi það aukast að menn gætu gert svoleiðis hluti með rafrænum skilríkjum heima hjá sér. Þannig að það gæti orðið að þessi réttur væri auðveldari í nýtingu en ella. Ég bendi hins vegar þannig á að það er mjög líklegt að þetta sé, með hliðsjón af því sem hefur gerst á Íslandi hingað til, alls ekki tala sem er það há að hún verði ekkert notuð. Og ég mæli með að

Þessu verði haldið óbreyttu, í ljósi þess að þetta er akveðin sátt. Nú er þetta það orð sem er notað svoltið valkvætt þessa dagana. Sátt er svona hin nýja þjóð hjá okkur. Það svona, þegar það hentar, þá er það eitthvað sem allir hafa sæst á, en þegar það hentar ekki, þá svona eru menn bara að fylgja sinni sannfæringu.

Nú, síðan er það sem er af sama meiddi, er í raun umræðan um bindandi eða ekki bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég get mjög vel skilið þau rök að menn telja, sem vilja ganga þá leið, að þjóðin hafi þetta vald beint í hendi sér, að þeir vilji bara að það sé hægt með einhverju móti að fara svoltið fram hjá hinni hefðbundnu lagasetningaleið Alþingis. Og leggja mál sem fara beint alla leið til þjóðarinnar. Það er einfaldlega eitthvað sem þeir sem aðhyllast þingræðið, og þ.á m. ég, áttu erfitt með að fallast á í upphafi. Og þess vegna var á endanum farin þessi leið, að það er hægt að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. En í þeim tilfellum sem þingið er algjörlega á öndverðum meiddi við hóp kjósenda, þá geti það tekið ákvörðun um að þjóðaratkvæðagreiðsla er einungis ráðgefandi. Nú ef að úrslit þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu verða á þá leið að úrslitin eru kannski mjög tæp, þá vita þingmenn að þetta sé umdeilt mál, pólitískt, og taka ákvörðun með hliðsjón af því. Ef að úrslitin eru kannski 70/30, þá eru menn auðvitað tiltölulega bundnir, bara pólitískt, því að sem gerist, því að ella munu kjósendur refsa þeim næst í almennum kosningum. Þannig að ég held að sem fyrsta skref og vegna þess að við erum jú að tala um það, svo ég vitni hérna í orð Illuga, sem ég ætla nú að nota kannski einhvern tíma síðar, að við ætlum ekkert að ana út í eitthvað sem við vitum ekki hvað þýðir. Þá mundi ég segja að þetta væri ágætis fyrsta skref, að gera þetta með þessum hætti. Nú, að lokum þá er það varðandi þá tillögu um að þau mál sem lúti að jafnræðisreglunni, fari ekki í þjóðaratkvæði. Þetta er hugmynd sem er góðra gjalda verð og það var reynt mjög ítarlega að skoða það í nefndinni, með hvaða hætti hægt væri að undanskilja einhvers konar mannréttindamál þjóðaratkvæðagreiðslum. Það þótti ... í samráði við sérfræðinga kom í ljós að það þótti mjög erfitt, að setja fram slíkar hömlur, sérstaklega ef við erum að ræða mannréttindi almennt. Það getur verið að þessi leið, að setja þetta með þessum hætti, gangi hugsanlega upp, en við höfum hins vegar dálítið skamman tíma til stefnu til þess að fá úr því skorið með einhverjum hætti, hvað falli undir jafnræðisregluna, sérstaklega. Nú, það er auðvitað engu að síður þannig að þinginu er heimilt að vísa frá málum, sem ekki varða almannahag, og ég held að það sé nægjanlegt skilyrði til þess að því verði breytt. Takk.

SN

Þá er það Eiríkur Bergmann Einarsson, og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar.

EBE

... ræða ögn þessa tillögu sem hér er komin upp um að fella á brott möguleika þriðjungs þingmanna til þess að skjóta málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tek undir með þeim Silju Báru

og Gísla sem að hafa nefnt að af þeim þremur farvegum fyrir málskot, sem að eru inni í okkar núverandi skjali, að þá sé þessi sá allra, allra, allra mikilvægasti. Ég hygg að þetta eina atriði, að minnihluti þingmanna geti skotið málum í þjóðaratkvæðagreiðslu, sé það einstaka atriði í öllum okkar tillögum, sem að muni gera hvað mest gagn til þess að bæta lýðræðið í þessu landi. Og ég myndi sjá mjög á eftir þessu ákvæði, ef að það myndi falla brott.

Vandinn í stjórnskipun Íslands, og eins og sagan hefur kennt okkur, er að sterkur leiðtogi getur náð svo til öllum völdum í eigin hendur í gegnum ríkisstjórn og þing, og skipunarvald. Og þess vegna er þetta gríðarlega mikilvæg minnihlutavernd, að minnihluti kjósenda geti gripið inn í ofríki mjög valdamikils leiðtoga, með þessum hætti. Mér finnst þetta mun mikilvægara heldur en að málskotið sé í höndum 15% kjósenda, sem við gerum ráð fyrir, og langtum mikilvægara heldur en að það sé í höndum einstaks forseta sem að við höfum líka samþykkt. Þetta er það atriði sem gengur lengst í að tryggja betra lýðræði í þessu landi, þannig að ég vil leggja þunga áherslu á að við höldum þessum þætti inni. Varðandi prósenturnar hins vegar, með aðkomu þjóðarinnar, að þá er þess að geta að í öllum tilvikum sem hafa farið fram þjóðaratkvæðagreiðslur, þá hefur verið safnað langtum fleiri undirskriftum heldur en þessi 15% gera ráð fyrir, þannig að ég held að það sé ágætt að halda því inni. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, við höfum þessa 3 möguleika, Alþingi, forsetann og svo fólkið í landinu. Sjálfum finnst mér síðastnefndi kosturinn lang mikilvægastur, að fólkið í landinu hafi áhrif á gang eigin mála og vil flagga honum. Okkur hættir kannski til þess að líta alltaf á fólkið, okkar eigið fólk og okkur sjálf, sem eitthvað hættulegt fyrirbæri. Okkur hættir til að líta á okkur sem einhvern múg sem velur alltaf Barabbas. Ég held að við eigum að hætta því. Við eigum að standa með okkur sjálfum og treysta okkur sjálfum. Og ég segi, og mótmæli því sem Eiríkur Bergmann segir að það sé ekkert mál að safna 30-40.000 undirskriftum. Ég held það sé bara gríðarlegt mál, og fólk er alltaf að tala um það, ekki síst úr fræðimannasamfélaginu, að þurfi einhverja rannsókn sem styðji hitt og styðji þetta, og það er bara glögg að ef að sé svona há tala, þá verða eiginlega engar þjóðaratkvæðagreiðslur. Og ég ætla bara að ítreka það, að það er sterkt ákall hérna í þjóðfélaginu, ákall fólksins í landinu um það að hafa eitthvað mótvar við þessari spillingu sem hér hefur viðgengist. Og besta aðhaldið er náttúrlega þessi málskotsréttur þjóðar til sjálfrar sín. Og ég bara ítreka það að ég vona að ráðslíðar hafi þetta í huga við atkvæðagreiðslu hér á eftir. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og –menn. Örstutt varðandi málskotsréttinn. Þá er það náttúrlega ljóst af málflutningi manna hér, að það er misjafnt hvað einstaklingum finnst ... hver þriggja kostanna mætti helst missa sín. Og það er einmitt mergurinn málsins. Þetta mál hékk nú líka dálítið á forsetarénu, og allri umræðunni um hann. Og þessi þríeina niðurstaða, um hana varð sátt og menn munu aldrei verða á eitt sáttir hér um það, hvort, ef það á að fara að fækka möguleikum, hver þeirra ætti að fara út. Margir hafa verið mjög mótfallnir því að forsetinn hefði málskotsrétt, létu sig hafa það til þess að ná sátt. Aðrir kæra sig ekki um þingmenn, og enginn hefur svo þorað að andmæla þjóðinni. Talandi um pópulisma. En ég bara legg til að við séum ekki að setja þetta mál í uppnám, það verður bara að reyna á það. Og fari þingmenn illa með þennan rétt, þá vonandi læra þeir af reynslunni. Ég verð að viðurkenna það að sjálf er ég engin óskapa aðdáandi þjóðaratkvæðagreiðslna, þó ég láti mig hafa það, af því að það er gott og fallett og lýðræðislegt. Ég þjáist alltaf lítillga af forræðishyggju og þarf að berjast við þá tilhneigingu í sjálfri mér, en það er náttúrlega bara aldur og reynsla og fyrri störf, sem hafa eftir þessa forræðishyggju með mér. Og ég hef nú reyndar þá trú að það væri mjög vel til fundið ef að samfélagið allt lyti meira forsjá fullorðinna kvenna ... betra gæti nú ekki hent. Kannski við ættum að hafa sérþjóðaratkvæðagreiðslu sem bara fullorðnar konur mættu taka þátt í. Jæja, en að öllu gamni slepptu, því ekki er þetta nú neitt gamalmál, heldur fúlasta alvara. Sko, ef að verið er að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslna, og gefa þjóðinni þennan rétt, þá verðum við að gera það af því trausti að hún kunni með það að fara, og geti nýtt sér réttinn. Og þá held ég að 15% þröskuldurinn sé svo hár að hann reynist erfiður, en 10% sé ekki svo lágur að það sé hægt að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu, ef að skilyrðin eru ströng, að þá held ég að 10% nægi. Sama gildir um hvort að frumvörp sem að spretta upp úr frumkvæðisrétti þjóðarinnar, mér finnst það hræsnisfullt og notandi orðin hans Pawels úr greininni, mér finnst það sko, að vera að veita þennan rétt og segja svo: En það þarf ekki að fara eftir honum. Til hvers er það þá? Alþingi hefur rétt til þess að flytja frumvarp sem andsvar við þessu frumvarpi. Og ef að ekki næst samkomulag, þá á að skjóta báðum frumvörpunum í þjóðaratkvæði. Og þá hlýtur það að vera bindandi. Ég skil ekki til hvers væri annars verið að leggja í þetta ferli. Þá bara dugir skoðanakönnun eða eitthvað slíkt. Þannig að við skulum standa við það sem við ákveðum, hvort sem okkur líkar betur eða verr hvernig ákvörðunin var tekin. Og það er ekki nokkur vafi um að þetta var sterk krafa hjá þjóðinni, að þjóðin ætti að hafa málskotsrétt. Og þá bara verðum við að treysta þjóðinni. Og vona að hún verði traustsins verð. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, góðir ráðsliðar og formaður. Þetta verður stutt hjá mér. Ég var dálítið efins um þetta með þingmennina, en ég hygg að kjósendur muni einfaldlega refs minnihluta þings sem að fer að misnota þetta. Það verði ekki lengi sem slíkt ástand vari, og þess vegna fylgi ég því að hafa þetta eins og það er, en ekki að fara að breyta því. 15% kunna að þykja há, en við getum ekki tekið reynslu annarra og margfalt stærri þjóða til viðmiðunar. Það er mjög auðvelt hér, í okkar litla samfélagi að fá mikla bylgu. Hér var safnað 50.000 atkvæðum, að vísu kannski ekki með sömu ströngu skilyrðum og yrðu hér. Og ég minni á að þessi stjórnarskrá á kannski að lifa aðeins lengri tíma heldur en tíma umslaga og bréfaskrifta, og það getur verið mjög skammt í það að verði hér rafræn kosning. Og úr því var hægt að safna hérna einhverjum 30.000 manns út af vegatollum, á örfáum dögum, á netinu, þá held ég að í þessu litla þjóðfélagi sem allir þekkja málin, að þá sé auðvelt að safna 15% þegar að verður komin rafræn kosning, og miklu betri tækni. Takk.

SN

Þorkell Helgason, þú ert næstur. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já góðir félagar aftur. Eins og ég sagði hérna fyrir hlé, þá er nú brýnt að við reynum að þoka málum þannig að þetta plagg okkar í heild fái samþykki okkar allra og síðan þings og þjóðar. Þannig að við verðum öll að slá af okkar ítrustu kröfum og setta okkur við málamiðlanir og huga bara líka að því hvað nær fram að ganga að lokum. Við viljum ekki að þetta plagg lendi á öskuhaugum sögunnar. Og er ekki alfarið sammála þeim rökum sem Ómar Ragnarsson flutti hérna fyrir nokkrum dögum, að það væri betra að falla með sæmd en að hafa gefið eitthvað eftir, þó ég fari nú kannski alveg orðrétt með þetta. Af þessum sökum legg ég til að, í fyrsta tillaga C-nefndar sem Pawel Bartoszek flytur, nr. 92, verði samþykkt. Það er komin fram ósk frá Katrínu Oddsdóttur að vísa nr. 82 til nefndar. Ég legg til að tillaga 40, tillaga 4 og 27 verði allar felldar. Þó ég hafi eflaust stutt það allt saman einhvern tíma á sínum tíma, þá bara í þágu þess að reyna að þoka hér málum áfram, og búa til mjög gott skjal, þó svo að það verði ekki fullkomið, en skjal sem að gæti hlotið samþykki allra. Þá vil ég ... mér þótti miður að það var greitt atkvæði hérna áðan um það eitt, málskot forsetans, í staðinn fyrir að skoða þessi málskotsmál í heild sinni. En úr því sem komið er þá finnst mér rétt að það fari fram atkvæðagreiðsla um nr. 20, en síðan verði með einhverju móti gert kleift að málin verði í heild sinni tekin upp og þar með verði þessi málskotsmál, það verði reynt að samræma hlutina með hliðsjón af því hvernig atkvæði falla. Fyrst það er búið að greiða atkvæði um málskot forsetans, þá er eins gott að fá þetta líka um málskot þingsins og sjá svona hvort virðist hafa meira fylgi. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk kærlega. Ég ætlaði aðeins að ræða brtt. 82 við 65. gr. og velta aðeins upp smá álitæfni, sem ég tel að kannski vert sé að hafa í huga vegna hennar. Þar er verið að gera tillögu að því að ekki verði hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um lög sem ganga í berhögg við jafnræðisreglu stjórnarskrár þessarar. Nú vil ég spyrja Katrínu sem er flutningsmaður að þessu, hvað þýðir það ef að lög ganga í berhögg við jafnræðisregluna? Það þýðir það að lög in brjóta í bága við stjórnarskrána. Það þýðir að þau ber að virða að vettugi, þau eru ekki stjórnskipulega gild og geta þ.a.l. ekki gilt. Hvernig ætlum við að vísa slíkum tillögum til þjóðarinnar? Nú erum við að setja á laggirnar Lögréttu, við getum spurt hana hvort að lög brjóti í bága við stjórnarskrána strax á frumstigum og við erum líka búin að opna að það sé hægt að senda lögspurningar til Hæstaréttar. Viljum við virkilega að það sé hægt að kjósa um lög sem ganga í berhögg við stjórnarskrána? Ég legg til að við greiðum atkvæði um þetta og þessi tillaga bara gengur ekki upp, lagalega séð. Hafði það í huga.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil bara í örstuttu máli lýsa stuðningi mínum við lægri þröskuld varðandi þjóðaratkvæði, 10%, og að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli vera bindandi. Nú varðandi tillögu sem Illugi Jökulsson flutti hér áðan, brtt. nr. 20 við 63. gr. Þá er ég fylgjandi þeirri brtt. og ætla ekki að bæta neitt við þrýðilega ræðu flutningsmanns. En mér finnst dálítið mikið í lag, ef maður hugsar um þetta gatnakerfi stjórn-málanna, ef það er hægt að fara í þjóðaratkvæði á hverju horni. Það er á þremur stöðum þá, skv. okkar tillögum, sem að liggja fyrir núna, mál-skotsréttur forseta, þjóðar og síðan þingsins. Og ég skil rök Eiríks um að þetta geti komið í veg fyrir eða hindrað það að frekur leiðtogi, ofríkismaður skulum við bara kalla það, taki allt í sínar hendur, en ég mundi nú halda að málskotsréttur forseta og þjóðar væri nægjanlegur. Það er stundum talað um líkinguna belti og axlabönd, en hér finnst mér menn vera komnir í samfesting utan yfir allt. Þannig að ég lýsi stuðningi mínum við þessa tillögu, tel nóg í lagt að hafa þetta á tveimur stöðum. Takk fyrir.

SN

Þá er umræðu lokið um þessar tillögur sem hafa verið kynntar og við göngum til afgreiðslu á þeim.

Og það er fyrst brtt. nr. 20 við 63. gr., málskot til þjóðarinnar, þar sem er lagt til að réttur þrjú-ungs þings til að skjóta lögum sem samþykkt hafa verið til Alþingis til þjóðaratkvæðis, sé felldur niður. Og við hefjum kosningu um þessa brtt. og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 12 atkvæðum, 8 hafna og 4 sitja hjá.

Þá er það brtt. nr. 27 við 63. gr. um að þröskuldur þjóðaratkvæðagreiðslu verði lækkaður úr

15% í 10%. Og við hefjum kosningu á þessari brtt., og kosning er hafin.

Og þessi tillaga er samþykkt með 13 atkvæðum, 11 voru á móti.

Þá er það brtt. nr. 4 við 64. gr. um að 10 af hundraði kjósenda geti lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi í staðinn fyrir 15 eins og er í frumvarpsdrögunum. Og við hefjum kosningu á þessari brtt. og hún er hafin.

Og niðurstaðan er að hún er samþykkt með 13 atkvæðum gegn 11.

Og þá er það brtt. nr. 40 þess efnis að þjóðaratkvæðagreiðsla í þingmálum að frumkvæði kjósenda verði einungis bindandi. Og við hefjum kosningu um þessa tillögu, og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 14 atkvæðum gegn 10. Enginn sat hjá.

Þá er það brtt. nr. 92 sem er viðbót, kemur frá C-nefnd, þar sem er bætt við: Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði, skera dómstólar þar um. Og við hefjum kosningu um það, sem er hafin.

Og hún er samþykkt með 20 atkvæðum, 2 á móti og 2 sátu hjá.

Og loks er það brtt. nr. 82 við 65. gr., framkvæmd undirskriftarsöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu, um að í staðinn fyrir að lög um ríkisborgararétt séu undanskilin ... nei, nei, nei, hvað er ég að rugla ... þessi var, bíddu ég er með vitlausan.

Katrín, viltu bregðast við þeim athugasemdum sem hafa komið ... bíddu er ég með vitlausu tillögu hérna fyrir framan mig?

KO

Ég skora bara á formann nefndar C að taka þetta mál, hann ...

SN

Pawel.

PB

Ja, það er í sjálfu sér ef að flutningsmaður óskar þess, þá er það rétta boðleiðin.

SN

Já. Fínt er. Þá fer það þannig. Nú, þá er það næsti hluti. Það eru greinar 66 til 73, og það eru brtt. nr. 13 við 67. gr. um greiðsluheimildir, það er brtt. nr. 80 við 69. gr., skattar, það er brtt. nr. 39 og 66 og 5 við 70. gr., eignir og skuldbindingar ríkisins, það eru þrjár brtt. hér við sömu grein. Það er brtt. nr. 91 við 71. gr. um þingrof. Þannig að þá bið ég fólk um að kynna þessar greinar og fyrstur er Gísli Tryggvason, um 13. brtt. við 67. gr., greiðsluheimildir. Og Gísli er reyndar líka með brtt. nr. 5 um eignir og skuldbindingar ríkisins, og það væri ágætt ef þú Gísli, bara tækir hana í beinu framhaldi. Gjörðu svo vel, Gísli.

GT

Já, formaður. Þakka þér fyrir, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Fyrst aðeins um tæknilega breytingu sem er brtt. 13 við 67. gr., sem fjallar um fjáráukalög, eða greiðsluheimildir. Núverandi

tillaga í frumvarpinu er svohljóðandi: „Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar“, þ.e.a.s. í fjárlögum, „til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. ... Skál slík heimild staðfest í fjárukalögum“, er tillaga mín. En í frumvarpinu segir: „Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárukalögum“. Ég tel ákveðna mótsögn í þessu frumvarpsorðalagi. Ef að fjármálaráðherra hefur sinnt þeirri skyldu sinni að fá heimild frá fjárlaganefnd fyrirfram, eins og við leggjum mikla áherslu á í B-nefnd, að þá er óeðlilegt að orða það þannig að hann þurfi að fá aðra heimild frá þinginu öllu, og gefa þá í skyn að hitt hafi verið í einhvers konar heimildarleysi, og gefa færi á því að Alþingi færi að synja um slíka heimild. Ég tel að í þingræðisfyrirkomulagi eins og okkar, sé nægilegt að fjárlaganefnd í þessum undantekningartilvikum, sem verða vonandi fá, sé búin að veita slíka heimild og það sé aðeins staðfesting sem að kemur frá þinginu öllu í kjölfarið, og hún fæst í fjárukalögum. Þetta er að danski fyrirmynd sem við gerum þetta og við vorum allavega sammála um það í B-nefnd að slíkar heimildir frá fjárlaganefnd myndu mynda einstakar greinar í fjárukalögum. Þannig að þetta er einungis orðalagsbreyting sem kemur sem tillaga frá mér til þess að áréttta það að fjármálaráðherra hefur þá sinnt skyldu sinni og það gengur ekki að gefa í skyn að það sé hægt að koma í bakið á honum með það að synja honum um heimild. Þetta var 13. tillaga um 67. gr. Síðan hefur mér verið falið að mæla fyrir brtt. nr. 5 við 70. gr., sem fjallar um aukinn meirihluta til þess að veita, í undantekningartilvikum, ríkisábyrgð til einkaaðila. Í frumvarpinu segir, í tillögu frá B-nefnd: „Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna“. Nú er það svo að í dómafrákvæmd hafa dómstólar oft þurft að taka á því hvað almenningsþörf eða almannahagsmunir þýði, og í öllum tilvikum held ég megi segja, allavega síðustu 80 árin, hefur Hæstiréttur alltaf sagt að dómstólar geti ekki endurmetið skilyrði löggjafans á því ef að hann telur almannahagsmuni fyrir hendi. Það er ekki mjög líklegt að þetta breytist á næstunni, þannig að slíkt efnisskilyrði er lítil vernd fyrir skattborgarana, og borgarana fyrir því að naumur meirihluti Alþingis fari að ábyrgjast skuldir einkaaðila. Þess vegna leggjum við til, og við erum á þessari tillögu, Örn Bárður Jónsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Þorvaldur Gylfason, Pétur Gunnlaugsson, Lýður Árnason, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Arnfríður Guðmundsdóttir og Andrés Magnússon, auk mín. Þess vegna leggjum við til að við bætist, það sem ég kalla bærniskilyrði, þ.e.a.s. að slík lög sem að vonandi verða fátíð, ef nokkur, þurfi tveggja þriðju hluta atkvæða á Alþingi. Við höfum samþykkt fleiri slík atriði sem eru mikilvæg, eins og forseti Alþingis. Og þetta er eina verndin sem skattborgararnir hafa gegn því að hér fari aftur af stað það sem kalla má pilsfaldakapitalismi, sem

felur í sér að gróðinn er einkavæddur og tapið ríkisvætt. M.a.s. borgaralega sinnað blað, sem hefur komið út í 150 ár, eins og Economist, hefur lengi mælt gegn þessu sem gerst hefur í mörgum ríkjum heims, þ.á m. Íslandi, að gróðinn sé einkavæddur en tapið ríkisvætt. Við höfum fordæmi fyrir því að þessi meirihlutavilji sé misnotaður, þegar ríkisábyrgð var heimiluð á Decode. Hún var sem betur fer ekki nýtt, en það hefði getað farið illa. Og það er engin hættta á því að 2/3 þingmanna muni ekki samþykkja eðlilegar ríkisábyrgðir, eins og á innistæðutryggingum gagnvart neytendum. Að lokum má taka fram að helsta andsvarið sem við höfum fengið við þessari tillögu er að Evrópu-sambandsreglur, þ.e.a.s. aðild okkar að EES, tryggi borgarana nægilega vel. Og þó að ég telji að margt gott komi frá Brussel, þá eigum við ekki að treysta alfarið á réttarbætur þaðan, og við eigum að setja þetta í okkar eigin stjórnarskrá. Og það er engin hættta á að aðilar eins og Íbúðalánasjóður falli undir þetta, vegna þess að hann er augljóslega ekki einkaaðili. Þá held ég að þetta sé komið. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 80 við 69. gr., skattar. Og það er Andrés Magnússon sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar og þið sem á hlýðið. Þetta er brtt. í anda þeirrar stjórn málaheimspeki sem að kveður á um að það sem maður kemst upp með, það gerir maður aftur. Og allt svona tal um að við skulum setja reglur sem passa upp á að það geti ekki gerst svona hlutir aftur eins og gerðist við hrunið, þær eru hjóm, ef allir komast upp með það sem þeir gerðu. Hér er stungið upp á því að þessu ákvæði um afturvirknis ..., sem sé enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar að þau atvik urðu sem ráða skattskyldu, að þetta sé tekið úr stjórnarskránni og sem sé, stjórnarskrárverndin er tekin og þetta verði heimilað að gera með lögum, með lagasetningu. Og þá mun ákvæðið áfram veita þá vernd sem það var hugsað til. En, með því að taka stjórnarskrárverndina af, þá er opnað fyrir möguleikann á því að löggjafinn geti farið skattlagningarleið, til þess að endurheimta hluta þeirra fjármuna, sem komast hafa í hendur fjármálamanna, við það að ríkið hefur greitt afleiðingar gerða þeirra, t.d. við veðmál, stöðutöku gegn íslensku krónununni, útgreiddan arð í fyrirtækjum sem síðan fór á hausinn, o.s.frv. Ég bendi á að þetta ákvæði var ekki í stjórnarskránni fram til 1995, þannig að það virðist vera hægt að lifa án þess. Og það er heldur ekki í öðrum löndum. Ég hef leitað víða og fleiri, og ekki fundið. Í sumum löndum er ásælni skattayfirvalda þjóðfélagsvandamál. Á Íslandi hefur vandamálið undanfarið ár verið einmitt hið gagnstæða, að eignir hafi í stórum stíl runnið frá ríkinu, sameign landsmanna, til einkaaðila, til að borga töp einkaaðila. Þetta hefur almenningur upplifað sem þungar byrðir og það hefur sært réttlætiskennd hans. Sama tilfinn-

ingin er ríkjandi í dag um mestallan heim. Það má því ekki gera hugsanlega endurheimtu þessara fjármuna erfiðari, með séríslensku íþyngjandi stjórnarráðsákvæði. Þess vegna sting ég upp á því að þetta verði tekið úr stjórnarskránni og heimilað að setja þetta í lög. Vegna þess að það kemur kannski að þeirri stundu, að við þurfum að endurheimta þessa fjármuni. Vegna þess að í dag, þeir sem settu allt samfélagið á hausinn, eru ennþá aðalleikendur í viðskiptalífi landsins, og þeir sem hafa gífurlega mikið fjármagn á bak við sig. Og því hvet ég menn til þess að falla frá því að hafa þetta í stjórnarskránni og setja þetta í lög, heldur. Þetta var brtt. nr. 80 við 69. gr. Ég á næstu ..., formaður.

SN

Þú átt líka brtt. nr. 66. Það væri ágætt ef þú fylgir henni úr hlaði núna.

AM

Já. Þetta er sem sé ákvæði sem kemur að því að fólk hefur upplifað sölu ríkiseigna mjög óréttláta. Og það er bæði tilfinning á Íslandi og víða um heim. Hugmyndin var að selja ríkisfyrirtæki og að hagnaðurinn myndi renna í vasa allra. En upplifunin er mjög oft sú að hún hefur runnið í einhvern einn vasa, eða fáeinna vasa.

Og þessu ákvæði er einmitt ætlað að taka á því. Ég ætla að leyfa mér að lesa hér: Það hefur grafið undan trausti almennings, ef ríkisfyrirtæki eru seld einum aðila fyrirfram. Í sumum löndum hefur þess verið gætt vandlega að sérhvert hlutabréf í einkavæddu ríkisfyrirtæki, er boðið til kaups í kauphöllinni, og ræður framboð og eftirspurn verði hlutabréfa. Þess er vandlega gætt að þau eru ekki seld í kippum, eða að ákveðnir aðilar fái forgang sem kjölfestufjórðingar, innan gæsalappa „kjölfestufjórðingar“. Það er ekki tekin afstaða til þess hér, hvort hærra verð fái fyrir eignina eða ekki. Ávinningurinn er fyrst og fremst sá að öllum almennungi stóðu hlutabréfin til boða. Þannig að almennigur treysti söluferlinu. Misbrestur hefur verið á þessu héraði. Það er sem sé verið, með þessu ákvæði, að hnykkja á því að það er ekki hægt að selja einhverjum útvöldum hóp fyrirfram ríkisfyrirtæki, heldur verður þessu deilt upp í hlutabréf og allir geta fengið að kaupa. Og mæli ég með því að þið sýnið þessu velvilja. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 39 við 70. gr., eignir og skuldbindingar ríkisins. Og það er Vilhjálmur Þorsteinsson sem kynnir. Gjörðu svo vel.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég fylgi hér úr hlaði þessari brtt. 39 sem að ég flyt ásamt Pawel Bartoszek og Eiríki Bergmann Einarssyni. Og hún gengur sem sagt út á það að 2. mgr., 70. gr. falli brott úr frumvarpsdrögunum. Það er þessi mgr.: „Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almanna-hagsmuna“.

Nú, þetta er mgr. sem kom inn tiltölulega seint í ferlinu, inn í tillögur B-nefndar. Þetta er sem sagt ... við teljum annars vegar að ... ja, í fyrsta lagi að þetta sé bara mjög óljóst ákvæði, að það sé hægt að túlka það á ýmsa vegi. Það er óljóst hvernig það yrði túlkað í framkvæmd. Það er á annan bóginn hægt að rökstyðja að þessi undanþága þarna, vegna almannahagsmuna, hún sé það víð að dómstólar myndu einfaldlega eftirláta löggjafanum að túlka það og dæma það, hvað sé vegna almannahagsmuna og dómstólar munu ekki taka það á sig að endurtúlka það, ef að löggjafinn hefur sett lög, að þá hljóti hann að líta svo á að það sé vegna almannahagsmuna. Það eru fordæmi fyrir þessari túlkun úr öðrum tilfellum. Hinn möguleikinn er sá að þetta yrði túlkað strangt og þá fer að verða spurning hvort að það detti þá ekki út, heimildir ríkisins til að gefa út ábyrgðir, á ýmsa starfsemi, t.d. sem að tengist Íbúðalánasjóði. Ég geri mér grein fyrir að það er ekki um að ræða að það sé vandamál að veita Íbúðalánasjóði sem slíkum ríkisábyrgð, því hann er ekki einkaaðili. Hins vegar er starfsemi Íbúðalánasjóðs í því fölginn að veita, í raun og veru, ríkisábyrgð á skuldir einkaaðila og selja þær áfram til fjárfesta á borð við lífeyrissjóði. Nú svo er til eitthvað fyrirbæri sem heitir Tryggingardeild útflutningsgreina, sem heyrir undir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem veitir tryggingar og öryggisábyrgðir, fyrirtækjum sem eru í útflutningi. Það er líka til fyrirbæri sem heitir Ábyrgðarsjóður launa, sem að veitir tryggingu gagnvart launakröfum í þrotabú. Það er líka til náttúrulega innistæðutryggingasjóður, sem er óljóst hvort að myndi teljast hafa ríkisábyrgð eða ekki, eða þurfa það. En ég vil þó benda á það að hvort að þetta ákvæði er þarna inni í stjórnarskrá eða ekki, myndi væntanlega engu breyta, ef það kæmi upp krísa, að ríkið yrði alltaf á einhvern hátt að koma inn í það mál, að vernda innistæður í landinu, annars fer hagkerfið einfaldlega í stöðvun.

Nú, menn hafa nefnd Decode. Decode-málið það kom upp þarna, ja 2002-2003. Þingið samþykkti ríkisábyrgð til Decode, en það fór síðan þá leið sem að slík mál eiga að fara, að það var tekið til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA eða ESA, og ESA dæmdi 2003, að þetta væri ólögmat ríkisábyrgð, enda er þetta eitthvað sem ekki má, og ríkisábyrgðin var aldrei gefin út til fyrirtækisins. Og meðan við erum innan EES, að þá eru engir möguleikar á því að ríkið geti svona gefið einstökum fyrirtækjum ríkisábyrgð, nema á grundvelli mjög afmarkaðra og málefnalega sjónarmiða. Þannig að að öllu framansögðu, þá er það okkar eindregin skoðun að þetta ákvæði þjóni ekki tilgangi sínum og að það sé betra að fella það brott og við teljum einnig að það bara eigi að láta löggjafanum eftir að setja svona reglur um ríkisábyrgðir. Það eru fyrir hendi í lögum, ítarlegar reglur um ríkisábyrgðir, og það held ég að, þó að menn vilji bregðast við því sem gerðist hér 2008, þá verðum við bara að trúna því að fólk hafi nú lært ákveðnar lexíur og varkárni á þessu sviði hafi nú aukist. Takk fyrir.

SN

Loks er það brtt. nr. 91 við 71. gr., þingrof. Og Katrín Fjeldsted kynnir hana fyrir hönd B-nefndar. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, formaður. Þetta er brtt. frá B-nefnd, sem kemur til vegna ábendingar sérfræðinga, sérstaklega Eiríks Tómassonar, prófessors, og endurspeglar betur hugsun nefndarinnar og sömuleiðis stjórnlaganefndar en orðalagið að sem er fyrir. Orðalagið sem var í frumvarpsdrögunum var á þá leið að forseti Íslands gæti rofið Alþingi að ósk þess. En rétt þótti að kveða skýrar á um þetta og segja að Forseti Íslands rjúfi Alþingi að ályktun þess. Þannig að þetta er orðalagsbreyting en kveðið nokkuð skýrar að, svo skilja meg. Takk.

SN

Þá er lokið kynningu á þessum brtt. sem eru hér til umræðu og orðið er laust. Pétur Gunnlaugsson.

PG

Formaður, ágætu félagar. Ég sit í B-nefnd og það er verið að fjalla um nokkrar tillögur, sem fjallað var um í B-nefndinni. Það er í fyrsta lagi brtt. Gísla Tryggvasonar, nr. 13 við 67. gr. Mér sýnist að Gísli geri ráð fyrir því að þingið verði að samþykka fjáráukalög ef að fjármálaráðherra hefur fengið meirihluta fjárlaganefndar Alþingis til þess að leggja blessun sína yfir greiðsluskyldu ríkisins utan fjárlaga. Og ég er ekki sammála þessu. Hann segir hérna í greinargerðinni: Ekki er eðlilegt að setja ráðherra í þá stöðu, að heimildar sé synjað í fjáráukalögum, hafi hann gert þá stjórnarskrárbundnu skyldu sína að leita heimildar frá fjárlaganefnd, áður en bindandi samningur hefur verið gerður, eða önnur skuldbinding. ... Nú, ég held að þingið verði nú að hafa síðasta orðið í þessu. En ég er kannski að misskilja þetta sjónarmið. En síðan er það önnur tillaga frá Gísla, sem að ég stend nú að, og það er brtt. nr. 5 við 70. gr. Gísli flutti mál sitt mjög vel hér áðan, þar sem hann færði gild og góð rök fyrir því, hvers vegna stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Og þetta er brtt. sem margir styðja, eðlilega, því að ég held að það sé nú það sjónarmið ríkjandi að þeir sem eru í einkarekstri og einkaaðilar, eiga að bera ábyrgð á sínum rekstri, en ekki skattgreiðendur, eða gera kröfur um það að þeir gangist í ábyrgð fyrir fyrirtæki, til þess að þeir fái lægri vexti í samkeppni við aðra aðila. Þetta náttúrlega er ranglæti, hið versta ranglæti og ólíðandi að t.d. fjármálaráðherra gæti keypt tryggingafélag á háu verði af vini sínum og fengið það í gegn með einföldum meirihluta. Þannig að ég er sammála Gísla um þetta og hans rökum. Nú það eru fleiri tillögur sem að eru hér. Það er tillaga frá honum Vilhjálm. Nú, ég er nú búinn að svara því, ég er ósammála honum, og ég ætla ekkert að ræða neitt sérstaklega frekar um það og Gísli, eins og ég sagði áðan, flutti góð rök fyrir því. Nú svo kemur að honum Andrés Magnússyni, féлага mínum. Og hann er með eina tillögu í sambandi

við þetta varðandi 80. gr., það er altsvo brtt. nr. 80 við 69. gr. Og hann vill breyta þessu. Nú þessi grein: „Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu“. Þetta var sett á sínum tíma, það voru ríkar ástæður til þess. Það var auðvitað til að verja stöðu skattgreiðandans gegn afturvirkni, eða fyrirbyggja afturvirkni. Ég hins vegar sé ekki, hvernig þessi brtt. stuðli að því að þjóðin geti endurheimt verðmæti frá útrásarmönnum, í gegnum skattkerfið. En hann kannski útskýrir það frekar. Þannig að ég er nú ekki sammála þessu. En ég hins vegar, mér líst nokkuð vel á tillöguna hans hina, hans Andrésar. Og það er brtt. nr. 66 við 70. gr. Og hún er þannig, hljóðar þannig: Ríkisfyrirtæki verða aðeins einkavædd með almennri sölu hlutabréfa á opnum markaði. Ég held að þetta sé að mörgu leyti merkileg tillaga og ... auðvitað var þetta ekki rætt í B-nefnd, þetta er seint til komið. Þannig að auðvitað hefði verið betra ef við hefðum getað rætt þessa tillögu þar. Nú, ég held að þetta sé nú það helsta sem að hægt er að segja um þessar tillögur. Ég þakka fyrir.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, nú þegar búinn er að afnema þingræðið, það rotna fyrirkomulag, sem hefur nú bara fært Norðurlöndum einhverja mestu vegsemd og velferð sem hægt er að ímynda sér á hinu byggða bóli, þá kannski er svona til lítills að vera að velta því mikið fyrir sér hvað þingið megi og megi ekki gera. En ég ætla samt að gera þær athugasemdir mínar við brtt. við 70. gr. Reyndar þá vil ég beina því til stjórnar að það þarf að endurskoða 1. gr. í stjórnarskrána rækilega, af því þar er sagt að Ísland sé lýðveldi með þingræðisstjórn, og að Alþingi fari með löggjafarvald. Þetta tvennt náttúrlega á ekki lengur við, en þetta hlýtur að vera eitt af því sem stjórnin hefur heimild til að endurskoða milli umræðna. Nú, en varðandi almannahaginn, þá er reyndar gott að það hafi komi fram hjá Gísla Tryggvasyni að dómstólar og löggjafinn hefðu túlkað almannahag ansi rúmt hingað til, sem þýðir reyndar í samhengi við greinina um eignarrétt, að sú vernd sem þar er falin, um að eignarrétturinn skuli ekki ganga gegn almannahag, skoðast náttúrlega eftir því. En, að greininni um ríkisábyrgð. Ég er enginn aðdáandi ríkisábyrgðar frekar en flestir aðrir. Hins vegar er það svo að í einhverjum tilfellum, þá getur það verið nauðsynlegt vegna almannahagsmuna, að ríkið þurfi að bregðast snöggt við í því skyni að geta forðað einhverju slysi. Og það er mér til efs, að í slíkum tilfellum sé það heppilegt að upp komi t.d. ágreiningur um hvort viðkomandi lög, hvort í þeim felist ríkisábyrgð. Og hvort þau þurfi þá  $\frac{2}{3}$  meirihluta eða einfaldan meirihluta. Eða hvort það sé tilefni til þess að ríkið, fyrirgefið er einn fundur? ... eða hvort að um almannahag sé að ræða, og það þurfi þá líka að fara fyrir dómstól. Það er spurning hvort í slíkum tilfellum, t.d. þegar ríkið þarf að tryggja öll flugfélög, eins og gerðist



eftir 11. september, hvort að mikil málaferli af því tagi, og deilur um hvers konar meirihluta þarf fyrir þingi, séu það besta sem gerist í þeirri stöðu. Ég held ekki. Það hefur verið sagt að helsta gagnrýni á ákvæðið hefur verið þessi og hin. Ja, hver hafa nú verið viðbrögðin við tillögunum frá sérfræðingunum, spyr ég. Ja, þau hafa náttúrlega ekki verið nein, vegna þess að tillagan er ekki samin í neinni nefnd, hún er samin í einhverjum miklu fámennari hópi manna, og hefur ekki fengið þá efnislegu umfjöllun sem allt annað í ráðinu hefur fengið. Þannig að ég, og þau fljótu viðbrögð sem ég hef fengið frá þeim hagfræðingum sem ég hef leitað til, eru þess efnis að þetta sé algjörlega ótækt eins og það stendur nú þegar. Hvað þá, ef við væri verið að bæta einhverjum tillögum um ⅓. Þannig að ég geri eindregið að tillögu minni um að brtt. Vilhjálms Þorsteinssonar og mín, og Eiríks Bergmann verði samþykkt. Og að fellt verði ákvæði um ⅓ meirihluta varðandi ríkisábyrgð. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

PH

Já, ég tek undir orð Pawels og hef aftur þennan formála. Nú verðum við bara að gæta okkar og vera svolítið íhaldssöm, ef að við eigum að eygja nokkra von á að ná einhverjum árangri. Ég ætla að taka, og afstaða mín til allra þessara tillagna byggist á því ... fyrst vil ég þó taka tillögu Gísla nr. 13 við 67. gr. Ég hélt þetta væri bara orðalagsbreyting. Orðalagið eins og það er í frumvarpsdrögunum er ekki mjög skýrt: „Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjáráukalögum“. Það er ekki skýrt hvort að það sé á undan eða eftir, það þarf að hnykkja á þessu. En Gísli er að meina allt annað með þessu. Hann er að meina, eins og hann lýsti ágætlega, að það eigi þarna að binda hendur Alþingis með stjórnarskrárákvæði, og það bara tel ég að stríði gegn öllum okkar prinsippum. Þannig að ég legg eindregið til að þetta verði fellt, en jafnframt að nefndin íhugi betra orðalag á niðurlagi frumvarpsdraganna sjálfra. Þá, ég tek þetta af handahófi eins og það liggur herna fyrir mér, þá tek ég brtt. nr. 80 frá Andrésí Magnússyni um 69. gr. Að mörgu leyti get ég verið sammála hans sjónarmiðum þar. Þessi breyting eða þessi viðauki sem kom þarna inn er ekkert gamall, frá 1995. Ég hygg nú reyndar að þrátt fyrir það sem er í stjórnarskránni núna, þetta skattar, að það verði að vera ... eða ég nenni ekki að lesa þetta, þið hafið þetta fyrir framan ykkur. Þá hygg ég nú að það væri hægt að leggja skatt á svona einhvern óeðlilegan gróða, en mér finnst ótækt að fara að samþykkja þetta að óathuguðu máli, þannig að ég bið flutningsmanninn að leggja til að þetta verði lagt í nefnd. Nr. 5 við 70. gr. Ég vil fyrst segja að ég styð tillögu Vilhjálms, Pawels og Eiríks Bergmann um að fella bara þessa 2. mgr. alfarið niður. Og þetta með ⅓, sko við verðum að vera sparsöm í því að fara að setja það skilyrði að Alþingi þurfi að samþykkja eitthvað með sterkum meirihluta. Þá erum við bara að segja, af því að okkur langi að Alþingi segi nei við einhverju, þá setjum við bara nógu há

skilyrði. Þannig að ég leggst eindregið gegn þessu líka, bara út frá þessu íhaldssjónarmiði, sem við verðum að fara að ástunda okkur svolítið. Sömu-leiðis leggst ég gegn tillögu nr. 66 en styð tillögu nr. 91, frá B-nefnd. Takk fyrir.

SN

Næstur talar Lýður Árnason og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar. Gjörðu svo vel, Lýður.

LÁ

Kæru félagar. Í ljósi sögunnar, þá skil ég ekki til hvers í ósköpunum við ættum að vera að samþykkja ríkisábyrgð á einkarekstri? Hvaða vit er í því að gera það? Ég er alveg sammála Pétri að þetta skekkir algjörlega samkeppnisstöðuna. Fyrir utan að þetta er náttúrlega bara algjörlega ósann- gjarnt. Af hverju á að styðja einn en ekki annan? Og þar sem Vilhjálmur var að tala um þennan samtíning, það stendur að slík lög eru háð samþykki ⅓ atkvæða á Alþingi. Þannig að það er alveg hægt að koma því í gegn fyrir þá hluti sem þarf að koma í gegn. Og Pawel var að tala um hugsanleg neyðartilvik eins og flugfélög og svoleiðis. Það stendur hér líka, slík lög eru háð samþykki ⅓ atkvæða á Alþingi. Ég get varla séð Alþingi Ís- lendinga ef eitthvað neyðaratvik eða neyðarástand kemur upp, að menn segi nei. Ég sé það ekki fyrir mér. Hins vegar erum við búin að sjá fyrir okkur hitt. Að menn bara hafa samþykkt ríkisábyrgð alveg út í hött. Það hefði verið þokkalegur fjandi ef að Decode hefði lent á okkur. Það væri huggu- legt eða hitt þó heldur. Þannig að ég segi bara að við erum eingöngu að áréttu það hér, í ákvæði sem er fyrir í stjórnarskránni, þetta er ekkert nýtt, þetta er fyrir í frumvarpsdrögunum. Við erum bara að áréttu það, að þetta sé það mikilvægt at- riði, að það þurfi aukinn meirihluta þings til þess að samþykkja það. Og þetta er bara til þess að vernda okkur, skattborgarana í þessu landi. Þess vegna finnst mér að við eigum að samþykkja þetta hikstalaust. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel. Og þá er mælendaskrá lokað.

AM

Kæri formaður, félagar og aðrir áheyrendur. Það hefur komið fram uppástunga um að ég vísi þessu í nefnd, brtt. nr. 66 við 70. gr., um sölu ríkisfyrirtækja, og geri ég það hér með. Þá var það Pétur félagi minn, sem bað mig að útskýra aðeins hugsunina á bak við brtt. nr. 80 við 69. gr. Þegar t.d. einn bankinn féll, að þá var það einn eigand- inn sem tapaði 50 milljörðum en græddi í staðinn 188 milljarða á skortstöðutöku, eða veðmáli. Eða allavega fór fram á að fá greidda þá upphæð. Og svona er með mjög margt, að menn ryksuga út úr fyrirtækjum, eignirnar og láta svo fyrirtækið verða gjaldþrota með kostnað fyrir ríkið. Öll saga hrunsins er vörðuð svona atviku. Og ég held að það sé ofmat á dómstólunum að halda að þeir geti náð öllu þessu fé til baka. Það er oft auðveldara að

ná illa fengnu fé til baka í gegnum skattalög. Til dæmis má setja mjög háa skatta á eignir, sem að hafa myndast vegna veðmála, vegna skortstöðutöku gegn íslensku krónunni o.s.frv., vegna misbeitingar á hlutfjárslögum. Þannig að hér er bara verið að halda þessari leið opinni, að ... ég held að menn muni vakna upp við það að þrátt fyrir dómstólana, að þá muni margir, sem að öllu íslensku þjóðarbúi miklum skaða, standa uppi sem stóreignamenn þessa lands, og þeir sem eru aðal-leikendur í íslensku atvinnulífi. Og þá er gott að hafa haft þessa grein opna. Það er hugsunin. Kom fram ...? Ég man nú ekki hvort það var tillaga um að vísa þessu í nefnd frá Þorkatli, eða ...? Já, mér er það alveg sársaukalaust, fyrst það er farið fram á það. ... Ja, ef það er ósk um það ... Nei, það eru þá bæði brtt. við 69. og 70. gr. komnar í nefnd. Og þá langar mig aðeins að svara Vilhjálmi, um ríkis-ábyrgðir. Hann hefur skrifað hér t.d. til er Tryggingardeild útflutningsgreina, sem að er með ríkis-ábyrgð. Ég vissi þetta ekki. Og ég held það séu mjög margir sem viti það ekki. Ég vil nú gjarnan að það sem að ég er ábyrgur fyrir, með sköttum mínum, að ég viti um það allavega. Og þess vegna held ég sé bara fint ef það á að veita ríkisábyrgð, að það sé umræða um það á Alþingi. Og ég er eins og Lýður, ég treysti Alþingi það vel, að ef það er einhver krísa, að þá bara samþykki þeir þessa ríkisábyrgð. En sem sé, grundvallarprinsippið er að menn borgi sinn atvinnurekstur sjálfir. Takk fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærufélagar. Mig langaði til þess að gera þessar brtt. við 70. gr. að umtalfeni. En fyrst vil ég þó taka undir með Pawel, að í ljósi þess að Alþingi var hér rétt áðan afnumið sem löggjafarþing Íslands, að þá þarf auðvitað að breyta undirstöðugreininni og taka Alþingi þar út úr löggjafanum, eða í það minnsta að setja þjóðina þar inn með, ef það á að ganga eftir. Nú, en varðandi þessa brtt. sem hér er lögð fram af fjölmörgum fulltrúum í ráðinu, um að það sé óheimilt að veita ríkisábyrgð nema með  $\frac{2}{3}$  samþykki á Alþingi, að þá hljótum við náttúrlega að gleðjast sigri hagfræðinganna í Chicago og Austurríki, sem að lögðu fram kenninguna um hina óheftu frjálshyggju og að ríkisvaldið hefði ekkert hlutverk inni á markaðnum, því að ég fæ ekki betur séð en að hér sé verið að setja í framkvæmd þeirra villtustu drauma, þeirra félaga Hayeks og Milton Friedmans. En þeir sem að enn trú á hlutverk kjörinna fulltrúa almennings í hagkerfinu, hljóta að fella þessa brtt. og vonandi að styðja tillögu okkar Vilhjálms og Pawels. Bendi líka á það að þetta er auðvitað dálítið furðulegt að tiltaka eiginlega bara ríkisábyrgð. Það er enn ekkert sem að bannar ríkinu samt sem áður, að kaupa sig inn í þessi einkafyrirtæki, ef það svo kys, þannig að það getur bara keypt hlutabréf eða hvernig svo sem það nú er, og það er nú miklu dýrara fyrir almennasjóðina, að það sé gert með þeim hætti, heldur en með ríkisábyrgð.

Og bara svo maður taki atvinnugrein af handahófi, sem gæti lent í vandræðum, að þá gætum við kannski ímyndað okkur það að ef að slík áföll myndu ríða yfir sauðfjárframleiðslu í þessu landi, að ástæða væri til þess að ríkið myndi koma að því að veita ábyrgð á lánnum til sauðfjárframleiðenda, svo að þeir kæmst yfir erfiðasta hjallann, og það myndi hugsanlega vera miklu, miklu, miklu og margfalt kostnaðarminna heldur en að neyðast út á okurlánamarkaðinn, að þá væri það óheimilt með þeirri brtt. sem að hér er lögð fram af fjölda ráðsfulltrúa. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, takk. Ég ætlaði nú eiginlega að segja nokkurn veginn það sem að Eiríkur var að segja, þannig að ég held ég þurfi kannski ekkert að fjölyrða um það. En mér finnst alveg skelfing að hér sé bara verið að ... já, leggja til örgustu frjálshyggju inn í stjórnarskrá. Ég skemmti mér nú svolítið yfir því að vera sammála Pawel í þessu. En ég hvet ykkur eindregið til þess að styðja brtt. nr. 39 og fella brott þetta ákvæði, miðjumgr. í 70. gr. og fella aðrar brtt.. Takk.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk fyrir. Kærufélagar. Ég ætla aðeins að tala svolítið um brtt. nr. 80 við 69. gr., sem flutt var af Andrés Magnússyni og hún hefur nú verið rædd hér áður í ráðinu. Andés, við búum í réttarríki og það er einn grundvallarþáttur í réttarríkinu að við vitum hver okkar staða er, og það eru nokkrar grundvallarreglur, m.a. bann við afturvirkni refsireglna, og bann við afturvirkni, eða beitingu afturvirkra íþyngjandi reglna á borð við skatta. Ef við opnum á þetta, þá erum við hugsanlega að bjóða upp á það að hér verði hugsanlega lagður á skattur, með afturvirkum hætti, á okkur hin líka. Ekki bara, eins og þú vilt gera það. Skattar eru m.a. sóknargjöld, útsvar, tollar. Skattar eru ekki bara tekjuskattur og eignarskattur. Þú verður að horfa aðeins á heildarmyndina. Þig langar að ná í einn hóp. Ég skil það vel, ég myndi gjarnan vilja sjá okkur ná einhverjum fjármunum til baka, sem að héðan voru teknir með kannski ólögætum eða ósiðlegum hætti. Við þurfum hins vegar að horfa á heildarmyndina og huga að öllum hinum hópnum, sem að þessari reglu var ætlað að vernda, þegar hún var sett 1995. Þá hafði það tíðkast í framkvæmd að íslenskir almennir borgarar höfðu þurft að sæta því að lagðar voru á þá álögur í formi skatta með afturvirkum hætti. Og ég skal bara nefna sérstaklega hér að Hæstiréttur dæmdi í máli sem að var mjög afgerandi, á þann veg að það hefðu átt sér stað framkvæmdir í götu, ég held í Mosfellsbænum. Þar voru framkvæmdir í götunni og tveimur árum síðar var lagt á gatnagerðargjald vegna þessara framkvæmda, fyrir tveimur árum. Og það var niðurstaða Hæstaréttar að þetta

bryti í bága við stjórnarskrá og þessa réttarríkis-reglu. Og þetta er nú ein af þeim ástæðum sem varð til þess að hér var sett í stjórnarskrá, í mannréttindakaflann, bann við afturvirkni skattalaga. Og þetta er ein af þeim grundvallarreglum sem miðað er að því að vernda okkur, hina almennu borgara. Ég mæli hiklaust með því að þessi frá-leita brtt. verði samþykkt ... verði felld!

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, örstutt. Það er náttúrlega margt búið að koma fram af því sem ég hefði viljað segja. Varðandi ... sko, það er ekki spurning um herna, eins og alltaf er velt upp, viltu ríkisábyrgð, eða ekki ... viltu eyðileggja Skarðsbók, eða ekki. Heldur er spurningin herna, viljum við að það gildi einhverjar sérstakar aðrar málsmeðferðarreglur um þessa einu tilteknu fjármagnsskuldbindingu af hálfu ríkisins? Viljum við að það sé einhvern veginn miklu erfiðara t.d. að veita ríkisábyrgð vegna almannahags, eða beinlínis að koma henni í fyrirtæki með hlutafé, eða lána því pening vegna almannahags? Ég sé enga ástæðu til þess, hvað þá að það sé sérstök ástæða til þess að það sé einhver sko, önnur þingskaparleg meðferð sem slík mál mundi fá.

Nú, með þessu ákvæði, þótt svo meirihlutinn væri til staðar, þá væru auðvitað til ákveðnir varnaglar fyrir minnihlutann til að grípa í, t.d. að vísa málum til Lögréttu, eða vísa málum til Hæstaréttar. Í tilfelli Lögréttu þá væri t.d. hægt að athuga hvort að viðkomandi ríkisábyrgð stæðist þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar sem fælu í sér EES samninginn, svo lengi sem við erum að honum aðilar. Þannig að væri þá minnihluta vilji fyrir því, þá gætu menn farið þá leið, að athuga það sérstaklega. Nú, ef að hins vegar er ákveðið að þetta sé gert með þessum hætti, þá eru búin að koma ein lög sem er erfiðara að samþykkja heldur en eiginlega stjórnarskrárbreytingu. Því að stjórnarskrárbreyting þarf bara einfaldan meirihluta og síðan þjóðaratkvæði, en þetta þarf  $\frac{2}{3}$  meirihluta. Þannig að ég sé mjög erfiðlega hvernig hægt er að rökstyðja þessa ólíku málsmeðferðar-reglu en ég hef tjáð mig um þau sjónarmið sem ég held að skipti máli og ætla ekki að hafa málið lengra að sinni. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Tillaga Andrésar er komin í nefnd, eða þær báðar, þannig að ég ætla ekki að fjölyrða um það, enda er ég ósammála Andrésí um hvað eigi að vera í lögum og hvað eigi að vera í stjórnarskrá. Ég vil mælast til þess að mín tillaga, nr. 13 við 67. gr. fari í nefnd, enda kom Þorkell með ágætis ábendingar sem má kannski samræma í nefnd. Nú þá að þeirri umþrættutillögu hér nr. 5 við 70. gr. og tillögu Vilhjálmsson og Pawels og Eiríks Bergmann um sömu gr. nr. 39, sem gengur lengra væntanlega.

Að þá held ég að við ættum að hafa það í huga vegna orða Eiríks Bergmann um að ríkið geti bara keypt hlutabréf, að það væri þó réttlætlanlega, þá væri ríkið og skattgreiðendur að njóta ávinnings en ekki bara að taka tapið. Það er aðalatriðið. Ríkiskapítalismi, sérstaklega í stórum mæli, á ekki að líðast. Og af því að Eiríkur Bergmann gerðist bændavinur í lokaorðum sínum og skírskotaði til sauðfjárræktar, þá er það auðvitað alveg satt að það er ákveðinn ríkiskapítalismi í stuðningi við bændur. En hann er þó í smærri mæli, þannig að það setur ekki ríkið á hausinn, þó að einn og einn bóndi fari á hausinn. Varðandi ríkisábyrgð, þá er hún stundum réttlætlanleg. Meirihluti þingsins, aukinn meirihluti þingsins, mun sýna því skilning, eins og við sáum á aðeins örfáum klukkustundum 6. október 2008, að stór meirihluti þingmanna, held ég yfir 50, samþykkti einhver afdrifaríkustu lög í sögu þjóðarinnar. Þannig að það er engin hætt á því að þingið hegði sér óskynsamlega. Ef að ríkisábyrgð fæst hins vegar ekki, þá má kaupa ábyrgð á markaði, gegn hæfilegu endurgjaldi. Og það er það sem að Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við okkur, varðandi bæði Landsvirkjun og Orkuveituna. Það er ekki hægt að leyfa það vegna markaðsaðstæðna á Evrópumarkaðnum, að ríkið raski markaðsaðstæðum. Nú þá vil ég hafna því að í þessu felist frjálshyggja eða aðför gegn fulltrúalýðræði eða þingræði. Þingræði þýðir að ríkisstjórn styðst við meirihluta Alþingis og það er óbreytt. Þannig að ég vil hvetja menn til þess að samþykkja þetta aukna ... það er ekki verið að banna ríkisábyrgð, aðeins að kveða á um aukna ábyrgð og það er að gefnu tilefni. Það er að gefnu tilefni en ekki út af einhverjum abstrakt hugtökum eða hugsjónum utan úr heimi. Takk.

SN

Þá er umræðu lokið um þessar brtt. og við afgreiðum þær þá. Brtt. nr. 13 við 67. gr. um greiðsluheimildir. Flutningsmaður hefur óskað eftir að hún fari í nefnd. Þannig að, það er til B-nefndar.

KF

Formaður, ég sé nú ekkert á móti því að það séu greidd atkvæði um þessa tillögu.

SN

Þá gerum við það. ... Reglan er að þetta fari í nefnd nema flutningsmaður óski eftir að ... en ef nefndin vill ekki fá ...

GT

Nei, er það ekki öfugt? Það má setja í atkvæðagreiðslu ef að flutningsmaður samþykkir. Ég held að formaður sé að snúa við reglunni, sem samþykkt var í gær.

SN

Nei, reglan í starfsreglunum er að þetta fari til nefndarinnar. Við vorum að ákveða að heimild, sem sagt, flutningsmanns, væri að kjósa.

AT  
Já, ef flutningsmaður óskar eftir að hún fari í nefnd, þá fer hún þangað.

SN  
Ókei, þannig að þú verður að taka hana. Brtt. nr. 80 við 69. gr., skattar. Það hefur svona verið nefnt að hún gæti farið í nefnd. Andrés Magnússon, þú ert flutningsmaður hennar. ...

AM  
Já, ég þigg það gjarnan að hún fari í nefnd.

SN  
... þú vilt ekki að það verði kosið um hana hér, núna ...

AM  
Ekki nema ég fái að taka til máls, um hana, sko.

SN  
Þú ert búinn að kynna hana. Þú ert búinn að kynna ...

AM  
Ég óska eftir því að hún fari í nefnd.

SN  
Já. Og það er til ... þetta er til B-nefndar líka. Og þá er það brtt. nr. 39 við 70. gr., eignir og skuldbindingar ríkisins. Og það er um það að 2. mgr. falli brott. Þá hefjum við kosningu um hana, og kosning er hafin. Þetta er um ... já, brtt. nr. 39. Henni er hafnað með einu atkvæði 11, 10 samþykktu og 3 sátu hjá. Þá er það brtt. nr. 66 við 70. gr., eignir og skuldbindingar ríkisins. Andrés Magnússon, þú varst líka ... gafst í skyn að hún ætti að fara í nefnd. Er það þín ósk?

AM  
Það kom fram um ósk um það. Já, ég held ég standi bara við það.

SN  
Þú ert flutningsmaður. Viltu það?

AM  
Mér er nokk sama.

SN  
Nei, þú verður að taka afstöðu, Andrés.

AM  
Já, ókei, þá þigg ég það að hún fari í nefnd. Takk.

SN  
Brtt. nr. 5 við 70. gr. ... henni var hafnað, sem sagt að fella niður, því var hafnað. Í atkvæðagreiðslunni áðan, þá voru 11-10 og 3 sátu hjá. Þannig að þessi mgr. er ennþá inni, sem er verið að kjósa um hér.

Þannig að við hefjum kosningu um brtt. nr. 5 við 70. gr., eignir og skuldbindingar ríkisins. Og kosning er hafin. ... um  $\frac{2}{3}$ , já.

Og þessari tillögu er hafnað með 12 atkvæðum, 10 samþykktu og 2 sátu hjá. Hafnað að setja  $\frac{2}{3}$  inn.

Þá er það loks brtt. nr. 91 við 71. gr., þingrof. Og þessi tillaga kemur frá B-nefnd um að breyta fyrstu setningunni í: „Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess“. Og við hefjum kosningu um þessa brtt. og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 hafnaði og 1 sat hjá.

Nú þá erum við búin með þennan hluta og erum komin að kaflanum um forseta Íslands og þá er rétt að gera hádegishlé til kortér yfir eitt. Takk fyrir.

SN

Þá byrjum við fund að nýju og næst leggjum við fram gr. í kafla um forseta Íslands. Það eru gr. frá 74 til 83, og þar eru til umræðu 5 brtt. Það er brtt. aga nr. 70 við 77. gr. um kjörtímabil forseta. Það er brtt. nr. 28 við 79. gr. um starfskjör, brtt. nr. 71 við 81. gr., fráfall, brtt. nr. 31 við 82. gr., ábyrgð, og brtt. nr. 21 við 83. gr., náðun og sakaruppgjöf. Og við byrjum á tveimur greinum sem Erlingur Sigurðarson er skráður fyrir. Brtt. nr. 70 við 77. gr. og nr. 71 við 81. gr. Erlingur, ef þú myndir vilja kynna þær. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir félagar og þið áheyrendur sem kunið að vera. Ég flyt hér á þingskjali breytingartillögu. Eins og greinin hljóðar núna er hún: „Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar.“ Og svo var búið að bæta við tillögu nefndarinnar: „Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil.“ Ég hef leyft mér að breyta þessu þannig að það sé færður til embættistökudagur, flýtt um einn mánuð, og kjörtímabil forseta sé líka lengt í fimm ár. Þetta er með þeim rökstuðningi að með breyttum samfélagsháttum og samgöngum, er ekki sama þörf og áður var, að miða við að kosningar færu fram á miðju sumri. Sá tími er núna meira og minna notaður til sumarleyfa, og þjóðfélagið að ýmsu leyti lausari í skorðum en á öðrum tíma. Því eru kosningar erfiðari í framkvæmd þá en fyrr að vori. Þetta hefur löggjafinn viðurkennt í raun með því að ákveða reglulega kjördag í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum í apríl og maí. Hér er lagt til að það verði einnig gert um kosningar til forseta. Svo er einnig lagt til að forseti verði settur í embætti 1. júlí, í stað 1. ágúst. Sú breyting stendur í skýru samhengi við að ekki líði allt of langur tími frá kjöri forseta til embættistöku hans. Auk þess sem betur fer um embættistöku þar heldur en í aðdraganda verslunarmannahelgar, þegar að losið á þjóðfélaginu er sem mest. Þó við lendum inn í upphafi verslunarmannahelgar núna, með afhendingu þessa frumvarps.

Þá þykir fara vel á því að lengja kjörtímabil forseta úr fjórum árum í fimm. Við höfum haft tilhneigingu til þess að ýmsar þingkjörnar nefndir eða embætti, séu til fimm ára en ekki fjögurra, ef það passar ekki saman við kjörtímabilið og þetta

er bara til þess að verði ekki reglulegur samsláttur á kosningum ef að kjörtíminn er alltaf reglulegur. Þannig að fjórði hvers ... [ógreinilegt] reynslan hefur sýnt að forsetar hafa setið þrjú eða fjögur kjörtímabil, 12 eða 16 ár, og það er ekki marktækt framboð á móti þeim, meir en svo. Þannig að það má gera ráð fyrir því að sú hefð breytist ekki að forseti sitji þann tíma sem að hann ákveður, án mótframboða eða kosninga. Og líklegasti setutími í framtíðinni er þá 10 til 15 ár ef það eru 3 kjörtímabil, eða 2, sem að forseti er kosinn. Og þetta myndi skarast betur ef að reglulegar kosningar væru alltaf, óreglulegar er ekki hægt að sjá. Sem sagt, breyting á kjördegi, breyting á embættis-tökudegi, breyting á kjörtímabili. Og samhliða þessu er 81. greinin, og hún er að breytast ef þetta breytist, í samræmi við það að ef forseti fellur frá, þá skal kjósa nýjan 30. júní á fimmta ári en ekki 31. júlí á fjórða ári. Flutningsmenn með mér á þessari tillögu eru Örn Bárður Jónsson, Þorkell Helgason, Katrín Oddsdóttir, Illugi Jökulsson, Gísli Tryggvason, Arnfríður Guðmundsdóttir og Andrés Magnússon. Þakka fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 28 við 79. gr., starfskjör, og það er Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, takk kæra ráð. Þetta er nú svo sem örstutt. Ásamt mér þá er það Katrín Oddsdóttir sem að flytjum þessa brtt. við 79. gr. um starfskjör forseta Íslands. Og þar segir í lokin á því ákvæði, síðasta setningin: „Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á kjörtímabili hans.“ Þessar tvær setningar finnast okkur óþarfar. Okkur finnast óþarfi að tilgreina sérstaklega um starfskjör embættismanna og tilhögun. Og þetta er svona úrelt og áminning um fyrri tíma forréttindi. Þannig að við viljum sjá þetta út. Það má líka benda á það að þetta ákvæði, það kom í veg fyrir að núverandi forseti gæti að eigin vilja lækkað laun sín í kjölfarið á efnahagshruninu. En í hnotskurn, okkur finnast svona ákvæði um starfskjör embættismanna úrelt í stjórnarskrá og viljum það í burt. Takk.

SN

Brtt. nr. 31 við 82. gr., ábyrgð, og það er Katrín Oddsdóttir sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Þetta er einföld tillaga sem ég held að sé best að vísa bara til nefndar ef nefndin vill þiggja hana, nefnd B. En þetta er bara að það verði fært til núverandi horfs, ákvæði sem að heitir nú hjá okkur Ábyrgð forseta, og það er þessi síðasta mgr. sem hefur dottið út og ég er að spyrja hvort að ætti ekki betur heima inni aftur. Og það er sem sagt þegar Alþingi hefur ákveðið vantraust á forseta og svo er gerð þjóðaratkvæðagreiðsla, og þá sem sagt í núverandi stjórnarskrá segir: „Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað

rofið og efnt til nýrra kosninga.“ Og ég legg til að þessi setning komi inn aftur. Takk.

SN

Loks er það brtt. nr. 21 við 83. gr., náðun og sakaruppgjöf. Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Í B-nefnd var fellt út úr 29. gr. stjórnarskrárinnar heimild til þess að forseti Íslands geti náðað ... nei, að saksókn fyrir afbrot geti fallið niður. Sem sagt, það var felld út heimild til þess að fella niður saksókn áður en að hún er ákveðin. Í 29. gr. stjórnarskrárinnar segir svo: „Forseti getur ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka.“ Þetta er í fyrri málslið. Nú er í frumvarpinu aðeins inni náðunarheimild og almenn uppgjöf saka, en það sem kalla má sértæk uppgjöf saka, eða að fella niður saksókn fyrir afbrot, er felld niður. Þetta er vissulega sjaldgæft ákvæði, eða sjaldan að það er notað. En ég held að eftir hrúnið væri kannski í ráði að hafa þetta inni, með þessum hætti: „Forseti Íslands getur einnig samþykkt tillögu ráðherra um að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla ef ríkar ástæður eru til.“ Og þetta er þá óbreytt frá fyrri stjórnarskrá. Síðan kemur: „Binda má slíkt samþykki skilyrði um skil ólögsmæts eða óréttsmæts ávinnings og um að allar upplýsingar verði veittar, sem tengjast athæfi sem telja má refsivert.“ Þarna er ekki tilraun til þess að endurvekjja þetta í því skyni að það verði algengt að saksókn verði felld niður, heldur að tengja þetta uppgjöri vegna hrunsins. Og ég held að þetta sé kannski vægasta leiðin til þess, að menn játi nánast syndir sínar, gefi allar upplýsingar sem tengjast broti, gefi upp ávinning og fái þess vegna uppgjöf saka í staðinn. Þetta er svolítið í anda fordæma frá, reyndar miklu alvarlegri málum, þ.e.a.s. við lok apartheid stefnunnar í Suður-Afríku. Þá var farin sátta- og sannleiksnefndarleið, þar sem menn fengu sakaruppgjöf ef þeir gáfu upplýsingar. Hérna er gengið aðeins lengra og segir að þeir eigi líka að gefa upp ávinning. Og ég held að þetta sé ekki, þó þetta sé auðvitað tengt hrúninu, þá er þetta ekki varhugavert vegna þess að þetta er bæði tengt ráðherravaldinu og þingræðinu þar með, og það segir hérna eins og segir í gildandi stjórnarskrá: Ef ríkar ástæður eru til. Það er bara heimild til þess að binda slíka uppgjöf saksóknar slíkum skilyrðum. Og þetta er nauðsynlegt að mínu mati vegna þess að það er erfitt að ná í ávinning út frá reglum skaðabótaréttar, hvað þá reglum refsiréttar um upptöku eigna. Þannig að þetta gæti verið leið sem að mundi kannski sætta ólík sjónarmið og sætta aðila eftir hrúnið. Takk.

SN

Þá er kynningu á brtt. lokið og orðið er laust. Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kærar þakkir. Formaður B-nefndar fól mér að andmæla tillögum um breytingar á kjörtímabili forseta.

Nú er þetta í sjálfu sér ekkert stórt atriði. Og persónulega hef ég í sjálfu sér engan sérstakan smekk á því hversu, eða skoðun á því hversu lengi forseti á að sitja. En það hljóta þó að vera mistök hér í greinargerðinni sem sett er með þessu. Þar stendur, með leyfi fundarstjóra, að það megi telja það til kosta, að með því að kjörtímabil forseta sé ekki hið sama og nú er til bæði Alþingis og sveitarstjórna, minnka líkurnar á að reglulegar kosningar falli saman á ár, og dreifi þá athygli kjósenda og minnki e.t.v. þátttöku þeirra í hvor-um tveggja. Slíkt er því ekki mjög fallið til þess að þjóna lýðræðinu. En þessu er vitaskuld öfugt farið, því að ef að það eru fjögurra ára kjörtímabil á öllum þessum, að þá eru auðvitað meiri líkur á því að kjörið falli ekki saman á ári. Alveg eins og t.a.m. nú er gert ráð fyrir forsetakosningum árið 2012 og þingkosningum árið 2013. Ef að kjörtímabil forseta væri nú 5 ár að þá myndi það falla saman við alþingiskosningar, en gerir það ekki, þar sem að það er 4 ár. Og svo hefur þessi breyting þá líka í för með sér að hámarksárafjöldi sem forseti getur setið, skv. þessari breytingu, er þá hækkaður um 3 ár. Það er sagt að forseti geti einungis setið 3 kjörtímabil, sem er 12 ár, en ef að kjörtímabilið er 5 ár að þá verða það 15 ár. Já, takk fyrir.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, ég vil byrja á því að taka undir það sem að Eiríkur hefur sagt hér um 70. brtt. við 77. gr. Langar að bæta dálítið við það, þ.e.a.s. þessi tillaga fjallar um forsetakjör. Og ég geri mér auðvitað grein fyrir því að það eru breyttir þjóðfélagsþættir frá því að þessi regla var sett, og það er breytt skipan. Það breytir ekki því að ennþá er það nú þannig að það er allra veðra von hér í flestum mánuðum ársins, nema kannski í júlí og ágúst. Og forsetakjör er ekki bara forsetakjör, það er líka undirbúningur. Það er söfnun meðmælenda, það eru forsetaframboð með kynningum og til-heyrandi. Og með því að færa þetta svona fram, þá erum við að færa í raun og veru kosningabaráttuna fram á veturinn. Og það getur vafalaust gengið hér í Reykjavík, en það gengur verra á Langanesi. Þannig að mér finnst að við skulum horfast í augu við það að við búum ennþá í landi sem er háð veðri og vindum. Ég hafna því að þjóðin þurfi þriggja mánaða sumarfrí, við höfum því miður ekki efni á því að hún taki svo langt sumarfrí. Og því legg ég til að þessi tillaga verði felld, bæði á þeim grunni sem að Eiríkur hefur bent á með tímann, ég er honum sammála um það að 12 ár er hæfilegur tími og 4 ára kjörtímabil er það sem við erum með. En ég held líka að við eigum ekkert að vera að hrófla við tíma ársins, því mér finnst þessi rök ekki nægjanlega góð í þeim efnum. Og svo má kannski bæta því enn við að mér finnst í ljósi þess sem við höfum nú verið að vinna, að við eigum ekki að breyta stjórnarskránni svona algjörlega að tilefnislausu, sem að mér finnst svolítið að þessi tillaga gangi út frá. Og hef þá lokið máli mínu um hana.

En fyrst ég fékk orðið, og ég er sjálfur tímavörður, nota mér að ræða aðeins um 21. brtt. við 83. gr. Ég er Gísla Tryggvasyni sammála um það að það væri mjög æskilegt að setja aftur inn þennan möguleika á að hægt sé að fella saksókn niður. Sé hins vegar þau vandkvæði á tillögu Gísla að hún er helmings of löng. Ef að hún hefði endað á niður falla ef ríkar ástæður eru til, þá hefði ég talið að hún væri hæfi- leg, og hitt sé svona bara útfærsluatriði. En þetta sýnir svolítið í hnotskurn þann vanda sem við erum í. Það koma hér fram ýmsar góðar tillögur með góðu efni, sem að sumt gætum við samþykkt og annað líst okkur ekki á. En við eigum lítinn kost annan en að annað hvort samþykkja eða synja, af ýmsum ástæðum. Þannig að mér er vandi á höndum hvort ég á að óska eftir að tillagan fer í nefnd. Þá veit enginn hver raunverulega afstaða ráðsins er. Ef að hún fer í atkvæðagreiðslu, þá gæti ég fellt hana af því mér finnst hún of löng, og aðrir af því ef þeim líkar hún ekki. Þannig að við erum í svolítið óþægilegri stöðu, en ég held að ... ég sé að Salvör heldur að tími minn sé búinn. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Örstutt hérna um brtt. 70 við 77. gr. um kjörtímabil forseta. Ef það á að breyta því hvenær forseti er settur inn í embætti, þá finnst mér að það ætti nú bara að breyta því almennilega. Ekki vera að færa tímann um einn mánuð, sem fellur hvort sem er innan sumarleyfistímabilsins. Ég get ekki séð að það sé neitt betra að forsetinn hefji störf 1. júlí, heldur en 1. ágúst. 1. ágúst fer fólk svona hægt og rólega að tínast úr sumarleyfi, en 1. júlí er það að byrja í sumarfrí. Þannig að mér finnst þetta eiginlega of smávægileg breyting til þess að samþykkja hana.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður og aðrir sem mál mitt heyra. Þetta verður stutt hjá mér. Ef að á að fara að hrófla eitthvað við þessu, sem mér finnst nú ekki neitt stórmál, og þess vegna ekki mikil ástæða til að samþykkja þetta, að þá væri helst að færa til kosningabaráttu forsetans, og það ferli allt. Vegna þess að það skiptir engu máli hvort það eru 4 eða 5 ár, eins og hann benti á hann Eiríkur. Þetta getur alltaf rekist á við sveitarstjórnarskosningar eða alþingiskosningar. Forseti getur verið styttra í embætti heldur en ætlað var, annað hvort vegna fráfalls, veikinda eða hann er settur af. Ef það á að breyta þessu eitthvað, þá verður að fara þá bara með þessa kosningabaráttu forsetans frekar í burtu frá kosningabaráttu fyrir hinar tvær kosningarnar. Og það gæti þá verið bara að hausti eða eitthvað slíkt. Fimm árin munu ekki breyta miklu, en það myndi breyta meiru. En þetta er bara svo mikið ... mér finnst þetta það lítið mál miðað við margt annað sem við erum að gera hérna, að ég ætla ekki að tala meira um það.

SN

Katrín Oddsdóttir, og ég loka mælendaskrá þegar hún hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

KO

Já kærur vinir. Í ljósi þess sem að hefur verið sagt hér, þá held ég að ætli nú að sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu. Ég var á listanum en ég hafði ekki hugað að öllu þessu sem þið eruð að nefna hérna, og ég ætla þá að sitja hjá. En ég held líka, sérstaklega að það sé kannski út af því að, þetta er kannski svolítið mikið breyting breytinganna vegna og þá ef það eru á henni einhverjir vankantar, þá held ég að það sé betra að sitja hjá, þannig að ég ætla að gera það.

SN

Mælendaskrá er þá lokað. Og Þorkell Helgason er næstur. Gjörðu svo vel.

ÞH

Ég ætla að vera stutturður. Í framhaldi af því sem ég sagði í morgun, þá hef ég tekið þá stefnu með sjálfum mér að greiða engu atkvæði öðru en því sem að nefndir leggja til, eða virðist vera beinlínis til bóta. Þannig að ég mun greiða atkvæði gegn eigin tillögum eftir hentisemi.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Þetta var góð ábending hjá Ara að vanda. Ég ætla nú fyrst að taka fram að Katrín Oddsdóttir flytur þessa tillögu með mér. En sjálfum myndist mér nú kannski ekki vitlaust að þessi hugmynd færi í nefnd, þ.e.a.s. að stytta greinina niður í bara fyrri málsliðinn, og þá er hún eiginlega samhljóða gildandi stjórnarskrá, vegna þess að þar segir að forseti geti þetta, ef ríkar ástæður eru til. Og það er gildandi regla að ráðherra þurfi að leggja þetta til, eins og sett er hérna inn. Það getur þá verið í greinargerð að slíkt mætti binda skilyrðum en skv. almennum reglum stjórnsýslu og líklega stjórnskipunarréttar, er heimilt að binda slíkar ívilnandi ákvarðanir skilyrðum. Þannig að þetta var mjög góð lausn hjá Ara, og ég legg til að þetta fari í nefnd. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

... stutt. Ég tek nú undir með Ara með það að það er stundum þannig að tillögur eru þannig samsettar að mann langar kannski að samþykkja eitthvað í þeim og annað ekki. Mér finnst nú þessi með 4 og 5 ár og júní og júlí, mér finnst þetta ekki skipta neinu verulegu máli. Aftur á móti, tek alveg undir rök Eiríks með það, að það stuðlar kannski frekar að því að falli saman. Aftur á móti, ef menn vilja fara að breyta dagsetningu á hvenær forseti taki við embætti, sé ég engan mun á 1. júlí og 1. ágúst, og það væri kannski ráð að hugsa hvort það

ætti að vera 1. desember og það yrðu haustkosningar. Þá féllu þær ekki saman við neinar aðrar kosningar, það væri hægt að gera það áður en færð spillist, og dagurinn er dagur sem er Ísland-ingum og íslenskri sögu mikils virði. Þannig að ég myndi segja að 1. desember væri bara finnr dagur.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla nú að hafa þetta stutt líka, en þetta var rætt í nefndinni með þessar dagsetningar og forsetakjörið og svona brtt. myndi þýða það að forsetakjör færi fram í apríl eða maí-mánuði, það kjör... er kjörtímabil endar, það þýðir að það myndi þá rekast á alþingiskosningar og eftir atvikum sveitarstjórnarkosningar. Þannig að mönnum þótti þetta ekki gáfulegt og það væri örugglega ástæða fyrir því að þetta er svona eins og það er í stjórnskránni. Og tímasetning alþingiskosninga eins og hún er. Þannig að ég mæli nú sannast sagna ekki með þessu. Síðan er brtt. Katrínar Oddsdóttur nr. 31 við 82. gr., að setja aftur inn að Alþingi skuli rofið ef að þjóðin hafnar vantrausts-tillögu á forseta. Nefndin ræddi þetta aðeins og við vorum á því að þetta ákvæði yrði kannski, ja það gæti verið notað í mismunandi kringumstæðum. En það er m.a. þeim kringumstæðum að það kæmi eitthvað fyrir forsetann eða heilbrigði hans, hann væri ófær um að sinna sínu starfi af einhverjum slíkum ástæðum, að þá væri það orðið svolítið stórt mál að þurfa að fara að leggja einhvern veginn Alþingi undir. Og einnig vegna þess hvernig ábyrgð forseta er skilgreind núna, að það væri bara ekki eðlilegt að Alþingi væri að leggja sjálft sig undir í þessu. Ég meina ef þjóðin hafnar því að forsetinn fari frá, þá verður það bara að vera svoleiðis og ég sé ekki af hverju það þyrfti að hafa eftirmál, af hverju það er svona stórmál. Síðan er hérna það sem að Gísli leggur til, brtt. nr. 21 við 83. gr. Það var einnig rætt hjá okkur hvort að þessi fyrri málsliður sem Ari minnst á hérna áðan með að forseti geti fellt niður saksókn, hvort að það ætti að standa áfram. Stjórnlaganefnd leggur til að þetta falli niður og við erum að setja ríkissaksóknara inn sem sjálfstæðan handhafa ákærvalds. Og okkur fannst það vera visst stílbrot í því að halda þá engu að síður inni þessum möguleika, að ráðherra geti eiginlega gripið má segja, framfyrir hendurnar á ríkissaksóknara. Það færi ekki vel á því.

Og svo fyrir þá sem að hér eru miklir áhugamenn um hrun og eftirmála þess, að þá náttúrlega þurfa menn líka að geta hugsað þetta hinseginn. Þetta þýðir þá auðvitað að ráðherra og forseti sem að væru vinir segjum einhvers, settu nafn útrásarvíkings hér ... þeir gætu í sameiningu sameinast um að fella niður saksókn á hendur viðkomandi. Þannig að ég bið bara að menn hafi það í huga. Og svo verð ég að segja að seinni málsliðurinn, þetta hefur ekki komið fram í nefndinni okkar. Að mínu mati er þetta ótækur texti í stjórnarskrá, þannig að ég held að við ættum ekki að hafa hann.

Hins vegar er gaman að segja frá því að það hefur nú enginn hér af aðdáendum forsetaembættisins tekið til varnar fyrir uppáhaldsgrein mína í stjórnarskránni núverandi sem er 30. gr.: „Forsetinn veitir, annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum, undanþágur frá lögum, samkvæmt reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til“. Ég sakna þess að menn hafi haldið uppi vörnum fyrir þessa grein í þessu ráði. Ég þakka fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Já þessi grein sem Vilhjálmur vitnaði til núna síðast kom inn 1849 og á eitthvað við vini Dana-konungs, á sinni tíð. En hún var felld út núna, eins og fleiri. En það fer ágætlega á því að Vilhjálmur hafi svarað fyrir hönd nefndarinnar því það fer betur á því heldur en að ég geri það, eins og ... ég væri ekki alveg í góðri stöðu til þess, en ég var flutningsmaður einn, að því líka. En mér finnst bara eðlilegast að þessar tillögur hérna, Gísla og Katrínar, fari til nefndar. Ég get svo sem gert þá tillögu með mínar líka, mér er alveg sama þó að þær verði þá felldar núna, ef menn vilja það. Þannig að það er best að setja þær bara í kosningu. Og þá er það um ... það er Lýður, já einmitt að það falli niður greiðslurnar. Þetta var rætt í nefndinni og ég var að lýsa því að ég vildi þetta út, en það var talið að það væri vissara í þeirri stöðu, að forseti er ekki á launataxta á stundum, ekki með stéttarfélag að baki sér. Og fjárveitingin væri bundin af fjárlögum á Alþingi og ef í þeirri ólíklegu stöðu að Alþingi vildi ná sér niðri á forseta, þá myndu þeir taka hann af launum. Ég ætla nú ekki að óttast það, en þetta var ástæða þess að þetta var ekki fellt niður. En ég veit ekki ... væri eðlilegt að láta þessa grein kannski fylgja til nefndarinnar líka. Ég legg það í hendur flutningsmanna. En ég læt biða með atkvæðagreiðslu um mínar tillögur tvær. ... Öllu heldur, því að 79 leiðir af henni ...

SN

Þær eru tvær, 70 og 71. Það er best að kjósa þá um báðar.

Og þá er komið einmitt að afgreiðslunni og þá tókum við fyrst brtt. nr. 70 við 77. gr. Og hún er í þremur liðum um breytingar á kjörtímabili og kjöri. Og við hefjum kosningu um þessa kosningu, í heild já, þetta hangir saman. Og kosning er hafin.

Henni er hafnað með 18 atkvæðum, 4 samþykktu og 2 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 71, hún svo sem er kannski sjálf ... henni er kannski sjálfhætt í ljósi þessara úrslita. Þannig að þá er það brtt. nr. 28 við 79. gr., starfskjör. Og hún kveður á um það að fella út tvo síðustu málslíði ákvæðisins eins og það er núna í frumvarpsdrögum, og við hefjum atkvæðagreiðslu um það. Og kosning er hafin. Nr. 28.

Athugum hvort að við getum fengið í lokin uppgefið í hvaða röð við kusum ...

Og þessari er hafnað líka með 15 atkvæðum, 8 samþykktu og 1 sat hjá.

Og þá er það brtt. nr. 31 og það hefur komið ósk frá flutningsmanni að henni sé vísað til nefndar. Þannig að þá fer hún í nefnd.

KO

Ef að nefndin er þegar búin að fjalla um þetta mál, þá held ég sé betra að við greiðum bara atkvæði um það, og reynum að hafa færri mál sem eru útistandandi, og ég sætti mig fullkomlega við að tapa þessu ef að það er búið að tala um þetta. Ég vildi bara benda á þetta. Takk.

SN

Þá skulum við kjósa um hana núna. Og við hefjum kosninga. Hún er brtt. nr. 31 við 82. gr., og kosning er hafin. Og henni er hafnað með 14 atkvæðum, 7 samþykktu, 3 sátu hjá. Þá höfum við farið yfir kaflann um forseta Íslands og leggjum þá næst fram ...

GT

21 óskaði ég eftir að færi í nefnd.

SN

Já fyrirgefðu, ég flýtti mér hérna aðeins of mikið. Já, það var búið að óska eftir því að hún færi í nefnd, brtt. nr. 21 við 83. gr. Þá er lokið umræðu um greinarnar í IV. kafla um forseta Íslands og næst leggjum við fram V. kafla, fyrstu greinarnar þar, 84 til 87. Og þar eru þrjár brtt., nr. 14 við 85. gr. um ríkisstjórn, það er nr. 16 og brtt. nr. 37. Og þá er það fyrstur sem talar Gísli Tryggvason og hann talar fyrir tveimur fyrstu brtt. 14 og 16 við 85. gr. um ríkisstjórn. Gjörðu svo vel, Gísli.

GT

Formaður, góðir félagar. Fyrst langar mig að fjalla um brtt. nr. 16 við 85. gr. Hún fjallar um að í stað orðsins Stjórnarráð Íslands í frumvarpinu um staðsetningu þess, komi orðið forsætisráðuneytið. Með þessari breytingu stæði í lok 85. gr.: „Forsætisráðuneytið hefur aðsetur í Reykjavík“, í stað þess að segja: „Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík“. Stjórnarráð Íslands er samheiti á öllum ráðuneytum, eða yfirhugtak. Og þetta felur í sér að öll ráðuneytin, sem hafa gjarnan verið í kringum 10 talsins, stundum aðeins færri og stundum aðeins fleiri í seinni tíð ... og ég sé enga ástæðu til þess að binda það í stjórnarskrá að öll ráðuneytin séu ákkúrat á sömu torfunni. Þetta er ekki tilraun til þess að auðvelda flutning ráðuneyta út á land, eins og einhver gæti ímyndað sér. Þó ég sé hlynntur því að þar séu ríkisstofnanir, þá held ég sé ekki heppilegt að hluti stjórnarráðsins sé langt frá höfuðborginni. En höfuðborg er skilgreind sem opinbert setur ríkisstjórnar. Þar situr að vísu ekki forseti Íslands heldur hefur hann embættisbústað á Álftanesi, sem er lítið sveitarfélag nærri Reykjavík. Og það er ekkert því til fyrirstöðu að velferðarráðuneytið sé í litlu sveitarfélagi alveg við kvosina sem heitir Seltjarnarnes, eða að t.d. atvinnumálaráðuneytið yrði sett í stórt sveitarfélag alveg við borgina,



sem heitir Kópavogur. En þetta er bara til þess að binda þetta ekki, þetta er allt of stíf takmörkun á því að dreifa fasteignum ríkisins og starfsemi á milli þessa stóra höfuðstaðar sem við höfum, sem sagt Reykjavík og nágrenni.

Þannig að ég mæli með að við slökum aðeins til og vek athygli á að menn þurfa ekki að vera hræddir um að stór hluti stjórnarráðsins verði fluttur norður yfir heiðar. Það held ég að yrði seint þingmeirihluti fyrir því.

Síðan var það 14. Og hún hangir saman við aðra grein sem er nú held ég 93. gr. Ég legg til að ákvæði sem hefur vakið nokkra, ja spurningar frekar en andstöðu hér, um bókun, hljóðar svo: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni“. Þetta er mjög eðlilegt ákvæði í sambandi við lagalega ábyrgð ráðherra. Það er sjálfsagt að veita ráðherra, jafnvel stjórnarskrárbundinn möguleika á því að firra sig lagalegri ábyrgð, þ.e.a.s. refsíábyrgð, jafnvel skaðabótaábyrgð, eins og gildir skv. lögum um ráðherraábyrgð. En þetta vakti fyrst og fremst andstöðu hér af því þetta er í þessari grein sem er um pólitíska samábyrgð ríkisstjórnarinnar. Og sjálfur vil ég ekki ýta undir það að ráðherrar fari að bóka út og suður og leggist í lýðskrum, eða hvað menn kalla það. Við höfum í B-nefndinni verið mjög sammála um það að auka pólitíska samábyrgð og samstöðu ríkisstjórnarinnar, og höfum þess vegna aukið verkstjórnarhlutverk, og jafnvel yfirstjórnarhlutverk forsætisráðherra. Og sett inn ákvæði í 85. gr. um að ríkisstjórnin standi sameiginlega að stórum, eða mikilvægum og stefnumarkandi stjórnarmálum. En sé ráðherra settur í þá aðstöðu að þurfa að fjalla um, taka afstöðu til, máls sem hann telur jafnvel ólögmaett, brot á þjóðarrétti eða brot á stjórnarskrá, þá verður hann að geta bókað sig frá því og firt sig ráðherraábyrgð. Þess vegna á þetta betur heima í 93. gr. sem fjallar um hina lagalegu ábyrgð ráðherra, ráðherraábyrgðina. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 37 við 87. gr. um ráðherra og Alþingi. Og Lýður Árnason er flutningsmaður þar. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já kærur vinir. Ég ætla að slá tvær flugur í einu höggi. Ég er hérna með í brtt. 34 við 88. gr. sem kemur á eftir um stjórnarmyndun, sem Vilhjálmur Þorsteinsson hefur frumkvæði að, og ætla að halda mig við það. Og með því að draga þessa tillögu til baka, þessa brtt., þá færi ég líka vini mínum og félagi Gísla Tryggvasyni þann heiður að vera handhafi flestra breytingartillagna. Takk fyrir.

SN

Þá er orðið laust. Það er nú reyndar spurning með ... Gísl Tryggvason ... með brtt. nr. 14, af því að hún hangir saman við, eins og þú sagðir, við brtt. nr. 15. En á ekki bara að afgreiða 14 hér og þá ræðst það hvernig hin fer ...

GT

Ja, ég myndi gjarnan vilja að menn ákveddu náttúrlega í samhengi og ræddu þetta í samhengi ... en hvort þetta er rætt í þesum kafla eða næsta er formanns að meta.

SN

Já, ég held að við færum hana þá yfir í umræðuna í næsta kafla, um ráðherraábyrgð. Ræðum það saman þar. Nr. 14, við bíðum með hana, frestum henni þangað til við tökum ... já, hún færi saman við brtt. nr. 15, sem er um ráðherraábyrgð.

Og síðan er brtt. þá um ... síðan er önnur ... sem sé 37 er dregin tilbaka, eftir stendur bara brtt. nr. 16 og hún er um staðsetningu stjórnarráðsins og spurningin hvort að einhver vilji taka til máls um hana áður en við greiðum atkvæði. Orðið er laust, Íris Lind. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Ég ætla bara rétt að tæpa aðeins á brtt. nr. 16 frá Gísla, um það að opna sérstaklega á að einungis forsætisráðuneytið sé í Reykjavík og önnur ráðuneyti annars staðar. Ég er nú sjálf af landsbyggðinni, er ættuð þaðan og bjó þar sem barn og er nú frekar hlynnt því almennt að dreifa stofnunum og öðrum ríkisapparötum víða um landsbyggðina. En nú er ég líka ráðuneytisstarfsmaður og mig langar nú bara aðeins að segja ykkur frá því, að það séu ákveðin hagkvæmnisrök fyrir því að stjórnarráðið sé svona allt á nánast einni torfunni. Það líður ekki sá dagur þar sem ég þarf ekki að fara á fund í öðru ráðuneyti, eða starfsmenn annarra ráðuneyti komi og hitti mig á mínum vinnustað. Ef ég þyrfti að sækja fundi í Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi ... eins mikið og mig myndi langa að eyða mínum tíma í það, að ferðast á milli, að þá eru ákveðin hagkvæmnisrök bara, og það hefur í för með sér ákveðinn kostnað, ekki myndi ég aka á mínum bíl. Og þá kemur náttúrlega spurningin hver ætlar að greiða fyrir þann kostnað. Það yrði ríkið. Svo veit ég líka til þess, helst af öllu myndi ég vilja sjá öll ráðuneyti í einni og sömu byggingu, en það eru nú ákveðin öryggissjónarmið kannski, hugsanlega sem mæla gegn því. En í dag eru ráðuneyti í ríkum mæli og bara í æ ríkara mæli, eftir 2008, að reyna að deila búnaði og húsnæði eftir fremsta megni. Það eru mörg dæmi um það að tvö ráðuneyti deili fjarfundabúnaði, fundaherbergjum, starfsmönnum í móttökum og ljósritunarvélum, pappír og öðru þess háttar. Þannig að ég vil bara svona ... þið hafið aðeins í huga praktísku atriðin á bak við það að hafa alla þessa aðila á sama stað, eru ákveðin og þau eru líka hugsuð sem kostnaðarsparandi fyrir okkur skattborgarana.

SN

Katrín Fjeldsted.

KF

Já, örstutt formaður, til viðbótar við þessi hagkvæmnissjónarmið, sem að Íris Lind hefur reifað, þá hef ég nú alltaf verið þeirrar skoðunar og ég hélt að skilgreiningin væri ljóslega sú að höfuð-

borg væri þar sem stjórnarráð hefði aðsetur. Og samkvæmt því sem að ég hef flett upp og lesið, þá hef ég fengið það staðfest. Og ég mun þess vegna greiða atkvæði gegn þessari tillögu.

SN

Ómar Ragnarsson.

ÓR

Bara ein setning. Þetta eru ekki bara hagkvæmnisástæður, þetta er líka til þess að þetta fólk geti afkastað meiru, fyrir okkur.

SN

Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls um þessa tillögu, þannig að ég legg til að við kjósum um hana núna. Og þá kjósum við núna um brtt. nr. 16, það er bara ein tillaga sem við erum með hérna, um staðsetningu stjórnarráðsins. Og kosning er hafin.

Og henni er hafnað með 17 atkvæðum, 15 samþykktu og 2 sátu hjá.

Þannig að þá snúum við okkur næst að gr. 88 til 92, það eru sem sagt brtt. við 88. gr. um stjórnarmyndun og 89. gr. um vantraust. Og það eru sem sagt nr. 34 ... það eru 5 sem eru um stjórnarmyndun. Það er fyrst brtt. nr. 34, nr. 56, nr. 64, 83, og 108. Og síðan er brtt. nr. 97 um vantraust. Og við tökum þetta bara í þeirri röð sem ég las upp, þannig að ég ætla að biðja Vilhjálm Þorsteinsson að fylgja henni úr hlaði. Gjörðu svo vel.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Þetta er afskaplega mikilvæg tillaga að mínu mati. Þetta er brtt. nr. 34 við gr. 88 um stjórnarmyndun og það er ég ásamt Þorvaldi Gylfasyni, Lýð Árnasyni, Katrínu Oddsdóttur, Illuga Jökulssyni, Guðmundi Gunnarssyni og Ástrósu Gunnlaugsdóttur, sem að flytjum þessa tillögu. Og hún er um það að við 4. mgr. í stjórnarmyndunargreininni bætist svofelldur málsliður: „Meirihluti ráðherra skal ekki vera úr röðum alþingismanna“. Nú, þetta var auðvitað allt saman rætt, heilmikið í B-nefnd, með stjórnarmyndunina og mismunandi möguleika í því og hvort að ráðherrar ættu að víkja af þingi, eða segja af sér, eða hvernig þetta ætti að fara allt saman. Og ég var m.a. með þessa tillögu uppi í nefndinni. Hún hlaut hins vegar á endanum ekki meirihluta-stuðning þar en það var á dálítið mismunandi forsendum. Það voru aðilar í nefndinni sem að vildu að allir þingmenn sem yrðu ráðherrar, segðu af sér, en svo voru aðrir í nefndinni sem að töldu að þetta væri of smásmugulegt, að fyrirskrifa þetta svona í stjórnarskránni. Þannig að þetta var, eins og ég segi, af mismunandi ástæðum. Ég hins vegar hef ástæðu til að ætla það að það sé þónokkuð fylgi við þessa hugmynd í ráðinu og ber hana því fram ásamt mínum meðflutningsmönnum.

En með þessu viðbótarákvæði sem við erum að leggja til hérna, þá væri verið að hnykkja með áþreifanlegum hætti á aðskilnaði löggjafar- og framkvæmdarvalds. Og þetta þýðir þá að ef að ráðherrar eru t.d. 10 talsins, að þá þurfa a.m.k. 6 þeirra að vera utan þings. Athugið að þetta er

ekki helmingur, þetta er meirihluti, sem þarf að vera utan þings. Ef að ráðherrar væru 9, þá þyrftu a.m.k. 5 þeirra að vera utan þings. Og það þýðir þá að þeir eru ekki valdir úr röðum alþingismanna. Þá gætu sem sagt allt að 4 af 10 komið af þingi, og þeir vikju þá úr þingsæti á meðan, skv. ákvæðum 87. gr. um ráðherra og Alþingi. En ef það væri síðan eindreginn vilji til þess hjá forsætisráðherra og þinginu, þá gætu þeir, ef þeir endilega vilja, skipað fleiri þingmenn í ráðherraembætti. En þeir þingmenn, sem væru þá í þessu tilviki umfram 4, þeir yrðu þá fyrst að segja af sér þingmennsku. Og ættu ekki afturkvæmt á sama kjörtímabili.

En þetta er sem sagt regla um meirihluta ráðherra utan þings og hún er hófleg að því leyti að hún útilokar ekki að forystumenn stjórnarflokka geti þá orðið ráðherrar, án þess að segja af sér þingmennsku. Og þá hefði þetta fyrirkomulag í för með sér að þegar að ríkisstjórnin tekur ákvörðun sem fjölskipað stjórnvald, eins og við erum að leggja til, í mikilvægum og stefnumarkandi málefnum, að þá væri það tryggt að meirihluti hennar er skipaður utanþingsmönnum. Þannig að ríkisstjórnin tekur þá í raun og veru ákvörðun að því leyti sjálfstæð frá þinginu. Og frá kjörnum fulltrúum á vegum flokkanna. Og þetta myndi þá tryggja ákveðinn aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þessu leyti. En þetta er sem sagt hóflegri tillaga heldur en að gera þá kröfu að allir segi af sér. Og ég tel að hún sé svona rétt bil beggja, og nái þeim markmiðum sem að við viljum, líka til að efla eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu. Þannig að þetta sé mikilvægt spor í átt að faglegri og sjálfstæðri ríkisstjórn, og þetta auðveldi gagnrýnið eftirlit. Nú þessi tillaga er alveg í flúkti við og raskar ekki heildarhugsun í kerfinu sem að B-nefnd er búin að teikna upp, heldur að mínu mati, styrki það bara enn frekar og mætir enn frekar þeim markmiðum sem að nefndin setti. Þannig að ég mæli með því að hún verði samþykkt. Takk.

SN

Ég legg til að við ræðum þá næst brtt. nr. 64, sem Andrés Magnússon er flutningsmaður að, því að hún er um sömu mgr. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar og áheyrendur. Við erum búin að teikna hérna upp ansi spíss-myndað vald fyrir forsætisráðherra. Það var ... menn eru svo mikið að hugsa um að þetta gangi smurt og vel fyrir sig. Rómarveldi var rekið mjög effektivt með mjög lítilli stjórnsýslu. En það kostaði líka alls konar hörmungar aðrar. Og við viljum temprun á valdi. Þetta er engin temprun á valdi. Þarna á forsætisráðherra að geta handpikkað einhverja menn, sem hafa enga pólitíska ábyrgð. Segjum svo að það séu einhverjir óþægir kettlingar í flokknum. Hann getur farið á svig framhjá þeim og valið sér bara sjálfur aðra ráðherra. Sem eru mjög háðir honum. Þeir hafa ekkert pólitískt bakland, og þeir eru algjörlega háðir forsætisráðherra. Þannig að mér finnst þetta mjög góð hugsun, að hafa fleiri utanþingsmenn í stjórn. En

hún er máttlaus af því það er forsætisráðherrann sem að á að velja þessa menn. Ég sé ekki að þetta stuðli að valddreifingu. Eina leiðin til þess að stuðla að valddreifingu, það er að það verði haft óbreytt fyrirkomulag, að forseti velji þá þessa ráðherra. En að sjálfsgöðu að forsætisráðherrann þurfi að styðja þetta. Mín tillaga er kannski aðallega til þess að benda á að þó að þetta líti vel út, að þá er búið að pínulítið eyðileggja þessa hugmynd, með því að það er forsætisráðherra sem á að skipa þessa utanþingsmenn, eins og tillagan er hjá Vilhjálmi. Og svo langar mig, ef formaður getur sett mig fyrstan á mælendaskrá á eftir, þegar umræðurnar byrja. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 56. Íris Lind Sæmundsdóttir. Er það ekki þú, eða Eiríkur Bergmann, sem ..., já, Eiríkur. Gjörðu svo vel.

EBE

Já kæru félagar. Við Íris Lind og Gísli Tryggvason leggjum til að lokaorð 1. málslíðar 3. mgr. falli brott, þar sem er fyrirskipað að ráðherrar skuli ekki vera fleiri en 10 talsins. Okkur finnst þetta vera of mikil fyrirskipun í stjórnarskrá. Það hljóti að vera í höndum leiðtoga ríkisstjórnarinnar hverju sinni, að ákveða tölu ráðherra og þar geta ýmis sjónarmið, bæði fagleg og pólitísk, komið til. Oft er um samsteypustjórn margra flokka að ræða, þannig að okkur finnst þetta of takmarkandi. Og ef ég mætti nota tímann einnig og andmæla kröftuglega brtt. 34 og 64, að þá vil ég gjarnan fá að gera það. Á ég að gera það á eftir, eða?

SN

Já, við erum með umræðu á eftir.

EBE

Já. Ókei.

SN

Nú eru kynningar. Þannig að þú hefur lokið máli þínu ...? Þá eru það brtt. 108, Erlingur Sigurðarson. Ef þú myndir vilja ... Ég er aðeins búin að rugla hérna röðinni af því að það er þægilegra að taka þetta svona. Gjörðu svo vel.

ES

Gott fólk. Ég er ekki við eina fjölinna felldur, ég ætla að flytja þetta mál. Af því að þetta var eiginlega komið að niðurstöðu í B-nefnd á sinni tíð, þegar að hún var afgreidd samt öðruvísi. En þessi var komin á lokastig. Það er eins og ég segi, ekki stór efnislegur munur á þessu. Þó er eitt atriði sem að greinir verulega á, með skýrleika. Það er í sambandi við, hvernig, ef enginn meirihluti næst. Ég segi, mér finnst mín tillaga að ýmsu leyti skýrari, heldur en hin. Svo ég les hana hérna bara aðeins: „Alþingi kys forsætisráðherra, forseti Íslands skipar hann í embætti og veitir honum lausn. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar vinna eð að stjórnarskránni þegar þeir taka við embætti“. Þetta er allt

saman, bara í annarri röð. „Forseti Íslands gerir tillögu til Alþingis um forsætisráðherra að höfðu samráði við forystumenn þingflokka og þingmen“. Þetta er í raun og veru efnislega sammála eftir viðræður. „Sá er réttkjörinn forsætisráðherra er hlýtur meirihluta atkvæða allra þingmanna. Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og leggur tillögu um ríkisstjórn sína fyrir Alþingi til samþykktar. Ráðherrar skulu ekki vera fleiri en 10“, takið eftir því líka.

Og þetta er aðeins hamrað svolítið á þingræðisreglunni, af því að menn eru nú að tala um þetta þingræði núna. Að það er það sem mér finnst vanta í fyrirleggjandi tillögu hérna, það er þessi skýrleiki um þingræðismeirihluta. Sem að er ekki innifalinn í næstsiðustu mgr. þar sem segir ... það er hérna í 2. mgr., síðasti liður: „Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingfloknum eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er réttkjörinn forsætisráðherra“. En það segir ekkert um það grundvallaratriði sem er í núverandi stjórnarskrá, að forsætisráðherra og ríkisstjórn verða að hafa meirihluta þings á bakvið sig, eða hlutleysi, ljóst. Og ég segi, „hafi enginn meirihluti fengist þegar sex vikur eru liðnar frá kosningum, getur forseti gert tillögu um forsætisráðherra og skipað hann lýsi meirihluti Alþingis sig ekki andvígann því eða samþykki á hann vantraust. Ella skal Alþingi rofið og efnt til kosninga á ný“. Þetta finnst mér skýrara og mér finnst allt of langur tími að taka 10 vikur í það að bera jafnvel ekki nema tvisvar sinnum upp tillögu, skv. formlegum hætti sem er í aðaltillögunni. Mér finnst skýrara að hafa þetta að ef enginn meirihluti fæst á sex vikum, þá gefst einn og hálfur mánuður til þess að mynda minnihlutastjórn, eða með samþykki Alþingis. Þakka ykkur fyrir.

SN

Þá er það brtt. 83 og síðan brtt. nr. 97, annars vegar við 88. gr. og síðan við 89. gr. um vantraust. Og Katrín Fjeldsted, þú fylgir þeim báðum úr hlaði, er það ekki?

KF

Þá er það fyrst brtt. merkt 83 við 88 gr., sem kemur frá B-nefnd. Það er um stjórnarmyndun, og að 5. mgr. í þessu ákvæði, orðist svo: „Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherrann óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn“. Þessi brtt. kemur sem sagt frá nefndinni. Hún er byggð á ábendingum frá forsætisráðuneytinu og öðrum álitsgjöfum og er hugsuð til þess að skýra skilyrði þess að forseti geti veitt forsætisráðherra lausn frá embætti. Bæði er ætlunin að ljóst sé að þetta sé ekki geðþóttaákvörðun en einnig til að bæta því við til skýrleiksauka að forseti veiti forsætisráðherra lausn eftir alþingiskosningar, því það var ekki tekið fram í fyrri útgáfu af þessu ákvæði. Þá þarf sem sagt að fara fram stjórnarmyndun, með atkvæðagreiðslu um

forsætisráðherra, sbr. gr. þar um. Og ég tel að þetta sé miklu skýrari leið og legg til að hún verði samþykkt, þessi tillaga. Svo var önnur. Það var brtt. nr. 97 við 89. gr. Og 89. gr., okkur fannst hún nú nokkuð skýr, en fengum ábendingar um að það þyrfti að breyta orðalaginu þannig að það færi ekkert á milli mála að meirihluti þingmanna þyrfti að samþykka vantrauststillögu. Og þess vegna leggjum við til að 2. mgr. í þessu ákvæði orðist svo: „Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra“. Ég held að þessi grein skýri sig sjálf. Og ég mæli með að hún verði samþykkt.

SN

Þá er orðið laust um þessar tillögur sem hafa verið lagðar fram, sex talsins. Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Nefndarformaður fól mér að andmæla tillögu Vilhjálms Þorsteinssonar, félaga míns í B-nefnd, við 88. gr. sem hann flytur ásamt sex öðrum ráðsliðum. Og hún tengist nú svolítið mildari tillögu Andrésar nr. 64 við sömu gr. En þetta gengur út á, hvort tveggja þessar tillögur, að binda hendur forsætisráðherra, er hann velur ráðherra. Hluti ráðherra segir í tillögu Andrésar, en meirihluti ráðherra segir í tillögu Vilhjálms og félaga, að þeir skuli ekki vera úr röðum alþingismanna. Mér sýnist á þessum tillögum báðum að það er auðvelt að fara í kringum þetta að því leyti að það er hægt að segja af sér þingmennsku og verða þannig ráðherra en það varð ... það fór naumt þegar kosið var milli þess í ráðinu og í nefndinni. Hvort að ráðherrar ættu að víkja varanlega eða tímabundið af þingi, þegar þeir yrðu ráðherrar. Það er að vísu rétt hjá Vilhjálmi að þetta raskar ekki heildarmynd tillagna nefndar B. En hitt tel ég rétt og hafi orðið ofan á í nefndinni hvað þetta varðar, að ráðherrar sem ekki hafa þingmennskuumboð, þó þeir víki skv. frumvarpinu úr sæti þingmanns á meðan þeir eru ráðherrar, þeir hafa óneitanlega minni tengsl við þingmenn, þingflokka, þingið allt og þjóðina. Þannig að ég tel óráðlegt að binda hendur forsætisráðherra í þessu.

Við höfum alveg meðvitað í nefnd B, aukið vald forsætisráðherra, bæði til þess að ákveða skipan og reyndar fjölda, eins og áður var, ráðuneyta. Og hann hefur nú sjálfðæmi, eða hann hefur meira vald til þess að velja sína ráðherra. En gildandi regla eiginlega í stjórn málafræði er sú að þingflokkar velja ráðherra. Þannig að honum er í sjálfsvald sett, ef hann telur betri ráðherraefni vera utan þingflokks síns, en innan, annað hvort vegna tengsla við þjóðina eða vegna sérfræðipækkningar, að velja slíka ráðherra. Þannig að þó að tillaga Andrésar sé vissulega mér hugnanlegri, af því að þar segir bara hluti, það er nóg að það sé einn eða tveir, væntanlega, að þá tel ég alveg víst að þetta er of mikil röskun fyrir minn smekk á gildandi skipulagi, að binda hendur forsætisráðherra þannig að meirihluti, þ.e.a.s. 6 af 10 eins

og kemur fram í skýringum, sé utan þings. Við vorum ósammála um það hvort að ráðherrar ættu að segja af sér þingmennsku varanlega, en þetta mundi annað hvort leiða til þess, eða allt of margir embættisráðherrar yrðu utan úr bæ. Og ég vek athygli á því að þetta er heimilt, en á ekki að vera skylt. Nú þá höfum við í nefnd B hvatt til þess að áhugasamir stjórn málamenn sitji bara áfram á þingi með því að vald þingsins bæði til eftirlits, fjárstjórnar og löggjafar er stóraukið. Þannig að það er ekki eini endapunkturinn á góðum frama stjórn málamanns að verða ráðherra. Þannig að ég andmæli báðum þessum tillögum en vek athygli á að tillaga Andrésar er mildari og betri að mínu mati. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Andrés vildi komast á undan mér og mér er það að meinalausu.

SN

Gjörðu svo vel, Andrés.

AM

Alltaf gaman að fara framúr, en kæri formaður og félagar og áheyrendur. Ég vildi með minni tillögu bara draga fram að með því að forsætisráðherra skipar aðra ráðherra, þá er búið að draga svolítið spíssinn, eða það er búið að draga svolítið hið sjarmerandi við þessa tillögu, þ.e.a.s. að það hægt að velja sér algera já-bræður. En það er ekki ef forsetinn hefði skipað. En ég geri mér grein fyrir því að þetta er dálítill U-beygja og við höfum oft rætt þetta áður líka. Og bara til þess að spara tíma og í ljósi fyrri umræðu, þá dreg ég þessa brtt. mína tilbaka. Takk.

SN

Þá er það Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, mig langaði bara, þó mér hafi í sjálfu sér ekki verið falið það sérstaklega af nefndinni, að þá langar mig til þess að hnykkja á þeim andmælum sem að Gísli hefur fært fram fyrir nefndina, gegn tillögu Vilhjálms Þorsteinssonar o.fl., um að kveðið sé á um að meirihluti ráðherra skuli ekki vera úr röðum alþingismanna. Þetta hefur auðvitað verið þaulrætt. Það var mikið deilt um það hvort að ráðherrar skyldu víkja af þingi en halda þingmennsku, eða þurft að segja af sér. Og við þurftum að taka afstöðu til þeirrar leiðar. En þessi leið blandar saman báðum þeim aðferðum með mjög óheppilegum hætti að því er mér finnst. Við myndum þá geta endað uppi með tvær ólíkar tegundir af ráðherrum, sem að koma úr þingsætum, sumir sem að víkja, aðrir sem að segja af sér. Og það finnst mér mjög óheppilegt. Og þetta er alltof smásmuguleg fyrirskipun, forræðishyggjuleg fyrirskpun, gagnvart stjórn málumum í landinu til þess að mér finnst þetta tækt. Mér finnst þetta óhreint og óskynsamlegt að leggja þetta svona til,

og mæli því með því að þetta verði ... þessi tillaga verði felld. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og ráðsmenn. Ég ætla að hafa þetta stutt vegna þess að ég er sammála meirihluta af því sem Eiríkur talaði um hérna áðan. En ég get samt ekki varist því að ... nema ég hafi misskilið, og mér fannst eins og flutningsmaður talaði eins og valið stæði milli þessa ákvæðis um að hluti ráðherra skuli ekki vera úr röðum þingmanna og að þeir segju af sér. Ég get ekki alveg skilið samhengið þar á milli. Mér finnst þetta, eins og Eiríki, mér finnst þetta einhver óþarfa forræðishyggja. Ég var sjálf hlynnt þessu á tímabili en einhvern veginn þegar ég svo sá þetta á prenti, þá hugsaði ég, þarna er verið að segja of mikið fyrir verkum, og býður líka upp á þessa blönduðu leið eins og Eiríkur segir, að sitji þar inni á þingi mjög hæfir menn sem að forsætisráðherra vill endilega fá, að þá þurfi þeir að segja af sér meðan að nægir að aðrir víki sæti. Og þriðja útgáfan kæmi svo utan úr bæ. Þannig að það er orðið æri mismunandi aðstaða ráðherra. Þannig að ég legg eindregið til að þessi tillaga verði ekki samþykkt og tel nóg að þeir ... þó að sú mildari útgáfa sem hefur orðið ofan á, að ráðherrar víki sæti og segi ekki af sér, og mér finnst það vera bara nóg í þessum tilgangi.

SN

Þá er það Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já formaður og góðir félagar. Mig langar til að byrja á að rifja það upp að í gær, þá vorum við að ganga frá kosningakaflanum og það varð niðurstaða okkar að við gætum valið frambjóðendur af mismunandi listum og það væru engar hömlur, engar girðingar. Og ég mundi giska á, án þess að maður kannski eigi að vera að spá mikið um framtíðina, að það þýddi að við yrðum með svona lausari flokksbönd en áður hafa verið. Meira af tiltölulega dugmiklum og jafnvel róttækum einstaklingum, sem að hefur auðvitað bæði kosti og galla. Það þýðir væntanlega að þingið yrði meira á einstaklingsgrunni en það hefur verið. Síðan erum við að velta því fyrir okkur núna að þingmenn geti ekki verið jafnt þingmenn og ráðherrar. Jafnvel að þeir séu að hluta til utan þings, sem að ég er nú reyndar sammála, þá velti ég því fyrir mér hvers konar stjórn málaumræða verður í landinu? Hún fer varla fram á ... stjórn málaumræða er í meginatriðum umræða um stjórnarstefnu og störf ríkisstjórnar. Það allavega hefur verið reynslan á undanförunum áratugum. Hún fer að litlu leyti fram í þinginu, því að leiðtogar stjórn málaflokka verða annað hvort að vera þingmenn eða ráðherrar. Ef þeir eru ráðherrar þá verða þeir ekki á þingi og þá taka þeir ekki þátt í stjórn málaumræðum þar. Ef að stjórn málaumræðan fer fram í ráðuneytunum þá kemur þingið ekki að því. Þannig að niðurstaða

mín er sú að það séu miklar líkur á því að stjórn málaumræðan verði aðallega í fjölmiðlum og það hefur auðvitað bæði kosti og galla. Þannig að ég hef mjög miklar efasemdir um það að það sé skynsamlegt að rjúfa þessi tengsl svo mjög sem gert er. Það var gerð skoðanakönnun á þessu hérna meðal ráðsins, hér fyrir nokkrum dögum síðan. Þar kom fram að 7 ráðsfulltrúar vildu að ráðherrar sætu á þingi áfram, 7 vildu að þeir vikju tímabundið og 8 að þeir færu alveg. Þetta þýðir að við erum í raun og veru á mjög mismunandi skoðun um hvernig þessu eigi að skipa. Ég held reyndar líka að niðurstaða okkar um kosningakerfi, við þurfum að horfa á hana líka í þessu samhengi. Þannig að einhvern veginn finnst mér að þetta sé eitt af þeim málum sem að við eigum svolítið eftir að reyna að ná í, svona heildarsýn sem að verður í raun og veru stjórnskipulag komandi ára og þarf að vera stjórnskipulag sem í raun og veru tryggir sem best lýðræði og skynsamlega framvindu í stjórn málum. Og mín skoðun er sú að það verði best gert með stjórn málaflökkum. Þrátt fyrir að sagan sé svolítið döpur þá er það nú samt mín skoðun. Einhvern veginn finnst mér að við séum með þeim tillögum sem nú eru uppi, að rjúfa þessi tengsl lýðræðislegra kosninga til Alþingis og stjórnar býsna mikið. Og ég hef áður lýst minni draumsýn, við höfum öll okkar draumsýn, þær eru bara því miður ekki alveg eins. Mín draumsýn er sú að það sé möguleiki á að hluti af ráðherrum sitji á þingi og þá er ég að horfa á það að það séu leiðtogar stjórn málaflokka sem að sitji á þingi, séu jafnframt ráðherrar, og beri hina pólitísku ábyrgð á stjórn málaflökkslegum grunni. Síðan hefði ég viljað sjá einhvern hluta af ráðherrunum utan þings. Ég hefði þess vegna mjög ... ég var sjálfur með hugmyndir um að mætti setja inn að helmingur ráðherra skyldi vera utan þings. Hallar það alveg eins að því sem Ómar nefndi hér að það kannski ætti ekki að vera nema þriðjungur. Hann nefndi það fyrir nokkrum dögum síðan. En einhvern veginn sýnist mér að, eins og staðan er núna, þá er eiginlega engin tillaga sem hér liggur fyrir og heldur ekki ... tíminn er búinn ... heldur ekki það sem að raunverulega er núna í greinunum, það er ekki eitthvað það sem mér endilega líkar. Kannski er vonlaust að allir fái það sem þeim líkar, en við þurfum svolítið að velta því fyrir okkur hvort að þessi heildarmynd sem að við erum að teikna upp, hvort að hún passar eða hvort að við getum ekki gert einhverja betri. Ég er ekki með tillögu, en tíminn er búinn. En ég vil bara nefna það allra síðast, að ég held að við hefðum þurft að skoða örlítið betur niðurlag stjórnarmyndunarferilsins og horfa þar til Eiríks Tómassonar. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar. Þetta eru ágætis umræður og endurspegla svo sem það sem að hefur áður kannski komið fram í ráðinu og í nefndunum. Sko við ákváðum að vinna með þingræðisfyrirkomulagið, það var auðvitað svolítill

umræða um að taka upp forsetaræði eða þ.e.a.s. beint kjör framkvæmdarvaldsins og þá hefði náttúrulega öll ríkisstjórnin verið kosin beint. Það var nú niðurstaða ráðsins að fara ekki út í svo róttæka leið, uppstokkun á stjórnskipun Íslands en í staðinn að vinna að því, ja innan ramma þingræðisins, að reyna að aðskilja milli lög-gjafarvalds og framkvæmdarvalds og auka eftirlit lög-gjafarvaldsins með framkvæmdarvaldinu. Og færa því ákveðin töl og verkfæri í því skyni. Og eftir því höfum við verið að vinna. Það er þá í því, að mínu mati, mjög mikið grundvallaratriði að ráðherrar t.d. sitji ekki inni á þingflokksfundum. Þeir séu ekki í þingflokkum og sitji inni á þing-flokksfundum, vegna þess að það er sko, þingið á að hafa þetta gagnrýna eftirlit með ráðherrunum. Og það bara gengur ekki ef að þeir sitja þarna inni með félögum sínum, sem fulltrúar framkvæmdar-valdsins og sitjandi líka á þingi. Og þetta er nú alveg eins og er t.d. bæði í Svíþjóð og Noregi, að þingmenn sem verða ráðherrar þeir víkja af þingi. Og það er inni í tillögum okkar núna og það var engin brtt. um það fyrirkomulag, út af fyrir sig. Þannig að við erum með það.

Síðan vildi ég bara segja almennt, svona í fram-haldi af orðum Andrésar, að þetta er þingræðis-fyrirkomulag. Forsætisráðherra, vissulega skv. orðanna hljóðan, skipar aðra ráðherra, en hann verður að gera það þannig að þinginu líki og sam-starfsflokkunum í ríkisstjórn líki. Þannig að allir þeir sem að forseti skipar í ráðherraembætti vera að njóta pólitísku trausts stjórnarflokkanna. Og það er einhvers konar samkomulag þeirra í milli um það hverjir verði ráðherrar og hafa traust þingsins til þess, og stjórnarflokkanna. Og ef að það traust brestur pólitískt, að þá er lögð fram vantrauststillaga á þingi og samþykkt, og þá verður forsætisráðherra að skipa nýjan ráðherra í stað þess sem að þingið vildi ekki. Síðan má kannski orða þessar tillögur ... og af því að Þórhildur var svona að velta fyrir sér muninum á minni tillögu og af hverju ég var að tala um þetta með að allir segja af sér, hvernig það spilaði inn í þetta. Sko, ímyndum okkur það að forsætisráðherra vilji bara endilega skipa 10 ráðherra, bara alla úr hópi þing-manna, bara vill fá þá tilteknu 10 þingmenn, sem hann vill fá sem ráðherra. Miðað við núverandi tillögu í frumvarpsdrögunum þá þarf enginn þeirra að segja af sér. Þá bara víkja menn af þingi og svo kannski fellur ríkisstjórnin og þá fara þeir aftur inn á þing. Ef að þessi breytingartillaga mín verður samþykkt, þá myndu 6 þurfa að segja af sér, 6 af þessum 10 myndu þurfa að segja af sér, 4 þyrftu ekki að gera það. Það gætu þá verið einmitt, einhverjir forystumenn stjórnmalaflokka eða eitt-hvað slíkt. Ef að það, sem að sumir vildu hérna, og m.a. Þórhildur, hefði gengið í gegn, þá hefðu allir 10 þurft að segja af sér. Þannig að það er það sem ég er að meina, það er róttækasta tillagan. Mín tillaga er í raun og veru málamiðlun milli þessara sjónarmiða. Þannig að ég held að þetta sé svona, já ákveðið meðalhóf og millilending, og komi líka til móts við sjónarmið þeirra sem að voru svolítið skotnir í forsetaræðinu, sem að ég hef áður verið, líka. Og ég held að við séum að fara

svona, hóflega langt í þá átt með þessu. En svo úr því að ég er með orðið, þá ætla ég bara rétt að tala um aðrar brtt. hérna á hundavaði. Það er brtt. 56 um að það falli brott að ráðherrar skuli ekki vera fleiri en 10. Þetta var náttúrulega rætt í B-nefnd. Með því að setja inn þetta ákvæði, þá erum við að setja hámark á fjölda atkvæða í ríkisstjórninni, þegar hún tekur ákvörðun sem fjölskipað stjórn-vald. Og við erum líka að setja forsætisráðherra dálitlar skorður í þessu valdi sínu til að ákveða skipan ráðuneyta. Og við erum að reyna að draga úr kostnaði og draga úr hvata til þess að fjölga ráðherrum í pólitískri málamiðlun. Og Andrés er búinn að draga sína tilbaka, og aðrar tillögur hérna eru frá B-nefnd, nema tillaga Erlings. En að mínu mati þá komum við til móts við það sem að hann er að óska eftir, að forseti geti komið inn í stjórnarmyndun, með ákvæðinu sem við erum með í frumvarpsdrögunum í 3. umferð, þar sem forseti getur gert tillögu um forsætisráðherra. Búinn.

SN

Ég bið ykkur um að halda ykkur við 3 mínútur og næst er Silja Bára, og ég loka mælendaskrá á meðan hún talar. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já formaður, kærur félagar og gestir. Mig langar að leggja eindregið gegn brtt. sem að Vilhjálmur var að enda við að dásama. Ég get ekki séð að það sé æskilegt að segja að meirihluti ráðherra skuli ekki vera úr röðum alþingismanna. Stjórnvöld hafa alltaf, eða ríkisstjórn hefur alltaf þann kost að hafa inni fólk sem að ekki er kjörið. Ég held að með þessu þá séum við frekar að stuðla að einhvers konar gerontocracy, sem að aftur ég kann ekki að þýða, einhvers konar öldungaræði, þar sem að áfdanka gamlir þingmenn, þeir hætta á þingi í trausti þess að þeir verði ráðherrar og halda áfram að stjórna og íhlutast um hvernig málin halda og við sjáum ennþá minni breytingar á samfélaginu, heldur en við myndum gera með bara því að fólk væri að koma inn af þingi. Og það er vilji í samfélaginu til þess að sjá fleiri koma inn í ríkisstjórn heldur en bara þingmenn og ég held að smám saman að þá muni stjórnvöld nú bara bregðast við því eins og ýmsum öðrum kröfum. Og ég bara, já ... mér finnst þetta allt of langt gengið í að taka stjórnmal úr höndum stjórnmalá-manna, þannig að ég leggst eindregið gegn þessari tillögu. Og er mjög fegin að Andrés dró sína til-baka, vegna þess að annars hefði ég þurft að halda þessa ræðu tvisvar. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágæta ráðsfólk. Ég ætla rétt að gera ... sem Ari sagði og lýsti áhyggjum af stjórnmaláumræðu í landinu, hún mundi ekki lengur eiga sér stað á þinginu. Nú held ég að það muni ekki breytast neitt. Vegna þess að ráðherrar mæta ekki til þings nema þegar þeirra eigin mál eru til umræðu eða

stórmál eins og stefnuræða forsætisráðherra, skýrsla um utanríkismál eða eitthvað slíkt. Og það eru ákvæði um það að þeir geti komið inn í þingið hvenær sem þeir eru til kallaðir, og ég efast ekki um að þeir muni geta verið þar hvenær sem að þörf er á í almennri stjórn málaumræðu. Það þarf ekki að tiltaka þetta í stjórnarskrá finnst mér, það er ekkert sem kemur í veg fyrir að forsætisráðherra nái í ráðherra utan þings, ef að svo ber við að horfa. En ég verð nú bara að lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst að ráðherrar, að það sé ekkert æskilegt að mjög margir ráðherrar komi utan þings vegna þess að mér finnst að fólk eigi að vera í stjórn mála vegna hugmyndafræði og hugsjóna, og ekki bara faglegrar þekkingar. Hana er alltaf hægt að ná sér í. Og þar sem ég sé ekki ástæðu til þess að vera að lögfesta það að þeir sem ekki hafa með neinum hætti verið kjörnir af þjóðinni, séu of margir í ráðherrastólum. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, ég reyni alltaf að vera stuttur núna. Bara staðreyndir. 22 ráðsfulltrúar tóku þátt í þessari skoðanakönnun á sínum tíma. 7 vildu óbreytt ástand varðandi það að ráðherrar gætu líka setið á þingi en 15 voru á móti því. Kannski hefur þetta breyst síðan þá en ég held að við verðum samt, meðan við höfum ekkert annað í höndunum, verðum við að taka tillit til þessa. Og ég verð að segja fyrir mig, ég varð skotinn í því og er það enn að einhver hluti ráðherra sé utan þings. En þetta er allt of há tala. Og við megum ekki vanmeta tengsl stjórn mála vegna við fólk í landinu, sem að þeir vinna við. Þó það sé gott að fá með einhverja þrjá, kannski fjóra, til þess að fylla upp í myndina. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Já, því hefur nú flestu verið svarað sem að ég ætlaði að koma inn á. Ég ætlaði bara aðeins að taka undir með Þórhildi og svar áhyggjum Ara á sama hátt, hún svaraði því ágætlega. Svo ætla ég að skjóta því inn með þingflokksfundi, að það sé ekki æskilegt að ráðherrar sitji þingflokksfundi. Ég held það sé ekki nokkur lifandi maður sem fer að ætla sér að stjórna því hverjir sækja þingflokksfundi og ég bara biðst undan þeirri umræðu. Þingflokkar, að sjálfsögðu, meta það sjálfir að ákveða hverjir sitja þá fundi. Svo ætlaði ég bara að hvetja til þess að menn samþykktu breytingartillögur þær sem að komu frá B-nefnd. Ég er ekki hlynt brtt. Vilhjálm, mér finnst fráleitt að kveða á um það að meirihluti ráðherra skuli ekki vera úr röðum alþingismanna. Heimildin er fyrir hendi, og það er forsætisráðherra að ákveða það. Hann mun velja, forsætisráðherra hann eða hún, mun velja sér handgengna ráðherra utan þings eða innan, og við þurfum ekki að kveða upp úr um það í stjórnarskrá. Ég er heldur ekki sammála

því að fella burt töluna 10 ráðherra. Ég held að þetta sé ágæt ábending og ágætt að það standi að það séu bara 10 ráðherrar. Svo var dregin tilbaka ein tillaga og með tillögu Erlings Sigurðarsonar við 88. gr., þá tel ég ekki að það þurfi að breyta þessu fyrirkomulagi frekar en við gerum í okkar ákvæðum í frumvarpsdrögum. Og við verðum að treysta þinginu til að leiða stjórnarmyndanir til lykta. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Bara örstutt. Sko, tillagan sem að Vilhjálmur mælti fyrir, fyrir hönd okkar sjö sem stöndum að henni, er valddreifingartillaga. Tillaga sem er ætlað að styrkja stjórnáráðherra með því að hleypa utanaðkomandi blóði inn í ríkisstjórnina. Við höfum góða reynslu af utanþingsráðherra, bara á nýliðinni tíð, og tillagan helgast m.a. af því en þó fyrst og fremst af valddreifingu. Ég er einnig ánægður með brtt. Erlings Sigurðarsonar, hann kemur betri orðum að sömu hugsun og lýst er í stjórnarmyndunargreininni, þannig að ég ætla að greiða tillögu Erlings atkvæði mitt. Mér finnst einnig sjálfsagt að fylgja tillögu Vilhjálm og Katrínar um viðbótargrein sem að þau mæla með. Ég ætla hins vegar ekki að greiða atkvæði með niðurfellingu ákvæðisins um hámarksfjölda ráðherra. Fyrirmyndin er sótt til Sviss m.a., og miðað við ráðherrabólguna sem hefur einkennt okkur og okkar stjórn mála undangengna áratugi, þá hygg ég að það sé því miður nauðsynlegt að setja slíkt ákvæði, sem takmarkar fjölda ráðherra við 10 í stjórnarskrá. Takk fyrir.

SN

Já, takk. Þá göngum við til afgreiðslu á þessum tillögum og greiðum um þær atkvæði. Og ég legg til að við byrjum á brtt. nr. 108 frá Erlingi Sigurðarsyni, sem gerir kannski mestu ... gengur lengst í breytingum á greininni, þó að margar brtt. þar á eftir geti alveg farið saman við hana. Og hún er sem sagt nr. 108 við 88. gr. Og við hefjum kosningu, og hún er hafin.

Og tillögunni er hafnað með 14 atkvæðum, 8 samþykktu og 2 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 34 um að meirihluti ráðherra skal ekki vera úr röðum alþingismanna. Og við hefjum kosningu um þá brtt. nr. 34, og kosning er hafin.

Og henni er hafnað með 16 atkvæðum, 6 samþykktu og 2 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 56 um að úr 3. mgr. falli brott setningin, „en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en 10“. Og við hefjum kosningu um hana, og kosning er hafin.

Henni er hafnað með 19 atkvæðum, 5 samþykktu.

Nú, þá er það brtt. nr. 83. Tillaga frá B-nefnd um breytt orðalag á 5. mgr., nr. 83. Og við hefjum kosningu um hana, og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 3 voru á móti.

Og þá er það loks brtt. við 89. gr. um vantraust. Það er líka tillaga frá B-nefnd um breytt orðalag, á 2. mgr. Hún er nr. 97 við 89. gr. um vantraust. Og kosning er hafin.

Og tillagan er samþykkt með 21 atkvæði, 2 sögðu nei og 1 sat hjá.

Nú þá gerum við hlé, kaffihlé í 15 mínútur.

SN

Þá hefjum við fund að nýju. Það er fyrst að tala um brtt. nr. 59 við 36. gr. um alþingiskosningar. Henni var frestað í gær og þar er tillaga núna um það hvernig hún verður tekin fyrir, og það fyrst og fremst ákveðið að fresta henni aftur og taka hana ekki til afgreiðslu fyrr en eftir að við höfum rætt um kaflann um utanríkismál. Við ætlum að gefa fólki aðeins tækifæri til að íhuga hvernig við ætlum að ... sem sagt að brtt. nr. 59 við 36. gr. stingur upp á STV kosningu um tölu þingmanna. Og fundarstjóri leggur til að það verði sem sagt brotið þá upp, það er ekki hægt að gera STV kosningu hér. Þannig að þá kjósum við um hverja tölu sem gefin er upp hér, frá 37 upp í 60. Og ég ætla að kynna að þetta verður gert svona en við gerum þetta síðar, þannig að þið hafið tækifæri þá til að undirbúa það. ... ja, upp í 63 er sú tala sem er í frumvarpinu núna, það þarf ekki að kjósa um hana. Ef engin hinna verður samþykkt, þá stendur 63. ... já, en tillagan er svona og við höfum ekki verið með brtt. við brtt., þannig að já. Gjörðu svo vel Eiríkur.

EBE

Já, ég leit nú svo á að þessi tillaga væri í rauninni ekki tæk inn í þennan feril, þar sem að hún gerir ekki ráð fyrir tiltekinni breytingu á því skjali sem við erum að vinna með, eins og mér skildist að væri. Og af þeim sökum setti ég ekki fram brtt. um fjölda þingmanna, vegna þess að ég hélt að sú sátt sem hér hafði verið gerð um óbreytta þingmannatölu, stæði. En fari menn í kosningu, að þá myndi ég nú vilja fá að bæta við tölu.

SN

Já en það er ekki ... sú tillaga hefur ekki komið fram, þannig að við höldum okkur við þær tölur sem eru hér í tillögunni. Þorvaldur.

ÞG

Já, formaður, góðir fulltrúar. Mig langaði bara að gera grein fyrir þessari málsmeðferð, sem að formaður ráðsins stingur upp á. Við erum 9 flutningsmenn að þessari tillögu, sem hefur legið fyrir skriflega í 10 daga eða 2 vikur, eða eitthvað svoliðis. Og stjórnin baðst undan STV kosningu, jafnvel þótt við höfum notað þá aðferð einu sinni í okkar innra starfi, svo sem lesa má um á vef ráðsins. Þannig að ég féllst, og við flutningsmennirnir allir, við erum 8 afsakið, ekki 9, á þá tillögu ráðsins að í stað STV kosningar, að þá skiptum við tillögunni upp í fimm fljótlegar kosningar, þar sem fyrst er kosið um þá tillögu sem gengur lengst, þ.e.a.s. um þingmannafjöldann 37 til samþykktar eða synjunar. Sé þeirri tölu hafnað, þ.e.a.s. þeirri brtt. hafnað, þá er kosið um þá næstu sem er 43,

og þannig áfram koll af kalli. Þannig að verði t.d. talan 53 hlutskörpust, þ.e.a.s. hljóti meirihluta-stuðning í ráðinu, að þá er það ákveðinn þingmannafjöldi ráðsins. Verði sú tillaga felld, að þá er eftir tillaga um 57 og 60 og þannig áfram. Þannig að verði allar brtt. felldar, að þá stendur talan 63, eins og hún stendur núna í frumvarpi ráðsins. Mig langaði bara að þetta kæmi alveg skýrt fram, að þetta er skilningur okkur flutningsmanna tillögunnar á því fyrirkomulagi sem að við teljum okkur hafa náð samkomulagi við stjórnina um að verði haft á þessu. Takk fyrir.

SN

Pawel. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Sko við erum að reyna að vinna eftir ákveðnu verklagi, og inni í okkar aðfaraorðum stendur t.d. það að við ætlum ekki að láta afl atkvæða ráða. Í því ljósi mundi ég telja að þeir sem vilja standa að tillögu um fækkun þingmanna, mundu koma sér saman um einhverja tölu sem þeir vilja standa að, og bera hana hugsanlega upp undir aðra eða hópinn og gera þannig tillögu, í stað þess að fara í einhverja svona leiki, sem að mínu viti er ekki góð nýting á tíma ráðsins, og þar að auki falla ekki vel að þeirri hugmyndafræði að við eigum að reyna að komast að niðurstöðu í sameiningu. Þannig að ég mundi leggja til annað hvort að þessari tillögu væri vísað frá, og til þrauta að hún verði tekin til nefndar.

SN

Gísli.

GT

Já, mér finnst eðlilegt að það sé látið reyna á einhvers konar tillögu um fækkun en hvort að leið Þorvaldar eða Pawels er betur til þess fallin, veit ég ekki. En nú liggur fyrir að ráðherrar verða í mesta lagi 10, þannig að ég held að það ætti að reyna að leita lausna, hugsanlega í hléi, þannig að það sé fengin niðurstaða í þetta. Takk.

SN

Lýður.

LÁ

Já, ég held það sé sanngjarnt það sem að Pawel er að leggja til. Að við komum okkur saman bara um eina tölu og greiðum atkvæði um hana. Ég held að þar sé fyllstu sanngirni gætt fyrir alla. Legg það til. Takk.

SN

Silja Bára.

SBÓ

Já, takk. Ég þarf nú að taka undir með Pawel í þessu. Mér finnst tillagan eins og hún lá fram hreinlega ekki tæk. Og aftur, þegar fólk fór nú að tala um að það hefði verið sátt í einhverjum málum en hún virðist ekki þurfa að vera í öðrum. Við erum búin að ganga frá kosningakaflanum



með 63, og sko ef 8 eða 9 flutningsmenn geta ekki komið sér saman um einhverja tölu, þá einhvern veginn get ég ekki ímyndað mér, að það hvernig við greiðum atkvæði hérna í 5-6 atkvæða-greiðslum, eigi að leysa það. Það er ekki samræða, við erum ekki búin að tala okkur niður á þá niðurstöðu. Þannig að ég tek undir tillögu Pawels um að þessu verði vísað frá, eða sent í nefnd og ef nefndin vill breyta þessu úr 63, þá komi það tilbaka til okkar eftir helgi. Takk.

SN  
Íris.

ÍLS

Já, takk. Ég er nú svona kannski á sama máli og síðustu tveir ræðumenn. Sko, lá ekki alltaf fyrir að hér yrðu greidd atkvæði með og á móti, þegar við vorum að senda inn brtt.? Og á þeim forsendum hefðu náttúrulega allir getað gert sér grein fyrir því að það yrði kosið já eða nei. Og ég lagði ekki þann skilning í tillögurétt minn að ég gæti lagt til, með hvaða hætti kosning færi fram, og ég gæti lagt til nokkra kosti, þ.a.l. held ég einmitt, ég meina það þarf að meta, eru tillögur tækar til meðferðar á grundvelli þeirra reglna sem liggja fyrir að verði notaðar í kosningu. Og ég held svona að við verðum aðeins að skoða það og sjá hvaða niðurstöðu við komumst að út frá því.

SN  
Ari og Ómar, Ari fyrst.

AT

Sko, það má þá kannski segja að það hafi verið í raun og veru mistök stjórnarinnar að gera þá ekki flutningsmönnum skýra grein fyrir því strax að tillagan væri ekki tæk. Og mér sýnist að ef að þeir hefðu á þeim tíma fengið þær upplýsingar að hún væri ekki tæk, þá er mjög eðlilegt að þeir hefðu þá farið þá leið, af því að þeir höfðu áhuga á að svona, að láta reyna á það hvað menn gætu sæst við. Þá hefðu þeir alveg eins getað flutt sína tillöguna hver, einn með 31 og svo áfram upp úr. Við því hefði ekkert verið að segja. Það hefðu þá bara verið einhverjar 5 brtt. við, þannig að mér finnst nú að við séum í raun og veru ekkert að gera annað núna, heldur en að reyna að gera þessa málsmeðferð viðunandi, án þess að ganga á rétt nokkurs. En ekkert hef ég á móti því að tillagan fari í nefnd, en mér finnst svona, ekki endilega hægt að krefjast þess að þessir aðilar komi sér saman um eina tölu. Það er ekkert sem segir að þeir hefðu ekki alveg eins getað flutt 5 tillögur, hver sína. Er það?

SN  
Ómar.

ÓR

Formaður og gott ráðsfolk. Ég ætla bara að endurtaka þetta að ... taka undir þetta sem Ari segir. Við getum auðvitað bara breytt þessu í það að flytja 5 tillögur og allt í góðu með það. Ég bara bendi á það, að í raun er verið að hafna hugmynd-

um okkar eða samþykkja. Vegna þess að ef að allir þessar tölur eru felldar, að þá er bara okkar mál fallið, og það er enginn munur á því heldur en ef að við hefðum komið með einhverja eina tillögu með einni tölu. Kosturinn við þetta er sá að hér gefst miklu meira val. En ef að þið lítið svo á að það sé eðlilegra að við geymum þetta og flytjum 5 tillögur og Eiríkur Bergmann þá sjöttu, þá er það alveg að meinalausu fyrir mig.

SN  
Vilhjálmur ... nei, ok. En það er komin náttúrulega frávísunartillaga sem við verðum að kjósa þá um ... Pawel, þú ... og Silja tók undir hana ... og Pawel, fyrirgefðu.

PB  
Svona, það mundi vera formleg frávísunartillaga, já.

SN  
Já. Og þá verðum við að ... Katrín.

KO  
Ég vil bara benda á það að ég og Erlingur Sigurðarson drógum tilbaka tillögu okkar um 56 þingmenn, sem var bara svona akkúrat eins og þið eruð að tala um, í ljósi þess að þessi kom fram. Þannig að það er kannski svolítið gróft ef það á að fara að vísa þessari frá, þegar við erum búin að draga nákvæmlega eins tillögu og þið eruð að leggja hér til að við gerum, tilbaka, á grundvelli þessarar tillögu. Þá náttúrulega er málsmeðferðinni orðið ansi ábótavant.

SN  
Getum við sætt málið þannig að þetta fari í nefnd? Pawel?

PB  
Já, ég get sem sagt, ef að tillagan kemur fram þess efnis að þessu sé breytt í 5 tækar tillögur, þá mundi ég líta svo á að það væri heppilegast á þessum tíma, að þær færu í nefnd. Og þær koma þá til atkvæðagreiðslu í seinni umferð.

SN  
Já, að þær færu þá í atkvæðagreiðslu þá ... Í seinni umferð. Þið hafnið því ... Þannig að þá verðum við bara að greiða atkvæði um frávísun.

PB  
Fundarstjóri. Ég lít svo ekki á að flutningsmenn ... ég lít svo á að þær starfsreglur sem við höfum samþykkt, séu þess eðlis, að geri flutningsmaður ekki athugasemdir við annað, þá fari tillagan til atkvæðagreiðslu í fyrstu umferð. Ég lít ekki svo á að það sé þannig að það sé ekki farvegur fyrir venjulega málsmeðferð, sé tillaga um hana. Og þar sem ég er formaður nefndar, þá mundi ég leggja til að þessi tillaga færi í nefnd.

SN  
Og við greiðum þá atkvæði um það hvort ...

AT

Nei, hann er með rétt til þess ...

SN

Hann hefur rétt til þess að taka hana í nefndina. ... og fellur frá frávísunartillögu. Þá fer hún í nefnd eftir þessa ... Bíddu, Þorvaldur ...

ÞG

Eins og ég skil okkar starfsreglur, formaður og góðir ráðsmenn, að þá geta flutningsmenn óskað eftir afgreiðslu. Og óskað eftir því að tillögu þeirra sé ekki vísað til nefndar. Og það er sú ósk sem að við berum fram.

SN

Já, en það er gerð athugasemd við það að það sé kosið um þetta eins og þetta er ... það er búið að óska eftir frávísun. Þannig að þá verðum við ... já, Þórhildur.

ÞÞ

Bara aðeins að taka undir orð Katrínar, að það lá þá fyrir miklu einfaldari tillaga. Þessi er flóknari. En mér finnst líka sko, þetta er auðvitað stórmál, og mér finnst sérkennilegt að það fari í nefnd án þess að hafi komið fram nokkur vilji ráðsins ... ég meina nefndin verður að hafa einhverjar vísbendingar um hver er vilji ráðsins. Ekki satt? Einmitt vegna þess hvað hún er flókin, þá ...

AT

Við lögðum hér fram og ég tel að við höfum fengið samþykki ráðsins fyrir ákveðnu verkferli við afgreiðslu á frumvarpinu, sem við erum hér að vinna. Ég vona að þetta sé á borðum hjá ykkur öllum, kannski misdjúpt í pappírnum. Þess vegna langar mig til þess að lesa þann hluta af verkferlinum sem að fjallar um einmitt þetta atriði. Og hann hljóðar svo: „Afgreiða má breytingartillögu með atkvæðagreiðslu eftir fyrri umræðu samþykki fyrsti flutningsmaður það. Ella fara breytingartillögur ásamt kaflanum til lokaumfjöllunar í viðkomandi nefnd. Formaður þeirrar nefndar sem breytingartillaga varðar getur einnig óskað eftir að tillögunni verði vísað til nefndar, án atkvæðagreiðslu“.

SN

Já, hann getur óskað eftir því, og hefur óskað eftir því. Án atkvæðagreiðslu. Þannig að þá ... Vilhjálmur.

VÞ

Fundarstjóri. Sko, það er rétt að í starfsreglunum er meginferillinn sá að mál gangi til nefndar. Síðan var hér í upphafi fundar samþykkt breyting á starfsreglum eða viðbót, þar sem kemur: „Heimilt er þó að ljúka umfjöllun um breytingartillögu með atkvæðagreiðslu við lok fyrri umræðu, enda samþykki fyrsti flutningsmaður breytingartillögunnar þá málsmeðferð“. Og þar er átt við að fundarstjóri er þá að gera tillögu um þá málsmeðferð, að ljúka umfjöllun með atkvæðagreiðslu. Og ef að fyrsti flutningsmaður samþykkir það, þá er

það gert. En það er held ég að sé, svona „underforstået“ í þessu, að fundarstjóri sé ekki að gera tillögu um að ljúka málinu með atkvæðagreiðslu, ef að formaður nefndar óskar eftir því að upphaflega ferlið standi. Þannig að það er það sem þetta snýst um, hvort að fundarstjóri sé, að gefinni þeirri vitneskju að formaður nefndar kalli eftir tillögunni, hvort að hann sé þá að gera tillögu um atkvæðagreiðslu, sem að fengi þá samþykki fyrsta flutningsmanns eftir atvikum. Takk.

SN

Ég gerði í upphafi tillögu um að það væri atkvæðagreiðsla um þetta, en síðan er því hafnað af formanni nefndarinnar, og hann vill fá tillöguna, og skv. reglunum þá hefur hann heimild til þess.

GT

Má ég spyrja hvaða ákvæði er þetta í starfsreglunum sem að varaformaður var að lesa upp hérna áðan?

AT

Þetta var í verkferlinu.

SN

Sem við samþykktum ...

GT

Af því að mér er kunnugt um breytinguna á starfsreglunum sem að var verið að vitna í en þetta er ekkert í starfsreglum ...

SN

Jú, það er í 15. gr. starfsreglnanna, var ferlið þannig að það átti í fyrri umræðu að vísa breytingum inn í nefnd. Það eru reglurnar. Síðan var ákveðið að veikja það aðeins með því að það væri heimild til að afgreiða með kosningu. Til þess að einfalda þann feril. Annars hefði allt farið í nefnd á milli fyrri umræðu og seinni umræðu. Þannig að það er grundvallarprinsippið og hitt var það, sem kemur þá til viðbótar að það er heimilt, sem sagt, fyrir fyrsta flutningsmann að óska eftir atkvæðagreiðslu. En, eftir stendur þetta í grunninn, í reglunum. Þorvaldur.

ÞG

Formaður, góðir ráðsmenn. Ég taldi að við flutningsmennirnir 8 hefðum gert samkomulag við stjórnina um málsmeðferðina. Þannig að mér kemur þessi hugmynd um að vísa málinu til nefndar alveg í opna skjöldu.

SN

Guðmundur.

GG

Ég held það sé hvað, í fyrsta skipti sem ég tek til máls núna, undanfarna tvo daga. En ég get ekki setið lengur hérna og hlustað á þetta. Þetta er bara sko klaufagangur hjá ykkur. Algjörlega. Tilurð þessarar tillögu var sá að í síðustu viku var það dálítið mikið á reiki hver vilji ráðsins væri um fjölda þingmanna. Þess vegna var það

rætt að á sameiginlegum fundi yrði gerð skoðanakönnun. En í ráðaleysi hafið þið tvö þarna, verið með þetta óleyst og þetta er komið hingað ... og þetta er algjörlega á ykkar borði. Það er ekki ... og svo er verið að snúa þessu yfir á okkur. Þessi skoðanakönnun var samþykkt, að menn vildu fá nðurstöðu í þetta og það er, hvað ætli það séu ekki 10 dagar síðan? Ég ætla bara að gera sama og Þorkell, að ég ætla að draga mig frá þessu máli. Ég kæri mig ekki um að vera þátttakandi í þessu.

SN

Breytingartillagan kom fram á fundi og var síðan vísað inn í þennan fasa, frumvarpsfasa. Og það var öllum ljóst. Þorkell.

PH

Já, bara það sé líka þá á hreint sko, ég var upphaflega stuðningsmaður þessarar tillögu, að sjálfsögðu. En mér finnst eiginlega of seint að fara að taka svona ítarlega, fara í svona ítarlega könnun núna. Ég var búinn að draga mig tilbaka fyrir löngu, þannig að nafn mitt er þarna ekki á réttum stað.

ES

Ég skora á formann C-nefndar að gera ... falla frá kröfu sinni um ... fara í nefndina.

SN

Andrés.

AM

Getum við ekki gert hlé á þessari umræðu og snúið okkur að öðrum málum? Og við erum með fullt af lögfræðingum á okkar vegum sem fara í gegnum okkar reglur og kveða á um rétta málsmeðferð. Takk.

SN

Já, ég held að það sé rétt að gera það. Og við förum þá í gr. 93 og 94. Það eru brtt. nr. 15, 48 og 50. og brtt. nr. 50 var að berast ykkur og var ljósrituð og sett á borðið hérna í hléinu. Það eru brtt. nr. 15, nr. 48 og nr. 50. Og það er fyrst um ráðherraábyrgð. Gísli Tryggvason, brtt. nr. 15.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Þetta er framhald af bókunarumræðunni hérna áðan og um daginn. Það vakti undrun margra að hægt væri að bóka sig í ríkisstjórn frá pólitískum ágreiningi. Þess vegna tók ég það að mér, óumbeðinn, að reyna að leysa það mál með því að færa bókunarákvæðið yfir í 93. gr., þar sem það á heima. Eins og gerð er tillaga um í brtt. 15. Það hljóðar svo: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar eða annars ráðherra, ber hann ekki ábyrgð á henni“. Í þessu felst, hann ber sem sagt ekki lagalega ábyrgð, sem er ýmist refsíabýrgð eða skaðabótaábyrgð, skv. lögum um ráðherraábyrgð. Þetta á sem sagt heima í 93. gr. en síður í 85. gr. sem er um pólitíska samábyrgð. Mig langar að lesa örstutt upp úr stuttri greinargerð: Ákvæðið mætti andstöðu margra bæði ráðs-

fulltrúa á 16. fundi ráðsins, svo og fræðimanna, þar sem skilja mátti ákvæðið þar sem það er, í 85. gr. frumvarpsins, svo, að ráðherrar geti með því freistast til þess að firra sig pólitískri samábyrgð ríkisstjórnar, sem frumvarp þetta og ekki síst 85. gr. er ætlað að auka. Eftir sem áður verða ráðherrar að geta firrt sig lagalegri ráðherraábyrgð. Framangreint ákvæði bætist, skv. þessari tillögu við 1. mgr. 93. gr., auk viðbótarinnar: eða annars ráðherra. Ráðherra getur þannig, með bókun, firrt sig lagalegri ráðherraábyrgð á ákvörðunum ríkisstjórnar, eða gerðum annars ráðherra, sem kynntar eru og ræddar í ríkisstjórn, eins og telja verður að tilgangur slíkra bókunnar sé. Í því sambandi er m.a. horft til svohljóðandi ákvæðis 5. gr. laga nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð sem hljóðar svo: Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði, eða á ráðherrafundi, sbr. 16. eða 17. gr. stjórnarskrárinnar, bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt, hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni. Þannig að þetta er í samræmi við gildandi rétt. Og þetta flyt ég ásamt Þorkatli Helgasyni, vænti ég, ef hann hefur ekki dregið sig tilbaka. Takk.

SN

Þannig að þetta voru sem sagt, þetta er raunverulega ... við frestuðum hérna áðan 14, þannig að það er 14 og 15 hérna saman. Brtt. nr. 48 er Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel. 48 fyrst, það er við skipun embættismanna, gr. nr. 94. Það er næst. ... Þórhildur ...

[umræður úr sal]

SN

Bíddu nú við. Já, heyrið þið, það er vitlaus fyrir-sögn hérna. Það er ... nei.

[umræður úr sal]

SN

Skipun og vernd ríkisstofnanna. Nr. 40 er um skipun embættismanna og nr. 50 er um vernd ríkisstofnanna. En þetta er, báðar við sömu grein, 94. 48 og 50. Og þetta er við sömu grein.

[umræður úr sal]

SN

... já, þetta er um nýja grein sem kemur þá strax á eftir ...

ÞÞ

Fyrirgefið þið, það var bara þarna, voru svo margar ráðleggingar hér úr ýmsum áttum, að ég tapaði áttum ...

Nú, ég stend að þessari brtt. ásamt fjölmörgum sem hér eru skráðir og ég ætla ekki að lesa það upp. Þetta er vissulega brtt. við tillögu frá B-nefnd sem ég á sæti í en það er nú ekki neitt nýmæli hér að nefndarmenn áskilji sér rétt til annarra skoðanna. Og ég kem ekki hér í bakið á neinum, því að ég marg viðraði þessa skoðun inni í nefnd-

inni, að mér fyndist ekki ásættanlegt að setja allar embættisveitingar undir sama hatt.

Ég vil þó fyrst áréttta, það er mjög margt sem er sameiginlegt með þessum tillögum. Það er grundvallarákvæði að með lögum skuli tryggt að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta. Í hinu stendur, með lögum skal koma á skipan, og þar er auðvitað aðeins blæbrigði, sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun embætta. Það sem að aðallega fellst í þessari tillögu er að það er verið að skipta þessu í tvennt, það er að setja dómara og ríkissaksóknara sér, og síðan að stofna stjórnslunefnd til þess að annast eða hafa yfirumsjón með öðrum ráðningum. Það kom ljóst hér fram í máli ýmissa lögfræðinga, m.a. Eiríks Tómassonar, að þeim fyndist að dómstólar ættu ekki að fara inn í almennar greinar um æðstu embættismenn. Ég hef tilhneigingu til að vera sammála því og hef rökstutt það áður, að þar sem að þetta er ein af þrem valdstoðum ríkisins að þá mætti nú ekki minna vera heldur en að gera henni það hátt undir höfði að hún fengi eitt sér ákvæði. Það sem skilur í milli þarna, er að stjórnslunefnd, sem að gert er ráð fyrir að verði sett á laggirnar, kemur ekki að skipan dómara og ríkissaksóknara, en þau embætti eru samt sem áður auðvitað algjörlega undir þessu, að það skuli tryggt að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði jafnt í þeirra veitinga sem annarra. Það hefur þegar verið samþykkt ferli, sem þessi mál eru í núna. Það eru lög sem að þegar hafa verið samþykkt. Það virðist vera sáemileg sátt um það, þó einhverjar aðrar raddir heyrast. Og lögum er auðveldara að breyta heldur en stjórnarskrá. Þannig að finnst hnökur eða agnúr á þeim ferlum sem hafa verið ákveðnir, þá er hægt að breyta þeim. Helsta nýmæli hérna er því, fyrir utan það að skipta þessu í tvennt, að það verði komið á fót stjórnslunefnd, svokallaðri, sem er einhver þýðing á „civil service commission“. Og að forseti Íslands skuli skipa formann nefndarinnar. En jafnframt er sagt að með lögum skal kveðið á um skipan annarra fulltrúa í nefndinni. Og síðan kemur aðeins útlistun, að nefndarmenn skuli búa að fjölbreyttri reynslu, og stjórnslunefndin aflar hæfnismats á umsækjendum innanlands og utan, eftir atvikum. Og skv. nánari fyrirætlum í lögum, þar sem kveðið skal á um skipunartíma nefndarmanna.

Þannig að þetta er talsvert opið ákvæði. Og síðan er þetta ákvæði um að það þurfi  $\frac{2}{3}$  hluta þingmanna, ef að er um skipunina.

Það er líka greint frá því hér í greinargerð að Alþingi ákveður með lögum, hvaða embætti skuli falla undir þetta ákvæði. Þó að þar sé listi, sem fylgi, þá er það hvorki tæmandi eða endanlegur, heldur er löggjafanum látið eftir að fjalla nánar um það. Mér og öðrum flutningsmenni, Þorvaldi Gylfasyni, hefur orðið tíðrætt um að nauðsyn sé til þess að leita miklu meir utanlands heldur en innan, að álit þegar kemur að hæfnismati, varðandi skipan í embætti. Þegar það var rætt hér á ráðsfundi, þá var ekki að heyra annað en að það væri miklar undirtektir undir það, að það væru fleiri ... og það voru fleiri á því máli, að það væri

til bóta ef það yrði gert. Og draga þá kannski úr vissum, svona, heimóttarskap sem að margir hafa áhyggjur af, að sé að festast hér í sessi. Og hér hefur orðið spilling, kannski komið oftar fyrir í umræðu hér í ráðinu, heldur en nokkurt annað orð. Einhver sagði áðan að það væru þrjú orð sem að kæmu fyrir, það væru spilling, spilling, spilling. Það að standa ... það er sannarlega stór hluti af þessu sem að almennig og við held ég flest hér innanborðs, teljum að sé eitt órækasta merki spillingar. Það eru embættisveitingar, sem að ég held að fáir eimbi um að hafi oftar en ekki verið af pólitískum toga, og því oft á mælisverðar, án þess að maður ætli nú að halda því fram að það hafi endanlega leitt af sér að allir séu handónýtir sem að hafa verið skipaðir í embætti.

Nú, annað er auðvitað, spillingareinkenni er auðvitað aðgangur að fjármagni og auðlindum. Og það hefur verið tekið talsvert á því í okkar tillögum. Og eins höfum við reynt að sporna við samþjöppun valds og reynt að aðskilja valdþætti. Þannig að það hefur margt verið gert í þessum tilgangi, en embættismannaveitingar, er svo sannarlega stendur út af, sem sá þáttur sem ekki hefur verið tekinn föstum tókum. Nú það er ekki ætlunin að stjórnslunefndin ráði, eða komi sjálf með tillögu um embættismenn, heldur að hún hafi það fyrst og fremst á sinni könnu, að hafa yfirumsjón með því að matið fari eftir réttum ferlum, og að hæfnisnefndir séu skipaðar með viðunandi hætti o.s.frv. Þannig að þetta er svona yfirumsjónar, eftirlits og temprandi aðili, en ekki fimm einstaklingar, sem eiga að taka ákvörðun um allar skipanir í embætti á vegum ríkisins. Og eins og ég segi, ég áréttta það að það er skilið eftir talsvert opið hvernig þessi nefnd yrði skipuð og talsvert látið löggjafanum eftir, en það er ekkert í tillögum, eins og þau eru núna í frumvarpsdrögum, sem að segir neitt um hvernig hæfi skuli metið. Og það eitt að segja hæfnisnefnd t.d. er ekki trygging fyrir því að vel sé að málum staðið, ef að það er látið eftir, ja segi- um bara viðkomandi stofnun að ákveða hverjir skuli sitja í hæfnisnefnd eða koma of mikið að þeim málum. Og svona stjórnslunefnd sem hefði yfirumsjón með, hún ætti að geta haft eftirlit með því að allir gætu vel við unað hvernig að málum væri staðið. Þetta er ... já, svo ég tali nú ekki fyrir munn annarra en sjálf frá mín, þá er þetta skýrara ferli og öruggara, auk þess sem það aðskilur að óskum margra, hvernig staðið skuli að skipun dómara og ríkissaksóknara frá öðrum æðstu embættismönnum. Og ég undirstrika það að hér er talað um æðstu embættismenn, sem síðan er látið löggjafanum eftir að skilgreina, hver eru. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fjölyrða um þetta meir, á þessu stigi málsins. En vænti þess að einhverjir muni taka þátt í þessari umræðu og athuga þetta opnum huga, hvort að hér er ekki um að ræða hugsanlega betra, skilvirkara og gagnsæjara kerfi, heldur en það sem að núna er lagt til í drögum, eins og þau liggja fyrir. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 50 við 94. gr., skipun embættismanna. Og Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Formaður, góðir ráðsfulltrúar. Mig langar að mæla hér í stuttu máli fyrir nýrri grein sem ber heitið Vernd ríkisstofnanna. Og er fram borin í beinu framhaldi af greininni um skipun embættismanna, sem Þórhildur Þorleifsdóttir var að ljúka við að mæla fyrir. Sko, þessu ákvæði um vernd ríkisstofnanna er ætlað að standa vörð um starfsemi og sjálfstæði ríkisstofnanna, sem þurfa skv. eðli máls að geta starfað sjálfstætt innan stjórnsýslu ríkisins, í friði fyrir afskiptum eða ágangi stjórnvalda. Sko, ákvæðinu er ætlað að ná til helstu eftirlitsstofnanna, svo sem Fjármálaeftirlits og Samkeppniseftirlits, og einnig til annarra efnahagsstofnanna, sem safna upplýsingum og veita ríkisstjórninni ráð um efnahagsmál, svo sem Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunnar, sem var lögð niður 2002. Svo orðalagið í liðunum 5 í 1. mgr. ákvæðisins er sótt í lög um Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands, Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Þjóðhagsstofnun, eins og lög in voru meðan hún var enn við lýði. Ákvæðinu er því ekki ætlað að vernda nafngreindar stofnanir, heldur einungis starfsemi þeirra og sjálfstæði, svo að tryggt sé að löggjafinn hafi svigrúm til að skipta um nöfn á stofnunum og sameina þær eða skipta þeim upp eftir þörfum. Sko, eftirlitsstofnanir þurfa, skv. eðli máls á sjálfstæði að halda, til að geta rækt skyldur sínar. Fjármálaeftirlit, vitum við, lítur eftir bönkum og öðrum fjármálastofnunum sem eru sumar í eigu ríkisins að hluta, nú eða í eigu manna sem geta verið í vinfengi við handhafa ríkisvaldsins, og sem að stundum styrkja stjórnmalaflokka þeirra eða jafnvel einstaka stjórnmalamenn, eins og dæmin sanna. Þess vegna riður á að fjármálaeftirlit geti starfað óháð stjórnvöldum, í friði fyrir óttanum við afskipti þeirra af starfsemi. Nú stjórnvöld geta, eins og dæmin sanna, bæði innanlands og utan, beinlínis haft hag af veikju fjármálaeftirliti. Svo sem þegar ríkisvaldið hefur selt ríkisbanka í hendur vinveittra manna og kys helst ef hægt er að hlífa þeim við aðgangshörðu eftirliti.

Og hið sama á við um samkeppniseftirlit, sem ber lögum skv. að efla samkeppni milli einkafyrirtækja, sem kysu þó helst, ef hægt væri, að koma sér upp einokunarstöðu, í krafti stjórnmalatengls. Og það er einmitt þess vegna að við þurfum að vernda samkeppniseftirlit fyrir hugsanlegum afskiptum stjórnvalda.

Og verndin sem ákvæðið mælir fyrir um er tvíþætt. Svo, annars vegar ber að mæla fyrir um sjálfstæði eftirlitsstofnanna í lögum, og hins vegar þarf að mæla fyrir um að samþykki forseta Íslands eða aukinn meirihluta á Alþingi þurfi til að leggja eftirlitið niður. Sko verndin sem hér er lögð til, er liður í að gera eftirlitsstofnunum kleift að rækja lögbundnar skyldur sínar. Og rannsóknarnefnd Alþingis segir orðrétt í skýrslu sinni frá 2010: „Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn

brugðust meginhlutverkum sínum í aðdraganda bankahrunsins. Eftirliti með einstökum fjármálastofnunum var verulega áfátt“. Svo þessari nýju grein um vernd ríkisstofnanna er ætlað að bregðast við þessu kalli rannsóknarnefndar Alþingis. Svipuð rök eiga við um stofnanir sem safna upplýsingum og veita ríkisstjórninni ráð um efnahagsmál. Nútímalöggjöf um Seðlabanka kveður á um sjálfstæði þeirra gagnvart stjórnvöldum, sjálfstæði með ábyrgð, til að skerða getu stjórnvalda til að misbeita áhrifum sínum, til að herða á lánveitingum Seðlabanka, t.d. fyrir kosningar, og ýta þannig undir þenslu og verðbólgu. Svo með því að mæla fyrir um sjálfstæði Seðlabanka í stjórnarskrá er ætlunin að tryggja sjálfstæða peningastefnu, sem er óháð sviptivindum á vettvangi stjórnmalanna og jafnframt girða fyrir hættuna á að peningastefnan verði að pólitískri skiptimynt, svo sem hún var um langt árabil á Íslandi og víða annars staðar, og er sum staðar enn. Sko, ósjálfstæður Seðlabanki á ekki gott með að gefa hlutlaus ráð. Og hið sama á við um aðrar ráðgjafarstofnanir á vettvangi efnahagsmála, svo sem Þjóðhagsstofnun var með miklum sóma, frá 1974 til 2002, þegar hún var lögð niður. Og einnig á þetta við um stofnanir sem hafa það höfuðhlutverk að safna gögnum, líkt og Hagstofa Íslands. Slíkar stofnanir þurfa að vera í stakk búnar til að veita óþægileg ráð um efnahagsmál og reiða fram óþægilegar hagtölur. Starfsemi slíkra stofnana þarf þess vegna að vernda í stjórnarskrá, einmitt til að girða fyrir getu stjórnvalda til að loka þessum stofnunum, eða svelta þær, séu þær ekki taldar þóknanlegar valdhöfunum. Verndinni er, m.ö.o. ætlað að gera viðkomandi stofnunum kleift að rækja lögbundnar skyldur sínar. Og einn liður í verndinni er að samþykki forseta Íslands, eða aukinn meirihluti á Alþingi þurfi til að leggja starfsemi slíkra stofnanna niður og er það ákvæði í samræmi við önnur ákvæði í okkar frumvarpi. Þakka ykkur fyrir.

SN

Þá hefjum við umræður um þessar fjórar tillögur, sem sagt það er 14 og 15 sem hanga saman, og 14 var frestað áðan, flutningsmaður beggja er Gísli Tryggvason, og svo brtt. 48 og 50 sem eru báðar við 94. gr. um skipun embættismanna. Og orðið er laust. Íris Lind. ... Vill einhver annar tala á meðan? Silja Bára. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Ég skal fylla loftið meðan að Íris labbar upp í pontu. Já, þetta eru nú ágætar hugmyndir og mér heyrir af ýmsu í kringum þetta og er þá að vísa til þessara stóru tillagna ... en ég hins vegar óttast að báðar verði mun erfiðari og flóknari í framkvæmd heldur en það sem að kemur fram hérna í skýringum, gefur til kynna.

Ég velti fyrir mér, hvaða stofnanir, ef við förum í, er það ekki 2. mgr., þá er ég að horfa á tillögu nr. 50. Þarna segir, sama gildir um aðrar stofnanir, sem að lögum njóta sambærilegs sjálfstæðis gagnvart stjórnvöldum. Starfsemi þeirra stofnanna, blabla, verður ekki lögð niður nema með

samþykki forseta eða  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi. Hvaða stofnanir eru þetta? eru þetta Sjúkratryggingar, er þetta Íbúðalánasjóður, er þetta Dansflokkurinn, er þetta Rannsóknarstofnum fiskiðnaðarins, er þetta Lyfjastofnun? Hvað erum við að tala um? Þetta er svo óljóst og víðtækt, getur verið svo gífurlega víðtækt. Erum við að tala um það að forsetinn hafi bara eitthvað pólitískt ákvörðunarvald um það að við leggjum niður ríkisstofnanir, eða höldum þeim gangandi, þegar að öll rök hníga að því að leggja þær niður? Eða að það sé ekki hægt að leggja niður einhverja ríkisstofnun? Þetta slær mig sem alls ekki nógu ígrundað, og mjög ítarlegt og nákvæmt, þannig að þetta eru hlutir sem að eiga heima í almennum lögum. Ég væri alveg sátt við að setja í skýringar með einhverjum texta að við viljum hvetja til þess að ríkið verndi stofnanir sem að gegna mikilvægum hlutverkum. Og það er svo sannarlega ástæða til þess að vernda sérstaklega og stuðla að góðum rekstri stofnanna sem hafa eftirlit með hagkerfinu. Það hafa nú dæmin sannað. En ég hef mikla fyrirvara við þessa tillögu. Og ef ég skipti aðeins yfir í 48, að þá er nú gott að segja hæfni og málefnaleg sjónarmið, vegna þess að stundum þá er fólk jafnhæft og þá þarf að vera ýmislegt annað sem að fær að koma inn. En þá veltir maður fyrir sér, hverjir eru það sem að koma í nefndina? Hverjir vinna hæfnismatið? Nú erum við búin að vera með nokkur mál í gangi í samfélaginu þar sem að einstaklingur er ráðinn í starf, það er nú kannski ekki æðsta embætti, sem að var, það var eitthvað starf í forsætisráðuneytinu nýlega, og þar visar forsætisráðherra í það að ráðningarskrifstofa, óháð ráðningarskrifastofa hafi metið þetta svo. Viljum við ekki að ábyrgðin hvíli hjá þeim sem hefur valdið? Hvaða á þessi nefnd að gera? Hverjir eiga að vera í henni? Nefndarmenn skulu búa að fjölbreyttri reynslu ... Hvaða fjölbreyttu reynslu? Er þetta bara ... viljum við fá fiskverkakonu og Hæstaréttardómara til að sitja saman og dansara, og meta fólk? Ég meina, það er fjölbreytt reynsla, hvað þýðir þetta? Ég, aftur, mér finnst þetta svona, í grunninn þá skil ég hugsunina en þessi ákvæði finnst mér algjörlega ófullburða, eins og þau standa núna. Ég væri til í að standa að einhvers konar umsögn með okkar tillögu sem að hvetti til betri vinnubragða, en ég held að að miklu leyti þá hafi skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sagt þinginu og ríkisstjórninni það sem að stendur í þessum tillögum. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Nú langaði mig svo gríðarlega að koma hérna upp og tjá mig sérstaklega í þessu tilviki. Ég ætlaði að tala um tvær brtt. sem var verið að leggja hérna fram. Reyndar tvær þær sömu og Silja Bára var að tala um.

Ég sat hérna í gær og var nú búin að skoða þetta talsvert, og svo sem vissi að þær voru að koma fram fyrir nokkrum dögum. Ég sat í gærkvöldi hér eftir fundinn á meðan sumir sátu saman og slökuðu aðeins á, að þá sat ég hérna og fór aðeins

að skoða þær, af því að ég kem hér inn óbundin sem einstaklingur og tel það skyldu mína að vinna sem slíkur og taka ákvarðanir á eigin forsendum. Og á grundvelli minna skoðana en ekki annarra, eða einhvers afls eða hreyfingar. Ég lít sem svo á að við eigum að gera ... sem sagt, taka ákvarðanir um breytingar, ekki af því að það er sniðugt eða af því að ég haldi að það henti eða mér sýnist það vera að passa. Mér þykir mikilvægt, sem lögfræðingur, að hlutir gangi upp í því kerfi sem að við erum að setja hér upp og í þeirri stjórnskipan sem við erum að mynda. Og svo er náttúrlega ekki síður mikilvægt að hlutirnir gangi upp í lagalegum skilningi. Og svo náttúrlega auðvitað hugsa ég stundum, og það er náttúrlega mikilvægt í allri lagasetningu, og það hefur mér verið tamið í þeim verkefnum sem ég hef unnið að s.l., að breytingar séu ekki bara gerðar breytinganna vegna, heldur vegna þess að breytingar séu nauðsynlegar og þær breytingar sem séu gerðar, séu þá að miða að því að ná þeim markmiðum sem sett eru.

Nú, ég þess vegna sest niður yfir allar breytingartillögur og skoða þær með opnum huga, enda margar þeirra þannig fram settar að þær geti komið að sömu markmiðum og ég vil leitast við að ná, og tel að þurfi að ná.

Mér þótti þ.a.l. mjög miður að hér kæmi fram breytingartillaga 13 einstaklinga, sem að virðast hafa sest saman og mótað hér tillögu, og sérstaklega boðið að taka þátt í því. Mér var t.d. ekki boðið að taka þátt í henni og ég sá hana bara þegar að hún kom hérna fram. Hún var sett fram snemma á mánudagsmorgun og einhverju rétt fyrir að tímafrestur til að skila inn breytingartillögum lauk. Og vek þ.a.l. athygli á því að ég sjálf vakti athygli allra á þeim breytingartillögum, sem að ég lagði fram og bauð öllum að vera með.

Svo ég fari nú bara beint í þessar. Mér þykir allaveganna bara miður að vinnubrögðin séu svona en ég allaveganna, við ætluðum að vera einstaklingar og vinna á einstaklingsgrundvelli. En mér sýnist að hér séu að mótast ákveðnar hreyfingar eða öfl, sem eru að smíða sig saman á einhverjum ákveðnum grundvelli og eru að trade-a sín á milli, en ekki að vinna sem einstaklingar.

Varðandi fyrstu ... sem sagt, ég ætla að fara fyrst í gr. 94, brtt. 50. Þar er verið að tala um sjálfstæðar ríkisstofnanir og vernd ríkisstofnanna. Markmið greinarinnar er sérstaklega að tryggja mikilvægum stofnunum í samfélaginu, og þá sér í lagi þeim sem að fara með eftirlit með hagkerfinu og þeim stofnunum sem sinna fjármálaeftirliti og samkeppniseftirliti, ákveðna vernd. Og það markmið er eitthvað sem ég get algjörlega fallist á og lít sem svo á að sé eitt af því sem við hugsanlega þurfum að laga í okkar samfélagi. En ég skoða líka hvað annað felst í greininni, og í henni felst m.a. í 2. mgr. að aðrar sjálfstæðar ríkisstofnanir, eins og eru skilgreindar í lögum, njóti sömu verndar og þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. Og af því leiðir að þessar stofnanir megi ekki leggja niður, nema með samþykki forseta eða  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða á þingi.

Nú, þá er það eitt að skoða það, hvaða stofnanir erum við hér að tala um. Og eins og Silja Bára

veldi hér upp, það eru gríðarlega margar stofnanir á Íslandi, sem flokkast skv. lögum sem sjálfstæðar. Og þar eru þær á öllu litrófi þeirra verkefna sem ríkisvaldið sinnir. Og við getum nefnd Dansflokkinn, Þjóðminjasafn, Hafrannsóknarstofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Landsbókasafn og Þjóðkirkjuna. Verðið að velta þessu aðeins fyrir ykkur að í greininni sem hér er lögð fram, er verið að leggja til að ekki megi leggja niður eða breyta starfsemi stofnanna sem eru sjálfstæðar skv. lögum, nema með  $\frac{2}{3}$  samþykki þings.

Í gær ræddum við um þjóðkirkjuna og þær málamiðlunarniðurstöður sem að við náðum hér í ráðinu. Nú erum við að setja inn sér reglu um það að ekki megi breyta lögum um kirkjuskipan, nema með  $\frac{2}{3}$  hluta samþykki þings. Og svo skuli þau lög fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Við erum að herða þau skilyrði gagnvart þinginu og gera það erfiðara fyrir þingið að samþykkja hugsanlega breytingar á kirkjuskipan. Þetta leiðir af þessari grein og leiðir til þess að ég get ekki greitt henni atkvæði mitt, þó margt í henni sé eitthvað sem að samræmist þeim markmiðum sem ég tel að þurfi að uppfylla hér. Varðandi stjórnarsýslunefnd, þá er hún um margt mjög góð og ég geri ráð fyrir að allir flutningsmenn hafi lesið hér Samhenta stjórnarsýslu, sem er skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands. En hún fer m.a. yfir verkefni „civil service commission“ í Bretlandi og nefnir þar ýmis dæmi um verkefni þeirrar stjórnarsýslunefndar. Og leggur til ýmsar tillögur, m.a. á grundvelli þessarar rannsóknar sem nefndin sinnti, sem og, sem sagt, kynnti sér ýmsar tillögur sem lagðar voru fram og ég geri ráð fyrir að þið hafið skoðað það líka, ritgerð eftir Ómar Kristmundsson, þar sem að spurt er: „Eru ráðninganefndir gagnleg leið við skipanir embættismanna?“

Svo ég fái nú, með leyfi formanns, að vitna aðeins beint í þessa skýrslu sem ég er með hérna fyrir framan mig og ég bið afsökunar ef ég er að fara aðeins yfir tímann. En sem sagt, þar eru nefndar tvær leiðir sem að þessi skýrsla leggur til að verði skoðaðar. Og ég veit ekki betur en að þetta sé í skoðun innan stjórnarsýslunnar. Í fyrsta lagi er hér nefnt að civil service commission í Bretlandi, þar er veitingavald ráðherra takmarkað og einskorðast það við ráðuneytisstjóra og tiltekinn háttsett störf innan ráðuneytanna.

Svo kemur hér síðar að rætt hafi verið að setja á fót ráðgjafarnefndir hérlendis. Og þá er einkum litið til þess að síðustu misseri hafi verið settar á fót í auknum mæli, nefndir til að meta hæfni umsækjenda og gera ráðherra grein fyrir matinu sem að notað er svo til grundvallar ráðningar.

Svo eru nefndar tvær leiðir, sem mögulegar væru. Og síðari leiðin sem nefnd er, er svolítið lík þeirri sem að við erum að sjá hér fyrir framan okkur. Og þar segir hér, beint orðrétt: Hin leiðin væri að skipa sjálfstæða, óháða ráðninganefnd, til þess að sjá um ráðningaferlið. Ef sú leið er valin, felst í því meira valdframsal ráðherra, sem nauðsynlegt er að kveða á um í lögum. Svo er hér lagt til, það er í rauninni lagt til að þetta þurfi allt að skoða. Og það er lagt til að þetta taki einungis til ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og forstöðu-

manna stofnanna. Og við erum að leggja hér til að sama regla, og erum að leggja hér, hæstaréttardómara að jöfnu við prófastinn í Skagafirði. Að sama skipunarferli eigi við um hann, og að  $\frac{2}{3}$  þings þurfi hugsanlega að koma að því, ef að vika eigi frá ákvarðanatöku. Og ég tel þetta grafa undan því mikilvæga atriði sem að felst í sjálfstæði dómenda, að það eitt að það sé verið að leggja til hérna sama ferli, fyrir þessa sömu aðila. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, formaður, kæru félagar. Ég vil taka undir með þeim athugasemdum sem að Íris Lind hefur hér fært fram. En þetta er, það er þinkulítið skrítið að standa frammi fyrir þessum tillögum. Þetta er svona ... það eru 13 flutningsmenn á þeim báðum, þetta er svona eins og að standa frammi fyrir orðnum hlut, og eins og það sé náttúrlega við ofurefli að etja að reyna að mótmæla þessu. Þetta virðist hafa verið ákveðið annars staðar heldur en hér í þessum sal, að þetta skyldi fara í gegn með þessum hætti. Ég vil þó koma fram þeim gagnrökum gegn þessum tillögum að þess efni, í það minnsta fyrri tillögunnar um skipun embættismanna, hefur verið þaulrædd í ráðinu og í B-nefnd. Og þar var tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem hér eru færð fram, í því ákvæði eins og það er inni núna. Ákvæðið sem að B-nefnd hafði ætlað sér að koma fram, var ekki svona, en í ljósi sátta þá var þetta sett inn með þessum lunginn úr þessum tillögum, þegar að þær komu fram á sínum tíma, settar þar inn. Þar segir, að með lögum skuli koma á skipan sem tryggi að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti. Og í greinargerð við þessa grein er einmitt tiltekið að civil service commission væri slík leið, sem að myndi henta mjög vel til þess að uppfylla nákvæmlega þetta skilyrði, og þá yrði að skilgreina nákvæmlega í lögum hvernig það yrði gert. Síðan er sagt, og þá eru dómara og ríkissaksóknari sérstaklega teknir út, og þá er sagt að þegar að ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara, skal skipunin borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar, þarf Alþingi að samþykkja skipunina með  $\frac{2}{3}$  atkvæðum til að hún taki gildi. Nefndin hafði ekki ætlað sér að hafa þessa tilhögun á, en í ljósi sátta þá var þetta sett inn með þessum hætti, og forseta og meirihluta þings komið inn í málið, með þessum hætti.

Þessi tillaga, að mínu viti, rýfur þá sátt sem að gerð hafði verið, og það sem verra er, að þá er hún svo víðtæk að hún nær til nánast allra embætta ríkisins, sem að mega teljast sjálfstæð, og sem eru allmörg og af ýmsum toga. Og þess vegna tel ég hana engan veginn færa í stjórnarskrá. Þar að auki gerir hún þessa embættisráðninganefnd, sem að enginn hefur kosið, hún er einvörðungu skipuð, að gríðarlegu valdaafli í þessu samfélagi. Og hér eru völd færð frá kjörnum fulltrúum til ókjörinna embættismanna, því að það verður auðvitað ógerningur fyrir ráðherra að ganga geng

vilja viðkomandi nefndar, þar sem að hann á slíkt undir synjun forseta og svo 2/3 hluta atkvæða. Og þar með er ábyrgðarkeðjan í raun og veru rofin. Við sáum fyrir okkur að það gæti verið ákveðin rök í tilfelli hæstaréttardómara og ríkissaksóknara, en í þeim víðfeðmu tilvikum sem að hér er lagt upp með, að þá sé ég ekki að þetta gangi upp. Varðandi efni 50. brtt., um nýja grein um vernd ríkisstofnanna, þá er þarna margt sem er mjög áhugavert og gott að koma að, en að sama skapi er hér um allt of víðfeðma og nákvæma fyrirskipun að ræða til þess að það geti nokkurn tíma gengið upp í nokkurri einustu stjórnarskrá í nokkru einasta vestrænu lýðræðisríki. Og þess vegna held ég að það væri nú hægt að taka part af þessu og setja inn í greinargerð, með greininni um skipun embættismanna. En það væri hreint og klárt glapræði að samþykkja þessa tillögu. Takk fyrir.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Mig langar til þess að vekja athygli ráðsins á því að hann Þorkell Helgason, sessunautur minn, hann hefur margoft dregið stuðning sinn til baka, við þær tillögur sem hann hefur stutt, og það ætti að sýna að það er ekkert samráð hér í gangi á bakvið tjöldin, eins og ýjað var að hér áðan og það eru ekkert að myndast einhverjir hópar sem einhverjum er boðin þátttaka í og öðrum ekki. Við vitum hvernig ferlið við breytingartillögurnar var. Þær komu á netið og síðan gat maður bara hreinlega skráð sig á þær breytingartillögur sem manni leist vel á. Það þýðir ekki að við hlustum ekki á þau mótrök sem hér koma fram. Og þó svo að nafnið mitt sé á annarri þeirrar tillögu, sem hér er, þá er ekki þar með sagt að ég styðji hana, vegna þess að ég tek alveg mark á þeim mótrökum sem hér hafa komið fram. Og ég hvet okkur öll til að eyða ekki tímanum í að senda hvert öðru einhverjar sneiðar, af því að við höldum að það sé verið að fara á bakvið okkur. Ég ætla rétt að vona það að við höldum áfram að starfa hér í einingu og eindrægni, en ekki með eitthvað plott í gangi þar sem einhverjir eru skildir útundan. Og, mig langar líka til þess að minna á það sem við ræddum hér í gærmorgun, að við reynum eftir föngum að stytta mál okkar, endurtaka ekki rök sem aðrir hafa komið fram með. Þetta er erfíð umræða, þetta er löng umræða, hún tekur á, en við getum þetta alveg. Og við getum alveg komist í gegnum þetta. Og þess vegna vil ég bara minna okkur á það að tala helst ekki lengur en í 3 mínútur. Og ég vona að ég sé ekki búin að því.

SN

Pawel Bartoszek og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar og minni einmitt fundarmenn á að halda sig innan þriggja mínútna.

PB

Já, takk kærur vinir. Þessi tillaga sem hér er fram komin snýr að skipan dómara m.a. sem var

eitt af þeim verkefnum sem C-nefnd var falið, upprunalega. Nú fyrsta tillagan að skipan dómara og dómsvaldsins almennt, kom á ráðsfundi 28. apríl. Og dómsmálin voru nú eitt af því sem var hvað mest rætt, svona fyrstu kannski 3-4 vikurnar af veru okkar hér, sem virðist nú kannski vera langur tími fyrir lítið verk, miðað við hvað mikið er að gerast núna á skömmum tíma. Nú við tókum mikinn tíma í þetta og ræddum heilmikið. Um tíma stóð setningin, forseti Íslands, í margfrægum hornklofa, skipar dómara eða setur í embætti og veitir þeim lausn. Og síðan í hornklofa, án tillögu ráðherra. Tryggt skal með lögum að hæfni og mál-efnaleg sjónarmið ráði veitingu embætti dómara. Að lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfastan, er skipun háð samþykki Alþingis. Meirihluta veru okkar hér hefur tillagan staðið svona og með þeim hætti hefur hún farið út í álit til fjölmargra aðila, sem hafa upp til hópa veitt henni tiltölulega jákvæða umsögn. Nú gerist það á lokasprettinum að svona, í anda þess að sumir vilja hlutverk forsetans í þessu ferli, meira heldur en annað, þarna voru margir sem að vildu fara þá leið að ráðherra mundi skipa í þetta embætti. Aðrir vildu að forseti mundi gera það. Og síðan í anda einhverrar sáttar, þá var ákveðið að færa sjálfa skipunargreinina yfir í kaflann um skipan embætta, sem fór þá til B-nefndar. Þar náðist lausn sem, kannski þessum sem hér talar, fannst ekkert sérstök en allt í lagi að sætta sig við í anda einhverrar sáttar í ráðinu. Síðan gerist það að það virðist sem þessi hugmynd fer til einhers enn annars hóps, þar sem er samin mjög ítarleg tillaga, sem hefur auðvitað ekki getað fengið neina umsögn neins staðar annars staðar, nema hérna innan ráðsins. Og það er mjög erfitt fyrir okkur að taka afstöðu til hennar og samþykkja hana, vitandi ekki hvaða afleiðingar hún getur haft. Og bara ræða Írisar Lindar fær mig svona til þess að allavega efast um heilmargt sem þar stendur. Þannig að ég legg til að við höldum okkur við þá málamiðlun sem við höfum náð. Og þá leið sem hefur verið farin í B-nefnd, að tilgreina það að forseti geti undir ákveðnum kringumstæðum ákveðið að neita skipun í dómaraembætti, sem og önnur, og fellum þessa tillögu.

SN

Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel. Ég tek það fram að það er þá búin að loka mælendaskrá.

KF

Takk fyrir það, formaður. Ég ætla ekki að við-hafa mörg orð um þetta. Við erum öll, held ég, á því að spilling, spilling, spilling sé eitthvað sem við erum að reyna að vinna gegn, og það er leiðarljós í allri vinnu þessa Stjórnlagaráðs. Ég tel að sú tillaga sem samið var um í B-nefnd nái því markmiði og ef þið lítið á greinargerð sem fylgir þessum tillögum, sem hér eru til umræðu, þ.e.a.s. í 94. gr. að þá er kveðið á um megnið af þessu sem kemur fram í brtt. 48 og 50, í greinargerðinni. Við ákváðum að fjalla sérstaklega um dómara og ríkissaksóknara, vegna ábendinga sem okkur



bárust frá umsagnaraðilum, og við tókum mikið mark á að sjálfsögðu. Ég ætlaði bara að hvetja menn hér, þó að maður geti séð samsæriskenningu við töluna 13, og það er kannski ekki réttlátt að gera það og ég þakka Dögg fyrir þá ábendingu. En bara í þeirri von, að fólk hafi hlustað á rök okkar, sem stöndum að upphaflegu tillögunni, eins og hún kemur fyrir í skjalinu, og þið hlustið á þennan rökstuðning og ... eins og Þorkell Lýsti yfir, að hann drægi sig af tillögum, þá hefur Dögg náttúrulega sagt eitthvað svipað. Að hún er ekkert þar með að lýsa yfir hvernig hún greiði atkvæði. Og kannski finnst einhverjir fleiri á þessum lista, sem kyngja þeim rökstuðningi, að þessi ákvæði sem verið er að leita eftir, eða þessar breytingar sem verið er að leita eftir, með tillögum nr. 48 og 50, þeirra er getið. Þær koma fram í greinargerð frá B-nefnd. Og orðalagið í ákvæðinu frá okkur er sniðið að þessu. Við vildum hins vegar ekki festa niður á svo kirfilegan hátt einhverja eina útfærslu, því að tíminn leiðir með sér nýjar ... það koma nýjar leiðir í ljós, og það fannst okkur fráleitt að negla niður í stjórnskrá. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Og ég minni fundarmenn á að reyna að halda sig innan við 3 mínútur. Takk.

GT

Formaður, aðrir félagar og góðir áheyrendur. Ég held mig innan tímamarka að vanda. Grein 14 og 15, minni ég á, hún virðist vera nokkuð óumdeild, það hefur enginn andmælt henni, en það snýst um að færa bókunarákvæðið á réttan stað. Ég tjái mig ekki um 50. tillöguna um 94. gr. En mig langar að segja nokkur orð um tillögu 48 við 94. gr. Hún snýst alls ekki um dómara. Það er ekki stór breyting á dómarskipan í henni, aðeins breytt uppröðun. Hún snýst heldur ekki, að mínu mati, um forseta. Það er ekki verið að reyna að finna eitthvert hlutverk handa forseta, eins og hann vanti hlutverk. Málið snýst um að veita flokkspólitisku valdi aðhald og færa þar með til ákveðið vald, þ.e.a.s. fela forseta og stjórnslunefnd ákveðið temprunarvald. Neikvætt vald, ekki jákvætt vald til þess að leggja neitt til. Þannig að það er rangt að mínu mati hjá Eiríki Bergmann, félagi mínum, að hér sé stórkostlegt vald fært til embættismanna. Það hefði verið miklu róttækara að skipa utanþingsráðherra, eins og hér var tillaga felld um, rétt ádan.

Þá er það rangt, að mínu mati, hjá Eiríki Bergmann að ábyrgðakeðjan sé rofin. Það er einmitt tekið sérstaklega fram að stjórnslunefndin starfi skv. lögum og þess vegna geta verið þar ákvæði um að forseti reki hana, ef að hún stendur sig ekki. Nú loks vil ég taka undir með Írisi Lind. Það er að sjálfsögðu rétt hjá henni að þessi mál eru til skoðunar í stjórnarráðinu og þetta er nú m.a. með hliðsjón af því að við leggjum til stjórnslunefnd, eða civil service commission. En þó að stjórnarráðið eða löggjafinn sé að íhuga eitthvað, þá á það ekki að aftra okkur frá því að leggja eitthvað til, eins og í tillögu 48, sem Þórhildur mælti hér fyrir. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir. Takk fyrir umræðurnar. Ég ætla að snerta kannski lítillega á sama streng og Dögg, en ég vil ekki að það komi þannig út í okkar ráði eins og það sé hér einhver klíkumyndun eða sé verið að skilja fólk útundan. Að sjálfsögðu er öllum frjálst að vera með, og hafi þeir einhver markmið göfug í huga sem gera stjórnskipun Íslands betri, þá setjast þeir niður og skrifa þannig ákvæði. Þannig virkar nú okkar starf og okkar starf er ekki niðurrífsstarf, heldur uppbyggingarstarf. Og það er ekki rétt að ekki hafi öllum verið boðið. Ég sendi tölvupóst 28. júní, þar sem ég var með einhvers konar uppkast að embættismannaráðningargreininni. Og allir hefðu getað komið að því ef að við erum svona sammála um markmiðin. Ef að við viljum vernda þessar stofnanir, þá að sjálfsögðu þurfum við að gera eitthvað í því. Það þýðir ekki heldur bara að koma hérna eftir á og segja, þetta er ekki nógu gott. Þannig að við sem stöndum að þessari tillögu erum komin í hálfgerð vandræði. Ég a.m.k. er þar. Það er allt hérna unnið náttúrulega á gífurlegum hraða, eins og við vitum. Og ef að ég mundi fá bara mitt besta, besta, mögulega niðurstöðuna, þá myndi ég vilja laga lítillega a.m.k. tillögu nr. 50. Þannig að það væri skerpt á því að þetta eigi ekki við um allar sjálfstæðar stofnanir, eins og bæði Silja og Íris hafa nefnt að sé óheppilegt. En ég hafna því alfarið að við séum hér einhvers staðar að rotta okkur saman og stinga einhverja aðra í bakið. Þannig hefur þetta ráð ekki starfað, þannig á það ekki að starfa. Og við skulum alls ekki gefa þá mynd út á við að þannig störfum við.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, ég ætla nú að taka undir orð Katrínar Oddsdóttur. Það sýnir sig nú líka á þessum gífurlega fjölbreyttu breytingartillögum að það virðast nú vera svona allir kriss-kross á þeim. Þannig að það eru nú meðmæli með því að við vinnum hér sem ein heild. Ég ætla aðeins að mótmæla þessu sem Eiríkur Bergmann sagði varðandi ábyrgðarkeðjuna. Vandamálið hefur náttúrulega verið það hingað til, í veitingu embætta ekki síst dómara-embætta, að ráðherra hefur ekkert farið eftir þeim sem að mælt er með. Og þess vegna finnst mér eðlilegt að við höfum þetta svona, þannig að ef að ráðherra gerir það ekki, að þá er það ekki bara hans privat mál. Og þess vegna er þetta lagt til. Og ég vil líka leggja áherslu á það að þessi grein, þessi breytingartillaga við 94. greinina, að hún er í góðu samræmi við þá sátt sem við náðum í ráðinu. Við náðum ágættri sátt um þessi mál og hún endurspeglast í þessari grein hér. Og þess vegna held ég að við ættum bara að halda okkur við það. En það er svolítt munur á því sko, hvað kemur út úr nefndum, því að það er ekki það sama og sátt í öllu ráðinu. Við höfum nú séð það hér í dag, og í

gær reyndar líka. En þetta, þessi 94. gr. er sátt alls ráðsins. Þannig að við skulum nú reyna að halda okkur við það. Hin breytingartillagan, nr. 50, ég get alveg fallist á þau rök hjá bæði Pawel og Írisi Lind, að þetta þyrfti líklegast að skoða betur. Og ég held að við ættum að gera það, fresta aðeins atkvæðagreiðslu um brtt. 50. En halda hinni inni, og ég geri það hér að tillögu minni að brtt. 50 fari í nefnd til nánari skoðunar. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður, félagar og áheyrendur. Ég ætla að taka undir það sem Dögg sagði að menn hafa verið að setja sig á breytingartillögur, svona í hasti, rétt áður en fresturinn rann út. Ég hef verið að leika mér að því að horfa og telja fjölda flytjenda og fjölda þeirra sem að mæla með tillögunni. Og það er oft miklu fleiri sem að kjósa með tillögunni heldur en eru flutningsmenn. Þannig að ég held að menn taki rökum hér, og það koma fram góð rök og þá skipta menn um skoðun, sem betur fer. Ég skil vel að sumum finnist, þegar að kemur fram breytingartillaga með 13 manns, að þeim sé bara stillt upp við vegg og það sé ekkert hægt að gera. Þannig að mér finnst þetta sanngjörn krafa, ef það kemur fram ósk um það að svona hlutum sem að menn eru að sjá í fyrsta skipti, sé vísað í nefnd, að þá finnst mér sjálfsgagt að taka tillit til þess. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Það var nú í fyrsta lagi þarna um tillöguna hans Gísla, brtt. nr. 15, og ... hvað var það, 14 um ráðherraábyrgð. Að færa þetta með að bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar eða annars ráðherra, yfir í grein um ráðherraábyrgð. Nú út af fyrir sig væri alveg hægt að taka undir það, það svo sem skiptir ekki öllu máli hvar þetta ákvæði er og ef það stingur í augu í ríkisstjórnarkafanum, að þá væri alveg til umræðu að færa það. Hins vegar gerir Gíslu það þarna, sem hann hefur nú gert í öðrum málum, að hann blandar síðan saman annarri breytingu við þetta, þ.e.a.s. hann bætir við greinina að ef að ákvörðun annars ráðherra ... og það er alveg út í hött, sko. Ráðherra getur ekkert borið ábyrgð á ákvörðun annars ráðherra, skv. stjórnskipaninni, nema hann veiti þeirri ákvörðun atbeina sinn, með atkvæði eða öðrum hætti. Þannig að við værum að, held ég að blotta okkur með einhverni svona, hálfgerðan kjánaskap með því að hafa orðalagid þarna. Þannig að þetta finnst mér nú svolitid eyðileggja breytingartillöguna eins og hún er. Þó hún væri að öðru leyti alveg hægt að, hægt að skoða það. Hins vegar held ég að við séum alveg sammála við Gíslu um það að þessi grein þarf að vera inni. Því að menn þurfa, eins og hann sagði, að geta bókað sig frá andstöðu við ákvarðanir sem þeir telja beinlínis ólöglegar eða

á móti góðum stjórnsýsluháttum. En svo langaði mig líka til að ræða aðeins um þessar greinar hérna, sem að mest hafa verið ræddar. Sko, auðvitað eru það ákveðin skilaboð þegar að það eru 13 flutningsmenn, af hverju er það talan 13. Það var allt í einu búid að stilla upp bara meirihluta hér, fyrir tilteknum greinum. Og það er kannski gott og blessað en það er verra þegar að greinarnar eru síðan ekkert sérstaklega vel hugsaðar, eða fram settar, eins og er í þessu tilviki. Þær eru óljósar og það er sumt í þeim sem ekki stenst. Ef við byrjum á að taka hérna embættismennina, að þá er margt að þessu. Í fyrsta lagi þá er verið að þrískipta ... ég er sammála því, það er ekki verið að breyta mikið dómurum og ríkissaksóknurum. Síðan er hérna eitthvað sérstaklega ákvæði um svokölluð æðsti embætti, sem að löggjafanum er samt ákveðið að ... hann fær það hlutverk að útfæra hver þessi æðstu embætti eru og hann getur bara haft það biskup Íslands og vígslubiskupa og ekki önnur embætti. Svo í þriðja lagi þá skulu menn fatta það að það er líka hérna sko, forseti Íslands staðfestir skipun í embætti með undirskrift sinni. Þá er ekki talað lengur um æðstu embætti, það eru bara öll embætti. Og það eru þá tollverðir og fangaverðir og allir. Synji forseti staðfestingar þurfa 2/3 hlutar alþingismanna að samþykka skipunina til að hún taki gildi. En ég vek athygli á því að þetta er sem sagt þrískipt tillaga, dómurum og ríkissaksóknarar, önnur svokölluð æðstu embætti og svo öll embætti, bara. Og þetta er náttúrulega algjörlega óframkvæmanlegt svona, eins og þetta stendur.

Síðan er þessi stjórnsýslunefnd sem á bara að gefa umsögn, þannig að það kemur ekkert fram hvort að sko, ráðherra beri að fara eftir henni, eða varðar það ráðherraábyrgð að fara ekki eftir henni? Það kemur engan veginn skýrt fram. Svo kemur auðvitað ekkert fram hvað eigi að vera margir í þessari nefnd, það geta þess vegna verið þrír. Og þeir eru þá kannski kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Þá þýðir að það eru bara fulltrúar tveggja stærstu stjórnarflokkanna sem setjast í þessa nefnd, ásamt fulltrúa forseta Íslands og ráða öllu um hæfnismat á umsækjendum. Þetta getur alveg eins verið bara meiri pólitísk afskipti af ráðningum heldur en er í dag, sem er ekki það sem menn vilja, held ég. Þannig að þarna eru menn að fara út í einhverja útfærslu sem að, sem sagt, að mínu mati er miklu betra að hafa bara þessa skýru einföldu tillögu sem var í upphaflegu tillögunni, sem að kveður á um það að það verði að vera hæfni og málefnaleg sjónarmið sem ráði, í þeirri skipan sem valin er. Og hún getur verið ein í dag og svo getur hún verið orðin önnur eftir 10 ár.

Síðan er líka um þessar sjálfstæðu ríkisstofnanir. Það er önnur tillaga sem er að mínu mati ekki vel hugsuð eða undirbúin, eða rannsökuð. Það eru sem sagt taldar upp þarna ríkisstofnanir, þær eru ... sko Seðlabankinn er sjálfstæður, það bara ekkert til sem heitir að leggja niður Seðlabankann, hann verður að vera. FME og Samkeppniseftirlitið eru sjálfstæðar stofnanir. Okkur ber skylda til að hafa þessar stofnanir, skv. EES og skv. tilskipunum. Og þær verða að starfa með ákveðnum hætti. Forstöðumenn þeirra eru ekki embættismenn.

Þeir eru ráðnir af stjórnnum þessara stofnanna, þannig að það er enn einn lapsusinn hér í greinargerðum, að þetta nái einhvern veginn til þeirra. Síðan erum við allt í einu að stofna hérna nýja ríkisstofnun, þ.e.a.s. Þjóðhagsstofnun, skv. greinargerð í Stjórnlagaráði. En ég vek athygli á því að það er búið að breyta lögum um Hagstofu Íslands, það var gert 2009. Þar kom inn t.d. ný mgr., við Hagstofu Íslands skal starfrækja sjálfstæða rannsóknareiningu, sem er aðskilin hagskýrslustarfseminni. Rannsóknareiningin skal fylgjast með afkomu þjóðarbúsins, semja þjóðhagsspár og áætlanir og birta opinberlega. Þannig að ég spyr, hafa flutningsmenn kynnt sér þetta? Og ótal aðrar athugasemdir væri hægt að gera við það hvernig þetta er orðað, t.d. bara til að nefna einn risastór-an lapsus, skv. því sem að hér stendur, þá verða þessar stofnanir ekki lagðar niður nema með samþykki forseta Íslands, eða  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi. Og getur þá ráðherra farið til forseta Íslands, fengið samþykki hans og þá er stofnunin lögð niður? Það er ekkert sagt að þingið eigi að koma að því, í því tilfalli. Og síðan er þetta, óheimilt er að framselja vald sem sjálfstæðum ríkisstofnunum er falið til einkaaðila. Það er óheimilt. Þannig að það þarf ekkert að taka það fram.

SN

Ég vil biðja fundarmenn um að halda sig innan tímamarka, eins og kostur er.

VP

Ég er búinn.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsmenn. Mig langar að þakka fyrir þessar ýmsu ábendingar sem hér hafa komið fram. Mig langar að byrja á þeim sjónarmiðum sem Silja Bára Ómarsdóttir og Íris Lind Sæmundsdóttir lýstu. Ég hygg að athugasemd þeirra sé ekki reist á réttum skilningi á textanum. Textinn sem þær fetu fingur út í er svohljóðandi, þetta er gr. 50: „Sama gildir um aðrar stofnanir, sem að lögum njóta sambærilegs sjálfstæðis gagnvart stjórnvöldum“. Þessi setning segir það eitt, að auk þeirra fimm stofnanna sem nú gegna þeirri starfsemi sem kveðið er á fyrir í þessari grein, er löggjafanum frjálst að leiða í lög sambærilegt sjálfstæði handa þeim stofnunum, þannig að sömu reglur gildu um þær. Hugsum okkur t.d. að Hafrannsóknarstofnunin verði ber að því að gefa út ótraustvekjandi mat á ástandi fiskistofna. Þá getur löggjafinn gripið í taumana með því að breyta lögum um Hafrannsóknarstofnun á þann veg, að hún njóti þá sömu tryggingar, eins og hinar stofnanirnar fimm, sem að eru þegar skrifaðar inn í textann án þess að þær séu nafngreindar. Þannig að sú túlkun að þetta nái sko til dansflokka eða þess háttar, hún stenst ekki skoðun. Í öðru lagi að þá stendur í frumvarpinu eins og það er nú, að það skuli koma á skipan, sem tryggir að hæfni og málefnaleg

sjónarmið ráði við embættaveitingar. Þetta orðalag þykir okkur flutningsmönnum vera of rúmt, vegna þess að innan þess rúmast óbreytt ástand. Þar sem menn myndu bara verja óbreytt ástand með því að segja, jú við erum með hæfnisnefndir hér og þar og þess háttar. En við vitum að það er einmitt ástandið sem hefur ekki tryggt okkur óspilltar embættaveitingar, alveg fram á síðustu tíma. Og einmitt þess vegna þykir okkur flutningsmönnum nauðsynlegt að kveða á um í sjálfum stjórnarskrártextanum, það sem annars er núna látið duga sem vinsamlegar leiðbeiningar handa stjórnvöldum í greinargerð. Þetta er bara einfaldur ágreiningur um það, hvenær það á við að nota orðið má í stjórnarskránni og hvenær það á betur við að nota orðið skal. Og reynslan varðar veginn. Okkur flutningsmönnum þykir að orðið skal, eigi betur við núna.

Í þriðja lagi þetta. Okkur þykir rétt og nauðsynlegt að nokkrir æðstu embættismenn gangi í gegnum skipunarferil með samskonar varnögllum og eru til staðar þegar dómarmar eru skipaðir. Löggjafanum er það í sjálfsveld sett, um hversu marga æðstu embættismenn þetta myndi eiga. Þeir gætu verið fimm, þeir gætu verið 10, þeir gætu verið 15. En prófasturinn í Skagafirði yrði ábyggilega ekki einn af þeim.

Og þetta þarf bara löggjafinn að ákveða og við veitum honum fullt frelsi til þess. Þ.e.a.s. löggjafinn myndi ekki byrja að brjóta þessa stjórnarskrá, ef þetta ákvæði verður samþykkt, nema enginn af embættismönnum ríkisins utan dómskerfisins félli undir þetta. Að þá fyrst yrðu stjórnvöld brotleg. Síðan stendur aftarlega í ákvæðinu, forseti skipar í embættið. Það er alveg augljóst að þar er átt við þau embætti sem fyrri greinar textans vísa til. Þannig að þar er sannarlega enginn lapsus á ferðinni. Og það er heldur enginn galli á tillögunni að hún kveður á um að framsal ríkisstofnanna megi ekki framselja. Ég veit að það er í lögum. En við erum einmitt að stinga upp á því að það verði fellt inn í stjórnarskrá, til þess að girða fyrir hættuna á að það verði numið brott úr lögnum. Ég meina, þetta er einn aðal tilgangur stjórnarskrárinnar, sem við erum að reyna að reka núna smiðshöggjó á. Að lokum þetta, þessar tvær tillögur um skipun í embætti og um vernd ríkisstofnanna, eru ekki bornar fram í tómarúmi. Reynslan varðar veginn. Gallaðar embættisveitingar hafa verið djúp meinsemd í okkar samfélagi, eins og skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis vitnar skýrt um. Og mjög mikilvæg ríkisstofnun, Þjóðhagsstofnun, var lögð niður. Þetta eru tvö, bara ærin, tilefni sem sannfærðu okkur flutningsmennina um það, að hið rýmra orðalag sem er í frumvarpinu núna, það dugi ekki til þótt það sé gott og gagnlegt. Þess vegna leggjum við til nákvæmari fyrirmæli í textann. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil nú þakka fyrir þessa umræðu. Líka vegna þess að okkur hefur verið sagt til vammis, og vinur er sá

er til vammis segir. Hins vegar vil ég líka minna á það að við höfum reynt hér í lengstu lög að ná samkomulagi um hluti. Auðvitað erum við að gera núna margar breytingartillögur og það er ekkert óeðlilegt við það að þessi breytingartillaga skyldi koma fram, eða þessar tvær, nr. 48 og 50. Það að við erum 13 þarna, það segir auðvitað ýmislegt um ferlið hjá okkur. Það segir nú í máltækinu, þunnt er móðureyrað, af því að móðirin heyrir vel. Og kannski er það bara staðreynd sem við verðum að horfast í augu við, að nefndin, sem að við höfum reynt að koma þessum sjónarmiðum á framfærum við, núna undanfarnar vikur, hefur kannski ekki hlustað nógu vel, eða tekið nóg tillit til þessara sterku röksemda sem hér eru settar fram. Ég segi þetta nú bara í svona, rólegheitum og yfirvegað, og bið ykkur að taka því svona, í auðmýkt og skilningi, eins og ég er að reyna að segja þetta. Hér finnst mér vera sögulegt tækifæri til þess að breyta hlutum, sem að hafa verið í ólestri hjá okkur. Það eru embættisveitingar, sem að þarf að laga, og það þarf að koma því í skýrt ferli, þannig að fólk og almenningur viti nákvæmlega með hvaða hætti þessum hlutum er hagað í þjóðfélaginu. Það sé ekki bara einhvern veginn gert í einhverjum nefndum einhvers staðar. Um vernd ríkisstofnanna, þá er hér sögulegt tækifæri til þess að koma á í stjórnarskrá, slysavarnarákvæðum, til að tryggja það að fagleg vinnubrögð sú ofan á og það sé ekki hægt með geðþótta að slá af stofnanir sem eiga að vera ríkisvaldi og öðrum til aðhalds. Ég vil þá bara benda á rökvillu hjá Írisi, hún talaði um þjóðkirkjuna sem ríkisstofnun, sem er auðvitað alrangt, og að skipun embættismanna í kirkjunni er algerlega utan við þetta, sem hér er um rætt og það eru allt aðrir sem að kalla þá eða velja þá. Og þó að jafnvel ráðherra skipi í einstaka tilfellum, eða já, vissa embættismenn, eins og skipaði mig sem sóknarprest, en valferlið var allt annars staðar. Þannig að það stenst ekki sú ... En ég ætla ekki að hafa fleira um þetta. En segi við okkur, við höfum sögulegt tækifæri til þess að koma á réttarbótum í þessu landi. Til að koma skikkan á það sem hefur verið lausbeislað og misnotað. Og við skulum ekki missa af því tækifæri. Reynum nú að standa saman. Ég vildi að ég gæti vísað þessu tilbaka til nefndarinnar, ef að það væri lausn, en ég verð að segja að ég er ekki alveg viss um að það gangi, miðað við það sem á undan hefur verið og legg því til að ef ekki verður gengið til atkvæðagreiðslu um þetta, að B-nefndin og þá flutningsmenn setjist niður og finni lausn. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Já, ég kom hérna sem einstaklingur og hef tekið afstöðu til mála út frá því, og minni reynslu og þekkingu. Nú ég fór og las yfir allar tillögurnar og allt það, og merkti hér í. Ég skal bara biða á meðan Íris heldur annan fund þarna ... því ég ætla nefnilega að tala um hennar málflytning. Ertu tilbúin að mæta á fundinn núna?

ÍLS

[ógreinilegt]

Ég er á fundinum núna.

GG

Ókei. Nú síðan tekur maður náttúrlega afstöðu til mála eftir því sem í fyrsta lagi, hvað maður var búinn að móta áður en maður mætti á fundinn, síðan hefur maður hlustað á rök og oft á tíðum skipt um skoðun, eftir að hafa hlustað á rök. Mér finnst það alveg harla einkennilegt þegar allt í einu kemur hér manneskja og segist vera alveg svakalega mikið sjálfstæð, og vinni alveg óskaplega sjálfstætt en segir síðan að aðrir geri það ekki, þeir séu í einhverri klíku. Og af því að þeir eru væntanlega ekki á sömu skoðun og hún. Maður getur ekki annað en velt því fyrir sér hvort að hún sé þá að lýsa eigin vinnubrögðum. Er einhver önnur klíka hér í gangi, spyr ég þá bara. Íris, er hún í einhverri annarri klíku? Því að þegar að hún er að bera svona ásakanir á annað fólk hérna, að þá getur maður ekki annað heldur en velt því fyrir sér. Voru einhverjir fundir hér í hádeginu þar sem að var verið að velta fyrir sér að kannski búa til einhverja klíku til þess að valta yfir aðra, í ráðinu? Ég spyr. Reyndar veit ég til þess að ég hef svolítið fyrir mér í þessari spurningu. Mér finnst þetta sko, leiðinlegt. Vegna þess að við Íris erum búin að starfa núna í 4 mánuði saman og okkur hefur gengið það alveg hreint afskaplega vel. Og ég hef tekið mikið tillit til þeirra ... vegna þess að hún hefur haft yfirburða þekkingu á ákveðnu máli sem við höfum verið að fjalla um. Sem hefur leitt til þess að maður hefur hlustað á það þegar hún talar. En að þegar hún flytur svona ræðu, að þá fellur hún algjörlega niður stigann, sko. Við höfum, eins og ég sagði áðan, mætum hér, með okkar skoðanir. Stundum höfum við skrifað undir tillögu sem flutningsmenn tillagna, og sjálfsagt höfum við oftast kosið í samræmi við það, þó að það sjáist kannski ekki. Kannski það sjást á eftir, ef menn vilja fara að skoða það á næstunni, eða eftir helgina, hvort maður hafi alltaf gert það. Það kemur bara í ljós. En ég allaveganna er þannig maður að ég hef setið hér og hlustað á með og móti rök og svo tek ég afstöðu í samræmi við það. En skv. málflytningi Írisar og reyndar hérna sessunautar míns, hérna, að hluta til, að þá virðist það vera að þau séu að setja mann í þá stöðu að maður geri það ekki. Maður mætir hér einhvers staðar í hliðarherbergi og þar sé manni sagt hvaða skoðanir maður eigi að hafa og hvernig maður eigi að kjósa. Og ég spyr bara aftur. Eruð þið að lýsa ykkar eigin störfum hérna?

SN

Viltu bera af þér sakir?

ÍLS

Guðmundur, ég sat hérna fram á miðnætti í gærkvöldi og kynnti mér tillögurnar og ýmis bakgrunnsgögn og tók afstöðu á grundvelli þeirra. Þó ég hafi sest inn í herbergi í hádeginu og rætt tiltekna hluti við tiltekna aðila, að þá tel ég ekki að ég sé að taka ákvörðun á grundvelli þess sem að ég sat og ég talaði við. Og ég tel að mér sé full-

komlega leyfilegt að setjast hérna með þremur aðilum og ræða hlutina.

GG

... ekki að gera neinar athugasemdir við það hvaða athugasemdir þú hafðir við þessar greinar hérna. Og ég sagði það ekki einu orði. Ég sagði það aftur á móti að mér fyndist það langt fyrir neðan beltisstað að halda því fram, að ástæða þess að mitt nafn standi hérna, sem flutningsmaður, að þá sé ég í einhverri klíku sem að vinni hérna bakvið lokuð tjöld.

ÞÞ

Má ég gera smá athugasemd?

SN

Já.

ÞÞ

Það fór nefnilega fram hjá mér þegar þú lokaðir mælendaskrá. Ég held ég hafi verið svo önnur kafín að skrifa hjá mér. En ég ætla ekkert að fara fram á það. En mig langaði bara til þess að áréttu þetta sem hann Örn Bárður var að segja. Það er náttúrulega engin tilviljun, það eru 13 manns á þessari tillögu. En það hafa líka komið fram, sem að sýnir það náttúrulega að það hefur verið einhver óánægja með það ferli sem málið fór í. Og mér hefði fundist afskaplega æskilegt að þetta færi aftur sko, inn í nefndina til umfjöllunar, bæði til þess að geta sniðið af vankanta og sætt sjónarmið. Og einhvern veginn að láta ekki sverfa til stáls í þessu. Og það hefði ég ætlað að segja áðan, hefði ég haft rænu á að setja mig á mælendaskrá.

SN

En við tökum núna þessar 4 brtt. til afgreiðslu. Þær eru sem sagt nr. 14 og 15, sem hanga saman. 48 og ...

ÞÞ

Formaður, ég var að spyrja hvort það væri ekki hægt að setja hana í nefnd.

SN

Já, en ég þarf að spyrja flutningsmanna að því, hvort að ... Já en fyrsti ... sá sem er ... Þorvaldur Gylfason er ... bíddu, varst þú með ... fyrirgefðu, Þórhildur, þú varst með skipun embættismanna, fyrirgefðu.

Það er nr. 48. En fyrst er það 14 og 15, og við kjósum um þær saman. Það er brtt. nr. 14 og 15, við frestuðum 14 áðan til þess að taka hana með nr. 15. Og þetta er bara spurning um að færa úr ... að bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni. Og það er sem sagt að það falli brott úr 85. gr. og færist inn í 93. gr.

Já, Silja ...

SBÓ

Er þetta ekki þar sem að einnig er bætt inn, „eða annars ráðherra“? Er þetta bara tilflutningur?

VÞ

Já, fyrirgefið þið. Þetta er eitthvað misjafnt í pappírnum. Er þetta eitthvað á reiki?

SN

14 var fyrir í dag.

[Umræður úr sal]

SN

Hún var tekin fyrir í tengslum við gr. 85, sem sagt hún var tekin fyrir fyrir í dag.

Gísli, þetta er ekki alveg eins orðað. Ertu að fara fram á orðalagsbreytingar?

GT

Þetta er flutningur. En eins og Vilhjálmur benti réttilega á þá er bætt við orðinu, „eða annars ráðherra“, og ég rökstuddi það með vísun í ráðherraábyrgðarlög, en ef það er eitthvað orðalagsmisvægi hérna, þá geri ég ráð fyrir að það sé sú almenna regla að nefnd geti skoðað það í kjölfarið.

... [Viðbrögð úr sal]

SN

En þetta er sem sagt fyrst og fremst tilflutningur á bókunarákvæði, á réttari stað.

SN

Já, eigum við bara að vísa þessari þá í nefnd, að færa þetta á milli, og fara í orðalag. Ég held að það sé gott.

Þá tökum við fyrir 48. brtt. um skipun embættismanna, og þar er Þórhildur Þorleifsdóttir fyrsti flutningsmaður og hún hefur óskað eftir líka að þessi tillaga fari í nefnd. Er það ekki rétt skilið, Þórhildur?

ÞÞ

Jú, mér finnst mjög æskilegt að hún kæmi til aðeins ... . En ég vildi samt bæta við, af því að ég var að reyna að stytta mál mitt áðan, ég verð greinilega að gera það ljósara núna, að ég sagðist áréttu það sem Örn Bárður sagði. Hann lagði til að yrði nefndin ásamt flutningsmönnum. Ég vildi bara áréttu að það væri kannski sú meðferð sem ég væri að biðja um. Því að þessir 13 sem hér eru, að þeir hafi aðkomu þá að málinu og fólk geti rætt saman í friði og ró um þetta. Ekki bara B-nefndin.

SN

Katrín. B-nefndin með aukinn ...

KF

B-nefndin með auknum meirihluta ... Ja ég bara samþykki það að þetta fari til nefndar og svo verður nefndin þá að ákveða ... ég efast ekki um að menn vilji ræða við flutningsmennina, en nefndin auðvitað ... það er á forræði hennar þá.

SN

Sem sagt, 48 er vísað í nefnd. Þá er það brtt. nr. 50 við 94. gr. um skipun embættismanna. Og það

hefur ekki komið nein ósk um að hún fari í nefnd, nema reyndar hún var nefnd hérna af einum flutningsmanni áðan. En hvað segir ...?

ÞG

Ég tel eðlilegt, formaður og ráðsmenn, að úr því að þessar tvær tillögur hanga saman, að þá fari þær hlið við hlið til nefndar. Ég vek athygli á því að í B-nefndinni, sem tæki við þessu máli, eru þrír menn sem eru meðal flutningsmanna, og við hin sem erum flutningsmenn, vænti ég, værum þá velkomnir gestir á fund B-nefndar til þess að ræða málið. Er það rétt skilið?

SN

Nefndarfundir hafa alltaf verið opnir.

KF

Ja, það verður auðvitað bara borið upp fyrir B-nefnd, og ég geri ráð fyrir því að hún taki því vel. En nefndin er með forræði þá á málinu, ef þessu er vísað til nefndar.

SN

Nefndarfundir hafa alltaf verið opnir hér, þannig að ...

ÞG

Og þá langar mig bara, ef ég má, að vekja athygli á okkar reglum sem eru þær, að hljóti málið ekki viðunandi meðferð í B-nefndinni að þá áskilja flutningsmennirnir sér rétt til þess að endurflytja tillöguna við aðra umræðu. Báðar tillögur.

SN

Það er sambærilegur skilningur.

ÖBJ

Má ég bara segja að ég lagði til áðan þessa sátta-tillögu, að það verði leiddir saman þessir tveir ólíku hópar, og við fyndum friðsamlega lausn, og það var það sem Þórhildur tók undir, báðar tillögurnar.

SN

Þannig að þá er ekki kosið um neinar þessara tillagna, þær fara allar í nefnd. Þá er komið að kaflanum um dómsvald, það eru næstu greinar sem við leggjum fram. En varaformaður hefur óskað eftir að taka til máls fyrst. Gjörðu svo vel, Ari.

AT

Góðir félagar. Við erum í svolitlum erfiðleikum með útfærslu á fundarstjórn. Eins og vera ber, eða kannski ekki vera ber, en gerist í erfiðum og flókn-um málum. Ég hef í samræmi við og samstarfi við lögfræðinga, sem við höfum hér á að skipa, skoðað það mál sem við ræddum áðan um ákvörðun á fjölda þingmanna, og komist að málsmeðferð, sem mig langar að kynna ykkur. Og kannski fyrst þá að nefna það að það eru held ég allir sammála um það að meginreglan í okkar verkferli og byggir á okkar starfsreglum, er það að frumvarpsdrög og breyt-

ingartillögur skuli fara til nefnda, eftir umfjöllun í fyrri umferð okkar afgreiðslu, sem er nú yfirstandandi. Við hins vegar höfum samþykkt afbrigði, sem að þið þekkið og ganga út á það að það má greiða atkvæði um tillögur í fyrri umferð með samþykki flutningsmanns og þá var líka gert ráð fyrir því að að þeirri samþykkt komi formaður viðkomandi nefndar. Þetta þýðir þó það í raun að það er ekki meginregla að fyrsti flutningsmaður geti gert kröfu um atkvæðagreiðslu. Hann hins vegar getur hafnað atkvæðagreiðslu. Þetta er svona meginregla málsins. Nú er það nú samt svo að við þurfum á einhverjum tímamarki að taka ákvörðun um það hvaða fjölda þingmanna við leggjum til, þegar að við skilum okkar tillögum að nýrri stjórnarskrá. Og það væri æskilegt að það gerðist í viðtæku samráði og sátt, og þá er spurning hvernig það megi gerast. Það er nú þannig að atkvæðagreiðsla í fyrri umferð, hún þarf ekki að vera algjörlega bindandi vegna þess að í okkar verklagsreglum er gert ráð fyrir því að nefndir geti samræmt og lagfært hluti en eigi að síður þá verðum við að gera ráð fyrir því að í meginatriðum, þá fylgi nefnd þeim samþykktum sem að gerðar eru hér um atkvæðagreiðslu í fyrri umferð. Hins vegar er það svo að sú ósk sem að okkur barst, í þeirri brtt. sem okkur barst, þar sem farið var fram á STV-kosningu, þá verður að líta svo á að sú ósk hafi í raun og veru verið afskaplega erfið sem ákvörðunarferli, vegna þess að við hefðum þá þurft að setja sérstakar reglur um STV, og útfærslu þeirra, sem að geta verið örlítið mismunandi. Við höfum notað STV sem leiðbeinandi aðferð í okkar vinnu hér, en að sjálfsgöðu ekki sem einhver úrslit. Þess vegna finnst mér eðlilegt að líta svo á að þessi ósk, henni þurfum við að reyna að verða við, í ljósi þess að henni er ætlað að varpa ljósi á hvað ráðið raunverulega vill í sambandi við fjölda þingmanna. En að sama skapi lít ég svo á að hún geti tæplega orðið bindandi. Hún er heldur ekki framkvæmanleg. Þannig að ég legg til að við verðum við óskum þeirra flutningsmanna sem að lögðu fram tillöguna, um það að það verði kosið um þeirra tillögur. Þó með þeim hætti, eins og við lýstum áðan, að það verði byrjað á lægstu tölu og síðan kosið upp eftir, eins og hefur verið lýst, ég þarf ekki að fjöl-yrða um. Þessi kosning getur hins vegar ekki verið að fullu bindandi heldur verður hún leiðbeinandi fyrir umfjöllun um málið í nefnd. Þannig að eftir kosninguna, þá fer málið í nefnd og hlýtur þar bara meðferð eins og önnur mál í nefnd. Og nefndin skilar síðan niðurstöðu sinni til sér umræðu. Og þá vek ég líka athygli á því að það er skilningur minn að þá geti þeir flutningsmenn sem að lögðu til hina fyrri málsmeðferð, þeir geti flutt breytingartillögur, hver þeirra sem er, um hvaða fjölda þingmanna sem er, af þeim sem nefndir hafa verið. Þetta er sem sagt mín tillaga, þ.e.a.s. að nú kjósum við um þessar tölur sem að lagðar hafa verið fram. Niðurstaðan fer til nefndar, nefndin skilar álit, sem að síðan verður afgreitt hér í síðari umræðu.

SN

Geta menn samþykkt þetta? Þá er þetta leiðbeinandi kosning. Og þá mundum við vilja ...

AT

Það er ekki endilega sjálfgefið að hún sé strax. Getum við tekið einn kafla?

SN

Já, er ekki ágætt að taka þetta bara eftir, allavega næsta kafla, ekki fyrr en eftir næsta kafla. Já, Eiríkur.

EBE

... fá að spyrja ... þetta fari fram, sko. Ég myndi vilja fá umræðu, sem sé efnisumræðu um það, eins og um aðrar tillögur hérna, sem að lagðar eru til um breytingar á því sem við höfum þegar samþykkt. Og það eru gríðarlega mörg rök sem að hníga að því að þær breytingar sem við erum að gera á stjórnskipaninni útheimti, ja ekki færri þingmenn, heldur í raun og veru heldur fleiri. Og ég myndi vilja geta fært fram þau rök, við þá umræðu.

SN

Að sjálfsögðu.

EBE

Nei, út af því að hér var sagt, án umræðu.

SN

Nei, nei. En við ætlum bara aðeins að bíða, við ætlum aðeins að fresta þessu. Taka núna dómsmálakaflann og taka þetta á eftir.

AT

Og með efnisumræðu.

SN

Með efnisumræðu, já. Þetta er náttúrliga breytingartillaga um ákveðna ... Ég held að við ættum að halda aðeins áfram. Og taka dómsvaldskaflann og það eru gr. 95 til 102, sem eru lagðar fram. Við þær hafa komið fimm brtt., og við ætlum að byrja á brtt. nr. 52 við 99. gr. um skipun dómara, síðan er brtt. 62 við 96. gr. um sjálfstæði dómara, brtt. 53 við 98. gr., Hæstiréttur Íslands, brtt. 63 við 101. gr., lögspurning til Hæstaréttar, og brtt. nr. 24 við 102. gr., ákærvald og ríkissaksóknari. Og ég byrja á 52, það er Pawel Bartoszek og svo er Gísli Tryggvason með allar hinar fjórar, þannig að hann tekur þær þá bara hverja á eftir annarri. Þannig að ég ætla að biðja Pawel Bartoszek að kynna fyrst brtt. við 99. gr. um skipun dómara. Gjörðu svo vel, Pawel.

PB

Já kærur vinir. Þetta er ekki, ég vona að það sé ekki litið á þetta sem stóra efnislega tillögu. Við vorum með, það er tillaga um að orðinu, sem sagt hæfi verði breytt í skilyrði. Allan tímunn sem við vorum að vinna að áfangaskjalinu stóð þarna skilyrði, í aftasta málslið. "Dómara verður aðeins vikið endanlega úr embætti nema með dómi og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinna ekki skyldu sem starfinu tengjast". Nú það stóð þarna um tíma, glatað skilyrði, sem þótti ekki nægilega góð íslenska, og

það var ákveðið af nefndasviði og stjórn að breyta þarna um orðalag. En þá breyttist það í hæfi svo, þannig að það var ákveðið að breyta tilbaka, þannig að nú segir, „og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna embættinu eða sinna ekki skyldum sem starfanum tengjast“. Þannig að ég vona að ... öll C-nefndin stendur að þessari tillögu, og ég vona að fundurinn sjái sér fært um að samþykkja hana. Takk.

SN

Þá eru það brtt. nr. 62, 53, 63 og 24. Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég vona að ég fái að þessu sinni örlítið lengri tíma, til þess að tala, af því að ég reyni að vera gagnorður og tvær þessara tillagna eru mjög einfaldar og tvær þeirra aðeins flóknari. Sú fyrsta er nr. 62 við 96. gr. 96. grein hljóðar svo í frumvarpinu: „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt venju eða eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins“. Ég legg til, eins og ég ræddi hér bæði í nefnd og ráði í vor, að orðið venja, og þá sem sagt orðin venju eða, falli brott, og rökstyð það með dæmum í greinargerð, þ.e.a.s. ég hef rökstutt það að ekki eigi að stjórnarskrárbinda venju, sem ég tel ósið, að fela dómstólum, einkum Hæstarétti, með lögum eða öðrum hætti, að skipa oddamenn eða aðra fulltrúa í sérstakar úrlausnarstofnanir, eða varanlegar. Þá er ég að tala um gerðardóma, bæði lögskipaða og aðra. Haldist orðið venja inni, er hætt við, það á að standa þarna, að sá ósiður sem er allt of algengur, eins og yfirferð yfir gildandi lög sýnir, ríki áfram, og festist í sessi og færast jafnvel í aukana. Dæmi um slík ákveði nefni ég hérna bara tvö af handahófi, annað er úr lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þar segir að Hæstiréttur skuli tilnefna tvo í úrskurðarnefnd um að ákveða vísitölur. Annað dæmi er úr lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. En þar á Hæstiréttur að nefna tvo í fæðingar- og foreldraorlofsúrskurðarnefnd, já hinn fyrri var nú víst bara einn.

Svo segir í greinargerðinni: Þessi hlutverk eru stjórnarathafnir og samrýmast að mati flutningsmanns ekki sjálfstæði dómstóla og síst Hæstaréttar, sem æðsta dómstóls ríkisins. Sé þörf á flokkspólitískt óháðri skipan oddamanna eða annarra fulltrúa í fastar eða sérstakar úrlausnarstofnanir, er m.a. unnt að fela slíka skipun forseta Íslands, eða forseta Alþingis, sem skv. frumvarpi þessu á að hafa stuðning  $\frac{2}{3}$  hluta alþingismanna. Og væri eðlilegra að tilnefndi óháða aðila í þingræðisskipulagi eins og okkar. Ég vil líka vekja athygli á því að þessar úrlausnir slíkra úrskurðaraðila geta oft og lenda oft hjá dómstólum, og þá er Hæstiréttur eiginlega orðinn hálf vanhæfur til þess að dæma um þær. Þannig að ég vona að menn sannfærast um þetta þó að það hafi ekki tekist í vor. Nú síðan er tillaga nr. 53 við 98. gr., sem ég flyt ásamt Illuga Jökulssyni og Þórhildi Þorleifsdóttur. Ég verð nú að biðjast afsökunar á

hvað hún kemur seint fram, en það er nú kannski endurvakning umræðu um Guðmundar- og Geirfinnsmálið sem að veldur því. Þetta er þó ekki einhver dægurfluga. Hér segir í tillögunni, að við bætist 98. gr., tvær mgr. „Með lögum skal þó komið á sjálfstæðum endurupptökudómstól sem leysir endanlega úr því hvort dæmt mál skuli taka upp að nýju, samkvæmt nánari skilyrðum í lögum. Auk skipaðara dómara úr mismunandi dómstólum, og er þarna ofaukið, skulu dómendur vera einstaklingar sem ekki hafa verið skipaðir dómara“. Í 4. mgr. segir svo: Öðrum sérdómstólum verður ekki komið á. 4. mgr. um aðra sérdómstóla höfum við svo sem rætt og það er langur rökstuðningur og fræðilegur í greinargerð, hvers vegna það má ekki. Það er til þess að sjálfstæði dómstólanna sé ekki ógnað, með því að löggjafinn taki undan almennu dómstólunum fullt af málum og feli það sérdómstólum. Þess vegna ákváðum við í vor að hafa áfram bara einn sérdómstól, sem er vinnumarkaðsdómstóllinn okkar, Félagsdómur. Landsdómur er ekki lengur fyrir hendi, skv. okkar tillögum. Hitt ákvæðið er af þeirri augljósu ástæðu að það er erfitt fyrir aðila, jafnvel þótt hann sé skipaður nýjum einstaklingum, að viðurkenna að hann hafi gert mistök. Þetta þekkjum við úr okkar sögu. Og þetta þekkjum við úr heimssögunni. Ég er hér með bók sem fjallar um dómsmorð, og hún ... ég ætla nú ekki að lesa neitt úr henni, en hún byrjar á dómsmorðinu yfir Jesú frá Nasaret og endar á dómsmorðum frá Noregi og Frakklandi, sem eru þekkt. Þetta er bók sem er skrifuð um miðja öldina, þannig að þetta eru nú ekki nýrri dæmi en svo.

En, ég held að það sé augljóst að það sé ekki hægt að fela Hæstarétti Íslands að meta það hvort að hann eða já, áður hafi dæmt vitlaust. Þess vegna legg ég þetta til, ásamt félögum mínum. Nú síðan er ein frekar einföld, nr. 63 við 101. gr. Það er nú eiginlega handvömm hjá mér að hafa ekki stungið upp á þessu fyrr, vegna þess að ég stakk fyrst upp á 101. gr., sem fjallar um að tilgreindir aðilar geti spurt Hæstarétt lögspurninga. Hæstiréttur sé gerður að stjórnskipunardómstól í ríkari mæli en hann er í dag. Ég legg til að ríkisstjórn fái að spyrja slíkra spurninga, og sveitarstjórn. Það væri svolítið að sniðganga aðal handhafa framkvæmdarvaldsins ef að aðeins þingnefnd, þriðjungur þingmanna og forseti Íslands gætu spurt Hæstarétt hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá. Hugsanlega má útfæra þetta með öðrum hætti, að löggjafinn geti rýmkað þessa aðild, en þetta er ein leiðin, að gera þetta svona. Og loks er það tillaga nr. 24 við 102. gr., sem ég flyt ásamt Þórhildi Þorleifsdóttur, Þorvaldi Gylfasyni, Péttri Gunnlaugsyni, Lýð Árnasyni, Illuga Jökulssyni, Arnfríði Guðmundsdóttur og Andrés Magnússyni. Hún að vísu hefur verið að bræðast með okkur í nokkrar vikur, en kemur þó nokkuð seint fram, ég biðst forláts á því. En það var kannski af því að það var engin sérstök nefnd sem að fjallaði um þessi mál, sem við vorum stundum að ræða. Og hún hljóðar svona: „Ríkissaksóknara skal með lögum falin heimild til þess að höfða mál til upptöku eigna,

sem ætla má að hafi orðið til við ólögmeitt athæfi, svo sem með misnotkun opinbers valds“. Þetta er augljóslega tengt hruninu og við stingum upp á að þetta bætist við ákvæðið um ríkissaksóknara úr því að hann er sá sem á að fara með þetta vald, skv. okkar tillögu. Nú ástæðan er sú að það er erfitt að treysta því að dómstólar fallist á kröfur um staðabætur, upptöku ólögmeits fjár eða annað, vegna þess að þar eru strangar sönnunarkröfur í skaðabótarétti og refsirétti gerðar, og sakamálaréttarfari. En hér væri hægt að auka möguleika almannavaldsins á að endurheimta hreinlega, fé sem að til hefur orðið vegna misbeitingar valds. Ég veit ekki hvort ég eigi að fjölyrða um þetta neitt, vegna þess að greinargerðin tekur aðeins á þessu. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessar fimm tillögur. Pawel.

PB

Já örsnöggt, vegna þess að þetta er nú á því sviði sem mín nefnd fjallaði um. Gr. nr. 96 er fengin upprunalega frá, að mig minnir, Eiríki Tómassyni í skýrslu stjórnlaganefndar, og fékk blessun stjórnlaganefndar síðan og hefur verið lögð fram óbreytt, nú. Það var um tíma annað orðalag sem svona, reyndi að einhverju leyti að taka tillit til þess sem Gísli nefndi, en það var svona ... ýmis gagnrýni á það og á endanum var ákveðið að fara þessa leið sem stjórnarnefnd hefur farið, og ég legg til að það verði haldið við hana. Þó ég hafi reyndar ákveðna samúð með þeim sjónarmiðum sem Gísli er að færa rök fyrir. Nú síðan er það tillaga um endurupptökudómstól, sem er skipaður af dómurum og öðrum. Þetta er tillaga sem er komin fram mjög seint og náttúrlega eins og flutningsmaður nefndir, í kjölfar tiltekinna fréttu. Hún hefur ekki farið í neitt mat og mundi fela í sér talsverða breytingu á því dómskerfi sem núna er við haft. Ég held að í ljósi þess að þessi kafli hefur legið fyrir í langan tíma og hann hefur fengið umsögn nokkurra fræðimanna og hún hefur verið nú á þá leið að þetta sé ágætlega unnið af hálfu nefndarinnar og Stjórnlagaráðs, þá legg ég til að þessu verði haldið óbreyttu. Það er verið að gera auðvitað talsverðar breytingar þar á með því að taka inn t.d. ólöglærða dómendur, sem er umræða sem hefur farið fram hér í ráðinu og á endanum var sú ákvörðun tekin að gera það ekki. Sem sagt, hafa ekki ólöglærða dómendur í stöðum eins og þessum, föstum dómstólum. Þannig að mér finnst svona, eiginlega ekki ganga upp að koma á sérdómstól hérna á seinustu stigum málsins. Nú, þá er að nefna tillöguna um ákærvald og ríkissaksóknara. Og hún svona ... fyrsta spurningin er auðvitað eins og þessi þegar maður les þetta, er þetta ekki þegar eitthvað sem er, og ef ekki, hver er þá breytingin. Er verið að rýmka mjög heimildir saksóknara til að taka upp eignir. Þetta er eins og flutningsmaður sagði, einhvers konar hrunákvæði, þannig að það er búið að taka orðalagið aðeins sem einn af flutningsmönnum þarna, Andrés Magnússon, hefur flutt áður og slípað



aðeins til. Ég get ekki svona í fljótu bragði lýst yfir því hvort að ég fallist á að þetta ákvæði fari inn, en í ljósi þess að það hefur ekki fengið neina efnislega umræðu utan ráðsins, þá tel ég varhugavert að svo stöddu, að setja það inn og ég mundi því leggja til að það verði fellt. Nú, að lokum varðandi ríkisstjórnina og sveitarstjórn, þá er það svo að þessi heimild vísar til athafna og athafnaleysi stjórnvalda, sem er þá handhafar framkvæmdarvaldsins. Við höfum reyndar fengið ábendingu frá forsætisráðuneyti og sérfræðingum þess, sem vildu gjarnan að það væri einnig hægt að skoða hvort að stjórnarathafnir alla leið til Alþingis, samræmdust stjórnarskrá, sem er eðlilegt fyrirspurn, kannski, af hálfu ráðuneytis. Hins vegar, í ljósi þess að framkvæmdarvaldið er auðvitað, æðstu menn þess eru ríkisstjórnin, þá tel ég ekki jafn nauðsynlegt að kveða á um það að ríkisstjórn geti ákveðið hvort ákveðnir aðilar sem undir hana falla, aðgerðir þeirra samrýmist stjórnarskrá. Þannig að ég tel að þetta sé ekki nauðsynlegt. Nú ef að til þess kemur t.d., þetta er varðandi athafnir og athafnaleysi, ef að til þess kemur að ríkisstjórn telur einhver lög sem samþykkt eru, brjóti í bága við stjórnarskrá, þá hefur ríkisstjórnin auðvitað í fyrsta lagi, það er ekkert mjög líklegt að það gerist, í ljósi þess að ríkisstjórnir á Íslandi sitja í skjóli meirihluta, og í öðru lagi ef að um er að ræða einhver mjög umdeild lög sem samt sé svona þvert á flokkslínur, þá er líklegt að ríkisstjórnin geti þó skrapað saman fimmtungi þingmanna til að spyrja Lögréttu, eða þriðjungi þingmanna til að spyrja Hæstarétt lögspurningar. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, ég ætlaði bara rétt aðeins að tæpa á, ég ætla nú held ég bara að koma inn á tvennt, þrennt kannski. Fyrst varðandi brtt. 53, þá held ég einmitt margt góðra gjalda vert í svona tillögu. Ég held samt við þurfum að skoða nánar með hliðsjón, bara af öllu því dómskerfi sem við erum í og búum við og kannski ekki alveg falla í þá gryfju að gera tillögur sem að kannski eru bundnar við þá umræðu sem ákkúrat er í dag í þjóðfélaginu, án þess að hún hafi hlotið nánari skoðun innan ráðsins, eða verið rædd sérstaklega. Og svo varðandi 24, af því að Pawel spyr sérstaklega, 24 við 102. gr. Sko nú er það þannig í lögum að eignir má taka upp, ef þær hafa orðið við ólögmætt athæfi. Og það á náttúrlega bæði við um hvort sem það hefur orðið til við misnotkun opinbers valds eða með öðrum hætti. Þannig að þetta er í rauninni dekkja í núverandi heimildum sem til staðar er. Þannig að það var rétt. Þannig að öðru leyti hef ég ekkert við það að bæta.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Aðeins að bregðast við tvennu sem kom fram í málefnalegum andsvörum Pawels og Írisar Lindar.

Fyrst það sem að Pawel nefndi. Það er misskilningur að ég leggi til að ólöglærðir sitji þarna í endurupptökudómstólnum. Ég legg aðeins til að það séu menn sem að ekki hafi verið skipaðir dómara. En þeir eiga að mínu mati allir að vera lögfræðingar. En það myndi löggjafinn útfæra, til þess að við þöllum okkur að vera ekki með stjórnarskrána alltaf svona nákvæma. En þeir gætu að sjálfsögðu verið einhverjir leikmenn þar á meðal. Síðan varðandi þetta sem að Íris Lind sagði. Sko, þær heimildir sem eru í lögum til upptöku eigna eru að mínu mati bundnar við rekstur refsímáls. Og þarna er ég að fara vægari leið. Það er mjög erfitt að standast þau skilyrði sem að ákæra þarf að standast, fyrst við ákvörðun um útgáfu, jafnvel strax á rannsóknarstigi, hvað þá að komast í gegnum sakamál og ná sakfellingu. Sama er í skaðabótarétti, þar eru sönnunarkröfur ríkar. Fyrirmyndin er hér eins og í ógildingar- og eignardómsmálum. Það er hægt að stefna nánast eigninni og þeir sem telja sig eiga lögmætar heimildir [ógreinilegt] taka til varna. Þessi heimild er ekki bara bundin við hrunið, þó að tilefnið sé þaðan komið. En hún er sem sagt efnisleg en ekki bara, svona bráðabirgðagerð eins og kyrrsetning og lögbann, til þess að tryggja eignir í væntanlegu upptökumáli í tengslum við refsímál. Þannig að þetta er rýmkun og löggjafanum er, eins og ég held að sé smekklegt, falin útfærsla. En það er líka skylda löggjafans, skv. þessari tillögu, að útfæra þetta. En að mínu mati mætti þetta gjarnan fara í meðferð í nefnd. Eins og við Pawel bentum báðir á þá er hún seint fram komin, formlega, þessi tillaga. Takk.

SN

Nú það hefur enginn annar óskað eftir að fjalla um þessar tillögur, þannig að þá tókum við þær til afgreiðslu. Og fyrst er það brtt. nr. 52, við myndum nú kjósa um hana. Gísli, óskar þú eftir að einhver tillagnanna þinna fari í nefnd? Eða viltu að það sé kosið um þær allar?

GT

Ég vil gjarnan að tillaga um endurupptökudómstólinn fari í nefnd.

SN

Þíddu nú við, hún er nr. 53.

GT

53.

SN

Ókei, þá fer hún í nefnd. En við kjósum um hinar?

GT

Já, ég held að það sé rétt.

SN

Ókei, þá fer hún í C-nefnd. Og þá byrjum við á að kjósa um nr. 52, síðan um 62 og svo 63 og svo nr. 24.

En við byrjum á brtt. nr. 52 við 99. gr. um skipun dómara, þar sem hæfi er breytt aftur í

skilyrði. Og við hefjum kosningu og hún er hafin. Og þessi tillaga er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

SN

Í fyrsta skipti. Brtt. nr. 62 við 96. gr., sjálfstæði dómstóla, og það er að orðin venju eða, séu felld úr ákvæðinu í frumvarpsdrögunum, í 96. gr. Þannig að við hefjum þá kosningu, og hún er hafin.

Og þessi er samþykkt hins vegar með 9 greiddum atkvæðum, 8 voru á móti og 7 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 63 við 101. gr. um lögspurningu til Hæstaréttar. Og það er að orðin „ríkisstjórn“ og „sveitarstjórn“ bætist við 101. gr., í upptalninguna þar, um það hverjir geti vísað lögspurningu til Hæstaréttar. Og við hefjum kosningu og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 11 atkvæðum, 10 sögðu nei og 3 sátu hjá.

Og þá er það loks brtt. nr. 24 við 102. gr., ákærvald og ríkissaksóknari. Og breytingin hljóðar upp á það að sé bætt við að „ríkisak-sóknara skal með lögum falin heimild til þess að höfða mál til upptöku eigna, sem ætla má að hafi orðið til við ólöglegt athæfi, svo sem með misnotkun opinbers valds“. Og við hefjum kosningu já, og hún er hafin.

Og þessari tillögu er hafnað með 12 atkvæðum, 9 samþykktu og 3 sátu hjá.

Nú þá gerum við hlé í 15 mínútur. Ég ætla aðeins áður en þið yfirgefið salinn að segja að við stefnum að því að halda áfram og reyna að klára í kvöld. Og það hefur verið pantaður matur fyrir hópinn.

SN

Er ekki fólk á leiðinni inn? En við ætlum að taka núna fyrir brtt. nr. 59 um fjölda þingmanna. Mér þætti gott að fá fleiri í salinn ... ef það er hægt að kalla í fólk ... Já, þetta er brtt. nr. 59 við 36. gr., alþingiskosningar. Og Þorvaldur Gylfason fylgir henni úr hlaði. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, virðulegi formaður okkar og góðir ráðsfulltrúar. Nú er upp runnin sú stund sem allir hafa beðið eftir með óþreju. Því að nú er að því komið að fjalla um mál sem við höfum geymt. Mjög mikilvægt mál, sem brennur á vörum margra utan húss og innan. Ég er að tala um þá ákvörðun sem við þurfum að taka, um réttan fjölda alþingismanna. Fjöldi þeirra var ákveðinn árið 1934, 1949 og þeim hefur smám saman fjölgað upp í 63. Og það er talan sem er inni í frumvarpi okkar enn, vegna þess að við áttum eftir að ræða málið og ljúka því. Við gátum ekki lokið því fyrr en í dag, vegna þess að það var fyrst áðan, fyrr á þessum fundi, að við tókum afstöðu til mála sem að skipta miklu, fyrir þá ákvörðun sem nú bíður okkar. Og niðurstaðan er í sem stystu máli sú, að ráðherrar munu ekki sitja á þingi. Og í því felst að óbreyttur fjöldi þingmanna er í raun og veru 53, en ekki 63. Vegna þess að ráðherrar sem hafa setið á þingi hingað til, undir

okkar gömlu gildandi stjórnarskrá, hafa í raun og veru ekki unnið nein þingstörf eða nefndarstörf í þinginu, svo heitið geti. Sko mér er það fullljóst að það má beita þeim rökum gegn fækkun þingmanna að frumvarpinu sem við erum að ganga frá, til nýrrar stjórnarskrá, er ætlað að styrkja stöðu Alþingis gegn framkvæmdarvaldinu. Og við höfum lagt margar góðar tillögur fram, til að ná því marki. Og þess vegna hafa menn sagt að til þess að það sé hægt, þarf óbreyttan fjöldi þingmanna. Minn skilningur er að 53 myndu duga af því að það er í reynd óbreyttur fjöldi þingmanna. En gegn þessum rökum standa önnur rök, sem mæla með fækkun þingmanna, frá mínum bæjar-dyrum séð. Ég hef þegar nefnt, að tillögur okkar, í samræmi við niðurstöðu þjóðfundar í fyrra, mæla með því að ráðherrar sitja ekki á þingi. Þær mæla ekki með því, þær mæla fyrir um það. Þannig að ef ráðherrar eru 10 talsins eins og nú, og það er hámarkið, sem við höfum bundið í okkar stjórnarskrártillögur, að þá er fjöldi starfandi þingmanna í reyndinni 53 og ekki 63. Og þess vegna, og nú endurtek ég, er óbreyttur fjöldi starfandi þingmanna 53, ekki 63. Og þess vegna lít ég svo á að það mætti fækka þingmönnum úr 63 í 53 án þess að fækka vinnandi höndum við þingstörf. En síðan leggst fleira á sömu sveif. Við gengum frá í gær tillögum um nýtt kosningakerfi, sem er bundið og varið í stjórnarskrá. Og þar er persónukjóri komið á við hlið listakjörs til Alþingis. Og þessu fyrirkomulagi er einmitt ætlað að draga úr getu stjórnsmálaflokka til að tryggja flokksmönnum sínum svokölluð örugg sæti. Og því er ætlað, þessu fyrirkomulagi okkar með því móti, að bæta mannvalið á þingi. Og þannig, eins og þetta horfir við mér, geta færri hendur unnið meira og betra starf, á Alþingi. Fækkun þingmanna gæti í mínum huga, lyft Alþingi og ásýnd þess með því að leiða af sér strangari kröfur kjósenda til fulltrúa sinna á Alþingi, eða eins og ég hef stundum sagt við sum ykkar á göngunum, hefði okkur miðað betur ef við værum 63 en ekki 25? Ég held ekki.

Og við þetta bætist, í ljósi liðinna atburða, að lítið land þarf á því að halda, að finna rétt jafnvægi milli umfangsins á yfirbyggingu stjórn-sýslunnar og eigin bolmagns. Þingmönnum hefur fjölgað smám saman, vegna þess að stjórnsmálaflokkarnir hafa sóst eftir því sjálfir að hafa fleiri þingsæti til ráðstöfunar handa sínu fólki. En það er sjónarmið sem á ekki rétt á sér í mínum huga. Og lokaröksemin, í mínum huga, fyrir því að eðlilegt sé að fækka þingmönnum skv. ákvæði í stjórnarskrá, er að í okkar frumvarpi er þjóðaratkvæðagreiðslum ætlað aukið vægi. Og þá fækkar verkefnum Alþingis að því skapi. Og af þessu dreg ég sjálfur þá ályktun og þess vegna er ég meðal flutningsmanna að þessari tillögu, að hófleg fækkun þingmanna úr 63 í t.d. 53, samrýmist fyllilega sterkari stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, eins og við keppum að, og í samræmi við kall þjóðfundarins eftir skýrari valdmörkum og öflugra mótvægi ólíkra valdþátta, að því tilskyldu að persónukjör og ráðgerðar skipulagsumbætur, efla Alþingi, svo sem að er stefnt.

Og meðflutningsmenn mínir að þessari tillögu eru Erlingur Sigurðarsonar, Guðmundur Gunnarsson, Illugi Jökulsson, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Örn Bárður Jónsson. Takk fyrir.

SN

Þá er orðið laust og Eiríkur Bergmann hefur óskað ... já og Gísli.

EBE

Kæru félagar. Ég vil byrja á því að mótmæla þeirri málsmeðferð, sem að hér er unnið eftir. Mér var sagt að það væri ekki hægt að setja fram tillögu með þessum hætti, þessum fasa, alveg nákvæmlega eins og Guðmundur Gunnarsson nefndi hér áðan, þá kom þessi tillaga fram á seinasta ráðsfundi, og ráð fyrir því gert að það yrði um hana gerð svipuð skoðanakönnun og við höfum áður við haft. Þegar að það var ekki gert, að þá leit ég svo á að sú sátt sem að hafði náðst í C-nefnd og oft og iðulega með samþykkt hér í ráðinu, um að halda óbreyttum fjölda þingmanna, að hún stæði. Og í ljósi þeirrar sáttar sem ég taldi að þá væri uppi, að þá setti ég ekki fram breytingartillögu um hið gagnstæða. Þannig að mér finnst í hæsta máta ósanngjarnt að ég fái ekki að leggja fram þá tillögu, eins og flutningsmaður þessarar tillögu hefur fengið hana í gegn, þrátt fyrir að hún gangi gegn reglum ráðsins. Og skil ekki alveg af hverju sumir fá hér forgang, á meðan að aðrir fá ekki sínar tillögur afgreiddar með sama hætti. En þá að ennisatriði málsins. Það stjórnkerfi sem að við erum að leggja til að verði grunnur að nýrri stjórnskipan Íslands, sem að reyndar hefur tekið ansi róttækum breytingum hér í breytingartilögufasanum undangenginn einn og hálfan sólarhring, og fæstar þeirra til bóta. En allavega, í því kerfi sem að við lögðum upp með í nefndinni, var gert ráð fyrir að Alþingi myndi verða grundvöllur stjórn mála á Íslandi í dag. Að þingmenn myndu fá mjög auknið hlutverk frá því sem að nú er. Í því kerfi sem við lögðum upp með þá er kappnóg fyrir hvern og einn þingmenn að vera í einni þingnefnd, og einbeita sér að þeim málaflokki sem þar er. Og við skulum setja þetta í samhengi. Venjuleg fagnefnd á Alþingi hefur miklu, miklu breiðara verkefnasvið heldur en það verkefni sem okkur er falið hér. Það verkefni sem okkur er falið hér, stjórnarskráin, rúmast sem angi af allsherjarnefnd. Hugsum nú sem svo að við sem hér værum, hefðum þurft að vera í fleiri en einni nefnd, hvernig hefði það nú gengið? Ef að við færum út í það, að fækka þingmönnum, að þá er enn frekar verið að kippa stólnum undan því kerfi sem við höfum hér lagt upp með. Og í reyndinni er það þannig að ef við vildum ná fram fullum áhrifum þess kerfis sem að við viljum leggja upp með, og að almennur venjulegur þingmaður geti einbeitt sér að einni tiltekinni þingnefnd, og að síðan sé ákveðin yfirstjórn í þinginu, sem að er laus undan því, að þá þyrfti að fjölga þingmönnum upp í 99 talsins, eins og ég hef stundum nefnt hér áður. Nú ég hef ákveðið að leggja það ekki til. Bæði í ljósi samstöðunnar og einnig vegna þess að það

er kannski ekki forsvaranlegt í því ástandi sem er á Íslandi í dag, að fjölga launuðum þingmönnum um þetta. En það er hreint og klárt glapræði að fækka þingmönnum og samþykkja samt sem áður það kerfi sem við erum að leggja hér upp með. Það er mótsögn í sjálfu sér. En því miður höfum við nú lent í allnokkrum mótsögnum hér undangenginn einn og hálfan sólarhring, sem að við þurfum að lagfæra. En ég legg það til við okkur að við förum nú ekki að bæta á þann vanda. Og að við höldum okkur við þá sátt sem gerð hafi verið. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Fyrst vil ég nefna að ég kannast ekki við að nein sátt hafi verið gerð um fjölda þingmanna, eins og Eiríkur Bergmann hélt hér fram. Ég vil minna alla ráðslíða á að lýðræðið á líka við þegar maður tapar. Ég hef sætt mig við það, fyrr og síðar. Og geri það áfram. Fyrst vil ég nú nefna að ég er alveg sammála aðalflutningsmanni þessarar tillögu að það er fyrst í dag sem við höfum forsendur til þess að taka afstöðu til þessa mál, fjölda þingmanna, í ljósi þess sem að var ákveðið í dag. Og ég minni á að þó ég sé sammála Þorvaldi Gylfasyni, fyrsta flutningsmanni, um að það sé óheppilegt að Alþingi ákveði fjölda sinna þingmanna, eða fjölgun, eins og gerst hefur í gegnum söguna, að þá erum við einmitt í þessu frumvarpi, allavega að mínu mati, að leggja til breytingar á því. Ég minni á að hér kemur til á eftir breytingartillaga varðandi stjórnarskrárbreytingar, sem felur í sér að stjórnlagabing ákveði framvegis stjórnarskrárbreytingar, þannig að með því gætu þingmenn ekki fjölgað sér, með þessum hætti. Síðan er ég líka sammála þessari málsmeðferð, að hér fari fram atkvæðagreiðsla. Og forsendan er að hún sé leiðbeinandi, eins og varaformaður kynnti hérna áðan. Nú ég hef ákveðna samúð með því sjónarmiði að þeir mættu vera 53 talsins, í ljósi þessa sem að ákveðið var áðan, að ráðherrar skyldu vera að hámarki 10 og víkja af þingi. Þá fjölgar þingmönnum í raun um 10, og það í stjórnarliðinu. Sjálfur hyggst ég hins vegar greiða atkvæði með óbreyttum fjölda þingmanna og þá með í raun, eins og Þorvaldur rökstuddi, kannski fjölga þeim aðeins. Og það er í ljósi þess að hlutverk Alþingis er stóraukið í frumvarpinu og því hefur ekki verið haggð neitt í dag, hvað aðalþætti varðar, þ.e.a.s. eftirlitshlutverk Alþingis er stóraukið, fjárstjórnarhlutverk þess með því að ráðherra þurfi að fá heimild frá fjárlaganefnd, fyrirfram, fyrir öllum útgjöldum sem ekki eru í fjárlögum, og löggjafarhlutverk er stóraukið, þó að stór hluti þjóðarinnar 15%, geti fengið frumvarp samþykkt til afgreiðslu og síðan bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekki nein skerðing á aðalhlutverkum Alþingis. Ég vil líka benda á að Alþingi er enn meira en áður var, vinnuþing, skv. okkar tillögum og ný þingskaparlög gera ráð fyrir 8-9 reglulegum fastanefndum, þannig að það er eins og Eiríkur Bergmann nefndi, nóg að gera og verður nóg að gera,

jafnvel þó við hjálpum Alþingi með því að setja stjórnarskrárbreytingar í stjórnlagabing. Loks vil ég segja, að ég held að Eiríkur Bergmann hafi nú aðeins sýnt raunsæi með því að leggja ekki fram tillögu um fjölgun þingmanna upp í 99. Þannig að ég legg til að 63 verði niðurstaðan. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, fyrst varðandi það sem kom fram hjá flutningsmönnum að við sem ráð höfum ákveðið að taka ekki afstöðu fyrr en nú ... Það er reyndar þannig að það þad hefur auðvitað verið lögð fram þessi tillaga um fækkun þingmanna á, að ég hygg, flestum þeim fundum sem fjallað er um kosningakerfið. Henni hefur verið vísað til C-nefndar, og í C-nefnd hefur ekki verið vilji fyrir því að fækka þingmönnum. Þar með er ég ekki að segja að það sé nokkuð athugasvert við það að það sé greitt atkvæði um þetta af öllum ráðsfulltrúum, það er fullkomlega eðlilegt. En hins vegar höfum við verið að fara með þetta mál í gegnum nákvæmlega sama ferli og allar aðrar ákvarðanir sem við höfum tekið og niðurstaðan hefur hingað til verið sú að breyta ekki fjöldanum. Nú, þá aðeins varðandi fjöldann. Það eru svona auðvitað ýmis rök fyrir því að hafa tölurnar hinar eða þessar. Það eru, ég hef séð eina formúlu sem kannski maður þarf ekki að taka mjög alvarlega, hún er sú að taka þriðju rötina af íbúatölu. Og sé það t.d. gert í tilfelli Danmerkur þá eiga þingmenn þar að vera 179, en eru 178, þannig að það munar ... þá er ég að, bíddu, þá er það öfugt hjá mér ... eru þær, já ... jaeja. Svisslendingar eru um 8 milljónir og þriðja rötin af því er 200 og það er fjöldi þingmanna á svissneska þinginu. Þriðja rötin af 320.000 er 68, þannig að við erum nú ekkert svo „far off“ miðað við þá tölu. Því hefur verið haldið fram að ástæðan fyrir því að þingmönnum hefur verið fjölgað, er að stjórn málaflokkar hafa verið að skammta fleiri þingmönnum handa sjálfum sér. Ég held að söguleg ástæða þess að þingmönnum hefur verið fjölgað á Íslandi og raunar í flestum þeim tilfellum þegar þingmönnum er fjölgað, er sú að það er auðveldara að leiðrétta misvægi atkvæða með því að bæta við þingmönnum í þeim kjördæmum þar sem þingmennirnir eru fáir, allt of fáir hlutfallslega, heldur en að taka þá af þeim stöðum þar sem þingmennirnir eru hlutfallslega of margir. Flestar tilraunir til þess að fjölga þingmönnum á Íslandi hafa samt verið í þá veru, þegar þingmönnum í Reykjavík var fjölgað o.s.frv. Þetta er líka gert víða með þessum hætti. Nú ef að þingmönnum er fækkað, þá hefur það auðvitað t.d. í för með sér að hlutfall þessara þingmanna sem eru bundnir við landsbyggðina, einstök kjördæmi, fækkar líka. Þannig að það er þá ekki endilega að koma til móts við þau sjónarmið, sem ráðið hefur reynt að hafa í heiðri, að tryggja það, að raddir allra landsvæða heyrir á þingi. Það náttúrlega verða færri raddir, allra landsvæða, en auðvitað færri raddir allra. Loks var það nefnt að við það að beint lýðræði verði tekið upp, þá muni verkefnum þingsins

fækka. Þetta er að ég held, ekki svona eitthvað sem hefur margar ... sem hægt er að renna mjög sterkum stöðum undir. Í flestum þeim ritum sem ég hef kynnt mér um beint lýðræði, þá hefur komið fram að öflug þjóðþing eru einmitt mjög nauðsynleg, þar sem að beint lýðræði er til staðar. Hér munum við t.d. vera með kerfi þar sem hluti kjósenda getur borið upp tillögu og farið síðan í einhvers konar viðræður við þingmenn. Þannig að það er alls ekki svo að með því að það sé búið að búa til einhvers konar farveg fyrir að mér virðist vera löggjafarvald handa þjóðinni, að þar með séu verkefni þingsins úr sögunni. Flestir mundu vera á því að það þyrfti einmitt að styrkja þingið.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður, gott ráðsfolk. Nú erum við að ígrunda okkar mál, meðan að þessi rökræða fer fram, og hún er nauðsynleg. Ég vil taka það strax fram að ég, eins og aðrir nefndarmenn í C-nefnd, við reyndum að vinna með það fyrir augum að við legðum fram í áfangaskalið það sem að samstaða væri um í nefndinni eða, eigum við að segja, að þetta var málamiðlun sem við lögðum fram í hvert skipti. Talan 63 stóð þarna allan tímann, ekki vegna þess að það væri sátt um hana, heldur var hún bara biðtala, í mínum huga. Og þá komum við að því, eigum við að lækka þessa tölu? Ég lít svo á að hér í sal sé ansi mikið hljómgrunnur fyrir því, og það var það á þjóðfundinum, að fækka þingmönnum eitthvað. Ég hef verið tregur til þess. Stend hins vegar að þessari aðferð sem nú er notuð og vil taka það fram, eins og varaformaðurinn sagði áðan, að það er hægt að leggja fram tillögu um fleiri þingmenn, væntanlega við næstu umræðu ef að menn vilja það svo. Það er hins vegar ekki raunhæft og ég held að fólkíð úti muni bara ekki kaupa það, þó að við styðjum það ýmsum rökum, eins og t.d. að ef við fækkuð þingmönnum of mikið, þá munu völd embættismanna aukast. Sömuleiðis að fækkun þingmanna gerir erfiðara fyrir okkur að láta kosningakerfið okkar ganga upp. Ég held hins vegar að, aðspurður núna rétt áðan hér á ganginum, geturðu sætt þig við 53? Já, kannski. Ég sagði já þá, ég er kannski pínulítið meira efins núna. 57? Já, kannski. En 63 var aldrei nein tala sem ég reiknaði með að myndi standa til eilífðarnóns. Nú vitum við að þeim fækkar í raun, þessum þingmönnum sem hafa bara verið lamaðar endur á þinginu, hafa ekki verið í neinum nefndum, og ekki mátt vera að því að sinna þessu, þeir fara og það koma aðrir inn sem vilja þá sanna sig. Það eru varamenn, sem vilja sanna sig, sem duglegir þingmenn, vafalaust gegnt fólk. Þannig að ég vil sem sagt, í ljósi þessa, er það mín skoðun að það eigi að fækka þeim eitthvað, hvort það eru 53 eða 57, það kemur bara í ljós. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar. Ég var upphaflega á stuðningslista þess að flytja svona tillögu, það var fyrir allnokkru, meðan þetta var ennþá á áfangaskjalsstiginu, þ.e.a.s. ég vildi gjarnan að við fengjum það á hreint, hvað menn væru að hugsa, með þingmannatölu, allavega sem leiðbeinandi kosningu. Nú hefur mikið vatn runnið til sjávar og við erum komin í tímabörng. Ég er ekki að leggja gegn því að þessi könnun fari fram, en minni á það að við verðum að fara núna að öllu með gát og ekki rugga bátnum meira heldur en við erum kannski þegar búin að gera, og ég held við þurfum jafnvel að setjast núna niður, öll, í ró og næði og íhuga hvað við höfum verið að samþykkja í heild sinni. Fara yfir það og skoða. Nú, ef vel væri, þá ættum við núna að fara heim til okkar, í mánuð, og hugsa ráð okkar og koma svo aftur saman og sjá hvort að menn sjái ekki málin eitthvað svolítið með öðrum augum, og kannski nái þá betra samstarfi. Því miður höfum við þetta ekki. Vinnubrögðin í gær og í dag hafa verið með allt öðrum hætti, heldur en var áður. Við unnum áður eins og þið munið, þannig að mál voru fyrst rædd í nefnd og svo var það lagt fram til kynningar hérna á ráðsfundi, síðan hugsuðu menn sitt ráð í eina viku í viðbót og nefnd fór aftur yfir o.s.frv. En núna upp á síðkastið, höfum við verið að fjalla um mál, sem að hafa jafnvel ekki, eða tillögur, ekki einu sinni farið í nefnd, hvað þá út fyrir hús, neitt. Nú, ég er kominn svolítið út fyrir efnið, en þetta ... ég er bara aftur að minna á það, förum varlega. Og ég skil það vonandi rétt að þetta er aðeins leiðbeinandi atkvæðagreiðsla, sem verður þá vegin og metin væntanlega í nefnd, og síðan aftur tekin hérna upp í ráðinu. Ég var með það í huga í haust, þegar að við vorum að undirbúa okkur undir þetta verk, og kynna okkar mál fyrir okkar kjósendum. Þá fannst mér ekki svo galið að fækka kannski þingmönnum sem næmi þeim ráðherrum sem væntanlega yrðu ekki áfram á Alþingi. En mér finnst hafa komið fram sterk rök hérna í allri okkar vinnu, að svo er ekki. Við erum að fela þinginu miklu meiri og vandasamari störf. Pawel fór afar vel yfir þetta áðan og ég hef svo sem engu við það að bæta. Bæti því einu við, sem að hann kannski nefndi þó, að það er svona viss rökleysa í því hjá okkur að segja, við viljum gjarnan að ráðherrar séu utan þingsmenn en samt ætlum við að draga 10 frá, af því að ... kannski verða þeir ekki utanþingsmenn, heldur áfram. Nú, ég bara hvet menn til þess að halda sig við töluna 63, og lýk þar með máli mínu í bili.

SN

Þá er mælendaskrá lokað og Þórhildur Þorleifsdóttir er næst. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágæta ráðsfólk. Ég hef nú svo sem látið í ljósi þá skoðun oft áður að það sé ekki grundvöllur fyrir því að fækka þingmönnum. Því að seta í einni nefnd er að mínu viti alveg kappnóg, ekki síst með auknum verkefnum. Og það er svo sem búið að ræða það ágætlega. Hér hafa menn stund-

um verið að vísa til þess, hvað mikill mannfjöldi er í hverju landi og hversu margir þingmenn. Það er vissulega einn mælikvarði, og nú hefði ég gaman af því ef að þeir sem að hafa reiknigáfu, og ég veit að þeir eru nokkrir hérna, gætu gert eitthvað svipað miðað við það hvort að málafjöldi og málaflokkar eru mjög mismunandi margir eftir því hvað löndin eru ... fjöldi íbúa er mikill. Þá er ég hrædd um að kæmi kannski dálítið annað hlutfall í ljós, eða aðrir mælikvarðar til viðmiðunar. Og eins þyrfti þá líka að taka tillit til eðli þinganna. Og við erum svo sannarlega að breyta, ef að þetta nær allt fram að ganga, þá erum við að breyta þingi Íslendinga í vinnuþing, umfram það sem það var. Þannig að ég held við þurfum ekki síður að hugsa um málaflokka og mál, heldur en fjölda íbúa landsins. Bara ef við værum komin í töluna 53, þá værum við þegar komin í þá stöðu að einhverjir þurfa að vera í tveim nefndum, sem að ég held að sé bara ekki með nokkru móti ... bara, það kallar ekki á boðleg vinnubrögð. Aftur á móti ef það væri farið í 57, þá kemur dálítið sérkennileg niðurstaða. Það eru 8 nefndir sem nú er kveðið á um í nýjum lögum frá Alþingi og það eru 7 í hverri nefnd, og það eru 56 og þá segi ég bara, æ hvað á að gera við þennan eina sem verður eftir? Eru 9 í hverri nefnd? Þess þá heldur.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Formaður, kærur félagar. Mig langar aðeins að snerta á þessu með fjölda þingmanna. Við höfum verið að reyna að leggja meira eftirlitsvald á Alþingi og eitt af þeim verkefnum sem að þingið þarf að fara með, hlýtur að vera að sinna því þá, og nú erum við að tala um að mögulega fækka þingmönnum. Nú þekki ég nokkra þingmenn og ég veit að þeir eru í vinnunni allan sólarhringinn. Ef við ætlum að leggja á þá fleiri verkefni og fækka þeim, þá veit ég ekki alveg hvernig þeir ættu að fara að því að vinna vinnuna sína. Við vitum það, þegar við sitjum hér lengur og lengur á daginn að það dregur úr framlegð okkar og afköstum, og ég held að það sé betra að við séum með fólk sem að fær, að einhverju leyti, tíma til að sinna sínum verkefnum. Minn ágæti kollegi Indriði Indriðason, hefur verið að skrifa pistla um okkar störf og okkar tillögur, á netinu, vefsíðan er politicaldata.org, fyrir þau sem að vilja kíkja á það. Og hann bendir á að þó að það séu vissulega færri borgarar á hvern þingmann hér, heldur en í flestum öðrum löndum, að þá er þingið sjálft mjög lítið, það er mjög fámenn. Og það þarf nokkra tugi manna til að vinna þessa vinnu. Og þar að auki erum við að setja inn svona hluti eins og að hægt sé að greiða tilteknum einstaklingum sín atkvæði, og þá erum við komin með vissa hættu á spillingu. Þegar að fólk fer að eiga sitt undir því að persónulega, ekki að flokkurinn þeirra fái stuðning, heldur að þeir sem einstaklingar fái stuðning, þá kannski vilja þeir þurfa að fara að sinna áhugasviðum tiltekinna kjósenda, ekki bara kjördæmisins, sem að margir hafa nú kvartað yfir með sitjandi

þingmenn og ráðherra að þeir geri í of miklum mæli. Og þeim mun færri sem þetta eru, þeim mun færri eru það sem að þjónustu af sínum þingmönnum. Þannig að ég held að það séu hérna ýmsar hættur.

Síðan er það með nefndirnar. Þórhildur kom inn á það, að það er núna, Indriði hefur líka reiknað þetta, hann segir að, að meðaltali þá eru 9 manns í hverri nefnd, fyrir utan 11 í fjárlaganefnd, þá er sem sagt hver þingmaður að meðaltali í 1,47 nefndum. Ef við fækkum þeim bara niður í 53, held ég að hann sé að reikna, frekar en 56, þá erum við að tala um að hver þingmaður sé í 2,07 þingnefndum. Og þá aftur, eins og Þórhildur sagði, það er alveg fullnóg, kappnóg að sinna einni nefnd, svo að vel sé, og aftur, nú þekki ég nokkra þingmenn og ég veit hvernig þeir stundum eiga að vera á þremur fundum í einu. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk sinni vinnunni sinni svona. Og að lokum, af því að ég er örugglega komin yfir tíma. Að þá, ef ... þeim mun meira sem við fækkum þingmönnum, meðan við erum ... þó við höfum nú tekið út skylduna til að hafa hlutbundnar kosningar, sem ég er mjög óánægð með, að þeim mun færri þingmenn, þeim mun færri hlutfallslega verða konur. Og Pawel nefndi líka að þeim mun færri verða fulltrúar þingmanna. Konur eru neðar á listum heldur en karlar og þær hafa minni aðgang að fjármagni og minni aðgang að fjölmiðlum, þannig að þær eiga erfðara með að koma sér á framfæri, þannig að þeim mun fækka. Ég mun ekki styðja fækkun þingmanna. Takk fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Gott ráðsfolk. 63 er engin heilög tala, eins og Ómar benti á. Þetta var eins og biðtala, eðlileg biðtala í vetur á meðan við vorum ekki að ræða fjölda þingmanna og skipan Alþingis. Og ég mótmæli því að það hafi verið einhver sátt gerð um fjölda þingmanna, 63. Það kannast ég ekki við. Ekki nema að menn hafi litið á það, að þetta var látið standa óbreytt, því það var betra að gera það heldur en að láta þá einhverja umdeilanlegri tölu standa á meðan ekki var sýnt hvert málin stefndu. Þannig að 63 er engin heilög tala. Og það má færa rök að því að víða vantar hendur og starfandi heila til þess að störf skili árangri. En það breytir ekki miklu hvort það eru fleiri eða færri til þess. Ég ætla ekki að vitna í máltækið sem að mælir með því að það séu færri.

En það er ... menn óttast þessa umræðu, að tala nokkrar mínútur um það hvað þingmenn eiga að vera margir og halda að þannig eru þeir að rugga bátnum, þá rugga menn bátnum með fáu meira heldur en að vera svo hræddir að þeir skjálfi og báturinn fari að rugga. Hvað þá ef þeir hlaupa fyrir borð. Ég ætla að biðja menn að fara varlega í það. En ég tel að sú aðferð sem hér er notuð, hún sé það skásta í stöðunni, að lausnin sem Ari kynnti hafi verið góð. Og halda bara við sitt, úr því sem komið var. En ég minni á að ef þessi tillaga

hefði átt að vera dæmd ótæk, eða sett út, þá hafði ég mikið með aðra tillögu fyrir henni, sem að gildi inn á þennan fund, þ.e.a.s. tillögu frá síðasta ráðsfundi þar sem ég lagði til að þeir yrðu 56. Og það er deilanlegt með 7. Ég hélt að þingnefndir væru 7 manna en ekki 9, þið verið að fyrirgefa. En ég ætla að leggja til 53.

SN

Örn Bárður Jónsson.

ÖBJ

Formaður, góð systkin. Ég er nú ekki sérfræðingur í Alþingi eða vinnubrögðum þess og velti því fyrir mér hvort að hinar stærðfræðilegu formúlur um mannfjölda og annað eigi ... sé hægt að alhæfa um það allstaðar, en met þær upplýsingar. Við höfum þá áskorun víða að, að fækka þingmönnum. Ég veit að það eru rök á móti því, og það eru rök með því. Eins og þetta er núna, í dag, þá eru 63 þingmenn og ráðherrarnir virka ekki með sama hætti og þingmennirnir, þannig að í raun eru þeir ekki þá nema kannski 53. Hvað eru ekki ráðherrarnir 10 núna? Og þannig að, það hafa verið færð hér rök fyrir 53. Ég vil svona, í anda sáttar gagnvart þeim sem vilja fjölgum, að tala þá um 57 vegna þess að þó að þar sé raunverulega fækkun um 6 þingmenn, þá fjölgar hinum vinnandi höndum í nefndum um 4, miðað við okkar kerfi um að ráðherrarnir víki. Þannig að ég ætlaði nú svona bara að vekja athygli á þeirri tölu. En auðvitað kjósum við bara um þetta og síðan fer það til nefndar. Þannig að við erum ekki að binda okkur hér, þó við gerum þessa skoðanakönnun, en það er mikilvægt atriði. Við erum ekkert að læsa okkur inni. Takk fyrir.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Í félagslegu starfi að þá er það talið heppilegasta stærðin á nefndum, það eru 4 til 5. Og hvert sæti sem er umfram það, verður nefndin óvirkari. Og t.d. er talið nánast, ja nefndir sem eru komnar á stærðgráðuna upp í 9 eða 10, að þær eru yfirleitt þannig að þær eru klofnar í tvennt, svoleiðis að þær verði virkar. Vegna þess að það er útilokað að fara að nota nefndarstærðina 9 þegar að menn eru að tala um þetta. En þetta er í sjálfu sér í samræmi við þau rök sem menn hafa verið að leika sér með hérna. Það má líka náttúrlega ræða um málsmeðferðina, það er eins og það fari alveg hrikalega í taugarnar á einhverjum hérna inni, sem að telja sig vera sjálfskipað vald, að hér fari fram umræða og tillöguflutningur og umræður um tillögurnar. Og svo er dregin fram einhver niðurstaða. Ég meina, þá spyr maður sig að því, hvers vegna erum við þá að halda þessa fundi hérna, þessa undanfarna tvo daga. Eða hvers vegna var verið að leggja að fólki að setja saman tillögur, ef það vildi, og leggja þær fram og gefa fólki kost á því að vera meðflutningsmenn. Það er þá líka bara önnur spurning sem menn þyrftu þá að spyrja sig að. Og svo má þá líka velta fyrir sér með þetta sko,

hvað varðar ... því er haldið fram hérna að það hafi verið gengið frá því að þingmenn ættu að vera 63. Það er bara alls ekki rétt. Það var aldrei gengið frá því. Það er búið að liggja í loftinu allan tímann að menn vissu í raun og veru ekki hvernig þeir ætluðu að afgreiða þetta með ráðherra og hvort þeir ættu að sitja á þingi eða ekki eða hálf í hvoru á þingi eða yfirhöfuð að vera ekkert á þingi, eða bara fá þá alla aðkeypta utan úr bæ. Það er nú t.d. meðal annars sú ástæða fyrir því að þetta hefur ekki verið ... þessi tala hefur aldrei legið á hreinu.

En ég ætla ekki að fara að mæla með einni tölu umfram aðra og hef ekki gert það. En ég hef aftur á móti verið fylgjandi því að það yrði fengið á hreint hvað ráðið vildi. Og ég stóð í þeirri meiningu að stjórnin hefði tekið það verkefni að sér, eins og hefur komið fram hérna. Og það hefur hún ekki gert. Það er bara óhrekjanleg niðurstaða. Þannig að nú förum við í þessa kosningu og sama hvort hún fari í taugarnar á einhverjum eða ekki, þetta er bara staðreynd. Svo er spurning hvort að menn geri svo eitthvað með niðurstöðuna, maður hefur svo sem enga trú á því að það verði.

SN

Nú er umræðu lokið um málið. Er ... Ætlaðu að ... Hvaða athugasemd ...

EBE

Mig langaði bara til að benda á einn lítinn efnispunkt, sem er agnarsmár og gæti skipt máli, en ef að menn eru ...

SN

Varðandi efnislega umræðu?

EBE

Já, algjörlega varðandi efnislega umræðu. Þetta er ekki ...

SN

Já, henni er lokið, sko. Við skulum ...

EBE

Ég veit að henni er lokið en ég er bara að biðja um hvort ég mætti nefna einn punkt.

SN

Ég held að við bara hérna, förum í kosninguna.

EBE

Nei, ákkúrat.

SN

Og þá er það um tillöguna eins og ... og við byrjum á lægstu tölu, og það verður að nást sem sagt meirihluti, þannig að það verða að koma 13. Ef fólk situr hjá og stór hluti situr hjá, að þá er það ekki meirihluti fyrr en það eru komnir 13, sem eru með einhverri tiltekinni tölu.

GT

En væntanlega verður haldið áfram að greiða atkvæði til 63? Þannig að ...

SN

Við höldum áfram að greiða atkvæði. Greiðum atkvæði um hverja einustu tölu. En við þurfum að ná meirihluta. Og þetta er leiðbeinandi fyrir nefndina að tala um.

Og þá byrjum við á tölunni 37. Þeir sem eru samþykkir að þingmenn séu 37 ýti á gula takkann, hinir á rauða takkann og svo getið þið náttúrulega líka setið hjá en það er ... Gjörrið svo vel. Kosning er hafin núna.

... já, sko þið megið sitja hjá, en það er sem sagt, við þurfum að fá hreinan meirihluta. Það er skýrast náttúrulega að fá hreinan meirihluta. En við ætlum samt að fara upp í 63.

Við erum að tala núna um 37, töluna 37.

... Allir að kjósa.

SN

Þessu er hafnað, af 21 og 1 samþykkir og 2 sitja hjá.

Þá förum við í töluna 43. Þeir sem vilja 43 þingmenn samþykki, aðrir hafni, eða sitji hjá.

43, talan 43.

Þessu er líka hafnað afdráttarlaust, 21 er á móti og 1 samþykkir og 2 sitja hjá.

Þá er það talan 49. 49 er næsta tala, sem boðið er upp á hér.

Og kosning er hafin, 49.

Og henni er hafnað með 19 atkvæðum, 4 samþykktu og 1 situr hjá.

Þá er það talan 53. Og við kjósum um hana.

Hefjum kosningu og kosning er hafin, 53.

Og henni er hafnað með 17 atkvæðum, 6 voru fylgjandi og 1 sat hjá.

Þá er það talan 57. Við hefjum kosningu um töluna 57. Og kosning er hafin.

Já, það eru 14 sem hafna 57, 7 samþykkja og 3 sitja hjá.

Þá er það talan 60. Og kosning er hafin um töluna 60.

13 hafna og 9 samþykkja töluna 60, 2 sitja hjá.

Og þá, eigum við að kjósa um 63?

Það er bara talan sem er.

[Umræður úr sal]

GT

Ég spurði sérstaklega um það, hvort að yrði ekki farið upp í 63, og svarið var já.

SN

Eigum við ekki að fara í 63? Og það er í tillögunni ... Þetta er óformleg skóðanakönnun, já.

Og þá er það 63. Og við hefjum kosningar um töluna 63.

SN

18 samþykkja, 4 hafna, 2 sitja hjá.

Þannig að þá er komin hérna ... þessi niðurstaða fer í nefndina. Þá er komið að kaflanum um sveitarfélög og eigum við ekki að taka nokkrar saman. Það er sem sagt um sveitarfélög og kaffi líka um utanríkismál. Það er sem sagt gr. 103 til 110, og það eru 4 breytingartillögur. Það er fyrst

brtt. um nálægðarreglu, gr. nr. 104 og brtt. er nr. 93, brtt. nr. 51 við meðferð utanríkismála og brtt. nr. 57 við sömu gr., meðferð utanríkismála. Og loks brtt. nr. 2 við 109. gr., framsal ríkisvalds. Og þetta eru fjórar greinar og úr tveimur köflum, VII. kafla um sveitarfélag og VIII. kafla um utanríkismál. Og þá byrjum við á brtt. nr. 93, 104. gr. um nálægðarreglu og það er Vilhjálmur Þorsteinsson, er það ekki, sem ætlar að kynna hana, eða formaður? Já, Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Já. Takk fyrir, formaður, góðir áheyrendur. Hér er mjög saklaus breytingartillaga á ferðinni. Það var fyrir misgáning að féllu út nokkur orð, úr grein sem nefnd B hafði afgreitt frá sér í kaflanum um sveitarfélög. Og það stóð alltaf til að í ákvæði þessu, í 104. gr. stæði að „á hendi sveitarfélaga eða samtaka í umboði þeirra, væru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði“, o.s.frv. Það datt út þetta, „eða samtaka í umboði þeirra“. Og brtt. gerir einungis ráð fyrir því að þeim orðum verði bætt inn á nýjan leik. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 51 við 107. gr., meðferð utanríkismála og það er Andrés Magnússon sem fylgir henni úr hlaði. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður, félagar og þið sem heima sitjið. Tillagan er flutt af mér og Gísla Tryggvasyni og Þórhildi Þorleifsdóttur. Og þetta er tillaga um það að það þurfi alltaf að ræða á Alþingi allan stuðning við stríð. Eins og er núna, þá eru ákveðnar undantekningar, sem við stingum upp á að verði felldar niður. Þetta er svona það sem að Katrín Fjeldsted kallar svona, friðsælt andóf. Og þetta kann að virðast fjarlægst málefni fyrir okkur, það er vegna þess að við erum svo fjarri ógnum og skelfingum stríðs. En þetta er samt hörmulegur atburður, þar sem að þeir eiga sér stað. Nú það hefur verið bent á, eða sem sé mælt mót, að stundum þarf að grípa til tafarlausra aðgerða, en ég held að stórveldi muni ekki bíða eftir samþykki Íslands til þess að hefja stríð, hernaðaráttök. Sjálfsagt koma rök um það ... lagarök. Það hefur alltaf verið þannig þegar almenningur er að reyna að ganga gegn hernaðarhyggju, að það er bent á lög og reglur o.s.frv. En þetta er sem sé hægfara leið til þess að það verði ekki sjálfgefið að stjórnmalamenn geti bara lýst yfir stuðningi við stríð, að það þurfi alltaf að ræða það á Alþingi og alltaf að koma samþykki Alþingis. Og ég er sannfærður um að okkur muni ekki verða hent út úr Sameinuðu þjóðunum, þó svo að þessu verði breytt. Og þetta er bara svona hægfara breyting í átt að friði. Kalda stríðið er löngu búið og valdamenn heimsins geta ekki gengið að því sem vísu að við munum, án umræðu, samþykkja stuðning við stríð, og vona ég að þið takið vel í þessa tillögu okkar. Takk.

SN

Þá er það brtt. nr. 57 við 107. gr., meðferð utanríkismála. Og það er Ómar sem ætlar að fylgja henni úr hlaði. Gjörðu svo vel, Ómar.

ÓR

Já, formaður og gott ráðsfólk. Þetta er svoltið sérkennilegt. Við Erlingur tókumst hér á um setningu sem var í ákvæði í frumvarpsdrögum og kom út úr nefndinni sem ég sat í og stóð því að, á sínum tíma. Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis. Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samræmi við þá stefnu“. Ég taldi á sínum tíma nauðsynlegt að þetta væri neglt niður, að forseti gæti ekki rekið aðra utanríkisstefnu, heldur en ríkisstjórnin. Síðan hittumst við Erlingur á eftir og Gísli Tryggvason kom þar líka að, og þá fórum við að hugsa um það, hvort það væri einhver leið að sætta þau sjónarmið og ég skal fúslega þakka Gísla Tryggvasyni fyrir það að hafa leitt okkur Erling saman. Því að þegar ég fór að skoða þetta betur, að þá er þetta sem að stendur í frumvarpsdrögum, „utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins er á hendi ráðherra í ríkisstjórn í umboði og undir eftirliti Alþingis“. Þarna er greint mjög nákvæmlega á um verksvið þessara aðila. Það myndi einfaldlega þýða, ef að forseti Íslands færi nú allt í einu að vaða inn í þetta og færi að taka þetta að sér, þá væri hann að fara inn á verksvið, sem er þarna tiltekið í stjórnarskrá. Við viljum hins vegar breyta þessu aðeins. Það þarf ekkert að segja í ríkisstjórn, ég veit ekki um neinn ráðherra sem ekki er í ríkisstjórn. Við viljum hafa þetta svona, breytingartillagan er svona, 1. mgr. 107. gr. orðist svo: Utanríkisstefna og almennt fyrirvar ríkisins á því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis“. Greinin er skýr eins og hún stendur eftir breytinguna. Við-bótin sem sett var inn, var óþörf. Umræddur málsliður, sem lagt er til að falli brott, hljóðaði svona, eins og ég sagði. Það fer ekki vel á því að binda í stjórnarskrá, hvernig forsetar Íslands skuli tjá sig eða tjá sig alls ekki, um alla framtíð. Minna má á svohljóðandi ákvæði í upphafi 11. gr. þessa frumvarps, „öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar“. Og síðasta ákvæði sömu greinar er: „Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna“. Þá segir í 47. gr. þessa frumvarps: „Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína en ekki við nein fyrirsmæli frá öðrum“. Hið sama hlýtur að eiga við forseta Íslands og aðra þegna þjóðfélagsins. Því er þessi breyting hér á gerð, skv. tillögu okkar. Betur fer á því að skrifa þá meginreglu að ráðherrar, einkum utanríkisráðherra og þá gjarnan eftir samráði við ríkisstjórn, sbr. meðal annars 3. mgr. 85. gr. frumvarpsins, sé í fyrirsvari fyrir utanríkisstefnu landsins í umboði Alþingis. Forseti Íslands er þjóðkjörin. Við verðum að treysta því að hann virði valdmörk sín, að hann taki tillit til þess að verksviðið er afmarkað. Og það er óþarfi sennilega, fyrir okkur, að þurfa að láta hann líta



út í stjórnarskrá, eins og persónu, sem er með límband fyrir munninum. Takk.

SN

Þá er það loks brtt. nr. 2 við 109. gr. um framsal ríkisvalds. Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kærur vinir. Þetta er sem sagt brtt. sem flutt er af mér, Þórhildi Þorleifsdóttur, Lýð Árnasyni, Gísli Tryggvasyni og Dögg Harðardóttur. Og hún snýst um það að loka mgr. þessarar gr. nr. 109, breytist. Núverandi mgr. er svona, og þetta fjallar um framsal til alþjóðlegra stofnana. Núverandi ákvæði er svona: „Um fullgildingu slíks samnings fer samkvæmt þeim reglum sem eiga við um breytingu á stjórnarskrá þessari“. Og það er sem sagt notað, vísun í hvernig á að breyta stjórnarskránni þarna. En við leggjum til að það verði frekar horfið til fyrri vegu og sagt: „Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi“. Þetta er gert til þess að það sé alveg ljóst öllum þeim sem fá okkar drög í hendur, að það sé ekki verið að reyna einhvern veginn að svíkja þjóðina um þann rétt sem hún telur sig skýlaust eiga, að greiða atkvæði um það ef að t.d. væri ákveðið að fara inn í Evrópusambandið.

Og þetta er líka kannski gert bara til þess að auka samrými og skiljanleika, af því það fer ekki svo vel að vera að vísa svona á milli greina. Frekar þá bara að segja nákvæmlega skýrt hvernig þetta á að vera. Og láta síðan stjórnarskrárbreytingar vera aðskilið mál. Þannig að það er sú tillaga, þannig að fólk fái nú ekki einhvers konar áhyggjur að við séum að reyna að taka frá þjóðinni þann rétt sem hún á til að greiða atkvæði um inngöngu í Evrópusambandið, þá sé bara kveðið algjörlega skýrt á um þetta í ákvæðinu. Takk.

SN

Já, þá er orðið laust um þessar fjórar breytingartillögur, nr. 93, 51, 57 og nr. 2. Orðið er laust. Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Mig langar fyrst að hvetja fólk til þess að samþykka þessa tillögu sem Ómar var að mæla fyrir. Hún segir í raun það sem að flestir eru sammála um, að það eru ráðherrar, fyrst og fremst utanríkisráðherra, sem mælir fyrir utanríkisstefnu landsins. En þar er fallið frá því að segja það sem er ... sumir vilja meina en er óheppilegt að segja berum orðum í stjórnarskrá, að forseti Íslands hafi ekki málfrelsi. Þá langar mig að tala aðeins um tillögu okkar Katrínar og fleiri um framsal ríkisvalds. Þarna er í hópnum bæði fólk sem er, að ég hygg, andvígt inngöngu í ESB, og fylgjandi. Ég er mjög fylgjandi inngöngu í ESB, en tel mjög mikilvægt, bæði lagalega og pólitískt að það sé alveg skýrt, að þjóðin hafi lokaorðið í því. Og ég held að tillögur okkar myndu hvorki njóta hljóm-

grunns hjá þingi né þjóð ef að við færum að gefa annað í skyn. Þannig að ég hvet ykkur til að samþykka þessa brtt. nr. 2 um 109. gr. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætlaði nú bara að tala hér um tillögu 93 við 104. gr., nálægðarregluna. Þetta er sem sagt mál sem var á forræði nefndar B, og eftir umræðu í nefndinni þá var það, eins og kemur fram í greinargerð, var það samþykkt með meirihluta í nefndinni að leggja þetta fram. Ég hins vegar er ekki í þeim meirihluta. Mér finnst þetta ekki góð viðbót að bæta við þarna orðunum, „eða samtaka í umboði þeirra“. Þarna finnst mér vera komið dálítið vítt framsal á framkvæmdarvaldi, til ótiltekinnar samtaka, sem að sveitarfélög geta þá annast. Sveitarfélög eru framkvæmdarvaldshafar, og þarna er þeim þá veitt leyfi til að framselja vald sitt. Og síðan er greinargerðin dálítið ... nefnilega skýrir þetta ekki heldur þá í rétta átt. Því að þeim er þá gert mögulegt að framselja til þess sem er kallað einkaréttarlegra aðila. Og sem dæmi um slíka aðila má nefna samtök sem ekki hafa arðsemismarkmið, en það er nú samt hvergi tekið fram. Þetta gætu auðvitað hugsanlega verið alls kyns aðilar, sem að fá þarna mögulega framsalsrétt úr hendi sveitarfélaga. Og ég geld varhug við þessu, mig grunar að þarna sé nú kannski draumur einhverra frjálsbyggjumanna, gæti þarna verið á ferð. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek.

PB

Já, kærur vinir. Mig langar að gera að umtalsefni tillögu um það að ákvörðun um stuðning við stríð, sem sagt, já, aðgerðir sem fela í sér beitingu valds, skal háð samþykki Alþingis. Þar er verið að fella út setningu, „aðra en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarrétti“. Og ég svona vona að þeir sem ætla sér að greiða þessu ákvæði, þetta fer út, þeir hafi allavega kynnt sér þá góðu og ítarlegu greinargerð sem fylgir með okkar tillögum. Stærsti styrkur þessa ákvæðis, eins og ég tel að það standi núna, er að þrátt fyrir því að ég hafi á því fullan skilning að þetta geti virst vera bitlaust, þá er það einmitt mjög bitmikið, vegna þess að þetta heldur fullkomlega. Þetta ákvæði, eins og það stendur þarna, tekur á því, sem hefur verið hvað umdeildasta ákvörðunin varðandi stuðning við stríð, á undanförunum árum, en hins vegar er ekki hægt að saka, sem sagt, texta ákvæðisins þess efnis, að það sé verið að gera hluti sem standasta ekki alþjóðaskuldbindingar Íslands. Það eru, eins og hefur marg oft komið fram, við erum aðilar að NATO og þurfum að bregðast við. Þegar að einhver ræðst inn í Tyrkland, þá þarf Ísland að koma Tyrklandi til bjargar. Sömuleiðis geta ákvarðanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna bundið íslensk stjórnvöld, og þá mundi, í þeim tilfellum, samþykki Alþingis ekki hafa neitt að

segja hvort sem er. Nú, síðan er það gr. um framsal ríkisvalds. Þetta hefur farið í nokkra hringi í nefndinni. Okkur þótti ... niðurstaðan að lokum var sú, að hafa sama ferli í gangi og þegar um er að ræða breytingu á stjórnarskrá, því það er varla hægt að ímynda sér neina sterkari kvöð heldur en þá. Kvöð sem fylgir stjórnarskrárbreytingum. Þetta er svipað fyrirkomulag og á sér stað í Danmörku t.d., þannig að það er að sjálfsögðu þannig að það er enginn pólitískur vilji fyrir öðru en því að þjóðin hafi lokaákvörðun um það hvort Ísland gengur í Evrópusambandið, eða ekki. Hins vegar geta komið upp tilfelli, t.d. þegar um er að ræða breytingu á fyrirbyggjandi samningi, sem allir eru sáttir um að þurfi að gera, að heppilegt geti verið að beita þessu ákvæði, sem er í tillögu um breytingu á stjórnarskrá, um að mjög stór meirihluti þings geti ákveðið að fallast á slíkt. Þannig að ég mundi leggja til að þetta stæði óbreytt, en ég skil vel sjónarmið þeirra sem leggja þetta til. Ég ætla ekkert að bæta við fleiru að sinni.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Já, kæri formaður og félagar og áheyrendur. Ég ætla aðeins að gera að umtalsefni brtt. nr. 57 við 107. gr. Þar stendur: „Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins er á hendi ráðherra, er á hendi ráðherra ... í umboði og undir eftirliti Alþingis. Forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samræmi við þá stefnu“. Í samræmi við stefnu ráðherra. Og þarna er sem sé, er verið búa til þá stöðu að ráðherra geti farið að setja ofan í við forseta. Hann gæti líka beðið undirmann sinn að hringja í forsetann og koma því á framfæri að honum líkaði ekki hvernig forseti væri að tala. Það var nú einu sinni þannig á Íslandi að það voru pólitískir andstæðingar sem sátu samtímis á forsetastóli og í stóli utanríkisráðherra. Og með þessu ákvæði, þá hefði utanríkisráðherrann, farið að geta svona ... biðja sína undirmenn að vera svo væn að hringja í forsetann og segja að þeim hefði kannski mislíkað eitt og annað. Ég óttast þetta. Og það er ekki þar sem við viljum hafa þjóðkjörna menn. Það er ekki þar í hárarkíinu. Við viljum ekki hafa þá í hárarkíinu einhvers staðar undir embættismönnum í utanríkisráðuneytinu. Þannig að við bara treystum því að forseti skilji það, að hann komi fram í samræmi við þessa stefnu. En við segjum honum ekki, skipum ekki þjóðkjörnum manni að vera settur undir aðra embættismenn. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Og mælendaskrá er lokað þegar hann hefur lokið máli sínu.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég biðst afsökunar á að taka stuttlega aftur til máls. Það geri ég af því að varaformaður nefndar B, Vilhjálmur Þorsteinsson andmælir nú tillögu sem að kemur frá nefnd B, meirihlutanum. En þetta

er reyndar eitt af fáum dæmum þar sem að hann varð í minnihluta með. En ég taldi það mikilvægt að áréttta það, sem fram kemur þarna, að samtök í umboði sveitarfélaga geti einnig sinnt opinberri þjónustu. Í því felst að sjálfsögðu engin frjálshyggja. Þetta er í annað skiptið í dag sem ég er talinn vera meðreiðarsveinn frjálshyggjumanna, sem er alveg nýtt fyrir mér. Það geri ég hvorki meðvitað né ómeðvitað, enda kemur alveg skýrt fram í greinargerðinni, að hér sé m.a. átt við samtök sveitarfélaga sjálfra, eins og Samband íslenskra sveitarfélaga, eða landshlutasamtök þeirra, eða allsherjarréttarlegan samstarfsgrundvöll þeirra, sem eru byggðasamlög. Og ekkert af þessu getur fallið undir frjálshyggju. Hin fjögur dæmin, sem ég nefni um samtök, geta heldur ekki fallið undir einkarekstur eða frjálshyggju. Það er sérstaklega tekið fram, að hér sé ekki um arðsemismarkmið að ræða. Hugtakið samtök getur það heldur ekki, hvort sem er í lögum eða stjórnarskrá. Fyrirtæki, sem hafa arðsemismarkmið, eru ýmist kölluð fyrirtæki eða félög, hlutafélög. En hér eru nefnd nokkur dæmi um önnur samtök en samtök sveitarfélaga, sem ég nefndi áður, þ.e.a.s. foreldrafélög, notendasamtök, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir. Og þær hafa skv. eðli sínu og skilgreiningu ekki arðsemismarkmið, arðurinn fer í markmiðið sjálft. Samvinnufélög hafa ekki arðsemismarkmið sem fer til eigenda, notendasamtök og foreldrafélög ekki heldur. Þannig að ég vil andmæla þessum skilningi sem ég vona að sé misskilningur hjá Vilhjálmum. Hér er líka sérstaklega árétttað, í lok stuttrar greinargerðar, að í slíkri heimild til framsals á um-sýsluþjónustu, felst ekki að sveitarfélög geti skotið sér undan lögbundnum skyldum sínum. Þannig að hér er hvorki bein né dulbúin frjálshyggja, að sjálfsögðu, frá mér komin. En þetta er dæmi um meirihlutasamþykkt nefndar B, sem datt út fyrir mistök, þannig að ég ætla rétt að vona að menn fari ekki að taka mark á þessum andmælum Vilhjálmum. Takk.

SN

Þá er mælendaskrá lokað. Erlingur var búinn að gefa reyndar merki hérna ... og við ætlum að gera matarhlé núna, því það er kominn matur í hús. Þá gerum við hlé núna til kortér yfir sjö. Takk.

SN

Jæja, þá höldum við áfram, er það ekki? Er ekki allt komið í gang?

Ómar vill flytja gamanmál.

ÓR

Þetta er örstutt. Eiríkur Bergmann, er hann ekki þarna?

SN

Nei, hann er ekki hérna. Þá skaltu biðja með þetta bara ... Ef þetta er sérstaklega fyrir Eirík Bergmann.

ÓR

Þetta á við ákkúrat núna, þetta er í orðastað hans, vegna þess að þið eruð að fódra okkur á

pappírurum hérna. Og nú fórum við í mat og hann vantaði til þess að það væru 24 áðan. Og hann hefði átt að syngja þetta til þín áður en við fórum að borða: „Will you still need me, will you still feed me, when we're 24.“

SN

Við byrjum aftur. Og við erum í miðri umræðu, bara svona til að rifja upp, um sveitarfélög og utanríkismál. Og Lýður Árnason er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel. Lýður.

LÁ

Já, kærur vinir. Ég ætla að fjalla hérna aðeins um brtt. 51 við 107. gr. um meðferð utanríkismála. Og það telst nú kannski til tíðinda að í fyrsta skipti held ég sé ósammála Andrésí vini mínum. Við ræddum þetta mjög mikið í C-nefnd, þetta ákvæði. Og ég er svo sem mjög hlyntur alveg tilgangi þess og innihald. En það er alveg rétt sem Pawel segir, að kosturinn við ákvæðið eins og það er núna, að það heldur. Og ég tel það mikils virði og þess vegna mæli ég með því að þessi brtt. verði felld. Ég vona að þú fyrirgefir mér það, Andrés. Varðandi forsetann, brtt. 57 við 100. gr. Meðferð utanríkismála. Ég ætla að svona bara að varpa því fram, ef að forseti vor hefði nú á tímum útrásarinnar, andmælt útrásinni, þá hefði það skv. þessu ákvæði verið stjórnarskrárbrot. Þannig að ég ... jú, ef að forseti vor hefði andmælt útrásinni ... . Nú hvað annað? Erum við ekki að setja í stjórnarskrá að megi ekki segja það sem honum sýnist.

ÞÞ?

Já, en það var ekki utanríkisstefnan.

ÖBJ?

„You ain't seen nothing yet,“ það var ekki utanríkisstefnan

LÁ

Já, ég skil það allavega þannig. Hefði hann andmælt henni þá hefði það verið brot á stjórnarskrá.

Svo ætla ég að áréttu að lokum, brtt. nr. 2 við 109. gr. um Framsal ríkisvalds, að ég held að það sé mjög skýr krafa þjóðarinnar, varðandi eingöngu í ESB, að það sé á hreinu hvaða afdrif slíkt hefur í ákvæði í stjórnarskrá. Og ég held að þjóðin muni una þeirri niðurstöðu miklu betur, ef við kveðum afdráttarlaust á um þetta, já eða nei, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að ég mælist til þess að við samþykkjum þessa breytingartillögu. Takk, takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar. Það eru nokkrir punktar sem mig langar að nefna hérna. Fyrst brtt. nr. 93 frá Katrínu og Gísla, þó að Vilhjálmur sé efstur á henni, en hann er ekki meðmæltur henni. Ég las fyrst greinina og tillöguna og hugsaði, já þetta er fínt. Og svo las ég skýringarnar og hugsaði nei, þetta get ég ekki stutt. En svo talaði

Gísli og þá snerist mér aftur hugur. Þannig að ég ætla eiginlega að segja bara, ég er tilbúin til þess að styðja þessa breytingu, með sem sagt, samtaka í umboði þeirra, samtaka í umboði sveitarfélaga, ef greinargerðinni verður breytt, eða skýringunum, og það verði ekki, sem dæmi um slíka aðila má nefna samtök, sem ekki hafa arðsemismarkmið, heldur einmitt að það séu eingöngu slík samtök, sem ekki hafa arðsemismarkmið, sem að eru skilgreind þarna sem samtök í umboði þessara sveitarfélaga. Ég er búin að segja Gísla að ég skuli greiða atkvæði með þessu ef hann lofar að breyta þessu. Þá með meðferð utanríkismála, og við erum nú búin að ræða töluvert um þetta af og til, hérna í gegnum allt ferlið, og ég held að ég hafi nú lagt fram þá tillögu, sem að svona, umbreyttist, ummyndaðist í þessa. Ég mun styðja ákvæðið eins og það stendur í drögnum núna, frekar heldur en þessa brtt. Það eru til tilvik þar sem við erum skuldbundin til þess að sko, ekki vera hlutlaus, og ekki vera á móti aðgerðum. Pawel notaði orðalagið, sko, að við þyrftum að koma til bjargar ... Tyrklandi. Ég myndi nú ekki segja að við þyrftum að sko, fara í beinar aðgerðir, en við getum ekki sett okkur upp á móti því, og við erum aðilar að þeim aðgerðum, þó að við þurfum ekki að taka þátt í þeim. Og þetta er náttúrlega, kannski einhver blæbrigðamunur, en punkturinn hérna er að við erum skuldbundin til þess að styðja svona móralskt, við erum ekki endilega skuldbundin til þess að senda fólk eða búnað eða peninga í verkefni. Þannig að ég, þó að ég skilji hugsunina á bakvið þessa, þetta er brtt. nr. 51, afsakið, að þá mun ég fylgja tillögunni eins og hún stendur og greiða atkvæði gegn þessari.

Af því að Lýður nefndi þetta með að forsetinn hefði ekki mátt tjá sig gegn útrásinni, þá var útrásin ekki utanríkisstefna. Og ríkið var náttúrlega allt mjög hlynt útrásinni, þannig að þó að það hefði verið opinber stefna, að þá hefði forsetinn ekki verið í andstöðu við það. Þannig að þetta er eingöngu utanríkisstefnan, forsetinn má tala um íslenska menningu og viðskiptalíf eins og honum sýnist, en hann á ekki að fara að tala um utanríkispolítík, öðruvísi en sem samræmist stefnu ríkisstjórnarinnar. En ég myndi vilja gera hérna dagskrártillögu um að við mættum fella brott orðin „í ríkisstjórn“, í sérstakri atkvæðagreiðslu. Eða biðja C-nefnd um að taka það til skoðunar. Ég held að það sé óþarfi. Og þá að lokum, um Framsal ríkisvalds. Ég ... þetta er náttúrlega, nú er ég ekki með greinargerðina með sko, ákvæðinu upphaflega en ég held að markmiðið hérna sé að við þurfum ekki að hafa sko, þjóðaratkvæði um hverja einustu smábreytingu og ég held að Pawel hafi nefnt það í sínu innleggi. Með því að hafa tengingu og vissulega þá höfum við rætt það að við vildum reyna að gera skrána þannig úr garði að þú þyrftir ekki að lesa á milli greina, en ég held að þarna sé það betra að það þurfi ekki að greiða atkvæði um hverja einustu breytingu á EES-samningnum, á meðan við erum aðilar að honum, á meðan hann er uppfærður. Þannig að ég mun líka synja þessari brtt. nr. 2 þó að ég sé sammála því í prinsippinu að það eigi ekki að framselja ríkisvald nema með

þjóðaratkvæðagreiðslu. En ég tel að það sé tryggt í síðustu greininni. Þannig að þá hef ég lokið máli mínu. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk kærlega. Ég ætla bara rétt aðeins að tæpa á til viðbótar við það sem er fram komið um breytingartillögur sem eru gerðar við kaflann um meðferð utanríkismála. Fyrst um tillögu sem er nr. 51 við 107. gr. Eins og Pawel nefndi og náttúrulega er komið inn á ástæður þess að orðalagið er eins og það er. Það er að, sem sagt, við tilgreinum þarna sérstaklega ákvarðanir, eða þær ákvarðanir, um stuðning við aðgerðir sem eru skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarrétti, að þær þurfi ekki að fara fyrir samþykki þings. Það var byggt á því, bara svo ég reki hvernig þetta fór fram, við fengum tillögur náttúrulega frá stjórnlaganefnd. Önnur laut að því að hafa ekkert ákvæði í greininni um stuðning við stríð, eða einhverju slíku, inni í greininni. Hin tillagan frá stjórnlaganefnd laut að því að hafa það skilyrt að ákvörðun um stuðning við stríð væri háð samþykki þingsins. Og eftir umræður í ráðinu þá ákváðum við að ganga samt lengra heldur en stjórnlaganefnd lagði til. Og við tölum um hernaðar..., eða sem sagt, við erum í rauninni að tala um hernaðaraðgerðir, það er aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds. Og þá erum við hvort tveggja að tala um aðgerðir þar sem tekist er á með vopnum innan eins ríkis eða milli tveggja ríkja. Stríð skilst hins vegar þannig sem átök milli tveggja ríkja, þar sem eitt ræðst með vopnavaldi gegn öðru. Og af því, við erum þarna að ganga svolítið lengra, heldur en stjórnlaganefnd lagði til, og auðvitað leituðum við líka eftir umsögnum við tillögur okkar. Og við fengum tvær umsagnir, þ.á m. frá einum fræðimanni, og hann benti á þetta, og svo fengum við aðra umsögn og hún benti líka á þetta. Og óformlegar ábendingar lutu einmitt að þessu sama atriði, þannig að við töldum rétt, með hliðsjón af því, að setja þetta þarna inn. Og nú langar mig að nefna sérstaklega, af því að hér er í greinargerð hjá Andrésí og flutningsmönnum, vísað til ákvörðunar um stuðning við, sem sagt, Íraksstríðið, eins og sagt er hér á baksíðunni. Sko, sú ákvörðun var ekki skuldbindandi fyrir okkur að þjóðarrétti, hún var ekki tekin á grundvelli t.d. ákvæði í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og hún hefði þurft að fara fyrir þingið í skilningi þessarar 3. mgr. eins og hún er sett fram. Hún var ekki byggt á þessum ákvæðum sem við erum að miða helst við, í sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þannig að ég held að þetta sé nauðsynlegt ákvæði til að hafa inni og legg til að, náttúrulega bara þessi brtt. verði felld.

Svo kem ég að brtt. 57 við 107. gr. sem lýtur einkar að því að fella út sko, það að forseti skuli koma fram fyrir hönd ríkisins í samræmi við utanríkisstefnuna. Það er náttúrulega rétt sem er komið fram að útrás varðar ekki eiginlega utanríkisstefnu í þeim skilningi sem hún er sett fram.

En svo ég rifji bara aðeins upp hvernig þetta fór fram hérna í ráðinu, við náttúrulega sko, vorum með tvær tillögur frá stjórnlaganefnd. Önnur var með þessu ákvæði og hin var ekki með þessu ákvæði. Upphaflegar tillögur nefndarinnar voru án þessarar tilgreiningar, svo eftir umræður, bæði á sameiginlegum opnum fundi nefndar og svo inni í ráðinu, að þá virtist það vera ákveðin samþykkt fyrir því í ráðinu að hafa þetta inni. Og þ.a.l. var þessu bætt inn með þeim svona, tilvísunum. Og það er nú ástæðan fyrir því að nefndin vann þetta inn. Svo ætla ég að koma inn á varðandi brtt. 2 við 109. gr. Þá er þetta líka ein tillaga sem að kom líka frá stjórnlaganefnd, við fengum tvær tillögur. Og upphaflega var þessi inni. Eftir umræður í ráðinu fór hin inn, og virtist svona, byggð á því ákalli sem að þar kom fram, en eins líka byggði þetta á því að við erum að skoða, ef við framseljum vald einu sinni, að það eru gerðar stundum breytingar á slíkum samningum og þær eru óverulegar. Og þá verði hugsanlega hægt með auknum meirihluta þings, hægt að taka þá ákvörðun að það þurfi ekki allt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, og þá erum við að tala um, bara, kannski einstakar EES-gerðir, eða annað þess háttar. Og það var nú kannski það sem var haft til hliðsjónar við þá ákvarðanatöku, þannig að, ég held bara að ráðið verði að taka ákvörðun á grundvelli þessara sjónarmiða. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já ágætu ráðsfélagar. Ég var nú alveg sammála því í byrjun að það ætti að setja eitthvað ákvæði hérna inn um, ég er að tala um 57. brtt. við 107. gr., að þyrfti eitthvað, svona temprandi ákvæði en við nánari umhugsun, og ekki síst þegar að þessi tillaga bara allt í einu lá fyrir, þá sýnist mér nú alveg að fyrri hlutinn haldi og það sé kannski ekki við hæfi, hvort sem að er um að ræða forsetann eða annan, að málfrelsi þeirra sé skert í stjórnarskrá. Varðandi tillögu Andrésar og fleiri um aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið til skv. þjóðarrétti, þá finnst mér nú bara, m.a. með tilvísun til stjórnlaganefndar, þá sé nú allt í lagi að sleppa þessu, og reyna að hafa þetta afdráttarlausara. Og kannski skortir mig skilning til að skilja hvenær það getur orðið, svona ... Svona ákvarðanir eru vanalega ekki teknar á hálfum degi sko, svo það gæfist alveg eins tími á Íslandi, eins og annars staðar, til þess að fjalla um þetta. Varðandi 2. brtt. við 109. gr., þá skildist mér nú á Pawel að þetta hefði í rauninni sama innihald. Ef að svo er ekki og þetta myndi leiða til þess að það þyrfti að fara með hvert smáatriði í þjóðaratkvæði, þá er það náttúrulega ótækt. En á móti kemur að við höfðum það m.a. að markmiði að stjórnarskráin skyldi vera skýr og auðlesin. Og það er afskaplega mikilvægt í þeirri deilu sem er framundan, um inngang í ESB eða ekki, að þá er mjög nauðsynlegt að það sé ekki, svona, hellt olía á eld með því að hafa ákvæði sem að kannski allur þorri manna mun segja, eða geta túlkað, þannig, að hér sé

verið að svona, skáskjóta okkur inn í ESB. Og þess vegna sé alveg nauðsynlegt að hafa þetta, svona skýrt, með að ... eins og þessi brtt. leggur til, ef að það hefur það í för með sér að það þurfi [ekki] að leggja allar smávægilegar breytingar fyrir þjóðaratkvæði, þá hlýtur að vera hægt að laga það með einhverri smá orðalagsbreytingu, en það er ekki sko, fyrir allan almúga og flokka ég mig bara þar með, að skilja sko, „um fullgildingu slíks samnings fer skv. þeim reglum sem við eiga um breytingu á stjórnarskrá þessari.“ Það verður ekki prentað með í blöðunum, þegar það verður farið að deila um þetta. Og hvað margir fara þá og fletta upp í stjórnarskránni ... þetta verður fyrst og fremst notað til að segja, jájájá, það er bara verið að koma í veg fyrir að þetta verði sett í þjóðaratkvæði. Þannig að ég legg til að þetta verði samþykkt, þessi brtt. en jafnframt huga að því hvort það þurfi að gera einhverjar undantekningar um minniháttar mál, hvort að hægt er að orða það með einföldum hætti. Takk.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Formaður og ágætu ráðsfélagar. Ég ætla að styðja brtt. nr. 2 við gr. 109, þar sem að brtt. gengur út á það að þjóðin komi að því að ákvörðun verði borin undir þjóðaratkvæði, hvort að ..., í sambandi við framsal á ríkisvaldi. En ég vil vekja athygli ráðsmanna á því að það er komin fram brtt. nr. 58 við gr. 111. Og brtt. sýnir gengur út á það, að ¾ hlutar þingsins, geti samþykkt stjórnarskrárbreytingu. Og þar verður ekki gert ráð fyrir aðkomu þjóðarinnar. Nú ef við gerum ráð fyrir því, að tillagan hér, brtt. 2 við gr. 109, verði felld, þ.e.a.s. að ráðið ætli ekki að leyfa þjóðinni að koma að þessu máli, en jafnframt að þessi brtt. síðari, hún verði samþykkt, þá þýðir það að ¾ hlutar þingsins, geta samþykkt stjórnarskrárbreytingar, og framsal ríkisvalds, til alþjóðlegra stofnanna. Og í raun og veru framselt sko, allt ríkisvaldið, eins og það leggur sig. Og fullveldið eins og það leggur sig. Þannig að þetta er mjög sérkennileg staða komin hér upp, sýnist mér. Nú ég veit ekki hvort að menn sjái ekki ástæðu til þess að bregðast við slíku ... . Og ég vil bara benda á þetta og skoða þessar tvær tillögur í samhengi. Þakk ykkur fyrir.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Ég sleppi orðinu.

SN

Þá er umræðu um þessar tillögur lokið og við göngum til afgreiðslu um þær og kjósum. ... um framsal, hérna ...

AT [ógreinilegt, ekki kveikt á hljóðnema] ... já, af því það liggur fyrir að það er val um ...

SN

Já, við ættum kannski að taka hana með, nr. 2, taka hana með umræðu um stjórnarskrárbreytingar. Er það ... Hvað segir þú, Katrín?

KO

Mín skoðun er sú að ég held það sé betra að tala um orðið þjóðaratkvæði í sama ákvæði og þar sem er talað um framsal. Þannig að ég myndi frekar vilja að við tækjum þetta núna, en ef að það er einhver yfirgnæfandi meirihluti sem vill hitt, þá er það allt í lagi.

SN

Við getum náttúrlega líka tekið það núna og síðan fer þetta í nefnd ...

KO

Þetta er samt efnisleg skoðun mín, sko, líka ...

SN

... og, sem sagt, verður þá skoðað ef það er misræmi eða kemur upp einhver vandi ...

KO

Ja, sko ...

AT [ógreinilegt, ekki kveikt á hljóðnema] ... misræmi, þá ... en það er eðlilegt að afgreiðsla á þessari, núna, án þess að maður viti um hvernig hinni reiðir af, það getur haft áhrif á afgreiðslu þessarar. Það er augljóst.

SN

Þessi hérna? Já. Ókei, þá tökum við hana með á eftir.

PG

Má ekki þá fara fram smá viðbótarumræða um þá greinina ...? ... Jæja. Gott og vel.

SN

Um stjórnarskrárbreytingar?

PG

Já.

SN

Já, það verður á eftir. Þannig að þá tökum við það bara í þeirri umræðu. Erum við ekki, hérna ...? Þá tökum við þrjár núna í þessari lotu. Það er nr. 93, nr. 51 og nr. 57. Og við byrjum á 93, sem er við 104. gr. Nálægðarregluna. Og við hefjum kosningu. Og hún er hafin. ... Allir komnir.

Og hún er samþykkt með 18 atkvæðum, 4 á móti og 2 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 51 við 107. gr. Meðferð utanríkismála, þar sem að farið er fram á að falli út „aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af skv. þjóðarrétti,“ sú setning. Og við hefjum kosningu. Og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 12 atkvæðum, 11 voru henni samþykktir og 1 sat hjá.

Síðan er það loks brtt. nr. 57 við 107. gr. Meðferð utanríkismála. Og þar er lagt til að það falli

út, þar sem segir að „forseti Íslands kemur fram fyrir hönd ríkisins sem þjóðhöfðingi í samræmi við þá stefnu,“ að þetta falli út. Og við hefjum kosningu, sem er hafin núna.

Og þessi er samþykkt, með 15 atkvæðum, og 8 sögðu nei og 1 sat hjá.

Þá tókum við næst fyrir gr. um Lokaákvæði, IX. kafli, sem er um Stjórnarskrárbreytingar. Og þar eru þrjár, sem sagt breytingartillögurhafa komið við þá grein. Og það er brtt. nr. 32 við 111. gr., sem sagt þetta er allt um 111. gr. um Stjórnarskrárbreytingar. Það eru brtt. nr. 32, nr. 58 og 113.

Og við kynnum þær í þessari röð ... 32 ... og 2 tókum við svo í ... sem sagt, við erum búin að kynna hana, en við tókum hana til afgreiðslu saman við ... eða sem sagt, í sömu lotu. Við geymdum þarna nr. 2. Og, já.

GT

Mig langar að vekja athygli á því að tillaga Vilhjálmssonar er orðrétt, aðal hluti tillögu okkar Katrínar Oddsdóttur og Silju Báru, þannig ég held að væri rétt að kljúfa tillögu okkar Silju Báru og Katrínar, upp, þannig að það sé ekki misvísandi atkvæðagreiðslur. Við, sem sagt, tókum upp orðrétt annað orðalag frá Vilhjálm, þegar tillaga var samín fyrst um stjórnarskrárbreytingar, á Stjórnlagabingi. Þannig að kannski mætti kljúfa þetta þannig upp, en í hvaða röð á að gera það er síðan annað mál. Takk.

SN

Já, einmitt. Já, við afgreiðsluna. En við kynnum þær. Vilt þú ekki bara byrja á að kynna ykkar, nr. 32? En þær eru mjög líkar þessar tvær tillögur 32 og 113. Gísli?

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Við erum sem sagt með tillögu sem að því miður náðist ekki alveg að semja sameiginlega, en hún er orðrétt að hluta tillaga Vilhjálmssonar. Og hún er orðast þá svo, sú sem ég vil kynna, ég ætla þá ekkert að fjalla um hinn hlutann, þ.e.a.s. að við 111. gr. frumvarpsins bætist svohljóðandi mgr. sem 2. mgr. eða, sem allavega ný mgr.: „Forseti Íslands stefnir saman Stjórnlagabingi á 25 ára fresti. Fyrst 25 árum eftir samþykkt stjórnarskrár þessarar, eða ef Alþingi gerir kröfu um það, gerir um það ályktun, eða að kröfu 15% kjósenda.“ Þetta mætti hugsanlega lækka í 10% í ljósi samþykktar fyrir í dag. „Stjórnlagabingur er þjóðkjörið með persónukjöri. Um fjölda stjórnlagabingmanna og starf Stjórnlagabings og nánari reglur um kosningu þess, svo sem hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla, skal mælt fyrir í lögum. Frumvarp Stjórnlagabings að nýrri stjórnarskrá skal borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu í leynilegri atkvæðagreiðslu, til samþykktar eða synjunar.“ Síðan fjalla ég ekki um seinni hlutann sem að fjallar um brottfall annars ákvæðis, sem ég held að ætti að vera í sératkvæðagreiðslu. Þetta er sem sagt viðbót, og þá er þetta spurning um að setja inn reglu sem að kveður á um skyldu til Stjórnlagabings á aldarfjórðungs-

fresti, eða fyrr ef hluti þjóðarinnar eða Alþingi vill. Þetta er skylda, en auk þess stendur þá heimildin til þess að breyta stjórnarskránni á Alþingi ef þjóðin fær það til bindandi úrlausnar í kjölfarið. Nú rökin eru aðallega þessi sem við höfum oft fjallað um, bæði fyrir og eftir þetta starf okkar, að það er ekki erfitt að andmæla því að alþingismönnum hefur ekki tekist vel upp með breytingar á stjórnarskránni, þ.e.a.s. þeir hafa ekki sinnt því verki mjög vel, fyrir utan breytingar á mannréttindakafli fyrir 16 árum síðan. Annars hefur frestað meiriháttar endurskoðun í mannsaldur, eins og oft hefur verið rétt hér, að til stóð að gera strax við lýðveldisstofnun. Og það er ákveðin hæfisrök líka fyrir þessu, að það er erfitt að ætlast til þess að þingmenn ákveði, t.d. fjölda sinn, sem við vorum að greiða atkvæði um, eða umboð, eða aðhald sitt frá dómstólum, þjóðinni, eða öðrum aðilum. Við erum búin að fjalla um flest þetta, þannig að nú held ég sé gott að enda á því að leggja til að þetta verði aðal leiðin til þess að breyta stjórnarskránni framvegis. Nú rökin sem eru m.a. í greinargerð eru að fáir hafa vald, hvað þá sjálfðæmi um eigin starfsskilyrði og erindisbréf. Og það eiga þingmenn, ráðherrar, jafnvel dómarar ekki að hafa. Nú, þess vegna segjum við, og rökstyðjum ítarlega, að af framangreindu leiðir þörf á reglulegu, þjóðkjörnu og bindandi Stjórnlagabingi. En ég fjalla ekki um síðustu mgr. greinargerðarinnar vegna þess að það er hugmynd mín að þetta verði aðgreint, þannig að þessi aðal tillaga nái fremur fram að ganga. Takk.

SN

Vilhjálmur, vilt þú kynna þína? Munurinn á þessum tveimur, eins og þið hafið áttað ykkur á, er að önnur gerir ráð fyrir að hafi % hluti þingmanna samþykkt frumvarpið, sú klausa falli niður hjá ykkur.

GT

Já, ég var að segja sko, að ég er að leggja til að sá hluti okkar tillögu sé aðgreindur, vegna þess að annars eru tillögur okkar þriggja og Vilhjálmssonar orðrétt þær sömu.

SN

Já, ákkúrat. Og Vilhjálmur, gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Já, þetta er rétt. Þetta eru sömu textarnir, þarna, um Stjórnlagabing. Og ég er sáttur við það, ef að það verða greidd atkvæði um tillögu Gísla og féлага ... og Silju Báru og Katrínar, í tvennu lagi, að þá má fella mína tillögu niður, eða þá get ég dregið hana til baka. En ég vildi samt koma því að þá, að hugmyndin hjá mér var að ég tel að það þurfi að vera allir þrír valkostirnir, mögulega fyrir hendi, þ.e.a.s. fyrir minni háttar stjórnarskrárbreytingar geti % alþingismanna samþykkt þær. Og ég vek athygli á því að það eru % alþingismanna, ekki bara þeirra sem greiða atkvæði, þannig að það er þá 51 þingmaður sem þarf raunverulega að segja já við stjórnarskrárbreytingu, til að hún geti gengið í gegnum það ferli. Síðan tel ég vera

fyrir, svona, aðrar stjórnarskrárbreytingar, sem Alþingi vill hafa frumkvæði að, að það verði að vera möguleiki til þess, eins og gert er ráð fyrir. Og svo sé Stjórnlagabíngið, svona, leið þjóðarinnar sjálfar til að koma að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, og þá yfirleitt með reglulegum fresti. Þannig að ég tel að allir þessir þrír valkostir eigi að vera fyrir hendi, en í því, í raun og veru, lá ágreiningur okkar flutningsmanna, ef einhver var. En, sem sagt, að því gefnu að þetta verði afgreitt svona, þá er ég sáttur. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann.

EBE

Já, kærur félagar. Ég mæli hér fyrir brtt. um hvernig breyta skuli stjórnarskrá. Nú er það svo að íslenska stjórnarskráin nógildandi, fellur í flokk stjórnarskráa sem auðvelt er að breyta, þó að það kunni að taka tíma. Eins og við þekkjum, að þá þarf bara einfaldan meirihluta á þingi, sem að samþykkt er af, með einföldum meirihluta á nýju þingi að afloknum kosningum. Hér er verið að leggja til þá gjörbreytingu að héðan í frá falli íslenska stjórnarskráin í flokk þeirra stjórnarskráa sem hvað erfiðast er að breyta. Að það verði að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu, ellegar þá % atkvæða á Alþingi, sem er svo há tala, að sú leið er eiginlega alveg óhugsandi. Á þetta hafa margir þeir sem að hafa fjallað um okkar tillögur bent, og ráðlagt okkur að færa þetta hlutfall niður, og þess vegna legg ég til í félagi við Þórhildi Þorleifsdóttur og Þorkel Helgason, að þetta hlutfall þingsins, verði fært niður í 3/4 hluta þingmanna, geti samþykkt stjórnarskrárbreytingu. Það er ólíklegt að það yrði notað mikið, enda það hátt hlutfall. En er eigi að síður mun skárra en hitt sem að lagt er til.

Vegna þeirra tenginga sem menn hafa hér rætt við, varðandi utanríkismálakaflann og samþykkis sáttmála um framsal ríkisvalds, þá má nú alveg hugsa sér að kljúfa þarna á milli með einhverjum hætti. En síðan er líka hægt að benda á það að hafi menn áhyggjur af Evrópusambandsaðildinni, að þá er staðan þannig við núverandi stjórnarskrá, að það þarf bara einfalt samþykki á Alþingi til þess að Ísland gangi í Evrópusambandið. Og hafi Alþingi haft heimild til þess að samþykkja EES-samninginn, án stjórnarskrárbreytingar, að þá er ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja aðild að Evrópusambandi með sama lagi, því að hvoru tveggja brýtur stjórnarskrána með alveg jafn miklu móti, Evrópusambandsaðild eða EES-samningurinn. Þannig að hér er áfram verið að leggja til miklu harkalegri, eða strangari tilhögun heldur en nú er, í báðum tilvikum. Takk fyrir.

SN

Þá hafa allar þrjár tillögurnar verið kynntar og orðið er laust. Og Ari Teitsson er fyrstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

AT

Já formaður og góðir félagar. Ég vil nú út af þessum síðustu orðum Eiríks, nefna það að ég tel það

alveg út í hött að einfaldur meirihluti á Alþingi geti samþykkt Evrópusambandsaðild. Og reyndar víðurkennið Eiríkur það nú svona í restina á sínu ...

EBE [ekki kveikt á hljóðnema, ógreinilegt] Það er stjórnarskrárbrot, en það var líka gert við EES ...

AT

Stjórnarskrárbrot fremjum við ekki, svo einfalt er nú málið ... bara þakka fyrir það. En, ég held líka að það sé smá misskilningur hjá Eiríki varðandi stjórnarskrárbreytingar. Þetta ákvæði um % það er undantekningarákvæði sem að gildir aðeins ef að menn ekki vilja, eða telja, að sé þörf á þjóðaratkvæði. Að öðru leyti er þetta alveg skýrt, að meginreglan er þjóðaratkvæði eftir samþykkt Alþingis. En til þess að spara sér vinnu við einföld mál, eins og hér hefur verið bent á, og smærri breytingar á þjóðréttarsamningum, þá er þetta sett inn. Og þetta er viljandi %, þetta er einungis gert í hagræðingarskyni, og ef að þingið vill ekki hagræðingu, þá verður bara að fara í þjóðaratkvæði. Þannig að ég mæli gegn því að þessi tillaga Eiríks verði samþykkt, hún setur ýmislegt í uppnám. Ég bendi líka á í tilefni af umræðunni áðan, að það er nú þannig núna, að það eru miklar líkur á því að Evrópusambandsaðildin verði til umfjöllunar áður en að stjórnarskrárbreytingar okkar verða til umfjöllun, þannig að það er ekki bein tenging. Og þess vegna held ég nú að við þurfum ekki að binda okkur með þeim hætti sem að talað var um í þeirri tillögu sem frestað var. Þannig að, ef að við samþykkjum óbreytta tillögu um stjórnarskrárbreytingar, þ.e.a.s. Alþingi samþykkir, þjóðin samþykkir, ellegar % í minniháttar málum, þá held ég að hin sé óþörf og þetta sé það sem að, sé svona hagkvæmast og skynsamlegast. Búinn.

SN

Einhver annar sem vill? Já, Pétur.

PG

Já, formaður og ágætu félagar. Það er varðandi þessa tillögu hans Eiríks Bergmann. Hann segir að það sé mjög auðvelt að breyta stjórnarskránni núna, og þess vegna eigi að vera ... þá sé þessi tillaga hans góð, út frá því sjónarmiði. Ég held að þetta sé rétt hjá mér, að eins og ég lýsti áðan, að skv. þessari tillögu, þá er hægt að breyta stjórnarskránni, ef að 46 þingmenn samþykkja það, án þess að þjóðin komi þar að. En við verðum líka að hafa í huga, við erum að tala hér varðandi framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnanna, þá erum við að tala um þjóðréttarsamning. Það er einmitt málefni, sem er undanskilið í öllum tillögum okkar um beint lýðræði. Og líka í málskotsrétti forsetans. Þannig að það er ekki hægt að tryggja það að þjóðin komi að þessu, með því að beita þeirri leið. Þannig að það er eins og verið sé stefnt að því að verði, sko að þjóðin komi ekki að þjóðréttarsamningum. Og ég tel að það sé útilokað, að íslenska þjóðin myndi samþykkja það, stjórnar-

skrárbreytingar með þessum hætti, og framsal á ríkisvaldinu. Þess vegna er bráðnauðsynlegt, jafnvel hjá þeim sem að vilja hafa þetta auðvelt, og ég meina ... að samþykka tillögu hennar Katrínar hér Oddsdóttur, um „samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds, skal ákvörðun borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.“ Því ef það verður ekki gert, og tillaga Eiríks verður samþykkt, nú þá sitjum við uppi með það að ¾ hlutar geta gert það. Og ég held að slík staða sé algjörlega óbærileg. Þakka ykkur fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, ég ætla bara aðeins að benda á það sko, tillaga nr. 2, sem hér er til umfjöllunnar meðal annarra, hún segir að „samþykki Alþingi fullgildingu samnings, sem felur í sér framsal“. Þannig að það er fullgilding samningsins sjálfs, sem um er að ræða. Það eru ekki einhverjar litlar viðbætur, þegar framsalið hefur nú þegar átt sér stað. Þannig að þetta er alveg ljóst að þarna mundi algjörlega rúmast inn einhvers konar minni breytingar, að mínu mati. Og þá mundu ekki sko, verið að girða fyrir neitt slíkt, að það þyrfti alltaf að vera með atkvæðagreiðslu í hvert sinn sem að kæmu einhverjar smávægilegar breytingar. En það er nú bara svo, að ég held okkur sé bara hreinlega ekki stætt á því í þessu ráði, að aðskilja orðin „framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana“ og orðið „þjóðaratkvæði“. Það er bara ekki réttlátt miðað við það sem við erum að gera. Og það stendur hvergi í þessum tillögum um þennan aukna meirihluta Alþingis, sem ætti að geta samþykkt breytingar, að það séu einhver smávægileg mál. Það stendur hvergi. Og þetta er bara óþarfa gat í okkar tillögum, sem setur óþarfa ugg að óþarflega stórum hluta þjóðarinnar, sem á ekki að þurfa að búa við þann ugg. Þannig að ég segi bara, höfum þetta skýrt, tókum skýrt fram í greinargerð að þetta eigi ekki við einhver smávægileg aukaframsöl, heldur sé þetta þegar samningurinn sé fullgiltur. Og gerum þetta almennilega. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Bara fyrst að taka það fram vegna ummæla Ara að ég sagði að hafi Íslandi verið heimilt að ganga í EES á sínum tíma, við núverandi stjórnarskrá, að þá er því jafnheimilt að ganga í Evrópusambandið. En hvoru tveggja er auðvitað kolólöglegt, svo það sé algjörlega á hreinu skv. nógildandi stjórnarskrá.

Ég ætla hins vegar að taka hérna til máls um brtt. Vilhjálmss annars vegar og svo Gísla og féлага um reglulegt Stjórnlagabing. Nú skal ég viðurkenna það fúslega, að ég er líklega með sjálfhverfari mönnum. En mér finnst þetta nú eiginlega meiri sjálfhverfa heldur en góðu hófi gegnir,

fyrir þann félagsskap sem hér er komin saman, að fyrirskipa að sami háttur skuli verða hafður á, með reglulegu millibili. Hins vegar held ég að takist okkur vel til, að þá sé nú ekki óhugsandi að Stjórnlagaráð, eða Stjórnlagabing, geti verið kallað saman í framtíðinni þegar að tilefni er til. En ég held að við ættum kannski að átta okkur á að þarna séum við komin að mörkum þess sem er eðlilegt að við sjálf leggjum til. Takk fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir er næst. Og ég loka mælendaskrá þegar hún hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já bara örstutt af því að Katrín var að nefna hérna aftur brtt. 2 við 109. gr. Sko, ef það er skilningur, eða ég er bara að nefna, að sem sagt allir samningar sem, eða sem sagt þegar eru gerðir breytingar á samningi sem að áður hefur verið fullgiltur, þá er um að ræða nýjan samning og nýjan samning þarf að fullgilda og hann þarf að fara í ákveðið ferli. Og skv. orðalaginu, þá þyrfti hann að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef það er skilningur flutningsmanna að svo sé ekki og að við ætlum ekki að láta alla slíka samninga fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá þarf það að koma skýrt fram í greinargerð, svo heimildir séu fyrir slíku. Og ég legg þá til að flutningsmenn, ef þessi tillaga nær fram að ganga, að það verði þá tryggt að það komi fram í greinargerð. En það fer nú í bága við það sem að við höfum verið að tala gegn, hér í ráðinu, að allt sem stendur í stjórnarskrá, sé skýrt og þar standi það sem við eigi og ekkert annað. En ef Katrín er á þessu máli, þá styð ég það.

SN

Þá loka ég mælendaskrá. Og Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Já bara örstutt að ræða um brtt. Eiríks. Bara svo að menn séu vakandi fyrir þessu. Það er verið að stinga upp á því að það er verið að færa niður úr 5% í 3/4. Á þessu ákvæði hangir líka framsal ríkisvalds, og allt ESB-málið o.s.frv. Ég held að menn verði ekki mjög hrifnir af því ef þeir komast að raun um það að það sé hægt að keyra þetta í gegnum þingið með 3/4 hluta þingmanna. Bara vek athygli á því. Og löglærð manneskja í okkar nefnd hefur bent okkur á að það er alveg hægt að gera smá breytingar á alþjóðasamningum án þess að það teljist, sem sé það er hægt að lagfæra alþjóðasamninga, án þess að það teljist breyting á upphaflega samningnum. Takk fyrir.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfélagar. Ég get ekki annað en brosað þegar ég les að sko, breytingin úr 5% niður í 3/4 sé svo gríðarleg að það verði bara næstum því ómögulegt að breyta stjórnarskránni.



Ég er reyndar ekki stærðfræðingur en skv. mínum útreikningum þá munar þetta 5-6 þingmönnum, þannig að mér finnst þeir nú býsna valdamiklir, ef þetta verður bara ónothæft ef farið verður úr 5%. Ég vildi vekja athygli á þessu að þetta munar örfáum þingmönnum og ég styð nú heldur hærra hlutfallið.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Já, formaður og ráðsmenn. Mig langar að spyrja formanninn. Verður þessi tillaga Gísla Tryggvasonar um stjórnarskrárbreytingu borin undir atkvæði í tvennu lagi? Þ.e.a.s. það verði tvær fyrstu mgr. sér og síðan ákvæðið um brottfall í staðinn 2. mgr. 111. gr. frumvarpsins, og svo er það rakið. Stendur það til?

SN

Já, sko, við greiðum atkvæði um tillögu Vilhjálms, þar sem þetta er viðbót, um Stjórnlagabing. Og síðan um tillögu Gísla Tryggvasonar, seinni hlutann, um hvort að eigi að ... svo að taka út. Og, já. Og síðan nr. 2, síðast.

PG

Já, en ef að tillagan fyrri verður felld, verður þá öll tillaga Gísla borin upp þá?

SN

Nei, þá er búið að bera upp fyrri hluta hans tillögu.

PG

Ókei. Allt í lagi.

SN

Þannig að þá er bara seinni hlutinn eftir.

PG

Já, þakka þér fyrir.

SN

Þá var bíddu ... já, þú varst búinn að ljúka máli þínu, já. Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já fyrst, sem formaður í C-nefnd þá mundi ég leggja til að við mundum fyrst afgreiða þær tillögur sem sneru að stjórnarskrárbreytingum, því að síðan er auðvitað, hangir það saman við hvert fyrirkomulagið er, hvernig, sem sagt fullgilda á samning. Það væri kannski þá einhvern tíma hægt að fullgilda samning með að kjósa til Stjórnlagabings, og láta fólkið þar kjósa um fullgildingu hans og gera tillögu þar að lútandi. En, nei, ég legg áherslu á það að það er auðvitað dálítið erfitt að kjósa um hluti sem eru svona samtengdir og í því ljósi þá held ég sé rétt að nefndin sko [áskilji] sér sérstaklega einhvers konar heimild til þess að taka þessi mál til umræðu milli umræðna og sjá til þess að vilji ráðsins komi sem skýrast til skila í samræmi við þær atkvæðagreiðslur sem hér fari

fram. Þannig að við kjósum fyrst um tillöguna um breytingu á stjórnarskrá og síðan í því ljósi, hvernig atkvæðagreiðslan um seinustu tillögu fer, ef að sá sem ber hana upp, vill að hún sé borin upp og kosið um hana. Þá verður það skoðað sérstaklega. Já, fyrirgefðu, en mig langaði aðeins að ... ja, ég ætla kannski bara að taka undir orð Eiríks varðandi reglulegt Stjórnlagabing. Mér finnst kannski ekki vera auðveldlega tækt að binda hendur þeirra stjórnvalda eftir 25 ár, hvernig þau eiga að haga breytingum á stjórnarskrá og að þau eiga að gera. Fyrir 25 árum síðan þá var Gleðibankinn að spila í Björgvin, og mér svona finnst það kannski dálítið langur tíma að ákvarðanir sem teknar hefðu verið þá, hefðu haft áhrif á það, að hefði verið kalla til Stjórnlagabings, í dag. Takk.

AM

Má ég aðeins fá ...?

SN

Bíddu ... ég var búin að loka mælendaskrá. Er ... Íris? Viltu nota hátalarann þá.

AM

Þú baðst mig að svara þessu. Ef ég má.

SN

Já.

AM

Þegar við vorum að ræða þessi mál, nú er ég ekki löglærður og hef kannski ekki skilið þetta almennilega. En við vorum mikið að ræða um þessa 5% hluta, ef það þarf einhverja augljósa breytingu, sem að er bara óþarfi að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu, af því að allir eru sammála. Og af því þetta ... þetta ákvæði er tengt framsali ríkisvalds, að þá skildi ég það þannig, að þegar þú gerir samning að þá er inni í því falið að það g..., inni í því framsali er stundum falið að það sé hægt að breyta einhverju. Og það þurfi ... En einhvern veginn tókst mér ekki að koma þessu nógu skýrt frá mér. Ég skil reyndar ekki hvað er verið að biðja mig að leiðrétta, og ég hef ekki fengið það. En svona skildi ég þetta. En mér er sagt að þetta hafi verið ekki rétt skilið, og kem því frá og biðst afsökunar.

[Athugasemdir úr sal, ógreinilegt]

SN

Ja, við erum nú hætt sko, umræðu, en ...

ÍLS

Mig langaði bara að fá að bregðast við. Ég er ekki að bregðast við efninu, ég er að bregðast við af því að Andrés vísaði í ummæli löglærðs einstaklings í C-nefnd. Ég er nú eini löglærði einstaklingurinn þar og ég hef ekki látið slík ummæli falla, þannig að þetta kom frá öðrum aðila en mér, sem er löglærður. Takk.

SN

Þá er umræðu lokið og við göngum til afgreiðslu á þessum fjóru tillögum sem liggja fyrir. Það eru

þrjár um stjórnarskrárbreytingar, eða sem sagt ákvæði 111, og svo nr. 2 sem við skildum eftir frá síðasta hluta. Og ég legg til sem sagt að við byrjum á tillögu Vilhjálms Þorsteinssonar, nr. 113, þar sem er gert ráð fyrir viðbót um Stjórnlagabing, inn í ákvæðið. Að öðru leyti eru engar breytingar á ákvæðinu og við kjósum um það fyrst. Og hefjum kosningu á því. Og hún er felld með 14 atkvæðum og 6 voru henni samþykktir og 4 sitja hjá. Og þá er fallin út, sem sagt, fyrri hluti tillögu Gísla Tryggvasonar en í síðari hluta er gert ráð fyrir ... hún hljóðar upp á það að seinni hlutinn í ákvæðinu eins og það er núna, „hafi 5% hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur þá Alþingi kveðið á um að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumkvæðið gildi eigi að síður.“ Að þetta falli niður. ... Er það ekki? ... Já ... Gísli, þú segir sko, brott falli í staðinn.

GT

Já, reyndar er þetta nú eiginlega tillaga sem ég setti inn að ósk meðflutningsmanna, þannig að ég leyfi þeim að hafa forræði á þessu. Sem sagt, þetta með 5%, það er tillaga þá um að fella þessa málsmeðferð með 5% ...

SN

Út í staðinn?

GT

... sko, brott. Þannig að það sé ekki hægt að breyta stjórnarskránni með einföldum hætti. En ég tel að ...

AT

[slökkt á hljóðnema] ... það stendur í staðinn.

GT

Nei, þá er það ekkert í staðinn. Þá er það sjálfstæð tillaga, þess vegna átti þetta held ég frekar að heita, sko, atkvæðagreiðsla um fyrri og seinni hluta okkar tillögu, eins og rætt var áðan. Enda hafði Vilhjálmur dregið sína til baka, en ég leyfi Silju Báru og Kötlu að hafa forræði á þessu.

SN

Silja Bára. Hvað segirðu? Eigum við að ...

SBÓ

Ég er svolítið rugluð. ... Við erum núna þá að fara að greiða atkvæði um það hvort að viðbótin, sem var í bæði tillögu Villa og okkar, fari inn?

SN

Nei, sko, viðbótin, það er búið að fella hana. Viðbótina. En þið setjið upp tillöguna þannig fram að ef hún kemur inn, viðbótin, að þá fari hitt út í staðinn. ... Gísli hafði beðið um að þessu væri skipt upp í tvennt. ... Þetta er óháð, en eins og þau orða þetta hérna, „brott falli í staðinn, 2. mgr. 111. gr. frumvarpsins.“

KO

Já, hún stendur bara eins og hún stendur hérna ... þá er þetta bara, að sem sagt Alþingi geti breytt

og þá þjóðaratkvæðagreiðsla, eða að öðru leyti þá sé Stjórnlagabing, og það sé ekki þessi 5% leið, það er þessi tillaga.

SN

Já, en það er búið að fella fyrri hlutann, í tillögu Vilhjálms.

[Umræður úr sal, ógreinilegt]

PB

Fundarstjóri. Ég er með tillögu. Það voru bornar upp tvær heildstæðar tillögur að því hvernig kaflinn ætti að líta út. Nú hefur ein þeirra verið felld í atkvæðagreiðslu, auðveldasta leiðin væri að ganga til atkvæðagreiðslu um hina tillöguna eins og hún liggur fyrir, þ.e.a.s. það sé reglulegt Stjórnlagabing og að brott falli 5% hlutar.

[Umræða í sal, ógreinilegt]

SN

Þá er tillagan ... við erum nú búin að ... Það var óskað eftir því af flutningsmanni að þessu yrði skipt í tvennt.

GT

Já en svo kynnti formaður þetta þannig að tillaga sem var dregin til baka var borin upp til atkvæðagreiðslu, þannig að eftir stendur B-hlutinn, en þetta er ekkert vitlaus tillaga frá Pawel, svo sem.

SN

Já, einmitt. En þetta er hérna ... . Eruð þið ekki sammála um það hvernig þið viljið taka á þessu? Að seinni hlutinn sé bara tekinn fyrir sér?

[ógreinilegt, ekki kveikt á hljóðnema]

Sko ef þessi er samþykkt, þá á þessi að fara út.

GT

Ég er hlynntur því.

SN

Að við tökum fyrir seinni hlutann bara?

[Umræður úr sal, ógreinilegt, margir tala í einu]

ÍLS

Má ég aðeins? Sko, hér segir, inn komi ný mgr., við vorum að greiða atkvæði um þá mgr., um Stjórnlagabing. Hún var felld. Ef hún hefði komið inn, þá lýtur tillagan að því að önnur málsgreinin hefði dottið út. Það er búið að fella þessa, þá stendur önnur málsgreinin. Þá getum við ekki kosið um hana. Það leiðir af, við erum búin að fella fyrri málsgreinina, ergó, seinni málsgreinin dettur ekki út.

ÓBJ

En við fellum ekki fyrri málsgreinina hjá Gísla.

ÍLS

Hún er sama málsgrein.

SN

Það er sama málsgreinin, sko. Þannig að þá erum við búin að útkljá ...

GT

Nei, nei, sko. Það var beðið um að þessi tillaga yrði klofin upp í tvennt. Það var fallist á það og síðan kynnti reyndar formaður þessa tillögu sem var borin upp sem tillögu Vilhjálms, en það skiptir ekki máli, vegna þess að hún er orðrétt fyrri hlutinn okkar. Þannig að það á eftir að efna seinni hlutann, og greiða atkvæði um það að 5% hlutar falli út, þ.e.a.s. 2. mgr. gildandi frumvarps. ... Já, en þetta var nú samt kynnt svona, sem klofningur á tillögu.

[Umræður úr sal, ógreinilegt]

SN

Já, við skulum bara ... Eigum við ekki bara að kjósa um þessa tillögu eins og hún stendur? ... . Bara í heilu lagi. Við erum búin að, hérna ... Eruð þið sammála um, að taka bara seinni hlutann?

VP

Tillaga Gísla gengur lengra, þá ættum við að greiða atkvæði um hana fyrst og svo um mína. Og þá erum við búin að þessu, ef við erum að fara aftur í atkvæðagreiðslu.

SBÓ

Ég tek undir með Vilhjálmi, taka fyrst Gísla, mína og Kötu og ... . Ég var að biðja um enduratkvæðagreiðslu.

SN

Við skulum gera það. Við byrjum þá á tillögu Gísla, og þá í heilu lagi, eins og hún kemur. Að það er sem sagt að inn komi ákvæði um Stjórnlagabing og hitt falli út í staðinn. Og við kjósum um það. Og hefjum kosningu.

Og henni er hafnað með 16 atkvæðum og 7 samþykktu, 1 situr hjá.

Og við skulum þá bara fara í að kjósa um allt, allar tillögurnar, svo þetta sé alveg á hreinu. Brtt. nr. 113. Vilhjálmur Þorsteinsson, að þetta komi sem viðbót, hrein viðbót og ekkert falli út í staðinn. Og verum fljót að þessu. Hefjum við kosningu, já, aftur um 113, tókum þetta bara aftur.

Og henni er hafnað með 16, 7 samþykktu og 1 situr hjá.

Þá er það tillaga Eiríks Bergmanns Einarssonar um að hlutfallið 5% breytist í 3/4 og við hefjum kosningu. Og hún er hafin.

Og henni er hafnað með 17 atkvæðum, 3 samþykktu og 4 sátu hjá.

Og loks er það brtt. nr. 2, sem við geymdum áðan, við 109. gr. um Framsal ríkisvalds. Og hún er á þá leið að sett sé inn skýr áskilnaður um þjóðaratkvæðagræðslu í grein um framsal fullveldis, þar sem annars er vísað í breytingu á stjórnarskrá. Hún er nr. 2. Og við hefjum kosningu.

Og hún er samþykkt með 13 atkvæðum, 8 sögðu nei og 3 sátu hjá.

Þá tókum við fyrir breytingartillögur sem eru

ótengdar tilteknum greinum. Það er brtt. nr. 77, það er brtt. nr. 88, brtt. nr. 104, nr. 67 og 45. Það er 77, 88, 104, 67 og 45. Og ég bið flutningsmann 77. brtt. að kynna hana. Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

PH

Já góðir félagar. Ég legg fram breytingartillögu, þ.e.a.s. tillögu um ákvæði til stundarstakir. Ég vil taka skýrt fram að ég er að gera þetta bara til að minna á málið. Þannig að ég óska ekki eftir atkvæðagreiðslu, heldur þvert á móti að þetta fari rakleiðis til nefndar. Af því að vitaskuld er ég ólöglerður maður ekki tilbúinn að standa á bak við þetta allt, eins og það stendur þarna nákvæmlega. En efnislega langar mig nú samt að fara snögglega í gegnum þetta. Fyrstu tvær málsgreinarnar eru að mestu leyti orðréttar upp úr lýðveldisstjórnarskránni, þ.e.a.s. ég er að koma því að, að það eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hina nýju stjórnarskrá. Og svo getið þið nú bara, af því það er orðið áliðið kvöld, ef þið lesið þarna greinargerðina, þá á að vera skiljanlegt, að ég er að reyna að spara fyrir hönd þjóðarinnar og þingsins, að þessi þjóðaratkvæðagreiðsla megi í rauninni fara fram hvenær sem er. Segjum að okkar texti fari beint í þjóðaratkvæðagreiðslu, og Alþingi væri svo himinlifandi yfir öllu saman að það gerði ekki neinar breytingar, að þá þyrfti ekki að endurtaka þjóðaratkvæðagreiðsluna, að kosningum loknum og nýju samþykki Alþingis. En það kunna að vera á þessu lögfræðilegir hnókrar þannig að ég mælist til þess að þetta verði skoðað. Síðasta málsgreinin, sú þriðja, hún á nú að vera skotheldari, því að hún er lítið annað en afritun af því sem er í núgildandi ákvæði um stundarsakir, varðandi kosningalög, vegna þess að við ætlum að kveða á um það að það þurfi 2/3 meirihluta til að breyta kosningalögum. Það má ekki vera ekki vera pattstaða í byrjun, það verður að vera hægt að setja inn fyrstu kosningalög. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 88, og það er Lýður Árnason, sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

LÁ

Kæru vinir. Breytingartillaga 88 við gr. X. Í lokakafla stjórnarskrárinnar bætist ný grein: „Í lögum skal kveða á um að stórfelld refsiverð brot í tengslum við einkavæðingu bankanna 1998 til 2002, og bankahrunið 2008, fyrnast ekki.“ Í þessu ákvæði er að mörgu leyti minn draumur. Og við höfum séð það í dag að við höfum öll þurft að kyngja mikið af okkar draumum. Og ég ætla að kyngja þessum og ætla að sýna þau göfugmannlegheit að draga þessa tillögu til baka.

SN

Þá er það brtt. nr. 104. Og það er Andrés Magnússon sem kynnir hana. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar. Ég legg þessa tillögu fram af veikum mætti, í vanmætti mínum og

hjálparleysi, yfir því hvernig má koma á réttlæti aftur á Íslandi, eftir þá hörmulegu atburði sem að yfir okkur hafa gengið. Stjórnarskrá er vissulega teikning og arkitektúr að því hvernig við eigum að reka samfélagið. Og uppskrift að því hvernig valdþættirnir eiga að spila saman. En að mínu áliti hefur stjórnarskrá eitt hlutverk í viðbót. Það er að hægt er að grípa til hennar þegar eitthvert mein hvílir eins og mara á þjóðinni og það er viðbúið að þjóðin þurfi að búa við óréttlæti áratugum saman. Og, þetta er ákall frá þjóðinni. Og í Morgunblaðinu um helgina, var mynd af þessum fallega dreng, drengskapurinn skín úr hverjum andlitsdrætti, í fagurbláum jakkafötum. Og hann segir sem svo: „Mér finnst of margir einblína á frasa eins og að koma hjólum atvinnulífsins í gang, létta skuldavanda heimilanna o.s.frv. Til hvers? Til þess að allt verði eins og það var? Það er ekki það sem við þurfum. Við þurfum að staldra lengur við, horfa drjúga stund á það sem aflaga fór og koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Við þurfum að koma í veg fyrir að það sé löglegt að stela peningum.“ Og síðan segir hann: „Dómstólar geta aðeins dæmt eftir lögum, og ef þau ná ekki yfir hvítflibaglæpi, þá þurfum við að breyta lögum.“ Dómstólar geta aðeins dæmt eftir lögum, og ef þau ná ekki yfir hvítflibablæpi, þá þarf að breyta lögum. Þetta er ákall þjóðarinnar, ekki bara ... þetta er Mogginn bara um helgina. Það er Bergþór Pálsson, söngvari. Þetta er ákall þjóðarinnar, þetta er ákall alls hins vestræna heims. Og ef það er ekki hægt að breyta lögum, þá þarf maður að breyta stjórnarskránni, þannig að það sé hægt að breyta lögum. Og þetta er ákvæði sem ég er búinn semja og endursemja margsinis og leggja fyrir marga menn og marga lögfræðinga. Og þetta er nú það sem varð ofan á, í lokin. Og ég læt ykkur bara eftir að lesa þetta sjálf. En þarna er verið að tala um að það sé hægt að setja afturvirk lög, ef það er verulegt efnahagsáfall. Og það eru alls konar varnagar, það þarf að hafa valdið þjóðinni sannanlegum, varanlegum og verulegum skaða. Þannig að ég álit að þetta sé samilega hógvært. Vissulega er þetta umdeilanlegt, en stundum er valið um það hvort það sé betra að það sé einhver mjög umdeilanlegur atburður í samfélaginu sem við eigum eftir að glíma við áratugum saman, að láta börnin okkar taka skuldir þeirra manna sem nú eru hvað ríkastir á landinu, eða að hafa eitt-hvað sem að stingur í augum í stjórnarskrá. Ég lít sem sé þannig á að þetta sé nauðsynlegt til þess að við getum létt þessu oki af þjóðinni, svo það fari ekki illa, svo það verði ekki ofboðsleg reiði hérna í samfélaginu. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 67, og það er Þorvaldur Gylfason sem kynnir hana. Gjörðu svo vel, Þorvaldur.

ÞG

Já, formaður, góðir ráðsfulltrúar. Þessi breytingartillaga er um nýja grein, sem komi í lokakafla stjórnarskrárinnar, svohljóðandi: „Í lögum skal kveða á um viðurlög við brotum gegn stjórnar-

skrá þessari.“ Við höfum rætt þetta á okkar ráðsfundum áður og heyrt rök með og á móti. Sko, bakgrunnurinn er þessi, skv. frumvarpi okkar, hljómar lokamálsgrein aðfaraorðanna svo: „Með þessa hugsjón að leiðarljósi,“ sem við höfum áður lýst, í formálanum, „setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins sem öllum ber að virða.“ Og við þetta hefur síðan best, síðan í gær, ný grein skv. samþykktu brtt. Silju Báru Ómarsdóttur og Írisar Lindar Sæmundsdóttur, að færeyskri fyrirmynd. Og greinin hljómar svo: „Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi, sem af henni leiða.“ Og þessari tillögu minni um nýtt ákvæði í lokakafla frumvarpsins, er ætlað að gefa þessari brýningu aðfaraorðanna, og þessarar nýju greinar sem við samþykktum í gær, raunverulegt og réttarfarslegt inntak. Sko hugsunin er þessi, frumvarpið leggur langt umfram gildandi stjórnarskrá, ýmsar athafnaskyldur á yfirvöld. Og þá á ég ekki aðeins við löggjafann, heldur einnig dómskerfið og framkvæmdarvaldið. Tökum dæmi. Hugsum okkur umhverfisráðherra sem vanrækir skyldur sínar skv. 32. gr. okkar frumvarps, um upplýsingar um umhverfi og málsaðild. Nú þá gerist hann brotlegur gegn þeirri grein stjórnarskrárinnar. Hugsum okkur sjávarútvegsráðherra sem veitir útvegsmönnum afnotarétt af auðlindum gegn minna en fullu gjaldi, eða til óhóflega lands tíma. Nú hann gerist þá brotlegur gegn 31. gr. þeirrar stjórnarskrár sem við erum að leggja til. Hugsum okkur menntamálaráðherra sem selur Valþjófsstaðahurðina, eða gefur hana. Nú hann brýtur þá gegn 29. gr. stjórnarskrárinnar. Og sá sem rýfur nafnleynd heimildarmanns, nú hann brýtur gegn 13. gr. stjórnarskrárinnar sem við erum í þann veginn að ganga frá. Og ýmis önnur dæmi mætti nefna. Og því þykir mér, og meðflutningsmönnum mínum, sem eru Arnfríður Guðmundsdóttir og Gísli Tryggvason, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson og Örn Bárður Jónsson, að rétt og eðlilegt að í lögum skuli kveðið á um viðurlög við brotum af þessu tagi, í okkar nýju stjórnarskrá, þar sem valdi og ábyrgð er ætlað að haldast í hendur. Og stjórnarskráin er, eins og við segjum í aðfaraorðunum, „æðstu lög landsins.“ Og engum má líðast að brjóta gegn henni. Og sem viðurlög, í rýmri merkingu, má eftir atvikum, telja þá leið einnig sem tilgreindir aðilar hafa, skv. 101. gr. okkar frumvarps, til að bera undir Hæstarétt lögspurningar um, hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda, samrýmist stjórnarskrá.

Þannig að þessi grein, sem ég legg til að við bætum í lokakaflann, er í rauninni ekki annað en staðfesting á þeim vilja okkar og ásetningi, að við þurfum að sjá til þess að stjórnarskráin sé virt. Enda hefur það gerst, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, undangengin ár, að stjórnvöld hafa verið sökuð, í opinberum umræðum, um að brjóta gegn stjórnarskránni, án þess að þurfa að svara fyrir sig. Vandinn er sá, að almenn lög ná ekki auðveldlega yfir slík brot, sem eru sem betur fer sjaldgæf, og þess vegna teljum við þörf fyrir þetta ákvæði. Takk fyrir.

SN

Þá er það brtt. nr. 45. Gísli Tryggvason. Þetta kannski fer bara í nefnd ...

GT

Hvað segirðu?

SN

Þú kannski setur þetta í nefnd, eða?

GT

Gjarnan, ég er mjög mikið fyrir samráðalausnir. Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrndur. Formaður stakk því að mér núna að þessi tillaga nr. 45, sem er ekki við eina grein, fari í nefnd. Og mér líst vel á það. En aðeins til að útskýra inntak hennar. Hún er í samræmi við þá afstöðu mína sem ég lýsti mjög snemma í vor, þegar ég stakk upp á að kaflinn Dómstólar, hétu Dómsvald. Á það var fallist en einhvern veginn virðist hafa gleymst framhaldið. Og af því hér var ráðið niðurstöðum um Stjórnlagabing með því að nota orðið „sjálfhverfa“ að þá finnst mér sjálfsgagt að stjórnarskráin sé ekki svo persónubundin og sjálfhverf, að tala um handhafa valdsins, heldur valdþættina sjálfa. Þannig að IV. kafli verði kenndur við Lögjafar-, fjárstjórnar- og eftirlitsvald, sem er aðalhlutverk Alþingis, frekar en að nefna hann Alþingi. V. kafli verði kenndur við eitthvað á borð við Hlutverk þjóðhöfðingja, í stað þess að nefna hann Forsti Íslands, kaflann þ.e.a.s. VI. kafli verði nefndur Framkvæmdavald ríkisins, í stað heitisins Ráðherrar og ríkisstjórn, sem eru bara persónur og leikendur. Og VIII. kafli beri heitið Staðbundin stjórn, í stað kaflaheitisins Sveitarfélög. Og ég er ekkert að rekja þetta í greinargerð, en það er rökstutt í greinargerð hvers vegna þetta rímar betur við önnur kaflaheiti. Fyrst ég er með orðið, þá langar mig að nefna, ef ég má, varðandi tillögu Þorkels, sem hann vildi þó fá rækiðis til nefndar.

SN

Við ætluðum ... Ég var ekki búin að opna raunverulega mælendaskrá, þannig að, það er best að bara kynningarnar séu sér. En þá er líka lokið kynningum á þessum fjórum tillögum og orðið er laust.

Þórhildur, þú ert fyrst.

ÞÞ

Ég ætlaði bara aðeins í sambandi við tillögu Gísla hér, sem að hann segist gjarnan vilja vísa til nefndar, er það ekki rétt skilið hjá mér, Gíslu? Að ef að svo færi, að þá vil ég bara minna á að hér var atkvæðagreiðsla í gær um kaflaheiti, þ.e.a.s. annars vegar um Mannréttindi og hins vegar Náttúra- og umhverfi. Og það var allt fellt undir einni kafla, og það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að þar liggja margir sárir eftir. Og finnst þarna ekki hafa verið staðið vel að verki, og er ég þá ekkert að, svo sem, að halla á neinn eða hvor er sárari eða af hverju. En mér sýndist í gær að þetta væru einhvern veginn það mikil leiðindi sem af þessu spryttu að mér datt í hug hvort ekki væri

hægt að laga þetta með því að fella þessa tvo kafla saman, sem hér heita Mannréttindi og svo Náttúra og umhverfi, og kaflinn hétu þá einfaldlega Mannréttindi, umhverfi, náttúra. Hvort að menn myndu sætta sig við slíka málamiðlun?

SN

Þá er Gísli Tryggvason næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

GT

Já, aðeins út af þessu. Þá er ég ekki eins heitur fyrir því hvað kaflarnir eigi að heita. En skil vel að það séu sjónarmið með og á móti því. Ég vil aðeins hafa samræmi í þessu. Nú ef ekki er fallist á tillögu mína um breytingar á fjórum köflum, þá fyndist mér rétt að bakka aftur og kalla kaflann um Dómsvald, ekki eftir valdþættinum, heldur Dómstólar. Það væri þá þessi persónubundna nálgun, eða handhafanna. Og aðeins um tillögu Þorkels, sem hann sagðist að vísu vilja fá í nefnd, ég tek undir það með honum. Vegna þess að ég held að það sé misskilningur þarna, í tillögu 77, sem ætti nú kannski að vera við gr. 111, eða hvað. En ef að hann Þorkell á við að stjórnskipunarlögin séu samþykkt tvívegis á Alþingi, með alþingiskosningum á milli, þá er hér í rauninni um gildistökuákvæði að ræða, og þá gengur þetta nú upp. En ef að Þorkell á við að það sé hægt að láta þjóðaratkvæðagreiðslu koma í staðinn fyrir aðra samþykkt Alþingis, þá gengur það ekki vegna þess að gildandi stjórnarskrá kveður á um hvernig stjórnarskránni er breytt, þó að við höfum fengið ráðgefandi frumkvæðishlutverk í því efni. En ég styð það að þetta fari í nefnd. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk, kærur vinur. Við tókum út eignarréttinn í gær og síðan tókum við, kipptum fóti undan fyrirtækjum í landinu, tókum síðan út þingræðið í dag og hví ekki að taka réttarkerfið þá bara í eitt skipti fyrir öll herna, síðla kvöldis? Það voru þrjár tillögur herna, sem ég ætlaði að kalla aðför að réttarkerfinu 1, 2, 3. Ég þakka Lýð kærlega fyrir að hafa dregið tillöguna um aðför að réttarkerfinu 1, til baka. Mér finnst hann meiri maður fyrir vikið. Um tillögu Andrés, aðför að réttarkerfinu 2, þá er kannski ekki mikið um hana að segja, ég hef nú áður fært rök fyrir því að mér finnst, svona, það er nú svo margt þarna sem brýtur gegn svona, hefðbundnum hugmyndum okkar um réttarkerfi. Það er afturvirkni laga, síðan eru ákvæði um skerðingu á eignarrétti vegna einhvers óvinsæls hóps ... Ég meina, þetta er auðvitað eitthvað sem ég mun seint geta fallist á. Nú, um tillöguna, aðför að réttarkerfinu 3, „í lögum skal kveða á um viðurlög við brotum gegn stjórnarskrá þessari,“ þá er auðvitað þannig að, nú segi ég ekki að allir sem standa að þessum lista hafi gert það af einhverjum illum hug. En ég held að þetta sé nú ekki sá tónn sem eigi að vera sleginn í stjórnarskrá. Þetta var tekið fyrir í okkar nefnd, og rætt þar. Og það

eru ákveðin skilyrði sem viðurlagaákvæði í lögum þurfa að uppfylla. Það þarf að vera afmörkun, tiltölulega skýr afmörkun um, til hvað refsiverðu athæfa viðurlög eiga að ná, og [ógreinilegt] ákveðin afmörkun um hver viðurlög eiga að vera. Dæmi um gott viðurlagaákvæði er t.d. „sá sem stýrir ökutæki undir áhrifum áfengis getur lent í sekt eða fangelsi allt að ákveðnum árafjölda.“ Dæmi um: „Sá sem brýtur þessi lög fer í fangelsi“ er ekki dæmi um gott slíkt ákvæði. Þetta ákvæði er ákvæði sem er nú af öllu því sem hefur verið gert, sem hefur nú verið lagt til hér í ráðinu, er með því, að mínu mati, versta og mér finnst skömm að því að þetta hafi komið fram hér.

SN

Þorkell Helgason og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar. Gjörðu svo vel.

ÞH

Örstutt. Það er misskilningur hjá Gísla að ég sé eitthvað að sneiða fram hjá þeim ákvæðum um hvernig svona stjórnskipunar lög taka gildi, nú, skv. stjórnarskránni, það er hvernig ýjað að því, það er aðeins skotið þarna ... Þetta er bara hreinlega upp úr lýðveldisstjórnarskránni. En við skulum ekki deila um þetta, það má bara skoða og fletta þessu upp. Takk fyrir.

SN

Þá hefur mælendaskrá verið lokað og Ómar Ragnarsson er næstur. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfolk. Við vorum nú að fá hérna aðfaraorðin. Má ég gera þínulitla ...?

SN

Við ætlum að ræða þau seinna.

ÓR

Er það? Ókei. En ég er með sérstakt innlegg í það.

SN

Já. Einmitt. Þá á eftir. Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Formaður og kærur ráðsfulltrúar. Ég ætla nú bara að taka til máls einmitt um þessa brtt. 67 um „í lögum skal kveða á um viðurlög við brotum við stjórnarskrá þessari.“ Ég tek nú undir með Pawel, mér finnst þetta ekki kveða við réttan tón. Þetta er neikvætt ákvæði, sem að ég er nú ekki, svona, í fljótu bragði að ég muni að ég hafi séð það samþærilegt í öðrum stjórnarskrám, en það er reyndar vísað hérna í Suður-Afríku, eitthvað, en allavega ekki, svona, stjórnarskrár nágrennalanda. Sko, það er auðvitað almennt þannig að það gilda almenn hegningarlög í landinu og stjórnarskráin er auðvitað réttarheimild, í málaferlum og sakamálum og öðru, eins og önnur lög, eftir því sem við á. Og síðan eru auðvitað sérstök lög, t.d. um ráðherraábyrgð. Og vegna breytinga sem að B-

nefnd hefur verið að leggja til og eru komin inn í frumvarpsdrögin, þá þarf að gera breytingar á lögum um ráðherraábyrgð, ýmsar, sem við bendum á í greinargerð. Og að sjálfsögðu, sko, þá yrði, þá er tekið á því. Það er refsivert fyrir ráðherra t.d., að brjóta stjórnarskrána og það yrði það eftir sem áður og þau lög yrðu endurskoðuð. Þannig að ég bara held að þetta sé óþarfi, þetta er svona, neikvætt og ég held að við eigum að sleppa þessu. Þetta á bara að vera inni í almennum lögum, og þar á það heima. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Viðurlög er vissulega neikvætt orð. En ef menn hafa lesið greinargerðina þá má skilja þetta með öðrum hætti, sem afleiðingar. Það er mjög mikið kallað eftir því í þjóðfélaginu, að brotum á stjórnarskrá, ekki síður en mörgum brotum á lögum, fylgi einhverjar afleiðingar. Þannig að það sem Pawel kallaði svo hnyttid, aðför að réttarkerfinu 3, úr því að ég stend að þeirri tillögu, þá vil ég nú bera af mér sakir. Vissulega er viðurlög yfirleitt notað í lagamáli yfir eitthvað refsivert, refsiviðurlög eða refsitengd viðurlög. En eins og segir hérna í greinargerðinni, að minni tillögu, þá segir hérna, „sem viðurlög í rýmri merkingu má eftir atvikum telja þá leið sem tilgreindir aðilar hafa skv. 101. gr. frumvarps þessa til að bera undir Hæstarétt lögspurningar, o.s.frv.“ Þannig í mínum skilningi eru viðurlög ekki bara refsiviðurlög, eða bætur, eins og skv. gildandi lögum um ráðherraábyrgð, heldur líka málskot til stjórnlagadómstólsins, eða hlutverks Hæstaréttar í því sambandi. Það getur verið missir embættis, það getur verið ýmislegt fleira. Og þess vegna segjum við „í lögum skal kveðið á,“ við segjum ekki í stjórnarskránni, sem sagt í stjórnarskrártillögu, hver viðurlögin skuli vera, alls ekki tæmandi. Þetta er bara vísiregla um að löggjafinn eigi að huga að því að það megi ekki brjóta stjórnarskrána. Yfirleitt hugar hann að því að það megi ekki brjóta lög. Fyrir því verða oft almennir borgarar, tjónþolar eða þeir sem verða fyrir barðinu á brotum á stjórnarskránni eru oft líkar almennir borgarar. Og þá á að vernda gegn því með því að kveða á um einhvers konar afleiðingar. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Já, ég fell frá. Og vona að öllum líði vel.

SN

Þá er ... fellur frá því að tala sko, ekki ... Hann er ekki fallinn frá.

AM

Ég gef afkall á orðinu. Takk.

SN

Já ... Þá er umræðu lokið. Og við göngum til atkvæðagreiðslu á þessum tillögum. Það reyndar, 77. tillagan fer í nefnd, að beiðni flutningsmanns. Og eins er það með brtt. 45, hún kann nú að fara kannski í fleiri en eina nefnd, eða við þurfum að finna því, bara, stað. Af því hún er um kaflaheiti. En þá kjósum við um hinar tvær sem er 104 og 67. ... Lýður kallaði sína aftur, baðst þú Þorvaldur um að þessi tillaga færi í nefnd? Nei, það verður, bara, kosið um hana. Og um 104, Andrés, var það ekki?

AM

Jú, ég féll bara frá orðinu.

SN

Þú féllst ekki frá atkvæðagreiðslu. Þá hefjum við kosningu um brtt. nr. 104, og það er sem sagt um að þetta ákvæði komi hérna inn um, sem sagt, að ... afturvirk allt að 15 árum. Og við hefjum kosningu um það. Og hún er hafin.

Já, það eru 23 í salnum, núna. Þannig að nú hafa allir kosið. Og henni er hafnað með 14 atkvæðum, 6 samþykktu og 3 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 67, og hún er um það að það komi inn í lokakafla að kveðið á um viðurlög við brotum gegn stjórnarskrá þessari. Og við hefjum kosningu á þessari tillögu. Og hún er hafin.

Og henni er hafnað, 14 sögðu nei, 9 samþykktu og enginn sat hjá.

Nú þá tökum við hérna loks fyrir síðustu breytingartillöguna sem er nr. 68 og hún er við aðfaraorðin. ... Já, henni er vísað í nefnd, 45. ... En við tökum núna síðustu breytingartillöguna sem er nr. 68 og hún er við aðfaraorðin. Það barst ein breytingartillaga við hana. Við erum ekki að fara að kjósa um aðfaraorðin sjálf, en það geta náttúrliga orðið umræður um þau núna hér í framhaldinu. En ég ætla að biðja Lýð Árnason að fylgja þessari breytingartillögu úr hlaði. Gjörðu svo vel, Lýður.

LÁ

Já, kærur vinir. Það er ágætt að enda, held ég á þessum aðfaraorðum, þessari breytingartillögu. Þetta er nokkuð í anda, held ég, þessara tveggja daga, sem við höfum nú verið að upplifa, á þessum ráðsfundum. Og þessi tillaga er, að mínum dómi, á þann veg að hún ber höfundinum mjög fagurt vitni og ég tek það fram að það er ekki ég. Og það er heldur ekki meðflutningsmaður minn að þessu, Eiríkur Bergmann. En það er svolítið skemmtilegt að hér mætast einmitt stálin stinn í breytingartillögu við aðfaraorð. Sem sagt, breytingin er þessi: „Vér Íslendingar, breyskir og sundurleitir sem við erum, setjum þessa stjórnarskrá í von um að hún muni þoka okkur áleiðis í átt að friðsæld og réttlæti“ punktur. Ég ber þetta hér með fram. Takk.

SN

Og þá er orðið laust. ... Málsmeðferð, við bara kjósum um þessa tillögu.

GT

Nei, ég ætlaði bara að spyrja sko, verður ... af því að nú er stutt síðan aðfaraorðin komu fram og ég myndi gjarnan vilja hugleiða þau betur, ég hef ekkert óskað eftir efnisumræðu, af minni hálfu núna, en ... þetta verður opið fyrir frekari meðferð, er það ekki?

SN

Jú, þetta er opið fyrir frekari meðferð þannig að við getum tekið smá umræðu um þau núna, við erum ekki að greiða atkvæði um aðfaraorðin sjálf, heldur um breytingartillöguna núna. Sem sagt, við erum bara að ræða um þau eins og þau standa hér núna. En þau eru, eins og réttilega kom fram, það er ekki langt síðan þau komu fram, og þau eru til áframhaldandi umræðu í okkar hópi. Örn Bárður, varst þú ekki fyrstur? Ég bara gríp þetta ekki allt í einu, ég sé ekki marga í einu ... Var ekki Eiríkur á undan? Gjörðu svo vel, Eiríkur. Og svo er Örn ...

EBE

Já, kærur félagar. Mér finnst fara vel á því að afgreiða þessa breytingartillögu hér í lokin. Og ég bað Lýð um að bæta mér á þessa tillögu sína, enda hef ég ekki heyrt betri rök fyrir nokkurri tillögu færð fram á þessum fundum okkar, heldur en hann færði fram fyrir þessari tillögu. Þegar hann sagði ástæðuna fyrir því að hann vildi hafa þetta svona, þá sagði hann: „Æ, mér finnst það bara eiga að vera svona.“ Og ég tek undir það: Æ, mér finnst það bara eiga að vera svona. Og ég tek það fram að mér finnst þetta ekkert lakari rök heldur en mörg önnur sem hér hafa verið færð fram. Takk fyrir.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Já, formaður og góð systkin nær og fjær. Það er nú dálítið skritið fyrir mig að hafa verið falið af A-nefndinni að andmæla þessari tillögu vegna þess að þetta er guðfræðilegasta tillagan sem að hér hefur birst frá upphafi. Hér er talað um að við séum breisk og sundurleit. Og ég er í sjálfu sér mjög fylgjandi því að menn játi syndir sínar og kannist við breyskleika sinn. Það er mannsbragur að því. Hins vegar er nú eðlismunur á því hvort að við, með þessari tillögu, tökum okkur í munn svona syndajátningu fyrir alla þjóðina. Það er kannski meira privatmál, að hver og einn geri það frammi fyrir sínum skapara eða vini, eða presti, og skrifti en að öðru leyti þá er þetta, þá er góð meining í þessu og ég þakka Lýði fyrir og Eiríki. En vil nú að sjálfsögðu, það er svo sem ekkert ... ég er auðvitað hlutdrægur í þessu, ég náttúrliga held með hinum textanum. En bið ykkur öll að, bara, að hugsa um þetta að við erum breysk og sundurleit og við skulum bara líta í eigin barm og kannast við það að allt okkar verk er ófullkomlið og við þörfumst miskunnar og náðar.

Það er nú svolítið merkilegt að í messunni, fyrst ég er nú farinn að tala um guðfræði, að í hverri

---

einustu messu þá er sungin miskunnarbæn, „Drottinn miskunna þú oss, Kristur miskunna þú oss, Drottinn miskunna þú oss.“ Og hvað er verið að segja með því? Jú, við erum breyskar manneskjur og við þörfumst hjálpar. En það er gert fyrir altarinu, og ég sem sagt mæli gegn því að þetta verði texti í aðfaraorðum stjórnarskrárinnar.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður og gott ráðsfolk. Mig langar til að enda þetta pínulítið öðruvísi. Hérna eru aðfaraorð: [syngur]

„Við sem byggjum Ísland, viljum skapa réttlát þjóðfélag, þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar, auðgar heildina og saman eigum við og berum ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi, náttúru, sögu, tungu og menningu. Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti, lýðræði að hornsteinum. Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis. Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni. Með þessa hugsjón að leiðarljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.“

SN

Er sem sagt tillaga þín að aðfaraorðin fylgi sem sagt á disk, en verði ekki skrifað hérna? Sungin.

ÖBJ

Það var flott að heyra tón.

KF

Lagið verði skrifað með, sko nóturnar.

ÓR

Neinei. Ég ... bara okkur til ihugunar, við erum að athuga aðfaraorðin. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Kæru vinir. Ég fagna nú hlýjum orðum klerksins í garð þessarar breytingartillögu og einnig fagna ég, eins og ávallt, söng Ómars. En svona, í ljósi alls sem að hefur verið að gerast hér í dag, þá held ég að ég bara biðji um að umræðunum slútti og við göngum bara strax til atkvæða. Takk.

SN

Þá hefur heldur enginn annar óskað eftir að taka til máls, þannig að við hefjum kosningu um þessa brtt. nr. 68.

Vantar einn, þessi eini. 7 samþykktu, 10 höfnuðu og 6 sátu hjá.

Nú, þá höfum við lokið fyrri umræðu um frumvarpið. Og við ljúkum þá fundi og á morgun þá

hittumst við á nefndarfundum. Mér sýnist að flestar nefndirnar séu búnar að fá talsverð verkfni, til að taka fyrir á morgun. ... Já, það er í höndum formanna að boða sínar nefndir ...

SBÓ

A og B eru boðaðar kl. 10.

SN

Já. Kl. 10, er það hjá öllum nefndum kl. 10.

Þannig að ég þakka bara fyrir góðan fund, langa, stranga umræðu. Og segi fundi slitið. Takk fyrir.



## 18. ráðsfundur 26.07. 2011.

26.07.2011 13:00

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
2. Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna ásamt breytingartillögum, síðari umræða og atkvæðagreiðslur

18. ráðsfundur - haldinn 26. júlí 2011, kl. 13.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu-pósti mánudaginn 25. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

18. ráðsfundi framhaldið miðvikudaginn 27. júlí 2011, kl. 10.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Ástrós Gunnlaugsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.

Fundurinn var opinn fyrir gesti og sýndur í beinni útsendingu á vefnum stjornlagarad.is.

### Umræður á 18. ráðsfundi

SN

Kæru vinir. 18. fundur Stjórnlagaráðs er settur.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

SN

Fundargerð síðasta fundar hefur legið frammi án athugasemda og hún skoðast samþykkt ef ekki koma athugasemdir hér.

#### 2. Drög að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna ásamt breytingartillögum, síðari umræða og atkvæðagreiðslur

SN

Á dagskránni eru síðari umræða um frumvarp til stjórnarskipunarlaganna. Og það er mér sérstakt ánægjuefni að hefja þessa umræðu og bjóða ykkur velkomin á fundinn. Nú erum við að sjá fyrir endann á okkar mikla starfi, í tæpa 4 mánuði. Og hér hafa allir lagt mikið af mörkum. Og við vonumst til að ljúka umræðu um frumvarpið á morgun. Og til að svo megi verða þá verðum við helst að stilla umræðu í hóf. Ég bið fundarmenn um að hafa það í huga, hér á eftir.

Í 15. gr. starfsreglna um síðari umræðu segir, tilvitnun hefst: „Við síðari umræðu skal ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær. Við lok umræðu skal greiða atkvæði um hverja grein frumvarpsins og breytingartillögur þær sem fram hafa komið. Loks skal greiða atkvæði um frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum ef einhverjar eru“.

Með leyfi fundarins munum við taka nokkrar greinar saman, ræða þær, kynna breytingartillögur, ef einhverjar eru, afgreiða breytingartillögurnar, og svo greiða atkvæði um hverja grein. Að lokum greiðum við svo atkvæði um frumvarpið í heild. Ég vona að þið samþykkið þetta verklag.

Þá hefjum við umræðuna, og við byrjum á I. kaflanum, sem eru Undirstöður. Og ég opna umræður um fyrstu fjórar greinar frumvarpsins. Er einhver sem vill taka til máls um þær?

Ef ekki, þá göngum við til atkvæðagreiðslu um þessar greinar, eina af annari.

Og ég ætla að lesa 1. gr. og síðan greiðum við atkvæði um hana. Greinin hljóðar svo:

„Ísland er lýðveldi með þingræðisstjórn“.

Og við hefjum atkvæðagreiðslu. ... Það eru 23 í salnum, 23.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá kjósum við um 2. gr. sem heitir Handhafar ríkisvalds og hljóðar svo:

„Alþingi fer með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar.“

Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn og önnur stjórnvöld fara með framkvæmdarvaldið. Hæstiréttur Íslands og aðrir dómstólar fara með dómsvaldið“.

Og við hefjum kosningu um þessa grein. 22 samþykkja og 1 situr hjá.

Yfirráðasvæði er næsta grein:

„Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum“.

Og við göngum til kosningar um þessa grein, 3. gr.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 4. gr. Ríkisborgararéttur. Og hún er þannig:

„Rétt til íslensks ríkisfangs öðlast þeir sem eiga foreldri með íslenskt ríkisfang. Ríkisborgararéttur verður að öðru leyti veittur samkvæmt lögum.

Engan má svipta íslenskum ríkisborgararétti. Íslenskum ríkisborgara verður ekki meinað að koma til landsins né verður honum vísað úr landi. Með lögum skal skipað rétti útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér, svo og fyrir hvaða sakir sé hægt að vísa þeim úr landi.“

Og við göngum til kosninga um 4. gr.

[Utan úr sal, kvenrödd]

Er ekki 5. gr. í þessum kafla?

SN

... Jú, jú, hún er hérna, í þessum nýjasta ..., fyrirgefð þið, þetta eru sex greinar sem eru hérna í I. kaflanum. Ég var hérna með misvísandi gögn.

Og þessi grein var samþykkt með 23 atkvæðum, samhljóða.

Þá tókum við sérstaklega fyrir ...

Þannig að við höfum lokið þá fjórum fyrstu greinunum. Og þær hafa allar verið samþykktar. Og í þessum kafla eru líka 5. og 6. gr., 5. gr.? Ókei, nú þá er þetta líka rangt í þessu, eða hvað ... Fyrirgefð þið hérna, þetta er allt að koma.

5. gr. er Skyldur borgaranna. Vill einhver taka til máls um hana? Nei. Nú erum við að fjalla um 5. gr. Það er villa í 6. greininni. Ókei. En við tókum 5. gr., því að það er síðasta greinin í I. kafla og 5. greinin er Skyldur borgaranna. Og ef enginn vill tala um hana sérstaklega, þá greiðum við um hana atkvæði. Hún hljóðar svo:

„Stjórnvöldum ber að tryggja að allir fái notið þeirra réttinda og þess frelsis sem í þessari stjórnarskrá felast.

Allir skulu virða stjórnarskrá þessa í hvívetna, sem og þau lög, skyldur og réttindi sem af henni leiða“. Og við hefjum kosningu um hana.

Og þessi grein er samþykkt með samhljóða atkvæðum, 23.

Þannig að þá höfum við lokið umfjöllun um I. kafla og tókum til við kafla sem heitir Mannréttindi, í frumvarpinu eins og það stendur núna. Og við tókum nú fyrir, leggjum fram gr. 6 til 13, 6-13. Og orðið er laust um þessar greinar og breytingartillögur. Já, Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já formaður, kærur félagar og gestir, og sérstaklega bjóða þabba velkominn. Við í A-nefnd erum með tvær breytingartillögur við þessar greinar. Það er annars vegar við 6. gr. sem var samþykkt efnislega á síðasta fundi. Það var tillaga frá Freyju Haraldsdóttur, sem að lagði til greinina: „Sérhver manneskja hefur meðfæddan rétt til lífs“. Og við gerum breytingartillögu um það að orðalag greinarnar verði: „Allir hafa meðfæddan rétt til lífs“. Og

að greinin færist, það verður smá púsl. Við færum jafnræðisregluna fremst í þennan kafla. Þessi grein verði önnur þar á eftir, og síðan komi grein um mannlega reisn. Þannig að við víxlum jafnræðisreglu við grein um mannlega reisn, og setjum þessa síðan þar á milli. Ég vona að þetta sé skýrt. En eins og ég segi, ákvæðið var efnislega samþykkt á síðasta ráðsfundi, en við gerum litla orðalagsbreytingu. Síðan er 13. gr. sem fjallar um eignarrétt. Þar endurvekur, eða í raun og veru hafnar nefndin svona, að taka mark á atkvæðagreiðslu, ég veit ekki hvernig ég á að orða þetta. Hún endurvekur tillögu sem að kynnt var á síðasta fundi, um að síðasti málsliður, 2. málsliður, 2. mgr. skyldi falla brott. Þetta var málsliðurinn „Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag“. Þetta tók nefndin upp á fundi sínum núna á föstudag, og taldi að það væri ástæða til þess að endurskoða þessa tillögu og velja hana aftur. Okkur fannst þessu vera ofaukið. Orðið almannahagur er mjög matskennt, og í framkvæmd væri það undir löggjafanum komið, að túlka þetta við lagasetningu, og gæti í raun og veru komið verr niður á almennum borgurum, heldur en ásetningurinn var. Okkur þykir nóg að tiltaka í 1. málslið, 2. mgr. að skyldur og takmarkanir fylgi eignarrétti. Þannig að við gerum tillögu um að þessum 2. málslið verði sleppt.

Þetta eru tillögur frá A-nefnd. Takk fyrir.

SN

Og kaflaheiti er það ekki? Ætlarðu að fylgja því eftir hér?

SBÓ

Já. Við gerum að auki tillögu um það að kaflaheitinu verði breytt úr „Mannréttindi“ í „Mannréttindi og náttúra“.

SN

Þá er orðið laust um þessar tillögur og þessar greinar. Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Ég ætla að þakka formanni A-nefndar kærlega fyrir hennar yfirferð og tillögur A-nefndar.

Nú, ég ætla nú kannski bara að taka það fram að mér finnst gr. nr. 6, sem hefur farið hérna á milli okkar í góðan tíma, þetta er öll framkvæmd hennar og framsetning af hálfu þess sem hennar flutt hefur verið til fyrirmyndar og það er ágætt að ná þessu með þessum hætti og ég styð þessa breytingartillögu sem hér er lögð fram. Nú varðandi jafnræðisregluna, þá hef ég nú haft athugasemdir við þær, þessa „Öll erum við“ setningar, og geri það nú að mörgu leyti enn. Ætla nú þó ekki að gera það að kjósa gegn jafnræðisreglunni, hér í atkvæðagreiðslu. Ég kannski velti því bara upp sem hugmynd að komi nú til þess einhvern tíma, að ef að okkur tekst ekki að ná sáttum um aðfaraorð til að mynda, hvort að þetta gæti verið ágætis byrjun á stjórnarskrá? Hugsanlega. Ég sagði einhvern tímann í umræðu hérna, þegar við töluðum um aðfaraorð einu sinni, að mér þætti sú byrjun á stjórnarskránni í dag, Ísland er lýðveldi með þing-

bundinni stjórn, vera góð byrjun, vegna þess að það sýndi að þarna byggji fólk sem gengi hreint til verks. Og segði bara fyrst strax eitthvað konkret. Og ég held að að mörgu leyti þá sé þessi regla eitthvað sem er svona, besta lýsing á þessu samfélagi sem við viljum búa í hér, sem ég get ímyndað mér. Þannig að þetta er ein hugmynd sem hér er sett fram. Nú að lokum, þá varðandi eignarréttinn, þá styð ég heilshugar þá tillögu sem lögð hefur verið hér fram af A-nefnd og er endurvakin breytingartillaga mín. Ég veit að margir hér í ráðinu hefðu viljað ganga lengra og tilgreina það að nýting eignarréttar skuli ekki ganga gegn almannahag, með einum eða öðrum hætti, í ljósi svona ýmislegs sem gerst hefur, í ljósi fjölda áskoranna sem þeir hafa fengið, og þau, þess efnis, utan úr samfélaginu og frá þeirra kannski stuðningsfólki og vinafólki. Og ég er afar þakklátur fyrir það að það hafi náðst sátt um það, að leggja fram þessa breytingartillögu um að þessi setning falli brott. Ég nefndi hér nokkur atriði í seinustu umræðu sem mér þótti vera þess eðlis að það væri erfitt að styðja skjalið, ef þau stæðu, þetta er lykilatriði í mínum huga og ég ítreka enn og aftur þakkir til allra þeirra sem komu til móts við þá sem vildu að þetta félli brott. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það, fundarstjóri. Bara örstutt að fagna því að fyrirsögnin „Mannréttindi“ fái viðbótina „og náttúra“. Það gerir náttúruna og umhverfismál sýnileg í nýrri stjórnarskrá, og ég fagna því innilega. Takk.

SN

Einhverjir fleiri? Já, Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Örstutt, af því við sitjum hér saman og tókumst á um þetta. Að þá ætla ég að taka undir hvert orð sem hún sagði.

SN

Þá, ef ekki eru aðrir sem vilja taka til máls, að þá göngum við til atkvæða um breytingartillögurnar fyrst. Já, Þórhildur ...

ÞÞ

Já mig langar bara að spyrja hérna um breytingartillögu sem liggur hér hjá öllum. Breytingartillaga nr. 111, sem ég hélt að mundi vera með einhverjum hætti inni í þessum kafla, hvenær hún kemur til umræðu.

SBÓ

Nefndinni tókst ekki að afgreiða hana inn í skjalið, þannig að við gerum ekki tillögu um að hún verði samþykkt. Ég sendi tilkynningu um þetta á alla í gær. Á ég að kynna sérstaklega greinarnar sem við afgreiddum ekki núna, eða á ég að gera það í lokaumræðu kaflans?

SN

Við höfum sett það á dagskrá hérna í lok umræðunnar um mannréttindakaflann.

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Mig langar þá kannski örstutt að gera grein fyrir einni atkvæðagreiðslu, eða sem sagt atkvæði mínu. Varðandi gr. 10, þá segir þarna, „öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan“. Ég hef dálitlar áhyggjur af því að þessi grein gæti hugsanlega kallað á miklar kvaðir, eða sem sagt miklar kröfur á ríkið, um að það sé ríkisins að tryggja það að menn verði ekki fyrir ofbeldi, þ.e.a.s. ekki ef að um er að ræða deilur milli tveggja aðila og annar gengur í skrokk á hinum, þá sé að einhverju leyti ríkisins að koma í veg fyrir það. Ég mun sitja hjá í þessari atkvæðagreiðslu, en geri ekki að öðru leyti ágreining um að þessi grein fari inn. Takk.

SN

Við fjöllum núna um breytingartillögurnar fyrst, áður en við ... Gísli. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ef ég skil rétt, þá er verið að fjalla líka um 9. gr., sem hljóðar svo: „Yfirvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra“. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu nýmæli. Þetta hefur hingað til bara verið í fræðikenningum að borgararnir eigi rétt á vernd gegn lögaðilum, svo sem sterkum fyrirtækjum og hagsmunasamtökum, og fagna þessu mjög.

SN

Þá tókum við fyrir hverja grein fyrir sig og breytingartillögur við þær. En við byrjum á 1. brtt. frá A-nefnd sem er breyting á kaflaheiti. Og nú er kaflaheitið „Mannréttindi“, en tillagan er sú að breyta því í „Mannréttindi og náttúra“. Og við göngum til atkvæða um þessa tillögu.

Og þessi tillaga er samþykkt með 20 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Þá tókum við fyrir næstu grein sem er 6. gr., Réttur til lífs. Og það hefur komið breytingartillaga við þá grein. Hún hljóðar núna þannig: „Sérhver manneskja hefur meðfæddan rétt til lífs. En tillaga A-nefndar er að hún hljóði: Allir hafa meðfæddan rétt til lífs“.

Sem sagt, tillagan er að hún hljóði: „Allir hafa meðfæddan rétt til lífs“, og við göngum til kosninga um þessa breytingartillögu.

... Já, við þurfum að kjósa aftur um þessa breytingartillögu.

Tökum 5 mínútna hlé.

SN

Má ég biðja fundarmenn um að fá sér sæti. Það vantar ennþá nokkra í salinn. Við þurfum aðeins að hinkra ... Við ætlum að ganga til atkvæða-

greiðslu um þessa breytingartillögu og að greinin hljóði þannig: „Allir hafa meðfæddan rétt til lífs“. Og nú göngum við til atkvæðagreiðslu um þá tillögu. Og kosning er hafin.

Og þessi grein er samþykkt með 23 atkvæðum og 1 sat hjá.

[ógreinilegt úr sal]

SN

... jú, en fyrst ætla ég að taka aðra breytingartil-laga sem er um aðra röð á þessum fyrstu greinum. Breytingartillagan felst í því að fyrsta greinin, eða sem sagt í þessum kafla, þ.e.a.s. 6. gr. verður sú sem heitir Jafnræði. Síðan, þar á eftir komi, 7. gr. verði Réttur til lífs, og 8. gr. Mannleg reisn. Þeir sem eru samþykkir þessari breytingu á röð greina, sem sagt ... ég ber þessa tillögu upp. Og göngum til kosninga um hana.

Og breytingartillagan er samþykkt með 21 atkvæði, 2 sátu hjá.

Þá tókum við greinarnar fyrir í þeirri röð sem hefur nú verið samþykkt. Fyrsta, eða sem sagt 6. gr. er þá Jafnræði. Og hún hljóðar svona:

„Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmálatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“.

Og við göngum til atkvæðis um þessa grein.

Og greinin er samþykkt með 21 atkvæði, 2 sátu hjá.

7. gr. er þá með breytingum á röð, Réttur til lífs. Og hún hljóðar þannig með áorðnum breytingum: „Allir hafa meðfæddan rétt til lífs“. Og við göngum til kosninga um þá grein.

Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 2 sátu hjá.

Þá er 8. gr., eftir að víxlað hefur verið greinum, að þá er 8. gr. núna, Mannleg reisn. Og hún hljóðar svo:

„Öllum skal tryggður réttur til að lifa með reisn. Margbreytileiki mannlífsins skal virtur í hvívetna“.

Og við göngum til kosningar um þá grein.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það gr. nr. 9 Vernd réttinda:

„Yfírvöldum ber ætíð að vernda borgarana gegn mannréttindabrotum, hvort heldur sem brotin eru af völdum handhafa ríkisvalds eða annarra“.

Við göngum nú til kosninga um þessa grein.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 sat hjá.

Þá er það 10. gr. Mannhelgi:

„Öllum skal tryggð mannhelgi og vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem kynferðisofbeldi, innan heimilis og utan“.

Og við göngum til kosninga um greinina, 10. gr. Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 2 sátu hjá.

11. gr. er Friðhelgi einkalífs og hljóðar svo:

„Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skal tryggð.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra“.

Við göngum til kosninga um 11. gr.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. gr. Réttur barna:

„Öllum börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir í málum sem það varðar. Barni skal tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska“.

Við göngum til kosningar um 12. gr. Réttur barna.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 sat hjá.

Þá er það næst 13. gr. Eignarréttur. Og það liggur fyrir breytingartillaga á þeirri grein. Hún er á þá leið að felldur sé út 2. málslíður, 2. mgr., þar sem segir: „Nýting eignarréttar skal ekki ganga gegn almannahag“. Breytingartillagan gengur út á það að þessi málslíður falli niður. Við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa breytingartillögu.

Við erum orðin 24.

Og hún er samþykkt með 19 atkvæðum, 2 sögðu nei og 3 sátu hjá.

Hún sem sagt skoðast samþykkt, breytingartillagan, og þá berum við upp greinina með áorðnum breytingum. Og hún hljóðar þá svo:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög“.

Við göngum til kosninga um 13. gr. Eignarrétt, með áorðnum breytingum.

Hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Nú þá leggjum við fram næstu greinar, nr. 14 til 31. Það hafa engar breytingartillögur borist við þessum greinum, en orðið er laust um þær ef einhver vill taka til máls.

Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Já takk. Formaður og ráðsfulltrúar og aðrir gestir, og áheyrendur. Mig langar bara að nota tækifærið til þess að lýsa yfir ánægju minni með trúfrelsisgreininna sem er hérna nr. 18. Þetta er mjög styrkt grein, eða styrkt ákvæði um trúfrelsi frá því sem áð er í núverandi stjórnarskrá. Og það er margt sem er styrkt hér og m.a. þessi réttur til trúar og lífsskoðunar, sem að ég tel mjög mikilvægt, að þetta eigi ekki bara við trú, rétt til trúar, heldur líka lífsskoðunar, og þessi réttur sé algjör. Það er annað sem að breytist og það er það að röðinni er breytt, þannig að nú er trúfrelsisákvæðið á undan kirkjuskipunarákvæðinu, sem að ég tel líka mjög mikilvæga breytingu. Og styrkir þennan vilja til þess að trúfrelsið sé algjört. Og réttur til, og virðing á margbreytileika í trúar og lífsskoðunum er sem sagt virtur til fulls. Það var hérna inni ákvæði þangað til í fyrri umræðu, um að stjórnvöld skyldu vernda trúfélög og lífsskoðunarfélög. Ég tel tvímælalaust að það hefði styrkt þessa grein, ef að þetta ákvæði er inni. En sem sagt, úr því sem að komið er, þá held ég samt sem áður að þessi grein sé mjög mikilvæg og sé skýr framför frá því sem að er núna. Takk.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég vil segja örfá orð um trúfrelsisgreininna og taka undir hvert orð sem dr. Arnfríður Guðmundsdóttir lét hér fara frá sér. Og þetta er gríðarlega mikilvæg grein um grundvallarmannréttindi, sem á að tryggja jafna stöðu allra gagnvart stjórnarskrá, út frá trúarlegum skoðunum sínum. Jafnframt þykir mér miður að það hafi farið út textinn um að stjórnvöldum ber að virða öll trúfélög og lífsskoðunarfélög, en þetta er niðurstaðan af starfi okkar, og verð að una henni. En svo vil ég segja um 19. gr., um kirkjuskipan, að þar náðum við mikilvægum sáttum. Við ræddum ýmsar leiðir og ég vil fá að orða það hér að þetta er samkomulag, sem að við náðum um að ... byggir á því að við töldum okkur ekki hafa það umboð, eða það verkefni að breyta kirkjuskipanni. Og vernd þjóðkirkjunnar er horfin úr þessum stjórnarskrárdrögum, en í staðinn er málinu vísað til Alþingis, sem getur breytt kirkjuskipan ríkisins. En þá skal það fara undir, borið undir alla landsmenn, kosningabæra menn í landinu. Hér er sem sagt ekki verið að afnema þjóðkirkjuna. Hún starfar áfram og byggir starf sitt á lögum frá 1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Og ég óska bara þjóðkirkjunni velgengni á þeim vettvangi. Hún á ekki að þurfa stjórnarskrávernd sérstaka, enda er hún nú orðin persóna að lögum, og þarf að starfa á nýjum grundvelli og sýna bara aukinn þrótt og styrk í starfi sínu. Ég styð að sjálf-sögðu þessar greinar báðar, og hef ekki fleiri orð um það að sinni. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, kærur félagar. Mig langar bara að koma því á framfæri, það er hérna inni í þessum pakka ein breytingartillaga sem að nefnd A fjallaði um, en taldi ekki ástæðu til að gera tillögu um að yrði samþykkt. Og þetta var tillaga um það að inn í 14. gr., Skoðana- og tjáningarfrelsi, bættust orðin „og stuðla að“: Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu „og stuðla að jafnræði“.

Nefndin telur að það sé nægjanlegt að skýra í greinargerð að orðin, sem sagt, opin og upplýst umræða, feli í sér að það skuli vera jafnræði á milli ólíkra sjónarmiða t.d., þannig að við beinum þessu í greinargerð en lengjum ekki ákvæðið. Bara svo því sé haldið til haga í umræðunni. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður, ráðskonur og ráðsfulltrúar og aðrir áheyrendur. Ég var að lesa í gærkvöldi uppi í rúmi bókina Kvöldvökur eftir Magnús Helgason. Þetta er bók sem var gefin út fyrir hartnær 100 árum síðan, og þar var verið að tala um þann galla við lýðræðið, að sú staða var komin upp í Bandaríkjunum að ef það kom gagnrýni á ákveðinn auðjöfur, athafnir hans, að það þyrfti að breyta einhverju, þá var það vandamál leyst bara með því að auðjöfurinn keypti upp alla fjölmiðla. Þetta er sama umræða og var í Grikklandi fyrir 2400 árum síðan. Að þegar átti að fara að taka til umræðu og greiða atkvæði um einhver hagsmunamál þeirra sem áttu gífurlegan auð, að þá keyptu þeir sér þjónustu ræðusnillinga, til þess að telja fólkinu hughvarf. Nú sama sáum við hér, bara fyrir örfáum árum síðan, þegar verið var að blása upp bóluna. Þar var Íslendingum talið trú um að hvítt væri svart og svart væri hvítt, og tókst ágætlega, vegna þess að það var ekkert jafnræði í umræðunni. Þeir gátu keypt alla fjölmiðlana. Það er hægt að fá jafnvel menntaða þjóð til þess að samþykkja það að ákveðið þjóðarbrott, margar milljónir, hafa ekki rétt til lífs, ef maður ræður algjörlega umræðunni.

Og í gamla daga var það gert með því að banna andstæð sjónarmið. Í dag er það gert með massamun, bara að maður kaupir upp alla fjölmiðlana. Og ríkisfjölmiðillinn okkar, hann hefur ekki þorad, eða viljað, eða getað, reynt að koma á jafnvægi á þessi mál. Ef það er einhver gífurleg slagsíða á aðra hliðina, þá þarf að færa til ballestina, þá þarf hinn að stíga skrefið í hina áttina, sá sem vill halda jafnvægi í bátnum.

Og það er alveg sama hvaða lýðræðiskerfi við veljum. Það skiptir engu máli. Ef einn hefur yfirburðaaðstöðu á upplýsingamiðlunarmarkaðnum. Það er því mjög nauðsynlegt að þetta sé tekið fram. Ég minni á þessa umræðu sem er nú í kjölfar þess, að Murdoch hefur ráðið hverjir hafa stjórnað Bretlandi. Það er búið að afhenda lýðræðið aftur með því að leyfa einokun á fjölmiðlum. Hjá lögfræðingum ... það kemur fyrir dóminn, tveir einstaklingar, annar með

20 stjórnulögfræðinga, og hinn bara með einn meðallögfræðing, þá tekur dómarrinn tillit til þess. Hann stillir sig af. Mér finnst sjálfsögð krafa til ríkisfjölmiðilsins að hann geri það líka. Að hann geri eitthvað, þegar er ofboðslegur massamunur á umræðu í landinu. Þetta er svo hann geti bæði opin og upplýst, þ.e.a.s. hvað þýðir yfirleitt aðöll sjónarmið hafa komið fram ... En þar sem þetta er aðalvandamálið, þá verður að telja það upp. Alveg eins og í jafnræðisreglunni, það er ekki nóg að segja að allir skuli vera jafnir. Það þarf að taka fram, hvað þurfi að vera jafnt. Þetta er svo mikild lyklatríði í öllu lýðræði að ég legg til að þetta fái eitt orð. Þannig að breytingartillagan verði, að það standi að „stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu og stuðla að jafnræði í umræðu“. Þar sem þetta er lyklatríði, þá óska ég eftir því að menn greiði því atkvæði. Takk fyrir.

SN

Ertu að óska eftir að sé greitt atkvæði um þetta, þessa tillögu?

AM

Er það ekki hægt, eða? Eða er það ekki hugmyndin með breytingartillögum? Annað hvort fellur maður frá þeim eða ...

SN

Þú ert að endurvekja breytingartillöguna sem þú varst með áður.

AM

Já.

SN

Katrín Fjeldsted er næst. Og ég loka mælendaskrá á meðan hún talar.

KF

Formaður. Ég fagna því að ákvæði um sérstaka vernd í stjórnarskrá fyrir evangelísk-lútersku kirkjuna skuli vera farið út úr okkar frumvarpi. Þannig er vernd þjóðkirkjunnar ekki lengur fyrir hendi í stjórnarskrá, og það er til bóta. En ég vildi helst ekki hafa neitt slíkt ákvæði vegna þess að í gr. 18, skal öllum tryggður réttur til trúar og lífskoðunar, þ.m.t. rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Og til þess að allir séu jafnir fyrir lögum og fyrir stjórnarskrá, hefði sú setning nægt. Ég mun því ekki samþykkja 19. gr. um kirkjuskipan.

SN

Ég loka þá mælendaskránni núna. Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Kæru vinir. Þetta gengur nú hratt og vel fyrir sig, við verðum búin með þessa stjórnarskrá fyrir kl. fjögur, með þessu áframhaldi. Ég held nú samt, svona upp á umræðuna þá sé nú ágætt að við kannski förum yfir svona helstu okkar punkta, þó að þau kannski kunni að vera að koma upp aftur.

Ég ætla þá helst að nefna tvo hluti sem ég hef kannski haft athugasemdir við allan tímann, sem við höfum verið að vinna hér. Og þetta auðvitað lýtur að mörgum af þessum félagslegu réttindum. Ég er þínku smeykur við orðalagið, „Öllum skal tryggður með lögum réttur til lífsviðurværis“. En ég ímynda mér að þetta geti kannski styrkt stöðu í ákveðnum dómsmálum og gert það erfiðara um vik að halda niðri kostnaði vegna almanna- og félagstrygginga. Og varðandi heilbrigðisþjónustuna þá finnst mér eins og ég hef áður sagt, dálítið erfitt að lofa hlutum eins og andlegri og líkamlegri heilsu, þó svo að setningin, að hæsta marki sem unnt er, er auðvitað það dempanði að hún gefur löggjafanum talsvert svigrúm til þess að gera eins vel og hann getur, hverju sinni. En mínar atkvæðagreiðslur í þessum málum koma vonandi engum á óvart. En þetta er fráfangssök, að mörgu leyti er kaflinn vel unninn og tekur mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland er þegar aðili að. En ég hef í einhverjum tilfellum dálitlar efasemdir af þeim auknu fjárútlátum sem geta falist í greinum sem þarna standa, og munu verða til vegna dómsmála en ekki vegna lýðræðislegra ákvarðana íslenska þjóðþingsins. Takk.

SN

Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

FH

Já, kæru vinir. Ég misskildi aðeins áðan, ég hélt að væri sem sagt þarna í 1. gr. með kaflanum, hélt ég að væri sem sagt sérstök umræða um breytingartillögur og svo önnur um greinarnar. Ég bara biðst afsökunar á því. En mér finnst mikilvægt að það komi fram og langar að segja í óruttu máli að ég fagna mjög að jafnræðisreglan sé komin í gegn svona. Eins og þið vitið þá hef ég verið óþolandi með það að við teljum upp þá minnihlutahópa sem við teljum að verði fyrir alvarlegri mismunun á Íslandi. Og ég fagna því mjög. Við höfum haft, bara hugrekki til þess að gera það og náttúrliga sérstaklega er ég hamingjusöm með að fötlun sé loksins, eftir áratugalanga og bara mjög langa baráttu, komin inn í jafnræðisákvæði á Íslandi. Það mun að sjálfsögðu ekki bjarga heiminum, en það mun samt sem áður gefa okkur verkfæri í hendurnar til að leita réttar okkar og krefjast þess að önnur löggjöf verði sett til þess að við getum farið að lifa sómasamlegu lífi eins og aðrir borgarar í þessu landi. En ég vil taka fram að ég studdi að sjálfsögðu ákvæðið. En þótti mjög dapurt að við höfum ekki getað komið til móts við kröfur þeirra sem vildu að kynvitund færi inn í jafnræðisákvæðið. Það var mér mjög erfitt að við skyldum fella þá tillögu. Þannig að þó ég hafi samþykkt ákvæðið, þá er ég ekki samþykkt þeirri ákvæðun okkar í raun og veru. En vona bara að þeir hópar sem að eru tilgreindir í ákvæðinu, muni í rauninni toga þennan hóp líka áfram til aukins jafnréttis og lífsgæða í þjóðfélaginu. Mig langar að lýsa yfir ánægju minni, bara almennt séð, með mannréttindakaflann og með það hugrekki sem við hér sýnum, með því að setja háleit markmið, og þora því. Þrátt fyrir að mörg okkar hérna höfum kannski verið, reyndar

ekki ég, en hrædd við það að setja háleit markmið og hrædd við að ganga langt, að þá gerðum við það í mörgum tilvikum. Og ég trúi því að það muni koma okkur á betri stað, sem þjóðfélagi. Og þar af leiðandi vil ég bara hrósa okkur öllum fyrir að hafa getað sameinast nokkurn veginn um það. Mig langar að taka undir með Arnfríði varðandi trúfrelsisákvæðið. Mér þykir miður að við höfum ekki verið tilbúin til þess að vernda öll trúar- og lífsskoðunarfélög. Það er gríðarlega mikilvægt og stór þáttur í trúfrelsi. Og mér þykir það dapurt en ég mun samt stýðja þetta ákvæði vegna þess að ég trúi því, enn og aftur, að það muni styrkja stöðu fólks af ólíkum, sem hafa ólíka trú eða standa utan trúar. Já, svo segi ég bara góða skemmtun til okkar í dag. Takk.

SN

Takk fyrir. Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður og aðrir sem mál mitt heyrði. Andrés Magnússon kom hér að lyklatríði varðandi ríkisfjölmiðla. Og ég tel mig knúinn til þess að upplýsa hvernig ég tel að þeir eigi að vinna. Hann fór fram á það að ríkisfjölmiðlar gættu þess að ef slagsíða væri í umræðunni í þjóðfélaginu, þá ættu þeir að vinna á móti þeirri slagsíðu. Það vill svo til að á tímabili var fréttastjóri sjónvarpsins veikur og Guðjón Einarsson, varafréttastjóri, og ég, við fengum beiðni frá ákveðnum stjórnmalamanum um það, að það væri svo mikil slagsíða á umræðunni í þjóðfélaginu að það væri skylda fjölmiðils okkar að taka upp aðra slagsíðu á móti þeirri slagsíðu. Niðurstaða okkar var mjög skýr. Ef við gerðum það, þá brytum við gegn öllum grundvallarþringspippum okkar starfs, sem Walter Cronkite orðaði kannski betur en nokkur annar, þegar ég var svo lánsamur að taka við hann sjónvarpsviðtal örstutt, og spurði hann, er vald fjölmiðlanna of mikið? Og hann sagði, ég skal bara þýða það, ég ætla ekkert að fara með það á ensku: Vald fjölmiðlanna, eða „power“, eins og hann notaði það ... Vald fjölmiðla sem miðla á óhlutdrægan og ítarlegan hátt nauðsynlegum upplýsingum og skoðunum, til þess að fólkið geti notað sitt vald sem best, verður aldrei of mikið. Andrés, það sem að þú ert að fara fram á við ríkisfjölmiðla, er nokkurn veginn það sama eins og ég færi fram á við læknana sem hér sitja við þetta borð, að vegna þess að eitthvert heilbrigðisástand væri í þjóðfélaginu, að þá skyldu þeir sniðganga Hippókratesareiðinn. Ég vona að ríkisfjölmiðlar á Íslandi muni aldrei detta í þá gryfju að ætla sér að fara að taka upp og búa til einhverja slagsíðu á móti einhverri annarri slagsíðu úti í þjóðfélaginu. Það verður þjóðfélagið sjálft að gera utan þessara fjölmiðla.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar að fagna sérstaklega þeirri niðurstöðu

sem er í 19. gr. um kirkjuskipan, þar sem að þjóðkirkjunni er ekki haggð, en stjórnarskrárvernd hennar afnumin. Þá langar mig að benda á að það er orðalagsvilla í 24. gr. um menntun. Þar á að standa gagnrýninni hugsun, hef ég fengið málfræðing til þess að staðfesta. En það verður væntanlega lagað í ritstjórn. Takk.

SN

Andrés hefur óskað eftir að svara spurningu Ómars. Ég leyfi það hér. Gjörðu svo vel.

AM

Bara af því þessu var beint svona beint til mín. Ég er að tala um raunverulega, að maður sé ekki að skoða málflutning, Ómar, heldur að maður sé að skoða eignar ... að þú skoðir það að ákveðinn hópur, sem stendur fyrir ákveðnum skoðunum, eigi orðið mjög stóran hluta fjölmiðlamarkaðarins. En ég heyri að það er kannski ekki mikil stemmning fyrir þessari breytingartillögu og dreg hana tilbaka. Takk.

SN

Dregurðu hana tilbaka? Ókei.

Þá berum við upp þessar greinar í réttri röð, 14 til 31.

Fyrst er það 14. gr., Skoðana- og tjáningarfrelsi. Og hún hljóðar svo:

„Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að tjá hugsanir sínar.

Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinna og upplýstrar umræðu. Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara og að uppfylltum sömu efnisskilyrðum og eiga við um skorður við tjáningarfrelsi.

Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi“.

Og þá hefjum við kosningu um 14. gr. Skoðana- og tjáningarfrelsi.

Og hún er samþykkt með samhljóða greiddum atkvæðum, 24.

Þá er það næst 15. gr. Upplýsingaréttur. Hún hljóðar svo:

„Öllum er frjálst að safna og miðla upplýsingum.

Stjórnsýsla skal vera gegnsæ og halda til haga gögnum, svo sem fundargerðum, og skrásetja og skjalfesta erindi, uppruna þeirra, ferli og afdrif. Slíkum gögnum má ekki eyða nema samkvæmt lögum. Upplýsingar og gögn í fórum stjórnvalda skulu vera tiltæk án undandrátta og skal með lögum tryggja aðgang almennings að öllum gögnum sem opinberir aðilar safna eða standa straum af. Listi yfir öll mál og gögn í vörslu hins opinbera, uppruna þeirra og innihald, skal vera öllum aðgengilegur. Söfnun, miðlun og afhend-

ingu gagna, geymslu þeirra og birtingu má aðeins setja skorður með lögum í lýðræðislegum tilgangi, svo sem vegna persónuverndar, friðhelgi einkalífs, öryggis ríkisins eða lögbundins starfs eftirlitsstofnana. Heimilt er í lögum að takmarka aðgang að vinnuskjölum enda sé ekki gengið lengra en þörf krefur til að varðveita eðlileg starfsskilyrði stjórnvalda. Um gögn sem lögbundin leynd hvílir yfir skulu liggja fyrir upplýsingar um ástæður leyndar og takmörkun leyndartíma“.

Við göngum til atkvæða um þessa grein.  
Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 3 sátu hjá.

Þá er það 16. Frelsi fjölmiðla:

„Frelsi fjölmiðla, ritstjórnarlegt sjálfstæði þeirra og gegnsætt eignarhald skal tryggja með lögum.

Vernd blaðamanna, heimildarmanna og uppljóstrara skal tryggja í lögum. Óheimilt er að rjúfa nafnleynd án samþykkis þess sem veitir upplýsingar nema við meðferð sakamáls og samkvæmt dómsúrskurði“.

Við göngum til kosninga um 16. gr. Frelsi fjölmiðla.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, 24.

17. gr. Frelsi menningar og mennta:

„Tryggja skal með lögum frelsi vísinda, fræða og lista“.

Við göngum til kosninga um 17. gr.

Og hún er samþykkt með 24 atkvæðum, öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 18. gr. Trúfrelsi:

„Öllum skal tryggður réttur til trúar og lífsskoðunar, þar með talinn rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Öllum er frjálst að iðka trú, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Frelsi til að rækja trú eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Við göngum til atkvæða um 18. gr. Trúfrelsi.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

19. gr. er Kirkjuskipan. Og hljóðar svo:

„Í lögum má kveða á um kirkjuskipan ríkisins. Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipan ríkisins og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 19. gr. Kirkjuskipan.

Og hún er samþykkt með 19 atkvæðum, 1 hafnaði og 4 sátu hjá.

Þá er það 20. gr. Félagafrelsi. Hún hljóðar svo:

„Öllum skal tryggður réttur til að stofna félög í löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu

hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra“.

Við göngum til atkvæða um 20. gr. Félagafrelsi.

Og 20 gr. er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 21. Fundafrelsi:

„Öllum skal tryggður réttur til að safnast saman án sérstaks leyfis, svo sem til fundahalda og mótmæla. Réttur þessi skal ekki háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

Við göngum til atkvæða um 21. gr. Fundafrelsi.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 22. Félagsleg réttindi:

„Öllum skal með lögum tryggður réttur til lífsviðurværis og félagslegs öryggis. Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til almannaþrygginga og félagslegrar aðstoðar, svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 22. gr. Félagsleg réttindi.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

23. gr. er Heilbrigðisþjónusta. Og hljóðar svo:

„Allir eiga rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er. Öllum skal með lögum tryggður réttur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 23. gr. Heilbrigðisþjónusta.

Hún er samþykkt með 21 atkvæði, 3 sátu hjá.

24. gr. er Menntun:

„Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Öllum þeim, sem skólaskylda nær til, skal standa til boða menntun án endurgjalds. Menntun skal miða að alhliða þroska hvers og eins, gagnrýnni hugsun og vitund um mannréttindi, lýðræðisleg réttindi og skyldur“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 24. gr. Menntun.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

25. gr. er næst, Atvinnufrelsi:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þau kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Í lögum skal kveða á um rétt til mannsæmandi vinnuskilyrða, svo sem hvíldar, orlofs og frítíma. Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa og til að semja um starfskjör og önnur réttindi tengd vinnu“.

Kosning er hafin um þetta ákvæði, 25.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum og 1 sat hjá.

Þá er það 26. gr. Dvalarréttur og ferðafrelsi.

„Allir skulu ráða búsetu sinni og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem eru



settar með lögum. Engum verður meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómstóla. Stöðva má þó brottför manns úr landi með lögmætri handtöku. Með lögum skal kveða á um rétt flóttamanna og hælisleitenda til réttlátrar og skjótrar málsmeðferðar“.

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um 26. gr. Dvalarréttur og ferðafrelsi.

Og hún er samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum, 24.

Frelsis svipting er 27. gr. og hljóðar svo:

„Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi á rétt á að fá að vita tafarlaust um ástæður þess. Hvern þann sem er handtekinn vegna gruns um refsiverða háttsemi skal án undandrátta leiða fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari, áður en sólarhringur er liðinn, ákveða með rökstuddum úrskurði hvort hann skuli sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldi má aðeins beita fyrir sök sem fangelsisvist liggur við. Með lögum skal tryggja rétt þess sem sætir gæsluvarðhaldi til að skjóta úrskurði um það til æðra dóms. Maður skal aldrei sæta gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur. Hver sá sem af öðrum ástæðum en í tengslum við sakamál er sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus. Hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skal hann eiga rétt til skaðabóta“.

Og við hefjum kosningu um 27. gr. Frelissvipting. Kosning er hafin.

Og hún er samþykkt samhljóða, 24 greiddum með.

Þá er það 28. gr. Réttlát málsmeðferð:

„Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila og vitna. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð“.

Við göngum til kosninga við 28. gr. Réttlát málsmeðferð.

Hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 29. gr. Bann við ómannúðlegri meðferð:

„Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu. Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Nauðungarvinnu skal engum gert að leysa af hendi“.

Og við göngum til kosninga um 29. gr.

Og hún er líka samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 30. gr. Bann við afturvirkni refsingar:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsí-

verð samkvæmt lögum þegar hún átti sér stað, eða má fullkomlega jafna til þeirrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en þá voru leyfð í lögum“.

Við göngum til kosningar um 30. gr. Bann við afturvirkni refsingar.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

31. gr. Bann við herskyldu:

„Herskyldu má aldrei í lög leiða“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 31. gr.

Hún er samþykkt með 19 greiddum atkvæðum, 5 sátu hjá.

Þá leggjum við fram, eða tökum til umræðu næstu þrjár greinar, 31. gr., 32. gr., 33. og 34. Og breytingartillögur við þær.

Og orðið er laust. Silja Bára.

SBÓ

Já, formaður, kæru félagar og góðir gestir. Við erum í A-nefnd með nokkrar tillögur til breytinga. Ég ætla rétt að gera grein fyrir því fyrst að það var breytingartillaga gerð við gr. nr. 32 um menningarverðmæti, frá Katrínu Fjeldsted. Og hún gerði tillögu um að orðin „eða afnota“, féllu brott. Og við höfum ákveðið að bregðast ekki við þeirri, eða sem sagt leggja ekki fram tillögu þess efnis. Við munum tala um það í greinargerð að afnot teljist ekki vera ... að þær áhyggjur sem að komu fram, var að ekki mætti t.d. skrifa leikverk sem byggði á Íslendingasögu eða tónverk sem byggði á Þjóðlögum. En við teljum ekki afnot felast í því, þó að það séu not, af sem sagt ónafngreindum höfundarverkum. Þannig að við teljum að það sé fyllilega komið til móts við þessa breytingartillögu með því að fjalla um þetta í greinargerð, og gerum tillögu um að ekki verði greidd atkvæði um þessa tillögu. Þá erum við með um gr. nr. 33, um náttúru Íslands og umhverfi. Þar var farið fram á í breytingartillögu frá Ara Teitssyni, tillögu nr. 79, á síðasta ráðsfundi, að orðunum, „og hagsmunum landeigenda“, yrði bætt aftast í síðasta málslið. Nefndin telur ekki þörf á því að bæta þessu inn og vísar m.a. til sérfræðiálits sem barst núna á lokadögum starfsins og tekur á því hvernig í lögum, þá einkum lögum nr. 57/1998, hafi verið viðurkennd afar víðtæk og lítt takmörkuð réttindi landeigenda, hvað för almennings um lönd þeirra varðar. Þannig að með því að vísa til þessa í greinargerðinni, telur nefndin að verið sé að koma til móts við þessa tillögu.

Þá er tillaga frá nefndinni, um þessa tillögu, hún er nr. 121. Og það er orðalagsbreyting sem að lítur nú út fyrir að vera lítilvæg en hefur töluverða merkingu. Og þá erum við að skipta út orðunum „ósnortin“ fyrir orðið „óbyggð“. Og þarna er verið að vísa til víðerna sem að skuli njóta verndar. Málsgreinin er þá þannig: „Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll

skulu bætt eftir föngum“. Við fengum, eins og ég sagði, greinargerð, álit frá sérfræðingum hérna á lokametrunum og þar var m.a. bent á það að orðið „ósnortin“ víðerni, væri mun þrengra hugtak, en „óbyggð“ víðerni. Og þegar við lögðumst yfir þetta, þá sáum við að það sem að við höfðum verið að reyna að vísa til voru þessi, þau víðerni landsins sem að hafa vissulega verið snortin af mannanna höndum, og viljum þess vegna frekar nota orðið „óbyggð“, og vonum að ráðið taki undir það með okkur. Þetta eru þá þær tillögur sem að varða gr. nr. 33.

Og þá er það gr. nr. 34 og ég ætla að biðja fólk um að hafa smá þolinmæði með mér, þetta er smá svona, lagaflækja, en með góðri aðstoð nefndasviðs held ég að ég geti komið þessu almennilega frá mér.

Í fyrsta lagi er þá brtt. nr. 143, hún byggir á tillögu Þorkels Helgasonar frá síðasta ráðsfundi, og varðar aðallega orðalagsbreytingar í 1. mgr. Ég held að ég þurfi nú kannski ekki alveg að lesa þetta en í staðinn fyrir að segja „þær“, þá segjum við „auðlindirnar“, og umorðum aðeins, í staðinn fyrir að segja „því má aldrei“, þá segjum við „aldrei má“. Og að auki er bætt inn, þar sem áður var aðeins vísað til „auðlinda“, að þá er vísað til „auðlinda og annarra takmarkaðra almanna-gæða“. Og þetta töldum við vera góða viðbót við greinina og þarna er verið að vísa til ýmissa almannagæða, sem að við kannski vitum ekki hver eru í dag, en gætum þurft að taka tillit til í framtíðinni. Þannig að þetta er svona aðeins opnara orðalag og við þökkum Þorkatli fyrir góða ábendingu. Þorkell gerði einnig tillögu um að í staðinn fyrir orðið „fullt gjald“, sem kemur þarna í greininni, að það yrði sagt „markaðsverð“, en nefndin telur ekki ástæðu til að verða við því, en hins vegar þá teljum við að fullt gjald hljóti að vísa til þess verðs sem að er á einhvers konar markaði, þannig að það er svona umræða í greinargerðinni. Þá kemur smá flækja, aftur. Á síðasta ráðsfundi, þá var samþykkt að bæta við orðunum „beint eða óbeint“, um veðsetningu auðlinda og skipta út orðunum, ... nei síðan var það gert seinna var það ekki, með neinum hætti, þetta var hérna í umræðu sem var hjá okkur seinna.

Nefndin leggur til að orðin „beint eða óbeint“ falli niður. Þetta er samkomulag sem að náðist hérna í gær, svona á misformlegum fundum, en þessi orð ulla töluverðri ósátt og fólk hafði ólíkan skilning á þeim, þannig að við gerum að tillögu okkar að þau verði felld niður. Þá er held ég lokabreytingin hérna. Og þetta er líka eftir að við fengum þetta lokaálit hérna, rétt fyrir helgi, þar sem að gerð er athugasemd við það að við tölum um réttindi, virkjunarréttindi t.d. og námaréttindi, sem auðlindir, að þá bætum við inn „og uppsprettur“. Þannig að mgr. verður: „Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu, og uppsprettur, vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda“. Þannig að til þess að geta þess að greinin fjalli um nýtingarréttindi og auðlindir en skilji skýrt á milli þeirra, þá bætum við þessu inn. Þannig að þetta

eru breytingartillögur við greinina um náttúru-auðlindir. Eins og ég sagði, þetta er svona svolítil flækja, en ég vona að allir, allaveganna sem hafa pappírinn fyrir framan sig líka, geti fundið út úr þessu. Voru 35 líka? Í þessari lotu? Bara þessar. Ókei, flott. Takk fyrir.

SN

Þá er orðið laust um þessar breytingartillögur og um þessar greinar. Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Kæru vinir. Það er hátíðleg og góð stund að vera hérna með ykkur í dag og þetta er skemmtilegt, og gleðilegt að okkur sé að takast að lenda svona mörgum greinum með svona mikilli samstöðu. Ég er ákaflega stolt af okkur. Ég vildi bara útskýra aðeins betur varðandi tillöguna hans Ara Teitssonar, þar sem hann spurði hvort að væri hægt að geta þess í svokölluðum almannarétti, að þarna skyldu hagsmunir landeigenda einnig nefndir. Þá er það sko þannig og kannski kom ekki alveg nógu skýrt fram, að það er talað um að fara um landið í lögmætum tilgangi. Og þar fellur þetta klárlega undir. Þannig að þetta er alveg réttmæt ábending hjá þér, þetta er alltaf einhvers konar jafnvægisdans og auðvitað má fólk ekki bara vaða yfir tún og annað. En þess vegna eru orðin lögmæt-ur tilgangur inni. Þannig að það ætti algjörlega að ná þessu að okkar mati, þegar við síðan tölum um þetta í greinargerð. ... Hann hristir höfuðið, þungur á brún ... En þetta er það sem við teljum í nefnd A, bara svo það sé alveg á hreinu. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já formaður og góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég fagna því nú eins og aðrir hvað við erum að ná hérna góðri sátt, sýnist mér, um flest atriði. En vitaskuld er ekki allt eins og öll okkar vildu hafa. Ég staldra hérna við þessar breytingartillögur, fyrst og fremst. Og maður verður nú svolítið ruglaður í þessu og þetta sýnir nú og er bagalegt auðvitað hvað við höfum nauman tíma til hlutanna og getum kannski lítið áttað okkur á þessu. En ég hef miklar efasemdir við tillögur nr. 121, að breyta þarna út ósnortnum, yfir í óbyggð. Ég svona, gerir mér ekki alveg grein fyrir því hvað það þýðir. Hvað er óbyggð? Það veit ég ekki alveg. Vegalagnir, háspennulínur o.s.frv. Þannig a.m.k., fái ég ekki skýringar, þá mun ég greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Nú ég fagna breytingartillögum við 34. gr. í tillögu 134, og er ekki að orðlengja það. Ég vil skilja þá grein, eftir þessar breytingar þannig, svo það fari ekkert á milli mála, að með þeim sé eðlileg nýting á þeim réttindum sem menn hafa, tryggð, enda hafi þeir fengið þær með lögmætum hætti og greitt fyrir þau fullt verð, sem ég kaus nú reyndar heldur að væri markaðsverð, en ég er búin að fá skýringar, að þetta eigi að þýða það sama. Og sætti mig við það. En vegna umræðna sem hafa orðið hérna okkar á milli um

Það að þetta kunni að þýða, eða eitthvað sem hér stendur kunni að þýða það, að framsal á fiskikvót- um væri t.d. ekki leyft, þá lýsi ég minni skoðun á annan veg, um hvað það varðar. Ég hafði auk þess í greinargerð með minni breytingartillögu, gaukað því að nefndinni, hvort ekki þyrfti að koma orðum að því að breyting, sem vissulega kann að vera mikil, skv. þessari grein um nýtingu auðlinda, hvort að þyrfti að hafa orð á því að þetta þyrfti að hafa auðvitað eðlilega aðlögun. Og hérna er ég fyrst og fremst að vísa til allskyns fyrningarkerfa, sem að mér finnst gáfulegustu kerfin til að koma á þessum almannaeign á þessum, ... eða réttara sagt að greitt sé fyrir þessar a uðlindir, og almannagæði, með eðlilegum hætti. Formaður tók það fram að þetta teldist óþarfi, af því þetta hlyti að liggja í hlutarins eðli, eða það hefur verið sagt hérna áður. Og ég tek það trúanlegt og mun fagna því, þessari breytingu og mun greiða henni atkvæði mitt. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, nú er kannski komið að þeim köflum þar sem orðið þjóð kemur svona aðeins oftast fyrir heldur en smekkur minn, svona, mundi vilja. En það er nú kannski bara dálítið þannig. Ég hef nú áður sagt, og kannski ætla ekkert að orðlengja það hér, að mér finnst þessi gr. nr. 32 kannski, ekki alveg nógu góð. Ég hef áhyggjur af því að, ef að sambærileg grein hefði verið í dönsku stjórnarskránni á sínum tíma, og ef hún hefði verið nýtt, þá hefðum við ekki haft þau handrit sem við höfum til þess að banna síðan að þau verði síðan færð annað. En miðað við þær skýringar sem ég hef fengið, þá á þetta nú ... er hugsað að þetta eigi við þau handrit, sem ekki gildir um gagnkvæmur samningur milli t.d. Íslands og Danmerkur. En það er kannski ekki hægt að lesa það án frekari skýringar í greinargerð. Þannig að ég hef efasemdir um þessa grein.

Nú, síðan er það greinin um náttúruaðlindirnar. Og þar kannski er auðvitað bara þannig að ég hef ekki jafn jákvæða tilfinningu fyrir orðinu þjóðareign og aðrir. Ég hefði kannski viljað að greinin mundi ganga meira út á það að styrkja fullveldisrétt þjóðarinnar og allavega ríkisins yfir þessum hlutum, til þess að tryggja það að breytingar á lögum sem tengjast auðlindum með einhverjum hætti, mundu ekki kalla á skaðabóta-skyldu af hálfu ríkisins. Ég hefði frekar kosið að nota orðalagið hans Þorkels, markaðsverð, því að ef að fullt gjald þjóðir markaðsverð, ef það er skilningur manna, þá myndist mér rökréttara að nota það orðalag. Fullt gjald vísar til greinar í eignarréttarákvæðinu, þar sem fullt gjald er metið á grundvelli sem sagt nefndar eða dóms, en ekki á markaðsverði. En ég vona svo sannarlega að greinargerðin taki á því og greini frá því að þarna sé ekki verið að tala um eitthvað slíkt, heldur frekar um einhvers konar markaðsverð sé að ræða. En ég hef líka áhyggjur af því að orðalagið, „hóflegs tíma í senn“, útiloki hugsanlega möguleika þess

að það sé hægt að bjóða upp á kerfi með einhvers konar fyrningum. Þannig að það er ýmislegt í þessum greinum sem ég hef ákveðnar efasemdir um og mun almennt ekki greiða atkvæði með greinum í þessum kafla, en styð raunar flestar af þeim breytingartillögum sem komnar eru fram. Og þá sérstaklega vil ég þakka fyrir breytingartillöguna sem er þess efnis að orðalagið, „beint eða óbeint“, falli brott. Ég veit að þetta er annað af þeim málum sem mörgum var mikið hjartans mál, að stæði með þessum hætti, og mikið var lagt upp, og þetta fór auðvitað ... fékk ákveðna umfjöllun á seinasta ráðsfunði og fór í gegn með lýðræðislegum meirihluta. En ég hef verið einn þeirra sem hefur haft af því áhyggjur að þetta gæti að einhverju leyti haft neikvæð áhrif á atvinnulífið í landinu, sérstaklega ef litið er til þeirra skýringa sem fylgdu með greinargerðinni. Þannig að ég fagna mjög því að þessi breytingartillaga skyldi vera komin fram og ítreka þakkir til þeirra sem að voru til í að bakka í þessu máli.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já, formaður og góðir félagar. Ég vil nú byrja á því að taka undir hól sem hér hefur fram komið á þennan kafla um náttúruna og umhverfið. Ég var á Bylgjunni í smá spjalli í morgun og var spurður að því hver væri merkasti kafli stjórnarskrárinnar nýju og ég taldi að það væru þær greinar sem fjalla um náttúru og umhverfi, því að þetta er nýmæli í stjórnarskránni og mér finnst það að mörgu leyti mjög vel heppnað.

Það hins vegar þjóðir ekki endilega að ég sé nákvæmlega sáttur við hvert einasta orð sem í greininum stendur. Það er nú þannig að við erum hér að setja þjóðfélaginu ramma til allnokkurs tíma. Og þar verðum við bæði að huga að tekjum og gjöldum, ef ég má nota orð bankamanna. Við erum hér búin að samþykkja all langan kafla um mannréttindi og ég held að megi segja með nokkrum rétti að einhverjar greinar í honum leggja auknar skyldur og aukinn kostnað á herðar okkar og við því er ekkert að segja. Það vonandi bætir stöðu okkar til framtíðar. Það er hins vegar ljóst að það gerir það ekki nema við séum þá að styrkja atvinnulífið jafnframt og þarna þarf a vera ákveðið jafnvægi á milli. Og ég held að það sé eðlilegt að við spyrjum, í þeim breytingum sem við erum að gera á stjórnarskrá landsins, er þá jafnvægi á milli styrkingar almannahags, eða þjónustu við almenning, öryggi almennings, og trausts atvinnulífs. Og því miður hef ég efasemdir um að svo sé. Ég bar fram örlitla breytingartillögu um daginn, sem að skiptir engum sköpum í atvinnulífi landsmanna, en samt finnst mér að meðferð hennar sé, svona ákveðin vísbending um það hvert við erum að fara. Þar er sett inn nýmæli sem er á þá leið að, eins og hér segir, „með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögmatum tilgangi, með virðingu fyrir náttúru og umhverfi“. Og þetta er allt gott um þetta að segja. En ég lagði til að menn bæru líka virðingu fyrir atvinnulífi lands-

manna. Það náði ekki inn. Rökin eru þau, að því er ég best heyri, tvenns konar, annars vegar að þetta þurfi ekki að það sé í lögum. Nú er það, að það er í nákvæmlega sömu lögum, þessi orð hér um að menn eigi rétt á að fara um landið í lögmætum tilgangi, með virðingu fyrir náttúru og umhverfi, og svo réttur landeiganda. Og með því að taka inn annan helminginn en skilja hinn eftir, erum við að ganga á rétt atvinnulífsins í landinu, til þess að auka rétt almennings, að mínu mati. Og ég tel líka að það að þetta sé gert í lögmætum tilgangi, að fara um landið, þarf ekki endilega að þýða það að það sé sjálfgefið að menn taki svona til skoðunar og hafi í huga virðingu fyrir atvinnulífinu. Og ég bað einungis um það að það yrði sett þarna inn að menn bæru jafna virðingu fyrir atvinnulífinu, eins og rétti almennings. Því miður náði þetta ekki fram að ganga. Ég ætla ekki að gera breytingartilöggu en ég bið ykkur að velja því aðeins fyrir ykkur hvort að við séum með nægilegt jafnræði á kredit og debit, þ.e.a.s. erum við að auka eyðsluna án þess að tryggja tekjur á móti. Takk.

SN

Lýður Árnason. Og ég loka mælendaskrá þegar hann hefur lokið máli sínu. Gjörðu svo vel.

LÁ

Kæru vinir og félagar, þeir sem eru í salnum og heima. Að mínu viti er auðlindakaflinn einn mikilvægasti og líka kraftmesti kafli stjórnarskrárinnar, og hann tel ég muna eiga eftir að skipta sköpum fyrir okkur. Ég ætla að byrja aðeins að nefna eitt svona formsatriði. Það er varðandi grein eftir breytingu, 34. gr., að það stendur hérna, þetta er því miður ekki númerað hjá okkur. En það stendur hérna eftir breytingartillögu, grein eftir breytingu. Það er síðasta setningin í þessu auðlindaákvæði, 34. Það er síðasta setningin sem segir, eftir breytingu, „slík leyfi leiði aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum“. En hún átti að vera svona, „öðruvísi, ef ég man rétt. Hún á að vera svona,“ slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli, og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum“. Ég geri nú ráð fyrir að þetta hafi gleymst. En mundi gjarnan vilja fá staðfestingu á því. Þetta er allavega ekki inni hérna á mínu plaggi, þegar ég kík á greinina eftir breytingu. En ég vildi gjarnan fá staðfest að þetta sé nú örugglega inni. Ókei.

Annars mundi ég vilja vekja athygli á því að okkur greini náttúrlega mjög á um þessa 34. gr., og það voru skiptar skoðanir, hvað mundi styrkja best atvinnulífið í landinu. En ég held að við höfum náð verðugri og góðri lendingu, og um hana ríkir nokkuð góð sátt. Og ég vil þakka bara öllum ráðsfulltrúum sem að þessu komu og ég held að að þessu hafi verið mjög, ja hvað drengilega staðið, svo við gleðjum Þórhildi aðeins. Takk.

SN

Ég loka mælendaskrá, en Silja Bára, viltu svara þessari fyrirspurn Lýðs?

SBÓ

Já, bara rétt örstutt. Takk, Lýður, fyrir að benda á þetta. Þetta er, ef þú ferð í greinina sjálfa, þá sérðu að þessi setning er þarna inni, „slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli“. Þegar við erum að vinna með breytingartillögurnar á fundi, þá erum við með textann frá fundinum á undan. Þannig að þetta er yfirsjón af minni hálfu og nefndarsviðs. Og textinn er réttur í lokaskjalinu, ég fullvissa þig um það. Takk fyrir árétinguna.

LÁ

Þér er alveg fullkomlega fyrirgefið.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Kærar þakkir. Takk Lýður, fyrir að benda á þetta. Ég hafði einmitt tekið eftir þessu líka og það er gott að fá staðfestingu á að þetta sé ennþá þarna inni. En ég ætla nú að taka undir með Katrínu Oddsdóttur, það er frábært að vera hérna í dag og við erum hérna á ákveðnum tímamótum, í íslenskri stjórnskipan. Við erum að ganga hér í gegnum atkvæðagreiðslu um lokafrumvarpsdrög okkar að nýrri stjórnarskrá og það er ekki ... ja þetta er bara held ég stórmerkur dagur í íslenskri sögu. Ég ætlaði að taka undir með Katrínu Fjeldsted, með það hvað ég er ánægð að sjá að náttúra ratar þarna inn í kaflann, og að það sé sérstaklega áréttað að hún fái þarna sérstakan stað í okkar tillögum. Ég ætlaði að gera aðeins árétingu á því, og það hefur nú svo sem ekki farið fram hjá neinum í umræðum um þá grein, um 32. gr., um menningarverðmæti, hver skoðun mín er á henni og henni hef ég lýst á nokkrum fundum og gert breytingartillögu. Það tengist því að ég tel greinina óljósa og þau dæmi sem þarna eru nefnd, og ég hef nú alveg heyrt rök og forsendur fyrir því og ég hef ákveðinn skilning á því. En ég get ekki tekið undir þann skilning, og hef ákveðnar efasemdir, m.a. með hliðsjón af því sem að Pawel benti á og tengist dönsku handritunum. Pawel gengur út frá því að þetta nái ekki yfir þau, vegna vafa og kannski [vegna] þess að það er ekkert afgerandi tekin afstaða til þess í greinargerð, að þá mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessarar greinar og mér þótti bara rétt að taka það sérstaklega fram, þannig að ástæða þess sé öllum ljós. En kærar þakkir og mér þykir við standa okkur bara nokkuð vel, miðað við hvert við erum komin núna. Takk.

SN

Já, þá er klukkan alveg að verða þrjú, og við ætlum að gera 15 mínútna hlé. Takk.

SN

Þá byrjum við fundinn aftur eftir hlé. Og næstur á mælendaskrá er Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Mig langar að taka til máls um þessar greinar, einkanlega um

greinina um náttúru Íslands og náttúruauðlindir. Mér finnst við standa á tímamótum, þetta eru gríðarlega merkilegar greinar og hugsíð ykkur þetta að náttúra Íslands sem er undirstaða lífs í landinu, hún er hér varin með sérstökum hætti. Og það er minnt á það að við berum öll ábyrgð á henni og okkur ber að virða hana og vernda. Þetta er ekki bara krafa á hendur ríkisvaldi, heldur berum við öll ábyrgð. Við erum öll börn náttúrunnar. Og hér er talað á mjög svo fagran hátt um fjölbreytni lífs og lands, náttúruminjar, óbyggð víðerni og gróður og jarðveg, og þetta eru merkileg tíðindi, að skuli tekið með þessum hætti til orða í stjórnarskrá. Og svo er minnt á þetta, að við reynum að bæta fyrri spjöll eins og kostur er.

Það er líka þetta með að við göngum um lífríkið af heilindum. Við núverandi kynslóð, og komandi kynslóðir. Það er mjög sterkt í þessari grein. Ég fagna þessu og þykir þetta stór tíðindi. Og svo er það greinin um náttúruauðlindirnar þar sem að tekinn er af allur vafi um það hver á auðlindirnar, sem ekki eru í einkaeigu, og hvernig með þær skuli fari. Þær eru skilgreindar og það er áréttað hvernig hægt er að framselja, eða veita nýtingarleyfi, og með hvaða hætti. Hér eru tímamót á ferð og ég vildi þess vegna fá að taka til máls og fagna sérstaklega þessum stórkostlegu greinum um náttúru og auðlindir. Takk fyrir.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar. Ég ætla nú að gera tilraun til þess að draga hann Þorkel Helgason um borð í náttúru Íslands. Hann sagði nefnilega að ef hann fengi ekki skýringu á þessu, að breyta ósnortin víðerni í óbyggð víðerni, þá vissi hann ekki hvort hann gæti stutt kaflann. En ef við tökum dæmi um stað eins og Ásbyrgi, þá er nú varla hægt að segja að Ásbyrgi sé ósnortið víðerni af því að það er hægt að keyra þarna um og það er búið að leggja veg þar. Og þannig er nú með marga staði á Íslandi, að við getum ekki endilega sagt að náttúran sé alls staðar ósnortin. Vegna þess að það er búið að leggja rafmagnslínur og það er búið að leggja vegi o.s.frv. En þrátt fyrir allar þessar vegalagnir, þá eru þessar staðir óbyggðir. Og það er það sem við viljum standa vörð um og það er það sem við meinum. Eitt í viðbót sem mig langar að bæta við menningarverðmætin og varðandi þegar hún Silja Bára var að svara Katrínu, af því að Katrín hafði áhyggjur af því að þetta kæmi í veg fyrir að íslensk tónverk, það væri hægt að nota þau erlendis ... frumritið verður til staðar á Íslandi. Og það er það sem við erum náttúrulega að tryggja, að það sé ekki verið að afhenda frumritið úr landi. Þannig að ef tónverkið er til, þá er það til á Íslandi, þó svo það sé nýtt annars staðar. Og meira hef ég ekki að segja í bili.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, góðir ráðsmenn og ráðskonur, gestir hér og aðrir sem að mál mitt heyra. Halldór hét maður. Hann var Guðjónsson en kenndi sig við Laxness. Mér verður hugsað til hans þegar við erum að fjalla um þetta hér, hann sá lengra fram en aðrir menn, og var á undan sinni samtíð. Fyrir 40 árum skrifaði hann greinina „Hernaðurinn gegn landinu“, sem að markaði þáttaskil í, bara, sögunni hér. Held ég megi segja.

Halldór kom mjög við sögu í þessum efnun, umhverfismálum. Og tónninn hjá honum var, samlíðanin með Ástu Sóllilju í landinu. Og í heiðursskyni við Halldór þá get ég bara ekki við bindast hér, eins og ein persóna hans, Þorgeir Hávarsson, sem að lét öxina falla ... Það er Hallbera gamla í Urðarseli, þegar að Nonni litli fór út í heiminn í Sjálfstæðu fólki, þá sagði hún, það hann að gera tvennt. Að vera góður við þá sem minna mega sín, og hrekkja aldrei nokkurt dýr. Þetta hugsa ég þegar ég sé gr. 36 hér. Og nú get ég ekki við bundist, þegar að orðið ill stendur þarna, að ill meðferð á dýrum.

SN

Við erum ekki að ræða þessa grein reyndar.

ES

Nei. Æ, fyrirgefðu. Ég verð samt að klára þetta, úr því að ég er komin hérna til þess að þetta fari ekki aftur ... ég hélt að 36 væri með í þessu, fyrirgefðu þið. En það er ill meðferð á skepnum, sem er grimmt og guðlaust athæfi. Og ég vildi endilega geta lagt áherslu á það, að „Ill“ kæmi þarna fremst, til þess að þetta væri í heiðursskyni bókmenntanna við Ólaf Kárason Ljósvíking. „Ill meðferð á skepnum skal aldrei látin viðgangast og skulu víðurlög við henni ákveðin í lögum. Að sama skapi skal og staðið að vernd einstakra dýrategunda gegn útrýmingu“. Og þetta finnst mér að væri gott ef við gætum fengið orðað þessa ... ég biðst afsökunar á að hafa farið of snemma með þetta.

SN

Allt í lagi. Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, virðulegi formaður og aðrir ráðsfulltrúar. Ég fagna því mjög að við séum svo langt komin með okkar góða verk. Þessar þrjár greinar sem hér eru til afgreiðslu fjalla um efni sem hafa verið mér mjög lengi, hjartfólgin og hugleikin í senn. Menningararfleifð þjóðarinnar verðskuldar í mínum huga virðingu og vernd í stjórnarskrá, með alveg sama hætti og náttúra Íslands og auðlindir hennar verðskulda virðingu og vernd í stjórnarskrá. Hér er um hliðstæðar þjóðareignir að ræða, og af því helgast rýmið, í orðalaginu í þessum tveim greinum. Ég fagna því einnig að bæði menningararfurinn og náttúran og auðlindir hennar, eru í kafla sem ber heitið Mannréttindi og náttúra, til að undirstrika mannréttindatengsl beggja efna, menningar og náttúru. Og ég fagna því einnig að umhverfisverndarákvæðið hefur einnig ratað af

ráðnum hug okkar, inn í mannréttindakaflann, því að það er réttur okkar, mannanna, að geta glaðst yfir heilnæmu umhverfi og óspilltri náttúru, en við viðurkennum einnig rétt náttúrunnar gagnvart okkur mönnum. Ég styð þessar greinar af heilum hug.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já formaður, kærur félagar, og aðrir sem í okkur heyra. Mig langar bara rétt að fá að bregðast við og þakka góða umræðu. Það er auðvitað ennþá, eins og við vitum, einhverjir punktar sem við erum ekki sammála um og ég held að það hafi heyrst hér hin ólíku sjónarmið sem hafa verið uppi í ráðinu og nauðsynlegt er að halda til haga. Mig langar bara að ítreka þetta sem Lýður benti á, að það vantaði þarna inn í grein eftir breytingu, en greinin sjálf er rétt. Og ég var að kíkja á þetta hérna frammi á nefndarviði og textinn er réttur í skjalinu, þannig að það er í lagi. Dögg var aðeins búin að bregðast við Þorkatli og áhyggjum hans af „óbyggðum“, frekar en „ósnortnum“ víðernum. Og mig langar bara rétt að lesa hérna úr sérfræðiáliti, „hugtakið ósnortin víðerni er skilgreint í náttúruverndarlögum. Í Hvítbók um náttúruvernd á Íslandi, sem nú er í smíðum á vegum umhverfisráðuneytisins, er bent á að sjaldgæft sé að víðerni séu að öllu leyti ósnortin og að skýring hugtaksins í náttúruverndarlögum feli í sér mun strangari skilgreiningu á víðernum en tíðkast víða hvar annars staðar. Þetta þýðir takmarkaðri vernd. Með hliðsjón af þessu væri betra að nota annað hugtak, t.d. óbyggð víðerni, eða óbyggðir.“ Þannig að ég vona að þetta skýri hver munurinn er, og Dögg lýsti þessu mjög vel með dæminu um Ásbyrgi og ég þakka henni fyrir það. Og ég vona að þetta þýði að Þorkell geti stutt þessa grein með okkur. Mig langar líka aðeins að bregðast við athugasemdum frá Ara. Við í nefndinni tókum það nú ekki sem við værum að leggjast gegn atvinnulífinu, heldur það að greinin fjallar um náttúruna og í raun og veru rétt náttúrunnar, að svo miklu leyti. Þó að við séum kannski ekki alveg að fara svona þessa ekvadorísku leið að gera náttúruna að lögpersónu, eins og sum okkar hefðu nú kannski alveg vilja gera. Vandinn með þetta var að tillagan kemur mjög seint fram og við gátum ekki kallað á sérfræðiáliti til þess að fjalla um hana og hvernig þetta passaði saman. Okkar sýn er frekar að þetta myndi falla undir vernd á sviði eignarréttar. Og þarna er sem sagt þessi för almennings í lögum tilgangi, með virðingu fyrir náttúru og umhverfi, það sem að skiptir mestu máli, og að þessi réttur sé í lögum svo takmarkaður af rétti landeigenda að það þurfi ekki að nefna, og sérstaklega ekki í þessu samhengi, við náttúruna. En mér þykir leitt ef Ari tekur þetta nærri sér, en ég sé ekki að við gætum á þeim tímupunkti, sem tillagan kemur fram, komið þessu í sómasamlegt horf í greinargerð, eða sem sagt öðruvísi en að gera bara í greinargerð, grein fyrir þessum

sjónarmiðum. Og ég vona að það sætti alla sem að þessu komu.

Að öðru leyti held ég að ég þurfi ekki að bregðast við þeim athugasemdum sem komu hér fram, þær hafa komið fram áður í umræðunni og munu fylgja okkar skjölum í gegnum það ferli sem að þeirra bíða nú. Takk fyrir.

SN

Þá er umræðu lokið og við tökum þær greinar til afgreiðslu sem hér hafa verið lagðar fram og breytingartillögur við þær.

Við byrjum á gr. 32, en þar er engin brtt., þannig að ég les hana bara eins og hún er, og ber hana upp til samþykktar eða synjunar. Það er 32. gr. Menningarverðmæti:

„Dýrmætar þjóðareignir sem heyra til íslenskum menningararf, svo sem þjóðminjar og fornhandrit, má hvorki eyðileggja né afhenda til varanlegrar eignar eða afnota, selja eða veðsetja.“  
Og við hefjum kosningu um þessa grein.  
16 samþykktu og 8 sátu hjá.

Þá er það 33. gr., og fyrst er það brtt. við 33. gr. Náttúra Íslands og umhverfi. Brtt. felst í því að í 2. málslíð sem hljóðar þannig:

„Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, ósnortin víðerni, góður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum“. Þessari gr. verður breytt þannig að í staðinn fyrir „ósnortinn“, kemur „óbyggð“. Þannig að þá hljóðar hún: „Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, góður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum“.

Við hefjum þá kosningu um þessa brtt., að breyta ósnortnu í óbyggð.

Og breytingartillagan er samþykkt, með 23 atkvæðum, 1 var á móti.

Og þá ber ég upp greinina eins og hún er eftir breytingu, með breytingum, til samþykktar eða synjunar. Og það er sem sagt 33. gr. Náttúra Íslands og umhverfi. Og hún hljóðar þá svona:

„Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Öllum ber að virða hana og vernda. Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi, fersku vatni, ómenguðu andrúmslofti og óspilltri náttúru. Í því felst að fjölbreytni lífs og lands sé viðhaldið og náttúruminjar, óbyggð víðerni, gróður og jarðvegur njóti verndar. Fyrri spjöll skulu bætt eftir föngum. Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur. Með lögum skal tryggja rétt almennings til að fara um landið í lögum tilgangi með virðingu fyrir náttúru og umhverfi“.

Og við göngum til kosninga um þessa grein.

Og greinin er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Þá er það 34. gr. Náttúruauðlindir. Og fyrst tókum við brtt. við þá gr. Fyrsta brtt. nr. 143 eru orðalagsbreytingar á 2. málslið, 1. mgr. ... og ég bara les tillöguna: Nefndin leggur til að í 2. málslið, 1. mgr. segir „auðlindirnar“, í stað „þær“, að orðið „því“, falli brott og að orðaröðun sé breytt þannig að orðið aldrei færast fram fyrir orðið má. Ég ætla að lesa þá hvernig hún hljómar, með þessum breytingum. Þá er, sem sagt 1. mgr. hljóðar þá þannig, með þessum breytingum: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja“, ... já, „beint eða óbeint“, það er sem sagt, við eigum eftir að taka ákvörðun um það. Þannig að þá eru þessar orðalagsbreytingar á 1. mgr.

Og síðan er einnig lagt til að í 2. málslið 4. mgr., síðasta mgr. verði orðið „þeirra“ tekið út á eftir, „eða hagnýtingar“, og í staðinn segi, „auðlinda eða annarra takmarkaðra almanna-gæða“. Og þá hljómar þetta svona, þessi 4. mgr.:

„Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almanna-gæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn“. Þá eru þær komnar inn hérna.

Þannig að við greiðum fyrst atkvæði um þessar breytingartillögur, orðalagsbreytingar á 1. mgr. og 4. mgr. Og við hefjum kosningu núna.

Þetta er bara fyrsta, bara orðalagsbreytingar í þessum tveimur mgr.

Og þessar breytingar eru samþykktar með 22 atkvæðum og 2 sátu hjá.

Þá er það brtt. nr. 144. Þar leggur A-nefnd til að beint eða óbeint, sé tekið út úr 1. mgr., þar sem stendur, „til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja“, sem sagt eins og var eftir síðasta ráðsfund „beint eða óbeint“. Tillagan er að það, „beint eða óbeint“, falli út.

Og þá greiðum við atkvæði um þá tillögu.

Og þetta er samþykkt með 17 atkvæðum, 1 var á móti og 6 sátu hjá.

Þá er það loks brtt. nr. 145. Og það varðar orðalag í 2. mgr. Og nefndin leggur til eftirfarandi breytingar, á 1. málslið 2. mgr., ákvæðis um náttúruauðlindir, að á eftir „íslenskrar lögsögu“, standi „og uppsprettur“. Og að og verði tekið út milli orðanna „virkjanaréttinda og jarðhita“, og „komma“ sett þar í staðinn. Þannig að þá hljómar greinin eftir þessar breytingar á þessa leið:

„Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunaréttinda, jarðhita- og námaréttindi. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar“. Þetta var óbreytt.

Þannig að þá greiðum við atkvæði um þessar orðalagsbreytingar á 2. mgr. Og hefjum kosningu.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Þá hafa breytingartillögurnar allar verið samþykktar, og þá ber ég upp ákvæðið eins og það

stendur eftir breytingar. Þetta er sem sagt 34. gr. Náttúruauðlindir. Og ákvæðið hljóðar svona:

„Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunaréttinda, jarðhita- og námaréttindi. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar. Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almanna-gæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignaréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum“.

Og við hefjum kosningu um 34. gr. Náttúruauðlindir.

Og greinin er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Og þá er komið að næstu tveimur greinum, síðust greininum í kaflanum Mannréttindi og náttúra. Og það eru gr. 35 og 36. Og við opnum fyrir umræður um þær, og breytingartillögur. Og Silja Bára Ómarsdóttir tekur til máls. Gjörðu svo vel, Silja.

#### SBÓ

Já, kærur félagar. Þetta gengur allt svo hratt, maður heldur varla í við þetta. Við erum þá með síðustu tvær greinarnar í okkar kafla og þær eru annars vegar gr. 35 um umhverfi og málsaðild. Þar erum við að gera smávægilega breytingu, og erum að bæta inn, svona í framhaldi af umræðu sem hefur nú átt sér stað hérna upp á síðkastið. Við erum að bæta inn og „náttúru“, á eftir umhverfis, þannig að sem sagt greinin verði að: „Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á“. Þannig að þetta er smá orðabreyting þarna aftast í málsliðnum. Þarna erum við að bregðast áfram við sérfræðiáliti sem að kom svolítið seint til okkar, en var með áminningu um orðalag sem að við höfðum nú verið meðvituð um, en ekki verið nógu ... haft nógu mikla aðgát á, að þar erum við að segja að það þurfi að nefna náttúru og umhverfi. Umhverfi er þá það sem er manngert en náttúran hið náttúrulega. Og framkvæmdir og mannlegar athafnir geta haft áhrif á hvoru tveggja. Þannig að við viljum nefna þarna umhverfi og náttúru. Framkvæmdir eiga síðan við allar mannlegar athafnir, þannig að þetta er framkvæmdir, starfsemi, rekstur og annað sem að þetta fjallar um. Síðan er það lokagreinin um dýravernd og það hefur nú verið mikið rætt um það ef við vildum bera virðingu fyrir öllum lifandi dýrategundum, eða öllum lífverum að þá

værum við að fara að virða kakkalakkana og alls konar aðrar skepnur. Þarna er, í staðinn fyrir að tala um sem sagt gegn útrýmingu, að vernda dýrategundir gegn útrýmingu, að þá erum við að tala um að við þurfum að vernda dýrategundir í útrýmingarhættu. Og ætlunin er þá að tryggja að við getum brugðist við ágengum dýrategundum, sem hingað kunna að berast og dýrategundir sem eru í útrýmingarhættu á heimsvísu þurfi að njóta verndar hér á landi í samræmi við það, en ekki þær ágengu tegundir sem eiga sér skjól annars staðar í heiminum. Þetta eru síðustu tillögurnar sem að við í A-nefnd erum að kynna varðandi okkar greinar. Og ég vona að það haldi áfram að ganga svona vel og kannski bara, ef ég þarf ekki að bregðast við aftur í lokin, þá þakka A-nefnd fyrir alveg frábært starf í gegnum þetta ferli allt saman. Og svo tekur einhver önnur nefnd við, B-nefnd væntanlega. Takk.

SN

Orðið er laust um þessar tillögur. Illugi, gjörðu svo vel.

IJ

Já, góðu félagar. Ég ætla bara að fá að lýsa ánægju minni með það að við ætlum vonandi að fara að samþykkja dýraverndunarákvæðið hér á eftir. Menn hafa verið svolítið að hnýta í hvort að það ætti heima í mannréttindakafla, eins og það var framan af í okkar tillögum, en nú þegar kaflinn heitir Mannréttindi og náttúra, þá held ég nú að enginn geti amast við því. Þetta er miklu mikilvægara ákvæði heldur en margir gera sér kannski grein fyrir. Því að þetta er ekki svona eitthvað gæluákvæði um það að allir eigi að vera góðir við kettina sína, heldur er þetta í þeim tæknivædda heimi, sem að mun sjálfsagt verða æ vélrænni og tæknivæddari á 21. öldinni, þá held ég að þetta sé gríðarlega mikilvægt ákvæði. Og ég bara þakka fyrir hönd dýra [hlátur] fyrir þær góðu viðtökur sem þetta ákvæði hefur fengið. Svo langar mig rétt í lokin að lýsa stolti og gleði yfir því hversu vel afgreiðslan á þessum nýju mannréttinda- og náttúruákvæðum hefur gengið hjá okkur. Maður verður svona hálf hrærður, og mig langar að taka það fram í tilefni orða félags Pawels Bartoszek, hér áðan, þar sem hann þakkaði þeim sem að kannski mundu teljast róttækastir í hópnum, að hafa bakkað með sínar ítrustu tillögur, að það er ekki aðeins þeir róttæku, sem að eiga þakkir skildar, vegna þess að sumir, þeir sem hér eru, þeir höfðu lýst því yfir fyrir þetta stjórnlagaping, eða –ráð, að þeir teldu litla þörf á að breyta mjög miklu og alveg sérstaklega ekki í mannréttindakaflanum. En þetta góða fólk hefur tekið þátt í þessari vinnu með okkur og hefur þurft að horfa upp á alveg gjörsamlega nýjan mannréttindakafla, sem var kannski alls ekki það sem að þau höfðu ætlast til. Og mig langar sérstaklega að þakka þeim fyrir það umburðarlyndi og þá viðsýni sem þau hafa sýnt. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

PH

Já, það fer fyrir mér, góðir félagar og fundarstjóri, eins og fyrri daginn, að ég skil ekki hlutina kannski nógu hratt og vel. Þessi breyting í tillögu nr. 146, sem leiðir til þess að það eigi að veita dýrategundum í útrýmingarhættu vernd, vissulega, er það ekki? 147, sagði ég 146? Jæja. Og svo eru þarna örstuttar skýringar, þ.e.a.s. ágengar erlendar tegundir, sem eiga sér skjól annars staðar í heiminum. Þær eigi væntanlega ekki að njóta verndar, eða hvað? Ef ég skil þetta rétt. En ef það kemur nú einhver stórhættuleg padda sem er sagt að sé hvergi til annars staðar, sem ég trúi nú rétt mátulega ... Sko með öðrum orðum, ég hefði nú bara eiginlega viljað hafa punkt þarna á eftir, gegn illri meðferð. Af því ég bara skil ekki framhaldið. Kannski get ég fengið betri skýringar og þá skal ég hugga málið. Takk fyrir.

SN

Þá hefur ... Íris Lind. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, ég ætla bara svona aðeins, af því að Þorkell er að spyrja, hvað ef að hingað kæmi stórhættuleg padda, sem að hugsanlega ógnaði íslenski þjóð eða einstaklingum sem hér á landi stæðu, þá held ég að ... auðvitað þarftu náttúrlega bara að vega og meta þá hættu sem að íslenski þjóð og öllum þeim sem hér kunna að vera, stafar af slíkri pöddu. Og að sjálfsgöðu hagsmunamat fara fram, og eins og ávallt þegar það fer fram að þá þurfa hagsmunir eins hóps að víkja fyrir hagsmunum annars, ef þeir eru mikilvægari. Og ég geri ráð fyrir að það yrði gert í slíku tilviki. Var þetta ekki rétt skilið að spurning laut að þessu? Já. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég er nú tæknikrati mikill eins og þekkt er og hef nú hér verið í B-nefndinni í allskyns stjórnskipunarmálum, en hef fylgst af aðdáun með starfi A-nefndar að því búa til þennan frábæra nýja mannréttindakafla, sem að er afskaplega, ja hvað á að kalla hann, næstum framúrstefnulegur, a.m.k. mjög nútímalegur. Og ég held að hann sé okkur öllum til mikils sóma. Og sérstaklega er einn af hápunktunum í þessari nýju stjórnarskrá auðvitað auðlindaákvæðið, sem við klöppuðum hér fyrir áðan. Og ég er mjög stoltur af þessum kafla og sérstaklega af því ákvæði og bara þakka fyrir aftur þetta góða starf sem að nefndin vann fyrir okkar hönd, allra. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, fyrst þá væri gaman að vita hver hinn kapitalistinn í hópnum er. En það kemur einhvern tímann á daginn og þá verða væntanlega fagnaðarfundir.



En í framhaldi af orðum Illuga, þá vil ég auðvitað taka fram að ég var þeirrar skoðunar í upphafi að mannréttindakaflinn, fyrst að hann opnaði á þá umræðu, það væri ekki brýn þörf á að endurskrifa hann frá grunni, og ég er þeirrar skoðunar enn. En að sjálfsgöðu þá þakka ég formanni A-nefndar og nefndinni allri vel fyrir það, að hafa tekið vel á mörgum hlutum og hlustað vel á rök utan frá, utan úr nefnd, og gert svona, margt gott og þetta er allavega svona, mun betra en það sem ég sá fyrst, verð ég að segja, og þið takið það bara sem hrós ...

SN

Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls og þá tókum við fyrir breytingartillögurnar, fyrst á 35. gr. Upplýsingar um umhverfi og málsaðild. Og brtt. er á þá leið að á eftir orðinu umhverfis í 1. málslíð, 1. mgr., bætist við „og náttúru“. Og á eftir „framkvæmda“ bætist „þar“. Og á eftir á verði orðið „það“ tekið út. Þannig að þá hljómar setningin:

„Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á“.

Og við hefjum kosningu um þessa breytingartillögu.

Og þessi tillaga er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Þá ætla ég að bera upp gr. nr. 35 í heild sinni með áorðnum breytingum. Og hún hljóðar svona:

„Stjórnvöldum ber að upplýsa almenning um ástand umhverfis og náttúru og áhrif framkvæmda þar á. Stjórnvöld og aðrir skulu upplýsa um aðsteðjandi náttúruvá, svo sem umhverfismengun. Með lögum skal tryggja almenningi aðgang að undirbúningi ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfi og náttúru, svo og heimild til að leita til hlutlausra úrskurðaraðila. Við töku ákvarðana um náttúru Íslands og umhverfi skulu stjórnvöld byggja á meginreglum umhverfisréttar“.

Og þá hefst kosning um þessa gr. 35, Upplýsingar um umhverfi og málsaðild.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sitja hjá.

Þá er það breytingartillaga við dýraverndar-greinina nr. 36. Og brtt. er á þá leið að nefndin leggur til að í stað „gegn útrýmingu“, standi „í útrýmingarhættu“. Og við göngum þá til kosninga um þá brtt.

Og þessi breyting er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

Og þá er 36. gr. Dýravernd, borin upp með áorðnum breytingum. Og gr. hljóðar þá svona: „Með lögum skal kveðið á um vernd dýra gegn illri meðferð og dýrategunda í útrýmingarhættu“.

Við göngum til kosninga um 36. gr.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

Íris Lind.

ÍLS

Takk. Fyrirgefið þið. Ég ætlaði nú ekki að troða mér hér inn, svona þegar að kannski umræða er

ekki í gangi, en bara af því að Pawel lýsti hér eftir hinum kapítalistanum í hópnum, hvað varðaði afgreiðslu á 34. gr. Þá ætla ég nú að lýsa því yfir hér, bara af því að ég gerði það ekki áðan, ég sat hjá varðandi afgreiðslu á þessari grein. Ég mundi ekki flokka mig sem kapítalista, ég held að af öllu þá sé ég sósíalisti. Ég sat hjá vegna þess að ég var í vafa með túlkun á nokkrum atriðum og ákvað þ.a.l., í ljósi þeirrar óvissu, að sitja hjá, þó ég sé hjartanlega sammála þeim markmiðum, sem að greinin setur og tek undir það sem að hún er að leitast við að ná. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir hefur líka óskað eftir að gera grein fyrir nokkrum breytingartillögum sem komu á borð A-nefndar. Gjörðu svo vel, Silja Bára.

SBÓ

Já, kæru félagar. Ég var nú búin að þakka fyrir mig og kveðja, liggur við, og labba út. En við í A-nefndinni, ég ætla að fá að snerta á tveimur greinum, eða tveimur tillögum sem okkur bárust og þætti vænt um að fólk fengi tækifæri til að tjá sig aðeins um þær, þar sem þær voru ekki innleiddar. Við fengum tvær tillögur um nýjar greinar í kaflann, og þ.á m. var sem sagt, ég var nú aðili að þeim báðum, þannig að ... svolítið skondið að tala á móti sjálfri sér. En annars vegar er það tillaga sem var nr. 30 á síðasta ráðsfundi, um að kveðið skyldi á um innlenda eða þjóðbundna mannréttindastofnun í stjórnarskránni. Og við í A-nefnd skoðuðum þessa tillögu, hana fluttu með mér Katrín Oddsdóttir og Gísli Tryggvason. Við rákumst á það við nánari skoðun að ýmsir hafa nú uppi þau sjónarmið að þetta væri embætti, eða stofnun sem að gæti sameinað öll umboðsembætti á landinu og gæti þannig dregið úr fjölda ríkisstofnanna og svona, ólíkar réttindaskrifstofur, sem að eru þegar starfræktar, gætu tekið við þessari starfsemi. Og við höfum kannski frekar verið með í huga Mannréttindaskrifstofu Íslands og að hún myndi fá einhvern veginn fastari fjárframlög. Þannig að við töldum ekki rétt að taka okkur vald til þess að, eiginlega setja á fót, eða kveða á um stofnun einhvers konar yfirumbóðsmannsembættis á landinu. Og leggjum því til að ekki verði greidd atkvæði um þessa tillögu hér og nú. En viljum þó koma því á framfæri að nefndin telur nauðsynlegt að það sé sterk stofnun sem að fari með eftirlit með mannréttindum á landinu og hvetur löggjafann til að tryggja starfsemi slíkrar stofnunar.

Þannig að þetta var tillaga nr. 30 frá síðasta ráðsfundi, 17. fundi. Og þá er það tillaga nr. 111 sem Arnfríður Guðmundsdóttir kynnti. Og meðflutningsmenn voru Örn Bárður Jónsson, ég Silja Bára Ómarsdóttir, Katrín Oddsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir. Nefndarmenn í A-nefnd voru sammála um að þeir voru hlynntir þeirri grundvallaryfirlýsingu sem í þessari tillögu fólst, um að Ísland og yfirráðasvæði þess skyldu vera kjarnorkuvopnalaus svæði. Við fundum þó ýmsa annamarka á greininni. Og einn stærsti vandinn

var, hvar við ættum að staðsetja hana. Hvort að við gætum sett það inn í umhverfiskafla, þar sem að verið er að fjalla um vopn, hvort þetta ætti heima í utanríkiskafla, og hefðum þá þurft að vísa því til annarrar nefndar, eða hvort þetta væri einhvers konar undirstöðuatriði. Og þá ræddum við aðeins hvort að þetta væri kjarnorkuleysi eða kjarnorkuvopnaleysi, af því að greinargerð og til-laga voru ekki alveg samhljóða um það.

Við kíktum aðeins á það, þó að við höfum haft skamman tíma, þar sem við fengum þetta aðeins inn á fund á föstudag og gátum tekið þetta aðeins til umræðu. Skoðuðum heimasíðu Arms Control Association, eða vopnaeftirlitssamtaka alþjóð-  
legra. Og þar fundum við að með svona yfirlýsingu þyrfti að semja prótókól, og þar sem að væri farið fram á undirritun hinna fimm löglegu kjarnorku-  
vopnavelda, þeirra ríkja sem að mega skv. Nuclear Non-Proliferation Treaty, eiga kjarnorkuvopn. Og þessi ríki hafa oft og tíðum undirritað slíkan slíkan prótókól með fyrirvara um að þau muni engu að síður áskilja sér rétt til að beita kjarn-  
orkuvopnum, komi til þess. Þannig að okkur þótti ljóst að málið væri flóknara en svo að nefndin gæti unnið úr því á þessum skamma tíma og má kannski benda á að á Alþingi hefur svipuð um-  
ræða átt sér stað, af og til, síðustu 20-25 árin, ef ekki lengur. Og aldrei hefur náðst sátt um. Þannig að þetta er ekki mál sem að við töldum okkur fær, þó við séum einstaklega klár og skemmtileg og sniðug, um að leysa á 2-3 dögum.

Við viljum engu að síður leggja áherslu á það, öll í nefndinni, að við teljum að Íslandi væri sómi að því að lýsa landið laust undan bæði kjarnorku-  
vopnum og öðrum geryðingarvopnum. Og eins og ég segi, mér þætti vænt um að flutningsmenn aðrir fengu tækifæri til að tjá sig um afgreiðslu þessara tillagna. Takk.

SN

Já, vill einhver taka til máls? Já. Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsmenn. Ég veit nú ekki alveg hver telst, hvað heitir það, kynnisr tillögunnar. Ég talaði fyrir henni síðast. Og ég held að mér hafi nú, eins og flestum, sem að að henni stóðu, verið ljóst að hún hlyti nú ekki samþykkt hér, því þetta er auð-  
vitað mál sem þarf mikinn undirbúning og krefst líka eflaust þess að við leitum svara utan lands um möguleika þess að setja þetta inn í stjórnarskrá. Engu að síður fannst okkur ástæða til þess að vekja máls á þessu. Ég ætla ekki að fara aftur með þau rök sem ég fór með síðast, ég ætla bar að áréttu að það er a.m.k. mín skoðun að þetta gæti verið merkilegt framlag og kannski hugsanlega eina framlag Íslands í baráttunni fyrir friði og afvopnun í heiminum, að ganga í lið með þeim þjóðum sem þegar hafa lýst lönd sín kjarnorkuvopnalaus. En ég auðvitað nota þá tækifærið og þakka, eins og aðrir, A-nefndinni fyrir störf og fagna þessum stórmerka áfanga sem við höfum náð hér í dag, með samþykkt þessara greina hér á undan. Takk fyrir.

SN

Enginn annar hefur óskað eftir að taka til máls um þetta og þá höldum við áfram. Og næst eru það greinar í III. kafla um Alþingi. Og við tökum fyrir greinar í þessari lotu milli 37, eða sem sagt 37 til 46, að báðum greinum meðtöldum.

Við opnum þá fyrir umræðu um allar grein-  
arnar. Það eru 37 til 46. Og Pawel Bartoszek er fyrstur og það eru nokkrar brtt. við 39. gr. um Alþingiskosningar. Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já, takk kæru vinir. Ég mæli fyrir nokkrum tillögum, þremur tillögum um breytingar við 39. gr. frá C-nefnd. Í fyrsta lagi er það tillaga nr. 139, sem byggir á tillögu 26/2 frá seinasta ráðsfundi, sem var flutt af Silju Báru. Og þetta er einungis orðalagstilfærsla á þeirri tillögu. Þar stóð orðið „breytingar“ á báðum stöðum fremst í setningu, „breytingar á kjördæmamörkum“. Og svo byrjar næsta setningin á „breytingar á kjördæmamörk-  
um“ aftur. Þannig að við getum okkur grein fyrir að þetta var einungis sett inn til þess að efnid færi þarna og síðan höfum við breytt orðalagi, þannig að nú segir „slíkar breytingar“, í seinna skiptið, „má ekki gera, ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá stað-  
festingu þeirra“. Þetta er sem sagt ítrekun á þeirri breytingu að mikilvægar breytingar á kosninga-  
lögum megi ekki gera minna en sex mánuðum fyrir kosningar. Og þetta er mjög góð viðbót að mínu mati og nefndar og við þökkum flutnings-  
manni kærlega fyrir að hafa lagt þetta til.

Í öðru lagi er önnur orðalagsbreyting, sem felst í því að bæta orðinu 63 fyrir framan þingsætin, til að ljóst sé að meðaltalið miðaðist við heildarfjölda allra þingsæta, en ekki einungis þeirra þingsæta sem bundin eru, þ.e.a.s. að tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin. Og þetta kemur þarna inn núna vegna ábendinga og einnig vengja þess að við náttúrlega vorum ekki alveg búnir að afgreiða hver fjöldi þingsæta mundi vera, áður. Nú, loks er það tillaga nr. 141. Og hún felur í sér ákveðna efnislega breytingu frá því sem samþykkt var á seinasta ráðsfundi, þ.e.a.s. að það sé aftur inn sett á hendur löggjafans um hvort að megi kjósa þvert á lista eða ekki. Þetta er gert til þess að breikka stuðning við þessa málsgrein og tillögunnar í heild sinni. Þó er sá munur gerður á frá seinasta ráðsfundi, að nú er það sett inn sem meginregla, að val þvert á lista sé heimilt, er löggjafanum gefin heimild til undantekningar frá því. Þannig að það megi heimila í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. Þetta kann kannski að virðast ekki skipta neinu máli en hins vegar þá hefur þetta kannski þær afleiðingar að allavega þegar að ráðið kynnisr sínar tillögur, þá getur svona aðaltillagan á útfærslu verið með þess-  
um hætti og síðan er kannski tilraun til heimildar til staðar ef að það kemur í ljós að þetta reynist eitthvað einstaklega illa. Þannig að þarna er orðið það að aðaltillögu ráðsins að það megi kjósa þvert á lista, en það er heimilt að einskorða þetta val við

frambjóðendur eins lista. Ég vona að þetta verði til þess að sem flestir geti fallist á tillöguna í heild sinni. Nú, þess ber að geta að nefndin samþykkti á sínum fundi einnig að leggja til að það verði tekin upp heimild fyrir því að taka upp þröskuld, en það hefur verið ákveðið í nefndinni að falla frá tillögu um heimild fyrir 4% þröskuld, eftir samráð við þann sem þá tillögu flutti og færði rök fyrir máli sínu, og það var henni mjög til sóma. Þannig að þetta eru þær tillögur sem nefndin gerir og ég legg áherslu á að þær verði samþykktar í þágu sátta og vona að okkur takist með þessu móti að búa til kosningakafla sem fleiri geti fallist á. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessar greinar. Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar og formaður og aðrir áheyr- endur. Ég tel þetta, eins og sagt var hér áðan, vera tímamót líka, ef við náum að lenda þessu máli eins og hér er lagt til, að tillögu C-nefndar, og vil nú skjóta því hérna neðanmáls inn í, sem ég gleymdi eiginlega áðan, að þakka A-nefndinni fyrir afskaplega gott starf. Og þó ég hafi verið hikandi í eitthvað einum, tveim, þrem tilvikum, þá fagna ég kaflanum mjög í heild sinni og þakka öllum fyrir. En þetta var svona neðanmáls vegna gleymsku. En ég ætla að víkja mér þá að 36. gr. og öllum hér sem fylgst hafa með mínum málflut- ingi í þessu, þeir vita hvernig hann hefur verið, að ég hef verið talsverður talsmaður persónukjör- s. Og við náðum þarna, þeir sem lengst vildu ganga í því, vissum árangri hér í fyrri umræðunni. En ég styð heilshugar að það verði dregið tilbaka, reynd- ar af tveimur ástæðum, vegna þess að þetta er leið til sátta og hins vegar var kannski svona álitamál hvort að við hefðum náð ... hvort þetta hefði verið til mikilla bóta, eins og það var, en látum það liggja á milli hluta í bili. Ég vil bara þakka öllum meðnefndarmönnum fyrir mjög gott starf og mikla sáttfýsi í þessu. Og ég fagna því sérstaklega sem að Pawel formaður sagði hérna áðan. Hann vakti athygli á því að það er búið að ... það er ekki horfið sem sagt alveg tilbaka til orðalagsins sem var fyrir fyrstu umræðu, heldur er í rauninni val þvert á lista gert að aðalreglunni, en það er heim- ilt að víkja frá henni. Og ég þykist svo sem vita að þingið muni, a.m.k. í byrjun gera það. Og það er ekkert óeðlilegt, meðan þeir eru að venjast þessu breytta fyrirkomulagi. En ég fagna því sem Pawel sagði, að það mætti þá í greinargerð nefna sem dæmi, og jafnvel aðaldæmi, hvernig þetta kæmi út ef að leyft yrði að velja þvert á lista. Ítreka þakkir og ánægju og þetta er stórt skref. Takk fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, ég bara að halda áfram á sömu væmnu línunni og ég er á, vegna þess að mér líður nú bara ein- faldlega þannig. Ég þakka líka C-nefnd fyrir frábær störf. Ég held að það sé búið að brjóta

hérna mjög mikilvægt og lýðræðislegt blað í okkar sögu. Og ég vil líka þakka nefndinni fyrir mjög stúlkulega framkomu, þetta er svona mótvar við drengileg framkomu, fyrir stúlkulega framkomu, með að taka út þennan þröskuld sem að ég veit að sumir vilja hafa inni, en ég trúi einlæglega að það sé betra að hafa ekki. Þannig að ég þakka kærlega fyrir það. Og mér finnst, og ég veit alveg að þeir sem að sitja heima og horfa á okkar störf og sjá breytingar miklar, viku frá viku og allir hafa ein- hverjar skoðanir, þeir hugsa, ókei, hér er einhver að bakka og ... en það er þannig núna að við erum að reyna að finna lausn sem að mun gera það að verkum að við getum öll staðið stolt með þessu skjali. Og ég stend stolt með þessum kosninga- kafla og þakka aftur kærlega fyrir mig. Og er sér- staklega ánægð með þessa lausn að orða megin- regluna svona og síðan segja en löggjafinn getur eitthvað dregið í land. Ég held það skipti máli. Ég held að það sé alveg ljóst að þarna er verið að gefa ákveðin skilaboð og þetta finnst mér vera falleg lausn, þó ég skilji vel að þið séuð efnislega aftur að breyta til fyrra horfs, þá er þetta samt aðeins sterkara. Þannig að ég þakka bara aftur fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já formaður og gott ráðsfólk. Ég tel ástæðu til þess að bara rétt að grípa orðið núna. Við höfum verið í brimgarði að undanfögnu, að komast inn fyrir skerjagarð, til þess að sjá loksins til hafnar. Ég sagði í upphafi að þegar ég sá fyrstu drög A- nefndarinnar að mannréttindum og náttúrukafl- anum, að þá væri það sem tónlist í mínum eyrum. En þá átti eftir að sigla þessu skipi okkar í gegnum þennan brimgarð og í gegnum þennan skerjagarð, og horfa á höfnina framundan. Nú siglum við ótrúlegum hraðbyr þessa leið og það er að þakka alveg sérstökum heilindum, drengskap og sam- starfsvilja allra þeirra sem hér sitja. Og það hefur skilað sér hér á töflunni, hvað eftir annað. Þetta er eiginlega ótrúlegt. Ég var búinn að búast við því að þetta yrði erfiður róður og að þetta myndi ekki gerast. En við byrjuðum strax á því, að okkur tókst að losna við þá tvo ásteytingarsteina sem þóttu vera ókleifir í upphafi, þegar að stjórnлага- nefndin gaf okkur leyfi til þess að bara sleppa kosningalöggjöf og kjördæmaskipan. Og fresta því í tvö ár. Og sömuleiðis sáu allir ókleifan múr framundan í sambandi við kirkjuskipunina. En okkur hefur tekist að komast í gegnum þetta allt, á þann hátt að starfið hér, þessa síðustu fjóra mán- uði, er eitthvert það ánægjulegasta, þótt það hafi verið krefjandi, þá er þetta eitthvert það ánægju- legasta starf sem ég hef unnið á minni löngu æfi. Og fyrir það er ég öllum þakklátur sem hér sitja. Og ég sé núna þegar að þröskuldurinn er loksins horfinn, að þá mun ég hugsanlega geta stutt á gula hnappinn alla leið, en ekki þann hvíta, einu sinni.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður og aðrir virðulegir ráðsfulltrúar. Mig langar að þakka C-nefndinni sérstaklega, og óska henni til hamingju með þennan kosningakafila. Við erum við merk tímamót, vegna þess að við erum að kveða á um í stjórnarskrá, nái tillögur okkar fram að ganga, að atkvæði kjósenda alls staðar af landinu, vega jafnt. Þetta er gríðarlega mikilvægur áfangi í ljósi sögunnar. Og við náum jöfnu vægi atkvæða óháð búsetu á sama tíma, og þessum ákvæðum tekst að tryggja landshlutavernd, þ.e.a.s tryggja það að engir landshlutar verði út undan á Alþingi. Og lykkillinn að þessari fallegu lausn, er persónukjör, við hlið listakjörs, ásamt kosningu eða frelsi til þess að halda kosningar þvert á lista, sem aðalreglu. Og við þá sem harma það að landið þurfi ekki endilega að vera eitt kjördæmi, heldur megi, skv. ákvörðun löggjafans, vera fleiri kjördæmi, vil ég bara segja þetta, aðaltilgangurinn með því að hafa landið eitt kjördæmi, eins og margir töluðu um, var einmitt að tryggja jafnt vægi atkvæða. Og sá tilgangur hefur náðst, og með það er ég afar ánægður.

SN

Ekki hafa fleiri óskað eftir að taka til máls. Og þá förum við í það að afgreiða greinarnar sem hér hafa verið lagðar fram. Fyrst er það 37. gr. Hlutverk. Hún hljóðar svo:

„Alþingi fer með löggjafarvald og fjárstjórnarvald ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu svo sem nánar er mælt fyrir um í stjórnarskrá þessari og öðrum lögum“.

Við göngum til kosninga um þessa grein.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

38. gr. er þá næst. Og hún er þannig:

„Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi“.

Við göngum til kosninga um þá grein.

24 segja já, samhljóða samþykkt.

Þá er komið að 39. gr. Alþingiskosningar. Og við tökum fyrst breytingartillögur við þeirri grein. Og fyrsta brtt. er á þá leið, það er tillaga frá C-nefnd um að 10. mgr. orðist svona. Og það er sem sagt mælt með tillögu nr. 26/2 frá 17. ráðsfundi. Og þá hljóðar 10. mgr. svona:

„Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra“.

Og þá hefjum við kosningu um þessa breytingartillögu.

Og þessi tillaga er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 situr hjá.

Tillaga nr. 140 er á þá leið að ... á við 8. mgr., um að tiltaka töluna 63 við þingsætin. Í lok þeirrar greinar að þá komi sem sagt:

„Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin“.

Og við göngum atkvæðagreiðslu um þessa breytingartillögu.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sitja hjá.

Síðan er það 141. brtt., og þar leggur C-nefnd til breytingar vegna brtt. 65 á 17. ráðsfundi, á 5. mgr. 39. gr., að ákvæðið hverfi aftur til fyrra horfs, fyrir 17. ráðsfund. Og þá segir hér: Þó er áherslumunur á þann veg að „kjósandi getur með persónukjöri valið frambjóðendur þvert á lista en hins vegar sé heimilt fyrir Alþingi að takmarka val hans við frambjóðendur einna stjórnmalasamtaka“. Og þá hljóðar greinin svona, breytingin felur þetta í sér að hún eigi þá að hljóða þannig:

„Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka“.

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa breytingartillögu.

Og þessi tillaga er samþykkt með 19 atkvæðum, 3 sögðu nei og 2 sátu hjá.

Ég ætla að gera hérna örstutt hlé af því mig vantar tillöguna eins og hún er með áorðnum breytingum. Aðeins að gera bara stutt hlé, ég bið ykkur að fara ekki úr salnum.

SN

Kæru fulltrúar, við byrjum aftur...já.

Þá er komið að því að bera upp 39. gr. og hún hljóðar þá svona með áorðnum breytingum:

„Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára. Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt. Heimilt er að skipta landinu upp í kjördæmi. Þau skulu flest vera átta.“

Samtök frambjóðenda bjóða fram lista, kjördæmislista eða landslista eða hvort tveggja. Frambjóðendur mega bjóða sig fram samtímis á landslista og einum kjördæmislista sömu samtaka.

Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt. Heimilt er að mæla fyrir um í lögum að valið sé einskorðað við kjördæmislista eða landslista sömu samtaka. Þingsætum skal úthluta til samtaka frambjóðenda þannig að hver þeirra fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu. Í lögum skal mælt fyrir um hvernig þingsætum skuli úthlutað til frambjóðenda út frá atkvæðastyrk þeirra. Í lögum má mæla fyrir um að tiltekinn fjöldi þingsæta sé bundinn einstökum kjördæmum, þó ekki fleiri en 30 alls. Tala kjósenda á kjörskrá að baki hverju bundnu sæti skal ekki vera lægri en meðaltalið miðað við öll 63 þingsætin. Í kosningalögum skal mælt fyrir

um hvernig stuðla skuli að sem jöfnustu hlutfalli kvenna og karla á Alþingi. Breytingar á kjördæmamörkum, tilhögun á úthlutun þingsæta og reglum um framboð, sem fyrir er mælt í lögum, verða aðeins gerðar með samþykki 2/3 hluta atkvæða á Alþingi. Slíkar breytingar má ekki gera ef minna en sex mánuðir eru til kosninga, og gildistaka þeirra skal frestast ef boðað er til kosninga innan sex mánaða frá staðfestingu þeirra“.

Við kjósum um greinina með áorðnum breytingum.

Og greinin er samþykkt með 21 atkvæði, 3 sátu hjá.

SN

40 gr. Kjörtímabil, þá ber ég þá grein upp: „Reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils.

Kjörtímabil er fjögur ár.

Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum“.

Og þá hefjum við kosningu um 40. gr. Kjörtímabil.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

41. gr. Kosningaréttur:

„Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningaréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í lögum“.

Og þá göngum við til kosninga um 41. gr. Kosningaréttur.

Og greinin er samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

42. gr. Kjörgengi:

„Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

Hæstaréttardómarar eru þó ekki kjörgengir. Glati alþingismaður kjörgengi missir hann þann rétt sem þingkosningin veitti honum. Varamaður tekur þá sæti hans á þingi“.

Og við göngum til kosninga um 42. gr. Kjörgengi.

Og hún er samþykkt með samhljóða atkvæðum, 24.

43. gr. Gildi kosninga:

„Alþingi kys landskjörstjórn til þess að úrskurða um gildi forsetakosningar, kosninga til Alþingis svo og þjóðatkvæðagreiðslna. Landskjörstjórn gefur út kjörbréf forseta og alþingismanna og úrskurðar hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Um störf landskjörstjórnar fer eftir nánari fyrirætlun í lögum.

Úrskurðum landskjörstjórnar má skjóta til dómstóla“.

Og við göngum til kosninga um 43. gr. Gildi kosninga.

Og greinin er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

44. gr. Starfstími:

„Alþingi kemur saman eigi síðar en tveimur vikum eftir hverjar alþingiskosningar. Í lögum skal kveðið á um samkomudag reglulegs Alþingis og skiptingu starfstíma þess í löggjafarþing“.

Við göngum til kosninga um 44. gr. Starfstími. Og kosning er hafin.

Greinin er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

45. gr. Samkomustaður:

„Alþingi kemur að jafnaði saman í Reykjavík en getur þó ákveðið að koma saman á öðrum stað“.

Við göngum til atkvæða um 45. gr. Samkomustaður.

Og hún er samþykkt með 24 atkvæðum, öllum atkvæðum.

46. gr. Þingsetning:

„Forseti Íslands stefnir saman Alþingi að loknum alþingiskosningum og setur reglulegt Alþingi ár hvert.

Forseti stefnir einnig saman og setur Alþingi að tillögu forseta þess eða 1/3 hluta þingmanna“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 46. gr. Þingsetningu. Og kosning er hafin.

Og hún er samþykkt einnig með öllum greiddum atkvæðum.

Nú þá erum við komin að gr. 47 og hefjum umræður um gr. 47 til 55, að báðum gr. meðtöldum. Og þar er ein brtt. og orðið er laust og Pawel Bartoszek byrjar. Gjörðu svo vel. Það eru gr. 47 Eiðstafur til 55 sem heitir Opnir fundir. Pawel Bartoszek byrjar og það er sem sagt brtt. við 51. gr. Styrkir til frambjóðenda og samtaka þeirra.

PB

Já, kæru vinir. Ég ber upp brtt. nr. 132 við gr. um fjármál og styrki til stjórnmalaflokka og frambjóðenda. Þessi brtt. byggir á brtt. nr. 7 frá seinasta ráðsfundi og ég vil þakka öllum flutningsmönnum hennar kærlega fyrir þeirra framlag. Ég held að þessi brtt. hafi styrkt mjög þá tillögu sem fyrir lá. Þar er vikið einnig að starfsemi stjórnmalaflokka og hnykkt á ýmsum atriðum sem þykja nauðsynleg í ljósi þess aukna persónukjörs sem verið er að taka upp. Það er gerð ein efnisbreyting, sem er sannarlega, má segja, að einhverju leyti veruleg frá því sem lagt var til, að því leyti að 1. mgr. í þeirri brtt., sem kvað á um bann allra nema einstaklinga og opinberra aðila við því að fjármagna, veita styrki til stjórnmalaflokka, er ekki haft með, og hinum tveim mgr. er víxlað. Það reyndist ekki vera meirihluti fyrir því í nefndinni, fyrir svo fortakslausu banni, en hins vegar þá teljum við að hinar tvær greinarnar styrki mjög þau markmið sem við ætlum að ná fram. Í fyrsta lagi þá er það að sjálfsögðu svo að löggjafanum er þegar heimilt að kveða á um slíkar reglur og þessi grein styrkir það enn frekar. Í öðru lagi þá hefur málsgreinin í því skyni að, sem sagt málsliðurinn,

að tryggja gegnsæi og takmörkun auglýsinga. Með því að tryggja gegnsæi þá er það tryggt að okkar mati að það sé ... það sem vakti fyrir okkur var hugsanlega útilokað að ekki, t.d. sko framlög lítilla fyrirtækja þar sem eignarhaldið er mjög ljóst, en það sem maður hefur kannski meiri áhyggjur af eru þessi framlög frá mjög stórum eignarhaldssjóðum, þar sem ekki er vitað hver stendur að baki. Innan marka þessarar greinar væri þá trauðla hægt að ímynda sér að það sé hægt að tryggja gegnsæi ef að heimilud eru stór hér um bil nafnlaus framlög, en það væri hugsanlega hægt að gera undantekningu á einhverjum minni einkahlutafélögum og samtökum. Þannig að það var ákveðið að hafa þetta svona með þeim hætti. En að sjálfsögðu, eins og ég ítreka, þá lít ég svo á að löggjafanum er fullkomlega frjálst að setja slíkar reglur, og m.a.s. að hann sé að einhverju leyti knúinn til þess að, í kosningalögum, sé gegnsæi framlaga tryggt. Nú að öðru leyti þá er þar með vikið að starfsemi stjórnmalasamtaka en ekki stjórnmalaflokka. Þetta er einungis til samræmis við aðra tillögu í greininni og ég hvet ráðið til að samþykkja breytingartillöguna svo breytta. Takk fyrir.

SN

Orðið er laust um þessar greinar og breytingartillögu, frá 47 til 55. Óskar einhver eftir því að taka til máls?

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, takk. Kæru vinir. Ég er einn af einhverjum 10 flutningsmönnum, eða eitthvað svoleiðis, að þessari brtt. nr. 7, sem að Pawel lýsti hérna áðan. Og ég held, að í ljósi þess, sem að nefndarformaður C-nefndar sagði um skilning þeirra á hvernig skyldi túlka þessa grein, að tryggt væri að þetta gegnsæi, sem er einmitt auðvitað tilgangurinn, þannig að það kannski verði ekki svona, svona óskýr mörkin milli þessara sterku fjármálaafli í þjóðfélaginu og svo stjórnmalafli annars vegar, og ef að það er sú skýring sem að við munum setja með þessari grein, og ég treysti því að svo sé, þá tel ég að þetta gangi nægilega langt. Ég held að það sé bara réttlátt að eftirláta C-nefnd þetta lokamat, um það að þetta sé rétt lending. Ég fagna því mikið að sjá að það sé kveðið á um það í stjórnarskránni okkar að það eigi að tala um lög, þar sem starfsemi stjórnmalasamtaka sé útskýrd og hvernig fjármálum skuli háttáð og takmarka auglýsingar, sem er mjög, mjög mikilvægt mál í svona lýðræðissamfélagi. Og sérstaklega þegar við erum að keyra inn í algjörlega nýjan veruleika í þessum málum. Við erum með algjörlega nýtt kosningakerfi hérna, og þá verðum við einhvern veginn að geta sett þetta þannig að þetta sé sem mest jafnræði milli þeirra sem eru ekki með mikla peninga og þeirra sem hafa mikla peninga. Og ég hef ákveðið að trúa því bara að þetta ákveði muni ná því markmiði og þakka bara kærlega fyrir.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já takk fyrir. Ég ætlaði bara að taka undir með Katrínu, og mig langaði bara að leggja sérstaka áherslu á það að meginmarkmið greinarinnar í heild sinni, eins og segir í 1. mgr., er það „að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og svo takmarka auglýsingar í kosningabaráttu“. Öll þessi þrjú atriði eru viðbrögð við því ákalli sem við höfum heyrt í okkar samfélagi síðustu misseri eða árin. Og ég tel alveg gríðarlega mikla framför fölgna í því að sjá þetta inni í stjórnarskrá. Og með því að einmitt, eins og Pawel lýsti, að kannski leggja ekki til, þó við skiljum einmitt markmiðið með þeirri, ég man ekki hvað hún var, í 1. mgr. tillögunnar, að það væri mjög erfitt að uppfylla þetta markmið um gegnsæi. Og þar með einnig það að tryggja að kostnaði sé haldið í lágmarki, með því að setja slíkt inn, af því að það myndi kalla á hugsanlega, að ef farið væri eftir einhverjum krókaleiðum til að koma fjármagni til einstakra samtaka. Þannig að ég fagna þessu og ég held að við séum hér að leggja alveg ótrúlega mikla breytingu til og stóra grundvallarreglu. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir aftur. Gjörðu svo vel.

KO

Fyrirgefjið þið, ég gleymdi bara að taka eitt fram. Ég velti fyrir mér hvort það sé ekki örugglega þannig að við skiljum það að þegar við tölum um að upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skuli birtar jafnóðum og skv. nánari fyrirætlum í lögum, af því að ég man að Gísli var oft að tala um það að það væri mikilvægt að fólk hefði þessar upplýsingar fyrir kosningar, eins mikið og hægt væri, og ég held að það sé mikilvægt líka að við tölum um það einhvers staðar í greinargerð þá eða eitthvað, að það sé sá skilningur einhvern veginn, að það sé ekki hægt að hrúga þessu öllu upp rétt fyrir kosningar og svo hafi kjósandi ... þetta snýst um það að kjósandinn viti hvaða hagsmunir eru á bakvið hvaða framboð og þá held ég að við séum öll á sömu blaðsíðu. Takk kærlega.

SN

Það hefur enginn annar óskað eftir að taka til máls. Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já, örsnöggt til að bregðast við þessu, þá hef ég því miður ekki fyrirfram greinargerðina með ... ykkar tillögu og hún náttúrlega er væntanlega það sem telur í túlkuninni. En ég leit nú ekki svo á að það er verið að gera sko, efnislegar breytingar á þessu atriði frá tillögunni sem fyrir var, þar sem stóð svo fljótt sem auðið er, og hér er jafnóðum, það þýðir náttúrlega ... það skilst bara í orðanna hljóðan, að það sé gert eins fljótt og auðið er, eða jafnóðum.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður, ágætu ráðsfulltrúar. Örsnöggt, mér fannst þetta jafnóðum alveg frábært orðalag. Mér finnst það eiginlega betra heldur en svo fljótt sem auðið er, vegna þess að jafnóðum, það þýðir bara strax.

SN

Nú, ekki hafa fleiri óskað eftir að tjá sig um þessar greinar. Þannig að þá förum við í atkvæðagreiðslu um þær, hverja af annarri. Og byrjum á 47. gr. Eiðstafur. Hún hljóðar svo:

„Sérhver nýr alþingismaður undirritar eiðstaf að stjórnarskránni þegar kosning hans hefur verið tekin gild“.

Og við hefjum kosningu um þessa grein, 47.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Næst er það gr. 48. gr. Sjálfstæði alþingismanna:

„Alþingismenn eru einungis bundir við sannfæringu sína, en ekki við nein fyrirmæli frá öðrum“.

Við hefjum kosningu um 48. gr. Sjálfstæði alþingismanna. Og kosning er hafin.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

Þá er það 49. gr. Friðhelgi alþingismanna:

„Ekki má setja alþingismann í gæsluvarðhald eða höfða sakamál á hendur honum án samþykkis þingsins nema hann sé staðinn að glæp. Alþingismaður verður ekki krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt í þinginu nema Alþingi leyfi. Alþingismanni er heimilt að afsala sér friðhelgi“.

Og við göngum til kosninga um þessa grein. Og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 sagði nei og 1 sat hjá.

50. gr. Hagsmunaskráning og vanhæfni:

„Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.“

Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína“.

Við göngum til atkvæða um 50. gr. Hagsmunaskráning og vanhæfi. Og kosning er hafin.

22 samþykktu og 2 sátu hjá.

Þá erum við komin að 51. gr. Styrkir til framþjóðenda og samtaka þeirra. Og það er fyrst brtt. við þá gr. Hún hljóðar svo að það er ... brtt. frá C-nefnd sem byggir á brtt. nr. 7 frá 17. ráðsfundi, og gerir ráð fyrir að það sé bætt við framan við gr. eins og hún stendur núna. Núna stendur gr. þannig að það eru upplýsingar um framlög til fram-

þjóðenda sem bjóða fram í almennum kosningum svo og samtaka þeirra, skuli vera aðgengilegar almenningi svo fljótt sem auðið er. Og brtt. felst í því að bæta framan við gr. þessari setningu:

„Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórn mála-samtaka, svo og um fjármál framþjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu“.

Og við göngum til atkvæða um þessa breytingartillögu.

Já, Vilhjálmur er ekki, þannig að það eru 23 í salnum núna. Þannig að þá eru allir komnir.

Og gr. er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 hafnaði.

Þá ber ég upp gr. með áorðnum breytingum. Og hún hljóðar svo:

„Í lögum skal kveðið á um starfsemi stjórn mála-samtaka, svo og um fjármál framþjóðenda í því skyni að halda kostnaði í hófi, tryggja gegnsæi og takmarka auglýsingar í kosningabaráttu. Upplýsingar um framlög yfir ákveðinni lágmarksupphæð skulu birtar jafnóðum samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum“.

Og við göngum til atkvæða um greinina með áorðnum breytingum.

Og það eru 23 í salnum. Og 22 samþykkja, 1 sat hjá.

52. gr., við klárum héra þrjár gr. til viðbótar í þessari lotu. Það er 52. gr. Þingforseti:

„Alþingi kys sér forseta með 2/3 hlutum atkvæða í upphafi hvers kjörtímabils. Sitji forseti ekki út kjörtímabil skal sami háttur hafður á við kosningu nýs forseta. Forseti stýrir störfum Alþingis. Hann ber ábyrgð á rekstri þingsins og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Með forseta starfa varaforsetar sem eru staðgenglar hans og mynda ásamt honum forsætisnefnd. Um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum. Forseti Alþingis lætur af almennum þingstörfum og hefur ekki atkvæðisrétt. Varamaður hans tekur sæti á þingi á meðan hann gegnir embættinu“.

Og þá göngum við til ...

[Umræður úr sal]

SN

Já, um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum. Það er um ofaukið, í miðefnisgreininni. En það sem sagt, um kosningu þeirra skal mælt fyrir í lögum.

Og þá göngum við til kosninga. Og kosningin er hafin, um þessa grein. Og við erum aftur orðin 24 í salnum.

20 samþykkja, 1 hafnar og 3 sátu hjá.

Þá er það 53. gr. Þingsköp. Og hún er svohljóðandi:

„Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum“.

Og við göngum til atkvæða um þá grein, þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

Og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 54. gr. Þingnefndir:

„Alþingi kys fastanefndir til að fjalla um þingmál.“

Um störf þingnefnda skal mælt fyrir í lögum“. Og við göngum til atkvæða um 54. gr. Þingnefndir. Og kosning er hafin. Og greinin er samþykkt með 24 atkvæðum.

55. gr. heitir Opnir fundir. Og hún er svohljóðandi:

„Fundir Alþingis eru haldnir í heyranda hljóði. Þingnefnd getur ákveðið að fundur hennar sé opinn almenningi“.

Og við hefjum kosningu núna og hún er hafin. Og greinin er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

Og þá gerum við 15 mínútna hlé. Og við stefnum að því að taka nokkrar greinar til viðbótar en verðum ekki lengur í kvöld, heldur en til sjö. Verðum fram að kvöldmat í mesta lagi. En 15 mínútna hlé. Gjörð svo vel.

SN

Góðir fulltrúar í Stjórnlagaráði. Þá byrjum við aftur eftir hlé. Það vantar nú einhverja inn í salinn, en núna ætlum við að taka til umræðu gr. 56 til 64. Og þar eru þrjár breytingartillögur. En orðið er laust um allar þessar gr. 56, sem er Flutningur þingmála og til og með 64, sem er Rannsóknarnefndir.

Og ég ætla að biðja Katrínu Fjeldsted að hefja umræðuna. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það formaður. Það er þá fyrst brtt. frá B-nefnd við gr. 56, um Flutning þingmála. En þar segir í 2. mgr.: „Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana í umboði ríkisstjórnarinnar“. Það bærust athugasemdir við þetta orðalag, og þær komu frá Eiríki Tómassyni, sem benti á að það þyrfti að taka af tvímæli. Að það þyrfti að samþykkja frumvörp í ríkisstjórn áður en ráðherra geti lagt þau upp fyrir Alþingi. Þannig að brtt. nefndarinnar lýtur að þessu. Og mgr. hljómar því, ef það er samþykkt: „Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórnin hefur samþykkt“. Og það er rétt að vekja athygli á því, vegna ábendinga, að þetta samþykki lýtur bæði að frumvörpum til laga og tillögum til ályktana. Þá ætla ég að segja frá brtt. við gr. um Meðferð lagafrumvarpa. En þar kom fram brtt. á síðasta ráðsfundi við orðalag frá B-nefnd. Og það orðalag laut að því að lagafrumvarp mætti ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi. Brtt. gerði ráð fyrir að orðið „þrjár“ kæmi í stað orðsins „tvær“. Þannig að með þeirri brtt. átti að gera skylt fyrir Alþingi, að hafa þrjár umræður um frumvörp. B-nefnd tók mark á þessari brtt. en taldi rétt að gefa Alþingi ákvörðunarrétt í því hvort umræður yrðu tvær eða fleiri, um frumvörp. Þannig að við leggjum til að orðið „minnst“, bætist inn í þessa mgr. og þess vegna hljómi hún svona: „Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi.“ Þarna er Alþingi gefinn sá valkostur að fækka umræðum um lagafrumvörp niður í tvær. Það er fyrirmynd að þessu úr sænsku og finnsku stjórnarskránum og getur orðið mjög

til bóta í vinnu þingsins, sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir að frumvörp fari fyrst inn í þingnefnd og fái þar ítarlega meðferð áður en frumvarp er tekið til umræðu á þinginu. Og með því að Alþingi sé ekki bundið af þessu, það getur rætt lagafrumvörp við þrjár eða sex umræður, ef það svo kys. En þetta er okkar tillaga, að orðið minnst, bætist við tvær umræður. Nú þá er gr. 60. Þar er brtt. sem er nr. 122, og lýtur að því að síðasta mgr. í gr. 60 falli út. Sú gr. segir: „Heimild til synjunar“, það er um staðfestingu laga, „heimild til synjunar á ekki við um fjárlög, fjáráukalög og lög um skattamálefni, lög um ríkisborgararétt og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum“. Ástæðan fyrir þessari brtt. er samkomulag sem var gert meðal þeirra sem að þessu máli vildu koma, og við leggjum því til að mgr. falli út. Takk fyrir.

SN

Já, þá er orðið laust um þessar gr. 56 til og með 64, og brtt. Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Þetta er sannarlega hátíðleg stund hér í dag, þegar að við samþykkjum hverja greinina á fætur annarri og ... við erum nú komin héra, helming, af öllum þeim greinum sem að eru hér til umræðu. Og ég hef verið sammála þeim vel flestum, en nú er komið að því að ég er ekki sammála því sem að hér er lagt til og vildi gera grein fyrir því hvernig ég mun hér greiða atkvæði. Nú mér hefur þótt mikilvægt að það sé vel skilgreint hvernig þjóðaratkvæðagreiðslum skuli háttáð, hvernig til þeirra skuli vera stofnað og hvernig þær skuli fara fram. Og að það séu settar svona nokkrar almennar reglur um þá þætti sem að eru undanþegnir slíkum atkvæðagreiðslum, að fyrirmynd landanna í kringum okkur, þar sem að þjóðaratkvæðagreiðslur eru tíðkaðar. Við Íslendingar höfum ekki notað þjóðaratkvæðagreiðslur sem tæki við ákvarðanatöku, fyrir utan þessi tvö skipti um Icesave samkomulagið, en nú er gert ráð fyrir að í okkar tillögum að þjóðaratkvæðagreiðslur verða stundaðar hér í miklum mæli. Það hafðist náðst sátt hér í ráðinu um að þegar að til þeirra yrði stofnað, hvort sem að það væri að kröfu 10% kjósenda vegna laga sem samþykkt hefði verið á Alþingi eða í gegnum frumkvæðisrétt kjósenda, sem enduðu í þjóðaratkvæðagreiðslum, sem og með málskoti forseta, væri ákveðin atriði undanþegin slíkum þjóðaratkvæðagreiðslum, og þar eru meðal annars skattamálefni, ríkisborgararéttur og fjárlög. Mér finnst mikilvægt að það sé samræmi varðandi alla þessa þætti. En hér er lagt til, vegna samkomulags um alls óskylda hluti, að þessir undantekningarþættir falli niður, aðeins í tilviki málskots forseta en haldist inni annars staðar. Það þykir mér ekki skynsamlegt og leiða til þess að það vantar svona innri samkvæmni í þá stjórnarskrá sem við leggjum hér til. Þannig að ég mun greiða atkvæði gegn þessari brtt. og nái hún fram að ganga, að þá neyðist ég einnig til þess að greiða atkvæði gegn málskotsheimildinni í heild, þar sem ég geri ekki ráð fyrir að það verði kosið um hana innbyrðis. En það er ekki vegna þess að ég sé í sjálfu sér ...



Það er ekki vegna þess að ég er andvígur greininni eins og hún stendur núna, heldur þá vegna þeirrar breytingar sem gerða verða á henni.

En að öðru leyti er ég voðalega glaður og ánægður með þennan fund, og þennan dag í Stjórnlagaráði. Takk fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, kærur félagar. Ég þarf nú ekki að orðlengja, ég vil bara taka undir hvert orð sem Eiríkur Bergmann sagði, og já. Ég mun greiða atkvæði á sama veg og hann lýsti, og ég mun greiða atkvæði gegn þessari brtt. og ákvæðinu, verði brtt. samþykkt, á sömu forsendum. Takk fyrir.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kærur vinir. Það var, ég hafði nú ýmis sterk orð hérna í fyrstu umræðu, þess efnis að eignarrétturinn væri fyrir bí og að værum við að kippa fótunum atvinnu í landinu og að þingræðið, eða löggjafarvald þingsins væri farið forgörðum. Og það er skemmt frá því að segja, að það hefur verið reynt að vinna í þá átt, af mér og öðrum sem voru á þessari skoðun, þætti þetta ekki lengur eiga við. Nú, það verður að skoða þetta mál í ákveðnu samhengi, og það var þannig að þeim sem þótti hvað vænst um það, að frumkvæðisréttur þjóðarinnar væri alltaf bindandi, sem má segja að sé að einhverju leyti óskyld atriði og kannski að það sé að einhverju leyti rétt. En það var hægt að ná samkomulagi um það, að með því að losa sig við þessar undantekningar hér, þá gæti hitt komið inn í staðinn. Og fyrir mitt leyti, þá eru það mjög góð skipti að leyfa forseta að neita að skrifa undir fjárlög, og lög um ríkisborgararétt, sem ég hygg að sé mjög ólíklegt að hann muni nokkurn tíma geri, fjárukalög, þá standa eftir lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Ég hef alltaf túlkað þessa þjóðréttarskuldbindingarkvöð mjög þröngt. Ég hef alltaf litið á þetta sem þetta væri EES reglur eða eitthvað svoleiðis. En það er til fólk, og það eru ekki allir á öðru máli, sem mundi líta svo á að t.d. Icesave samkomulagið hefði fallið undir þessar undantekningar. Og þá væri auðvelt að tortryggja hugsanlega þessa niðurstöðu. Þannig að upp á það að gera, þá held ég að hafi ekki verið óskynsamlegt að fallast á það að taka út þessar undantekningar og því fylgdi þá að löggjafarvaldið að öðru leyti, héldist áfram alfarið í höndum þingsins, þ.e.a.s. lokaákvörðun hvort lög eru samþykkt eða ekki. Þannig að fyrir mitt leyti þá er ég vel tilbúinn að fallast á þetta samkomulag og skoða þetta auðvitað í samhengi við annað sem á við í skjalinu. Og hvet aðra til að gera slíkt hið sama.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Já, kærur vinir. Mig langar aðeins að vekja athygli á 56. gr., þar sem segir að „ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana í umboði ríkisstjórnar“. Í árdögum, þegar að við vorum að ræða um þrískiptingu valdsins og aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, að þá kyngdum við því margir hverjir að það skyldi ekki kosið beint til framkvæmdarvalds, einmitt m.a. vegna þess að nú átti að tryggja það að framkvæmdarvaldið gæti ekki lagt fram frumvarp á Alþingi heldur þau ættu alfarið að verða til í nefndum. En, þetta hefur sem sé horfið. Mig langar bara að vekja athygli á því. Takk fyrir.

SN

Ari Teitsson. Og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar. Gjörðu svo vel.

AT

Já, formaður og góðir félagar. Ég vil nú fyrst segja það að ég held að það sé mjög mikilvægt að við erum hér að fjalla um nýjan kafla um Alþingi, sem að ég vænti þess að hafi í för með sér verulegar breytingar á störfum Alþingis, og það í raun og veru þjóni betur þörfum þjóðarinnar, heldur en að kannski það gerir í dag, en það verður auðvitað að koma í ljós, hvort og hvernig Alþingi breytist. En ég vænti mikils af þessum tillögum í þeim efnum. Mig langar hins vegar einkum að gera að umræðuefni þá breytingu sem að hér er gerð varðandi málskotsrétt forseta, frá því sem áður var. Og láta í ljós ánægju með að okkur tókst svona að lenda stærri pakka í gær með þessu innanborðs. Ég skil að vísu vel áhyggjur og svona, afstöðu Eiríks, en bendi á það að ég held að flestir séu nú á því að málskotsrétturinn hafi í áratugi verið hjá forseta Íslands og þó að það hafi nú svona verið kannski eitthvað umdeilt, og ég held nú reyndar líka að stór hluti af þjóðinni telji að sá málskotsréttur hafi skipt máli. Og m.a.s. kannski bara töluvert miklu máli. Og þá má segja það að það svona, hafi kannski verið svolítið svona kaldar kveðjur frá okkur að taka af honum helminginn af réttinn og svona, og rýra hann og svona, draga hann niður. Þannig að það eru nú oft tvær og stundum fleiri hliðar á hverju máli og út af orðum Eiríks vildi ég að hin hliðin kæmi fram. Takk.

SN

Þá loka ég mælendaskrá og Erlingur Sigurðarson er næstur. Gjörðu svo vel.

ES

Formaður, gott ráðsfolk. Ég hef verið þeirrar skoðunar að eitt af því fáa sem að Alþingi gæti gert betur en við, væri að setja sér sjálft þingsköp. Og ég vil standa við það með því að ég stóð ekki að þessum tillögum við gr. 57 og 58. Og ég mun greiða atkvæði á móti þeim en ég styð svo frumvarpið í heild, býst ég við.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já formaður og góðir ráðsfulltrúar. Varðandi málskot forsetans að þá get ég að mörgu leyti tekið undir sjónarmið Eiríks og Silju Báru. Og ég hef nú ekkert verið sérstaklega hlynntur þessum málskotsrétti, en ég held hins vegar að þarna sé um að ræða ákveðið jafnvægi í frumvarpinu í heild, sem að búið er að finna, og ég styð það jafnvægi og þá lendingu sem þar er orðin. Þannig að ég mun sitja hjá í atkvæðagreiðslu um málskotið. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, ég hef svo sem litlu við þetta að bæta. Ég styð málfutning og sjónarmið þau sem að hafa komið fram þarna við endann hinumeginn, öndvert við mig. Við erum að keppa að því að ná hérna heildsamstöðu og þá verðum við að setta okkur við að fá ekki allt fram sem við viljum. Ég tel ekkert af þeim breytingum sem að við verðum að setta okkur við, haggi neinu í grundvallaratriðum. Ég vil bara hvetja menn til þess að leggja ekki stein í götu breiðrar samstöðu. Takk fyrir.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Þú ert næst á mælendaskrá.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskönur og ráðsmenn. Ég ætla aðeins að svara þeim athugasemd sem kom hér frá Andrés Magnússyni varðandi, að því er hann orðaði það, mikla breytingu á fyrirkomulaginu í meðferð þingmála. Ég held að þetta byggist á nokkrum misskilningi, þegar að við lögðum fyrst fram þessar tillögur, og þær voru samþykktar inn í áfangaskjal, mig minnir að það hafi verið í maí, ég hef nú ekki gáð að því sérstaklega, það var langt síðan, að þá komu strax þau viðbrögð að við værum með þessu að segja að hér eftir yrðu engin frumvörp samin í stjórnslunni eða framkvæmdarvaldinu, heldur mundu þau öll vera samin inni í þingnefndum, eða af þingmönnum. Ég sjálf svaraði þá á þann veg, og mig minnir að ég hafi notað orðið barnaskapur, að við værum ekki svo barnaleg að halda að eftir sem áður yrði ekki meirihluti frumvarpa saminn af framkvæmdarvaldinu, vegna þess að þar lægi jú, sú skylda að framkvæma stefnu ríkisstjórnar, og það birtist í frumvörpum. Breytingin sem við höfum gert, vegna þess hvað þetta vafðist fyrir mörgum að skilja þetta, og héldu að við værum að svipta ráðherra eða ríkisstjórn [rétti] til þess að flytja frumvörp, að þá orðuðum við það með þessum hætti. Það má hins vegar segjast að önnur breyting sem við gerðum, sem var öllu og er í rauninni öllu meiri breyting, það er það að ráðherra mæli fyrir frumvarpi í þinginu áður en það fer til nefndar. Það var ekki inni fyrst. En það kveður að vísu á um það, það skuli vera gert án umræðu, en í mínum huga er það breytingin, en ekki það að við orðum það með réttum hætti, að það sem að í rauninni er reynd, þ.e.a.s. hvar frumvörp eru samin. Mig langar að-

eins að segja varðandi málskotsréttinn. Ég vil taka undir með ýmsum hérna, ég er ekki hlynnt þessu, eins og þetta hefur verið útfært núna. En, ég met meira þá sátt sem við höfum gert, og af virðingu við þá, sem að hafa margir hverjir látið af djúpri sannfæringu, og kannski mikilli sannfæringu og breytt og samþykkt allskonar breytingar, til og frá, til þess að ná sátt, þá ætla ég ekki að sitja hjá eða greiða atkvæði. Ég ætla að sýna þessu sveigjanleika, sem svo margir hafa sýnt, þá virðingu að standa fullkomlega við sáttina og greiða atkvæði með henni. Takk.

SN

Já, þá tókum við fyrir hverja grein fyrir sig og breytingartillögurnar eins og þær koma fyrir. Fyrsta greinin sem við tókum fyrir hér, eða næsta grein, er nr. 56 Flutningur þingmála. Og við tókum fyrst brtt. Eins og gr. stendur núna, þá er 2. mgr.: „Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana í umboði ríkisstjórnarinnar“. En brtt. felst í því að breyta þessu orðalagi á þann veg að segja „Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórnin hefur samþykkt“.

Og við göngum nú til kosninga um þessa breytingartillögu. Og kosning er hafin.

Og hún er samþykkt með 24 atkvæðum.

Og þá les ég upp greinina með áorðnum breytingum, til samþykktar eða synjunar. Greinin er þá þannig:

„Alþingismenn hafa rétt til að flytja frumvörp til laga, tillögur til ályktana og önnur þingmál. Ráðherrar geta lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga og tillögur til ályktana sem ríkisstjórnin hefur samþykkt“.

Við göngum þá til kosninga um 56. gr. með áorðnum breytingum.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sitja hjá.

Þá er næst 57. gr. Meðferð lagafrumvarpa. Þar er breytingartillaga, liggur fyrir þessari grein. Og það er 3. mgr. sem ... tillagan gengur út á að breyta 3. mgr. á þann veg að í staðinn fyrir: „Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir tvær umræður á Alþingi, komi: Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi“.

Og við göngum til kosninga um þessa breytingartillögu.

Og hún er samþykkt samhljóða.

Þá les ég greinina upp, sem sagt 57. gr. Meðferð lagafrumvarpa, með áorðnum breytingum. Hún hljóðar þá svona: „Frumvörp alþingismanna og ríkisstjórnar eru tekin til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður en þau eru rædd á Alþingi. Sama á við um þingmál að tillögu kjósenda. Mat á áhrifum lagasetningar skal fylgja frumvörpum samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Lagafrumvarp má ekki samþykkja fyrr en eftir minnst tvær umræður á Alþingi. Frumvörp sem hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok kjörtímabils“.

Og við göngum til atkvæða um þessa gr., 57. gr.

Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 3 sátu hjá.

Þá er það 58. gr. Meðferð þingsályktunartil-  
lagna og annarra þingmála. Það er engin breyt-  
ingartillaga sem liggur fyrir í þessari grein, þannig  
að ég les hana eins og hún er, og ber hana upp til  
atkvæðagreiðslu:

„Þingsályktunartillögur ríkisstjórnar eru teknar  
til athugunar og meðferðar í þingnefndum áður  
en þær eru ræddar á Alþingi. Tillögu til þings-  
ályktunar má ekki samþykka fyrir en eftir tvær  
umræður á Alþingi. illögur til þingsályktana sem  
hafa ekki hlotið lokaafgreiðslu falla niður við lok  
lögjafarþings. Tillögur um þingrof eða vantraust  
á ráðherra eru ræddar og afgreiddar við eina  
umræðu. Að öðru leyti skal kveðið á um meðferð  
þingmála í lögum“.

Og við göngum til atkvæða um 58. gr.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu  
há.

Þá er það 59. gr. Ályktunarbærni:

„Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál  
að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og  
taki þátt í atkvæðagreiðslu“.

Við göngum til kosninga um 59. gr. Og kosning  
er hafin.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum  
atkvæðum.

Þá er það 60. gr. Staðfesting laga. Og það er  
fyrst brtt. við þá gr., og hún lýtur að því að síðasta  
mgr.: „Heimild til synjunar á ekki við um fjárlög,  
fjáraukalög og lög um skattamálefni, lög um ríkis-  
borgararétt og lög sem eru sett til að framfylgja  
þjóðréttarskuldbindingum“, að hún falli niður,  
þessi síðasta grein.

Og við göngum til atkvæða um þessa breyting-  
artillögu. Og kosning er hafin.

Og breytingartillagan er samþykkt með 19 at-  
kvæðum, 3 sögðu nei og 2 sátu há.

Og þá les ég upp greinina eins og hún er eftir  
breytingu. Og hún hljóðar þá svo:

„Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp  
undirritar forseti Alþingis það og leggur innan  
tveggja vikna fyrir forseta Íslands til staðfestingar,  
og veitir undirskrift hans því lagagildi. Forseti Ís-  
lands getur ákveðið innan viku frá móttöku frum-  
varps að synja því staðfestingar. Skal sú ákvörðun  
vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis.  
Frumvarpið fær þá engu að síður lagagildi, en  
bera skal bera lögin innan þriggja mánaða undir  
þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.  
Ræður einfaldur meirihluti hvort lögin halda  
gildi sínu. Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli  
Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun  
forseta. Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu  
skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum“.

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa  
grein.

Og hún er samþykkt með 19 atkvæðum, 3 sögðu  
nei og 2 sátu há.

Þá er komið að 61. gr. Birting laga. Hún hljóðar  
svo:

„Birta skal lög, stjórnvaldsfyrirmæli og þjóð-  
réttarsamninga sem ríkið hefur fullgilt. Lögum

og stjórnvaldsfyrirmælum má aldrei beita með  
íþyngjandi hætti fyrir en eftir birtingu þeirra. Um  
birtingarháttu og gildistöku fer að landslögum“.

Og við hefjum kosningu um 61. gr. Birting laga.  
Og kosning er hafin.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum  
atkvæðum.

62. gr. er Lögrétta:

„Alþingi kýs í Lögréttu fimm menn til fimm ára.  
Þingnefnd eða fimmtungur alþingismanna getur  
óskað eftir álit Lögréttu um hvort frumvarp til  
laga samrýmist stjórnarskrá og þjóðréttarlegum  
skuldbindingum ríkisins. Ekki má afgreiða frum-  
varpið fyrir en álit Lögréttu liggur fyrir. Um störf  
Lögréttu skal mælt fyrir í lögum.“

Og við göngum til atkvæða um 62. gr. Og kos-  
ning er hafin.

Greinin er samþykkt með öllum greiddum at-  
kvæðum.

63. gr. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd:

„Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
kannar hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráð-  
herra eða stjórnvæðingra þeirra eftir því sem hún  
telur efni til. Skylt er nefndinni að hefja slíka  
könnun að kröfu þriðjungs þingmanna“.

Við göngum til kosninga um 63. gr. Og kosning  
er hafin.

Og hún er sömuleiðis samþykkt með öllum  
greiddum atkvæðum.

Þá er það 64. gr. Rannsóknarnefndir:

„Alþingi getur skipað nefndir til að rannsaka  
mikilvæg mál er almenning varða.

Nánari reglur um hlutverk, rannsóknarheim-  
ildir og skipan rannsóknarnefnda skulu settar  
með lögum“.

Og við göngum til atkvæða um 64. gr. Rann-  
sóknarnefndir. Kosning er hafin.

Og hún er samþykkt með 24 atkvæðum.

Þá leggjum við fram næst, til umræðu, 65. gr.,  
66. og 67. Málskot til þjóðarinnar er fyrsta grein-  
in, og það eru þrjár breytingartillögur við þessar  
greinar. Og fyrstur á mælendaskrá um þessar  
þrjár greinar er Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, takk. Ég ætla að bera upp hér þrjár breyt-  
ingartillögur við umræddar greinar, sem allar eru  
gerðar af hálfu C-nefndar. Nú, sú fyrsta er við gr.  
66. Og ég ætla að gefa þessu smá forsögu. Þarna  
var á seinasta ráðsfundi samþykkt greinin um að  
þjóðaratkvæðagreiðsla sem fer fram að frumkvæði  
kjósenda, skuli ávallt vera bindandi. Þar áður  
hafði Alþingi vald til þess að ákveða hvort að slík  
atkvæðagreiðsla yrði ráðgefandi eða bindandi. Nú  
eftir að hafa fengið álit utan frá, þá kom á daginn  
að þetta hefði það í för með sér, t.d. að þjóðin  
færi þá beint með lögjafarvald, þ.e.a.s. nú væri  
hægt að leggja fram frumvarp á þingi, og án þess  
að þingi hefði nokkra sérstaka aðkomu að því,  
gæti það orðið að lögum. Það er nú kannski laga-  
tæknilegt atriði í hugum einhverra, en í hugum

margra sem hér eru, þá var það dálítið atriði að þingið hefði áfram löggjafarvald og engin lög gætu farið í gegnum Alþingi án þess að fá þar meiri-hlutastuðning, eða að þingið ákveðdi að framselja staðfestingarvald á lögum annað. Gegn þessu er auðvitað það tilfelli að mjög margir hér í ráðinu, leggja töluverða áherslu á aukin framgang beins lýðræðis og lögðu því áherslu á þetta, að þjóðar-atkvæðagreiðslan skyldi alltaf vera bindandi. Nú, það náðist samstaða um það, sem tengist að einhverju leyti grein sem við ræddum áðan, að það kæmi inn aftur heimild þess efnis að þjóðar-atkvæðagreiðsla gæti verið bindandi ef Alþingi ákveðdi svo, þ.e.a.s. það er þá það ferli að hluti kjósenda leggur fram ákveðið frumvarp, sem fær síðan þinglega meðferð, og eftir þann tíma getur þingið annað hvort samþykkt það án þess að til þjóðaratkvæðagreiðslu komi, ef að hópur kjósenda sem að því stendur er sáttur við þá afgreiðslu. Nú, eða ef að, getur Alþingi ákveðið að setja það í þjóðaratkvæðagreiðslu, eða breytt því og komið með gagnstillögu, og málið endar í þjóðaratkvæðagreiðslu allavega innan tveggja ára, nema hópur kjósenda fallist á annað. Nú, þessi breyting sem kemur inn er auðvitað, ég geri mér grein fyrir því að það, hún getur verið að sé einhverjum hér í ráðinu erfið, vegna þess að margir lögðu á það töluverða áherslu að þjóðin fengi frumkvæðisrétt með beinum hætti. Að sama skapi eru margir sem töluðu fyrir því að svo yrði ekki. Og ég er þeim þakklátur, sem eru tilbúnir að koma til móts við skoðanir þeirra, m.a. sem hér talar, um það að það stökk á einu bretti, um að þjóðin fari beint með löggjafarvald, án aðkomu þingsins, væri kannski of mikið, og að þær tillögur aðrar sem lagðar eru til í frumvarpi um málskot þjóðarinnar, tillögur til þings og síðan þennan frumkvæðisrétt, sem er svona lítillaga stíður með þessum hætti, séu næg fyrst skref. Og ég held að við getum öll vel við unað, við þessa niðurstöðu. Og ég hvet alla til þess að greiða henni atkvæði sitt.

Nú, að öðru leyti þá er hér önnur tillaga, tvær tillögur sem að lúta að breytingu við gr. nr. 67. Sú fyrsta snýr að brtt. sem lögð var fram af nokkrum ráðsfulltrúum, um það að frumvarp sem lagt er til af hálfu kjósenda, skuli ekki brjóta í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Nú höfum við skoðað þetta áður og ítarlega, og það er reyndar svo að engin lög verða virk ef að þau brjóta í bága við stjórnarskrá, sama hvort þau séu samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu eða annað. Og það var jafnframt alla tíð okkar skilningur að það væri markleysa að bera slíkt fram til þjóðaratkvæðagreiðslu og þingið mundi ekki fallast á það, heldur stoppa málið í þinglegri meðferð.

Hins vegar er rétt að taka af öll tvímæli um þetta, og þess vegna var ákveðið að setja inn setningu, að þess skuli gætt, að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Þar með er það skýrt, að ef að að mati þingsins, þá t.d. í gegnum Lögréttu eða annað. Ef það er mat þingsins að frumvarp sem kjósendur leggja til, samrýmist ekki stjórnarskrá, þá hefur þingið heimild til þess að vísa slíku máli frá. Og komi upp ágreiningur þess

efnis þá skera dómstólar þar um, eins og greinin kveður á um að öðru leyti. Nú, að öðru leyti, þá er ein tillaga sem er svona, milli þess að vera ... sem er í rauninni efnisleg en samt alls ekki efnisleg, þ.e.a.s. það er bætt, það er ákveðið að breyta 1. mgr. kaflans, með þessar greinar 67, þar sem stóð áður: „Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal varða almannahag“. Sem sagt, mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. ákvæðum þessa kafla, skal varða almannahag. En þetta var skrifað á þeim tíma sem þessi kafli var kaflinn með þessum þremur greinum um beint lýðræði. Nú, í þennan kafla er núna komin grein um málskot forseta, þannig að hefði þetta staðið óbreytt, þá gætum við ... hægt að skilja það með þeim hætti að málskot forseta væri einnig stýrt með þessum skilyrðum. Það kom kannski ekki að sök á meðan að þarna voru inni sömu undanþágur. En um leið og þær eru dottnar út, þá náttúrliga þyrfti að laga þetta og þetta er tillaga sem er lögð fram um að það verði gert. Þannig að það er ljóst að krafan um almannahaginn og þessar undanþágur eigi þá einungis við þessar tvær greinar um málskotið og tillögurétt og frumkvæðisrétt þjóðar, sem koma þarna á undan.

Og ég hvet eindregið ráðsfulltrúa til að fallast á þessa tillögu. Takk fyrir.

SN

Orðið er laust um þessar þrjár greinar og fram komnar breytingartillögur. Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Ég vek athygli á smávægilegu misræmi milli fyrir-sagnar og meginmáls, varðandi 67. gr. Greinin fjallar um hvaða mál megi ekki fara í þjóðar-atkvæðagreiðslu og þess vegna er kannski svolítið þröngt að kalla þetta „Frumkvæmd undirskrifa-söfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu“. Kannski væri rétt að kalla þetta Takmarkanir á þjóðar-atkvæðagreiðslum, eða eitthvað slíkt. En ég veit ekki hvort þetta nær fram að ganga, hér eða í greinargerð. Takk.

SN

Vill einhver annar taka til máls? Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, kærur félagar. Ég held að ég greiði nú bara atkvæði gegn breytingunni þarna um að þetta séu ákvæði 65. og 66., og lýsi þannig yfir vilja til þess að hafa þessar takmörkunargrein, þ.e.a.s. brtt. 135, að hún nái bara til allra þeirra þjóðaratkvæðagreiðslna sem að eru, í samræmi við fyrri atkvæðagreiðslu mína.

Ég fagna breytingunni um að þess skuli gæta að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá, en ég er mjög andsnúin því að það sé hægt að semja frumvarp úti bæ og senda til þingsins, þannig að ég mun nú ekki styðja þá tillögu, þó að ég sennilega sitji nú bara hjá við hana. Það er held

ég að sé allt sem ég ætlaði að segja um þetta. Ég bara vil líka kannski áréttta reyndar að mér finnst að það eigi að vera samræmi um það hvaða lög og hvaða mál það eru, sem má skjóta til þjóðaratkvæðis, setja í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig að ég er svona aðeins að klára að melta hvernig ég geri þetta, en það er allaveganna svona prinsippið sem mun vera undirliggjandi mínum ákvörðunum í þessu. Takk.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

PH

Já, örstutt, vegna þess sem Gísli sagði. Ég hygg að þessi titill, eða heiti á greininni hafi verið skrifður þegar greinin var held ég bara seinni málsgreinin. Og það var einhvern tímann í veikindum formannsins, hann hefði ... þetta hefði ekki farið fram hjá hans glögga auga ... Þannig að ég held að við hljótum nú að veita stjórninni heimild til þess að lagfæra þetta bara. Setja rétt nafn á þetta með einhverjum hætti. Takk fyrir. Hvet annars alla til að styðja allar þessar breytingartillögur og líka samkomulagið, aftur. Takk.

SN

Já, vill einhver annar taka til máls? Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já, ég bara kannski velti fyrir mér, 67. greinin fjallar um lagaumgjörð í kringum í rauninni þjóðaratkvæðagreiðslur og tillögurétt kjósenda og málskot. Það mundi hugsanlega vera einhver titill. En ég geri þá ráð fyrir, að fengnum þessum athugasemdum, þá kannski fær stjórn leyfi til þess að velja, hugsanlega, titil á þetta sem passar betur. Þetta er að mörgu leyti rétt athugasemd. Takk.

SN

Gott og vel. Þá tókum við þessar greinar til afgreiðslu. Og fyrst er greinin um Málskot til þjóðarinnar. Og það er engin breytingartillaga við hana. Og hún hljóðar svona, 65. gr. Málskot til þjóðarinnar:

„Tíu af hundraði kjósenda geta krafist þjóðaratkvæðis um lög sem Alþingi hefur samþykkt. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef kjósendur hafna þeim, en annars halda þau gildi sínu. Alþingi getur þó ákveðið að fella lögin úr gildi áður en til þjóðaratkvæðis kemur. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal fara fram innan árs frá því að krafa kjósenda var lögð fram“.

Og við göngum til kosninga um þessa grein. 22 samþykkja og 2 sitja hjá.

Þá er það 66. gr. Þingmál að frumkvæði kjósenda. Þar er breytingartillaga þess efnis að í 2. málslíð, lok 2. málslíðar segir: „Þjóðaratkvæðagreiðslan skal vera bindandi“. Í stað þessarar setningar komi: „Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi“.

Og við göngum til kosninga um þessa breytingartillögu.

Og breytingartillagan er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Og þá les ég upp greinina eins og hún er, með áorðnum breytingum. Og hún er þá svona:

„Tveir af hundraði kjósenda geta lagt fram þingmál á Alþingi. Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp til laga fyrir Alþingi. Alþingi getur lagt fram gantillögu í formi annars frumvarps. Hafi frumvarp kjósenda ekki verið dregið til baka skal bera það undir þjóðaratkvæði svo og frumvarp Alþingis komi það fram. Alþingi getur ákveðið að þjóðaratkvæðagreiðslan skuli vera bindandi. Atkvæðagreiðsla um frumvarp að tillögu kjósenda skal fara fram innan tveggja ára frá því málið hefur verið afhent Alþingi.“

Þetta er gr. nr. 66 Þingmál að frumkvæði kjósenda, með áorðnum breytingum. Og við göngum til kosninga um hana núna. Og hún er hafin.

Og hún er samþykkt með 20 atkvæðum, 4 sátu hjá.

Og þá er það 67. gr. Framkvæmd undirskriftasöfnunar og þjóðaratkvæðagreiðslu. Og það er breytingartillaga sem liggur fyrir henni líka. Hún er á þá leið að í 1. málslíð bætist inn setningin: „Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá“.

Og við göngum til kosninga um þessa viðbót inn í þessa grein. Og kosning er hafin.

Og hún er samþykkt samhljóða.

Og þá er næsta breytingartillaga, við sömu grein. Og það er innskot inn í 1. setninguna, sem sagt: „Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum“, og svo er tiltekið „65. og 66. gr. skal varða almannahag“. Það er bætt við sem sagt þessar greinar inn í þetta, í staðinn fyrir „kafla“.

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa breytingu. Og kosning er hafin.

Og þessi breytingartillaga er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 höfnuðu henni.

Og þá hafa báðar breytingarnar verið samþykktar við þessa grein. Og hún hljóðar þá svona, og er borin upp, með breytingum:

„Mál sem lagt er í þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu eða frumkvæði kjósenda samkvæmt ákvæðum 65. og 66. gr. skal varða almannahag. Á grundvelli þeirra er hvorki hægt að krefjast atkvæðagreiðslu um fjárlög, fjárukalög, lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum né heldur um skattamálefni eða ríkisborgararétt. Þess skal gætt að frumvarp að tillögu kjósenda samrýmist stjórnarskrá. Rísi ágreiningur um hvort mál uppfylli framangreind skilyrði skera dómstólar þar úr. Í lögum skal kveðið á um framkvæmd málskots eða frumkvæðis kjósenda, svo sem um form og fyrirvar fyrir kröfunni, tímalengd til söfnunar undirskrifta og fyrirkomulag þeirra, hvernig megi til kosta við kynningu, hvernig afturkalla megi kröfuna að fengnum viðbrögðum Alþingis svo og um hvernig haga skuli atkvæðagreiðslu“.

Við göngum til kosninga um þessa grein, sem er 67. gr. Og kosning er hafin.

Og greinin er samþykkt með 21 atkvæði, 3 sátu hjá.

Nú þá erum við nú búin að standa okkur ansi vel í dag. Og ég legg til að við tökum hlé á fundi til morguns, til tíu á morgun. Eigum við að halda áfram? ... Klárum Alþingiskaflann. Erud þið komin í svona mikið stuð?

Þá er það 68. gr. fram til 75. Það er sem sagt, þá tökum við greinar 68 til 75, og það er Katrín Fjeldsted sem byrjar. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það. Við þessar greinar 68 til 75 eru nokkrar breytingartillögur, sem koma fram eftir vinnu í B-nefnd. Og skal þá fyrst nefna gr. nr. 69, sem heitir Greiðsluheimildir. Þar er fjallað um heimildir í fjárlögum fyrir greiðslu og afgreiðslu fjárlaganefndar þar að lútandi. Í gr. segir: „Að fengnu samþykki fjárlaganefndar getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, þ.e.a.s. heimildar í fjárlögum, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárlögum“. Breytingartillaga kom frá Gísli Tryggvasyni um breytingu á þessu orðalagi, yfir í að „skal slík heimild staðfest“, af þinginu, í stað þess að „leita heimildar fyrir greiðslum í fjárlögum“. Við töldum eftir yfirferð yfir málið, að með því mætti skilja einhvers konar fyrirskipun til Alþingis, hvernig afgreiða skyldi fjárlög. Og það fannst okkur ekki hægt að gera. Þannig að við vildum halda upphaflegu orðalagi, að „leita skuli heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárlögum“. Þannig að við höfnum breytingartillögunni. Næsta tillaga er um Rétt fjárlaganefndar til upplýsingar, það er ekki breyting þar á. Þá kemur Skattar, sem er 71. gr. Þar var einnig breytingartillaga. Í greininni segir: „Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu“.

Nú, við þetta barst breytingartillaga frá Andrés Magnússyni, sem vildi fella brott síðustu mgr. og segja í staðinn: „Kveða má á í lögum að enginn skattur verði lagður á, nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu“. Nú, B-nefnd fór yfir breytingartillögunna, en komst að þeirri niðurstöðu að ef þessi breytingartillaga yrði samþykkt, þýddi það að um afturvirka skatta gæti verið að ræða. Og að það bryti í bága við mannréttindi íbúa þessa lands, sem var nú örugglega ekki meining flutningsmanns. En við leggjum því til að breytingartillögunni verði hafnað og okkar tillaga standi.

Í 72. gr. er fjallað um Eignir og skuldbindingar ríkisins, og segir: „Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með

lögum. Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna.“

Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum“. Það var breytingartillaga gerð við þessa grein, sem kveður á um að ríkisfyrirtæki verði aðeins einkavædd með almennri sölu hlutabréfa á opnum markaði. Við töldum í nefndinni að þetta ákvæði hefði góð og gild markmið en orðalagið væri óljóst, t.d. hvað félli undir ríkisfyrirtæki, hvað einkavæðing í þessu tilviki hefði í för með sér. Hvort alltaf væri þá um hlutabréf að ræða, o.s.frv. Og í ljósi þess hve þessi tillaga var seint komin fram og ekki svigrúm til að fá utanaðkomandi álit og yfirferð um þetta mál, þá ákváðum við að leggja til að þessari breytingartillögu væri hafnað.

Nú það eru ekki athugasemdir eða breytingartillögur við aðrar greinar um Alþing, og mig langar að bæta því við að með samþykktum greinum um Alþingi, erum við að ná merkum áfanga um starfsemi þingsins. Það breytist í nútímahorf. Verður vonandi vinnuþing í stað átakaþings. Og mér finnst mjög gleðilegt að sjá hvert þessi atkvæðagreiðsla stefnir.

SN

Orðið er laust og Gísli Tryggvason er fyrstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Ég fell frá brtt. nr. 128 við 69. gr. með þeim rökum sem komu fram hjá formanni B-nefndar. Síðan langar mig að áréttu að orðin „að fengnu samþykki fjárlaganefndar“, í 2. mgr. 69. gr., þýðir að sjálfsgöðu fyrirfram samþykki í öllum tilvikum, eins og fram kemur í greinargerð. Og með því er réttarstaða þingsins stórbætt, sem handhafa fjárstjórnarvaldsins og snúið við öflugróun sem hefur tíðkast í áratugi, með hálfgerðum brotum á stjórnarskránni, með því að greiða úr ríkissjóði án heimildar fyrirfram í fjárlögum. Takk.

SN

Andrés Magnússon.

AM

Kæri formaður og félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar að gera að umtalsefni breytingartillögu mínar við 71. og 72. gr. 71. greinin, þar bað ég nefndarmenn um að útskýra fyrir mér af hverju þetta þyrfti að vera öðruvísi á Íslandi heldur en í nágrannalöndunum. Og það er verið að skrifa hér svona eins og ég ætlist til þess að þetta falli burtu bótalaust. En hugmyndin var bara að þetta hefði lagagildi en ekki stjórnarskrárvernd. Og mér finnst ... í umræðu um þetta mál hefur komið fram að jú, við búum í réttarríki. Mér finnst við ekki geta sagt við nágrannalöndin okkar, að þau séu ekki réttarríki. Og það hefur komið fram hjá forseta lagadeildar, Spanó, að eignarverndin

sé miklu sterkari á Íslandi heldur en í öðrum löndum. Og við erum því miður í þeim tíma, í dag, að við þurfum einhvern veginn að ná til okkar tilbaka óréttmætum ránsfeng. Og hugmynd mín var einmitt að geta sett á skatta, t.d. gróði sem orðið hefur til við skortstöðutöku gegn íslensku krónunni, t.d. og það þyrfti þá að ná tilbaka einhver ár. Þetta var hugsunin. Og ég held að við ættum alveg að geta verið bara á sama stað og nágrannalöndin okkar, þar sem að við setjum þetta í lög og síðan er þá möguleiki að sérsníða lög í neyðartilfellum eins og er í dag. Það er neyðarástand í dag. En ég veit að það er ekki mikil stemning fyrir þessu og ég fell því frá tillögunni. En sem sé, þetta var hugsunin, að hafa þetta ekki svona rígbundið, að það væri ekki hægt að breyta því ef þess þarf, eins og við þurfum að fara í í dag vegna þess. Nú hitt var breytingartillaga við gr. 72. Þetta var nú breyting á orðalagi um hugmynd sem að ég held ég hafi víðrað hér frá fyrstu tíð. Og það segir hér í ályktuninni, nefndarmenn töldu markmið ákvæðisins gott en að orðalagið væri óljóst, svo sem um hvað telst ríkisfyrirtæki, hvað væri einkavæðing, og hvort væri um hlutabréf að ræða o.s.frv. Og það er þannig með öll orð, að þau eru gagnsæ, og ... heimspekingar hafa rætt um það að það má hártoga hvert einasta orð, ef þú virkilega kryfur það, þá geturðu alltaf fengið þá niðurstöðu, ja hvað þýðir þetta orð eiginlega. Og það er svona, eitthvað sem að t.d. lögfræðingar geta gripið til í neyðarræði. Nú hvað er ríkisfyrirtæki? Nú það er fyrirtæki í eigu ríkisins. Hvað er einkavæðing? Nú það þýðir að færa eigur frá ríkinu til einkaaðila. Þetta er allavega miklu skýrari hugtök heldur en mjög mörg önnur hugtök sem við erum með í þessu plaggi. Nú ef þau eru óljós, þá eru dómstólar einmitt til þess að skera úr um það, og það myndi bara reyna á það í næsta dómsmáli. Og síðan er eitt, hvað er hlutabréf? Ég var að hugsa um að hafa ... fyrri tillögur mínar voru einmitt um að skyldu seld á hlutabréfamarkaði, það sem hægt er að breyta í hlutafélög. En svo féll ég frá því vegna þess að mér var bent á það að það er hægt að breyta öllum fyrirtækjum í hlutafélög, og nánast öllu, öllum eignum. Sjálfur man ég eftir því þegar ég var unglingur, að okkur langaði í traktor og höfðum ekki efni á honum og hann kostaði 30.000, gamall Farmall Cub. Þá bara stofnuðum við hlutafélag um hann og seldum 10 manns 3000 kall í dráttarvélinni. Þannig að það er ekkert mál að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafyrirtæki. Þannig að ég kaupir ekki alveg þessi rök. Og mér finnst líka að við verðum að skilja það, að við stöndum frammi fyrir afleiðingum þess að ríkisfyrirtæki voru seld einkavinum. Það var búið til orðið kjölfjórðing, einmitt til þess að réttlæta að selja ákveðnum aðilum ríkisfyrirtæki. Og við vitum að þau voru ekki seld hæstbjóðanda. Þannig að ég harma það að þetta hafi ekki náð í gegn, en já ... og lýk þar með máli mínu, takk fyrir.

SN

Og óska fleiri eftir að taka til máls? Ef ekki ... já, Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já bara örstutt í tilefni af ræðu Andrésar, að ein af þeim spurningum sem vaknaði í nefndinni var t.d. hvað með starfsemi stofnunar eins og Byggðastofnunar, sem að stundum eignast hluti í fyrirtækjum úti um land, segjum t.d. sjávarútvegsfyrirtækjum eða landbúnaðarfyrirtækjum eða öðrum slíkum. Er þá Byggðastofnun t.d. alveg óheimilt að ráðstafa þeim, t.d. með einhverjum hætti til heimamanna, o.s.frv. Þetta var bara fullt af spurningum sem að hefði þurft að skoða miklu betur áður en við hefðum treyst okkur í að samþykka þetta inn í stjórnarskrá. Takk.

SN

Þá tókum við þessar greinar til afgreiðslu. Og fyrst er það 68. gr. Frumvarp til fjárlaga. Hún hljóðar svo ...

halló, eru allir hérna að fylgjast með ... já, einmitt, akkúrat ... við þurfum að vera samtaka. 68. gr. Frumvarp til fjárlaga:

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld eftir því sem nánar er ákveðið í lögum“.

Og við göngum þá til atkvæðagreiðslu um 68. grein. Og atkvæðagreiðslan er hafin.

Greinin er samþykkt með 24 atkvæðum.

Þá er það 69. gr. Greiðsluheimildir:

„Enga greiðslu má inna af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum. Að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis getur fjármálaráðherra þó innt greiðslu af hendi án slíkrar heimildar, til að mæta greiðsluskyldu ríkisins vegna ófyrirséðra atvika eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Leita skal heimildar fyrir slíkum greiðslum í fjárlögum“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 69. gr. Greiðsluheimildir.

Greinin er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

70. gr. er Réttur fjárlaganefndar til upplýsinga: „Fjárlaganefnd Alþingis getur krafist stofnanir ríkisins, ríkisfyrirtæki og þá aðra, sem fá framlög úr ríkissjóði, um upplýsingar sem tengjast ráðstöfun þess fjár“.

Við göngum til kosninga um 70. gr.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

71. gr. Skattar:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“

Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu“.

71. gr. er þá sett í kosningu og kosning er hafin.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 var á móti.

Þá er það 72. gr. Eignir og skuldbindingar ríkis-  
ins. Hún hljóðar svo:  
„Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er  
skuldbinda ríkið nema með lögum“.

AM  
Fyrirgefðu, á ekkert að greiða atkvæði um  
breytingartillöguna?

SN  
Nei, þær voru ekki ...

AM  
Getur maður ekki ... greitt atkvæði?

SN  
Þeim var hafnað.

AM  
Getur maður ekki greitt atkvæði um hvort það  
verði bara ...?

SN  
Ja, þú óskaðir ekki eftir að endurvekja þær ...

AM  
Ég féll ekki frá henni, sko...

SN  
Nú, ...

[umræða úr sal]

SN  
Jújújú. Það er sem sagt, fyrirgefið þið. Þá er það  
bara ... er það breytingartillaga við ...

AT  
Hann þarf náttúrliga að óska eftir því og það  
þarf að lesa hana.

SN  
Já, ég áttaði mig ekki á því að þú hefðir ... ég  
las það, eða sem sagt túlkaði orð þín þannig að  
þú óskaðir ekki eftir að taka hana fyrir, þar sem  
nefndin hefði hafnað henni algjörlega. Er það ekki  
réttur skilningur?

AM  
Hún bara hafnaði henni, hún hafnaði henni  
ekki algjörlega.

SN  
Erum við að tala um héra 129. tillögu?

AM  
Nei, ég dró hana tilbaka, en mig langaði að hafa  
130 inni.

SN  
Jájájá, fyrirgefið þið. Ég var að líta á hina nefni-  
lega, og ...  
Nr. 66.

AM  
Þið eruð með hana hér á blöðunum sem voru í  
plastinu.

SN  
Jájá, það er allt í góðu lagi, við erum bara að  
finna þetta. Ég túlkaði orð þín þannig að þú hefðir  
ekki ...

Þá er það ... hún er í plastmöppu á borðinu  
hjá ykkur. Breytingartillaga nr. 66 við gr. nr. 70.  
Grein sem er núna 72, alveg rétt. Hún er sem  
sagt svohljóðandi að bætt verði við: „Ríkisfyrir-  
tæki verða aðeins einkavædd með almennri sölu  
hlutabréfa á opnum markaði“.

Og við tökum núna þessa brtt. nr. 66 við gr.  
nr. 72 til afgreiðslu. Hún sem sagt, hún gerir  
ráð fyrir að bætt verði við: „Ríkisfyrirtæki verða  
aðeins einkavædd með almennri sölu hlutabréfa á  
opnum markaði“.

Og við göngum til ... já, Eiríkur Bergmann.

EBE

Kannski svolítið sérstakt að ganga beint til at-  
kvæðagreiðslu án þess að nokkrar umræður fari  
fram um tillöguna sem slíka. Þannig að ... út af því  
að enginn úr nefndinni tók til máls, þá kannski  
mætti ég nefna af hverju henni var hafnað, eða ...

SN

Ja sko, náttúrliga Katrín gerði grein fyrir því í  
upphafi, en gjörðu svo vel, Eiríkur.

EBE

Já, takk fyrir það. Sko, þrátt fyrir að maður  
skilji auðvitað mæta vel hver óskin er, hverju  
menn eru að reyna að ná fram, að þá eru hliðar-  
áhrifin af þessari grein, hugsanlega ófyrirséð, eða  
maður getur séð fyrir sér ýmsar ófyrirséðar afleið-  
ingar. Eins og til að mynda þær að segjum nú sem  
svo að ríkið fái í fangið eitthvað fyrirtæki, segjum,  
fyrst að Ari Teitsson situr fyrir framan mig, t.a.m.  
bóndabýli. Að þá gæti það ekki losað sig við þá  
eign aftur, t.a.m. til nærsamfélagsins eða eitt-  
hvað þ.u.l., eftir einhverjum félagslegum, á ein-  
hverjum félagslegum forsendum, heldur yrði að  
selja viðkomandi bóndabýli á opnum almennum  
markaði hæstbjóðanda. En það gætu verið uppi  
félagsleg almannasjónarmið, sem að réttlættu það  
að meðferðin við einkavæðingu þessa býlis, væri  
með aðeins öðrum hætti. Og það er vegna þessa  
hliðaráhrifa, af viðbótinni, sem að við höfnum  
henni. Kærar þakkir.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Við skulum halda áfram með sveitabýlið hans  
Ara, Brún. Það gæti líka komið upp sú staða að  
Ari þekkti manninn, sem að ráðstafaði þessari  
eign ... Og er það hlutverk þess manns sem að  
ráðstafar þessari eign, að geta ráðstafað henni  
beint í lúkurnar á Ara, ef hann væri búinn að  
missa býlið? Ég held það væri bara miklu betra  
að býlið væri selt á opnum markaði. Og svona



byggðasjónarmið, það á ekkert einhver einn kontóristi, sem ræður yfir einhverri eign, að spila þau út. Það er best að þau séu fyrir opnum tjöldum. Og það er bara þannig að ef einhver annar heldur en sveitarmaður vill kaupa Brún, á hærra verði. Að þá verður bara Brún að fara til hans. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Lítill dæmisaga. Frænka mín í Langadalnum, bjó með manni, og það var kreppa, þau skildu. Hann seldi jörðina, ríkinu. Hún stefndi að því alla sína ævi, með tveimur börnum sínum, einstæð móðir, að eignast jörðina aftur. Ég upplifði það þegar að hún náði þessu takmarki, rúmlega sextug, 1954, og það var mikil gleði á þessum bæ. Ég hefði átt erfitt með að setta mig við það, að þessi jörð, sem var ekkert sérstök þegar hún keypti hana, en hún var búin að gera mjög góða, að hún hefði farið á uppboð, og einhver ríkur kall, hrossabóndi eða eitthvað, hefði keypt af henni ævistarfið hennar, með því að sprengja verðið upp. Lítill dæmisaga um afleiðingar sem einstrengingslegar reglur geta haft.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, sem að ég hygg eini Heimdellingurinn hérna inni, þá fer mér alltaf að lítast betur og betur á þessa tillögu hans Andrésar, eftir því sem ég heyrir fleiri og fleiri mótrök gegn henni. Ef að mótrökin eru þau að mögulega geta selt bóndabýli á félagslegum forsendum, þá ítreka ég aftur, mér finnst þetta alltaf betri og betri hugmynd. En, ég held að það verði nú að vera ákveðið svigrúm fyrir svona, löggjafann og stjórnvöld hverju sinni að geta gert svona, ekkert sérstaklega hluti sem falla Heimdellingnum að skapi, eins og það sem Eiríkur nefndi og fleiri. Þannig að ég mun nú líklegast greiða gegn þessu, þrátt fyrir að þetta sé hið besta mál. Svo vil ég reyndar áréttta það að mér finnst kannski aftur, svona, sem ég hef kannski talað um áður, ekkert sérstaklega gott að þessi setning þarna í 72. gr.: „Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuldbindingar einkaaðila“, en þó ekki vegna almannahagsmuna. Ég hef nú, eftir því sem ég hef best, skilið þá er þetta hugsanlega, sleppur vegna þess að það er allt túlkað sem almannahagsmunir, sem löggjafinn túlkar svo, þannig að þetta er hugsanlega tiltölulega skaðlaust. En ég held að þetta ætti ekki að vera þarna og ég mun því sitja hjá við afgreiðslu þessarar greinar. Já, en annars þá skýri ég afstöðu mína til hinnar frábæru frjálshyggjulegu hugmyndar hans Andrésar. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted og ég loka mælendaskrá á meðan hún talar.

KF

Já, kannski er þetta frjálshyggjutillaga hjá Andrésí. En ég ætla bara að rifja upp þetta sem ég sagði áðan, að við í B-nefnd vorum frekar jákvæð fyrir hugsuninni, sem að ég held að hafi legið að baki hjá Andrésí, og hafði nú ekkert með frjálshyggju að gera. En ástæðan fyrir því að ég sagði að orðalagið væri óljóst, að við gerðum okkur enga grein fyrir því á svona stuttum tíma, hvað lægi í orðinu ríkisfyrirtæki, yfir hvaða fyrirtæki þetta næði. Og okkur fannst ómögulegt að afgreiða málið, ekki síst þess vegna. Hin orðin eru auðvitað skiljanleg, einkavædd og almenn sala og hlutabréf og opinn markaður. En maður verður samt að vanda vinnubrögðin, og við vildum gera það í B-nefnd. Það má kannski segja að við höfnum þessu á þeirri forsendu að við tókum eiginlega ekki ... við tókum ekki afstöðu, af því að við höfðum ekki umsagnir um málið. Svo ætla ég líka að rifja upp að í þessari sömu grein, þá segir núna: „Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum“. Með því að hafa inni heimild í lögum, þá er auðvitað verið að gera slíkt ferli gegnsætt. Þannig að slíkt ákvæði er nú þegar inni í greininni: „Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum“. Þannig að á allan þann máta sem við gátum gert, er verið að tryggja að lög fjalli um sölu á eignum ríkisins.

SN

Þá loka ég mælendaskrá og það eru sex á mælendaskrá. Andrés Magnússon er næstur. Gjörðu svo vel.

AM

Bara að svara athugasemd Ómars. Ja, það er alveg rétt, stundum getur handstýring leitt til góðs, stundum er þetta mannglegra og svona. En stundum er það til hnjóðs, þá er það spilling. Og menn verða bara að meta það, hvort er líklegra að ef eignir eru ekki seldar á opnum markaði, sem sé hæstbjóðanda, hvort það sé líklegra að það leiði til þess að einhver, við séum minna manleg við einhverja ákveðna aðila, eða það að það leiði til spillingar. Og það er nú ekkert skrítið, það snýst allt hérna við, að það eru frjálshyggjumennirnir sem vilja absolút hafa ríkisábyrgð og það hafa allir hlutir skipast hér á lofti og þetta er bara dæmi um það. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk, takk. Ég held að frjálshyggjukóngarnir okkar sem eru nú komnir eitthvert út heyrir mér, hafi nú eitthvað verið að rugla saman ríkisfyrirtæki annars vegar og síðan fasteignum í ríkiseigu hins vegar. Enda er náttúrulega að sjálfsögðu ekki átt við það í tillögu Andrésar, eins og ég skil hana. Og ég held það sé nú líka frekar augljóst þótt hún komi seint fram, að hann er að tala um ríkisfyrirtæki af ákveðnu kalíberi, og ekki einhverjar fasteignir og einhverja bónda ... og eitthvað svona,

einhver smáatriði. Þetta er útúrsnúningur að mínu mati, ég held að hugmyndin sé mjög góð. Ég skil vel að B-nefnd hafi svoltið svona einhvern veginn ekki getað tekið þetta á þessu stigi málsins og afgreitt þetta almennilega, en ég held við eigum ekki að gera lítið úr svona hugmynd. Það er bara fullt mark takandi á henni. Og við skulum heldur ekki nota einhverjar pólitíska stefnur sem einhver skammaryrði hér. Fólki getur aðhyllt frjálshyggju eða hvaða aðra hugmyndafræði og átt [haft] fullkomlega rétt fyrir sér, og mér finnst Andrés bara koma fram með málefnalega og góða tillögu sem er ... og eðlileg, ja á þessu stigi málsins. Hérna erum við að horfa fram á það að það getur sama einkavinavæðingin átt sér stað aftur og hann er að reyna að bregðast við því, og ég bara ber fulla virðingu fyrir honum fyrir að hafa gert það. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar. Ég vil nú taka undir með mörgum sem að hafa tekið til máls. Mér finnst þetta efnislega fin tillaga en það er kannski svoltið eins og með tillöguna um ja, kjarnorkuvopnafirðlýsinguna, sem við í A-nefndinni vorum með, að hún er ... það er erfitt að taka svona, ígrundaða efnislega afstöðu til tillagna eins og þessarar á skömmum tíma. Ég mundi mjög gjarnan vilja sjá að stjórnvöld færðu eftir anda þessarar tillögu. En ég tek undir með mörgum sem að var sagt hér, að ég get ekki greitt henni atkvæði.

Mig langar einnig að nefna hérna bara með 72. greinina, fyrst við erum nú að ræða þetta, að ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu hennar. Ég tel óljóst þarna hverjir einkaaðilar geta verið, hvaða fjárhagslegu skuldbindingar það eru sem ekki má ábyrgjast, þó vissulega sé þarna almanna-hagsmunir. En, af því að löggjafinn getur nú túlkað það kannski svona eins og hann vill, að þá finnst mér þetta of óljóst. Ég er eindregið hlynt innistæðutryggingum bankakerfisins, tel ekki að það geti starfað án þessarar tryggingar frá hinu opinbera og vil gæta þess að þetta sé til staðar. Þannig að ég sit hjá við atkvæðagreiðslu þessarar greinar. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur vinir. Ég held við ættum öll svona að varast að hæðast að tillögum ráðsliða. Þessi tillaga hún hefur mjög góða hugsun á bakvið sig. Ég svona, ætla að henni sé beint að einkavæðingu bankanna. Og ég held að flestallir hér inni séum alveg sammála öllu því sjúski sem þar var, að slíkt viljum við ekki sjá. Og ég er eiginlega viss um það, að það er það sem Andrés Magnússon hefur haft í huga með þessari tillögu. Hins ber að gæta að þetta var kannski ekki nógu vel rætt og þess vegna, hefði nú kannski mátt marinerast aðeins.

En hugsunin að baki þessarar tillögu er mjög góð og ég er svo sannarlega sammála henni. Takk.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Gott fólk. Þegar menn vilja ekki taka afstöðu, þá ættu þeir að skilja. Mér finnst það vera billegt að kalla, sem sagt snúa þessu upp í bændabýli, nafngreint meira að segja, sem er fjarri því að vera á leiðinni á hausinn. Ég held að fáir búi betur en þeir Brúnar-bræður. Og dæmið er mjög absúrd. En ég vil segja að þetta snýst um bankana, sölu bankanna og annarra fyrirtækja. Og bújörð er ekki fyrirtæki í þessari merkingu. Og þetta þurfum við ekki neitt að efast um, að við getum tekið afstöðu til þessarar skýru tillögu Andrésar, án þess að hafa háð og spott í frammi, og útúrsnúninga.

SN

Pétur Gunnlaugsson. Gjörðu svo vel.

PG

Já, formaður og ágætu félagar. Mér finnst þetta góð tillaga hjá Andrésí. Hún kom að vísu svoltið seint fram. En ég held að flestir séu á þeirri skoðun að hún sé mjög góð og að það sé ástæða til þess að taka mark á þessu. Nú, það eru engir lögfræðilegir annmarkar á því að samþykkja þessa tillögu. Það er að vísu rétt, það hafa ekki verið kallaðir til einhverjir hagfræðingar eða einhverjir sérfræðingar frá ríkinu. En við þurfum ekki endilega alltaf að hlusta á þá. Ég átta mig hins vegar ekki á einu, sem hefur átt sér stað hérna í ráðinu. Í hvert sinn sem að reynt er að koma með tillögur, til þess að auka aðhald hér og draga úr alls konar braski og samskiptum kaupslustéttar og ríkisvalds, því að þessir kaupslustéttmenn á Íslandi hafa fyrst og fremst orðið ríkir á því, að eiga góð samskipti við ríkið, fá þar eignir fyrir lítið sem ekkert, í mörgum tilfellum, og við erum hér bara komin til þess að reyna að gera eitthvað til að koma í veg fyrir það! Og svo eru menn að nota alls konar tæknilegar hindranir til þess að koma í veg fyrir þetta. Ég held að þvert á móti, við eigum að samþykkja þessa tillögu hjá Andrésí ... og hætta að tala um að ... að allt sé, að þessar tillögur séu einhvers konar svört frjálshyggja. Ja, hvað eiga menn eiginlega við? Ég, frjálshyggja sem byggir á því að menn keppi á markaði og líti almennum reglum, og njóti ekki forréttinda af hálfu ríkisvaldsins. Það kalla ég góða og heilbrigða frjálshyggju. Ekki þessa frjálshyggju svokölluðu, sem að rekin er hér á Íslandi. Hún er engin frjálshyggja. Einmitt þetta væru góð skilaboð. Að senda þetta og samþykkja þessa breytingartillögu hans Andrésar. Ég sit í B-nefnd, og þetta var rætt, það var ekki tími til þess að ræða þetta. Mér leist strax vel á þetta. Nú það hefði kannski mátt orða hana með öðrum hætti, en eins og hún er orðuð hér, þá held ég að sé engin ástæða til þess að vera að horfa sérstaklega á það. Það er alveg rétt að ... og þessi gagnrýni, að orðin séu óskýr. Það er alveg rétt hjá Andrésí, það eru mörg önnur hugtök í stjórnarskránni sem

menn geta deilt um. Þannig að ég legg áherslu á það og hvet ráðsmenn til að samþykkja þessa breytingartillögu. Takk fyrir.

SN

... Tillagan á að vera í möppu, plastmöppu á borðinu hjá ykkur. Það eru breytingartillögur frá síðasta fundi í plastmöppu, hún á að vera þar.

Þannig að nú göngum við til atkvæðagreiðslu um brtt. nr. 66, við gr. nr. 72. Já já, ég skal hinkra bara, þið eruð með hana einhvers staðar á borðinu hjá ykkur. Allir komnir með hana í hendur?

Hún hljóðar upp á það, að bæta við, þannig að eftir breytingu, sem sagt það kemur þarna í 1. málslið, þannig að 1. málsliður myndi hljóða svo: „Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum“. Og svo bætist við: „Ríkisfyrirtæki verða aðeins einkavædd með almennri sölu hlutabréfa á opnum markaði“.

Og það er þessi viðbót sem, tillagan felur í sér, „Ríkisfyrirtæki verða aðeins einkavædd með almennri sölu hlutabréfa á opnum markaði“.

Eru allir búnir að átta sig á og finna tillöguna. Þannig að við ...

ÞH

Má ég aðeins gera athugasemd? Mér heyrst svolítill stemmning fyrir þessu. Ef þetta yrði samþykkt, þá finnst mér bara orð ... ja framsetningin á þessu ekki nógu góð, sko. Það mætti sleppa a.m.k. orðinu „einkavædd“ og „hlutabréfa“. Ég bara ... það ...

SN

En við erum hérna ... efnisumræðan er raunverulega búin.

ÞH

Ég er bara að stinga upp á því að það verði rætt við flytjandann um hvort hann vilji eitthvað hnika þessu til.

AM

Ég skil ekki alveg spurningu þína ...

SN

Breytingartillagan liggur fyrir bara eins og hún er, og ég held við verðum bara að taka afstöðu til hennar, eins og hún kemur fyrir. Og við þá greiðum atkvæði um hana núna, eða rétt strax. Núna er kosningin hafin. Gjörði þið svo vel.

Tillögunni er hafnað með 12 atkvæðum, 10 voru samþykktir og 2 sátu hjá.

Þannig að brtt. hefur verið hafnað og þá erum við með ... bíddu nú þarf ég aðeins að rifja hér upp, hvar við erum stödd.

Við erum stödd hérna í 72. gr. og hafa þá ekki orðið neinar breytingar á henni, frá því sem er hér og þá ber ég greinina upp. Hún er sem sagt svona. Þetta er 72. gr. Eignir og skuldbindingar ríkisins. Og hljóðar svo:

„Ekki má taka lán eða undirgangast ábyrgðir er skuldbinda ríkið nema með lögum. Stjórnvöldum er óheimilt að ábyrgjast fjárhagslegar skuld-

bindingar einkaaðila. Með lögum má þó kveða á um slíka ríkisábyrgð vegna almannahagsmuna. Ekki má selja eða láta með öðru móti af hendi fasteignir ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt heimild í lögum. Um ráðstöfun annarra eigna ríkisins fer að lögum“.

Og við göngum til kosninga um 72. gr. Og kosning er hafin.

Greinin er samþykkt með 19 atkvæðum, 1 sagði nei og 4 sátu hjá.

Þá er það 73. gr. og þá klárum við sem sagt þrjár gr. til viðbótar, 73., 74. og 75. Og það eru engar brtt. við þessar gr., þannig að við tökum þær bara í þessari röð. Og byrjum á 73. gr. um Þingrof. Hún er svona:

„Forseti Íslands rýfur Alþingi að ályktun þess. Skal þá efnt til nýrra kosninga eigi fyrr en sex vikum og eigi síðar en níu vikum frá þingrofi. Alþingismenn halda umboði sínu til kjördags“.

Kosning er hafin um 73. gr.

Greinin er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 sat hjá.

74. gr. er um Ríkisendurskoðun, og hljóðar svo:

„Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til fimm ára.

Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann endurskoðar fjárreiður ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja í umboði Alþingis eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins árs ásamt athugasemdum ríkisendurskoðanda skal leggja fyrir Alþingi til samþykktar samhliða frumvarpi til fjárlaga“.

Og við hefjum kosningu um 74. gr. Ríkisendurskoðun.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það loks 75. gr. Umboðsmaður Alþingis:

„Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fimm

ára. Hann skal vera sjálfstæður í störfum sínum. Hann gætir að rétti borgaranna og hefur eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Hann gætir þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti.

Ákveði ráðherra eða annað stjórnvald að hlíta ekki sérstökum tilmælum umboðsmanns skal tilkynna forseta Alþingis um ákvörðunina. Um starfsemi umboðsmanns og hlutverk hans skal nánar mælt fyrir í lögum, þar á meðal um þingmeðferð slíkrar tilkynningar ráðherra eða annars stjórnvalds“.

Og við göngum til kosninga um 75. gr. Umboðsmaður Alþingis. Kosning er hafin.

Og þessi grein er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ég ætla að biðja ykkur aðeins um að hinkra. Við erum alveg að klára. En það er sem sagt komið að lokum. Við ætlum að taka hlé núna til morguns. ... Já ...

PB

Já, vegna orða sem Lýður lét falla áðan um að við ættum ekki að hæðast að tillögum hvers

annars, þá tek ég það til mín og bið Andrés Magnússon afsökunar. Takk.

SN

Takk fyrir. En við gerum hlé. Ég ætla samt að biðja ykkur eftir að ég er búin að gera hléð að þið sitjið aðeins áfram. En við gerum hlé til morguns til kl. 10. Þetta hefur gengið vel í dag. Þakka ykkur innilega fyrir. En ég ætla að biðja ykkur að sitja áfram og ég ætla líka að biðja ... vegna þess að ég ætla að dreifa hér blöðum til ykkar. ... Við ætlum að byrja kl. 10 í fyrramálið. Til 10 í fyrramálið! Það er svo dásamlegt að sitja hér á fundum. Og ég bið stjórnina líka að koma á fund kl. 9 í fyrramálið. En sem sagt, þið ætlið að dreifa hérna til ykkar blöðum í lok dagsins og við hittumst kl. 10 á morgun. Takk, fyrir mjög góðan fund.

SN

Góðan daginn, kæru vinir. Við höldum fundi áfram, þar sem frá var horfið. Nú, ég vil taka það fram í framhaldi af fundinum í gær, að vinnureglan er þannig að ef nefnd hafnar tillögu, breytingartillögu frá síðasta fundi, sem sagt frá því í fyrri umferð, að þá verður flutningsmaður að endurvekja hana, ef hann vill fá hana til afgreiðslu, þannig að það fari ekkert á milli mála.

Síðan voru tvær breytingartillögur frá síðustu umræðu sem var vísað til stjórnar. Það er brtt. nr. 45 og nr. 77. Þið eigið að hafa þær í plastmöppunni ykkar, á borðunum. Það er nr. 45 og 77, og við munum taka þær fyrir í lokin. Önnur er brtt. sem varðar kaflaheiti, breytingar á kaflaheitum, og hin er um bráðabirgða-ákvæði í stjórnarskránni. Við tökum það bara í lokin.

En þá höldum við áfram, þar sem við skildum við í gær, og erum komin að kaflanum um Forseta Íslands. Og þá opna ég umræður um gr. 76. til 85. Allar greinarnar í kafla IV, um Forseta Íslands.

Og orðið er laust og Katrín Fjeldsted, mundir þú ekki byrja með tillögu frá B-nefnd? Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það. Góðan daginn, ágætu félagar og áheyrendur. Þessi kafli sem við byrjum á í dag er um forseta Íslands, um forsetaembættið. Og með þeim tillögum sem hér liggja fyrir er gert ráð fyrir litlum breytingum á embætti forsetans. Orðalagi greina er hnikað lítillaga til, í samræmi við það hvernig mál hafa þróast og hefðir, og hvernig raunveruleikinn er. Málskotsréttur forseta er í þessum tillögum óbreyttur, þó á tímabili hafi verið gert ráð fyrir því að þriðjungur þingmanna gæti haft málskotsrétt. Sömuleiðis að vissir málaflokkar í málskotsrétti forseta væru undanþegnir, en það hefur verið horfið frá því. Í þessum kafla eru þónokkrar greinar, en ég ætla ekki að fara yfir þær að öðru leyti en að tiltaka breytingartillögur sem að hafa verið lagðar fram. Og þá er það fyrst brtt. við 85. gr., sem heitir Náðun og sakaruppgjöf. Þar kom breytingartillaga frá Gísla Tryggvasyni og Katrínu Oddsdóttur. Þessi grein heitir Náðun og sakaruppgjöf, og segir svo: Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis. Flutningsmenn tillögunnar vildu setja inn í þessa grein

svohljóðandi orðalag: „Forseti Íslands getur einnig samþykkt tillögu ráðherra um að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla ef ríkar ástæður eru til. Binda má slíkt samþykki skilyrði um skil ólögmeats eða óréttmeats ávinnings og um að allar upplýsingar verði veittar sem tengjast athæfi sem telja má refsivert.“ Þessi breytingartillaga var send inn í B-nefnd, sem féllst ekki á hana, og það var eingöngu á þeim forsendum að það myndi vega að sjálfstæði ríkissaksóknara. Og þetta væri á hans færi, þegar um saksókn fyrir afbrot væri að ræða. Svo við höfum ekki lagt til að þessi breytingartillaga kæmi inn í skjalið. Þá er hér breytingartillaga frá Gísla Tryggvasyni og Þorkeli Helgasyni, um að gr. sem heitir Ríkisstjórn, styttest aðeins.

SN

Hún er ekki ... Við erum ...

KF

Er hún ekki í þessum pakka? Og flytjist til?

SN

Neei, þetta er bara kaflinn um forseta Íslands, sem við erum að ræða núna.

KF

Já já, þá hef ég bara lokið þessari yfirferð, í bili.

SN

Þá er orðið laust um þessar greinar. Vill einhver taka til máls?

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, kæru vinir. Mig langaði bara að velja því fyrir mér og spurja nefndina hvort að í gr. 82 um staðgengil, ef að forseti Íslands geti ekki gegnt störfum sínum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan, hvort að lítið sé svo á að andlát séu aðrar ástæður. Og ég spyr vegna þess að það er á öðrum stað verið að færa forseta ákveðið hlutverk í skipun embættis. Og gerist það að forseti og einhverjir fulltrúar æðstu ... sem sagt menn sem gegna æðstu embættum ríkisins, t.d. seðlabankastjóra eða umboðsmaður Alþingis, látist hugsanlega á sama tíma. Hvort það sé ekki öruggt að hægt sé að skipa í þau embætti, og annað eins hefur nú gerst.

SN

Katrín, vilt þú svara þessu? Gjörðu svo vel.

KF

Ég held það sé nú ekkert auðvelt að svara þessu. Svona atvik eru auðvitað mjög sjaldgæf, að æðstu embættismenn falli frá á sama tíma, en það gerðist auðvitað í Póllandi, og það getur gerst. En við gerum auðvitað grein fyrir því í gr. nr. 83, hvernig bregðast skuli við, falli forseti frá. Og það eru varaforsetar, með forseta Alþingis, þannig að menn hafa reynt með þessum greinum að setja fyrir flesta leka, ef svo má segja. En auðvitað, ef svona atburður verður í litlu þjóðfélagi, þá er auðvitað margt annað, sem þarf að endurskoða, heldur en þessi eini, þessi eina grein.

SN

Óskar einhver annar eftir að taka til máls? Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Til laga mín og Katrínar um breytingu á ákvæði 85. gr. eins og það er nú, um náðun, töldum við ekki vega að sjálfstæði ríkissaksóknara, þar sem að hér er ekki um jákvætt vald að ræða heldur neikvætt, þ.e.a.s. það er hægt að fella niður saksókn, en ekki mæla fyrir um saksókn. Það er að mestu leyti úr lögum, nema í tilvikum landráða og slíkra brota, þar þarf ráðherra enn að koma að málu, en því þarf væntanlega að breyta ef þetta skjal okkar verður stjórnarskrá, þar sem að ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds, skv. stjórnarskránni sem þá verður. En ég hyggst leggja til að við Katrín endurflytjum ekki þessa tillögu, þrátt fyrir þetta, enda koma hér fram rök um að það sé ekki gott að tveir menn, ráðherra og forseti, geti sammælt um að fella niður saksókn. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VP

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Bara örlítið til skýringar út af spurningu Pawels, og það er rétt sem að Katrín Fjeldsted sagði að það kemur fram í greinargerð að varaforsetar Alþingis eru varamenn forseta Alþingis. Þannig að ef að forseti Íslands fellur frá, þá væri það eins og þarna kemur fram, þá fyrst forseti Alþingis sem færi með forsetavald á meðan, þangað til að nýr forseti hefði verið kosinn. Og ef að forseti Alþingis er ekki fyrir hendi, eða gæti ekki sinnt því, þá væru það varaforsetar, sem tækju það að sér. Og þeir myndu þá fara með forsetavald sem felst þá m.a. í því að þeir myndu þá vera með þetta öryggisventilshlutverk sem að forseti Íslands hefur skv. þessum drögum, eða skv. frumvarpinu, gagnvart skipun dómara og ríkissaksóknara, þar sem að forseti Íslands getur gripið inn í og vísað í raun og veru skipun þeirra til Alþingis, til staðfestingar. Og það væru þá, eins og ég segi, forseti Alþingis eða varaforsetar sem að hefðu þá það hlutverk með höndum, þannig að skipun í embætti t.d. dómara og ríkissaksóknara myndi ekki stöðvast við þetta. Skipun í önnur embætti, ef við eigum eftir að ræða tillögu um breytingu á því fyrirkomulagi, sem var í frumvarpinu hér frá fyrri umræðu, hér á eftir, en þar er gert ráð fyrir að forseti Íslands skipi formann í, svona, ráðninganefnd. En hann aftur á móti myndi ekki, hann hefur ekki sem sagt stöðvunarvald eða neitunarvald gagnvart öðrum embættaveitingum. Þannig að ég sé ekki að þetta vandamál kæmi upp að ef forseti t.d. félli frá, að það væri ekki hægt að skipa í önnur embætti. Það er ekki svo, skv. okkar tillögum eins og þær líta út. Takk.

SN

Nú, ekki fleiri hafa beðið um orðið, þannig að þá tókum við hverja grein fyrir, óbreyttar, og kjósum um þær. Það er þá fyrst gr. nr. 76 Embættisheiti og þjóðkjör. Og þar segir: „Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann er þjóðkjörinn“.

Og við göngum til kosninga um þessa grein, 76.

Þá erum við orðin 25. Mjög ánægjulegt. Fullskipuð og þetta er í fyrsta skipti sem við erum 25 í salnum, greiðum við öll samhljóða atkvæði.

Nr. 77, Kjörgengi:

Kjörgengur til forseta er sérhver ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum um kjörgengi til Alþingis og er orðinn 35 ára.

Og við göngum til kosninga um 77. gr.

25 komnir. 23 samþykktu, 1 sagði nei og 1 sat hjá.

78. Forsetakjör:

„Forseti er kosinn í leynilegri atkvæðagreiðslu þeirra er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst eins af hundraði kosningabærra manna og mest tveggja af hundraði. Kjósendur skulu raða frambjóðendum, einum eða fleirum að eigin vali, í forgangsroð. Sá er best uppfyllir forgangsroðun kjósenda, eftir nánari ákvæðum í lögum, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri, er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kosningu forseta.“

Við göngum til atkvæða um 78. gr. Forsetakjör.

Samþykkt með 24 atkvæðum, 1 sat hjá.

„79. tr. Kjörtímabil:

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár, er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil“.

Við göngum til atkvæða um 79. gr. Kjörtímabil.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, 25.

80. gr. er Eiðstafur:

„Forseti Íslands undirritar eiðstaf að stjórnarskránni er hann tekur við störfum“.

Við göngum til kosninga um 80. gr.

Og hún er sömuleiðis samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

81. gr. Starfskjör:

„Forseta Íslands er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 81. gr. Starfskjör.

23 samþykktu, 2 sátu hjá.

82. gr. Staðgengill:

„Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan“.

Og hún er samþykkt með 24 atkvæðum, 1 sat hjá.

83. gr. Fráfall:

„Falli forseti frá eða láti af störfum áður en kjörtímabili er lokið skal kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu“.

Við göngum til kosningar um þessa grein, 83. gr.

Og hún er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

84. gr. Ábyrgð:

„Forseti verður ekki sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis. Forseta má leysa frá embætti áður en kjörtímabili er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 84. gr. Ábyrgð. Og hún er samþykkt með 24 atkvæðum, 1 sagði nei.

85. gr. Náðun og sakaruppgjöf:

„Forseti Íslands getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka að tillögu ráðherra. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu, sem dómstólar hafa dæmt vegna ráðherraábyrgðar, nema með samþykki Alþingis“.

Þá göngum við til atkvæðagreiðslu um 85. gr.

Og greinin er samþykkt með 24 atkvæðum, 1 á móti.

Þá höfum við lokið greinunum í kafla IV um forseta Íslands. Og næst tókum við fyrir fyrstu fimm greinarnar í V. kafla, Ráðherrar og ríkisstjórn, frá 86. til 90. Og orðið er laust um þær greinar og Katrín Fjeldsted er fyrst á mælendaskrá. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir það formaður. Þessar greinar liggja nú nokkuð ljósar fyrir. Það er hins vegar breytingartillaga frá Gísla Tryggvasyni og Þorkeli Helgasyni um að flytja til hluta af málsgrein í 87. gr., og flytja hana að og inn í 93. gr. Og það er sennilega eðlilegt að kjósa um það núna, eða ég veit ekki hvernig formaður vill takast á við það.

En setningin sem um er að ræða er í ríkisstjórnargreininni, þar sem fjallað er um ríkisstjórnina sem fjölskipað stjórnvald. Og þar kemur málsliður í 3. mgr. sem segir svo: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni“. Með tillögunni er verið að leggja til að þessi setning, þessi málsliður, færast inn í grein um ráðherraábyrgð, og B-nefnd taldi það ágæta ábendingu og féllst á að svo skyldi gert. Takk.

SN

Vill einhver taka til máls um þessar greinar eða þessa tillögu? Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

Nú erum við að fjalla um gr. 86 til 90. Til og með ... . Sem sagt, tókum hérna fyrst 86 til 90, til og með stjórnarmyndun. Og orðið er laust. Andrés Magnússon var fyrstur og síðan, já.

AM

Kæri formaður, samráðskonur og –menn og aðrir áheyrendur. Mig langar að gera að umtalsefni 90. greinina. Í gær vorum við að fjalla um það hverjir gætu lagt fram frumvörp á þingi. Og kom þar fram að það gætu verið þingmenn og ráðherrar. Og það er nokkuð ljóst að þeir sem hafa mannskapinn til þess að vinna frumvörpin, þeir munu leggja þau fram. Og það eru ráðherrar, eða framkvæmdarvaldið. Upphaflega hugmyndin var sú að smíðin, frumvarpssmíðin færi fram

í nefndunum, og þá var hugmyndin væntanlega sú að mannaflinn færi líka þangað. En það hefur verið horfið frá því. Þessi hugmynd var notuð þegar að umræður voru hér fyrst um það að það þyrfti að greina á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þá var mikið talað um það að nú færi lagasmíðin fram á þinginu. En það hefur sem sé verið horfið frá því, ... og vegna þess að eðli málsins er þannig að það fer þar fram, þar sem mannskapurinn er. Og það er hjá framkvæmdarvaldinu. Þess vegna er þessi 90. gr. ennþá meira vandamál, heldur en upphaflega var. Það er nokkuð ljóst að ákvæði um að forseti skyldi skipa ráðherra var sett inn vegna brynna þarfar á sínum tíma. Það var tilraun til þess að tempra flokksræðið og oddvitaræðið. Það var orsök fyrir því að þetta fór inn á sínum tíma, setningin: Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim. Þarna er verið að spíssa, þarna er verið að búa til hinn sterka mann. Ég get ekki kosið með þessu vegna þess að þetta gengur gegn óskum þjóðfundar og kröfu almennings. Þetta gengur gegn temprun valds. Þetta gengur gegn því að við ætlum að reyna að hafa hemil á flokksræði. Þetta gengur gegn því að við ætlum að reyna að tempra oddvitaræðið. Þetta er hins vegar frjósöm jörð fyrir hinn sterka mann að rísa upp úr. Þetta gengur gegn hugmyndinni um þrískiptingu valds. Þetta gengur gegn hugmyndinni um valddreifingu. Og þessu var, sem sé, svona komið inn bakdyramegin, finnst mér, vegna þess að þetta var samþykkt á þeim tíma sem að hugmyndin var að þingnefndir hefðu miklu meiri völd, heldur en nú er. Þannig að ég sé mér ekki fært til þess að greiða þessu atkvæði. Ef þetta vald, að skipa ráðherra, hefði ennþá verið hjá forseta, þá hefði kannski getað fengið stjórn sem að byggir meira á hæfu fólki, sem er ekki eingöngu valið út frá flokkspólitískum línunum, vegna þess að það var, að ... þróunin í landinu var sú að forsetinn var að nýta sér meira stjórnarskrárbundinn rétt sinn. Þannig að mér finnst þetta afar erfitt ákvæði og myndi miklu frekar kjósa að það væri eins og það var áður. Takk fyrir.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, mig langaði fyrst kannski til að bara útskýra þetta með flutning málsliðarins um að, „bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann ekki ábyrgð á henni“. Tillagan er þá sú að sá málsliður fari úr gr. 87 um ríkisstjórn og færast þá yfir í gr. 95 um ráðherraábyrgð, og þið eruð með breytingartillögunu í raun og veru þar, hún kemur þar fram undir gr. 95 um ráðherraábyrgð. Og það kæmi þá inn í þá grein nýr málsliður sem að heitir, „bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni“. Kemur inn í þá grein, bara svo menn átti sig á samhenginu. En varðandi það sem að Andrés sagði, þá er auðvitað, það er mikill þungi í tillögunum hér, sem gengur í þá átt að efla Alþingi og sjálfstæði þess. Þar er helst að nefna að ráðherrar sitja ekki lengur á þingi, heldur víkja af þingi. Og þingnefndum eru falin mjög aukin, ja völd og þátttaka í lagasetningarferlinu. Með því að mál ganga núna beint til nefndar áður en þau eru rædd á Alþingi og þingnefndir hafa þ.a.l. miklu meiri möguleika til aðkomu líka að stjórnarfrum-

vörpum, áður en að þau fara svo til umræðu í þinginu öllu. Nú það er líka hægt að nefna í þessu sambandi að ný þingskaparlög, bæði fækka nefndum og gefa þeim miklu meiri vigt heldur en áður var, þannig að þetta er nú allt að færast í rétta átt. Síðan vil ég nú kannski líka bara áréttast að það hefur auðvitað ekki verið þannig að sko, forseti hafi haft neitt persónulegt vald per se, í því að skipa ráðherra. Það hefur alltaf verið, sem sagt, náttúrulega í fyrsta lagi forsætisráðherra í kjölfar stjórnarmyndunarviðræðna, og svo í reynd er það auðvitað þannig að forsætisráðherra og stjórnarflokkarnir ráða því hverjir eru ráðherrar. Forseti hefur aldrei haft svo sem neitt persónulegt vald þar, þannig séð. Þannig að þetta er svo sem ekki í neinum stórkostlegum at-riðum, sko breyting á ríkjandi ástandi hvað það varðar. En þó er það gert skýrara að forsætisráðherra situr í umboði þingsins og aðrir ráðherrar sitja, annars vegar í umboði þingsins og hins vegar í umboði forsætisráðherrans. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar að vekja athygli á smávægilegri en mikilvægri áréttingu í 4. mgr. 90. gr. Þar segir: „Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim“. Þetta er eiginlega í samræmi við bókstaf 2. málslíðar 15. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að, forseti ákveði tölu ráðherra og skipti störfum með þeim. Þetta hefur hins vegar ekki verið framkvæmt rétt, að mínu mati, á Íslandi, eins og gert er í Danmörku, þ.e.a.s. að handhafar framkvæmdarvalds hafi sjálfðæmi um það hvernig málefni skiptast á milli ráðuneyta. Nú er þetta áréttast sérstaklega í þessari væntanlegu stjórnarskrárgrein, að rétt eins og við leyfum Alþingi að fá auknið eftirlits-, löggjafar- og fjárstjórnarvald, og styrkjum það, þá styrkjum við líka framkvæmdarvaldið, sem ég tel mikilvægt, í því að skipta störfum með sér, eins og þeim þykir henta best á hverjum tíma í ríkisstjórn. Og forsætisráðherra fer þá með það vald eins og í Danmörku, löggjafinn á ekki að skipta sér af innra skipulagi ríkisstjórnar, eða stjórnarráðsins. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kæru vinir. Ég vil bara vekja athygli á 3. mgr. 86. gr., þar sem stendur: „Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár“. Ég er svona, hallast frekar að því að vera sammála, ég held það hafi nú verið Þorkell sem var með einhverja breytingartillögu, en ég veit ekki hvort hann setti hana fram að lokum. En það hefði kannski verið betra að taka bara út orðið „sama“ og segja þá frekar 12 ár, af því ég hef örlitlar áhyggjur af því að þetta verði túlkað þannig að það sé nægjanlegt að breyta bara nafninu á embættinu, eða einhvern veginn svona, svindla sér í kringum þetta. Og fólk á það nú til að verða ansi valdsækið, þegar það er komið í slík embætti. Þannig að mér þætti mjög vænt um ef það væri bara rækilega tekið á þessu í greinargerðinni, að það væri ... þannig er a.m.k. minn

skilningur á þessu ákvæði, að það væri sá skilningur að hérna mundi ekkert duga að breyta eitthvað, eða svona, gera einhverjar minni háttar breytingar, að markmiðið sé alveg skýrt, að þetta sé til þess að takmarka setu. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kæru vinir og þeir sem eru í salnum og heima. Bara örstutt. Það var hérna svolítið stór hópur inni í þessu ráði sem að taldi aðra leið hugsanlega betri í því, hvað varðar að kjósa forsætisráðherra og ráðherra. Sú leið var að þjóðin mundi kjósa þetta fólk beint. Og það er því þjóðkjörið og mundi sækja þá vald sitt frá þjóðinni. Og hugmyndin með því var náttúrulega sú að aðgreina valdið, þ.e.a.s. aðgreina löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið. Það var mikið ákall eftir því frá þjóðfundi, og því ákalli vildum við hér margir sinna.

Hins vegar má segja það, að þessi leið sem var farin, þetta var ákveðin sátt í ráðinu, og alls ekki ófar leið þó að sumir hefðu talið hina leiðina sem ég var að tala um áðan, betri. Og ég mundi segja það að um þetta væri víðtæk sátt, og ekki síst í ljósi þess, að í þessu frumvarpi eru stórbætt ákvæði um kosningar til Alþingis, og þá á ég við persónukjör og að við getum valið fram-þjóðendur, ekki bara innan lista og hugsanlega líka á milli lista, sem ég vona svo sannarlega að verði. Og að auki vil ég líka benda á það að málskotsákvæðin eru orðin betri og ákvæði um beint lýðræði komið í stjórnarskrá, sem var ekki. Þess vegna fellir ég mig fullkomlega við þetta og mun því styðja þessar tillögur. Takk.

SN

Þorkell Helgason.

ÞH

Já, formaður og góðir félagar og aðrir sem á heyra. Ég tek til máls vegna þess sem að Katrín nefndi hérna áðan, ég flutti breytingartillögu eða undirbjó hana í þessa veru, en þegar ég sá hvað voru komnar margar breytingartillögur, þá fór ég að grisja, til að reyna að flýta hérna málum. Auk þess var kannski mín tillaga ekki nægilega hugsuð. En ég er hræddur um að þetta sé einum of loðið ákvæði: Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti o.s.frv. Ég var fyrst með þá hugmynd að fella orðið sama út og breyta hinu í 12 ár, en nú er það einfaldlega þannig að oft byrja menn sem venjulegir ráðherrar og enda sem forsætisráðherrar, þannig að kannski hefði þurft þá að hafa sérákvæði um forsætisráðherra. Þetta er bara eitt af mörgum dæmum um það, hvað það er bagalegt að við getum ekki komið saman aftur, og þegar við erum búin að liggja á þessu, heyra kannski álit utan manna og jafnvel þings. Þannig að ég ætla að, í hvert skipti sem ég tek til orða, eða næstum því, að áréttast þetta, að við eigum að bera fram þá ósk, að við fáum að koma að málinu aftur, til að gaumgæfa okkar verk enn betur. Þannig að við getum með góðri samvisku sagt að það sé engvir hnöktrar á þessu. Ég er ekki að tala um neinar breytingar, en lagfæringar á hnökrum. Takk fyrir.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel. Og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar.

AT

Já formaður og góðir félagar. Ég ætla bara að ræða um þetta síðasta málefni sem hér er upp komið um tímalengd á setu ráðherra. Og ég er þeirrar skoðunar að þetta sem að þarna stendur, sé í sjálfu sér tiltölulega skýrt og tiltölulega fullnægjandi, þ.e.a.s. að þetta sama ráðherraembætti þýðir þá væntanlega málflokkurinn. Það er ekki nóg, eins og Kata nefnir, að skipta um nafnið. Við erum að hugsa um það að það sé óheppilegt fyrir hvern málaflökk, sem er innan ríkisstjórnar, að það sé sami maður sem að situr mjög lengir að honum. En jafnframt höldum við því opnu, að það kunni að vera mjög skynsamlegt að mjög hæft fólk, eigi möguleika á því að vera lengur í stjórn og þá í mismunandi ráðuneytum. Og þá erum við auðvitað með forsætisráðherraembættið fyrst og fremst í huga. Þannig að ég bara segi eins og er, að ég er mjög ánægður með greinina eins og hún er, og vona að við förum nú ekki að breyta henni svona á síðustu metrunum. Takk.

SN

Mælendaskrá er þá lokað, og Þórhildur Þorleifsdóttir er næst. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og ráðsmenn, og aðrir áheyr- endur og –horfendur. Aðeins varðandi ráðherrana. Þetta varð alveg ótrúlega flókin umræða hérna á tímabili, eins og stundum vill verða, mál virðast einföld en svo vinda þau upp á sig og enda á því að verða flækja sem ekki ætlar að takast að greiða úr. Fyrstu tillögur hljóðuðu nú bara upp á átta ár, að enginn gæti verið ráðherra lengur en átta ár. Þá kom náttúrlega fljótlega sú gagnrýni að menn ættu líka að hafa tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar, og það væri t.d. æskilegt að einhver gæti æft sig í, eins og Þorkell orðaði það, hann orðaði það nú ekki óæðri, ég man ekki hvaða orð hann notaði, það skiptir ekki máli ... Nú, Þorkell er genginn út. Og þarna, nei hann er genginn úr sal, fyrirgefið þið. Jæja, allavega, að það væri gott að geta gegnt einhverju ráðherraembætti áður en t.d. tækist á við embætti eins og forsætisráðherra. Og ef það væri þá búið að eyða fjórum árum í æfingabúðum í félags- málaráðuneytinu t.d., að þá myndum við ekki fá að vera lengur en fjögur ár sem forsætisráðherra. Þannig að það var búið að prófa útfærslu sem hljómaði ein- hvern veginn þannig að enginn mætti vera ráðherra lengur en samtals 12 ár, ekki lengur en átta ár í sama embætti, og þannig verið að reyna einhvern veginn að þoka þessu áfram. Og þetta var niðurstaðan og ég held að hún sé bara mjög skýr, og góð. Og ég tel enga hættu á því að það verði rokið í það að breyta um nöfn á ráðuneytum. Ég held það sé mjög ólíklegt t.d. að forsætisráðuneytið allt í einu, því yrði breytt í eitthvað annað. Þannig að ég held að það sé nú eitthvað sem að þurfi ekki að óttast mikið, nema ef okkur tækist ein- hvern tímann, með einhverju óláni, sem stundum eltir okkur, að kjósa yfir okkur einhverja einræðisherra, sem að fara sínu fram, hvernig svo sem allt veltist og snýst. Þannig að ég held að þetta sé bara hið ágætasta

ákvæði og er mjög valdtemprandi. Og eins og ég hef lagt áherslu á, þetta er ekki bara til að tempra vald ein- hverja, heldur er þetta til þess að valldreifna og dreifa þekkingu á kunnáttu og kalla fleiri til starfa í stjórnun landsins. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já formaður, ráðsfólk og aðrir sem mál mitt heyr- a. Málið er nú kannski ekki svo flókið. Þetta er einfalt þarna, og ég tek undir það sem Þórhildur segir. Samt sem áður gæti einn stjórnmalamaður setið náttúrlega endalaust í ríkisstjórn, með því að vera sífellt að skipta um ráðuneyti á átta ára fresti. Og ég minni á að bæði Hermann Jónasson og Ólafur Thors sátu mjög lengi, þó þeir væru ekki alltaf forsætisráðherrar. Ef að menn vilja takmarka slíka „slímsetu“, sem er nú kannski ekki alveg rétt, því að þeir fara þó úr einum stólnum í annan, þá hefði verið hægt að segja: Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár, eða verið lengur samtals í ríkisstjórn en 16 ár. En það er ekki. Og á þessu stigi að þá greiði ég a.m.k. þannig atkvæði að ég geti lifað með þeirri ábyrgð að hafa greitt einhverju atkvæði, þó að ég hefði gjarnan viljað hafa það einhvern veginn öðruvísi. Svo að ég held að það sé ástæðulaust að orðlengja þetta mikið. Þetta er ágætt ákvæði, og reynslan sýnir að menn eru ekkert lengur í ríkisstjórn samtals heldur en 16 ár og þeir eru þá ekk- ert mjög lengi í sama embættinu. Takk.

SN

Þá er umræðu lokið og við göngum til afgreiðslu á þessum fimm greinum. Og byrjum á ... [ógreinilegt] ...

Já, við tökum hana fyrir á báðum stöðum. Og byrjum á 86. gr. Ráðherrar. Og hún hljóðar svo: „Ráð- herrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvalds hver á sínu sviði. Þeir bera hver fyrir sig ábyrgð á málefnum ráðuneyta og stjórnáslu sem undir þá heyrir. Geti ráðherra ekki fjallað um mál vegna vanhæfis, fjarveru eða annarra ástæðna felur forsætisráðherra það öðrum ráðherra. Enginn getur gegnt sama ráðherraembætti lengur en átta ár“.

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um 86. gr. 24 samþykktu, 1 sat hjá.

Nú, þá er það 87. gr. Ríkisstjórn. Það er fyrst brtt. við þessa grein, og hún er á þá leið, að úr 3. málslíð fari síðasta setningin: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar, ber hann ekki ábyrgð á henni“. Og að þessi setning fari yfir í 95. gr. Og við kjósum þá um brtt. núna og ef hún er samþykkt, þá verður 95. gr. lesin með áorðnum breytingum, síðar.

Og við göngum til kosningar um þessa brtt., við 87. gr., brtt. felur í sér að setningin: „Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar, ber hann ekki ábyrgð á henni“. Að þessi setning flytjist yfir í 95. gr. um ráðherraábyrgð.

AT

Hún er nr. 125.

SN

Flytja þessa setningu út. Og kosning er hafin um þessa breytingu.



Breytingartillagan er samþykkt með 22 atkvæðum, 2 á móti og 1 sat hjá.

Þá hljóðar greinin, eftir breytingu, á þessa vegu, og hún verður svo tekin til afgreiðslu þannig. 87. gr. Ríkisstjórn:

„Ráðherrar sitja í ríkisstjórn. Forsætisráðherra boðar til ríkisstjórnarfunda, stýrir þeim og hefur yfirumsjón með störfum ráðherra. Ríkisstjórnarfundi skal halda um frumvörp og tillögur til Alþingis, önnur mikilvæg stjórnarmálefni og til samráðs um störf og stefnumál ríkisstjórnarinnar. Þá skal halda ríkisstjórnarfund ef ráðherra óskar þess. Ríkisstjórn tekur ákvarðanir sameiginlega um mikilvæg eða stefnumarkandi mál-efni samkvæmt nánari ákvæðum í lögum. Meirihluti ráðherra þarf að vera á fundi þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Stjórnarráð Íslands hefur aðsetur í Reykjavík“.

Og við göngum til kosninga um 87. gr. Ríkisstjórn.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 88. gr. Hagsmunaskráning og opinber störf:

„Ráðherra er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf á meðan hann gegnir embætti. Sama gildir um störf í þágu einkafyrirtækja og opinberra stofnana þó ólaunuð séu. Í lögum skal kveðið á um skyldu ráðherra til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína“.

Já, þetta er 88. gr. og við hefjum kosningu um hana.

Og hún er samþykkt með 25 atkvæðum, öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það 89. gr. Ráðherrar og Alþingi:

„Ráðherrar mæla fyrir frumvörpum og tillögum frá ríkisstjórn, svara fyrirspurnum og taka þátt í umræðum á Alþingi eftir því sem þeir eru til kvaddir, en gæta verða þeir þingskapa. Ráðherrar hafa ekki atkvæðisrétt á Alþingi. Sé alþingismaður skipaður ráðherra vikur hann úr þingsæti á meðan hann gegnir embættinu og tekur varamaður þá sæti hans“.

Við göngum til kosninga um 89. gr.

Og hún er samþykkt með 22 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Þá er það 90. gr. Stjórnarmyndun. Hún er á þessa leið:

„Alþingi kýs forsætisráðherra. Eftir að hafa ráðfært sig við þingflokka og þingmenn gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra. Er hann rétt kjörinn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögunu. Að öðrum kosti gerir forseti Íslands nýja tillögu með sama hætti. Verði sú tillaga ekki samþykkt fer fram kosning í þinginu milli þeirra sem fram eru boðnir af þingmönnum, þingflokki eða forseta Íslands. Sá er flest atkvæði hlýtur er rétt kjörinn forsætisráðherra. Hafi forsætisráðherra ekki verið kjörinn innan tíu vikna skal Alþingi rofið og boðað til nýrra kosninga. Forsætisráðherra ákveður skipan ráðuneyta og tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim, en ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu. Forseti Íslands skipar forsætisráðherra í embætti. Forseti veitir forsætisráðherra lausn frá embætti eftir alþingiskosningar, ef vantraust er samþykkt á hann á Alþingi, eða ef ráðherra óskar þess. Forsætisráðherra skipar aðra ráðherra og veitir þeim lausn. Ráðherrar undirrita eiðstaf að stjórnarskránni er þeir taka við embætti“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 90. gr. Stjórnarmyndun.

Og greinin er samþykkt með 20 atkvæðum, 1 sagði nei og 4 sátu hjá.

Nú þá tókum við fyrir næstu greinar. Það er frá 91 til 96. Og frá 91 Vantraust til 96 Skipun embættismanna. Og væntanlega er líka grein þar sem jafnvel bætist við. En orðið er laust um þessar tillögur og Katrín Fjeldsted hefur þessa umræðu. Gjörðu svo vel.

KF

Já takk fyrir það. Góðir áheyrendur. Þessar greinar fjalla áfram um ráðherra og ríkisstjórn. Og fjalla um Vantraust, Starfstjórn, Upplýsinga- og sannleiksskyldu, Skýrslu ríkisstjórnar til Alþingis, Ráðherra-ábyrgð og síðan Skipun embættismanna. Eins og formaður sagði þá er tillaga til viðbótar, sem fjallar um Sjálfstæðar ríkisstofnanir, og ég mun gera grein fyrir henni hér á eftir. En við þessar næstu greinar, er breytingartillaga sem var reifuð hér áðan, og ég þarf ekki að endurtaka, um málslið sem að flýst yfir í 95. gr. Við 96. gr. sem er Skipun embættismanna, segir í núverandi texta: „Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti.

Þegar ráðherra skipar embætti dómara og ríkis-saksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 atkvæða til að hún taki gildi. Ákveða má með lögum að skipun í önnur embætti skuli fara fram með sama hætti. Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.“ Nú það kom fram tillaga um breytt ákvæði um skipun embættismanna. Og sú tillaga kom fram á síðasta ráðsfundi og var vísað til B-nefndar. B-nefndin féllst að stórum hluta á þá breytingartillögu og fulltrúar hennar og nefndarmenn í B-nefnd unnu saman að niðurstöðu, sem að við vonum að ráðið samþykki. Og þá hljómar greinin eftir þá breytingu, eftir meðferð í B-nefnd, og eftir samþykki, eða samráð við flutningsmenn breytingartillögunnar, svona: „Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti.

Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkis-saksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 atkvæða til að hún taki gildi. Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfastan, er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða. Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum“. Og síðasta mgr. er óbreytt. Eins og athugul eyru kannski hafa numið, þá liggur breytingin aðallega í því að gert er ráð fyrir sérstakri nefnd sem verði sett á laggirnar til að hafa yfirumsjón með skipun manna í æðstu embætti, ekki endilega þannig að nefndin sjálf fari með hæfnismat, frekar að hún setji slíkar leikreglur og hafi eftirlit með skipunum í embætti. Og geti gripið inn í ef ekki þykir

rétt að staðið. Menn eru þarna að hugsa um mögulegar gerræðislegar ákvarðanir við embættaskipanir, þótt auðvitað sé í flestum tilvikum svo að embættaveitingar eru gegnsæjar og samþykkjanlegar af öllum aðilum. En þarna er búinn til varnagli ef ósætti kemur upp eða efasemdir vakna, að þá sé þarna fyrir farvegur sem hægt er að beina slíkum málum í, og þessi sjálfstæða nefnd geti vísað slíkum vafaatriðum, eða erfiðum atriðum, inn í Alþingi þar sem 2/3 atkvæða er krafist, til að samþykkja skipunina. Í þessu liggur helsta breytingin. Ég veit ekki hvort að formaður vill að ég fari strax yfir ... eigum við ekki að bíða með greinina um Sjálfstæðaríkisstofnanir, þangað til að loknum þessum greinum?

SN

Það væri ágætt. Ég er ekki alveg viss hvort að við höfum tillögu nefndarinnar, endanlega tillögu nefndarinnar. Við erum með breytingartillöguna eins og hún var lögð fyrir ... er hún hérna? Nei, ég finn hana ekki.

KF

Leitið og þér munuð finna ... en eigum við ekki að bíða þá með þá grein þangað til hún er búin að ...

SN

Jú, hún er hérna á sérstöku blaði. Bara svo allir hafi það á hreinu. Það er hérna sérstakt blað. Það er sem sagt breytingartillögur sem eru ekki við tilteknar greinar. Þetta er, sem sagt, lítur svona út. Frá A-nefnd og B-nefnd. Þannig að við bara tökum hana þá á eftir, en hefjum umræður um þessa tillögu fyrst, eða þessar greinar. Og þar með þessa breytingartillögu um Skipun embættismanna. Og Þórhildur Þorleifsdóttir ... [ógreinilegt] ... Já, breytingartillagan er þar, en svo er líka, á þessu blaði er svo, nefndin leggur hana fram, eftir breytingu. Það er, sem sagt, það er búið að ... breytingartillagan var í vinnslu í nefndinni og tók nokkrum breytingum þar. Þannig að það er það sem er hérna á sérstöku blaði. Og bara svo allir fundarmenn séu nú með þetta fyrir framan sig ... En Þórhildur Þorleifsdóttir er næst.

ÞÞ

Ég fell frá orðinu, takk.

SN

Já. Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Já, takk kærlega fyrir. Og til hamingju með daginn, enn og aftur. Ég ætlaði bara rétt aðeins að fá að gera örstutta grein fyrir því hvernig ég ætla að greiða atkvæði vegna brtt. 126 við gr. 96. Og markmið brtt. og gr. eins og hún mun standa eftir hugsanlega breytingu er að bæta, sem sagt, það hvernig embættisveitingum er háttað í íslensku kerfi. Og þannig að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði og að embættismenn, hvort sem það eru dómara eða ríkissaksóknari, eða aðrir embættismenn, séu sjálfstæðir og óvilhallir og óháðir algjörlega, þeim sem hugsanlega, hvað má segja, standa þeim ofar í kerfinu, eða öðrum úti í samfélaginu. Og þetta er auðvitað mjög mikilvæg markmið og auðvitað hefur komið mjög mikil krafa um að þessi atriði verði bætt í íslensku samfélagi, síðastliðin ár. Og ég hef í tengslum við greinar, tillöguna og eins og hún

stóð líka að hluta til áður, velt því fyrir mér hvort við værum hugsanlega að ganga of langt með það að segja að Alþingi eigi að samþykkja skipun með 2/3 hluta atkvæða, og þá einkum með hliðsjón af því að, sem sagt, Alþingi, eða sem sagt, í fyrra voru gerðar breytingar á dómstólalögum, sem að fólu í sér að Alþingi skuli samþykkja skipun í embætti dómara, ef ætlun ráðherra er að víkja frá tillögu hæfnisnefndar. Ég tel hins vegar, með hliðsjón af markmiðinu, og því sem við erum að leitast við að ná, að tryggja sjálfstæða dómstóla, þá held ég að ég láti það vega þyngra, og þ.a.l. svona, láta það vega þyngra í því mati, sem að ég var að velta fyrir mér í tengslum við greinina. Og sama, velti ég fyrir mér varðandi, sem sagt, það að kveða á um sérstaka hæfnisnefnd. Ég var hikandi við að festa slíkt í stjórnarskrá, og með hliðsjón af því að hugsanlega kæmu til aðrar leiðir síðar, eftir kannski fimm eða 10 ár, sem að hugsanlega yrðu taldar betri. Ég mun hins vegar greiða þessu atkvæði mitt, þrátt fyrir þessi, svona, þessar vangaveltur mínar, og það er einkum með því markmiði, sem sagt, að leitast við að tryggja þetta sjálfstæði og óháði embættismanna í íslensku kerfi. Ég held að það vegi þyngra og ef ætlunin er að breyta þinginni með því markmiði að bæta hana og hugsanlega kveða á um annað form við skipun, þá hugsa ég að þingið muni í heild sinni taka afstöðu til þess og leggja slíkt í stjórnarskrárbreytingu síðar, sem að allir væru sammála um að væri mikilvægari heldur en það sem þegar væri. Þannig að ég ætla að samþykkja þetta, og ýta á gula takkann. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar.

VÞ

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Þetta er grein og málefni sem hefur verið mikið rätt, bæði í ráðinu og í nefnd B. Við erum held ég öll á einu máli um markmiðið, þ.e.a.s. að tryggja að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti, og að reyna að draga úr hvers kyns spillingu og pólitískri fyrirgreiðslu og öðru slíku.

Hins vegar greinir okkur nokkuð á um leiðirnar, eða kannski öllu heldur, hversu langt sé ráðlegt að ganga í stjórnarskrá, um að fyrirskrifa hvaða leiðir eigi að fara að þessu markmiði. Og í greininni eins og hún stendur, frá fyrri umræðu, að þar er þetta nokkuð opið. Það stendur: „Með lögum skal koma á skipan sem tryggir að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun manna í embætti“. Þannig að sú meginregla er einfaldlega sett fram með skýrum og afdráttarlausum hætti og síðan er löggjafanum látið það eftir, að finna þá skipan. Og hún getur auðvitað verið ein í dag og svo kannski getur hún verið orðin önnur eftir fimm ár eða eftir 10 ár. Og það liggja ... við höfum í vinnu í nefndinni skoðað ýmsar greinar sérfræðinga og skoðað hvernig þetta er gert erlendis og það er hægt að sjá það að þetta er gert með ýmsum hætti, í nágrennalöndum. Það er hins vegar sérstakur, svona, lýðræðislegur varnagli varðandi dómara og ríkissaksóknara, sem að ég er sáttur við. Að þar hafi forsetinn ákveðið öryggisventilshlutverk, vegna þess að þetta eru, eins og ég segi, stjórnskipulega mjög mikilvæg embætti. Og þar getur sem sagt, forseti synjað staðfestingar og þá þarf Al-

þingi að samþykkja skipun dómara eða ríkissaksóknara með ⅔ atkvæða. Og þetta er ég sáttur við. En ég, sem sagt, er ekki fylgjandi því að við förum út í þessa nánari skilgreiningu, með þessa nefnd, sem að talað er um í 3. mgr. brtt., sem að myndi fjalla um önnur æðstu embætti. Ég held að þetta sé of fyrirskrifandi. Þess vegna mun ég ekki styðja breytingartillöguna. Ég styð hins vegar upphaflegu greinina, eins og hún var eftir fyrri umræðu, heilshugar. En ég mun auðvitað ekki gera þetta að neinu úrslitaatriði við stuðning við frumvarpið í heild. Ég vildi bara gera grein fyrir mínu atkvæði. Takk.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Kæru félagar. Ég get nú tekið undir allt það sem að Vilhjálmur hér sagði og þ.a.l. haft mál mitt styttra.

Þetta ákvæði hafði verið þrautrátt í nefndinni hjá okkur og við höfðum tekið inn þær ábendingar sem við höfðum fengið, og ég var orðinn mjög ánægður með greinina, eins og hún lítur út í núverandi drögum og tel þá breytingartillögu sem hér liggur fyrir, alls ekki til bóta. Vandinn við þessa breytingartillögu er að mínu viti tvenns konar. Í fyrsta lagi að þá finnst mér það í hæsta máta ólýðræðislegt, að fela svona mikið vald, sem hér er lagt til, í hendur nefndar sem að enginn hefur kosið. Það er, að mínu viti, ófært að taka ábyrgðina á embættisveitingum af hendi ráðherra og mér finnst gengið allt of langt hérna í þeim efnum, að binda hendur skipunaraðilans. Þar að auki finnst mér sem að með þessari breytingartillögu verði staða forseta Íslands í stjórnskipuninni orðin ansi óljós. Og með hætti sem maður áttar sig ekki nákvæmlega á. Og forseta Íslands er bæði ætlað að skipa formann þessarar ráðningarnefndar, auk þess sem hann hafi synjunarvald gagnvart skipuninni, sem fari þá til Alþingis með ⅔ hluta atkvæða. Ég sé ekki hvernig þetta ákvæði getur gengið upp. Og get því ekki greitt því atkvæði mitt og mun greiða atkvæði gegn þessu ákvæði. Sama á við um ákvæðið um verndum ríkisstofnanna. Ég held það hljóti nú að vera svolítið sérstakt að setja ákvæði um vernd ríkisstofnanna í stjórnarskrá. En gallinn við þá grein, eins og hún lítur út, er sá ...

SN

Það er ekki til umræðu núna.

EBE

Er hún ekki til umræðu? Ókei, afsakið.

SN

Hefurðu þá lokið máli þínu?

EBE

Þá hef ég lokið máli mínu.

SN

Já. Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, kæru vinir, nær og fjær, heima og annars staðar. Mig langar til þess að vekja athygli á tveimur afskaplega fallegum greinum sem að B-nefnd leggur hér

fram. Það er annars vegar gr. nr. 91 um Vantraust, sem segir að „í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans“. Þetta er virkilega falleg bót á okkar stjórnkerfi, sem að vert er að vekja athygli á, að mínu mati. Þarna er sem sagt verið að búa til þetta uppbyggilega vantraust sem þýðir það, að fólk á ekki að geta vaðið uppi og hrópað, hér er allt hræðilegt, án þess að taka fyllilega ábyrgð á þeim yfirlýsingum, með því að benda á eitthvað betra. Þannig að ég þakka kærlega fyrir þessa viðbót sem ég held að B-nefndin hafi sett inn af mikilli visku. Ég vil líka vekja athygli á 93. gr. sem heitir Upplýsinga- og sannleiksskylda. Og þetta er svona smá fyrir þá sem voru að setjast niður við skjáinn, þessar fjölmörgu þúsundir sem horfa á okkur núna, geri ég ráð fyrir. En þetta er líka frábær grein. Þetta hérna segir: „Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyrar“ ... . Og svo er sérstaklega áréttað, í síðustu málsgreininni, að þetta „skuli vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar“. Þetta er mjög flott. Og þetta var mjög þarft. Og ég þakka kærlega fyrir þessa breytingu, sem er góð. Auk þess styð ég þessa breytingu sem hefur verið gerð, hérna, á 97. greininni, sem að, sem sagt, fjallar um það hvernig við reynum eftir besta mátti að finna leiðir til þess að tryggja óspilltar embættisveitingar. Ég held reyndar að ábyrgðin hafi ekki verið tekin af höndum ráðherra, eins og Eiríkur vinur minn, gaf í skyn. Ég held að ráðherra beri eftir sem áður fulla ábyrgð á þessum skipunum. Og auk þess held ég ekki að það hafi verið grautað of mikið í starfi forsetans og hans hlutverki, vegna þess að hann skipar jú vissulega formann þessarar nefndar, sem við erum hér að stjórnarskrárfesta. En nefndin og hann koma aldrei saman, þannig að þegar sko nefndin starfar, þá er það Alþingi sem að í raun og veru, er öryggisventillinn, en annars þegar það eru dómarnir og ríkissaksóknari, þá er forseti þar. Þannig að nefndin og forseti, sem að saman jú, eru kannski svolítið samofin í þessum tillögum, eru aldrei saman að neinni ákvörðun. Þannig að þetta er ekki á neinn hátt of flókið, eða einhvern veginn óskýrt að mínu mati. Og mér finnst þetta bara, enn og aftur, bæta frábæra vinnu B-nefndar. Takkk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og ráðsmenn. Aðeins til viðbótar við þessa breytingartillögu. Ég vil vekja athygli á því, sem að enginn hefur nefnt, að nú hefur verið fallið frá því að kalla þetta stjórnábyrgð, og það er einungis talað um nefnd. Það er endurtekin hér aftur og aftur sá misskilningur, að þessi nefnd eigi að sjá um allar ráðningar hins opinbera, nema dómara sem eru undanskildir og ætlast til þess að fari fram með öðrum hætti. Það kemur mjög skýrt fram í greinargerð, og ég vona að það standi, að nefndin þessi getur ákveðið með hvaða hætti einhver ráðning skuli fara fram, ráðningarferlar. Þetta er ekki þannig að hún ráði alla embættismenn, eða sé einráð þar um. Það er misskilningur. Og varðandi það langar mig líka að vísa til orða Vilhjálm, um að eftir 10 ár getur vel verið að eitthvað allt annað sé upp á teningnum. Það er alveg rétt. En þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að þessi nefnd,

ákveði að hafa einhver önnur ferli. Það er hennar að sjá til þess að ferlið og hæfnismatið fari vel fram. Og hún getur þá alveg haft frjálsar hendur um það að ákveða, ja nú skulum við gera þetta svona, af því að nú hafa hlutir breyst. Þannig að það er ekkert sem bindur. Menn tala stundum hér eftir hverju hafi verið kallað hjá þjóðinni. Og þá er nú svona kannski dálítið misjafnt, hvaða kall ráðsmenn hafa heyrt. En ég held að það sko, hljóti að vera óumdeilt, að spilling og einhver krafa um að reyna að uppræta það, hefur verið hávær krafa í samfélaginu. Og kannski það sem að mörgum hefur blöskrað mest, og ekki síst vegna þess að margir tengja hið margumtalaða hrun, allskonar spillingu í íslensku stjórnkerfi, m.a. spillingu í ráðningu embættismanna og hverjir véla um ... fá aðstöðu til þess að véla um mál. Því er alveg ástæða til þess að gefa þessu mikið vægi, og taka á þessu af fullri festu, án þess að binda þannig niður, að það sé óumbreytanlegt um aldur og ævi. Liður í því var m.a. að hætta að kalla þetta stjórnsýslunefnd og hafa þetta ótilgreinda nefnd, sem að á eftir að kveða á um í lögum hvernig skipuð verður, og hvernig starfsemi hennar er háttad. En ég get ekki séð annað en að hún hafi mikið frjálsræði, en það er bara verið að tryggja að þetta skuli gert og ekki látið svona, liggja á milli hluta hvernig það fer. Katrín Oddsdóttir áréttaði þetta, já, reyndar vil ég þakka Katrínu Oddsdóttur í leiðinni að minna á þetta fallega vantraustsákvæði, sem að B-nefndin smíðaði og er eitt af þessu sem á að styrkja stöðu þingsins, minnihlutans þar, og stefna að því að gera það að vinnuþingi, en ekki átakaþingi. En það var nú útdúrl. Katrín Oddsdóttir svaraði ákaflega vel hérna, þessu með forsetann. Hann hefur þarna tvenns konar aðkomu. Og einn liðurinn í þessari breytingartillögu líka, var að hafa ferli sem varðar dómara og ríkissaksóknara, örlítið öðruvísi, heldur en skipun annarra embættismanna. Og þar hafa þegar verið lögfest ferli, sem að hægt er þá að breyta með lögum ef þau reynast ekki nógu vel. En þar er auðvitað sko, vonar maður að nú menn lært það af reynslunni að það þurfi ekki að koma til, að forseti þurfi að beita synjunarvaldi, vegna þess að heilbrigði ríki nú í ráðningarferli. En það er hans eina aðkoma að skipun embættismanna og synjunarvaldi, það er varðandi dómara og ríkissaksóknara. En hann skipar formann nefndar, en þessi tvö apparöt snertast aldrei, eins og Katrín Oddsdóttir sagði. Ég held að þetta sé spor í þá átt að beina hugum og athygli Alþingis og embættismanna, eða æðstu ráðamanna ríkisins, að því að stilla nú persónulegum og flokkslegum metnaði í hóf og standa vel að ráðningum, vitandi það að yfir þeim vakir vökult auga. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já, góðir félagar og aðrir sem á heyra. Þetta er ein af svona, erfiðu greinum fyrir okkur sem að ekki eru a.m.k. í þessari nefnd, og höfum þess vegna ekki getað sett okkur mjög inn í þetta. Ég hef alla tíð verið mjög fylgjandi því að það verði einhvers konar ákvæði um það í stjórnarskrá, um aðhald að öllum ráðningum. Og til að taka af allan vafa, þá er ég mjög ánægður með það, hvernig er þarna lagt til í báðum útgáfunum, að dómara og ríkissaksóknari, hvernig er staðið að

ráðningu þeirra. Um hitt hef ég verið svolítið hikandi, ekki vegna þess að ég sé ekki sammála markmiðinu, heldur svona frekar vegna þess hvernig þetta kann að ríma við aðrar reglur og venjur. Og ég minni nú enn og aftur á það, að við erum náttúrliga að auka verulega vald Alþingis, áhrif þess á skipan ráðherra o.s.frv., þannig að við verðum náttúrliga líka að treysta því. En ég er bara, frómt frá sagt, ekki búinn að gera upp hug minn, hvernig ég greiði atkvæði. Ég er aðallega að taka til máls, til að svona, vara mína stuðningsmenn við, að ég kunni að greiða atkvæði á einhvern veginn. Ég ætla einfaldlega að hlusta á þá góðu menn sem að eiga hérna eftir að tala, og gera svo í skyndi upp hug minn. En þið heyrið kannski svolítið tóninn í mér. Enn og aftur, þetta minnir á, við þurfum að koma að þessu aftur. Það væri mjög glæsilegt. Ekki svo að skilja að þetta sé ekki gott plagg og auðvitað greiði ég þessu plaggi í heild sinni atkvæði mitt. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já, formaður og aðrir ráðsfulltrúar. Ég fagna þessari breytingartillögu B-nefndarinnar. Skipun embættismanna hefur verið vandamál í okkar samfélagi, svo lengi sem elstu menn muna. Þessari grein er ætlað að slá varnagla. Henni er ætlað að girða fyrir lausatök og spillingu í embættaveitingum, í samræmi við ábendingar rannsóknarnefndar Alþingis. Og ég tek heils hugar undir ræðu aðalflugningsmanns fyrri breytingartillögu um þetta, Þórhildar Þorleifsdóttur. Forsaga málsins var sú að það var lögð fram breytingartillaga við fyrirliggjandi ákvæði í frumvarpi okkar, og henni var vísað til B-nefndarinnar, sem gerði úr þessu nýja breytingartillögu. Og það er tillagan sem ég styð af heilum hug. Sko, kjarni málsins er þrjúþættur. Og það er kveðið á um hann skýrt í greininni. Í fyrsta lagi: „Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti“. Og það er einmitt það, sem hefur sárvantað í okkar landi, til mikils skaða fyrir samfélagið. Í öðru lagi er frá ráðherra tekinn rétturinn til að skipa embætti dómara og ríkissaksóknara upp á sitt eindæmi, heldur sláum við þennan varnagla, að forseti Íslands þurfi að staðfesta skipunina, og synji forseti skipun staðfestingar, þarf aukinn meirihluta á Alþingi til að skipunin taki gildi. Og þetta er alveg eins og það á að vera. Síðan er það útfærsluatríði, hvernig skuli tryggja að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við skipun í dómaraembætti, eins og fyrsta atriðið kveður á um. Í þriðja lagi, og það er einnig merk nýmæli, frá mínum bæjardryrum séð, skipar ráðherra í önnur æðstu embætti, eftir nánari skilgreiningu í lögum. Við erum kannski að tala um fimm embætti, kannski 10, kannski 15, ég meina Alþingi ákveður það. Og ráðherra skipar í þessi embætti, æðstu, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Hér er skírskotað til þess sem enskumælandi þjóðir kalla „civil service commission“, og hér er bara verið að heimfæra það háttalag, sem hefur verið notað í háskólum landsins, mörg undangengin ár, til að skipa í professorsstöður og aðrar stöður í háskólunum. Oft með hliðsjón af umsögnum erlendrar sérfræðinga. Og hér er síðan kveðið á um það að velji ráðherrann ekki í slíkt embætti, einn þeirra sem nefndin telur hæfasta, er skipun háð auknum meirihluta Alþingis.

Og hér er aðkoma forseta Íslands aðeins öðruvísi en í dómardæminu, því að forseti Íslands skipar formann nefndarinnar, bara svo að tryggt sé að þar sé valinn maður í hverju rúmi, en hann hefur að öðru leyti ekki afskipti af skipun annarra æðstu embættismanna. Og þessi ákvæði þrjú saman, búa til trausta umgjörð um skipun dómara og annarra æðstu embættismanna. Og þess vegna styð ég breytingartillögu B-nefndar, af heilum hug og ég þakka fyrir hana.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já. Takk. Kæru vinir. Það er ýmislegt athyglisvert þarna. Ég ætla kannski fyrst að gera að umtalsefni mínu þá málsgrein sem ekki er verið að breyta, þ.e.a.s. um skipun embætta dómara og ríkissaksóknara, bara til þess að við hugsum kannski í gegnum ákveðið scenario sem gæti verið vandamál, án þess að það sé þó endilega heimsendir. Ímyndum okkur að það séu tveir umsækjendur um stöðu dómara, annar sem er kannski, hefur mikla reynslu á sviði lögfræði og hefur kennt við háskóla, kannski héraðs og erlendis og er óumdeilt svona, hæfari umsækjandi, og annar sem er svona, kannski, hefur verið ráðherra eða hefur einhver pólitísk tengsl. En kemur kannski úr sama baklandi og forseti Íslands. Því það er kannski ekki hægt að útiloka það, að um leið og forseta Íslands eru falin meiri völd og meiri aðkoma að þessu máli, þá sækist eftir þeim embættum, menn, sem hafa einhvern pólitískan bakgrunn. Nú, ímyndum okkur að þessi góða nefnd velji þann sem er hæfastur. Og ráðherra fari að þeim ráðleggingum, eins og eðlilegt er að hann geri. En forseti Íslands komi þar inn og biðji menn um að ... og synji þessari skipun staðfestingar. Nú þá fer málið fyrir Alþingi og í myndum okkur að sá flokkur sem forsetinn tilheyrir, hafi þar góðan stuðning, þá getur sá flokkur ákveðið að neita að staðfesta skipun þessa aðila, sem óumdeilt er hæfari. Nú þá er hugsanlega ákveðið vandamál sem ráðherrann stendur fyrir höndum, að hann þarf þá að velja einhvern annan, og hugsum okkur nú að hann velji ákveðið í þá sátt að velja hinn umsækjandann. Nú, þá er svolítið svona, þetta komið í pínku skrítna stöðu, vegna þess að sá sem óumdeilt var hæfari, vissulega getur hann farið með mál sitt fyrir dómstóla og kært ráðherra fyrir að hafa ekki veitt honum embættið. En ráðherrann gerði jú allt sem hann gat, og allt sem hann gat sem best, þannig að það er komið svolítið svona, um leið og þessum aðilum fjölgar þá getur stundum verið að það séu einhverjir tveir sem ráða en sá þriðji sem ber ábyrgð. Ég er ekki að segja að þetta þurfi að vera heimsendir, en það kannski sýnir svolítið að í þessu máli skiptir mjög miklu máli hvernig þessum ákvæðum verður beitt sem fyrst. Ef að þeir sem veljast til embætta forseta Íslands, fyrst og strax eftir að þessi stjórnarskrá tekur gildi, og nota sannarlega þennan ventíl einungis í algjöru öryggis-ventlahlutverki, þá er þetta allt í lagi. Ef til embættanna veljast einstaklingar sem eru að hugsa pólitískt og eru að hugsa um að nota öll þau völd sem hérna standa, sem sannarlega pólitísk völd, þá er kannski aðeins meira vandamál. Í því samhengi, í rauninni, list meir þannig lagað, satt að segja, ekki verr á þá tillögu sem lögð er í skipun önnur embætti, að þar sé þá ráðherrann sem beri skýra ábyrgð og geti alltaf ráðið einhvern,

en þurfi aukinn meirihluta Alþingis ef hann vikir frá þeirri ákvörðun. Í raun væri á margan hátt, hugsanlega eðlilegra að þar nægði einfaldur meirihluti, vegna þess að þá væri pólitíska ábyrgðin aðeins skýrari, og ólíklegra að menn mundu fara í einhverjar svona, samninga-viðræður um hvern ætti að ráða og kannski fá eitthvað annað í staðinn. Ég held að tillagan hefur frá því að upprunalega tillagan var lögð fram, tekið töluverðum breytingum og svo sannarlega til hins betra. Ég er ekki algjörlega viss um það að svona ítarleg upptalning sé til hins betra, vegna þess að þá er ekki lengur sko, það er kannski erfiðara fyrir einhvern að kæra ólöglega ráðningu, eða sem sagt ófaglega ráðningu, ef að farið hefur verið að öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þá gildir ekki lengur þessi hæfni og málefnaleg sjónarmið sem aðalreglan. Ég er ekki fullkomlega viss, þess vegna sko, geri ég ráð fyrir að ýta á hjásetutakkann í þessu, en mér finnst margt af því sem unnið hefur verið, til mikilla bóta frá fyrri útgáfum tillögunnar og fagna þeirri vinnu, sem B-nefnd hefur lagt í þetta.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Kæru vinir. Í mínum huga er þetta nú frekar einfalt. Auðvitað getur komið upp sú staða eins og Pawel var að nefna. En mér finnst sú staða hafa verið ansi ríkjandi bara, meðal pólitískra stöðuveitinga í mörg ár. Þetta er búið að vera mikið vandamál, að stöður eru veittar pólitískt. Og ákvæði 96. og brtt. til að hnykkja á því, er sett því til höfuðs. Við erum að reyna að fá fleiri til að koma að þessum ákvörðunum, og í því felst ákveðin valddreifing, og við erum að koma í veg fyrir að örfáir menn troði sínum mönnum í mikilvæg embætti. Þess vegna finnst mér sko, þessi rök sumra héra, að það megi ekki riðla kerfinu, til þess að reyna að bæta það ... ég er þeirrar skoðunar að það er einmitt, það er einmitt til þess að riðla kerfinu, ef við séum alltaf að hygla pólitískum stöðuveitingum. Þannig að ég mæli hiklaust með því að báðar þessar tillögur verði samþykktar, fyrst breytingartillagan og síðan tillagan í heild sinni. Takk.

SN

Nú þá er umræðu lokið og við göngum til atkvæðagreiðslu um þessar greinar sem nú eru til umræðu, eða hafa verið til umræðu.

Og byrjum á 91. gr. um Vantraust. Vantraust er sem sagt nr. 91 og er fyrst:

„Leggja má fram á Alþingi tillögu um vantraust á ráðherra. Í tillögu um vantraust á forsætisráðherra skal felast tillaga um eftirmann hans. Ráðherra er veitt lausn úr embætti ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á hann. Ríkisstjórn er veitt lausn ef meirihluti þingmanna samþykkir tillögu um vantraust á forsætisráðherra.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa grein.

Já, við erum 24 í salnum, nei við erum 25, við erum 26.

Og hún er samþykkt með 25 atkvæðum.

92 er grein um Starfsstjórn og hljóðar svo:

„Eftir að forsætisráðherra hefur verið veitt lausn ásamt ríkisstjórn sinni situr hún áfram sem starfs-

stjórn uns ný ríkisstjórn er skipuð. Sama gildir ef þing er rofið. Ráðherrar í starfsstjórn taka aðeins þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til rækslu starfa þeirra“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 92. gr. 25 komnir. Og hún er samþykkt með 25 atkvæðum.

93. gr. er um Upplýsinga- og sannleiksskylda, og hún er á þessa leið:

„Ráðherra er skylt að veita Alþingi eða þingnefnd allar upplýsingar, skjöl og skýrslur um málefni sem undir hann heyrir, nema leynt skuli fara samkvæmt lögum. Þingmenn eiga rétt á upplýsingum frá ráðherra með því að bera fram fyrirspurn um mál eða óska eftir skýrslu, samkvæmt nánari fyrirætlunum í lögum. Upplýsingar sem ráðherra veitir Alþingi, nefndum þess og þingmönnum skulu vera réttar, viðeigandi og fullnægjandi.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 93. gr. Og hún er samþykkt með 25 atkvæðum.

94. gr. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis:

„Árlega leggur ríkisstjórn fyrir Alþingi skýrslu um störf sín og framkvæmd ályktana þingsins. Ráðherra getur gert grein fyrir málefni sem undir hann heyrir með skýrslu til Alþingis.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 94. gr. Skýrsla ríkisstjórnar til Alþingis.

Hún er samþykkt með 23 atkvæðum og 2 sögðu nei.

Þá er það 95. gr. Ráðherraábyrgð. Við samþykktum áðan að færa inn í þá gr. eina setningu úr gr. 87, og eftir þá breytingu hljóðar gr. svona:

„Ráðherrar bera lagalega ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Bóki ráðherra andstöðu við ákvörðun ríkisstjórnar ber hann þó ekki ábyrgð á henni. Ábyrgð vegna embættisbrota ráðherra skal ákveðin með lögum.“

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákveður, að undangenginni könnun, hvort hefja skuli rannsókn á meintum embættisbrotum ráðherra. Nefndin skipar saksóknara sem annast rannsóknina. Hann metur hvort niðurstaða rannsóknarinnar sé nægileg eða líkleg til sakfellingar og gefur þá út ákæru og sækir málið fyrir dómstólum. Nánar skal kveðið á um rannsókn og meðferð slíkra mála í lögum“.

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 95. gr. um Ráðherraábyrgð.

Og greinin er samþykkt með 25 atkvæðum, öllum greiddum atkvæðum.

Þá er það næst 96. gr. Og fyrst er það brtt. við þá gr., sem formaður B-nefndar gerði grein fyrir áðan. Hún er annars vegar fólgin í því að 2. málslið er breytt örlítið og þar kemur „Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun embætta“. Og síðan er bætt við efnisgrein á þá leið að „Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slík embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða.“

Við göngum þá til atkvæðagreiðslu um breytingartillöguna, þessar viðbætur inn í greinina eins og hún var. Það er sem sagt brtt. við 96. gr.

Og hún er samþykkt með 21 atkvæði, 2 segja nei og 2 sátu hjá.

Þá er greinin borin upp með breytingum og hljóðar svo:

„Ráðherrar og önnur stjórnvöld veita þau embætti er lög mæla. Hæfni og málefnaleg sjónarmið skulu ráða við skipun í embætti. Þegar ráðherra skipar í embætti dómara og ríkissaksóknara skal skipun borin undir forseta Íslands til staðfestingar. Synji forseti skipun staðfestingar þarf Alþingi að samþykkja skipunina með 2/3 atkvæða til að hún taki gildi. Ráðherra skipar í önnur æðstu embætti, eins og þau eru skilgreind í lögum, að fenginni tillögu sjálfstæðrar nefndar. Velji ráðherra ekki í slíkt embætti einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis með 2/3 atkvæða. Forseti Íslands skipar formann nefndarinnar. Um nánari skipan hennar og störf skal mælt fyrir í lögum. Í lögum má kveða á um að í tiltekin embætti megi einungis skipa íslenska ríkisborgara. Krefja má embættismann um eiðstaf að stjórnarskránni.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa grein.

Og greinin er samþykkt með 21 atkvæði, 1 sagði nei og 3 sátu hjá.

Þá tókum við fyrir nýja grein um Sjálfstæðar stofnanir og ljúkum umræðunni fyrir matarhlé með henni. Katrín Fjeldsted, ef þú mundir fylgja henni úr hlaði. Gjörðu svo vel.

KF

Takk fyrir það. Góðir áheyrendur.

SN

Þetta er ný grein. Þetta var breytingartillaga sem var vísað til nefndar síðast. Og á sérblaði, þar sem yfirfyrirsögnin er Breytingartillögur sem eru ekki við tilteknar greinar. Seinni hluta blaðsins er talað um tillöguna frá B-nefnd. Gjörðu svo vel, Katrín.

KF

Takk fyrir. Þessi breytingartillaga sem gerir ráð fyrir nýrri grein í stjórnarskránni, er hugsuð til þess að setja inn ákvæði til að vernda megi sjálfstæði mikilvægra ríkisstofnanna, í þjóðfélaginu. Og hún var lögð fram af nokkrum fjölda ráðsmanna á síðasta ráðsfundi og send til nefndar B til nánari vinnslu. Nú, efnislega féllst B-nefnd á að það væri ástæða til að setja slíkt ákvæði inn í stjórnarskrá, en taldi þó að greinin, eins og hún var lögð fram í breytingartillögu, væri helst til ítarleg, og það mætti einfalda orðalagið en ná samt fram sama markmiði. Þannig að það væri ekki kveðið á í stjórnarskrá um allar sjálfstæðar ríkisstofnanir sem hugsast geta, því þær eru æði margar, þegar grann er skoðað. Aðalatriðið mætti því vera það, að þarna væru stofnanir sem skv. lögum væru sjálfstæðar, og ástæða væri til að vernda sérstaklega. Það má kannski telja að eðlilegt að þessi nýja grein komi þarna í kafla um ráðherra og ríkisstjórn, það var fyrst verið að hugsa um að setja hana aftast í Alþingiskaflann en ég held að þessi staðsetning sé sennilega rétt. Og eins og hún kemur nú, eftir vinnu í B-nefnd, þá hljómar hún svona: Í lögum má kveða á um að tilteknar stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða aflu upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð

niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með ⅔ atkvæða á Alþingi. Með þessu er komið til móts við flutningsmenn, og eins og B-nefndin skildi það, þá voru flutningsmenn breytingartillögunnar sáttrir við þessa niðurstöðu. Mig langar líka að segja, af því að við ljúkum núna yfirferð um ráðherra og ríkisstjórn, að með þessum tillögum sem við erum að samþykka hér, þá teljum við í B-nefnd, og tel ég persónulega, að nýir og breyttir tímar séu framundan, í því hvernig framkvæmdarvaldi á Íslandi er beitt. Það er skilmerkilegra og gagnsærra. Vald eykst að sumu leyti og minnkar að öðru, en hvort tveggja er þá til þess að skýra nánar valdhlutföll og það er jákvætt innlegg, að mínu mati, inn í framtíðina.

Við tökum upp fjölskipað stjórnvald, við förum ofan í hagsmunaskráningar, vantraust verður jákvætt en ekki neikvætt, og aftur þetta með embættisveitingar og sjálfstæði stofnanna. Þetta eru aðeins nokkrir af þeim þáttum, sem munu skipta máli varðandi framkvæmdarvaldið á Íslandi. Takk.

SN

Þá er orðið laust um þessa tillögu, breytingartillögu. Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður og góð systkin nær og fjær. Mér finnst þetta merkileg grein, og þörf. Hér er verið að minna á mikilvæga skjólveggi í samfélaginu. Skjólveggi gegn skaðvöldum spillingar. Skjólveggi gegn græðgi og ásælni og ofríki. Skilveggi sem að eru lýðræðislegir, faglegir og vinna á hlutlægum hátt. Og mér finnst því mjög við hæfi að við tryggjum það í stjórnarskrá, að það sé ekki farið með slíkar stofnanir eins og eitthvert glingur, eða dót sem kasta megi til og frá. Takk fyrir.

SN

Þorvaldur Gylfason. Gjörðu svo vel.

ÞG

Já formaður, góðir ráðsfulltrúar. Ég fagna þessari breytingartillögu B-nefndar, sem einfaldar þá brtt. sem flutt var á fyrri fundi og ég var aðalflutningsmaður að, ásamt 12 félögum okkar. Þessari grein er ætlað að vernda starfsemi, en ekki stofnanir. Þessi grein er komin inn í okkar frumvarp, vegna þess að rannsóknarnefnd Alþingis, að heita má, kallaði eftir henni. Rannsóknarnefnd Alþingis lýsir í skýrslu sinni stjórnsýslu í molum, og mælir fyrir um að betur skuli staðið að stjórnsýslunni. Og þessum tveim samliggjandi greinum, annars vegar um skipun embættismanna og hins vegar um sjálfstæði ríkisstofnanna, er ætlað að koma til móts við þessar ábendingar rannsóknarnefndar Alþingis. Þær stofnanir sem helst munu falla undir þetta ákvæði, eins og fram kemur í greinargerð, eru fimm. En þeim gæti hugsanlega fjölgað. Nútímalöggjöf um seðlabanka lýsir þeim sem sjálfstæðum stofnunum, þ.e.a.s. sjálfstæðum fyrir afskiptum og ofríki yfirvalda. Og hið sama á við um viðkvæmar eftirlitsstofnanir eins og Fjármálaeftirlit, sem brást gjörsamlega í aðdraganda hrunsins, og Samkeppniseftlit. Og hið sama á einnig við um upplýsingastofnanir eins og Hagstofu Íslands og ráðgjafastofnanir eins og Þjóðhagsstofnun, sem var einmitt lögð niður með offorsi 2002, til mikils

skaða fyrir Ísland, eins og við höfum oft rætt í þau á okkar fundum. Þessi grein sendir fólkinu í landinu og stjórnvöldum skýr skilaboð um, að við þurfum á því að halda að stofnanir af þessu taki, sem stunda lögmælt eftirlit, halda uppi lögmæltu eftirliti, ætlaði ég að segja, og afla nauðsynlegra upplýsinga, fái að starfa í friði, fyrir óttanum við pólitísk afskipti. Það er aðal tilgangur þessarar greinar, sagan vísar veginn. Við þurfum á henni að halda. Þess vegna mun ég greiða atkvæði með breytingartillögunni, af heilum hug, og síðan með þá greininni sjálfri. Takk.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Það er nú svolítið gaman að á þessum sögulega degi, þá er ég svo heppinn að ég er með herna fulltrúa næstu, eða komandi kynslóðar hér á báðar hendur, það er sonur Ástrósar Gunnlaugsdóttur, nýfæddur, og svo er hér þriggja ára sonur Pawels líka viðstaddur. Og það er vel við hæfi á þessum degi. Af því að við erum nú ekki síst að vinna þessa vinnu hér, vona ég, fyrir þau. En varðandi þessa tillögu nákvæmlega, að þá er ég alveg sammála mörgu af því sem að stendur þarna að baki, og þeirri hugmynd sem að þar er. Ég hins vegar er ekki alveg sáttur við þessa útfærslu, þ.e.a.s. að löggjafinn, meirihluti Alþingis hverju sinni, geti veitt stofnunum sérstaka vernd, og það þýðir þá að síðan næsti meirihluti sem að kemur, að hann getur raunverulega ekki auðveldlega losnað þá við þær stofnanir aftur. Og þetta býður upp á þá hættu að það fari að safnast upp ríkisstofnanir, sem að hafa svona, verið í uppáhaldi hjá stjórnarmeirihlutum fyrri tíma, og fengið sérstakt sjálfstæði og þá er orðið síðan, eins og ég segi, erfitt að losna við þær aftur. Og það held ég að sé svona fyrirséð ófyrirséð afleiðing af þessari grein, þannig að ég held að það sé nú bara eðlilegra að löggjafinn hafi þetta í sinni hendi. Ég held að það sé nú engin hættu á því að stofnanir eins og Seðlabankinn verði nokkurn tíma lögð niður, það verður alltaf að vera Seðlabanki. Fjármálaeftirlit verðum við að reka, skv. EES-tilskipunum, sama gildir um Samkeppnisstofnun. Nú verkefnum Þjóðhagsstofnunar, eins og þau voru, hefur nú verið komið fyrir inni í Hagstofu, með sjálfstæðum hætti. Þannig að ég held að þarna, svona má segja, þegar kostir og gallar eru vegnir saman af þessari tillögu, að þá mun ég ekki, eða sé ég ekki að kostirnir vegi upp gallana, þannig að ég mun ekki styðja hana. Takk fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar.

EBE

Já, kærur félagar. Reyndar svolítið kannski bagalegt í þessari lotu að hér tek ég einvörðungu til máls þegar ég er andvígur einhverju. Þannig að það hljómar eins og maður sé á móti öllu sem hér er gert. Það er auðvitað ekki þannig. Ég er fylgjandi langflestu af því sem að við erum að leggja hér til. En sú grein sem hér er til umræðu, hefur þann galla, eins og held ég að mér finnist um þær aðrar greinar sem ég hef greitt atkvæði gegn, að það eru óæskileg hliðaráhrif, sem geta orðið af

greininni, þrátt fyrir að maður sé fylgjandi megináherslunni. Ég er auðvitað alveg sammála því að það gengur ekki upp að ráðherrar í einhverri geðvonsku leggi niður ríkisstofnanir eins og t.a.m. gerðist hérna með Þjóðhagsstofnun, og það sé mikilvægt að girt sé fyrir það. En það finnst mér eiga að vera á hendi löggjafans. Og þessi grein um að kveða á um sérstaka vernd fyrir ríkisstofnanir, finnst mér ganga allt of langt, því að þar er gert ráð fyrir að einfaldur meirihluti á Alþingi, geti samþykkt vernd fyrir tiltekna ríkisstofnun og starfsemi hennar, en svo þurfi  $\frac{2}{3}$  á Alþingi til þess að leggja hana af. Og þá getur maður hæglega séð fyrir sér að stjórnarmeirihluti á hverjum tíma, verndi sína uppáhaldsstarfsemi, og komi þannig í veg fyrir að andstæðingar sínir geti lagt viðkomandi stofnun fyrir. Og þannig getur maður séð fyrir sér að það safnist upp alls konar ríkisstofnanir, sem að illmögulegt verður að losna við. Og það finnst mér ekki sérstaklega hugguleg tilhugsun og því leggst ég gegn þessari grein. Takk fyrir.

SN

Mælendaskrá er lokað. Og Pawel er næstur. Gjörðu svo vel.

PB

Já, manni er svolítill vandi á höndum. Sko, ég tek nú að mörgu leyti undir flest af því sem bæði Eiríkur og Vilhjálmur hafa sagt, en hins vegar að þá er það þannig að þessi grein auðvitað í sinni upprunalegu mynd, þegar hún kom frá helstu tillöguflytjendum, var mjög löng og taldi upp nöfn fjölmargra ríkisstofnanna. Gerði ráð fyrir aðkomu m.a. að stofnun væri sett á fót, sem hafði verið lögð niður. Gerði ráð fyrir aðkomu forseta að þessu. Og þetta hefur auðvitað verið mildað töluvert og þrátt fyrir þessa augljósu vankanta sem er þarna á þó, og í þágu þess starfs sem hér er eða hefur verið unnið innan nefnda og í þágu sátta þá, mundi ég leggja til að ráðið féllist á þessa tillögu.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, gott ráðsfólk og aðrir sem mál mitt heyrið. Verkbeiðandi okkar er Alþingi. Inni í verklýsingunni er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis. Niðurstaða þjóðfundar. Ég lít ekki svo á að hér sé hætta á að einhver meirihluti þings fari að koma sér upp einhverjum svokölluðum „uppáhaldsstofnunum“. Í greinargerð verður væntanlega lýst nákvæmlega hvaða hlutverki þessar stofnanir eru, og fljótlega sést að þær eru tiltölulega fáar. Við erum hér að tala um fjölmiðlun, og það er kannski það sem vantar á í þessa stjórnarskrá okkar, að nógu vel sé frá því gengið, það er erfitt mál. Því að þar kreppir skóinn líka, og gerði í hrúninu. Hins vegar eru þessar stofnanir í raun og veru fjölmiðlar á sínu sviði. Þær eiga að hafa það hlutverk að veita borgurunum og ráðamönnum, upplýsingar, og þ.a.l. svipað aðhald, eins og fjölmiðlar veita, sem fjórða valdið og oft hefur verið kallað. Þess vegna tel ég þessa tillögu þarfa og mun styðja hana. Og ég held að þetta, eigi að vera hægt að ganga þannig frá hnútum að þarna verði ekki um einhverjar uppáhaldsgælustofnanir að ræða.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Ágætu ráðskonur og ráðsmenn. Ég vil nú nota tækifærið og byrja á að þakka stuðning við tillöguna sem var til umræðu áðan, og vona og er sannfærð um það sjálf, að það að sú ákvörðun að vísa henni til nefndar, var til stórbóta, því að greinin tók miklum breytingum, sem að allar voru til bóta að mínu mati. Og sama má segja um þessa grein. Ég var dálítið hugsi eftir þau orð sem féllu hér í gær, og meira en hugsi, ég var eiginlega dálítið miður mín, eftir þau orð sem féllu hér í gær, að við hefðum ekki í rauninni tekið á, eða samþykkt nein ákvæði, sem að svona, hafa gengið nafninu hrúnákvæði. Og ekki síst var ég hugsi eftir þá umræðu og þann tón sem var hér í þeirri umræðu í gær. En ég hugga mig við það og finnst kannski að við hefðum átt að standa okkur betur í því tillit ... en ég hugga mig við það að við erum þó, þrátt fyrir allt, að setja hér og samþykkja allskonar tillögur sem að ganga þó í þá átt að, ekki að taka á þessu í fortíðinni, en reyna allavega að hindra það í framtíðinni. Og þessi hér tillaga er ein af þeim. Ein fjölmargra sem að því, í þá átt hníga. Ég, sko, menn tala hér um gæluverkefni. Ég veit nú ekki hvort að, ... ég ætla mönnum nú það ekkert endilega að fara að standa í slíku. En það er alveg rétt sem að Eiríkur benti hér á, og reyndar já, maður getur stundum orðið hissa eftir á, og hugsað, af hverju datt mér þetta ekki í hug. Og það er þetta, að auðvitað væri ekki hægt að setja þær á stofn, heldur lýsa þær sjálfstæðar heldur, nema með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi. Mér finnst þetta alveg frábær tillaga og það er leiðinlegt að það skuli ekki vera hægt að ... bara bæta um betur, en ég vona að það sé hægt að hnykkja á því í greinargerð einhvern veginn, að það verði ekki vel liðið ef að gælustofnanir eru settar á stofn í löngum bunum. En ég skil ekkert í allri þeirri umræðu sem fór fram í B-nefndinni, að þeir ágætu menn Eiríkur og Vilhjálmur, skyldu ekki koma með þessa breytingartillögu þar, og leggjast þannig á sveif með okkur að gera þessa grein betri.

En hvet nú samt fólk eindregið til þess að samþykkja þessa grein, eftir sem áður. Takk fyrir.

SN

Þorkell Helgason. Gjörðu svo vel.

ÞH

Já góðir félagar. Enn og aftur. Þarna erum við í tímaþröng. Og alveg eins og Þórhildur sagði, ég held að við verðum að hafa hugrekki til þess að taka okkur einhvern tíma, til þess að laga svona nýja grein, sem við erum að sjá hérna í fyrsta sinn. Þetta er ný grein í stjórnarskrána, þetta er ekki einhver smá breyting á einhverri grein, sem að við erum búin að fjalla um. Ég lýsi mig eindregið fylgjandi því markmiði sem þarna er, en ég held að megi með lítilli vinnu, laga þessa hnökra, sníða af þessu hnökranum, eins og t.d. þetta sem Þórhildur er hérna, að reifa. Að það sé samræmi í þessu, með  $\frac{2}{3}$  á báðum stöðum. Þannig að þó það kosti að við þurfum að breyta starfsreglum, þá verður bara að fá að salta þetta mál til fyrramáls eða svo. Þannig að ef að það væri ekki gert, þá treysti ég mér ekki til að styðja þetta. Takk fyrir.



SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar, aðrir áheyrendur. Ég vil bara lýsa ánægju með þann mikla sáttahug sem hefur verið hérna á síðustu dögum í að finna lausn á bæði þessu máli og því sem við vorum að samþykkja um skipan í embætti. Og ég held að það sé alveg rétt sem að Þórhildur var að, eða allavega gefa í skyn, að með svona ákvæðum erum við að, kannski, frekar að fyrirbyggja nýtt hrún, frekar en að bregðast við því gamla. Og ég hvet alla til þess að greiða atkvæði með þessari tillögu eins og þeirri síðustu. Og ég held það sé ekki mikil hætta á því að meirihluti Alþingis fari eftir þeirri, ja, góðu skipan sem við höfum sett á í þingræðisfyrirkomulagi, með miklu aðhaldi á alla kanta. Ég held það sé ekki mikil hætta að minnihluti Alþingis, sem er að missa, kannski ríkisstjórnarmeirihluta, fari að koma á fót gælustofnunum, eins og það er nefnt, sem að síðan njóta verndar aukins meirihluta. En þetta var rætt þegar þetta ákvæði var smíðað í kringum helgina, endanlega ákveðið. Og þannig að það var alveg meðvitað að við sáum að það væri svona, fræðilegur möguleiki á þessu, en ég held að hann sé ekki raunhæfur, í okkar væntanlega kerfi. Takk.

SN

Andrés Magnússon. Gjörðu svo vel.

AM

Kæri formaður og félagar og áheyrendur. Ég held kannski í hita leiksins, að menn hafi ekki lesið ákvæðið alveg nógu vel, þegar þessi ótti kom upp um að ríkisstofnunum yrði mjög fjölgað. Það er nefnilega ekki verið að tala um allar ríkisstofnanir. Það er verið að einskorda þetta við mjög fáar ríkisstofnanir, eða aðeins þær, sem gegna mikilvægu eftirlitshlutverki, eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta er mjög þröngur hópur. Og þess vegna gilda ekki þessi rök um að þeim muni fjölga eins og gorkúlum. Nú, ef ákvæðið væri ekki  $\frac{2}{3}$ , nú þá er það bara eins og í dag. Og það gekk ágætlega að leggja niður óþekkar stofnanir, með einföldum meirihluta. Og þess vegna verður þetta að vera  $\frac{2}{3}$ . Og ég tek undir orð Þórhildar og fleiri, að við verðum að hafa eitthvað, sem girðir fyrir spillinguna. Og svo ég endurveki falleg orð frá Erni Bárði, að taka fyrir ásælni. Þannig að ég deili ekki áhyggjum Vilhjalms og Eiríks um að þetta sé, muni leiða til mikillar fjölgunar ríkisstofnanna, af því að það er verið að þrengja þær mjög með þessu ákvæði, hvaða stofnanna þetta nær til. Takk.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel. Þú ert næstur.

ES

Formaður, góðir ráðsfélagar. Það er ánægjulegt að þetta sé komið á koppinn, þessi tillaga, þó að hún sé dálítið langt frá því sem ég ætlaði í upphafi, þegar ég var að reifa hér mál um eftirlitsstofnanir, eftirlitshlutverk forseta Íslands, hann sé kominn frá því, en það er sama, tillagan er góð. Og hún er fengin eftir yfirlegu og samstöðu og umræðu, erfiða umræðu oft á tíðum, en meiri umræðu heldur en víða hefur farið fram. Og

ég vil bara nefna það að mér finnst ekki röksemdir Þorkels Helgasonar vega þungt í þessum efnun núna, þær eru heldur léttvægar, að við förum að fresta þessu máli. Og það er ekkert ósamræmi í því að það sé helm-ingur, eða meirihluti, sem að þurfi að fá til að samþykkja stofnun, þó að það séu  $\frac{2}{3}$  sem þurfi til að leggja hana niður, þegar reynsla er fengin. Og ég vara við þessum áróðri, að það sé hætta á því að hér komi ríkisstofnanir í bunu. Það gengur í fjölmiðlana, kannski, og óupplýsta umræðu, en það er ekki nein skynsemi í henni. Ég hvet menn til, ég fagna afstöðu eins og Pawel lýsti hér. Við höfum öll orðið að slá eitthvað af en við styðjum það sem upp er komið. Og þetta er góð tillaga, sem ber að styðja.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður, kærur félagar. Ég ... ætli ég falli ekki í hópinn sem að Erlingur var að lýsa, ég er nú reyndar ekki að reyna að halda því fram að sko, ríkisstofnunum muni eitthvað fjölga við samþykki þessa ákvæðis, en mér finnst vera opið þarna fyrir að ríkisstofnunum sem ekki er hægt að leggja niður, fjölgi. Og það er svona, þessi skilgreining er svolítið óljós á því, hvaða hlutverki þessar stofnanir þurfa að gegna til þess að þingið megi veita þeim þessa vernd, þannig að ég upplífi þetta svolítið svona eins og friðun ríkisstofnanna. Að þarna sé hægt að búa til stofnanir, sem að kannski einhverjir flokksgæðingar fá að stjórna, þó að auðvitað erum við að reyna að setja varnagla við því, að svoleiðis sé skipað í stjórnunarstörf hjá hinu opinbera. En þó að þessi tillaga sé orðin mun betri en hún var, þegar hún kom hérna fyrst, að þá er ég ekki alveg sannfærð ennþá, um að hún verði til bóta, og ég ætla þess vegna að sitja hjá við afgreiðslu hennar. En þakka fyrir góða vinnu og ég held að ef við hefðum haft nokkrar vikur í viðbót, að þá hefðum við getað landað mjög vandaðri tillögu þess efnis. Svo ég styð hugmyndina á bak við hana, en útfærslan er ekki alveg komin þangað, að ég treysti mér til að styðja þetta. Takk.

SN

Nú, þá er umræðu lokið um þessa breytingartillögu sem felst í því að setja inn nýja grein, sem er á þessa leið: Í lögum má kveða á um að tiltekna stofnanir ríkisins, sem gegna mikilvægu eftirliti eða afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru í lýðræðisþjóðfélagi, njóti sérstaks sjálfstæðis. Starfsemi slíkra stofnana verður ekki lögð niður, henni breytt að verulegu leyti eða fengin öðrum stofnunum, nema með lögum sem samþykkt eru með  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi.

Og við göngum til kosninga um þessa ... [ógreinilegt] jú, það er sem sagt, tillaga B-nefndar var að þetta væri aftast í Alþingiskaflanum, ef ég skil hérna tillöguna rétt, en við erum að taka hana hér fyrir aftast í Ríkisstjórnarkaflanum, af því að hún hefur yfirleitt verið tengd við skipun embættismanna. Er það ekki réttur skilningur, að það sé rétt staðsetning, eða?

KF

Jú, ég tel að það sé mjög eðlileg staðsetning. Þetta yrði þá gr. 97.

SN

Að hún verði þá gr. 97. Og við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa tillögu.

Ástrós, vantar Ástrósu? Þannig að við erum 24 í salnum, og það eru allir búnir að kjósa. Eigum við að biða aðeins, eða er hún að koma? Hinkrum aðeins. ... Nei hún er vant við látin. Þannig að við erum 24 í salnum, allir búnir að kjósa og þá eru úrslitin ... samþykkt með 20 atkvæðum, 1 sagði nei og 3 sátu hjá.

Þá tökum við hádegishlé til kortér yfir eitt. Takk fyrir, kærlega.

SN

Sæl aftur. Þá höldum við áfram fundi.

Og nú hefst umræðu um VI. kaflann, um Dómsvald. Og við tökum hann bara allan í heild, frá 97 til 104. Og tökum umræður um þessar greinar og Pawel Bartoszek byrjar. Gjörðu svo vel.

PG

Já, kæru vinir. Ég ætla að taka fyrir umræður um breytingartillögur við kafla um dómsmál, bæði frá nefndinni og síðan þær sem borist hafa okkur. Nú, þetta er kafli sem að stórum hluta kemur úr skýrslu stjórnlaganefndar, en greinarnar um dómsvaldið í núverandi stjórnarskrá eru fátæklegar. Þannig að með þessu er reynt að skjóta sterkari stöðum undir það ástand, sem er, í dómsmálum í landinu, og þá skipan sem hefur komið fyrir þar.

Nú, fyrsta grein kaflans, gr. 97 fjallar um skipan dómstóla. Gr. 98 fjallar um Sjálfstæði dómstóla og hún hljóðar svo í núverandi útgáfu: „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum. Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt eðli sínu heyra undir aðra valdþætti ríkisins.“ Hér stóð fyrir síðasta ráðsfund, „samkvæmt venju eða eðli sínu falla undir aðra valdþætti ríkisins“ en það var samþykkt breytingartillaga þess efnis að fella orðið venju á brott. Nú, nefndin tók þetta fyrir og efnislega, í ljósi þeirrar greinargerðar sem fylgdi með tillögunni, þá þýðir þetta það, að verið er að taka fyrir m.a. það þegar að Hæstiréttur t.a.m. skipar menn, eða sem sagt tilnefni menn sem ráðherra síðan skipar, í ýmsar úrskurðarnefndir, bara ... á lista hérna sem ég fann er t.d. úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, áfrýjunarnefnd samkeppismála, úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingu Íslands, úrskurðarnefnd Almannatrygginga, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, úrskurðarnefnd fæðingar- og fæðingarorlofsmála, svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru nokkrar af þeim úrskurðarnefndum sem Hæstiréttur tilnefnir menn í. Svona fljótt á titið þá virðist þetta vera, sem betur fer, á undanhaldi og sú skoðun sem kemur fram í ráðinu, enda var þessi tillaga samþykkt með 9 atkvæðum gegn 8, og 7 sátu hjá, lýsir því að innan ráðsins er ákveðinn vilji til þess að minnka þennan ósið, eins og flutningsmaður kallaði. Hins vegar þá taldi nefndin ekki rétt, að þetta mundi vera, svona einhvers konar minniháttar risabreyting. Þetta kannski skiptir ekki sköpum fyrir dómskerfið í heild sinni en mundi kalla á breytingar á mjög mörgum lögum. Og við erum sam-mála markmiðinu en teljum kannski að þarna sé gengið aðeins of langt og stigið aðeins of stórt skref í einu. Þess ber að geta að í umsögnum með þessari grein sem komu fram mjög fljótlega eftir að hún var sett fram, þá með orðunum bæði „eðli og venju“, frá Ragnhildi

Helgadóttur, þá kom sú skoðun hennar að greinin væri hugsanlega óþörf, í ljósi þess að þetta félli undir aðra grein stjórnarskrárinnar, þ.e.a.s. þar sem segir „að dómstólar fari með dómsvald“, og inni í því felst þá það að þeir eiga ekki að fara með annað vald. Við gerum það því að tillögu okkar að allur málsliðurinn falli brott og eftir standi einungis málsliðurinn: „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.“ Og hins vegar að verið hnykkt á því í greinargerð í ljósi þess vilja sem er í ráðinu, að dæmi um þess sem ætlast er af með slíku sjálfstæði, og þetta er nýr málsliður sem kæmi í stjórnarskrána, væri t.d. að það væri minnkað eða tekið fyrir það að dómstólar skipi, eða öllu heldur tilnefni menn í ýmis úrskurðarráð, eins og gert er í dag.

Þannig að þetta mundi vera tillaga nefndarinnar, að gera þetta með þessum hætti og við teljum að öll greinin væri sterkari fyrir vikið, ef að þarna stæði einungis „Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.“ Það er þá ekki inni málsliður sem sérstaklega tilgreinir mögulegar undantekningar á greininni um að megi færa dómstólum eitthvað annað vald en hins vegar er ekkert tekið sérstaklega fyrir það. Þá er, eins og ég segi, þá ætti þetta bara að leiða af annarri greininni. Nú, í öðru lagi þá kom fram breytingartillaga frá Þórhildi Þorleifsdóttur, Gísla Tryggvasyni og Illuga Jökulssyni um sjálfstæðan endurupptökudómstól. Þetta er brtt. við 100. gr. um Hæstarétt Íslands, sem hljóðaði svo: „Með lögum skal þó komið á sjálfstæðum endurupptökudómstól sem leysir endanlega úr því hvort dæmt mál skuli taka upp að nýju samkvæmt nánari skilyrðum í lögum. Auk skipaðra dómara úr mismunandi dómstólum skulu dómendur vera einstaklingar sem ekki hafa verið skipaðir dómara. Öðrum sérdómstólum verður ekki komið á.“ Nefndin taldi ekki ástæðu til þess að gera þessa tillögu að sinni, í ljósi þess hve seint hún er komin fram og hefur ekki getað fengið neina umsögn utanfrá. Þarna væri auðvitað verið að koma á fót nýjum dómstól, sem við teljum ekki að sé, svona okkar ástæða, hlutverk að gera, en þessarar breytingartillögu eins og annarra verður auðvitað getið í greinargerð. Og það er ekkert sem, í sjálfru sér, kæmi í veg fyrir að slíkum endurupptökudómstól væri komið á, en þó reyndar miðað við orðanna hljóðan, þá gætu úrskurðir hans hugsanlega ekki verið endanlegir. En við leggjum til að þessari tillögu verði hafnað.

Nú, í þriðja lagi, og hér er hugsanlega, vel að merkja, um að ræða þá breytingartillögu við öll frumvarpsdrögin, sem gengur eitthvað lengst af þeim sem hafa verið ræddar hér, allavega í dag. Og hún lýtur að 103. gr. um Lögspurningu til Hæstaréttar, sem hljómar í dag: „Þingnefnd, þriðjungur þingmanna, ríkisstjórn, sveitarstjórn eða forseti Íslands geta vísað til Hæstaréttar að dæma hvort lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá.“ Nú að fengnu álit Eiríks Tómassonar, sem gerði tvö atriði í okkar drögum að hlutum sem hann taldi vera þess eðlis að þar væru á ferðinni alvarlegir meinbugir á frumvarpsdrögunum. Fyrsta laut að löggjafarvaldi, að það væri fært að einhverju leyti úr höndum Alþingis. Og seinna laut að þessu tiltekna atriði, þessari lögspurningu, sem talið er á að sé hætta að með þessu geti Hæstiréttur orðið vígvöllur hugsanlega, pólitískra átaka, og þar sé því ekki endilega hætt..., sem sagt, það sé þá hugsanlega hætta á því að þangað veljist menn meira eftir þeim línunum og sjálfstæði hans sé að

einhverju leyti ógnað. En þetta var talin ... það voru þung rök í álit Eiríks, sem allir ráðsfulltrúar geta lesið. Þess ber hins vegar að geta, að auðvitað eru skoðanir manna og þeirra álitsgjafa sem við höfum leitað til, ekki allar á einu máli. Til dæmis telur Ragnhildur Helgadóttir að þetta geti gengið upp, en þurfi að vanda mjög vel til verks. Í umsögn dóms, að öllu heilli, innanríkisráðuneytis er svipað upp á teningnum. Þar er sagt að þetta sé, yrði mikil breyting á dómskerfinu, þetta sé hægt en þurfi að vanda mjög til verks, ef þetta á að geta gengið upp. Við, og forsætisráðuneytið var nú helst með þær athugasemdir að, sem var svipaðs eðlis, en reyndar bætti við hvort að ekki gæti verið hægt að athuga hvort Alþingi sé að brjóta stjórnarskrá með athöfnum eða athafnaleysi sínu. Nú, við lítum svo á að þær greinar sem þegar eru í stjórnarskránni, um Lögréttu, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, og ráðherraábyrgð, þær síðari tvær eru greinar nr. 63 og 95, þær taki að stærstum hluta á öllum þeim verkefnum sem í dag er lýst í greinum um lögspurningu, þ.e.a.s. Lögrétta gefur ráðgefandi álit um það hvort lög, sem sagt lagafrumvörp, standist stjórnarskrá eða ekki. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd getur kannað hvort athafnir ráðherra eða stjórnarsýslu, sem sagt, standist lög. Og hún á að krefjast slíks að frumkvæði þriðjungs þingmanna. Og það er sérstök grein um ráðherraábyrgð sem tekur á þeim málum. Að lokum, þá teljum við að þessi brottfelling, þrátt fyrir að hún kunni að þykja róttæk, styrki skjalið í heild sinni, án ... sem sagt, þessi breyting, ef við myndum láta hana ná fram að ganga, að halda þessu óbreyttu, mundi fela í sér miklar breytingar á núverandi ástandi, þ.e.a.s. núverandi dómkerfi sem við búum við. Þetta er ekki í samræmi við norræna lagahefð, þó reyndar í Svíþjóð getur hæstiréttur, sé hægt að spyrja hæstarétt ráðgefandi spurninga, en ekki bindandi. Þetta er ekki tillaga stjórnlaganefndar, eða neins þess fræðimanns sem fyrir stjórnlaganefnd, sem skrifaði í þá skýrslu. Og við hygjum að á þessari stundu, þá sé þetta ekki nægilega vel undirbúið og hugsað til enda til þess að við getum staðið við þetta af heilum hug. Ég ítreka það að ég hugsá að, svona, Lögrétta tryggir til frambúðar allt það helsta sem við ætlum okkur að ná fram hvað laga-setningu varðar með þessu ferli, og í ljósi þess að við höfum verið að, á öðrum stöðum, að fjarlægja svona, ýmsar hindranir og bremsur á lagasetningarferli, t.d. með því að taka burt þriðjung þingmanna. Þá muni þau úrræði sem eru fyrir í hendi duga, og við leggjum því til að þessi grein falli á brott. Takk.

SN

Gísli Tryggvason er næstur á mælendaskrá. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég vil þakka formanni C-nefndar fyrir málefnalega og greinargóða framsögu um þessar breytingar. Ég ætla að víkja að nokkrum þeirra. Í fyrsta lagi erum við Illugi og Þórhildur sammála um að draga til baka tillögu okkar um sjálfstæðan endurupptökudómstól, enda kom hún eiginlega allt of seint fram hjá okkur. Í öðru lagi vil ég fagna þeim orðum Pawels hér áðan að markmiðið sé eiginlega að það sé tekið undir með markmiðið með öðrum málslið 98. gr., eða þeirri breytingartillögu sem

ég fékk samþykkt hérna naumlega á síðasta fundi. Með því að fella burt málsliðinn „dómstólum verða ekki falin störf sem að samkvæmt eðli sínu heyrar undir aðra valdþætti ríkisins, en setja markmiðin sem að ég vildi ná fram með breytingartillögu um að fella brott „venju“, þá nást þau kannski að einhverjum hluta, enda vitnaði Pawel m.a. í mig um að þetta væri ósiður, þ.e.a.s. að löggjafinn fæli Hæstarétti í svo ríkum mæli sem gert hefur verið á áratugum, að fela honum að tilnefna oddamann eða oddamenn í sjálfstæða úrlausnaraðila, úrskurðarnefndir og þ.u.l. En með því að það er tekið undir þetta í bæði framsögu hans og væntanlega þá ennþá skýrar í greinargerð, að þá felli ég mig við þetta. Enda fór þetta nú naumlega og var kannski ekki nægilega rökrétt á síðasta fundi, þó að þetta hafi reyndar komið fram skýrt í máli mínu strax í vor, þegar við vorum að fjalla um dómstólakafana, að þennan ósið ætti að afleggja, að fela Hæstarétti svona stjórnarsýsluhlutverk eins og að tilnefna úrskurðaraðila. Nú þá vil ég vekja athygli á að í tillögum í frumvarpinu er ekkert ákvæði um að hæstaréttardómarar geti sagt af sér á fullum launum, eins og nú er, þegar þeir verða 65 ára. Og ég vil vekja athygli á skýrum ummælum í greinargerð sem segir um þetta: „Heimild til þess að veita hæstaréttardómurum lausn 65 ára, þannig að eigi missi þeir neins af launum sínum, er afnumin og gilda því eftirleiðis almennar reglur um starfslok og eftirlaunaréttindi hæstaréttardómara.“ Þetta er stór breyting sem rétt er að vekja athygli á. Ég tel að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar um að veita megi hæstaréttardómurum lausn eftir 65 ára aldur, hafi verið misnotað, til mikils skaða fyrir sjálfstæði dómstólanna. Ég tel að framkvæmdarvaldið hafi túlkað þetta ranglega, með því að veita hæstaréttardómurum þvílík forréttindi sem að ekki eru á allra vitorði, en verða það vonandi núna. Og verða vonandi úr lögum þegar þessi tillaga okkar verður að stjórnarskrá. Ég vek athygli á því að fyrirmyndin er úr einveldis... eða sem sagt stjórnarskrá Dana frá 1849, en strax árið 1933 afnámu Danir þessi forréttindi hæstaréttardómara, og 1953 breyttu þeir stjórnarskránni. Þannig að ég vona að það verði lýðum ljóst að hæstaréttardómarar sem aðrir eiga að búa við almenn lífeyrisréttindi, sem eru þó ekki almennari en svo að þau eru auðvitað skv. sérstökum lögum um þá og fleiri. Nú, þá vil ég vekja athygli á mínum mótrökum við því sem að kom fram í máli Pawels, einkum með tilvitun í Eirík Tómasson prófessor, sem kom á fund okkar fyrir nokkrum vikum og lýsti þeirri skoðun að 103. gr. sem nú er, eigi ekki erindi í stjórnarskrá, þ.e.a.s. um að tilteknir aðilar, þingnefnd, þriðjungur þingmanna, forseti Íslands geti vísað til Hæstaréttar að leysa úr hvort að lög, stjórnarathafnir eða athafnaleysi stjórnvalda samrýmist stjórnarskrá. Á síðasta ráðsfundi var reyndar samþykkt tillaga frá mér um að bæta í þennan hóp ríkisstjórn, og sveitarstjórn, og ég var tilbúinn að bakka með það að það væru þó landssamtök sveitarstjórna. Og eins og Pawel nefndi þá er forsætisráðuneytið, gerir það ekki athugasemd við þetta en vildi gjarnan hafa, ja eiginlega, ríkisstjórnina inni í þessu. Nú mótrök mín eru þessi helst, að ég tel það ekki rétt hjá Eiríki Tómassyni, þó að hann sé mætur prófessor og lærifaðir minn, að það sé eitt-hvert ósamræmi í þessu, með tillögu okkar um þetta og Lögréttu. Í fyrsta lagi var ég nú flutningsmaður þessarar tillögu í vor, og sat þó í B-nefnd sem fjallaði

um Lögréttu, vikurnar á eftir. Þannig að við höfðum algjörlega í huga að það væri samræmi þarna á milli. Og töldum, að mínu mati, að í góðu lagi væri að hafa neyðarventil hjá Hæstarétti, þó að Lögrétta sé auðvitað aðalvettvangurinn til þess að laga til lög þannig að þau stangist ekki á við stjórnarskrá. Þannig að þetta var ekki ómeðvitað, og ekki ósamræmi. Nú þá er þetta ekki ný athugasemd frá Eiríki, en þegar hún kom fram munnlega þá var henni hafnað, og engu breytt. Þannig að mér kom spánskt fyrir sjónir þegar skriflegt álit um það sama hafði þessi skyndiáhrif, nú fyrir nokkrum dögum.

Nú, í fimmta lagi tel ég fulla ástæðu til þess að, í ljósi sögu okkar, að hafa bindandi úrlausnarheimild hjá Hæstarétti, frekar en einhverjum sérstökum dómstól, um stjórnskipulegt gildi laga, án þess að reynt hafi á það í konkret máli.

Í sjötta lagi tel ég 63. gr. frumvarpsins um Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, ekki ná sama markmiði, eins og heyrst hefur hjá sumum andmælendum. Enda er þar um pólitíska rannsókn að ræða, en hér er um lögspurningar að ræða. Í sjöunda lagi var það sérstaklega ákveðið í B-nefnd að lækka það hlutfall þingmanna, úr þriðjungi í fimmtung, sem gæti spurt Lögréttu, vegna þess að það var talið, einmitt betra samræmi að aðeins færri gætu spurt Lögréttu, heldur en þeir fleiri sem gætu spurt Hæstarétt. Nú þá kom fram í máli Pawels hér áðan, að doktor Ragnhildur Helgadóttir sá ekki meinbugi á þessu og hún er fremsti sérfræðingur landsins í þessu máli og á mörgum sviðum stjórnskipunarréttar, en hún skrifaði sína doktorsritgerð um endurskoðunarvald dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga. Nú loks stent í áttunda lagi ekki sú forsenda Eiríks Tómassonar, um að Lögrétta komi í stað lögspurninga til Hæstaréttar, vegna þess að í tillögu hans og tillögu stjórnlaganefndar, eins og ég skildi hana, var gert ráð fyrir að Lögrétta hefði að hluta til, bindandi áhrif, þ.e.a.s. að úrlausn Lögréttu væri bindandi fyrir handhafa ríkisvalds. Þar sem að B-nefnd hafði engar spurnir af þessu álit sem kom fram fyrir nokkrum dögum, þá var engin tillaga gerð um þetta, þannig að Lögrétta hefur einungis ráðgefandi hlutverk, þannig að forsendur þessa mæta prófessors standast ekki. En hann gerir ráð fyrir að það sé betra að hafa svona, hálfbindandi Lögrétta-úrlausn, heldur en bindandi úrlausn Hæstaréttar. Í níunda lagi höfum við fjallað mikið um það hér, m.a. vegna tillögu sem Þorvaldur Gylfason var fyrsti flutningsmaður að, að brot á stjórnarskrá ættu að hafa einhver viðurlög í för með sér, eða í rýmri skilningi réttara sagt, afleiðingar. Og þessi afleiðing sem að það átti að geta haft að bera undir Hæstarétt spurningar um hvort eitthvað standist stjórnarskrá, voru að mínu mati langbestu afleiðingarnar af því, þ.e.a.s. þarna er ákveðið aðhald fyrir handhafa ríkisvalds. Í ... já, ég er alveg að verða búinn ... Í tíunda lagi tel ég að það séu ekki veigamikil rök hjá prófessor Eiríki Tómassyni að Hæstiréttur muni dragast inn í pólitísk átök. Lögspurningar eru fyrst og fremst lögfræðilegar og ég held að flestir myndu sjá í gegnum það ef að þær yrðu misnotaðar til þess að koma á pólitískum óstöðugleika eða einhverju líku. Og loks nefndi Pawel það í sinni framsögu núna áðan, að þessi breytingartillaga kemur mjög seint fram og er sennilega sú afdrifaríkasta sem að komið hefur fram í ráðinu, við seinni umferð. Þannig að það finnst mér

vera sérstök rök gegn því að samþykkja hana nú. Enda er þetta það ákvæði sem hefur staðið hvað lengst, og að mínu mati mjög vel rökstutt og vel hugsað í vor, þegar við tókumst á um það hvort ekki væri rétt að hafa einnig bindandi úrlausnaraðila auk Lögréttu. Og loks í tólfta lagi, sem að Pawel nefndi, forsætisráðuneytið sjálfst gerði ekki athugasemd við þetta. Þannig að ég vil hvetja ráðsliða til þess að standa við fyrri ákvarðanir um það sem að stóð í áfangaskjalinu í marga mánuði, síðan í maí. Takk.

SN

Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, ég þakka Gísla kærlega fyrir. Ég held að þetta sé mjög nauðsynleg umræða og ég hvet alla ráðsliða til þess að huga vel að því hvernig við greiðum atkvæði í þessu máli, þetta er ekki ein af þessum ..., þar sem við bara ýtum á einhvern takka, sko. Það verður að hafa ... Þetta er mjög stórt atriði sem við erum að fjalla um. Mig langar að segja reyndar fyrst, að mér er það að mörgu leyti þungbært, að standa að þessari tillögu. Vegna þess að það er nákvæmlega rétt sem Gísli sagði, að þessi tillaga, í einhverri mynd, hefur legið fyrir í langan tíma. Hún hefur farið víða og fengið ýmis álit, oft þess efnis að þetta gengi, svona hugsanlega, en þyrfti að huga vel að þessu.

Sú niðurstaða sem ... það álit sem kom til okkar snemma í þessari viku, notar orð eins og „háskaleg ráðagerð.“ Það er einfaldlega ... það er álit allavega þess ræðumanns sem þar talar, að um háskalega ráðagerð sé að ræða. Og það er einfaldlega eitthvað sem mér finnst erfitt að standa að. Ég kannski hef ekki sérfræðipækkingu til þess að tala gegn þessum rökum, en ég tek mark á þeim þegar þau koma. Nú, mig langar þá líka að taka fram í ljósi þess að hér er rætt um það að þessi tillaga komi mjög seint fram, að mér kannski veldur það dálitlum vonbrigðum í því ljósi, að ábendingar koma frá fulltrúa sem lagði fyrir á seinasta fundi, tillögu sem gjörbreytti eðli þessa fyrirbæris sem við vorum búin að samþykkja, þ.e.a.s. fjöldi aðila sem gat skotið málum til Hæstaréttar, borið upp lögspurningu, þeim var fjölgað úr tveimur í svona 80, með því að leyfa sveitarstjórnnum að spyrja lögspurninga. Þannig að það var ... úr því að breyta þessu, sem algjörum neyðarventli á þinginu, gegn einhverju sem getur komið í veg fyrir slys í lagasetningu, þá var verið að færa öllum sveitarstjórnnum í landinu það vald til þess að spyrja. Og allar sveitarstjórnir á landinu eru auðvitað, hafa ólíkan pólitískan bakgrunn, þannig að það er ljóst að hvaða umdeilda mál sem er, getur lent fyrir Hæstarétti með þessum hætti. Og í þeirri útgáfu er það auðvitað sem þessi fræðimaður og aðrir lesa það, og veita umsagnir á þeim forsendum. Kannski mundi það sleppa án þess, en ég held nú samt að frumforsendan sé reyndar einfaldlega bara sú að það eru efasemdir uppi að slíkar spurningar séu góðar. Sko, varðandi, bara svo það komi fram, álit sko, Lögrétta eða Stjórnlagaráð, eins og það hét í tillögum stjórnlaganefndar, gekk skemur heldur en þær tillögur sem nú liggja fyrir, þ.e.a.s. það voru fleiri þingmenn sem þurftu að bera upp spurninga. Og það var einungis tekið fram að væri ráðgefandi. En í okkar tillögum þá hefur þetta ákveðin, svona, frestunaráhrif, þ.e.a.s. það er í fyrsta lagi færri

þingmenn og í öðru lagi þá er ekki hægt að afgreiða frumvarp fyrr en álit Lögréttu liggur fyrir. En tillaga stjórnlaganefndar gerði ekki ráð fyrir að álit Lögréttu væri bindandi fyrir Alþingi. Þannig að við göngum ívið lengra heldur en tillaga stjórnlaganefndar, en ekki t.d. eins langt og upprunalega tillaga Eiríks Tómassonar gerði ráð fyrir. Bara svo að það sé á hreinu. En ég þakka Gísla kærlega fyrir málefnaleg og góð rök, og ég ítreka það að það er kannski ekki með glöðu geði sem þetta er lagt fram. En ég hef samt djúpa tilfinningu fyrir því að þetta styrki heildarásýnd þess skjals sem frá okkur kemur og það var meirihluti ... eða ég svona, ... skoðun um það að það væri nú víðtæk sátt um þessa niðurstöðu innan C-nefndar. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, formaður, ráðsfolk og aðrir. Þess ber að geta að Gísli kom á fund, ekki nefndarinnar beint, heldur í lokin þarna, eða við hittum hann, ég og Pawel, og hann var búinn að fallast á það að þetta yrði bara einn aðili en ekki sjötíu og eitthvað, þ.e.a.s. heildarsamtök sveitarfélaga. Nú er nefnilega komið að því að við höfum ekki stjórnað þessari atburðarás, við höldum að þetta væri allt í lagi. Við áttum ekki von á neinni alvarlegri ábendingu þó þetta væri álitamál. Og nú kemur hún fram svona seint í ferlinu. Maðurinn notar „háskalegt“ og við skulum taka eftir því, að hann er að hugsa um starf sem hann er búinn að sækja um og búið er að ráða í, þ.e.a.s. að verða hæstaréttadómari. Honum óar við því að þetta gangi í gegn, sennilega á skökkuum forsendum, af því það voru ekki heildarsamtök. Ég veit það ekki. Nú er bara of seint að fá að vita það hvort hann myndi samþykka þetta ... eigum við að fara að hringja í Eirík Tómasson og segja, myndirðu frekar fallast á þetta ef þetta væru heildarsamtök sveitarfélaga. Það er bara orðið of seint. Og nú verð ég bara að segja eins og Harley Earl sem ég minntist á hér í stefnuræðu minni: „Go all the way, then back off“. Við neyðumst til þess að bakka tilbaka, ef við erum ekki alveg 100% örugg á því hvað við erum að gera. Maðurinn er náttúrulega að sækja um starf, hann bendir á tvö alvarleg atriði, sem þurfi að laga. Við erum búin að laga annað þeirra. Um hitt notar hann „háskalegt“, af því að honum óar við því að fara í starfið með þessar reglur. Og nú er bara orðið of seint ... Ég verð því að standa við þessa afgreiðsla C-nefndar, þó að ég skilji vel hugsun Gísla, og virði hana að fullu. Takk.

SN

Við skulum nú ekki vera að gera ..., eða spá í það hvað hefur legið að baki þess sem fólk hefur sagt í álitum til okkar, en næstur er Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já, ég tek undir þau orð formanns. Ég hef miklar mætur á Eiríki Tómassyni og hef átt mjög gott samstarf við hann, bæði á fræðilegum grundvelli og öðrum. Hann hins vegar tekur fram í sínu álitu að því miður gefist honum ekki tími til þess að rökstyðja þessa skoðun sína nánar, og það er náttúrulega af því að við gerðum það í ráðinu, að mínu mati, allt of seint að

leita til fræðimanna. Það hefði verið hægt að gera það fyrr í þessu tilviki. Sérstaklega í ljósi þess að hann hafði lýst svipaðri skoðun áður. En eins og Pawel vék að, var það auðvitað misráðið hjá mér að leggja til að sveitarstjórnir sem eru ennþá 76 í landinu, voru fyrir nokkrum árum tvö hundruð og eitthvað, skyldu allar fá sjálfstæðan rétt til þess að spyrja lögspurninga, og þess vegna var það gott að Ómar minnti á að ég var sjálfur tilbúinn að fækka þessum aðilum um 75, þ.e.a.s. að landssamtök sveitarfélaga saman, gætu spurt vegna brýnna málefna sveitarstjórnarstigsins. Þannig að þá eru þetta nú ekki nema fimm aðilar. Þrír voru þeir upphaflega, einn bættist við, ríkisstjórnin, að beiðni forsætisráðuneytisins eiginlega, eða já, í álitu var ýjað að því. Og síðan eru það landshlutasamtök sveitarfélaganna, þannig að þetta er nú ekki stór breyting. En eins og ég vona að þið hafið áttað ykkur á, af því ég hef nú, það eru nú orðin tvö og hálf ár síðan ég lagði fyrst til að Stjórnlagabing yrði kallað saman, þá mun ég að sjálfsögðu, þrátt fyrir nafnið, ekki taka stjórnarskrána í gíslingu vegna þessa ... þó að ég tapi þessum kosningum, en ég er ekkert viss um að ég geri það. Takk.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Já okkur er hér augljóslega vandi á höndum og reyndar ekki sá fyrsti og ekki endilega sá síðasti. En það sem við erum að reyna að gera er að semja heilsteypa og trausta stjórnarskrá sem að hlýtur brautargengi hjá þingi og þjóð. Og við erum að reyna að bæta hana eins mikið og við ráðum við. Og þegar ég segi ráðum við, þá er það kannski tvennt sem öðru fremur setur getu okkar takmörk. Það er annars vegar sá skammti tími sem við höfum, og hins vegar það að við erum ekki með mjög mikið af sérfræðingum og stjórnarskrárgerð er mjög flókið mál, þannig að við þurfum að leita okkur álits og álits verður ekki leitað fyrr en við erum með til-  
tölulega skýrar línur og ... Í þessu tilfelli þá erum við að vísu búin að vera með skýrar línur í þessu ... í 103. gr. allengj, en það hafa verið að þróast aðrir þættir í stjórnarskránni, sem að koma að vissu leyti í staðinn fyrir, eða geta mildað það sem að lögspurningunni er ætlað að gera. Og það er eins og Pawel hefur nefnt, það eru bæði lög um, eða öllu heldur stjórnarskrárgrein um ráðherraábyrgð. Og það er síðan eftirlitsnefnd. Og það sem að í raun og veru held ég að standi eftir sem vandamál, óleyst, er kannski aðallega það að úrskurða um stjórnskipulegt gildi laga. Nú erum við að setja stjórnarskrá til langs tíma og við bindum þar vonir við Lögréttu að stjórnskipulegt gildi laga muni, svona, í komandi lögum ekki vera vandamál en hætt er við að einhver lög kunni að vera sem að ekki uppfylla þessi skilyrði, þó að það ætti auðvitað ekki að vera. Því er freistandi, þó að ég skilji vel sjónarmið Gísla, þá er freistandi að reyna að leysa málið með því að fella þetta niður, horfandi á það að stór hluti af vandamálinu má leysa öðruvísi, og taka þar með minni áhættu, svona, að því er varðar traustleika og framgang stjórnarskrárinnar. Það hafa komið til okkar, auðvitað, ábendingar um það að eftirlitskerfið sé orðið kannski óþarflega flókið og þetta er náttúrulega hluti af því. Þess vegna að þá sé ég mér nú ... ég stóð að þessari tillögu og að sjálfsögðu stend með henni, en ég veit ekki hvort

ég á að biðja Gísla afsökunar á því hvernig þetta hefur til tekist hjá nefnd C, en við reynum á hverjum tíma að gera það sem okkur þykir skynsamlegast og skást í ljósi fyrirliggjandi aðstæðna. Og niðurstaða okkar, eftir síðasta fund í nefndinni, eða næstsíðasta, var að skásta leiðin út úr þessu væri að draga þessa grein alveg út úr stjórnarskránni. Takk.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk kærlega. Ég ætla nú svona bara að taka undir með samnefndarmönnum mínum úr nefnd C. Gísli bendir á mörg ótrúlega góð rök fyrir því af hverju við ættum að halda greininni. Þetta er hins vegar ein sú greina sem að ég var kannski frá upphafi, svona mest í vafa með, af því að við kannski vissum ekki alveg hver áhrif hennar hugsanlega yrðu á íslenska dómskerfið. Það er auðvitað mikilvægt að hægt sé að fara yfir, sko, lög og meta það hvort þau samræmist stjórnarskrá, þrátt fyrir að það sé ekki krafa um svokallaða lögvarða hagsmuni, það er að, sem sagt, það þurfi ekki endilega að reyna á lögina í sérstöku dómsmáli heldur að það megi skoða það óháð því. En svo eru líka náttúrlega sum lög þannig uppbyggð að á þau geti ekki reynt fyrir dómstólum af því að þau eru ekki þannig úr garði gerð að lögvarðir hagsmunir einstaklinga eða lögaðila geti komið til skoðunar vegna þeirra. Á það ber hins vegar að líta að þar erum við komin með Lögréttu. Og til Lögréttu getur leitað, sem sagt, 1/3 þingmanna eða fimm tungur þingmanna, og getur óskað eftir skoðun hennar á því hvort frumvarp til laga samræmist stjórnarskrá. Og svo eins og búin er að benda á að þegar að komið er að athöfnum eða athafnaleysi stjórnvalda, að þá erum við komin með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Og ef að hún verður vör við stjórnarskrárbrot eða lagabrot af hálfu ráðherra, þá getur hún einnig kallað á að skoðið verði hugsanleg ráðherraábyrgð, eða sem sagt, brot ráðherra á reglum um ráðherraábyrgð sína og ákvæðum stjórnarskrár.

Sko þetta er rosalega erfitt mál. Og við erum náttúrlega hérna að kveða á um gríðarlegt nýmæli. Markmiðið með greininni, eins og hún var upphaflega, fyrir breytingu á síðasta fundi okkar, var einkum það að styrkja eftirlitsvald þingsins með stjórnvöldum. Og þegar við erum að tala um stjórnvöld, þá erum við að tala um framkvæmdarvaldið. Með því að gera breytinguna á greininni, sem Pawel vísaði til, að færa þar inn ríkisstjórn og sveitarstjórn eða hvort sem það yrði samtök sveitarstjórna, þá erum við búin að færa þetta líka í hendur, sko, sjálfrá stjórnvalda, eða sem sagt framkvæmdarvaldsins sjálfs. Og það hefur breytt svolítið eðli þess sem að greinin fól í sér í upphafi. Og það er auðvitað það sem við verðum líka að skoða aðeins. Og fyrir mig, þá þykja mér þær athugasemdir sem við höfum fengið, saman leiða til þess að ég sjálf, tel mig ekki ... treysti mér ekki til að styðja greinina í þeirri mynd sem hún er.

Nú, hér hafa komið til tals athugasemdir, annars vegar frá Eiríki Tómassyni, sem að gerði við þetta einhverjar athugasemdir fyrir svona sirka mánuði síðan, munnlega, en svo fáum við núna skriflega athugasemd frá honum, bara fyrir nokkrum dögum. Einnig hefur verið nefnt hérna álit frá Ragnhildi Helgadóttur, sem

að, eins og Pawel greindi frá, sagði að vissulega væri þetta vandmeðfarið úrræði, þó hún gagnrýndi það kannski ekkert í heild sinni, og kannski sagði ekkert endilega hvað henni þætti um það, svona, þetta myndi alveg passa lögum samkvæmt. Og lagalega væri þetta allt í góðu lagi. Hún benti hins vegar á að, sem sagt, til skoðunar þyrfti að koma hvernig hæfisreglum yrði háttáð, ef að dómari hefði hugsanlega tekið þátt í máli, sem sagt, í lögspurningu, hvernig hæfi hans yrði háttáð síðar í dómsmáli, þegar að sömu lög, eða sömu greinar eða ákvæði væru til skoðunar. Þannig að við það að fá svo annað álit, sem að er jafnvel mjög sterkt orðað, og eins og hér hefur verið nefnt, þá var það einmitt, eins og bent hefur verið á líka, að nefnd C var einróma í þeirri afstöðu sinni að leggja til þetta brottfall. Eitt enn sem mig langar að nefna. Þegar að greininni er breytt og sveitarstjórnir eða fulltrúar sveitarstjórna eru komnir þarna inn, þá er að líta á það að þessir aðilar geta farið hefðbundna dómstólaleið. Þeir geta einnig, nú potað í fimmtung þingmanna og óskað eftir því að þeir kalli á að lög eða frumvörp til laga verði skoðuð eða þriðjungur þeirra banki í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Annað sem að verður að líta á líka, er að sko, ef fulltrúar sveitarstjórna eru komnir þarna inn, að þá erum við með hagsmunasamtök sem starfa ekki, sem sagt, á grundvelli laga, þetta eru sjálfstæð samtök. Og þá kemur til skoðunar staða annarra hagsmunasamtaka í samfélaginu sem spila mikilvægt hlutverk. Og þá t.d. á ég við aðila vinnumarkaðarins og þá svona er eðlilegt að skoða hver þeirra staða væri, með hliðsjón af stöðu þessara hagsmunasamtaka. En ég bara vildi velta upp þessum atriðum og ég er sammála Pawel, þetta er auðvitað erfitt að leggja þetta til, en svona með hliðsjón af stöðunni, að þá ætla ég að standa með þessu, sem sagt breytingartillögu nefndar C. Takk.

SN

Já, þá hefur umræðu verið lokið um þessar greinar. Og við tókum þá greinarnar í VI. kafla um dómssvald til afgreiðslu. Og byrjum á 97. gr. Skipan dómstóla. Og hún hljóðar svona:

„Skipan dómstóla, þar á meðal dómstig og fjöldi dómara, skal ákveðin með lögum.“

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um 97. gr.

Og þetta er samþykkt með samhljóða atkvæðum, 24.

Þá er það 98. gr. Sjálfstæði dómstóla. Og það er fyrst breytingartillagan við þá grein, en nefndin leggur til að síðari setningin: „Dómstólum verða ekki falin störf sem samkvæmt eðli sínu heyra undir aðra valdþætti,“ að þessi setning falli út, eða falli niður. Þá göngum við til atkvæðagreiðslu um breytingartillöguna, um að þessi setning falli út.

23, einn eftir. Og þessi breytingartillaga er samþykkt með 22 atkvæðum, 1 er á móti og 1 situr hjá.

En breytingin hefur þá verið samþykkt og þá ber ég upp tillöguna með breytingu, eða breytta. Og þá hljóðar 98. gr. svona:

„Sjálfstæði dómstóla skal tryggt með lögum.“

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um þessa grein eins og hún stendur nú.

Og hún er samþykkt samhljóða.

Þá er það 99. gr. Lögsaga dómstóla:

„Dómstólar skera endanlega úr um réttindi og skyld-

ur að einkarétti, svo og sök um refsiverða háttsemi og ákveða viðurlög við henni. Dómstólar skera úr um hvort lög samrýmist stjórnarskrá. Dómstólar skera úr um hvort stjórnvöld hafi farið að lögum. Hjá ákvörðun stjórnvalds verður ekki komist í bráð með því að bera lögmati hennar undir dóm.“

Og við göngum til atkvæðagreiðslu um 99. gr. Lög-saga dómstóla.

Og allir komnir. Og hún er samþykkt með 24 greidd-um atkvæðum.

Þá er það 100. gr. Hæstiréttur Íslands:

„Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur hann endanlegt vald til að leysa úr öllum málum sem lögð eru fyrir dómstóla.“

Þó má ákveða með lögum að sérstakur dómstóll leysi endanlega úr ágreiningi um kjarasamninga og lögmati vinnustöðvanna, þó þannig að ákvörðunum hans um refsingu verði skotið til annarra dómstóla.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 100. gr. Hæsti-réttur Íslands.

Og hún er sömuleiðis samþykkt með öllum greidd-um atkvæðum.

101. gr. Skipun dómara:

„Dómarar eru þeir sem skipaðir hafa verið ótíma-bundið í embætti dómara eða settir til að gegna því um tiltekinn tíma. Til dómstarfa geta dómstólar ráðið eða kvatt aðra eftir því sem mælt er fyrir í lögum.“

Ráðherra skipar dómara og veitir þeim lausn. Dóm-ara verður ekki vikið endanlega úr embætti nema með dómi, og þá aðeins ef hann uppfyllir ekki lengur skil-yrði til að gegna embættinu eða sinnir ekki skyldum sem starfanum tengjast.“

Við greiðum atkvæði um 101. gr. Skipun dómara.

Og hún er samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

102. gr. Sjálfstæði dómara:

„Dómarar skulu í embættisverkum sínum fara ein-ungis eftir lögum.“

Við göngum til atkvæða um 102. gr. Sjálfstæði dómara.

Og hún er sömuleiðis samþykkt með öllum greidd-um atkvæðum.

Þá er það breytingartillaga frá C-nefnd um 103. gr. Lögspurning til Hæstaréttar. Breytingartillagan felur í sér að þessi grein verði felld út. 103. gr. Lögspurning til Hæstaréttar verði felld út úr frumvarpinu.

GT

Má ég spyrja að einu?

SN

Já.

GT

Verði hún samþykkt, er þá breytingartillaga fyrir- liggjandi um að sveitarstjórn breytist í landshlutasam- tók sveitarfélaga.

SN

Nei, það liggur ekki fyrir slík breytingartillaga.

PB

Slík breytingartillaga liggur ekki fyrir.

SN

Nei. Þannig að hún yrði þá bara óbreytt, ef hún er felld. Ef breytingartillagan er felld, að þá verður bara greinin eins og hún stendur núna.

Þannig að við göngum til atkvæða um breytingar- tillöguna um að fella niður 103. gr. Lögspurningu til Hæstaréttar. Breytingartillagan, sem sagt, er slík.

Og hún er samþykkt með 19 atkvæðum, 3 höfnuðu og 2 sátu hjá. Þannig að þá er hún felld niður, þannig að það þarf ekki að lesa hana.

Og þá kemur 104. gr. Ákærvald og ríkissaksóknari:

„Skipan ákærvaldsins skal ákveðin með lögum.“

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvaldsins.

Hann skal í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Ráðherra skipar ríkissaksóknara og veitir honum lausn. Ríkissaksóknari er sjálfstæður í störfum sínum og nýtur sömu verndar í starfi og dómara.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 104. gr. Ákær- vald og ríkissaksóknari.

Vantar einn. Og 104. gr. er samþykkt samhljóða.

Nú, þá erum við komin að VII. kafla, Sveitarfélög. Og það eru gr. 105 til 108. Það liggja engar breytingartil- lögur fyrir um þær greinar. En orðið er laust ef einhver vill taka til máls um þær greinar. Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Mig langar að vekja athygli á þremur merkjum nýmælum í þessum nýja kafla. Í fyrsta lagi er það nú kannski, ja fjórða nýmælið er nú kannski að það sé sérstakur kafli um sveitarfélög, í stað þess að þau séu aftast höfð í mannréttindakafli, eða fyrir aftan mannréttindakafli gildandi stjórnarskrár. En fyrsta nýmælið er að nú er pósitíft ákvæði um það að það er skylda ríkisvaldsins að tryggja að sveitarfélög hafi nægar tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. En um leið hefur ríkisvaldið rétt til þess að tryggja sveitarfélögum næga burði, t.d. í formi stærðarhagkvæmni, til þess að sinna þessum verkefnum. Þetta er í 105. gr. 2. mgr. Í öðru lagi er það merka nýmæli að ég hygg að skandinavískri, sænskri fyrirmynd, fyrst og fremst, í 106. gr. að svonefnd nálægðarreгла er tryggð. Og þetta tel ég mikla framför í því að færa verkefni þangað sem þau eiga best heima og stundum er það í héraði. Og það er sérstaklega áréttað í innskoti að það eru ekki endilega sveitarfé- lögin sjálf sem þurfa að sinna þessari þjónustu, heldur geta þau látið umsýsluna í hendur almennasamtaka eins og notendafélaga, foreldrafélaga, samvinnu- félaga auk byggðasamlaga. Síðan er það í þriðja lagi, samráðsskylda. Samkvæmt 108. gr. er ríkisvaldinu nú skylt, skv. stjórnarskrá, að hafa samráð við sveitar- stjórnir og samtök þeirra, sem eru þá komin með stjórnskipulega stöðu, við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga. Og ég fagna þessu stóra skrefi í átt til dreifstýringar. Og þakka félögum mínum í B-nefnd sérstaklega fyrir samvinnuna í þessu skyni, sérstaklega formanni hennar, Katrínu Fjeldsted. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted. Gjörðu svo vel.

KF

Já, takk. Ég hef nú ekki miklu við þetta að bæta hjá Gísla og þakka honum sömuleiðis fyrir samstarfið. Það er mjög gaman að fylgjast með þessu vaxandi hlutverki sveitarstjórna, og mjög eðlilegt að vegur þeirra verði gerður meiri í grundvallarlögum þjóðfélagsins, sem er stjórnarskrá. Aðeins bara til að árétta þetta með að sveitarfélög skuli hafa nægilega burði og tekjur. Það þýðir, í mínum huga, að sveitarfélögum skal trygggt, af ríkinu, að þau hafi tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. En sú ábyrgð er jafnframt lögð á sveitarfélögin sjálf að þau hafi burði til að standa undir verkefnum. Þannig að með sameiningu o.s.frv. öðlast þau slíka burði og samvinnu. Þannig að ég lít ekki á það sem skyldu ríkisins að tryggja sveitarfélögunum þessa burði heldur sé sú skylda lögð á sveitarfélögin sjálf. Og svo vil ég sömuleiðis þakka B-nefnd fyrir frjótt samstarf. Takk.

SN

Ari Teitsson. Gjörðu svo vel.

AT

Ég vil þakka nefndinni fyrir þennan nýja kafla í stjórnarskránni sem að ég tel vera mjög mikilvægan. En mig langar sérstaklega að gera hér að umræðuefni eitt atriði, þ.e.a.s. nálægðarregluna. Og ég held að það sé mjög mikilvægt að inn í okkar stjórnarskrá er þetta orð komið. Þetta orð felur það í sér að það sé reynt að taka ákvarðanir, svona, eins nærri þeim sem að þær skipta, eins og mögulegt er. Það er auðvitað misjafnt hversu vel það hentar. En það skiptir samt miklu máli og það skiptir í raun og veru ennþá meira máli í svona strjálbýlu og dreifðu landi eins og við búum í, heldur en kannski í öðrum löndum. Við erum m.ö.o. að víkja að því í stjórnarskrá að það sem að kannski má segja að hafi verið í þröngum hópi, þ.e.a.s. ... ég veit ekki hvort ég á að fara að nefna hópinn, en hann gæti alveg eins heitið 101-hópinn eins og eitthvað annað. Það sem er í þröngum hópi, það erum við í raun og veru að horfa til að færa svolítið út. Við höfum sett okkur það markmið við þessa stjórnarskrárgerð að dreifa valdinu. En sú valddreifing átti ekki bara að vera þannig að því væri aðeins dreift um Austurvöllinn. Hún átti, valddreifing átti að ganga lengra. Og ég tel að þetta ákvæði hér inni sé mikilvægt skref í þá átt og endurtek þakkir mínar til B-nefndar.

SN

Ekki hafa fleiri óskað eftir að taka til máls og þá berum við upp greinarnar í kafla VII, um sveitarfélög.

105. gr. er Sjálfstæði sveitarfélaga:

„Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Sveitarfélög skulu hafa nægilega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 105. gr. Sjálfstæði sveitarfélaga.

Og hún er samþykkt samhljóða.

Þá er það 106. gr. Nálægðarregla:

„Á hendi sveitarfélaga, eða samtaka í umboði þeirra, eru þeir þættir opinberrar þjónustu sem best þykir fyrir komið í héraði svo sem nánar skal kveðið á um í lögum.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 106. gr. Nálægðarregla.

107. gr. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði.

Já, fyrirgefið þið, já 24-o. Um nálægðarreglu.

107. gr. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði:

„Sveitarfélögum er stjórnað af sveitarstjórnum sem starfa í umboði íbúa og eru kjörnar í almennum, leynilegum kosningum. Rétti íbúa sveitarfélags til þess að óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni þess skal skipað með lögum.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 107. gr. Kosning sveitarstjórna og íbúalýðræði.

Og einn í viðbót, við erum orðin 25, já. Og greinin er samþykkt með 25 atkvæðum.

108. gr. Samráðsskylda:

„Samráð skal haft við sveitarstjórnir og samtök þeirra við undirbúning lagasetningar sem varðar málefni sveitarfélaga.“

Við göngum til kosningu um 108. gr. Samráðsskylda.

Og 25 samþykkja 108. gr.

Nú, þá erum við komin að kafla VIII um utanríkis-mál. Og óskar einhver eftir að taka til máls um þær fjórar greinar sem tilheyra þeim kafla, 109 til 112? Pawel Bartoszek. Gjörðu svo vel.

PB

Já, svona í þágu þess að við hættum ekki herna alltof snemma í dag, þá ætla ég að taka örsnöggt til máls, fyrst og fremst til þess að þakka allri nefndinni minni fyrir það samstarf sem við áttum um þennan kafla, sem og annað sem fram hefur farið, og sömuleiðis öllu ráðinu fyrir mikilvægt input inn í þessar greinar. Það voru gerðar þónokkra..., allavega tvær svona stærri breytingar á kaflanum, á seinasta ráðsfundi og ég hygg að þær hafi báðar verið til bóta, þrátt fyrir að ég hafi nú ekki stutt þær á þeim tíma sem um það var atkvæði greitt. En sú fyrsta var að taka burt ákveðnar kvaðir á það, svona tilgreina ákveðnar kvaðir um það hvað forsetinn má og má ekki segja, í útlöndum. Ég held að stjórnarskráin okkar sé sterkari án slíkra ákvæða. Og í öðru lagi þá er skýrt kveðið á um það að allt framsal ríkisvalds skuli vera borið undir þjóðaratkvæði. Og ég held satt að segja að með slíku ákvæði séu mun minni líkur á því að niðurstaða sem frá okkur kemur, verði tortryggð, með einhverjum hætti. Þannig að ég þakka þeim sérstaklega sem lögðu það fram, þessar breytingartillögur, og þeim sem greiddu þeim atkvæði. Ég held að við höfum fært kaflann okkar til betra horfs. Og ég er afar stoltur af því hvernig þessi kafli hefur [verið unninn] og þakka allri nefndinni, þá sérstaklega Írisi Lind Sæmundsdóttur, varaformanni nefndarinnar, fyrir vinnu við hann, og ráðinu öllu fyrir samstarfið. Takk.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel. Þú ert næst.



SBÓ

Já, kærur félagar. Mig langar að taka undir orð Pawels og þakka nefndinni og Írisi Lind kannski sérstaklega fyrir góða vinnu í þessum kafla. Þetta er einn af ... þessar fáu greinar eru meðal þeirra sem að ég á eftir að líta tilbaka til með stolti, þegar að ég lít yfir verk okkar hér. Og mig langar, og ég vona eiginlega að þetta sé það síðasta sem ég segi á þessum fundi okkar. Mig langar að fá að vitna í grein eftir gamlan kennara minn, Gunnar Hersvein, sem birtist í Fréttablaðinu í dag, um ódæðisverkin í Noregi og vísa þá til síðasta málsliðar í 109. gr. um meðferð utanríkismála, þar sem að núna er áskilin krafa um það að stuðningur við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnavalds, skulu háðar samþykki Alþingis. Og mér finnst þetta gífurlega stórt og mikilvægt skref, og mikilvægur þáttur í stjórnskrá okkar, vonandi, til framtíðar. Og Gunnar Hersveinn segir hér: „Friður er meginregla en ekki draumur, hann er veruleiki sem er forsenda betra lífs á jörðinni. Líkt og hægt er að ala upp hermenn og þjálfva þá til hernaðar er unnt að leggja stund á frið með uppeldi og þjálfun og kenna hann í skólum. Það er friðarmening. Menntuð stjórnvöld skapa aðstæður til að gera út um deilur og áföll á friðsamlegan hátt í stað þess að velja fjölfarna leið óttans. Verkefnið er að setja sig í spor annarra og markmiðið að skapa samkennd milli ólíkra einstaklinga. Það skapar frið og öryggi íbúa. Það er sama úr hvaða ranni ódæðismenn eða hópar spretta, það er sama hvaða nöfnum þeir eru nefndir, það er sama hvort illvirki er kennt við hægri eða vinstri, austur eða vestur, það eru viðbrögðin sem skipta máli. Friðarmening brýtur vítahring haturs.“ Og ég vona að fólk muni hafa þessi orð í huga þegar að það kemur til að við beitum þessari grein í framtíðinni. Takk.

SN

Dögg Harðardóttir. Gjörðu svo vel.

DH

Formaður og ágætu ráðsfulltrúar og allir þeir sem á mig hlusta. Mig langar til þess að vekja athygli á grein 111 um Framsal ríkisvalds. Við höfum verið að fá tölvu-póst þar sem menn hafa áhyggjur af því að við séum að auðvelda inngöngu, t.d. í ESB, og mig langar bara til þess að undirstrika það við alla þá sem eru að hlusta, að með ákvæði 111, þá er stjórnvöldum ekki heimilt að ganga, t.d. inn í ESB, öðruvísi en að bera það undir þjóðina sjálfa, eða í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi. Mig langar til að undirstrika þetta. Og þakka ykkur öllum fyrir frábæra samvinnu frá 6. apríl.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Já, kærur vinir. Ég ætla nú eiginlega líka að árétta bara það sem hún sagði, hún Dögg, að í stað þess að við gætum framselt ríkisvald einungis með því að breyta stjórnskránni, þá er það ekki hægt núna nema að leggja málið í þjóðadóm, sem að mér finnst mjög, mjög stórt skref, og mjög mikilvægt, að þjóðin fái að hafa lokaorðið um svo stór mál. Að auki vil ég bara þakka mjög samstarfið í C-nefnd og sérstaklega formanni nefndarinnar, sem hefur stjórnað bæði af rögg-

semi og sanngirni. Og þakka ykkur náttúrliga öllum í ráðinu fyrir gott samstarf. Takk.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Best ég haldi áfram á þessum nótum, eins og aðrir hérna. Ég tek undir með orðum allra og þeim atriðum sem að bent hefur verið sérstaklega á hér. Og best að ég bendi sérstaklega á eitt atriði sem ég tel líka gríðarlega mikilvægt í, sem sagt, þessum stóra málaflokki er það að nú er staða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu á þessu sviði stórbætt og aðkoma að ákvarðanatöku, hvort sem það á við um, sko, stuðning við einhverjar hernaðaraðgerðir, sem að ég vona að komi aldrei til. En það eitt að ráðherra skuli gert að hafa samráð við utanríkisráðgjafadómur en að ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál, er mikil bót. Og ég held að það muni auka ákveðið, hvað á maður að segja, öryggi í ákvarðanatöku á þessu sviði. Og ég þakka auðvitað öllum, ég þakka náttúrliga fyrir hlý orð í minn garð og ... maður fer nú bara næstum því að gráta hérna, þegar að svo í framhaldi af því er minnst á voðaverkin í Noregi. En ég þakka ykkur bara öllum kærlega fyrir samstarfið síðustu sex mánuðina, nú fer ég að gráta ... . En, eins og Ómar, þá hérna, þó ég hafi nú ekki lifað lengi, þá er þetta eflaust eitt af því besta sem að ég hef gert um ævina, það lærdómsríkasta og skemmtilegasta. Og takk kærlega fyrir.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Ég geri þetta með hugarorkunni, þú veist það. Já, ég ætlaði bara, mig langaði bara til að taka undir þessi fallegu orð sem Silja var með ádan, með friðinn. Og vegna þess að við erum mörg hérna í þessu ráði sem höfum mikinn áhuga á því að tónninn í þessari stjórnskrá verði mjög í þágu friðar, þá held ég að við ættum að skoða það alvarlega, eins og við höfum verið að tala um áður, að hafa einhvers konar inngang, þar sem þess er getið. Vegna þess að við höfum jú, nú, gert það algjörlega skilyrðislaust að hér megi aldrei herskyldu í lög leiða, síðan kemur þetta hérna ákvæði inn. Og við erum að fikra okkur í áfram í átt að þessu sem Silja Bára var að lýsa ádan, að vera samfélag sem að notar frið sem sko, einhvers konar stefnu í öllum sínum málum. Og það á við örugglega, í öllum þessum minnstu ákvörðunum sem og stærstu. Þannig að ég held að það væri alveg frábært ef við gætum sett þetta skjal frá okkur með slíkum tóni sem mundi enduróma í gegnum allt skjalið, af því að ég held að það sé eitthvað sem við erum algjörlega sammála hér öll um, þessar friðarumleitanir. Og kannski hefur það líka einkennt starfið okkar. Ég a.m.k. þakka líka bara kærlega fyrir mig.

SN

Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls, og þá afgreiðum við, eða tókum við þessar greinar til afgreiðslu.

Og það er fyrst 109. gr. Meðferð utanríkismála: „Utanríkisstefna og almennt fyrirsvar ríkisins á

því sviði er á hendi ráðherra í umboði og undir eftirliti Alþingis.

Ráðherrum er skylt að veita utanríkismálanefnd Alþingis upplýsingar um utanríkis- og varnarmál. Ráðherra skal hafa samráð við nefndina áður en ákvörðun er tekin um mikilvæg utanríkismál. Ákvörðun um stuðning við aðgerðir sem fela í sér beitingu vopnvalds, aðrar en þær sem Ísland er skuldbundið af samkvæmt þjóðarétti, skal háð samþykki Alþingis.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 109. gr.

Og greinin er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

110. gr. Þjóðréttarsamningar:

„Ráðherra gerir þjóðréttarsamninga fyrir hönd Íslands. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, innsævi, landhelgi, efnahagslögsögu eða landgrunni, eða kalla á breytingar á landslögum, eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum, nema samþykki Alþingis komi til.“

Við göngum til atkvæða um 110. gr.

Og hún er samþykkt, einnig með 25 greiddum atkvæðum.

111. gr. Framsal ríkisvalds:

„Heimilt er að gera þjóðréttarsamninga sem fela í sér framsal ríkisvalds til alþjóðlegra stofnana sem Ísland á aðild að í þágu friðar og efnahagssamvinnu. Framsal ríkisvalds skal ávallt vera afturkræft. Með lögum skal afmarka nánar í hverju framsal ríkisvalds samkvæmt þjóðréttarsamningi felst. Samþykki Alþingi fullgildingu samnings sem felur í sér framsal ríkisvalds skal ákvörðunin borin undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar. Niðurstaða slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu er bindandi.“

Við göngum til atkvæða um 111. gr. Framsal ríkisvalds.

Og greinin er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 á móti og 1 sat hjá.

Þá er það gr. nr. 112. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum:

„Öllum handhöfum ríkisvalds ber að virða mannréttindareglur sem bindandi eru fyrir ríkið að þjóðarétti og tryggja framkvæmd þeirra og virkni eftir því sem samræmist hlutverki þeirra að lögum og valdmörkum.

Alþingi er heimilt að lögfesta alþjóðlega mannréttindasáttmála og umhverfissamninga og ganga þeir þá frammar almennum lögum.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 112. gr. Skyldur samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Og þessi grein er samþykkt með 25 samhljóða atkvæðum.

Þá er það IX. kafli, lokaákvæði, Stjórnarskrár-breytingar. Vill einhver taka til máls um þá grein? Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar. Um leið og ég þakka skynsamri stjórn, einstökum meðfulltrúum og frábæru starfsfólki samstarfið, vil ég ekki láta vonbrigði með að tillaga okkar Vilhjálmssonar, Silju Báru Ómarsdóttur og Katrínar Oddsdóttur, skemma fyrir mér þetta, þ.e.a.s. að reglubundið, skyldubundið, þjóð-

kjörið Stjórnlagabætur komi saman. Ég er viss um að afurð okkar sýni að þetta er rétt leið ef að Alþingi eða þjóðin telur einhvern tíma seinna og vek athygli á því að ákkúrat í þessum mánuði, júlí 2011, eru 160 ár síðan Þjóðfundurinn leystist upp. Og ég held að við getum þá sagt núna: „Við samþykkjum öll“ í stað þess að segja, eins og Jón Sigurðsson: „Vér mótmælum allir“. Takk.

SN

Enginn annar hefur óskað eftir að taka til máls og þá ber ég upp þessa grein, nr. 113 Stjórnarskrárbreytingar. Og hún er svona:

„Þegar Alþingi hefur samþykkt frumvarp til breytingar á stjórnarskrá skal það borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal fara fram í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Hafi ⅓ hlutar þingmanna samþykkt frumvarpið getur Alþingi þó ákveðið að fella þjóðaratkvæðagreiðsluna niður og öðlast þá frumvarpið gildi engu að síður.“

Við göngum til atkvæðagreiðslu um 113. gr. um Stjórnarskrárbreytingar.

Og greinin er samþykkt með 22 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Nú, eins og ég sagði hér í upphafi fundar í morgun, þá eru tvær breytingartillögur enn eftir, sem eru ekki við neina tiltekna grein, og stjórnin tók til afgreiðslu.

Annars vegar er það brtt. nr. 45 og síðan nr. 77. Og ég ætla að byrja á 45 en taka hina greinina, bráðabirgðatillögu nr. 77 eftir hlé. En ég ætla aðeins að gera grein fyrir hvorutveggja. Sem sagt, brtt. nr. 77 var dreift á borðið hjá ykkur ásamt tillögu stjórnar. Þetta varðar sérstök ákvæði um gildistöku og til bráðabirgða. Og af því að þetta er nýtt hjá okkur, brtt. var lögð fram í fyrri umræðu af Þorkeli Helgasyni. Stjórnin tók þetta til afgreiðslu á fundi og fékk liðsinni nefndasviðs. Og tillaga stjórnarinnar liggur fyrir á borðunum ykkar, var dreift hérna bara rétt áður. En við tökum hana fyrir núna á eftir, sem sagt eftir kaffipásu, en þá vitið þið hvert efni hennar er og getið kynnt ykkur það í hléinu.

En brtt. nr. 45 ætla ég að taka núna. Og hún er frá Gísla Tryggvasyni. Og hún var þess efnis að yrðu gerðar breytingar á kaflaheitum í stjórnarskránni, þannig að IV. kafli, sem nú er í okkar frumvarpi nefndur Alþingi, muni heita Löggjafar-, fjárstjórnar- og eftirlitsvald. Að V. kafli, Forseti Íslands, héti Hlutverk þjóðhöfðingja. Að kaflinn Ráðherrar og ríkisstjórn, heiti Framkvæmdarvald ríkisins. Og kafli um Sveitarfélög, heiti Staðbundin stjórn. Við ræddum þessar tillögu Gísla og hún er að mörgu leyti athyglisverð og lýtur svona að því hvernig fúnksjónirnar eru í þessum þá köflum. En niðurstaða stjórnarinnar var að hafna því að breyta kaflaheitum, taldi stjórnin að þau kaflaheiti sem eru, séu svona aðgengilegri og gegnsærri fyrir almenning. Vilt þú bregðast við þessari ákvörðun stjórnar, Gísli?

GT

Ja, ég dreg hana þá bara til baka. En það þyrfti þá kannski að breyta Dómstólakaflanum í Dómssvaldskafli, til samræmis, eins og ég benti á. En það er sennilega of seint núna. Takk.

SN

Hann heitir Dómstólar, sko. Hann ætti þá að heita Dómstólar. En hérna, já ... Þú meinar öfugt, ákkúrat.

En gott og vel. Þá höfum við afgreitt þá tillögu. En næst tökum við, sem sagt fyrir brtt. nr. 77, en þar sem þið eruð bara nýbúin að fá þetta á borðið hjá ykkur, þá legg ég til að við gerum núna 15 mínútna hlé, eða 20 mínútna hlé og tökum þá breytingartillöguna fyrir ásamt öðrum ... Já, við ætlum að hafa hléið til hálf fjögur, langa kaffipásu. Og svo er stutt eftir. Takk fyrir.

SN

Góðir fulltrúar. Þá höldum við áfram og það er tillaga stjórnar um að ákvæði um gildistöku og til bráðabirgða, þetta er sem sagt tillaga sem kemur í framhaldi af brtt. nr. 77, því henni var vísað frá Þorkeli Helgasyni til stjórnar á ráðsfundi. Og ég ætla að lesa tillögu stjórnarinnar:

„Á stjórnarfundi 27. júlí var samþykkt að mæla með tillögunni,“ sem sagt tillögu Þorkels, „en með breytingum. Og tillagan er svohljóðandi, að 114. gildistaka, bætist við, og hljóðar svona: „Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum. Við gildistöku stjórnarskipunarlaga þessara falla úr gildi stjórnarskipunarlög nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum.“

„Ákvæði til bráðabirgða: Þrátt fyrir ákvæði 10. mgr. 39. gr. nægir samþykki einfalds meirihluta atkvæða á Alþingi til að breyta lögum um kosningar til Alþingis til samræmis við stjórnarskipunarlög þessi eftir að þau taka gildi. Þegar sú breyting hefur verið gerð fellur ákvæði þetta úr gildi.“

Þessi tillaga er lögð hér fram og það er jafnframt sá skilningur stjórnarinnar að í erindisbréf komi viðbótaryfirlýsing um þjóðaratkvæðagreiðslu, en það verði ekki sett í stjórnarskrána. Og það er umræða sem við þurfum að taka þá á morgun, þegar við göngum frá erindisbréfinu. Þannig að þetta er tillaga stjórnar og orðið er laust um hana. ... Þorkell, og Gísli.

ÞH

Já, góðir félagar. Það er komið að lokastund hjá okkur og það er leitt að vera að trufla menn núna á hátíðlegri stund með einhverju sem kann kannski að virðast sem tittlingaskítur eða aukaatriði. En ég held að þetta sé þó mikilvægt, en áður en ég hef mál mitt þá vil ég taka undir með öllum öðrum sem hafa borið lof á þetta góða starf okkar, og ykkur öll, sem að hafa starfað með okkur, ekki síst fólkið í C-nefnd sem ég hef starfað með og hinum góða formanni C-nefndar, svo og stjórnin og öllu starfslíði, og ekki gleymi ég matráðskonunni, enda hef ég bætt við mig kílóum. En þetta hefur verið frábært starf og bætt mig vonandi, að manni. En nú ætla ég að víkja að efninu. Ég vakti fyrir all löngu [truflun frá farsíma] ... er það ég? Afsakið. ... Ég gaukaði þessu að, held ég, stjórninni eða starfslíði, þessum hugmyndum fyrir margt löngu. Það er eins og gengur í þessum önnum okkar síðustu dagana, þá fer svona kannski ýmislegt, leggst ýmislegt til hliðar, en því miður hefur ekki orðið um þetta nein umræða. Ég reifaði þetta í rauninni sem hugmynd, en vildi gjarnan fá að ræða þetta við einhverja aðila en það hefur nú

ekki orðið. En ég hef nú legið samt svolítið yfir þessu og tel þetta skothelt eins og þetta er.

Það hefur gætt þess misskilnings að ég sé að leggja til að einhvern veginn séu ákvæði gildandi stjórnarskrár um hvernig stjórnarskrárbreytingar verði, sniðgengnar, það er fjarri lagi. Að sjálfsgöðu ekki. Fyrirmyndin, sem ég hef, er bæði úr, ja, ég kannski gleymdi hérna aðalatriðinu, hver er munurinn á tillögu minni og stjórnarinnar. Hann lýtur eingöngu að því hvort eða hvernig eða hvenær eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla til þess að samþykkja eða leggja blessun sína yfir þessa nýju mikilvægu stjórnarskrá sem við erum að leggja til.

Allt annað í tillögu stjórnarinnar er gott og efnislega, ef ekki orðrétt beint upp úr því sem ég lagði til. Ég var að vísu með það að þessi 114. gr. sem stjórnin leggur til, sé ákvæði um stundarsakir. En þetta var sérstakt gildistökuákvæði í 1944-stjórnarskránni, en hefur í reynd verið meðhöndlað sem ákvæði um stundarsakir, af því að í öllum þeim bæklingum, sem þið kunnið að hafa með stjórnarskránni, þá eru þessi 88., 81. gr., ýmist ekki með eða a.m.k. önnur horfin.

En þetta var útúrdúr. Þetta snýst um það hvernig, eða með hvaða hætti, hægt sé að halda þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvað viljum við? Ég held við viljum allavega, að þjóðin fái með einhverjum hætti að leggja blessun sína yfir þetta plagg. Hvort sem það fer núna, óbreytt frá okkur í þjóðaratkvæðagreiðslu, eða eftir að það er búið að, vonandi betrubæta það, frekar en á hinn veginn, af Alþingi eða öðrum. Að það fari endanlega til þjóðarinnar til blessunar. Nú, þá er ég að leggja til eftirfarandi. Nú bið ég ykkur að fletta upp á annarri, miðmálsgrein í minni tillögu. Og ég ætla að lesa hana og draga svo djúpt andann þegar kemur að breytingu: „Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði gildandi stjórnarskipunarlaga.“ Þetta er júridískt betur orðað hjá stjórninni, þannig að ég myndi taka það orðalag upp. En svo held ég áfram: „enda hafi meirihluti allra kosningabærra manna á landinu, með leynilegri atkvæðagreiðslu, samþykkt þau.“ Þarna gæti verið amen eftir efninu. Og þá er þetta bara nákvæmlega eins og var 1944. Og efnislega nákvæmlega eins og er í báðum tillögum stjórnlaganefndar. Þannig að það er ekki eins og ég sé að finna upp einhverja nýja lögfraði þarna. En svo kom upp í mér fyrrverandi ráðuneytisstjórahamurinn, að reyna nú að spara fyrir blessað ríkið. En ekki bara spara, heldur líka setja vissa pressu. Þess vegna bætti ég við: „Heimilt er að halda atkvæðagreiðsluna áður en lögin hafa hlotið lokaafgreiðslu á Alþingi, enda verði engin breyting á frumvarpstextanum frá þeim texta sem borin er undir þjóðaratkvæði.“ Takið eftir því, að frumvarpið sem að, núna, skv. gildandi stjórnarskipunarlögum, frumvarp um breytingu á stjórnarskrá, er samþykkt á fyrri þingi, síðan er það rofið og efnt til kosninga og staðfest aftur. Það má ekki breyta stafkrók þarna á milli, skv. gildandi stjórnarskrá. Þannig að þetta hugtak, að visa til þess að ekkert hafi breyst, er ekki mín uppfinning. Hún er líka til í gildandi lagatexta.

Þetta mundi þýða eftirfarandi. Í fyrsta lagi væri hægt að gera það þannig að eftir fyrri samþykkt Alþingis, áður en þing er rofið, þá yrði þar með, það væri ákveðið af þinginu, með sérstakri þingsályktun, að setja þetta stjórnarskrárskjal í, þá, ráðgefandi

Þjóðaratkvæðagreiðslu, í kosningunum samhliða, til að spara nú, samhliða þingkosningunum. Ef að þjóðin samþykkir það, þá gæti það orðið sú atkvæðagreiðsla, sem væri bindandi, til þess að þurfa nú ekki að gera aðra. Ég hef heyrt að þetta kunni þá að leiða til þess að drögin, sem við erum að búa til, eða einhver önnur drög, gætu ekki eða mættu ekki fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, nema það kosti þá tvær. Segjum sem svo að þingið ákveði, strax núna þegar við erum búin að skila þessu, eða fljótlega á eftir, eftir engar eða litlar breytingar, skulum við segja, að leggja málið í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir það, kannski fari fram einhverjar lagfæringar, segjum að þjóðin sé harðánægð með þetta, 60, 70%. Svo fara kannski fram einhverjar lagfæringar. Þá lít ég svo á að það þurfi ekkert frekari þjóðaratkvæðagreiðslu. Myndi þá þetta ákvæði, ef það væri inni í þeim texta, sem við erum að leggja frá okkur og væri lagður til grundvallar öllu málinu, væri hann þá hindrandi? Að sjálfsögðu ekki. Alþingi væri þá í lófa lagið að fella Þorkels Helgasonar-ákvæðið út, bótalaut. Og segja ekkert meira um þjóðaratkvæðagreiðslu, það væri bara búin mál. Ef að þjóðin er svona ánægð með þetta.

Þannig að, en svo kemur kannski hið pólitíska í þetta, gætu menn notað þetta einhvern veginn? Ja, þetta fer nú að lokum skv. ákvæði í tillögum frá Stjórnlagaráði hvort sem er í þjóðaratkvæðagreiðslu, skv. eigin ákvæðum. Þá getum við sparað okkur þessa ráðgefandi, við þurfum ekkert að gera hana. Þetta er pólitískt mat, ég ætla ekki að blanda mér í það. Ég er bara að vekja athygli á þessu. Mig langar að heyra aðeins umræður. Það kann að vera að ég dragi þetta þá til baka, en mig langar aðeins að heyra hljóðið í mönnum áður en ég tek kannski endanlega ákvörðun um það, því ég vil ekki vera, allra síst hérna í lokin, til einhverra leiðinda. Ég meina, að sjálfsögðu ekki! Á neinn hátt. Þetta mundi ekki rýra samþykki mitt við heildarplagginu, hvort sem að eitthvað af þessu er inni eða ekki. En ég er tilbúinn kannski með málamiðlun ... en heyrum fyrst aðeins, ef einhverjir vilja tjá sig um þetta. Og takk fyrir.

SN

Tillaga stjórnar er breytingartillaga við tillögu Þorkels, og þú þarft þá að endurvekja hana ef þú vilt halda henni áfram eins og við höfum, hérna, eins og verklagið hefur verið hérna. En við skulum halda áfram og við, sem sagt, gerum þá, eins og ég sagði áðan, að það yrði þá viðbótaryfirlýsing í erindisbréfinu, en Gísli Tryggvason, þú ert næstur á mælendaskrá.

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Þetta ber svolítið brátt að, þetta stóra mál og ég vona að það spilli ekki þeim góða árangri sem við höfum náð í dag, og í gær. Þó að þetta sé breytingartillaga við tillögu sem lá fyrir þá er þetta svolítið skammur aðdragandi að taka á þessu máli. En ég fagna því að formaður nefndi í framsögu við þetta ákvæði að við tökum á því væntanlega í erindisbréfi sem við ræðum á morgun, að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að okkar mati að fara fram. Nú við erum hérna fyrir þjóðina, ekki fyrir flokkana og ekki fyrir kerfið. Og þess vegna minni ég á það að það erum við, sem fulltrúar þjóðarinnar, sem semjum stjórnarskrá, og þjóðin samþykkir, eða

hafnar, auðvitað, í þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðan er það að mínu mati Alþingi sem að afgreiðir formlega, þessa niðurstöðu, að gildandi lögum. Þannig að ég vil alls ekki snúa þessu við eins og skilja má Þorkel, að búa til eftirá þröskuld, með þjóðaratkvæðagreiðslu, vegna þess að hún á að fara fram fyrirfram sem þrýstingur á Alþingi, ef að þjóðin vill. Gildistökuákvæðið segir ekkert annað en það sem að almennt er í lok lagasetningar yfirleitt, að stjórnskipunarlög þessi öðlast þegar gildi. Það er hægt að fara aðrar leiðir, það er hægt að hafa gildistöku 2015, eða þegar tiltekið skilyrði er uppfyllt, t.d. að þjóðaratkvæðagreiðsla hafi farið fram. Þannig að lögfræðilega gengur þetta upp, en ég held að þetta sé slæm pólitík hjá Þorkatli að koma með þjóðaratkvæðagreiðslu eftirá, þegar Alþingi er kannski búin að samþykkja þetta. Þjóðin á að leiðbeina Alþingi, Alþingi á ekki að leiðbeina þjóðinni. Þannig að ég vil að í erindisbréfi komi fram, að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi að fara fram, sem ráðgefandi væntanlega, fyrr en síðar. Ekki fyrr eða síðar, heldur fyrr en síðar, helst á undan fyrstu samþykkt eða afgreiðslu Alþingis um þetta mál. Þannig að ég vona að við sofum á þessu og afgreiðum gott erindisbréf á morgun. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðskonur og ráðsmenn. Eftir því sem að mér hefur skilist og ég held að það sé skilningur margra annarra, að þá hefur verið mikill vilji fyrir því, mér liggur við að segja allan tímann, að æskilegt væri að þau frumvarpsdrög sem við leggjum fram, færu fyrir dóm þjóðarinnar. Áður en að það fer til þingsins. Þjóðinni var gefinn kostur á að koma að samningu nýrrar stjórnarskrár með þeim hætti að kjósa sér fulltrúa til þess að semja drög eða frumvarp að nýrri stjórnarskrá. Og ég held okkur þyki mörgum að það sé þá í samræmi við þá aðkomu þjóðarinnar, að hún fái að fara um það höndum, segja sitt álit, áður en að þingið kemur að því. Það er ekki nóg, finnst mér, eins og er verið að kveða hér á um, í breytingartillögu, að það sé heimilt að halda atkvæðagreiðsluna áður en lögin hafa hlotið lokaafgreiðslu á Alþingi. Enda verði engin breyting á frumvarpsdrögum frá þeim texta sem að borinn er undir þjóðaratkvæði. En, sá hængur er á, að þá er þegar búin að fara höndum um þann texta. Og það er sá texti sem að yrði borinn undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Og ég held að við höfum, eins og ég segi, öll lagt ríka áherslu á að ... ja, við getum kallað það ráðgefandi ... þjóðaratkvæði fari fram áður en að þingið fær þetta til umfjöllunar. Og af því að formaður ræddi hér um erindisbréf, sem ætti að senda til stjórnvalda, og við vorum svona óformlega að samþykkja hérna frammi, fór ég fram á það, eða mæltist til þess að það yrði hér, í þessum sal, áður en að þessum fundi lýkur, yrði kannaður, við getum gert það með óformlegri skoðanakönnun, sem við höfum oft notað, eða hreinlega atkvæðagreiðslu, hvort að það sé vilji ráðsmanna að mælast til þess að drögin fari í þjóðaratkvæðagreiðslu áður en að þingið kemur að því. Takk.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

Stjórnlagaráð, vinir og félagar, og bara allir Íslendingar. Þessa tillögu ber svoltíð brátt að. Og mig langar svona aðeins kannski að reyna að hreinsa hugi okkar allra, svona minna okkur á tilgang þessarar vinnu allrar héra hjá okkur. Samþykkt nýrrar stjórnarskrár eru mjög merk tímamót, og af hverju eru þau það? Jú, í gær hafði þjóðin bara einn kost, en nú er annar í boði. Og ég trúi því, að þessi 25 manna hópur hér, að við öll teljum þennan nýja kost betri. Og ég vona að með einróma samþykkt, ef að hún verður, að það sé í raun slík yfirlýsing, að við teljum þennan kost okkar betri. Í þessu felst ekkert sjálfshól eða grobb, því að þessi nýja, þessi vinna er ekkert okkar verk einna, langt í frá. Okkar vinna hér var eiginlega fyrst og fremst sú að reka smiðshöggjö á ákvæðið verk, sem átti sér langan aðdraganda, og að því verki hafa komið fjölmargir. Ég ætla nú ekkert að fara að þakka neitt sérstaklega fyrir það, þeir vita það sem það eiga. En umboð okkar til þessa verks hafa sumir dregið í efa. Og auðvitað hefur fólk til þess fullan rétt. En eftir ógildingu kosninga til Stjórnlagabings, stóðum við héra, frammi fyrir því að taka skipun í Stjórnlagaráð, eða sjá þennan draum okkar um stjórnarskrá, sem er til búin af fólkinu í landinu, falla niður dauðan. 24 völdu þann kost að taka þessari skipun í nefnd. Einn hafnaði og okkur barst verðugur liðsauki. Því segi ég þetta, þessi stjórnarskrá, hún hefði líkað getað verið samin af einhverjum öðrum 25 manna hópi. Við hefðum getað séð marga 25 manna hópa semja stjórnarskrá, sem engin yrði eins. Í mínum huga skiptir minnstu hver hópurinn er, aðeins það að nálgunin sé utan frá en ekki innan frá. Það finnst mér lyklatríði og sá draumur hann er nú að rætast. Og ég lít á stjórnarskrána hér, hún er eins og hús, sem er klárt til afhendingar, sem gjöf til þjóðarinnar. Sumir segja að næsta skref, að sérfræðingar eigi að álagsprófa þetta hús, hvort það haldi vatni og vindum. Að mínum dómi hefur slíkt álagsprófi þegar farið fram. Vilji fólk meira af slíku, þá verður þetta ekki lengur okkar verk. Og þá verður þetta heldur ekki byggt á þeirri hugmyndafræði sem við lögðum af stað með. Því segi ég að næsta óskaskref, allavega að mínum dómi, væri það að bjóða þjóðinni þetta hús til samþykktar, eða synjunar. Og ég segi það alveg fortakslaust, þó að ég sjálfur hafi ekki fengið öll mín persónulegu mál þarna inn, langt í frá, þá var það aldrei hugmyndin með þessu. Hugmyndin með þessu var að ná vídtækri sátt, og ég er alveg klár á því að við höfum náð því. Í mínum huga er þessi fugl orðinn fleygur og hans fyrsta flug á að vera beint í þjóðardóm. Þessi stjórnarskrá er gerð fyrir fólkið í landinu og það er þess eins að fagna henni eða hafna henni. Því legg ég til að við skrifum í erindisbréfi okkar ósk um hvað af okkar skjali verður en förum ekki að setja einhverja sérstaka grein í stjórnarskrána um það. Takk fyrir.

SN

Eiríkur Bergmann Einarsson.

EBE

Já, kærur vinir. Ég er eins og aðrir þeir sem að hafa tekið til máls svoltíð efins um að setja þessa fyrirskipun beint inn í stjórnarskrána, að það verði að hafa farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla, eftir að Alþingi hefur sett þetta í gegnum sinn feril. Sjálfum þætti mér

miklu nær að slík þjóðaratkvæðagreiðsla myndi fara fram, áður en að Alþingi myndi samþykkja breytingu á stjórnarskrá í fyrra sinnið. Þannig að ég styð þessa tillögu stjórnar og legg til að hún verði samþykkt, en að við setjum síðan í okkar erindisbréf til Alþingis, skila bréfinu með okkar plaggi, að þar verði þessi ósk sett fram. Nú, vegna þess að Lýður talaði hér um álagspróf og þess háttar, að þá er ég nú þeirrar skoðunar að það geti verið mjög gott að fá utanaðkomandi augu á okkar verk, eftir að við skilum því af okkur. Og að það fari í raunverulegt álagspróf hjá bæði innlendum og erlendum sérfræðingum, sem og hjá þjóðinni allri og öllum þeim sem að vilja koma að slíku verki. Og það getur auðvitað verið að það þurfi að snurfusa eitthvað til, í því plaggi sem að við sendum frá okkur og mér fyndist það engin goðgá, ef að það er til bóta. En að með okkar skilum, fylgi klár ósk um það að þjóðin hafi aðkomu að þessu máli. En ég myndi miklu síður vilja sjá það sem grein í því frumvarpi sem við leggjum hér frá okkur, þannig að ég legg eindregið til að við samþykkjum þessa tillögu stjórnar.

SN

Vilhjálmur Þorsteinsson, og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar. Gjörðu svo vel.

VÞ

Já, formaður og góðir ráðsfulltrúar. Ég ætla nú bara að taka undir með Lýð og Eiríki og fleirum sem hafa talað hér. Það sem stendur í tillögu stjórnar er bara gildandi réttur á þessu sviði, hvernig stjórnarskrá verði breytt. Ég held að allar hugmyndir um þá eitthvað til viðbótar við slíkt, þ.e.a.s. um þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr eða síðar, það eru þá bara hugmyndir sem að, sko það hefur í raun enga þýðingu að við séum að setja þær hugmyndir fram í einhverri grein frá okkur. Þetta verður bara að koma þá fram í skilabréfi formanns. Þannig að ég styð tillögu stjórnar. Takk.

SN

Loka mælendaskrá núna, einhverjir sem vilja ...? Þá er það Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, kærur félagar. Mig langar að taka undir með Vilhjálm og þeim sem að hann tók undir með. Ég leggst eindregið á sveif með þessari tillögu stjórnar um að 114. gr. verði orðuð eins og lagt er til þar og að ákvæði til bráðabirgða fylgi. Mér finnst svoltíð vafasamt að setja héra inn að inn í ákvæði frá okkur, að það þurfi meirihluta allra kosningabærra manna á landinu til að samþykkja okkar drög, með leynilegri atkvæðagreiðslu. Fínt að atkvæðagreiðslan sé leynileg og fínt að það sé meirihluti, en að það þurfi að vera svo góð kjörsókn og svo mikill stuðningur, að það þurfi, sem sagt, meira en helming allra kjósenda til að styðja frumvarpið, það held ég að sé erfitt í framkvæmd og myndi hreinlega draga úr líkum á því að okkar verk myndi hljóta náð fyrir augum kjósenda og verða að stjórnarskrá. Þannig að ég tek undir síðan önnur rök um að þetta eigi heima í erindisbréfi og vil að það verði orðað mjög skýrt, að við óskum eftir því að það sé ekki eingöngu Alþingi sem að kemur að þessu, heldur þjóðin, sem að á að lifa eftir þessu skjali. Takk.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Já, virðulegi formaður og góð systkin nær og fjær. Eitt af því sem að vakti með mér aukna trú á þjóðinni okkar, var þegar að við vorum í framboði til Stjórnlagabings á sínum tíma og ég var uppi í útvarpi ásamt tugum framþjóðenda, og hlustaði þar á framboðsræður fólks. Og það kom mér ekkert á óvart, en það jók mér trú á þjóðinni að heyra viskuna í almenningi sem þar var á ferðinni. Það voru yfir 500 manns sem buðu sig fram, þversnið af þjóðinni. Ég hef áður flutt hér ræðu um það að við eigum að fá þjóðaratkvæði sem allra fyrst um þessa stjórnarskrá. Í það minnsta fá álit hennar með einum eða öðrum hætti, og efna til umræðu og fá að því sérfræðinga og almenning, opna umræðu í fjölmiðlum þar sem að rökin með og móti hverri grein eru sett fram, þannig að þjóðin myndi sér skoðun og best væri að hún gæti síðan kosið um það. Þá yrði það í anda þess ferlis sem að hófst, þegar að þetta fór allt af stað. Það var lýðræðislegt ferli, þar sem að þjóðin var höfð með í ráðum, og sá andi hefur svifið yfir vötnum frá upphafi. Vinnubrögð okkar hér hafa verið í þeim anda, með aðkomu almennings í gegnum netið, að vinnu okkar. Við höfum fengið fjölmargar ábendingar, þannig að við metum mikils hina breiðu visku sem er þarna úti. Ég styð það eindregið að við ..., og styð það sem að Þórhildur sessunautur minn sagði hér áðan um að við kjósum um það eða látum vilja okkar í ljós. Ég er viss um að það er meirihluti fyrir því, að við óskum eftir því að þetta fari fyrir þjóðina sem allra fyrst. Með fullri virðingu fyrir sérfræðingum og allt það, þá vil ég samtal milli sérfræðinganna og almennings. Og sem sagt, styð það að þetta verði rækilega áréttað í fylgigögnum með frumvarpi okkar. Takk fyrir.

SN

Andrés Magnússon.

AM

Já, ég ætla bara að spyrja. Erum við bara að ræða um gr. 114, eða líka ákvæði til bráðabirgða? Kemur það seinna?

SN

Já, við erum að ræða hvorutveggja, þessa tillögu hérna.

AM

Gætir þú útskýrt aðeins betur hugsunina á bak við ákvæði til bráðabirgða, þegar kemur að því? Takk.

SN

Já. Þorvaldur Gylfason.

ÞG

Já, góði formaður, aðrir ráðsfulltrúar. Við erum í þann veginn að reka smiðshöggð á frumvarp til nýrrar stjórnarskrár handa lýðveldinu. Stjórnarskrá með lýðræði og réttlæti og velferð og valddreifingu og valdmörkum og mótvægi. Nýja stjórnarskrá gegn flokksræði og forréttindum, leynd og spillingu. Ég lofsama ykkur öll fyrir það hversu við höfum náð höndum saman um að ljúka þessu verki í tæka tíð. Og

nú er í reyndinni bara eitt eftir, og það varðar málsmeðferðina, þ.e.a.s. hvernig eigum við að koma þeim boðum til verkbeiðandans, sem er Alþingi fyrir hönd þjóðarinnar, að við viljum að þjóðin fjalli um okkar verk. Sko, gildandi stjórnarskrá leyfir að Alþingi fjalli um okkar verk og ákveði síðan hvort það leggur frumvarpið í dóm þjóðarinnar, eða ekki. Við viljum flest að Alþingi móti afstöðu sína til okkar verks með því að ræða við þjóðina, með því að spyrja hana áalts. Og spurningin er þá þessi, hvernig eigum við að koma til Alþingis boðum um það að við kjósum helst að þjóðin fjalli um málið á undan Alþingi. Tillaga Þorkels Helgasonar fjallar um að við myndum setja slíkt ákvæði inn í nýja stjórnarskrá, til bráðabirgða. Og það er rétt að það er svolítill tengdamóðurbragur á þeirri tillögu. En það er svolítill tengdamóðurbragur á öllu okkar verki. Og það bara helgast af því að við búum í agalausum þjóðfélagi sem hrundi, og þess vegna þarf nákvæmari fyrirmæli í ýmsum greinum í okkar stjórnarskráfrumvarpi, heldur en t.d. Danir, Finnar og Svíar og Norðmenn telja sig hafa þörf fyrir. Þannig að ég hef fullan skilning á tillöguflutningi Þorkels. En ég hef einnig fullan skilning á sjónarmiði þeirra sem telja að það dugi að setja frá ósk sama efnis í erindisbréf ráðsins til Alþingis og láta sér duga tillögu stjórnarinnar um lokagreinina, um gildistöku. Milli þessara tveggja kosta þurfum við að velja. Svo ég slái á réttari strengi, að fela Alþingi ákvörðun um þetta, það er svolítið eins og að biðja rjúpuna um að greiða atkvæði um jólin. Vegna þess að þetta er frumvarp, gegn flokksræði. Og það er skiljanlegt að margir sem sitja á Alþingi muni hafa horn í síðu okkar verks. En það liggur bara í hlutarins eðli, við erum að setja reglur og ramma utan um yfirvöldin, þ.m.t. löggjafarvaldið og það kann að telja sig missa spón úr aski sínum við okkar verk. Og við því er auðvitað ekkert að segja. Og m.a. af því, helgast þá sú frá ósk okkar, að Alþingi leyfi þjóðinni að fjalla um verkið fyrst, síðan getur Alþingi tekið afstöðu. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Já, góði formaður og ráðsfulltrúar, eða ráðsfólk, vildi ég nú segja, og aðrir sem að mál mitt heyra. Mér er svolítið gjarnt á að vitna í bandarísk orðtök, og er búinn að tala um að „go all the way, then back off“, sem er nú reyndar ekki orðtak, heldur bara verklag, sem var haft af manni sem náði árangri. Nú erum við svo ánægð hvert með annað hérna, að það eru kannski kossar og faðmlög, eftir þessa gefandi vinnu sem er búin að vera hérna, og þá dettur mér í hug annað sem er líka oft notað þegar menn eru að búa eitthvað til. Það er „KISS, keep it simple, stupid.“ Við erum núna með tvo kosti hér, það er breytingartillaga Þorkels Helgasonar, sem ég veit að er lögð fram af heilum hug, og góðum vilja. Mér sýnist hún hins vegar flóknari heldur en það sem stjórnin er að leggja til. Ég óttast það ekki, reyndar tel ég það bara mjög nauðsynlegt, að í erindisbréfi munum við biðja um það, að verk okkar verði lagt í dóm, ekki bara þjóðarinnar, heldur allra sérfræðinganna, allra þeirra sem best vita, við erum í þjóðfélagi núna þar sem öll þjóðin og allir sérfræðingar, geta, ef að fjölmiðlarnir standa sig, verið í

einu „forum“, á einu sviði. Við erum öll saman, þannig sé ég fyrir mér að best verði fyrir komið, framhaldinu á þessu máli, að þetta verði sett í dóm þjóðarinnar fyrst, með góðum tíma, góðum aðdraganda, látum fjölmiðlana ekki komast upp með að bregðast aftur. Þá geta allir sérfræðingar lagt í þann pott, öll þjóðin í þann pott, eins og verið hefur hér, tek undir það sjónarmið Arnar Bárðar, og segi „keep it simple, stupid,“ höfum þetta einfalt, samþykkjum þessa tillögu hérna, stjórnarinnar, og förum ekki hina lengri og kannski tvísýnni leið og fáum fylgi við það, að afurð okkar, sem upphaflega spratt frá þjóðinni sjálfri í gegnum Þjóðfund og reyndar í gegnum svo Alþingi með því erindisbréfi sem við fengum og því verki sem okkur var falið að vinna, að vinna þetta þannig. Þá koma allir að því, að skoða þessa stjórnarskrá. Og þá ætti einmitt að fást fram það sem við erum að reyna að koma fram í þessari stjórnarskrá, að vel upplýst og menntuð þjóð, geti tekið ákvörðun, án þess að það sé lokað inni í herbergjum sérfræðinga og einhverra utanaðkomandi eða guð má vita hvaðan, allt of lengi. Við bara áttum að vinna þetta verk fyrir mánaðamótin núna, við höfum klárað það. Við höfum trú á því eða höfum við ekki trú á því? Ég tel að við höfum trú á því og ég tel að það verði langsamlega fyrir bestu að við gerum þetta svona, fyrir opnum tjöldum og að það verði sómi að fyrir þessa þjóð, og Alþingi, og alla sérfræðingana hvernig við göngum frá því. Takk.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÞÞ

Já, ágætu ráðsfulltrúar aftur. Örstutt. Það hefur ... mér hefur bæst aðeins umræðuefni frá því ég kvaddi mér hljóðs. Margt hefur maður lært á þessu ferli hér, gagnlegt og skemmtilegt. Nú bættist í það sem ég gæti hugsanlega lært og það er að hér var notað orðið tengdamóðurbragur, og þar sem ég er nú margföld tengdamóðir þá langar mig svo að fá skýringu á því hvað orðið þýðir. En ekki meira um það. Ég bara var aðeins að hugsa hérna um breytingartillögu stjórnarinnar, sem hér er til umræðu ásamt tillögunni sjálfri, þar sem stendur, „þjóðaratkvæði með hagkvæmum hætti um nýja stjórnarskrá.“ Er þetta ekki frumvarp, eða ...? Opnar þetta ekkert á að það sé beðið þangað til að búíð er að samþykkja eitthvað plagg og gera það að löggiltri stjórnarskrá?

SN

Þetta er ekki í tillögu stjórnarinnar. Hvar var, hvar er ...

ÞÞ

Veistu það, ég bið margfaldlega afsökunar. Þetta er ... fyrirgefðu. Ég, nú bara. Jæja, þá bara læt ég sem ég hafi ekki sagt þetta. Og nota bara tækifærið til þess að þakka öllum fyrir samstarfið, öllum. Og óska okkur öllum líka til hamingju með þennan áfanga í lífinu. Árétta ósk mína um skoðanakönnunarkosningu hér áður en að erindisbréfið er samið.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Takk. Kæru vinir. Ég vona að ég sé ekki að endurtaka of mikið af því sem aðrir hafa sagt hér á undan mér, en þetta er náttúrulega stórmerkilegt að við séum að stíga þessi lokaskref hérna. Og ég held að það sem að muni algjörlega marka sérstöðu þessa verkefnis sé vinnulagið okkar. Það verður það sem að verður eftir tekið seinna, í framtíðinni. Og það verður það sem mun vonandi fleyta þessu skjali mjög langt. Og það er það, vegna þess að við ákváðum bara að vera algjörlega gegnsæ í okkar störfum. Og almenningur tók þátt. Og niðurstaðan varð sú, hver? Ég hef stundum verið spurð af þessum fjölmörgu erlendu fjölmiðlum sem hafa sýnt verkefnum áhuga, hvað við höfum lært. Og ég hef yfirleitt alltaf svarað bara það, að fólkinu er treystandi. Það er lærdómurinn. Við opnuðum hérna allar gáttir. Það hefði verið hægt að svívirða starfið okkar. Það var ekki gert. Hérna kom fólk með ótrúlega góðar, málefnalegar athugasemdir sem við nýttum okkur í okkar starf. Og niðurstaðan er þessi, að gegnsæi, það eykur einfaldlega gæðin. Og verkið okkar, það mun að sjálfsögðu fara í álagspróf. En það ætti að vera á sömu nótum og við höfum gert hingað til, alveg eins og fram hefur komið, að við afhendum þjóð og þingi þetta verk. Og að viska heildarinnar fái að leiða verkið í höfn. Og það mun þannig verða best. Og þess vegna held ég að þjóðaratkvæði sé ekki spurning, að það sé eitthvað sem við þurfum öll að pressa á. Og ég fékk síðast einhverja spurningu í morgun frá einhverjum bandarískum blaðamanni, hann sagði „tekur ekki Alþingi þetta bara og rífur þetta í tætlur?“ Og ég hef oft heyrt þetta áður. Og ég hef alltaf sagt það sama, nei. Vegna þess að ef að hugmyndirnar okkar eru nógu góðar, þá munu þær bara sigra. Og þannig er það. Það geta allir reynt að leggja alls konar gildirur fyrir okkur á einhverjum annarlegum forsendum, en ég held að það muni ekki vera gert. Ég held að fólk hafi engan áhuga á að skemma þetta góða starf sem hér er. Ég held að það muni sigra vegna þess að það sé nógu gott. Og við skulum bara treysta þjóðinni til að taka við þessari stjórnarskrá og gera hana að sinni. Og þess vegna skulum við samþykkja þessa tillögu stjórnar. Og við skulum setja einlæglega fram okkar ósk og kröfu um það að þjóðin fái að segja sitt um þetta mál, og gera það þá bara við afhendinguna. Takk.

SN

Ég ætla að biðja Ara Teitsson, varaformann, um að svara spurningu Andrésar, um ákvæði til bráðabirgða.

AT

Já, ástæðan fyrir þessu ákvæði er, ef ég skil málið rétt, sú, að það er möguleiki á því að það verði naumur meirihluti fyrir samþykkt stjórnarskrár, á Alþingi, bæði í fyrri og síðari umferð. Og þá dugar ekki, þegar að búíð er að samþykkja nýja stjórnarskrá, og þar með nýjan kosningakafla, að það þurfi miklu meiri fylgi við nýjan kosningakafla, því að þá gæti minnihlutinn stöðvað þá breytingu og þá væri allt í uppnámi og kosningakerfið ekki í samræmi við stjórnarskrá. Þetta er gert til að tryggja það að sami meirihluti geti, bæði sett og breytt kosningalögum, í fyrsta skipti.

SN

Já, Þorkell.

ÞH  
Má ég aðeins taka ...

SN  
Ja sko, stjórnin er nú að flytja tillöguna sko, breytingartillöguna.

ÞH  
Já, ég ætlaði nú aðallega bara að lýsa því yfir að ég dreg tillögu mína til baka.

SN  
Já, takk fyrir.

ÞH  
En má ég aðeins gera grein fyrir þessu?

SN  
En má ég líka, ég ætla að segja, af því að ég gleymdi að segja það áðan, að ég ætlaði að þakka Þorkeli sérstaklega fyrir að hafa komið með þessa breytingartillögu, því að við vorum náttúrliga að vinna á síðustu stundu og þetta gerir það að verkum að við gátum brugðist við þér. Gjörðu svo vel, Þorkell.

ÞH  
Já, ég er ánægður með þessa umræðu. Einsýnt hvernig atkvæðagreiðsla hefði farið, ef að ég hefði haldið þessu máli til streitu. En ég held að umræðan hafi engu að síður verið gagnleg, af því að mér sýnist hafa fram komið að allir vilja að þetta fari í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég ætla ekki hér og nú að fara eitthvað að andmæla því sem fram kom áðan, þó ég skynji það nú svo að það sé byggt á misskilningi. En ég geri það bara í skeyti. En fagna því að þessi umræða fór fram og ég ætla að leggja gott til málanna í erindisbréfinu á morgun og styð eindregið tillögu stjórnarinnar. Takk fyrir.

SN  
Kærar þakkir, Þorkell.  
Nú, þá göngum við til atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnar að ákvæðum um gildistöku og til bráðabirgða. Og ég hef þegar lesið þau upp, þannig að ég bara óska eftir ... . Hvað segið þið? Um bæði ákvæðin, já, um tillöguna eins og hún stendur. Og við getum þá hafið kosningu um breytingartillöguna. Og hún er hafin. Tillögu stjórnar. Já, við erum 25 í salnum.

Og hún er samþykkt með 23 atkvæðum, 1 var á móti og 1 sat hjá.

Þannig að þá er tillagan samþykkt.

Nú, þá er lokið umræðu um breytingartillögur. Við höfum tekið þá allar breytingartillögur fyrir, sem komu fram í fyrri umferð.

Og þá er komið að umræðu um aðfaraorðin. Eins og um margt sem við erum að gera hér, höfum við verið svona á síðustu stundu, að klára marga hluti, eins og umræðan hér áðan sýndi. Og eitt af því sem var rætt hér í upphafi starfs okkar, var möguleikinn á að hafa sérstök aðfaraorð. Og jafnframt var talað um það að við myndum reyna að koma öll að þeim með einhverjum hætti, í lok starfsins þegar að við sæjum fyrir endann á því hvernig okkar plagg myndi líta út. Það

hafa verið, sem sagt, það voru nokkrir, m.a., þetta var á forræði A-nefndar sem tók að sér að gera tillögu að aðfaraorðum. En við höfum ekki kannski haft svigrúm til að hafa nógu mikla umræðu um aðfaraorðum, hvort við ættum að hafa þau og hvernig þau ættu að líta út. En tillaga liggur fyrir í frumvarpinu eins og það er núna. Og í ljósi þess að það hafa verið, svona, efasemdir hjá ýmsum, að þá gerðum við óformlega skoðanakönnun í gær, meðal hópans, og það var rætt um það í stjórninni að ef það væri einhver hópur sem væri ekki stuðningsmenn þess að hafa aðfaraorð, að þá væri kannski ekki ástæða til að hafa þau, vegna þess að þetta væri eitt af því sem við þyrftum að vera nokkuð vel sammála um. Nú það var gerð skoðanakönnun í gær, óformleg, og niðurstaðan úr þeirri skoðanakönnun er á eftirfarandi hátt. Það voru sem sagt fjórar spurningar.

Fyrsta spurningin: „Ég styð aðfaraorð í nýverandi mynd.“ 13 manns studdu það. Annar kostur var: „Ég mun sitja hjá ef aðfaraorð eru afgreidd í núverandi mynd.“ 1 var á þeirri skoðun, eða krossaði við það. „Ég styð ekki aðfaraorð í núverandi mynd en er tilbúin/n að vinna í þeim,“ var þriðji valkostur og 4 völdu hann.

Í fjórða lagi var „Ég styð ekki aðfaraorð við stjórnarskrána“ og 5 völdu þann kost. 1 seðill var auður og 24 skiluðu inn í skoðanakönnunina. Þannig að við höfum verið, svona, að velta þessu fyrir okkur af því við höfum ekki haft mikinn tíma til að gefa þessu það vægi eða svona það svigrúm sem við hefðum viljað, að þá fannst okkur ástæða til að hafa slíka skoðanakönnun, til að kanna raunverulegan hug fólks. En Örn Bárður hefur óskað eftir að taka til máls. Gjörðu svo vel.

#### ÖBJ

Virðulegi formaður og góð systkin nær og fjær. Það var talað áðan um vinnulagið okkar. Um það með hvaða hætti við höfum unnið. Og ég vil segja það áður en að ég kem að þessum aðfaraorðum að það hefur verið einstakt happ og lán að fá að vera með í þessum hópi. Það er að ljúka núna ævintýraför. Þetta hefur verið gefandi starf, krefjandi, ögrandi en ákaflega skemmtilegt. Þetta er eitt af stóru verkefnum lífs míns að hafa verið hérna. Og að hafa fengið að kynnast ykkur og vinna með ykkur, og skynja hvernig hópur nær saman og nær samstöðu um flókið mál eins og heila stjórnarskrá. Það hefur í raun og veru gerst undur og kraftaverk hér í þessum sal og í þessu húsi, á liðnum vikum. Við vorum hér fyrir helgina, kannski sum okkar dálítið kvíðin fyrir því að við næðum ekki almennilegri samstöðu um vissar greinar, og jafnvel ekki um frumvarpið í heild sinni. En með þrotlausri vinnu og með opnum eyrum og opnum faðmi, og skoðanaskiptum, þá náðum við að lenda málum, við náðum að finna lausnir og tala okkur niður á sáttir. Og það eru meðmæli með hópnum og segir mér að þetta er góður hópur og staðfestir það sem ég hef alltaf trúað. Aðfaraorðin voru á hendi A-nefndar í byrjun. Og við ræddum um að þau kæmu sem sérstök grein, en niðurstaðan á endanum varð sú að aðfaraorðin yrðu á undan stjórnarskrárgreinunum. Við ræddum þetta fram og aftur, á endanum þá komu textatillögur frá Freyju Haraldsdóttur, Illuga Jökulssyni, Þorvaldi Gylfssyni og Erni Bárði Jónssyni. Síðan var mér falið að ræða frekar við tvo aðila í ráðinu, Erling Sigurðarson, íslenskufraeðing, og Þórhildi Þorleifsdóttur, leikstjóra.



Og við settumst yfir þessa texta og þessi afbrigði, og ég hafði þá búið til sambræðing úr þeim. Og við sátum hér dagpart yfir þeim og komumst að niðurstöðu, sem síðan var kynnt hér og lesin upp á ráðsfundi. Og það var í fyrsta skipti sem lófatak heyrðist hér í þessum sal. Slík var hrifningin yfir þessum aðfaraorðum sem þá voru, og augljóst að hann hreif áheyrendur. Það komu athugasemdir við hann og sumir voru í vafa um upphafssetninguna, þar sem talað var um formæður og – feður. Og höfðu áhyggjur af því að fólk af erlendu bergi brotið, fyndi sig kannski síður heima í hópnum sem ávarpar í þessum aðfaraorðum. Ég bar þennan texta undir skáldið góða Hannes Pétursson, sendi honum textann og hann fór yfir hann og sagði, „ég geri engar athugasemdir við orðalag, ekki eitt einasta orð. En ég velti því fyrir mér,“ sagði hann, „með fyrstu málsgreinina, hvort hún geti virkað útlökandi á einhverja.“ Og þar með staðfesti hann það sem að sumir höfðu haldið fram. Ég settist þá niður og barði saman upphafsgrein og sendi honum aftur, og hann sagði, „þessi hugsun, hún fullvissar mig um það að allir geti fundið sig inni í þessum texta og fundið að hann tali til sín, eða geti verið mál okkar allra.“

Það hefur verið spurt um það hvort að aðfaraorð séu of löng eða ekki og því var haldið fram hér um daginn. Ég gerði könnun á nokkrum textum. Í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna er formáli, hann er 342 orð. Í pólsku stjórnarskránni er formáli, hann er 269 orð. Í suður-afrísku stjórnarskránni, sem var mér að nokkru leyti fyrirmynd, þegar ég var að taka saman þennan texta, eru 184 orð. Í mannréttindasáttmála Evrópu, 177 orð í formála. Þýskaland með 76 orð og Bandaríki Norður-Ameríku með 52 orð. Textinn okkar sem nú liggur fyrir, er 102 orð. Hann er með þeim styttri sem þekkjast sem aðfaraorð að stjórnarskrá. Orð eru til alls fyrst. Við þekkjum þetta orðtak. En hvaðan er það komið. Það er komið úr Síraks-bók, sem var í íslensku Biblíunni fram undir 1800. En hefur ekki verið þar í 200 ár en er nú komið þangað aftur. Og þar segir, „Orð eru til alls fyrst og áform undanfari allra verka. Hugurinn er upphaf allrar breytni og fernt er frá honum runnið: gott og illt, líf og dauði, en ávallt hefur tungan það allt á valdi sínu.“ Formálar eru þekktir. Ég sagði það um daginn á fundi að formáli væri m.a.s. að borðunum 10, sem er elsta stjórnarskrá sem ég þekki. Og formálinn þar er svona: „Ég er Drottinn, Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi. Þú skalt ekki aðra guði hafa.“ Og þegar að maður þekkir þennan formála, þá verða boðorðin allt öðruvísi. Ég er Guð sem bjargaði þér, vertu ekki að hanga með þessum slúbbertum. Vertu með mér. Á mínu bandi. Nóg um það, formáli lyftir þessari stjórnarskrá upp ... Ég er að klára Ari minn. ...

Formáli lyftir þessari stjórnarskrá upp. Hann gefur henni opnun og segir, þetta er meining okkar, nú erum við að fara í þessa átt. Þegar stjórnarskrádrögin verða afhent forseta Alþingis, þá verður það með ávarpi, með ræðu. Vegna þess að það verður alltaf að staðsetja sig. Það getur enginn skrifað ritgerð í skóla eða doktorsritgerð nema að staðsetja sig, eða skýra verkefnið.

Og þess vegna eru þessi aðfaraorð svona:

„Við sem byggjum Ísland viljum skapa réttlátt þjóðfélag þar sem allir sitja við sama borð. Ólíkur uppruni okkar auðgar heildina og saman eigum við og berum

ábyrgð á arfi kynslóðanna, landi, náttúru, sögu, tungu og menningu.

Ísland er frjálst og fullvalda ríki með frelsi, jafnrétti og lýðræði að hornsteinum.

Stjórnvöld skulu vinna að velferð íbúa landsins, efla menningu þeirra og virða margbreytileika mannlífs, lands og lífríkis.

Við viljum efla friðsæld, öryggi, heill og hamingju á meðal okkar og komandi kynslóða. Við einsetjum okkur að vinna með öðrum þjóðum að friði og virðingu fyrir jörðinni og öllu mannkyni.

Með þessa hugsjón að leiðarljósi setjum við okkur nýja stjórnarskrá, æðstu lög landsins, sem öllum ber að virða.“

Og fyrirgefið mér að ég fer örlítið framúr tíma, enda erum við hér að ljúka mikilvægu verki, heilli stjórnarskrá, tillögu að stjórnarskrá, og minna á vinnulagið okkar, sáttferlið. Hvernig við náðum saman um erfið mál. Ég hef sýnt þessu verki algjöra samstöðu. Ég kaus með hverri einustu grein jáyrði. Og með öllum breytingartillögum. Vegna þess að við höfðum komið okkur saman um það, í þessu ferli. Við höfum farið sáttferlið. Sýnt samstöðu, „solidarνοή“, eins og það heitir á pólsku, og er orðið þekkt hugtak um allan heim. Og nú hvet ég til þess að við stöndum við þessa samstöðu. Það var talað um að 13 hefðu verið fylgjandi formála. Ég má, með leyfi Ástrósar, bæta henni við, þannig að það eru 14. Fjórir studdu hana ekki í núverandi mynd en vildu gjarnan sjá einhverjar breytingar á honum, en vilja samt formála, þannig að þá erum við 18, ef ég leyfi mér að túlka það svo. Og fimm vilja ekki sérstakan formála. Einn sat hjá og eitt atkvæði var autt. Nú er ekki tími til þess að fara í textavinnu og breytingar, því að þessi texti liggur fyrir og var settur inn í skjalið. Það var búið að gera breytingartillögu við hann, sem var felld, og nú er þessi texti til afgreiðslu. Og nú hvet ég ykkur, í anda þeirrar góðu sáttar sem að hérna hefur ríkt undanfarið, og þeirrar samstöðu, að rjúfa hana ekki nú á síðustu metrunum. Að rjúfa hana ekki á síðustu metrunum. Og aðeins hér, ætla ég að leyfa mér að vitna hér í góðan sálm, „Þá hinsti garðurinn úti er, í eigi land fyrir stöfnun.“ Og nú ætla ég að vona það að við náum í land með þetta og að við töpum ekki samstöðunni um heildarskjalið. Það kann að vera í vafa, í mínum huga ef að þetta fer nú á verri veg. En sýnum nú samstöðu, „solidarνοή“. Takk fyrir.

SN

Ómar Ragnarsson. Gjörðu svo vel.

ÓR

Formaður, góða ráð. Ég skil vel afstöðu þeirra fimm sem ekki vilja formála. Þeir segja, „formálinn skiptir engu máli út af fyrir sig, formálinn mun ekki breyta neinni grein, né eðli hennar eða þeirrar stjórnarskrár sem að við erum nú búin að samþykka.“ Þetta skil ég vel og við getum svo sem öll tekið undir þetta. En nú skulum við horfa aðeins víðar. Af hverju formáli? Af hverju er formáli í Biblíunni, „Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð?“ Er nokkur ástæða til þess að segja þetta? Eða var nokkur ástæða til þess þegar að Gullna Hliðið var sett á svið, í leikhúsi, að skáldið kæmi sjálft og færi með formála? Sem var þannig að hann réði úrslitum um það hvernig maður túlkaði leikritið eftir það. Við þekkjum dæmi

úr tónlist þar sem svokallað intro skiptir öllu. Ég skal bara taka létt dæmi. „Nú liggur vel á mér, það liggur vel á okkur.“ Hvernig er formálinn? Hann er svona: „Daddadadaradaddadarada,“ o.s.frv. Þið þekkið þetta. Eftir hvern er þessi formáli? Eftir manninn sem orti, sem gerði lagið? Nei. Formáli þessi er eftir Magnús Ingimarsson sem var útsetjari. Án þessa formála, væri lagið, „Nú liggur vel á mér“ bara svo langt fyrir neðan það sem það er. Þetta litla intró gerir alveg nýjan svip. En nú ætla ég að koma að því að þetta er ekki alveg svo einfalt að það séum bara við sem séum að hugsa um formála fyrir stjórnarskrá. Nú hafa gerst þeir atburðir í nágrannalandi okkar, sem sýna okkur inn í hvers konar öld við stefnum. Sturlungaöldin var svo mannskæð og ófriðsöm af því að það var kreppa. Þeir voru búnir að rýja landið að landgæðum og gera margt af því sem við höfum verið að gera að undanförunu, að hugsa ekki um komandi kynslóðir. Og þá byrjaði ófriðurinn. Heimurinn stefnir núna inn í mikil átök, vaxandi átök, skulum við allaveganna segja, hagsmunahópa, þjóða og trúarbragða. Og nú sjáum við birtingu þessa í nágrannalandi okkar. Íhugum það hvaða skilaboð við sendum frændþjóðum okkar á Norðurlöndum og Evrópubúum ef við samþykkjum formála sem allir helstu stjórnmalaleiðtogar Norðurlanda og leiðtogar á andlegu og veraldlegu sviði eru núna að fara með aftur. Þeir eru aftur að tala um norræn gildi, þeir eru aftur að tala um það að auka lýðræði, að koma með mótspil á móti því sem hefur gerst, með því að auka lýðræðið. Ólíkur uppruni, fjölmenningsþjóðfélagið, frelsi, jafnrétti, lýðræði, friðsæld, komandi kynslóðir. Við hér, í þessum sal, skulum aðeins hugsa í hvaða öld stefnum við og í hvaða umhverfi lífum við. Við erum að átta okkur á því núna, einmitt þessa dagana, og ég tel að við myndum senda frændþjóðum okkar og Evrópuþjóðum og öllum umheiminum mjög sterk skilaboð með því að þeir geti fest hendur á þessum formála nýjustu stjórnarskrár í heimi.

SN

Örn Bárður. Stutt aftur.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Þið funduð á mér að mér er þetta mikið mál. Og ég gekk skrefi lengra en ég átti að gera áðan, og gaf í skyn að það væri heildin í voða með þessu. Ég dreg þau orð mín tilbaka og biðst afsökunar á þeim.

SN

Einhver annar sem vill taka til máls um ...? Pawel, gjörðu svo vel.

PB

Já, ég þakka honum Erni Bárði kærlega fyrir þetta. Ég ætlaði nú að gera einhverja athugasemd við það, en fyrst að svo er, þá bara er allt í góðu. En á sama hátt og hefur nú oft fram komið hjá mér, þá hef ég haft efasemdir um það að setja fram formála í stjórnarskrá og mun greiða atkvæði eftir því, en það mun engin önnur áhrif hafa á neitt annað, heldur en að það lýsir yfir þeirri afstöðu minni að ég held að við ættum að fylgja eftir þeirri norrænu lagahefð sem Ísland hefur fylgt hingað til, að byrja á fyrstu grein og segja þar að Ísland sé lýðveldi með þingræðisstjórn.

SN

Eiríkur Bergmann, gjörðu svo vel.

EBE

Já, kærur félagar. Mér þykir þessi texti þessa formála fallegur og að mörgu leyti mjög viðeigandi en ég hef hins vegar alltaf lýst því yfir að ég sé andvígur því að hafa formála í stjórnarskrá, og fari fram atkvæðagreiðsla þá mun ég greiða atkvæði samkvæmt því. Mér þætti hins vegar fara mjög vel á því, ef að með afhendingu okkar á okkar frumvarpi til Alþingis, fylgdi þessi formáli, með því plaggi. Og þannig myndi þessi texti ávallt lifa, í nánnum tengslum og nánnum samleik við þetta frumvarp okkar. Mér finnst hins vegar of langt gengið af okkur að setja það beinlínis inn í stjórnarskrárplaggið sjálft. Og mér finnst það í rauninni ekkert draga úr gildi þessa forspils, sem að Ómar kallaði sem svo, þó að það sé ekki beinlínis hluti af stjórnarskrártextanum sjálfum, og myndi því gjarnan vilja sjá þá lausn á málinu. En ég endurtek þakkar mínar og hrifningu á, gagnvart þeim sem að bjuggu til þennan texta og unnu með hann. Takk fyrir.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Við nálgumst lokatakmarkið. Ég vil aðeins segja í örfáum orðum að ég er nokkuð sannfærður um að við ættum að hafa formála, ef að það er ekki frágangssök fyrir neinn. Ég hef borið þetta undir örfáa, bæði lögfræðinga og málfræðinga. Og þeir voru hrifnir, það segir nú sína sögu. Og það sem sannfærði mig nú endanlega er að upphafsorðin um, eða í upphafi, um ólíkan uppruna sem auðgar heildina, og voðaverkin í fæðingarlandi mínu Noregi, svona sannfærðu mig um að þetta sé gott að hafa í upphafi. Þó það hafi kannski enga lagalega þýðingu, þá er fleira sem skiptir máli en lagaleg merking. Takk.

SN

Ómar Ragnarsson, og ég loka mælendaskrá á meðan hann talar.

ÓR

Já, þá þurfa aðrir að vera fljótir til, því þetta er voðalega lítil leiðrétting. Það er Jóhannesarguðspjall sem hefst á orðunum, „Í upphafi var orðið,“ en það er samt formáli.

SN

Silja Bára, gjörðu svo vel.

SBÓ

Já formaður og kærur félagar. Ég ætlaði einmitt að skjóta inn þessari sömu leiðréttingu og Ómar. En ég var mjög fylgjandi því að við hefðum aðfaraorð herna í upphafi og átti góða vinnu með minni nefnd, A-nefndinni, þar sem Örn Bárður hefur lagt mikið af mörkum, í því að móta þessa, svona, hugmynd að þessu, og svona leggja grunninn að þeim aðfaraorðum sem að ég hefði viljað sjá. Og þar vorum við með fimm meginþemu; frið, lýðræði, sjálfbærni, jafnrétti og valddreifingu og ábyrgð. Þessi hugtök hafa ekki alveg

öll skilað sér inn í þessa lokavinnu, þó þetta séu falleg orð, að þá náðum við ekki ... Þetta voru hugmyndirnar sem að við lögðum fram hérna snemma í starfinu og kynntum fyrir ráðinu sem, svona grundvallandi gildi sem við vildum að leiddu okkur í gegn, myndu leiða okkur í gegnum það starf sem að við tókumst á hendur hérna í byrjun apríl. Það held ég að hafi tekist vel, við erum með greinar inni, sem að styrkja lýðræði, við erum með greinar, eins og ég talaði um áðan, sem að stuðla að friði, við erum með greinar sem að efla valddreifingu og ábyrgð í samfélaginu, við erum með frábærar greinar sem að styrkja jafnrétti fjölda minnihlutahópa og karla. Og við erum með greinar sem að stuðla að sjálfbærni, að sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu náttúrunnar og þeirra auðlinda sem í henni er að finna. Mér finnst orðin, sem sagt inngangsorðin, ekki alveg ná að grípa öll þessu þemu, þó að þau séu falleg og nái að fanga vel þann anda, sem að var undirliggjandi í þessu starfi. En það er kannski ekki það sem skiptir máli, ég gæti staðið á bakvið þessi orð, ef ég væri sannfærð um að allir félagar mínir hérna við þetta borð, gætu það líka. Ég veit ekki hverjir það eru, sem eru hikandi, en mér þætti ofboðslega gott ef að við gætum snúið þeim á sveif með þessum aðfaraorðum, vegna þess að ég er sammála því að þau geta lyft skjalinu okkar upp. Og þau geta fylgt því og gert það fallegra og gert líf þess lengra. Þannig að mig langar að leggja til að við geymum aðfaraorðin, við ætlum að hafa þau fyrir utan skjalið, og við tökum einn sólarhring í viðbót. Og reynum að landa þessum orðum þannig að við getum, ekki greitt atkvæði á móti þeim, heldur þau sem að eru hikandi, geti setið hjá, þegar við afgreiðum þau. Þau eru ekki inni í endanlega skjalinu, þau standa fyrir framan það. Þannig að ég held að við getum samþykkt skjalið í heild sinni núna og reynt að landa, og þá þurfa eiginlega þau fimm, sem að eru á móti aðfaraorðum, og þau fjögur sem eru tilbúin til þess að vinna í að breyta þeim, að gefa sig fram. Þannig að þetta væri mín tillaga, þá er ég algjörlega með í því að styðja þessi aðfaraorð, eða að styðja aðfaraorð, og ég er algjörlega með í því að styðja þetta skjal og mun berjast fyrir lífi þess þangað til að það verður að stjórnarskrá. Takk.

GT

Má ég stinga upp á að við gerum eins og þegar greidd voru atkvæði um fjölda þingmanna, að það verði leiðbeinandi atkvæðagreiðsla og stjórninni svo falið að ákveða hvert form á þessum aðfaraorðum verði. Takk.

SN

Já, ... er ... þá þurfum við að bera hana upp, að við gerum leiðbeinandi atkvæðagreiðslu núna. Er það ... getum við kosið um það bara, hvort að við höfum leiðbeinandi atkvæðagreiðslu um aðfaraorðin núna?

KF

[ekki kveikt á hljóðnema] Gerðum við það ekki í gær?

SN

Ja, það varð sko ...

ÖBJ

[ekki kveikt á hljóðnema] Við vorum búin að því.

SN

... skoðanakönnunin liggur fyrir hér, en ...

GT [ekki kveikt á hljóðnema]

Það var bara skoðanakönnun.

SN

En hér er komin dagskrártillaga um að við gerum það hér, með þessum sal núna. Þorkell.

ÞH

Það hlýtur nú [ógreinilegt, áður en kveikt á hljóðnema] ... að vera þá utan fundar. Það hlýtur að vera utan fundar þá.

SN

Ja, við gerðum þetta nú reyndar á fundi um daginn, í sambandi við Alþingiskosningarnar, það er það sem Gísli er að vísa til. En við þurfum náttúrliga að bera allt skjalið upp núna. Ætlaðu ... er ...?

GT

Þetta var nú eiginlega bara eins og venjulega, lausnánálgun, sko ... en, ef þetta leysir ekkert, þá leysir þetta ekkert.

SN

Einmitt. Silja Bára var náttúrliga með dagskrártillögu um það að við myndum fresta þessari umræðu um aðfaraorðin þangað til á morgun, en þá eru þau náttúrliga ekki hluti af því skjali sem við erum að afgreiða núna á eftir. ... En þau eru aðfaraorð, vissulega, þannig að þau gætu þá komið sem ... Er áhugi fyrir því?

Kjósnum um dagskrártillöguna. Að við tökum ekki aðfaraorðin með í afgreiðslu skjalsins núna á eftir, heldur gefum okkur sólarhring til þess að hugleiða málin. Getum við tekið kosningu um það? Það er dagskrártillaga sko. Þannig að þá kjósnum við um það hvort að við eigum að taka okkur sólarhring til viðbótar. Bara um það. Og þá er það ekki hluti af því skjali sem við afgreiðum hér á eftir.

ÞH

Má ég aðeins spyrja? Er þá ljóst að við ætlum samt að bera upp allan pakkann á eftir?

SN

Já, en án aðfaraorða þá.

ÞÞ

Er eitthvað hægt að leita eftir vilja þeirra sem ekki vilja, ég meina, það hefur ekkert upp á sig að fresta í sólarhring ef allir eru staðfastir, í sinni sannfæringu, eða ... Silja segir ef að hægt er að fá þá til þess að skipta um skoðun, á þá að fara fram einhver markviss vinna í því, eða bara ...

SN

Þetta er dagskrártillaga sem við þurfum að taka afstöðu til.

ES [ógreinilegt, ekki kveikt á hljóðnema]

... þetta sé eina atkvæðið sem ...

DH [ekki kveikt á hljóðnema]

Við bara klárum þessa [ógreinilegt, kópíu??, hérna]

SN

Eigum við ekki að kjósa bara um þetta, hvort að við eigum að fresta aðfaraorðunum til morguns, þannig að nú erum hérna ...

ÖBJ?? [ekki kveikt á hljóðnema]

Klárum málið.

GT?? [ekki kveikt á hljóðnema]

Ég segi já við því.

SN

Gult er já við því, rautt er nei við því. [svarar spurningu frá ES] Já, gult er að fresta, rautt er að taka ákvörðun um það núna.

[Umræður í sal um kosningafyrirkomulagið]

SN

[svar við spurningu úr sal] Já, við erum að kjósa um dagskrártillögu núna, um dagskrártillögu. Þá bara fáum við niðurstöðu í það núna, innan skamms. 24 komnir, já nú komu allir. Og hún er samþykkt með 15 atkvæðum, 6 höfnuðu og 4 sitja hjá. Þannig að þá tökum við umræðu um það, frestum við sem sagt aðfaraorðunum þar til á morgun.

Þá tökum við skjalið í heild sinni, þá er stóra stundin runnin upp. Og það hefur verið ... já, Vilhjálmur, gjörðu svo vel.

VP

Formaður og góðir ráðsfulltrúar. Já, það er að renna hérna upp söguleg og langþráð stund. Og eftir mjög mikla vinnu og erfiða og skemmtilega og lærdómsríka, að þá erum við núna að fara að greiða lokaatkvæði um heildstætt frumvarp til stjórnarskipunarlag. Frumvarp sem að Stjórnlagaráð hefur útbúið á grundvelli tillaga stjórnlaganefndar og hugmynda Þjóðfundar 2010. En frumvarp okkar til stjórnarskipunarlag mun standa og falla með því hvað í því stendur. Og eins og Kata sagði hérna áðan, ef að hugmyndir okkar eru góðar, þá munu þær lifa og sigra að lokum. Ekkert annað mun skipta máli þegar að upp er staðið. Og ég er þess fullviss að þessar hugmyndir séu góðar og að þær muni lifa og verða að nýrri stjórnarskrá. Stjórnarskráin okkar er miklu skýrari en sú sem að nú gildir. Hún gætir betur mannréttinda, jafnræðis og jafnréttis. Hún dreifir valdi og lætur vald og ábyrgð fara saman. Hún gerir okkur kleift að leigja út aðgang að auðlindum til hóflegs tíma í senn og gegn fullu verði, almenningi til hagsbóta. Nú, hún styrkir Alþingi, hún eflir lýðræðið og hún jafnar vægi atkvæða. Hún tryggir rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum og eykur gagnrýnið aðhald, auk fjölda annarra umbóta, stórra og smárra. Í stuttu máli, betri stjórnarskrá fyrir betri framtid. Ég mæli með því að við samþykkjum öll þetta frumvarp til nýrrar stjórnarskrár. Það mun ég gera sjálfur af heilum hug með gleði og von í hjarta. Og ég óska hér með eftir því að nafnakall verði viðhaft í atkvæðagreiðslunni.

SN

Takk fyrir. Já, það er hægt að verða við því að hafa nafnakall við lokaafgreiðslu. Ég mælist líka til þess að þeir sem vilja gera grein fyrir atkvæði sínu, að þeir geri það á undan en ekki ... þannig að svo getum við haft bara ... látið atkvæðagreiðsluna ganga hratt fyrir sig, sjálfa atkvæðagreiðsluna. Þannig að er einhver sem óskar eftir að ...? Pawel.

PB

Já, kæru vinir. Er þetta atkvæðaskýring? Já, ég er stoltur og hræður og þakklátur fyrir að fá að sitja hér. Það eru 500 manns sem vildu vera í þessum sporum sem ég er í og fengu það ekki. Sumir þeirra eru hér í salnum og aðrir vonandi að fylgjast með okkur og mér er hugsað til þessa fólks. Nú eftir fyrri umræðu voru nokkur atriði sem voru þess eðlis að ég taldi mig ekki geta stutt frumvarpið. Í þeim málum var komið til móts við mínar skoðanir og annarra og fyrir það vil ég þakka. Auðvitað er ýmislegt í þessu frumvarpi sem er ekki alveg eins og ég myndi vilja hafa það. Og annað er nákvæmlega eins og ég myndi vilja hafa það. En þannig er það nú bara og nú skilum við okkar verkefni áfram. Og ég segi já.

SN

Ég ætla að biðja varaformann að taka við fundarstjórninni.

AT

Eru fleiri sem vilja gera grein fyrir atkvæði sínu? Salvör, gjörðu svo vel.

SN

Ég tek undir orð annarra sem hafa tjáð sig hér, um hvað það hefur verið lærdómsríkt og merkilegt að taka þátt í þessu starfi. Og hvað það hefur verið gríðarlega skemmtilegt. Við höfum skilað drjúgu starfi á síðustu mánuðum, en við réðumst í það að endurskoða í heild sinni núgildandi stjórnarskrá. Og í kringum starf okkar hefur orðið til samfélagsleg umræða um mörg mikilvæg álitæfni. Starfið er mikilvægur áfangi í breytingum á stjórnarskránni. Tíminn sem við höfum fengið til starfsins hefur óhjákvæmilega verið skammur. Og að mínu mati er sumt í frumvarpinu sem þarf frekari greiningu og ítarlegri skýringu og kannski, eins og sumir hafa orðað það, við þurfum að fá álagspróf. Enda hefur þetta frumvarp verið að taka breytingum allt til þessarar stundar. Á þessum forsendum, eða með þetta í huga, greiði ég atkvæði með frumvarpinu.

AT

Þá skila ég fundarstjórninni aftur til Salvarar, gjörðu svo vel.

SN

Eiríkur Bergmann. Gjörðu svo vel.

EBE

Já, kæru félagar. Ég skal hafa þetta mjög stutt. Við höfum hér greitt atkvæði um 114 greinar og ég hef stutt þær allflestar. Það eru örfáar undantekningar á því og ég vildi þess vegna gera grein fyrir atkvæði mínu núna. Þrátt fyrir að ég hafi greitt atkvæði gegn einstaka örfáum greinum, að þá styð ég þetta plagg af heilum hug.

Ég tel að hér hafi verið unnin mjög góð vinna og þetta er, held ég alveg örugglega, merkilegasta starf sem ég hef tekið þátt í. Ég er sérstaklega ánægður og hræður með það, að þegar að mér fannst stefna í óefni, eftir fyrstu umræðuna og þegar mér fannst við vera komin út yfir það umboð sem okkur var ætlað og var farið að líða ögn skringilega með verkefnið, að þá tók hópurinn í heild sinni, ráðið í heild sinni, sig til og leiðrétti sig, þannig að öllum gat liðið vel með það sem að hér er til afgreiðslu. Og því mun ég aldrei gleyma og það þakka ég fyrir.

SN

Silja Bára Ómarsdóttir. Gjörðu svo vel.

SBÓ

Já, formaður og kærur félagar og gestir. Ég ætla nú að segja eins og Pawel að það er svolítið magnað að vera hérna, vitandi það að það voru yfir 500 manns sem að sóttust eftir að taka þátt í þessu verkefni og hafa fengið að vera ein af þeim 25 sem að urðu þess heiðurs að-njótanda að vinna þetta og þetta hefur verið alveg ótrúlegt tímabil. Og örugglega eitt það merkilegasta sem að við eigum öll eftir að gera um ævina. Mig langar bara að þakka ykkur öllum fyrir einstaklega áhugaverða, skemmtilega, fræðandi og gefandi samvinnu. Mig langar að nefna nokkur atriði sem að ég er sérstaklega stolt af. Það er jafnræðisreglan, þar sem að við erum að bæta við tveimur mjög mikilvægum og nokkrum öðrum líka mikilvægum, en þetta eru tvö atriði, sem að mér eru sérstaklega hugleikin, tveimur mjög mikilvægum breytum, kynhneigð og fötlun, sem ekki komust inn síðast þegar stjórnarskrá var endurskoðuð og eru núna nefnd sem mismunabreytur sérstaklega, í jafnræðisreglunni. Ég er svolítið svekkt að við komum ekki inn kynvitundinni, en það er bara slagur fyrir næstu ár. Ég er sérstaklega stolt af ákvæðinu sem ég nefndi áðan, um bann við stuðningi við beitingu vopnavalds og ég er ofboðslega stolt af því að hafa tekið þátt í að skrifa greinarnar um umhverfi og auðlindir og náttúru. Mig langar, í lokin, að nefna fólkið, svona, á bak við tjöldin, sem að skipti hvað mestu máli fyrir nefndina mína. Og það er hann Andrés Ingi sem að þjónaði okkur með bros á vör og óendanlegri þolinmæði. Valborg sem að kom inn á lokametrunum og reddaði okkur síðustu vikuna, eftir að Andrés fór í fæðingarorlof. Og hún Sif sem er lögfræðingurinn okkar og hefur verið alveg ómetanleg auðlind fyrir okkur, í okkar starfi. Og síðan eru það konurnar uppi á 5. hæðinni sem að hugsa um okkur andlega og líkamlega, gefa okkur að borða og redda öllu sem að okkur vantar, komu hérna hlaupandi með verkjatöflur handa mér í gær þegar ég var að fá mίgreniskast. Það eru Ágústa og Svanhvít og Marta. Og síðan er auðvitað fjöldi annars starfsfólks sem að hefur tekið þátt í þessu starfi með okkur og á heiður skilinn fyrir það. Ég ætla að segja já við þessu frumvarpi og ég er stolt af því að hafa fengið að leggja hönd á plóg. Takk.

SN

Gísli Tryggvason. Gjörðu svo vel.

GT

Já, formaður, góðir félagar og aðrir áheyrendur. Ég vil ítreka þakkir til hins frábæra starfsfólks okkar, ein-

stakra meðfulltrúa og skynsamrar stjórnar og vil bæta þökkum til þjóðarinnar og fjölmiðla fyrir stuðninginn við okkar starf. Draumur minn er orðinn að veruleika um Stjórnlagana, ja ráð, þó ekki hafi orðið þing, og ég er sannfærður um að þetta verður stjórnarskrá og þessi nýja stjórnarskrá verður betri en sú gamla, ekki síst með það sem ég lagði mesta áherslu á, að veita opinberu valdi meira aðhald. Ég styð þetta að sjálfsögðu. Takk.

SN

Örn Bárður Jónsson. Gjörðu svo vel.

ÖBJ

Formaður, góð systkin nær og fjær. Ég lýsti því hér áðan af mikilli gleði, með hvaða hætti okkur hefur tekist að vinna hingað til. En nú hefur dregið ský fyrir sólu. Ég gekk til sátta við fólk hér í þessu ferli, við fámennan hóp sem hefur sýnt mikinn þvergirðingshátt oft á tíðum. En við náðum sáttum. Og ég stóð við þá sátt. Og ég brást ekki einu einasta atviki í þeim sáttum. En í dag var rofin þessi sátt. Og það hryggir mig. Ég styð þessa stjórnarskrá, ég er búinn að samþykkja hverja einustu grein. En það hefur dregið ský fyrir sólu og ég fer með hryggð í hjarta heim. Og þarf að skoða það hvort ég tek þátt í framhaldinu. En við ljúkum þessari samþykkt hér í dag og ég styð stjórnarskráfrumvarpið að sjálfsögðu.

SN

Íris Lind Sæmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

ÍLS

Takk kærlega fyrir. Ég ætla að segja já og samþykkja frumvarpið í þeim fyrirbyggjandi drögum sem hér eru. Það eru ýmsir þættir sem að ráða því. Í heildina litið er stjórnarskráin betri en sú sem við höfum nú. Hún er ítarlegri og hún felur í sér mikla og bættu stjórnskipan á Íslandi. Mig langar, svona í framhaldi af orðum Silju Báru, þá verð ég að taka undir það að ég er sérstaklega stolt af því að sjá endurbættu jafnræðisreglu. Ég lagði sérstaka áherslu á það í nóvember sl. á að kynhneigð og fötlun færu sérstaklega inn í jafnræðisregluna. Ef ég mætti, með leyfi formanns, fara aðeins í smá skýringu á jafnræðisreglunni og í framhaldi af sko, ábendingu eða tilvísun Silju Báru til breytingartillögunnar sem hún flutti hér í fyrri umferð um það að bæta inn í jafnræðisregluna kynvitund, sem mismunabreytu, sem njóti sérstakrar verndar jafnræðisreglunnar. Nú er það svo að þessi breytingartillaga, henni var hafnað með alveg gríðarlega naumum meirihluta. Og þetta var tilfinningaþrungin stund fyrir marga og við fengum hér hóp í heimsókn sem mótmælti því að við hefðum ekki samþykkt þetta. Og ef ég mætti gleðja þá sem samþykktu þessa tillögu þá ætla ég að fá að gera smá grein fyrir því, hvað felst í jafnræðisreglunni, eins og hún er túlkuð nú. Jafnræðisreglan, sem að núna er í 6. gr. frumvarpsins, hún kemur úr 65. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún stendur nú, með örlitlum breytingum að teknu tilliti til nýrra þátta og orðalagsbreytinga. Þessi jafnræðisregla var sett inn í stjórnarskrána árið 1995, þegar að breytingar voru gerðar á mannréttindakaflanum og þrátt fyrir að jafnræðisreglan hafi verið grundvallarþáttur og grundvallarregla í íslenskrí stjórnskipan, fram til þess tíma. Fyrirmyndin að

ákvæðinu kemur úr 14. gr. mannréttindasáttmálans, 26. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnámálagaleg réttindi, og hana er að auki að finna í samningnum um efnahagsleg og félagsleg réttindi, og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, auk annarra óteljandi samninga sem Ísland er aðili að. Nú, í þessum samningum, sem að sérstaklega var litið til árið 1995, þar er kynvitund ekki sérstaklega tilgreind. Hins vegar hefur það verið svo, með þróun síðustu ára, að jafnræðisregla þeirra hefur verið túlkuð sem svo að undir hana falli mismunabreytan kynvitund. Og það hefur verið staðfest í, sem sagt, niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, og nú síðast árið 2010 í stefnumarkandi dómi frá Mannréttindadómstólnum, þar sem sérstaklega var tilgreint að kynvitund falli undir það sem í samningnum er talið vera staða að öðru leyti. Nú, þetta er líka talið, þetta felst líka í mismunatilskipunum Evrópusambandsins, en Ísland er nú að vinna að nýrri mismunalöggjöf sem að miðar að því að breyta íslenskri jafnréttisölggjöf til samræmis við þetta. Og svo ætla ég að nefna það að Ísland skrifaði núna í maí undir samning um baráttuna gegn ofbeldi gagnvart konum. Og var meðal fyrstu 13 aðildarríkja Evrópuráðsins til að undirrita hann. En hann er fyrsti samningur sinnar tegundar og þar er jafnræðisregla, og í henni er sérstaklega talað um bann við mismunum á grundvelli kynvitundar. Þannig að ég bendi á að eins og við þurfum að túlka og munum túlka jafnræðisregluna, þá er kynvitund ein þeirra mismunabreytna sem nýtur sérstakrar verndar og ég tel að við þurfum, og ég ætla að gera breytingartillögu við greinargerðina við greinina, þannig að við setjum þetta sérstaklega inn. Og ég er tilbúin til að benda ykkur á frekara efni til þess að styrkja þetta. Takk.

SN

Arnfríður Guðmundsdóttir. Gjörðu svo vel.

AG

Já, kærur vinir. Við erum svo sannarlega á kaflaskilum í vinnu okkar, og við erum líka á kaflaskilum í sögu okkar samfélags. Við komum hingað inn, með þá von og þann draum að við ætluðum að skrifa betri stjórnarskrá, uppfæra stjórnarskrá, skrifa stjórnarskrá fyrir 21. öldina, þar sem að markmið eins og jafnrétti og margbreytileiki og réttlæti fengju að vera í forgrunni ásamt háleitum markmiðum eins og gegnsæi og ábyrgð. Við erum búin að ná ótrúlegum árangri. Við höfum verið margradð kór, sem að hér hefur sungið á síðustu mánuðum, hópurinn er margbreytilegur og hefur að mörgu leyti endurspeglad þann margbreytileika sem að er í okkar samfélagi. Verkið sem við höfum unnið hér er ekki bara verk sem við höfum unnið fyrir okkur sjálf, því að þetta er svo sannarlega verk sem að er fyrir samfélagið okkar og er fyrst og síðast unnið fyrir framtíðina, fyrir komandi kynslóðir. Og það eru vissulega forréttindi að hafa fengið að taka þátt í þessu starfi. Það hafa verið forréttindi að fá að vinna að nýjum og uppfærðum mannréttindakafla, ásamt öðrum köflum í þessu nýja frumvarpi um ný stjórnarskipunarlög.

Ég segi já, með stolti og þakklæti, en líka von um réttlátara samfélag. Ég segi já fyrir hönd barnanna minna og fyrir hönd íslensks samfélags í framtíðinni.

SN

Freyja Haraldsdóttir. Gjörðu svo vel.

FH

Já, elsku vinir. Ég get náttúrulega ekki setið á mér frekar en fyrri daginn, að tjá mig aðeins hér í dag. En mér finnst alveg ótrúlegt að við séum komin á þann stað sem við erum komin í dag. Tíminn er búinn að fljúga áfram, þó svo að um leið þá sé þetta búin að vera það mikil reynsla að mér líður eins og þetta sé búin að taka mörg ár, þá finnst mér líka eins og við höfum byrjað í gær. Mig langar að taka undir með Pawel og Írisi og Silju og Arnfríði og fleirum, að það er klárlega mikill heiður og mikil forréttindi að fá að sitja hér og að hafa fengið það tækifæri og það traust að fá að taka þátt í þessu starfi. Árið 2006 þá fór ég af stað með fyrirlestraherferð sem hét, „Það eru forréttindi að lifa með fötlun.“ Það voru mjög margir sem héldu að ég væri algjörlega gengin af göflunum. Og veltu fyrir sér af hverju í ósköpunum ég segði þetta. Ástæðan fyrir því að ég segi þetta er það og stend náttúrulega algjörlega við þetta enn þann dag í dag, er vegna þess að það að ég sé fötluð hefur einhvern veginn sett upp vegferð sem að hefur komið mér á staði og gefið mér tækifæri til að upplifa, og taka þátt í hlutum sem ég hefði aldrei gert, ef ég hefði ekki fæðst fötluð. Þetta er eitt af því, vegna þess að hingað kom ég fyrst og fremst til að vera fulltrúi fatlaðs fólks. Þannig að enn á ný, staðfestir þetta kenningu mína um að það eru forréttindi, bæði að vera hér og að vera fötluð kona. Mig langar að nota tækifærið og þakka A-nefnd sérstaklega, fyrir dásamlegt samstarf, fyrir það að hafa unnið upp á hvern einasta dag ásamt öðrum ráðslíðum að því að byggja upp mannréttindakaflann, kaflann um náttúruna og, bara með þeim glæsibrag sem að ég tel að við höfum öll saman gert hér. Ég kvíði svolítið að hitta ykkur ekki á hverjum degi, og ég þarf eiginlega helst að fá að taka ykkur með mér í hina vinnuna mína. Það væri ótrúlega gott. Og mér finnst ótrúlega merkilegt, hvernig við höfum náð að vinna saman, við erum 25, með ótrúlega ólíkar skoðanir stundum, en samt auðvitað sameinumst í mörgu, um ólíkan karakter, ólíka reynslu, ólíka menntun, komum frá ólíkum fjölskyldum o.s.frv., o.s.frv. Það er oft sagt að svo stór hópur eigi ekki að geta sameinast um svona stórt plagg eins og þetta er. Það er oft talað um að sé ekki séns, og oft heyrði ég útundan mér að fólk taldi að þetta yrði nú bara eitthvað svona, eitt stórt dramakast. Það var það svolítið hérna fyrir nokkrum dögum síðan en það er kannski allt í lagi, af því að við ..., þetta er erfitt, þetta á að vera erfitt og þetta var ofboðslega erfitt. En það sem að stendur upp úr í mínum huga, fyrir utan þetta flotta verk, að það er að við náðum saman. Og það þarf mikið hugrekki, það þarf mikinn þroska og það þarf mikla visku til þess að geta gert það. Og við gátum það. Og af því finnst mér bara allt í lagi að við séum mjög mikið stolt. Og mig langar bara að sjálfsgöðu að þakka ykkur öllum, fyrir að vera til, og þá er ég að tala um, að sjálfsgöðu ráðsfulltrúa og starfsfólkið hérna sem hefur hugsað ótrúlega vel um okkur, og að sjálfsgöðu þjóðina alla, sem að bæði upphaflega, hvað sem okkur finnst um þá kosningu, kaus okkur hér og sem hefur sent okkur erindi og stutt okkur og skammað okkur þegar það hefur þurft, og leiðbeint okkur í því starfi sem við höfum verið að vinna. Og ég hef lært af hverju einasta

ykkar, og þess vegna langar mig bara að þakka ykkur fyrir það og þakka ykkur fyrir að gera mig að betri manneskju. Og með þeim orðum þá vil ég segja að ég segi stolt, já, við þessu frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Takk.

SN

Erlingur Sigurðarson. Gjörðu svo vel.

ES

Góðir félagar. Það líður senn að hausti. Vorinu hef ég eytt innanhúss, í félagsskap ykkar, við að semja landinu nýja stjórnarskrá. Og það hefur bara tekist býsna vel og samvinnan verið með ágætum þó að erfitt hafi verið á köflum. Ég ætla að flytja hér atkvæðaskýringu, ekki framboðsræðu, en enn er eftir svolítið af stjórnarskránni. Við unnum alltaf út frá því að það væru með henni aðfaraorð. Og ég segi já við stjórnarskránni og ég segi já við aðfaraorðunum sem eiga að koma inn í hana á morgun. Takk fyrir.

SN

Lýður Árnason. Gjörðu svo vel.

LÁ

„Við Íslendingar, breyskir og sundurleitir sem við erum, setja þessa stjórnarskrá í von um að hún muni þoka okkur áleiðis til fríðsældar og réttlætis.“ Við hefðum kannski átt að samþykka þessi aðfaraorð hérna í síðustu viku ... En engu að síður þá er ég sammála séra Erni Bárði að það hefði betra að klára þetta mál núna. En þó að agnarsmátt ský hafi dregið fyrir sólu, þá ætla ég það nú að á morgun ríki aftur hér heiðríkja, og að fyrirgefningin svífi yfir vötnum. Sjálfur er ég mjög ánægður með að hafa tekið þátt í þessu starfi. Ég nefni sérstaklega auðlindaákvæðið sem er alveg nýtt og náttúruákvæðið. Mannréttindakaflinn er klárlega til bóta. Ég er líka mjög ánægður með Alþingiskaflann, og sérstaklega alþingiskosningar. Það er mjög margt nýtt í þeim kafla sem að ég held að þjóðin hafi gjarnan viljað fá, og það var sterkt ákall um það. Ég er líka mjög ánægður með kaflann um beint lýðræði og þar er margt nýtt, sem að var ekki áður, og ég held að það endurspeglí líka það sem að Þjóðfundurinn kallaði á. Þannig að ég geng mjög sáttur frá þessu verki og ég ætla svo sannarlega að greiða því atkvæði mitt og það verður já. Takk.

SN

Katrín Fjeldsted.

KF

Ágætu áheyrendur. Þessir fjórir mánuðir hafa liðið eins og örskot, og ég vil þakka fyrir það frjóa samstarf sem hér hefur myndast. Ég held við séum ekki full af sjálfumgleði, við erum bara full af gleði yfir því, að hafa getað leitt saman hesta okkar, komið sitt úr hverri áttinni, og landað því verkefni sem við tókum að okkur. Við höfum lagt okkur fram og reynt að vinna vel. Og ég vil þakka fyrir þetta samstarf, ég vil þakka samstarfið í minni nefnd, sem var B-nefnd, og þar sátu Ástrós, Eiríkur, Erlingur, Gísli, Vilhjálmur og Þórhildur, auk mín, og nefndarritaranum okkar sem var Guðbjörg Eva, og öllum starfsmönnum hér innanhúss. Ég lít svo á að stóru kaflaskilin í stjórnarskrá hafi orðið 1995,

þegar mannréttindakaflinn kom þar inn. Og stóra breytingin nú, nýju kaflaskilin, eru þau að náttúrunni er gert hærra undir höfði en áður og umhverfismál verða sýnileg í stjórnarskránni. Við skilum stolt af okkur þessum nýja sáttmála fyrir þjóðina, og ég treysti Alþingi til að leita sem fyrst eftir stuðningi við hana í þjóðaratkvæðagreiðslu, svo að þjóðin fái nýja stjórnarskrá í stað þeirrar sem nú er í gildi, en hún er frá 1944. Þetta er nýr rammi um störf Alþingis og framkvæmdarvaldsins og ég er mjög hamingjusöm með að ná niðurstöðu og ég vona að við styðjum öll stjórnarskrána. Ég segi já. Takk.

SN

Þorkell Helgason.

ÞH

Góðu vinir. Það er mér mikil ánægja, núna undir lok starfsævi minnar að fá að leggja þessu lið, að semja nýjan sáttmála handa þjóðinni, um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Og ég mun því heilshugar greiða frumvarpi okkar til stjórnarskipunarlagu atkvæði mitt. Þakka ykkur öllum fyrir.

SN

Ástrós Gunnlaugsdóttir.

ÁG

Já, kærur vinir. Mig langaði bara að byrja á að þakka ykkur öllum fyrir þennan frábæra tíma sem við höfum átt hérna saman. Og vil taka undir með Pawel og Silju Báru að það hafa verið gríðarleg forréttindi að hafa valist úr hópi 500 frambjóðenda, til þess að taka þátt í þessu ótrúlega starfi, sem að hefur verið unnið hér. Ég hef auðvitað [ógreinilegt] aðeins dottið út kannski, svona á þessum lokametrum, sem mér heyrst hafa verið ágætis fæðingarhríðar, ég átti þær annars staðar heldur en hér. En ofboðsleg gleði og ég er ofboðslega stolt af ykkur öllum að hafa náð þessari samstöðu, sem að ég sé skína í gegn, bæði ég fylgdist með ykkur í gær og núna hérna í dag. Og þetta verkefni okkar er auðvitað fyrir framtíðina og ég er yngst hér, og kannski með yngsta áhorfandann okkar líka, með okkur hérna í dag. Og ég vona bara að þetta frumvarp okkar til nýrrar stjórnarskrár muni gera framtíð Íslands bjartari og ég hef fulla trú á því. Og það er með miklu stolti í hjarta og gleði sem að ég kveð þetta frábæra verkefni sem að mun án efa vera það merkilegasta starf sem ég mun nokkurn tíma taka að mér, þrátt fyrir að ég sé ung að árum ennþá, þá held ég að þegar maður horfir til framtíðarinnar, þá finnst ekki merkilegara eða frábærara starf heldur en að vinna með ykkur öllum og koma að nýrri stjórnarskrá, og þakka bara kærlega fyrir. Og segi heilshugar já, við þessu frábæra frumvarpi okkar. Takk.

SN

Katrín Oddsdóttir. Gjörðu svo vel.

KO

Já, ég ætlaði nú bara að komast aðeins, ég var búin að segja allt sem ég þurfti að segja áðan en mig langaði til að þakka sérstaklega Finni tæknimanni, og öllum tæknigaurunum okkar, vegna þess að sko, hann gerði það að verkum að allir gátu tekið þátt í vinnunni okkar,

líka í útlöndum og alls staðar. Og það er það merki-  
legasta, finnst mér, langmerkilegasta, hvernig fólkið  
kom að þessu. Og við höfum staðið okkur vel, en þeir  
hafa staðið sig enn betur af því að þau tóku þátt á alveg  
nýjan hátt. Og ég skora á þetta sama fólk og allt fólkið  
í landinu að taka núna þetta kefli og láta þetta verða  
stjórnarskrá Íslands. Þetta er mjög góð stjórnarskrá og  
ég segi jahá!

SN

Dögg Harðardóttir.

DH

Formaður, kæru ráðsfélagar og Íslendingar allir. Það  
kom mér á óvart að ná kosningu til Stjórnlagabings.  
Það kom mér á óvart að kosningin skyldi verða úr-  
skurðuð ógild, og það kom mér á óvart að Alþingi skyldi  
þrátt fyrir það ákveða að skipa okkur 25, sem höfðum  
náð kosningu, í Stjórnlagaráð. Og að leiðarlökum þá  
er mér þakklæti efst í huga. Þakklæti til þjóðarinnar,  
þakklæti til fjölskyldunnar minnar. Það er ekkert sjálf-  
gefið að eiga mann á Akureyri, sem sér um börnin mín,  
á meðan ég er hér alla virka daga. Og ég er hrærd og  
mjög þakklát. En ég er líka þakklát fyrir allar þær bænir  
sem hafa verið beðnar fyrir okkur, vegna þess að það  
hefur verið yfir okkur vakað, þó það hafi ekki allir hér  
kannski vitað af því, en það hefur fyrst og fremst verið  
beðið fyrir því að við myndum ekki samþykkja neitt  
sem yrði til tjóns. Og það er kannski þess vegna sem við  
þurftum að heyja baráttu á ótal sviðum. En ég þakka  
líka Guði fyrir að við komumst að niðurstöðu í sátt. Og  
ég ætla að vera ein þeirra 25 sem segja já.

SN

Illugi Jökulsson. Gjörðu svo vel.

IJ

Takk fyrir. Mig langar nú að byrja á því að geta von-  
andi átt svolítinn þátt í því að blása skýinu af himni  
míns góða og kappsfulla vinar, Arnar Bárðar. Ég átti  
nú örlítinn þátt í þessum aðfaraorðum og styð þann  
texta sem að hann samdi svo og rak smiðshöggð á  
100%, og mun styðja þau á morgun, þegar þau verða  
afgreidd og gerð að óaðskiljanlegum þætti þessarar  
stjórnarskrár. Ég sé það ekkert sem neinn sérstakan  
galla þótt rétt sé við einhverja sem hafa efasemdir og  
gerð tilraun til að ná ennþá betri samstöðu um þessi  
aðfaraorð, sem munu svo glæsilega prýða þá stjórnar-  
skrá sem ég ætla rétt að vona að verði að endingu sam-  
þykkt. Nú fyrir mig persónulega, þá er það merkileg  
reynsla fyrir mann sem hefur haft af því atvinnu,  
svona, meira og minna síðustu rúm 20 árin að röfla  
í útvarpi og blöðum yfir því sem betur mætti fara í  
samfélaginu, að geta þá átt þátt í því að betrubæta  
það, kannski, að einhverju leyti. Ég er sannfærður um  
að þessi stjórnarskrá, sem að við höfum hér, vonandi,  
lagt drög að, muni bæta samfélagið mjög verulega og  
styð þetta frumvarp að sjálfsögðu.

SN

Þórhildur Þorleifsdóttir.

ÞÞ

Ráðsfélagar, aðrir gestir. Ég get ekki látið hjá líða  
að byrja á því að tala um hvernig fór fyrir texta Arnar

Bárðar hér áðan. Mér finnst það afskaplega leitt, og  
kannski vegna þess að ég sit hér við hlið hans, þá finn  
ég glöggst fyrir því hvað honum þykir það leitt. Ég er  
alveg sannfærð um það að hefðum við haft aðeins tíma,  
þá hefðum við leyst þetta mál í sátt. Eins og við gerðum  
við öll önnur mál. Það voru miklu myrkari ský og þykk-  
ari á lofti fyrir helgina, og um helgina. Það voru margir  
sárir og vonsviknir til skiptis, en við náðum sátt um öll  
mál. Og eins og er nú að koma í ljós núna með þeim  
hætti, að flestir, ef ekki allir sem hingað til hafa talað,  
una vel við. Ég vona að Örn Bárður viti það, og sé jafn  
sannfærður og ég, að við hefðum náð sátt um þetta mál,  
hefði okkur gefist tími. Ég lýsi stuðning við verk hans  
og mun auðvitað greiða atkvæði með orðum hans, og ég  
vona að hann geti huggast við það að sáttin hefði náðst.  
Ég sný mér aðeins að stjórnarskránni. Ég er auðvitað  
eins og aðrir, stolt og glöð, yfir bæði að hafa fengið  
að vera hér og því starfi sem hér hefur farið fram. Ég  
ætla ekki að tina upp uppáhaldsgreinar eða tiltaka ein-  
hver tiltekin vonbrigði. Ég ætla fyrst og fremst að lýsa  
ánægju með allt í heild, alla stjórnarskrána og vinnuna.  
Ég held að hugmyndir okkar muni fyrir eða síðar fá  
fylgi og stuðning, eins og aðrir hafa talað um hér, en  
ég held að það verði ekki síðra veganesti og lærdómur  
sem við sendum út í samfélagið, það var hvernig okkur  
tókst að vinna hér. Og það fordæmi sem við höfum  
sýnt með vinnubrögðum, er mjög í anda þeirra orða  
sem standa hér í aðfaraorðunum, að við viljum vinna  
með öðrum þjóðum, við skulum bara setja í staðinn,  
við viljum vinna hvort með öðru, að friði. Og við höfum  
sýnt hvernig hægt er að leysa mál, ég held að fæstir  
hefðu trúað því í upphafi, úti í samfélaginu, og líka hér  
í hópnum, að þetta myndi takast með þessum hætti. Ég  
hef áður sagt það, að það að ná sátt, ég kem úr stjórn-  
máláhreyfingu sem ég átti aðild að að stofna, sem að  
vann alltaf í sátt. Og þess vegna veit ég það vel að það  
að vinna, að reyna að ná sátt, þýðir ekki að það sé alltaf  
gert í sátt og samlyndi. Það eru átök og leiðindi til sáttu.  
Og ég hef oft orðað að við mættum ekki sýna átakafælni  
og það hefur svo sannarlega verið tekist á. En oftast  
hefur það nú verið af drengskap, eða stúlkuskap, og  
niðurstaða náðst. Ég ætla því bara að lýsa gleði minni,  
eins og ég segi, með plaggíð í heild, vinnuna í heild og  
af því að mér líður dálítið núna eins og, ég hef oft nefnt  
leikhúsið til sögunnar, mér líður dálítið núna eins og  
þegar maður situr úti í sal og ljósin fara niður og nú er  
tjaldíð um það bil að fara frá, og þá ræður maður engu  
um verkið meir, en það fer fyrir sjónir almennings. Og  
því ætla ég að taka mér hér, af því að hann Örn Bárður  
er nú vanur að vitna dálítið í Biblíuna, ég er nú ekki von  
því og er heldur ekki mjög biblíufróð manneskja, en ég  
ætla að segja um þessi drög okkar, „Af þjóð ertu komin,  
til þjóðar skaltu aftur fara.“ Og í sama anda ætla ég að  
taka í munn mér orð barnabarns míns sem fermdist  
núna í vor, og þegar að hann var beðinn í kirkju að  
staðfesta fermingarheitið, þá sagði hann hátt og snjallt:  
„Já, svo sannarlega!“ Og ég læta það verða mitt svar  
hér.

SN

Andrés Magnússon.

AM

Kæru félagar. Við erum mikið að tala um þessa  
stóru stund í dag. En í raun og veru þá ber fyrst og



fremst að þakka þeim þingmönnum, sem hafa haft áhuga á stjórnarskrárbreytingum, áratugum saman. Við getum lesið það að ákveðnir þingmenn hafa reynt að koma fram stjórnarskrárumbótum, ár eftir ár eftir ár. Fyrst og fremst ber okkur hins vegar að þakka því fólki sem stóð niðri á Austurvelli, með bumbur sínar og búsaðöld, Herði Torfasyni, og öðrum sem að skipulögðu mótmæli fólksins. Það eru þau, sem gerðu það að verkum að við erum hér í dag. Og síðan ber að þakka þeim stjórnmalámmönnum sem tóku undir kröfur þeirra. Síðan er það nú bara þannig að við tókum flest drögin beint upp úr skýrslu stjórnlaganefndar, þannig að þeirra verk er mjög mikið. Og við, við erum bara svona í þokkalega launuðu innidjobbi, þar sem er hlýtt og gott. Og ég get ekkert sagt að það þurfi að þakka okkur, við unnum bara fyrir kaupinu okkar, eins og fólk á spítölum og annars staðar í samfélaginu, og mæður sem eru að ala upp börn. En ég þakka ykkur fyrst og fremst fyrir að vera til, fyrir að fá að hafa deilt þessum tíma með ykkur, það var ofboðslega skemmtilegt. Og ég ætla ekkert að gera meira úr þessum degi heldur en til stendur, meyr skal að morgni lofa. Við erum bara búin að ýta þessu fleyi á flot og það á alveg eftir að komast í land. En ég þakka ykkur fyrir þennan tíma sem ég fékk að vera með ykkur. Takk.

SN

Guðmundur Gunnarsson. Gjörðu svo vel.

GG

Það er í sjálfu sér ekki alltaf endilega þeir sem að hafa sig mest í frammi, eða flytja flestar ræðurnar eða lengstu, sem að hafa mestu áhrifin. Ég þekki þetta ferli allt saman afskaplega vel. Og ég skil í sjálfu sér mjög vel líka stöðu Arnar Bárðar. Maður hefur séð þennan leik ansi oft, og þekkir hann afskaplega vel. En það er í sjálfu sér ekki endilega þessir háværustu sem að hafa kannski haft mestu áhrifin á það hvernig þessu verki hefur miðað og hver niðurstaða þess er. Þó svo að þeir hafi kannski oftast staðið hér í pontu og lýst sig sem málsvara fólksins í landinu á meðan aðrir séu það ekki. Allt er þetta samt atriði sem maður þekkir afskaplega vel úr því starfi sem ég kem. En við erum með nýja stjórnarskrá, hún er mjög framsækin. Hún er djörf á mörgum sviðum. Hún nálgast mjög vel þau atriði sem að fólkið í landinu setti fram, allaveganna það fólk, þessi 13.000 sem að kusu mig, og hafa verið í miklu samstarfi við mig um þau mál, og þau hafa jú náð fram að ganga inni í nefndarherbergjunum og þar hefur mesta vinnan farið fram. Og í sjálfu sér ber það vel merki þess hvernig plaggið er orðið, og sú sátt sem hefur náðst. Hún næst ekki á stöðum eins og þessum hér, í þessum sal, hún næst inni í nefndunum og þar sem fólkið vinnur. Þetta er í sjálfu sér mjög sérstakt og það er í sjálfu sér mjög sérstakt að fá að njóta þessara forréttinda eins og margir hafa talað um, að fá að vera hérna og hafa fengið að vera í þessum hóp. Nú stundum hafa menn jú stappað niður fótunum og stundum hafa menn, sem sagt, brýnt röddina hver gegn öðrum. En í sjálfu sér hefur það alltaf verið gert í, við getum sagt, í góðri meiningu, þ.e.a.s. að menn hafa verið að reyna að ná fram réttmætri niðurstöðu og það ... réttlátri niðurstöðu ætlaði ég að segja. Og ég held að það sé í sjálfu sér í yfirgnæfandi tilfellum sem það hefur tekist. Og við gerum þetta nú ekki ein. Það

er búið að vinna fólk við þetta í allmörg ár. Þjóðfundur lagði línurnar. Nú, æskuvinur minn og skólabróðir, var minnst á hann hérna áðan, ég var nú með honum niðri á Austurvelli og hélt ræður hjá honum og hann, svo sem átti þátt í þessu líka, að koma þessu, skapa þetta andrúmsloft. En ég held það sé nú í sjálfu sér með fleira sem að hefur orðið til þess að menn settust niður og ákváðu það að þessi vinna yrði unnin. Það er mikið lengra ferli sem að hefur átt sér stað, heldur en það. Þó svo kannski að hrúnið og allt sem að í kringum það var, og það sem að hefur komið fram, hafi ekki í raun og veru hjálpað okkur að fólkið hefur starfað með okkur, og hefur orðið til þess að við höfum náð þessari niðurstöðu. Og ég treysti því og trúi að það ástand sem að hefur verið ríkt í þessu samfélagi og það sem við höfum verið að horfa á, og ég tala nú ekki um síðustu daga, það verði enn frekar til þess að þetta nái fram að ganga sem að við leggjum til. Ég segi já og er svo sem búinn að segja já í nokkra daga, og er mjög fylgjandi því að þetta nái fram.

SN

Ómar Ragnarsson.

ÓR

Já, góður formaður og aðrir sem hér eruð og heyrið okkar mál. Ég er búinn að segja já 114 sinnum og mig munar ekkert um að bæta því 115. við. Ég vil bara segja þetta, svo lengi sem við lifum, skiptast á skin og skúr. Hafi dregið eitthvað ský fyrir sólu í starfi okkar, þá hefur okkur alltaf tekist að víkja því frá. Okkur tókst að víkja frá stóru skýi hér, á tiltölulega skömmum tíma, þegar tekið er tillit til alls. Ég trúi því, minn góði vinur og félagi, Örn Bárður, að skýið sem að þú sérð núna yfir, að það verði farið frá á morgun, við höfum heilan sólarhring til þess. Og vil bara segja, það er friður yfir þessari stjórnarskrá, „látum ei mótlætið buga okkur, heldur brýna, brosum og elskum og látum ljós okkar skína. Þá fara öll ský á burtu, við horfum fram á hamngjudag, og hress við skulum nú taka þann slag, fylkjum liði fólkinu í hag, frelsi, jafnrétti, samkomulag.“

SN

Kæru vinir.

Það kannski þarf ekki að vera nafnakall núna eftir það sem hérna ... eftir allar ræðurnar. En ég fer samt í það, mér finnst þægilegra að standa hérna aðeins við það, þetta er búið að vera langur fundur. Og ég ætla að kalla nöfnin upp í stafrófsröð:

Andrés Magnússon: Ég er samþykkuð.

Ari Teitsson: Segir já.

Arnfríður Guðmundsdóttir: Ég segi já.

Ástrós Gunnlaugsdóttir: Já.

Dögg Harðardóttir: Já.

Eiríkur Bergmann Einarsson: Já.

Erlingur Sigurðarson: Já, já.

Freyja Haraldsdóttir: Auðvitað já.

Gísli Tryggvason: Já.

Guðmundur Gunnarsson: Já.

Illugi Jökulsson: Já.

Íris Lind Sæmundsdóttir: Já.

Katrín Fjeldsted: Já.

Katrín Oddsdóttir: Jahá.

Lýður Árnason: Já.

Ómar Þorfinnur Ragnarsson: Já.  
Pawel Bartoszek: Ég segi já.  
Pétur Gunnlaugsson: Ég segi já.  
Salvör Nordal, segir já.  
Silja Bára Ómarsdóttir: Ég segi já.  
Vilhjálmur Þorsteinsson: Já.  
Þorkell Helgason: Já.  
Þorvaldur Gylfason: Já.  
Þórhildur Þorleifsdóttir: Já, svo sannarlega.  
Örn Bárður Jónsson: Ég segi já.

[Klappað mikið og lengi]

SN

Kæru vinir.

Síðasta ráðsfundi er að ljúka og við höfum lokið atkvæðagreiðslu, 25-0.

Mig langar að þakka ykkur hjartanlega fyrir frábært samstarf. Þetta er búið að vera gríðarlega skemmtilegt, eins og þið hafið öll sagt, lærdómsríkt, og mikil forréttindi að fá að vera hér og ég þakka ykkur það mikla traust sem þið hafið sýnt mér og stjórninni í okkar störfum. Mig langar, mörg ykkar hafa nefnt starfsfólk Stjórnlagaráðs, við höfum haft á að skipa frábæru starfsfólki og mig langar til að nefna Þorstein [Fr.] Sigurðsson framkvæmdastjóra, nefndarsviðið allt, þar sem hefur verið Agnar Bragi Bragason, Andrés Ingi Jónsson, Guðbjörg Eva Baldursdóttir og nú síðast Valborg Steingrimsdóttir, undir frábærri, styrkri stjórn Sifjar Guðjónsdóttur. Síðan er það Finnur [Magnússon] og hans tæknifólk, og Snæbjörn Aðils, sem hefur hjálpað okkur að senda fundina út og séð um alla tæknivinnuna, sem hefur verið gríðarlega mikilvæg, og allt það samstarf sem við höfum átt við samfélagið í þessu opna ferli sem við höfum verið í. Og þar hefur líka verið Berghildur Erla [Bernharðsdóttir], og það er alltaf hættulegt þegar maður byrjar að nefna nöfn, þá gleymir maður einhverjum, en ég bið ykkur að afsaka, ég er svo sem alveg viss um að ég gleymi einhverjum. En þær Ágústa [Karlsdóttir] og Svanhvít [Bragadóttir] og Marta [Kristjánsson] uppi, prófarkalesarinn hún Guðrún [Björk Kristjánisdóttir], Ásgerður [Einarsdóttir] og Egill [Arnarsson], og fleiri og fleiri. Þetta hefur verið gríðarlega góður og öflugur hópur og mig langar til að þakka ykkur alveg sérstaklega einstakt samstarf. ... og Friðrik [Atlason] og Brynjar [Örn Ragnarsson], já fyrirgefið þið. Og já, ég er örugglega, eins og ég segi, að gleyma einhverjum. Við erum núna, eins og þið hafið sagt öll, við erum að skila þessu til þjóðarinnar, okkar plaggi, nú fær það sjálfstætt líf, nú eru það hugmyndirnar okkar sem fá vængi. Og mig langar að þakka ykkur enn og aftur og slít hér með okkar síðasta formlega ráðsfundi. Kærar þakkir.

[Klappað]

## 19. ráðsfundur 28.07. 2011.

28.07.2011 14:00

Dagskrá

1. Aðfaraorð
2. Bréf Stjórnlagaráðs til Alþingis

19. ráðsfundur - haldinn 28. júlí 2011, kl. 14.00, í húsnæði Stjórnlagaráðs í Ofanleiti 2, Reykjavík.

Mættir voru eftirtaldir fulltrúar: Andrés Magnússon, Ari Teitsson, Arnfríður Guðmundsdóttir, Dögg Harðardóttir, Eiríkur Bergmann Einarsson, Erlingur Sigurðarson, Freyja Haraldsdóttir, Gísli Tryggvason, Guðmundur Gunnarsson, Íris Lind Sæmundsdóttir, Katrín Fjeldsted, Katrín Oddsdóttir, Lýður Árnason, Ómar Þorfinnur Ragnarsson, Pawel Bartoszek, Pétur Gunnlaugsson, Salvör Nordal, Silja Bára Ómarsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorkell Helgason, Þorvaldur Gylfason, Þórhildur Þorleifsdóttir og Örn Bárður Jónsson.

Þá sat fundinn Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stjórnlagaráðs.


Forföll hafði boðað: Ástrós Gunnlaugsdóttir.

Fundurinn var haldinn í sal Stjórnlagaráðs á 5. hæð, þar sem búnaður í fundarsal á 2. hæð hafði verið tekinn niður vegna undirbúnings fyrir starfslok ráðsins og skil á húsnæði þess. Upphaflega var fyrirhugað að fundurinn væri óformlegur en fulltrúar ákváðu að um formlegan ráðsfund væri að ræða, þar sem ákvörðun um aðfaraorð var frestað á 18. ráðsfundi.

Til fundarins var boðað af hálfu stjórnar með tölvu- pósti 27. júlí 2011 og dagskrá var í samræmi við fundarboð.

Sjá efni fundarins í fundargerð, en hann var hvorki mynd- eða hljóðritaður þar sem búið var að taka niður allan tæknibúnað samkvæmt samkomulagi þar um við leigugæla.





Þjóð til þings